Hæstaréttardómar 1990 - 2. bindi

Útgáfa 3.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar
Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur
Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar
Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu
Meiriháttar gallar á bls. 872, 888, 906, 968, 985, 1016, 1113, og 1696.
Minniháttar gallar á bls. 886, 952, 969, 978, 1007, 1012, 1302, 1319, 1450, 1539, 1649, 1702, 1706, og 1713.
Á milli bls. 1124 og 1125 er uppdráttur á einni bls. sem er ekki í blaðsíðuröðinni.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARÉTTARDÓMAR 1990

EFNISSKRÁ TIL BRÁÐABIRGÐA

2. HEFTI

Bls.

Aðfinnslur 1061
Aðilaskýrsla 1159
Aðild 951, 1008, 1458
Akstur án ökuréttinda 1360
Ábyrgð lækna 853, 1509
Áfrýjunarfrestur 1293
Ákæra 1141, 1542
Ákæru vísað frá héraðsdómi 957
Árekstur 1221
Áskorunarmál 1045, 1237
Bankastofnanir 1574
Bifreiðar:
Einkamál 1221, 1606
Opinber mál 1230, 1360, 1421, 1633, 1678, 1712
Bifreiðaskráning 1659
Bráðabirgðasvipting ökuréttinda 1022, 1025, 1235
Bráðabirgðasvipting ökuréttinda staðfest 1121
Brot í opinveru starfi 1313, 1364
Brot gegn valdstjórninni 1610
Brottflutningur húss 962
Byggingasamvinnufélög 1637
Börn 1061, 1070, 1215
Dómarar 1037
Dómstólar 1055, 1219, 1716
Dómsvald uppboðsréttar 1147, 1698, 1703
Dráttarvextir 1064
Eignarréttur 972
Endurgreiðsla 972
Erfðaskrá 1083
Farmflutningur 1458
Farmskírteini 1458
Fasteignakaup 918, 1013, 1078
Fjárdráttur 925, 1542
Fjárnám 918
Fjárnámsgerð felld úr gildi 1032
Fjársvik 1364, 1678
Flugumferð 885, 1313
Framhaldsrannsókn 1035

Bls.

Frávísun:
a) frá héraðsdómi 1045, 1232, 1237, 1437, 1572
b) frá héraðsdómi að hluta 1482
c) frá Hæstarétti 1061, 1070, 1114, 1117, 1293, 1693
d) frá Hæstarétti að hluta 1037, 1083, 1574
e) frávísunardómur felldur úr gildi 880, 1003, 1414, 1418
f) frávísunardómur staðfestur 1138
Frávísunarkröfu hrundið 1143
Frávísunarkröfu hafnað 1287
Frávísunarúrskurði hnekkt 1147
Frestsynjun í fógetarétti 1693
Frestur 1033, 1136, 1143, 1207
Fyrning 849, 875, 951, 1458
Fyrning sakar 1050
Fölsun 1268, 1272
Galli 918, 1013
Gengi 1667
Gjafsókn, gjafvörn 972
Gjaldþrot 1659, 1667
Gjaldþrotalög 1028
Gjaldþrotaskipti 1499
Greiðsla 1624
Gæsluvarðhald 1008, 1047, 1156, 1358, 1696
1. tl. 1. mgr. 67. gr. l. nr. 74/1974 1256
5. tl. 1. mgr. 67. gr. l. nr. 74/1974 883
1., 3. og 5. tl. 67. gr. l. nr. 74/1974 1507
Hafning máls 1599, 1710, 1711
Handveð 1250
Heimvísun 1028, 1055, 1219, 1258, 1540
Hylming 1470
Hæfi dómara 1151, 1414, 1631
Innsetningargerð 1061, 1070, 1215
Kaupgjaldsmál 1210, 1246
Kaupleigusamningur 1659
Klám 1103
Kyrrsetning 1503
Kæruheimild 1503
Kærumál:
Aðfinnslur 1061
Aðilaskýrsla 1159
Ákæra 1141
Áskorunarmál 1045
Bráðabirgðasvipting ökuréttinda 1022, 1025, 1235
Bráðabirgðasvipting ökuréttinda staðfest 1121

Bls.
Börn ... 1061, 1070, 1215
Dómarar ... 1037
Dómstólar ... 1716
Dómsvald uppboðsréttar ... 1147
Frávísun:
a) frá héraðsdómi ... 1045, 1232
b) frá Hæstarétti ... 1061, 1070, 1693
c) frá Hæstarétti að hluta ... 1037
d) frávísunardómur felldur úr gildi ... 880, 1003, 1414, 1418
e) frávísunardómur staðfestur ... 1138
Frávísunarkröfu hafnað ... 1287
Frávísunarúrskurði hnekkt ... 1147
Frestsynjun í fógetarétti ... 1693
Frestur ... 1207
Gæsluvarðhald ... 1047, 1156, 1358, 1696
1. tl. 1. mgr. 67. gr. l. 74/1974 ... 1256
1., 3. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. l. 74/1974 ... 1507
5. tl. 1.mgr. 67. gr. l. 74/1974 ... 883
Hæfi dómara ... 1151, 1414, 1631
Innsetningargerð ... 1061, 1070, 1215
Kyrrsetning ... 1503
Kæruheimild ... 1503
Lögregla ... 1121
Lögræði ... 1232
Mannréttindasáttmáli Evrópu ... 1151
Matsmenn ... 1041
Meðlag ... 1716
Réttarneitun ... 1141
Sératkvæði ... 1003, 1503
Skuldabréf ... 1159
Stjórnsýsla ... 1716
Umboð ... 1232
Varðhald ... 1061
Vistun skv. læknisráði ... 1047
Þingfesting ... 1141
Þinglýsing ... 968
Landamerki ... 1124
Lausafjárkaup ... 1091, 1094
Líkamsmeiðingar ... 1263, 1296, 1452, 1610
Lóðarleiga ... 962, 1437
Lögregla ... 1121
Lögregluskýrsla ... 1712
Lögræði ... 1232
Lögskýring ... 1055, 1219

Bls.
Lögtak ... 849, 1145
Lögtaksréttur ... 849
Manndráp ... 991
Mannréttindasáttmáli Evrópu ... 1055, 1151, 1219
Mat ... 1437
Matsmenn ... 1041
Málasamsteypa ... 925
Málskostnaður ... 1599, 1710, 1711
Meðdómendur ... 1258, 1540
Meðlag ... 1716
Nauðungaruppboð ... 1698, 1703
Opinber mál, meðferð ... 1035
Ómaksbætur ... 1098, 1112, 1113, 1390, 1391, 1392, 1393
Ómerking 957, 1008, 1028, 1055, 1161, 1219, 1237, 1258, 1437, 1540, 1572
Óvígð sambúð ... 1442, 1581
Rán ... 1176
Reynslulausn ... 1603
Réttarfar ... 1593
Réttarneitun ... 1141
Riftun ... 1698
Sakhæfi ... 991
Sauðfé ... 1398
Sératkvæði 885, 951, 962, 972, 1003, 1008, 1164, 1221, 1237, 1313, 1360
1503, 1593, 1659, 1667, 1703
Sjálfskuldarábyrgð ... 1593
Sjómannalög ... 1246
Sjómenn ... 1210, 1276
Sjónvarp ... 1103
Sjóveðréttur ... 1246
Skaðabætur, skaðabótamál 853, 972, 1013, 1221, 1427, 1458, 1509, 1542
Skilorð ... 1263, 1470
Skilorðsrof ... 1176, 1360
Skiptamál, skipti ... 1442, 1581
Skírlífisbrot ... 1164, 1482
Skjalafals ... 925, 1176, 1542, 1603, 1678
Skriflega flutt mál ... 1032, 1083
Skuldabréf ... 1159, 1593
Skuldajöfnuður ... 918
Stefna ... 1572
Stefnubirting ... 1083
Stjórnarskrá ... 1055, 1103, 1219
Stjórnsýsla ... 1716
Stjórnvaldsákvörðun ... 1398
Svik ... 925

Bls.
Sýkna 1176
Sönnun 1078, 1091, 1094
Tékkafals 1610
Tékkalagabrot 925
Tékkar 1574
Tékkamál 1268, 1272
Tilraun til manndráps 1176
Tolllagabrot 875
Umboð 1232
Umferðarlög 1230, 1360, 1421, 1633, 1678, 1712
Uppboð 1161, 1293, 1624
Uppboðsheimild 1703
Uppgjör 1637
Uppsagnarfrestur 1246
Uppsögn 972, 1276, 1427
Upptaka 875
Úthlutunargerð 1442
Útivist, útivistardómar 1098, 1099, 1100, 1101, 1102, 1390, 1391 1392
1393, 1394, 1396, 1397, 1601, 1602
Varðhald 1061
Vátrygging 1606
Vátryggingarsamningur 1667
Veðréttur 1250, 1698, 1703
Verksamningar 1476
Vinnusamningur 1210, 1276, 1427, 1499
Vinnuslys 1427
Vistun skv. læknisráði 1047
Vítur 875
Víxlar, víxilmál 1114, 1117
Þingfesting 1141
Þinglýsing 968, 1659
Þjófnaður 1176, 1447, 1610, 1678
Ökuhraði 1421
Öryggisgæsla 991

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXXI. árgangur. 2. hefti. 1990

Þriðjudaginn 12. júní 1990.

Nr. 243/1989. **Arnrún Lilja Kristinsdóttir**
(Guðmundur Markússon hrl.)
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík
(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.).

Lögtak. Lögtaksréttur. Fyrning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 20. júní 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi 30. maí s.á. Krefst hún þess aðallega, „að hin áfrýjaða lögtaksgerð frá 20. febrúar 1989 verði ómerkt", en til vara, „að gerðin verði felld úr gildi og dæmt að gerðin fari ekki fram". Hún krefst og málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi gerir þá dómkröfu eina, að málskostnaður verði látinn niður falla.

Með gerðarbeiðni 1. febrúar 1989 til skrifstofu borgarfógeta að Hafnarstræti 5 í Reykjavík fór stefndi þess á leit, að framkvæmt yrði lögtak hjá áfrýjanda til tryggingar „skráðri gjaldskuld", að fjárhæð samtals 750.837 krónur, vegna opinberra gjalda utan staðgreiðslu, auk kostnaðar og dráttarvaxta. Var skuldin sundurliðuð þannig:

Gjaldár	*Álagning*	*Dráttarvextir*	*Kostn. o.fl.*	*Samtals*
1984	85.182	181.351		266.533
1985	145.045	214.156	2.459	361.660
1986	59.761	60.923		120.684
1988	1.960			1.960
			Samtals	750.837

Beiðninni fylgdu ekki nánari skilríki um skuldina eða fyrri innheimtutilraunir.

Beiðni þessi var tekin fyrir í fógetarétti Reykjavíkur 20. febrúar 1989 á heimili áfrýjanda, þar sem hún var sjálf viðstödd ásamt fógeta og réttarvotti. Eftir því, sem skráð var í fógetabók, skoraði fógeti á áfrýjanda að greiða hin umkröfðu gjöld, sem lýst var þannig, að þau væru samkvæmt gjaldheimtuseðli nr. 190958-6209 (sem er kennitala áfrýjanda) frá 1984-88 með áföllnum dráttarvöxtum miðað við 1. febrúar 1989, samtals 750.837 krónur. Áfrýjandi kvaðst ekki geta greitt gjöldin og kvaðst jafnframt vera eignalaus með öllu, þegar á hana var skorað að vísa á eignir til lögtaks. Var réttarhaldinu lokið með bókun þess efnis, að hin umbeðna lögtaksgerð væri árangurslaus.

Á grundvelli þessarar árangurslausu lögtaksgerðar gerði stefndi 24. apríl 1989 kröfu um gjaldþrotaskipti á búi áfrýjanda og kvað heildarskuld áfrýjanda þá vera 771.364 krónur. Hefur sú krafa verið til meðferðar í skiptarétti Reykjavíkur, þar sem þingað var um hana 21. júní s.á. Í því þinghaldi mætti lögmaður áfrýjanda og lagði fram tékka að fjárhæð 2.300 krónur til greiðslu á gjöldum hennar vegna ársins 1988, auk þess að mótmæla gildi lögtaksgerðarinnar, sem hann taldi vera markleysu. Hefur stefndi tekið við þeirri greiðslu. Í bréfi til lögmannsins 12. s.m. hafði stefndi fallist á þá ábendingu hans, að lögtaksréttur fyrir hinum eldri gjöldum áfrýjanda væri fyrndur. Hins vegar neitaði stefndi að falla frá kröfu sinni um gjaldþrotaskipti, með vísan til þeirrar yfirlýsingar um eignaleysi áfrýjanda, sem fram hefði komið við lögtaksgerðina.

Kröfur áfrýjanda fyrir Hæstarétti eru aðallega á því byggðar, að hin áfrýjaða gerð fógetaréttar Reykjavíkur hafi verið ólögmæt, þar sem fógeti hafi látið farast fyrir að gæta þess, að lögtaksréttur fyrir opinberum gjöldum álögðum árin 1984-86 væri fyrndur, og að leiðbeina áfrýjanda með ábendingu um, að réttmætar lögtakskröfur næmu einungis 1.960 krónum. Megi ætla, að áfrýjandi hefði getað greitt þá fjárhæð á staðnum, ef sú ábending hefði komið fram. Geti það ekki skipt máli um gildi gerðarinnar, að þessi fjárhæð var lögtakskræf, sökum þess hve miklu hafi munað á henni og fjárhæð þeirra krafna, sem ekki nutu lengur lögtaksréttar.

Varðandi varakröfu sína bendir áfrýjandi jafnframt á, að um-

rædd skuld vegna ársins 1988 hafi síðan verið greidd með löglegum hætti og komi ekki lengur til álita að framkvæma lögtak hennar vegna.

Stefndi byggir kröfu sína á því, að áfrýjun málsins til Hæstaréttar hafi verið óþörf. Viðurkennt hafi verið, áður en til hennar kom, að lögtaksréttur vegna eldri gjaldskulda áfrýjanda væri fyrndur. Skuld áfrýjanda vegna ársins 1988 sé að fullu greidd og þýðingarlaust að fjalla um lögtak hennar vegna. Gerð fógetaréttarins 20. febrúar 1989 hafi ekki leitt til lögtaks, en farið fram með fullgildum hætti, að því er tók til gjalda ársins 1988. Í fógetabók sé skráð sú yfirlýsing fógeta, að leiðbeiningarskyldu hafi verið gætt, og hafi áfrýjandi staðfest hana með undirritun sinni. Ágreiningur aðilanna sé ekki um fógetagerðina sjálfa, heldur einungis um það, hvort hún eða yfirlýsing áfrýjanda fyrir fógetaréttinum um eignaleysi sitt geti verið grundvöllur að beiðni um gjaldþrotaskipti. Úrlausn þess ágreinings heyri hins vegar undir skiptarétt.

Telja verður, eins og hér stendur á, að máli skipti fyrir áfrýjanda að fá úrskurð Hæstaréttar um þau andmæli, sem hún hefur haft uppi við gildi hinnar umdeildu fógetagerðar. Greiðsla áfrýjanda á gjöldum ársins 1988 breytir engu þar um þegar af þeirri ástæðu, að gerðin leiddi ekki til lögtaks í eignum hennar, er fallið hefði niður við þá greiðslu.

Samkvæmt ákvæðum 2. gr. laga nr. 29/1885 fyrnist lögtaksréttur fyrir þeim opinberu gjöldum, er hér var um að ræða, á 2 árum frá síðasta gjalddaga þeirra á því ári, er þau voru á lögð. Fógeta bar að taka afstöðu til þess, áður en hin umbeðna lögtaksgerð yrði framkvæmd, hvort umkrafin gjöld áfrýjanda nytu enn þessa réttar. Um það var ekkert staðhæft í gerðarbeiðni stefnda, en auðsætt var, að gjöld áranna 1984-86 væru ekki lengur lögtakskræf. Þrátt fyrir þetta verða áskoranir fógeta til áfrýjanda ekki skildar á annan veg en þann, að henni væri ætlað að greiða í réttinum öll þau gjöld, er í beiðninni voru tilgreind, eða benda á eignir til tryggingar greiðslu þeirra. Hefur fógeti þannig látið hjá líða að gæta þessarar meginskyldu sinnar. Vegna þessa stórfellda misbrests á meðferð málsins verður að ómerkja hina áfrýjuðu lögtaksgerð.

Eftir þessum úrslitum og með hliðsjón af 13. gr. laga nr. 29/1885

þykir rétt að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti eins og í dómsorði greinir. Við ákvörðun hans er litið til þess virðisaukaskatts, er lögmanni áfrýjanda ber að krefja hana um, en ljóst þykir, að málið varði ekki þá virðisaukaskattsskyldu starfsemi, er áfrýjandi kveðst nú hafa með höndum.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða lögtaksgerð er úr gildi felld.

Stefndi, Gjaldheimtan í Reykjavík, greiði áfrýjanda, Arnrúnu Lilju Kristinsdóttur, 65.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Lögtaksgerð fógetaréttar Reykjavíkur 20. febrúar 1989.

Ár 1989, mánudaginn 20.2., var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Reykási 25 og haldinn af fulltrúa bæjarfógeta, Rúnari S. Gíslasyni, með undirrituðum votti.

Fyrir var tekið:

Beiðni Gjaldheimtunnar í Reykjavík um að gera lögtak hjá Arnrúnu Lilju Kristinsdóttur fyrir: Opinberum gjöldum samkvæmt gjaldheimtuseðli nr. 190958-6209 1984-'88 með áföllnum dráttarvöxtum þ. 1/2 '89 samtals kr. 750.837, auk áfallandi dráttarvaxta, kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Fógeti lagði fram lögtaksbeiðni sem rskj. nr. 1 dags. 1/2 '89 svohlj.... Almennur lögtaksúrskurður hefur verið kveðinn upp og birtur í dagblöðum á tilskilinn hátt.

Gerðarþoli er mættur í réttinum, og skoraði fógeti á mættu að greiða umkrafin gjöld, en hún kveðst ekki geta greitt þau. Skoraði fógeti þá á mættu að vísa á eignir til lögtaks og bryndi fyrir mættu að segja satt og að það varðaði hegningu að skýra rangt frá fyrir fógetaréttinum.

Mætta kveðst vera eignalaus með öllu.

Gerðin er árangurslaus.

Þriðjudaginn 12. júní 1990.

Nr. 152/1988. **Elsa Einarsdóttir**
(Jón G. Briem hdl.)
gegn
Páli Gíslasyni,
heilbrigðisráðherra f.h. Landspítalans og
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Gunnlaugur Claessen hrl.).

Skaðabótamál. Ábyrgð lækna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. maí 1988 og gerir þær kröfur, að stefndu verði dæmdir óskipt til að greiða 10.341.200 krónur auk nánar tilgreindra vaxta frá 3. desember 1983, svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Til vara er krafist lægri fjárhæðar að mati Hæstaréttar, vaxta og málskostnaðar. Áfrýjandi krefst þess, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti beri dráttarvexti samkvæmt vaxtalögum.

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast stefndu þess, að kröfur áfrýjanda verði lækkaðar og að málskostnaður verði þá felldur niður.

Hinn 28. september 1988 var áfrýjanda veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti.

I.

Mál þetta var flutt munnlega hér fyrir dómi 7. júní 1989. Hinn 21. sama mánaðar var kveðinn upp úrskurður, og er meginefni hans svohljóðandi:

„Læknaráð lét í té umsögn í máli þessu 2. mars 1987 og 21. apríl 1987. Eftir að læknaráð hafði látið í té umsagnir sínar og málið hafði verið flutt í héraði, var það endurupptekið og aðilum veittur kostur á öflun sérfræðilegs álits lækna í formi skoðunar- og matsgerðar á eftirtöldum atriðum:

„1.1. Er stefnandi haldin kausalgiu?

1.2. Ef ekki, hvers eðlis eru þá þau nýju einkenni, sem hún hefur haft eftir aðgerð?

2.1. Má ætla að gætt hafi verið nægilegrar varúðar við umönnun stefnanda eftir skurðaðgerðina?

2.2. Var rétt að grípa til aðgerða fyrr en gert var eða nota aðrar aðferðir en gert var?

3. Hefur stefnandi hlotið varanlegt mein af sýkingu í skurðsárum?“

Þann 16. júlí 1987 voru dómkvaddir til að framkvæma hið umbeðna mat læknarnir Gunnar H. Gunnlaugsson, Haraldur Briem og Torfi Magnússon. Skiluðu þeir matsgerð 2. desember 1987. Þá hafa þeir komið fyrir dóm og staðfest matsgerðina og skýrt.

Niðurstaða hinna dómkvöddu lækna er nokkuð á annan veg en álit læknaráðs. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 14/1942 um læknaráð er það hlutverk læknaráðs að láta dómstólum í té umsagnir varðandi læknisfræðileg efni.

Rétt er því að endurupptaka málið samkvæmt lögjöfnun frá 120. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, en það var dómtekið í Hæstarétti hinn 7. júní sl., og leggja fyrir aðila, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 14/1942, að bera matsgjörð hinna dómkvöddu lækna undir læknaráð, og leita álits þess á eftirfarandi:

1. Fellst læknaráð á lokaniðurstöðu matsgerðar?
2. Geri læknaráð það, er rétt að spurt sé:
   a) Verður örorka Elsu Einarsdóttur rakin til þess að sýkingin var „meðhöndluð seint“, eins og matsmenn komast að orði í matsgerð?
   Sérstök athygli er vakin á gagnrýni, sem fram kemur í matsgerð, á meðferð sýkingarinnar.
   b) Telur læknaráð ástæðu til þess að endurskoða það mat sitt, að varanleg örorka Elsu sé 75% og ef svo er hver telst þá hæfilega metin örorka?
3. Fallist læknaráð ekki á lokaniðurstöðu matsgerðar er óskað eftir rökstuddu áliti ráðsins á þeim niðurstöðum matsmanna, sem ráðið getur ekki fallist á. Er þá óskað eftir nýju mati á varanlegri örorku telji ráðið þess þörf.

Ályktarorð:

Lagt er fyrir aðila að afla álits læknaráðs á framangreindum atriðum.“

Læknaráð svaraði greindum spurningum með svofelldri ályktun 10. mars 1990:

„Ad.1. Að nokkru leyti.

Réttarmáladeild læknaráðs hefur fjallað ítarlega um sjúkrasögu Elsu Einarsdóttur og til þess að skýra núverandi ástand hefur deildin leitast við að leggja mat á a) polyneuropathiu og Raynauds syndrome sem var ástæða aðgerðarinnar, b) aðgerðina sjálfa, c) fylgikvilla aðgerðarinnar, d) aðra þætti sem kynnu að hafa haft áhrif.

Polyneuropathia af óþekktum ástæðum hefur ófyrirsjáanlegan klíniskan gang án tillits til meðferðar. Raynauds syndrome, eins og Elsa hefur þjáðst af með truflun á blóðrennsli til útlima samfara skyntruflunum og verkjum, er hins vegar hætt við að fari versnandi, sérstaklega hjá reykingafólki. Stundum hefur tekist að hafa áhrif á gang þess með sympathectomíu. Þessa aðgerð var talin ástæða til að reyna á Elsu að undangenginni forathugun, sem benti til að hún mundi koma að gagni.

Fljótlega eftir aðgerðina bar á verkjum í ganglimum, dofa í lærum og ofurviðkvæmni við snertingu á vinstra fæti. Þessi einkenni samrýmast sjúkdómsástandi sem er illa afmarkað og gengur undir mörgum nöfnum, m.a. „reflex sympatikus dystrófía“. Orsakir þessa ástands eru óvissar, en giskað hefur verið á áverka, jafnvel óverulega, sýkingar o.fl. Meðferð er ekki síður óviss, en þó er talið að sympathectomía hafi e.t.v. helst komið að gagni.

Í ljósi aðstæðna í ársbyrjun 1983 er ekki hægt að sjá, að óhæfileg töf hafi orðið á meðferð sýkingar þeirrar, sem Elsa fékk. Þá voru ekki tiltæk ómskoðunartæki nema á kvennadeild og voru þau eingöngu notuð af læknum þar í sambandi við rannsóknir á þungunum (sic). Sneiðmyndatæki var nýkomið á Landspítalann og var fyrst og fremst notað við greiningu djúplægra æxla. Hitahækkun eftir „hreina“ aðgerð stafar oftast frá lungum, sérstaklega hjá reykingafólki, sem er hættara við berkjabólgu og atelectasis, er ekki greinist alltaf á röntgenmyndum. Strok úr skurðsári sýndi ekki merki sýkingar. Á 12. degi kom í ljós sýking í skurði hægra megin og tveim

dögum síðar var ljóst, að einnig var sýking vinstra megin. Sýklalyfjameðferð hófst þegar lá fyrir niðurstaða sýklaræktunar úr skurðinum hægra megin. En lyfjameðferð án tæmingar á grefti hefði ekki nægt til að ráða niðurlögum sýkingarinnar. Af þessu er ljóst, að ekki er hægt að sýna fram á vanrækslu lækna við meðferð sýkingar.

Þó að ekki verði fullyrt hver sé þáttur skurðaðgerðar og sýkingar í kjölfar hennar í núverandi ástandi og að hve miklu leyti það verði rakið til þess sem var fyrir aðgerðina, er líklegt að það tengist að verulegu leyti fyrrnefndu atriðunum „með einum eða öðrum hætti".

Læknaráð telur ekki að um vanrækslu hafi verið að ræða við meðferð sýkingarinnar. Hún var ófyrirsjáanleg og brugðist við hitahækkun með hefðbundnum hætti. Þó svo að sýkingin hafi ekki valdið beinum taugaskemmdum, er hugsanlegt að hún, ásamt almennu ástandi konunnar meðan á henni stóð og fyrir aðgerðina, eigi þátt í núverandi ástandi, enda „atburðarásin, sem verður þegar slíkt ástand kemur upp ... ennþá læknisfræðilega óútskýrð".

Ad.2a. Nei, sjá Ad.1.

Ad.2b. Nei.

Ad.3. Sjá Ad.1."

II.

Í málinu liggja fyrir mörg læknisfræðileg gögn um sjúkrasögu áfrýjanda fyrir og eftir að taugahnoð voru fjarlægð með skurðaðgerð 3. febrúar 1983. Læknum ber ekki saman um ýmis mikilvæg atriði. Meðal annars eru læknar, sem látið hafa í ljós álit, ekki sammála um, hver eða hverjar séu orsakir sjúkdóms áfrýjanda eftir aðgerðina. Í ályktun læknaráðs frá 10. mars 1990 er bent á verulega óvissuþætti varðandi orsök sjúkdóms áfrýjanda.

Tveir læknar mátu varanlega örorku áfrýjanda. Í mati annars, dagsettu 14. nóvember 1984, segir, að ekkert verði fullyrt um, hvort núverandi einkenni áfrýjanda eigi eingöngu rætur að rekja til aðgerðarinnar. Í örorkumati hins læknisins, en það er dagsett 9. júlí 1986, virðist byggt á því, að örorka áfrýjanda verði eingöngu rakin til aðgerðarinnar. Ályktun læknaráðs 2. mars 1987, en ráðið metur varanlega örorku 75%, virðist reist á því, að varanleg örorka áfrýjanda stafi af fleiri orsökum en einni, sbr. og framangreinda ályktun ráðsins frá 10. mars 1990.

III.

Áfrýjandi reisir ekki bótakröfur á því, að mistök hafi orðið við sjálfa skurðaðgerðina 3. febrúar 1983.

Í álitsgerð dómkvaddra sérfróðra matsmanna, sem rakin er í héraðsdómi, kemur fram, að 15. og 22. febrúar 1983 var gröftur tekinn úr sárum eftir skurðaðgerðina 3. febrúar. Telja matsmenn, að það hafi verið nauðsynlegt. Í öðrum gögnum er þess getið, að áfrýjandi hafi hinn 17. febrúar verið tekin til aðgerðar vegna graftar, en þá hafi hvergi verið ígerð að sjá. Ennfremur kemur fram, að skurður hafi verið opnaður 19. febrúar, og hafi þá gröftur komið í ljós. Áfrýjandi reisir skaðabótakröfu sína meðal annars á því, að aðgerðir til að tæma út gröft hafi orðið fleiri en nauðsynlegt hefði verið, ef starfsmenn Landspítalans hefðu sýnt næga aðgæslu við meðferð áfrýjanda eftir aðgerðina 3. febrúar 1983. Geti hver þessara aðgerða um sig hafa valdið heilsutjóni áfrýjanda, jafnvel þótt lagt væri til grundvallar, að sýking hefði ekki valdið tjóninu. Telur áfrýjandi með skírskotun til niðurstöðu greindra matsmanna, að starfsmenn Landspítalans hafi gerst sekir um gáleysi við meðferð og umönnun áfrýjanda eftir áðurnefnda skurðaðgerð. Áfrýjandi heldur því fram, að stefndu beri að sanna, að mein áfrýjanda verði ekki rakið til læknisaðgerða, sem ráðast varð í vegna ígerðar.

Í máli þessu ber meðal annars að hafa í huga, að margt er á huldu um eðli sjúkdóma af því tagi, sem áfrýjandi þjáist af (reflex sympatíkus dystrófía), að af hálfu Landspítalans skortir eigi sjúkraskýrslur eða önnur sönnunargögn um sjúkrahúsvist og meðferð áfrýjanda, að skurðaðgerðin var gerð í því skyni að ráða bót á meini, sem olli verulega skertri starfsorku, og að læknavísindi ráða ekki yfir úrræðum, sem girða fyrir, að sjúklingar fái fylgikvilla vegna skurðaðgerða.

Læknisfræðileg gögn málsins veita ekki sönnun fyrir því, að sjúkdómur áfrýjanda verði rakinn til vanrækslu eða annarrar saknæmrar hegðunar starfsmanna Landspítalans við meðferð áfrýjanda eftir skurðaðgerðina 3. febrúar 1983. Í þessu efni vísast sérstaklega til fyrrgreinds álits læknaráðs frá 10. mars 1990.

Bótakrafa áfrýjanda er öðrum þræði reist á því, að læknir sá, sem tók ákvörðun um margnefnda skurðaðgerð, hefði átt að vara áfrýjanda við þeirri áhættu, sem fylgir aðgerð. Samkvæmt gögnum

málsins eru líkur á fylgikvillum eftir þess háttar aðgerð ekki miklar. Þegar af þeirri ástæðu verður bótaskylda eigi felld á stefndu á grundvelli þess, að læknirinn hafi ekki varað áfrýjanda við áhættunni.

IV.

Samkvæmt þessu ber að sýkna stefndu af kröfum áfrýjanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun Jóns G. Briem héraðsdómslögmanns, skipaðs talsmanns áfrýjanda, 375.000 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. apríl 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. mars 1988, höfðaði Elsa Einarsdóttir, nnr. 2086-6896, Gígjulundi 5, Garðabæ, nú til heimilis að Löngumýri 18, Garðabæ, gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs vegna Landspítalans og Páli Gíslasyni lækni, nnr. 7005-5384, Huldulandi 8, Reykjavík, með þingfestingu málsins 2. maí 1985. Með sakaukastefnu, sem lögð var fram á bæjarþinginu 30. maí 1985, stefndi stefnandi heilbrigðisráðherra f.h. Landspítalans.

Dómkröfur stefnanda eru aðallega þær, að stefndu greiði stefnanda in solidum kr. 9.625.900,00 með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

— — —

Til vara krefst stefnandi lægri fjárhæðar að mati dómsins með sömu vöxtum og í aðalkröfu og málskostnaðar.

Dómkröfur allra stefndu eru þær aðallega, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður að mati dómsins, til vara, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður í því tilviki felldur niður.

Mál þetta var flutt munnlega 29. júní 1987, en með úrskurði kveðnum upp 14. júlí s.á. var aðilum gefinn kostur á að afla sérfræðilegs álits lækna í formi skoðunar- og matsgerðar á ákveðnum atriðum, sem síðar verður lýst.

Með bréfi, dags. 27. apríl 1987, var stefnanda veitt gjafsókn í undirrétti og Jón G. Briem hdl. skipaður talsmaður hennar.

Stefnandi gekkst undir skurðaðgerð 3. febrúar 1983, sem stefndi Páll Gíslason framkvæmdi. Ígerð komst í skurðsárin, og telur stefnandi, að hún hafi leitt til örorkutjóns og miska, sem hún vill fá bættan úr hendi stefndu.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Í málinu hefur verið lagt fram ítarlegt læknisvottorð Grétars Guðmundssonar, sérfræðings í taugalækningum, dags. 31. júlí 1984.

Í vottorði þessu kemur fram, að stefnandi, sem fædd er 1. apríl 1945, hafi verið heilsuveil frá unga aldri. Hún hafi haft þrálátar lungnasýkingar, magabólgur og skeifugarnarsár auk gallblöðrubólgu, en hafi nú fengið nokkra bót á þessum kvillum. Þá hafi hún haft nokkurn spennuhöfuðverk á síðari árum.

Stefnandi hafi ætíð verið viðkvæm fyrir kulda, þannig að við væga kælingu hafi hendur og fætur hvítnað, einkum þó tær og fingur, og þeir orðið tilfinningalausir. Þetta hafi verið stefnanda mjög til baga frá því um tvítugsaldur, en þá hafi kuldaþol hennar minnkað stórum. Þennan sjúkdóm skilgreinir læknirinn sem Raynauds-fenomen.

Á árunum 1980 til 1981 hafi tekið að bera á dofa hjá stefnanda, fyrst í höndum, en síðan í fótum. Seinni hluta árs 1982 hafi þrálátir verkir bæst við á sömu svæðum, einkum hafi þeirra orðið vart á kvöldin og við vissar stellingar, sem gert hafi stefnanda erfitt um svefn. Vegna þessara verkja hafi stefnandi verið lögð inn á taugalækningadeild Landspítalans 8. desember 1982 til rannsóknar, og hafi skoðun við komu m.a. sýnt skert húðskyn fremst á höndum og fótum og skert titringsskyn, en stöðuskyn hafi verið eðlilegt. Sérstaklega hafi verið áberandi, hvað stefnandi hafi talið sig finna lítið fyrir sársauka, hita og kulda fremst á útlimum, og komið hafi fram, að hún gat fengið brunasár á hendur án þess að veita því athygli fyrr en síðar.

Ítarleg rannsókn hafi ekki leitt í ljós örugga skýringu á þessu vandamáli, en í samantekt rannsókna hafi einkenni sjúklingsins samrýmst polyneuropathiu NUD (taugaskemmd, ekki frekar skilgreinanleg). Auk þess hafi viss truflun á nýtingu fæðu virst vera til staðar og slæmt Raynauds-fenomen. Sýnt hafi verið, að sjúkdómurinn Raynauds-fenomen hafi verið mikið vandamál, og líklegt hafi þótt, að skyntap stefnanda hafi tengst þeim sjúkdómi og/eða meltingartruflunum. Því hafi verið ákveðið að kanna betur, hvort meðhöndla mætti þessi vandamál, draga úr æðasamdrætti við kulda og stöðva þannig hugsanlega taugaskemmd og jafnvel lækna dofa og verki í höndum og fótum og bæta kuldaþol. Ákveðið hafi verið að framkvæma til reynslu svokallaða sympatikus block, en þessi læknisaðgerð dragi um tíma úr starfsemi ósjálfráða taugakerfisins, sem m.a. valdi samdrætti í æðum.

Þessi aðgerð hafi verið framkvæmd í samráði við stefnda Pál Gíslason með mjög góðum árangri. Í framhaldi af því hafi verið ákveðið, að stefnandi færi í sympathectomiu (aðgerð til að fjarlægja taugahnoð, þannig að hindra mætti varanlegan og óeðlilegan samdrátt í æðum í höndum og fótum).

Aðgerðin (sympathectomia lumbalis bilat.) hafi verið framkvæmd 3. febrúar 1983 og gengið vel. Skorið hafi verið með skáskurði neðan til hægra megin á kvið, og vel hafi gengið að finna sympatikus-strenginn, sem liggi framan á hryggjarliðum, 3 stór taugahnoð tekin og áberandi þroskaður strengur. Síðan hafi sams konar aðgerð verið framkvæmd vinstra megin, en efsta taugahnoðið skilið eftir.

Æðarnar a.iliaco extrema og communis hafi verið óvenjugrannar að sjá. Taugahnoðin, sem tekin hafi verið, hafi verið send í vefjarannsókn, og hún hafi sýnt, að um réttan taugavef hafi verið að ræða.

Í hjúkrunarnótum kemur fram, að stefnandi hafi kvartað um verki í baki og síðum daginn eftir aðgerð. Þann dag hafði hún hita (38,3), en daginn eftir var hiti fallinn niður fyrir 38, og hélst svo næstu daga. Þann 05.02. er sækjandi sögð „mjög slæm af verkjum", en staður þeirra ekki tilgreindur nánar. Næstu daga er verkjum lýst nær daglega, og fram kemur, að meðferð hafi aðallega verið með morfinskyldum verkjalyfjum (methadon, Abalgin, Dolviran), þó að paracetamol (Panodil) hafi einnig verið notað. Þann 09.02. er verk lýst niður í fót, en ekki sagt hvorn. Tveimur dögum síðar, 11.02., fékk stefnandi hita í nær 39 stig, og hafði hiti þá verið smáhækkandi frá 09.02. Þann dag er sagt um sár, að það líti „vel út og alveg þurrt", en þess ekki getið, hvort átt sé við annað sárið eða bæði. Hafin er leit að orsökum hita með þvagræktun og töku lungnamyndar. Næsta dag er hiti enn nær 39 stig, og þá kvartar stefnandi um „mikinn höfuðverk og verki í kvið". Verkjalyfjagjöf er haldið áfram, sem fyrr segir. Þann 13. febrúar féll hitinn niður fyrir 38 stig og hélst svo þar til 18.02., er hitahækkun varð marktæk á ný, þ.e. yfir 38 stig. Þann 14. febrúar er mælt sökk, og reyndist það vera 101 og hvít blóðkorn sögð vera „létt hækkuð". Þá kvartar sækjandi enn um verki og er ekki sögð geta gengið upprétt. Saumar eru teknir í nárum, og um kvöldið er rauðum gúl lýst neðarlega í hægra skurðsári, en hann ekki sagður dúa (fluctuation). Næsta dag, þ.e. 15.02., er stungið á ígerð, og „kom út þó nokkuð mikið af þunnfljótandi grefti". Úr greftinum ræktaðist staphylococcus aureus, og lá sú niðurstaða fyrir tveim dögum síðar, þ.e. 17.02., samkvæmt skriflegu svari frá sýkladeild rannsóknastofu Háskólans við Barónsstíg. Sama dag og stungið var á ígerðinni í hægri nára, þ.e. 15.02., er stefnandi sögð kvarta um „svipaðan verk vinstra megin", en óþægindunum ekki nánar lýst. En verkjalyfjameðferð þessa daga var fyrst og fremst paracetamol (Panodil) og Dolviran. Skipt er á umbúðum þann 16.02. hægra

megin, en „ekki mikið í þeim". Þá þykir orðið sennilegt, að sýking sé einnig í skurðinum vinstra megin, og því er hann opnaður í svæfingu, og samkvæmt aðgerðarlýsingu eru þar miklir samvextir, en hvergi að sjá gröft. Gat kemur á lífhimnu í þessari aðgerð og því ekki hætt á dýpri könnun skurðarins. Í hjúkrunarnótum er ígerðin sögð dreifð hægra megin, og var hún hreinsuð upp. Miklum verkjum er lýst að kvöldi þessa dags. Daginn eftir er sýklalyfjameðferð hafin með cloxacillin (Orbenin) á grundvelli ræktunarniðurstöðu úr hægra skurðsári frá 15.02. Meðferðin er fyrst hafin um munn, en daginn eftir er farið að gefa lyfið í æð og þeirri lyfjagjöf hætt 25.02. Hiti var 38,7, og lýst er „smávilsu í umbúðum vinstra megin í einni kompressu, en blóðlitað, hreint í þremur kompressum hægra megin". Enn er skipt á umbúðum daginn eftir, og var þá „lítið vinstra megin blóðlitað", en „þrjár kompressur blóðlitaðar hægra megin". Verkir eru sagðir slæmir í hægra fæti og upp í mjöðm. Að kvöldi 19. febrúar er gröftur kominn í gegnum umbúðir vinstra megin og „greinileg sýking" sögð undir. Skurðurinn vinstra megin er opnaður inni á sjúkrastofu án deyfingar og um 5-10 ml af grefti („gumserí") sagðir undir. Er þetta í þriðja sinn, sem sár er opnað eftir þessa aðgerð. Úr þessu sári ræktast aðrir bakteríustofnar en úr sárinu hægra megin, þ.e. enterococcar og coagulasa neikvæðir staphylococcar. Sú niðurstaða liggur skriflega fyrir þann 24. febrúar. Verkir virðast aukast, þótt þeim sé ekki lýst, en farið er aftur að gefa kröftugri verkjalyf en áður (methadon). Næsta dag er mikill gröftur sagður í umbúðum, og hafi hann farið í gegnum 10-12 grisjur vinstra megin, en tvær hægra megin. Nú eru verkir sagðir slæmir í hægra fæti. Við skurðopnunina þann 19. féll hiti úr 38,6 niður fyrir 37 morguninn eftir, en þann 21. febrúar er hiti aftur kominn upp fyrir 38. Þann dag er sækjandi sögð svo „aum að ekki mátti koma við hana". Morguninn eftir eða þann 22. febrúar er hún „slæm af verkjum, grátandi" og „ákveðið að opna skurðinn vinstra megin betur". Við þá aðgerð kemur í ljós frekari ígerð undir húð og auk þess aftan lífhimnu (retroperitonealt) stór ígerð með um það bil 150-200 ml af þykkum grefti. Þetta er hreinsað út og settur fjölpípukeri gegnum húð að aftan. Með þessu var endanleg aðgerð framkvæmd á skurðsárasýkingunni. Ekki kemur fram, að tekið hafi verið ræktunarsýni úr þessari aðgerð. Eftir þetta féll hiti, og var sækjandi hitalaus það, sem eftir lifði sjúkrahúsvistar. Þann 23.02. er hafin sýklalyfjagjöf með penicillini á grundvelli ræktunarniðurstöðu frá 19.02., og í tvo daga var sækjandi á tveimur lyfjum, penicillini og cloxacillini, en því síðara var hætt þann 25.02. Penicillini var fram haldið til 2. mars. Minnkaði útferð úr skurðinum vinstra megin smám saman og hægri skurður einnig sagður líta „betur út". Fjölpípudren úr vinstra skurði var tekið 1. mars. Útskriftardag þann 3. mars var enn „svolítið af greftri" í skurði vinstra megin, hægra skurði ekki

lýst nákvæmlega. Mun minna er talað um verki dagana eftir aðgerð en áður og verkjalyfjagjöf minni samkvæmt lyfjablaði, þó að einhver verkjalyf hafi verið gefin daglega (Panodil og Dolviran einkanlega). Þremur dögum eftir útskrift þann 06.03. er tekið strok úr skurðsári hægra megin og úr því ræktast S.aureus. Þann 16.03. kemur sækjandi til eftirlits, og eru þá sár sögð alveg þurr. Þann dag er hún hins vegar lögð inn á taugalækningadeild Landspítalans til mats á verkjum í baki, sem leiddi niður báða fótleggi og fram í tær.

Grétar Guðmundsson læknir annaðist stefnanda þar, og í vottorði hans, sem að framan er rakið, telur hann ekki líklegt, að taugasjúkdómur sá, sem stefnandi hafði fyrir aðgerðina, valdi nú miklu um sjúkdóm hennar. Ekki heldur fyrri veikindi. Hann er þeirrar skoðunar, að stefnandi hafi greinilega fengið kausalgíu eða taugaskemmdir við skurðaðgerðina, en taugaskemmdin sjáist í vöðvariti með óyggjandi hætti. Hans skoðun er sú, að líklegt sé, að ígerð í skurðsárum eigi fyrst og fremst sök á taugaskemmdum, þar sem hún geti þrýst á taugar og skemmt þær, og eins geti sýklar og niðurbrotsefni ígerðar skemmt taugar.

Læknirinn telur það útilokað, að taugar vinstra megin hafi skemmst við aðgerðina. Hann telur hugsanlegt, að tog í taugar við aðgerð hafi valdið einhverju. Niðurstaða læknisins er sú, að hér sé greinilega um sjúkdóminn Causalgiu að ræða. Þó komi það óneitanlega á óvart, að sjúklingur skuli fá þennan sjúkdóm, þegar gerð sé sympathectomia á sama svæði. Taugahnoð hafi þó verið skilin eftir, og auk þess sé sympathectomia ekki alltaf árangursrík aðferð við Causalgiu.

Læknirinn telur, að meðverkandi í krónísku verkjavandamáli stefnanda séu eflaust sálrænir þættir, sem tengist vonbrigðum með árangur aðgerðar, fjárhag og ef til vill fleiru, sem minnki verkjaþol, magni verki, en valdi þeim ekki.

Niðurstaða læknisins er síðan þessi:

„Causalgia vegna sýkingar eftir bilat.lumbal symp. á handlækningadeild Landspítala 3.2. 83. Vegna þessa vandamáls á sjúklingur erfitt með að ganga um og hreyfa sig, er með stöðuga slæma verki sem magnast við allt álag eða snertingu verkjasvæðis, er óvinnufær og að mestu ófær um að stunda heimilisstörf og hefur einangrast talsvert. Einkenni sjúkl. er að áliti undirritaðs, trúverðug og eins og oft sést og marglýst er við causalgiu. Um horfur er erfitt að spá. Líklegast verður þó að teljast að þetta vandamál haldist í stórum dráttum óbreytt. Ekki er þó útilokað að smám saman megi takast að vinna talsvert á verkjunum, en einnig er mögulegt að þeir færist í aukana. Það verður einnig að hafa í huga þann möguleika að í kjölfar þessa vandamáls komi önnur svo sem bakverkir, stytting í vöðvum og sinum með skertri hreyfingu í liðum (kontracturus) og slitgigt í liðum (einkum í vi. ökla) vegna óeðlilegs álags á þá. Einnig er hugsanlegt að verkirnir leiði

smám saman til ofnotkunar Diazepams og áfengis, þar sem þessi efni draga helst úr verkjum núorðið. Það er augljóst að Elsa þarf næstu mánuði eða ár á reglulegri læknisþjónustu að halda til að fá þau lyf, sem hún þarf að nota að staðaldri til að draga úr verkjum og til að reyna nýjar, og vonandi árangursríkari, verkjameðferðir, sem sumar munu eflaust krefjast innlagna á sjúkrahús. Einnig þarf hún að fá reglulega endurhæfingu til að minnka líkur á fylgikvillum."

Stefnandi lýsti því fyrir dóminum 29. júní 1987, að heilsa sín væri svipuð og verið hefði, nema kvalaköstin væru nú lengri og verri.

Stefnandi greindi og frá því, að hún hefði slasast í bifreiðaárekstri eftir aðgerðina og verið metin 20% öryrki vegna þeirra meiðsla, að því er hún hélt.

Í málinu hefur verið lagt fram álit læknaráðs Landspítalans, sem skipað er þremur læknum, dags. 12. desember 1984. Fram kemur í álitinu, að stjórn læknaráðs hafi leitað skriflegs álits forstöðulæknis taugalækningadeildar, dr. Gunnars Guðmundssonar prófessors, og setts forstöðulæknis handlækningadeildar, Árna Björnssonar yfirlæknis. Auk þess hafi verið leitað álits og ráðgjafar Sigurðar B. Þorsteinssonar, sérfræðings í smitsjúkdómum, og stuðst hafi verið við sjúkraskrár sjúklings á Landspítalanum við samningu álitsgerðarinnar. Í álitsgerðinni segir svo orðrétt:

„Stjórn læknaráðs telur að ekki hafi verið um „aðgæsluleysi við meðferð og eftirlit eftir aðgerðina" að ræða hjá sjúklingi þessum eins og fram kemur í skaðabótakröfu Jóns G. Briem hdl. Stjórn læknaráðs telur að rétt hafi verið brugðist við þegar einkenni um sýkingu komu fram og bendir á að hin rétta aðgerð við ígerð er fyrst og fremst tæming ígerðarinnar en sýklalyf hafa þar minna að segja.

Stjórn læknaráðs útilokar ekki þann möguleika að sýkingin eigi þátt í þeim einkennum sem komu fram eftir aðgerðina, en telur hins vegar að orsakasamband sé ekki sannað. Bendir stjórn læknaráðs á að taugarætur þær sem liggja niður í fætur liggja all nokkru dýpra en taugahnoð þau sem numin voru á brott, en sýking gæti þó rutt sér leið frá aðgerðarsvæði og að þeim rótum. Þá má benda á að hægra megin virtist vera um mjög grunna ígerð að ræða en einkenni sjúklings eru frá taugarótum beggja vegna, enda þótt einkenni séu meiri vinstra megin þar sem aðalígerðin var. Einnig ber að geta þess að sjúklingur hafði einkenni um taugaskemmdir í fótum áður en til aðgerðar kom....

Þess ber að lokum að geta að sýkingar við „hreinar aðgerðir" er áhætta sem alltaf er fyrir hendi. Árið 1983 voru sýkingar við „hreinar aðgerðir" á handlækningadeild, þar sem sjúklingur lá, 3,3% sem er mjög sambærilegt við erlenda staðla."

Í framangreindri álitsgerð dr. Gunnars Guðmundssonar prófessors, sem dags. er 20. nóvember 1984, segir m.a. svo:

„Elsa er illa haldin af neurogenverkjum (causalgia), og óeðlilegri aukningu á skyni hyperpathia og allodynia“ distalt á ganglimum, einkum þeim vi. auk þess minnkaða krafta í vi. fæti og húðbreytingar á báðum fótum. Áðurnefnd einkenni verða að teljast afleiðingar þeirrar sýkingar sem varð í kjölfar annars árangursríkrar aðgerðar, þ.e. bilat.lumbal sympatectomi. Lýsing á verkjum eftir aðgerðina svo og vöðvarit benda til taugaskemmda.... Mjög ólíklegt er að núverandi eink. stafi af taugasjúkdómi þeim sem Elsa hafði fyrir aðgerð, en þá hafði borið á í um 1 ár verkjum í ganglimum á kvöldin og við vissar stellingar og gátu vakið hana upp af svefni á nóttunni. Núverandi verkur er, að því er best verður séð, annars eðlis og alvarlegri.“

Í vottorði Árna Björnssonar, yfirlæknis á Landspítalanum, dags. 19. október 1984, segir, að erfitt sé að sannreyna þær fullyrðingar í vottorði Grétars Guðmundssonar læknis, að hinar neurologisku truflanir, sem komið hafi fram hjá stefnanda, séu bein afleiðing af skurðaðgerðinni og afleiðingum hennar. Þetta eigi sérstaklega við vegna þess, að sjúklingur virðist hafa haft einkenni frá taugakerfi fyrir aðgerðina, sem ekki hafi verið örugglega greind.

Í vottorði Ásgeirs B. Ellertssonar, yfirlæknis á Borgarspítalanum, sérfræðings í heila- og taugasjúkdómum, sem hann gefur læknaráði 5. apríl 1986, segir orðrétt:

„Undirrituðum var falið að svara, hvort taugaeinkenni ofangreindrar konu og þar með orsök örorku hennar stöfuðu af sjúkdómi þeim sem hún hafði fyrir aðgerðina 03.02.83 eða væru vegna ígerðar er hún fékk eftir skurðaðgerðina. Ég hefi farið í gegnum öll málsskjöl Gunnlaugs Geirssonar prófessors og kynnt mér á þann hátt málavexti. Elsu Einarsdóttur hef ég hvorki séð né skoðað.... Orsakir örorku Elsu eru tvíþættar: 1) að einhverjum hluta eru enn til staðar polyneuropatiueinkenni, en 2) fyrst og fremst hefur hún slæma causalgíu, sem er bein og óbein afleiðing ígerðarinnar.“

Gunnlaugur Geirsson, prófessor í réttarlæknisfræði, en hann á sæti í réttarmáladeild læknaráðs, gefur ráðinu álit, dags. 12. maí 1986, og er niðurstaða hans tekin orðrétt upp í álit læknaráðs, sem síðar verður rakið.

Stefán Bogason læknir mat örorku stefnanda, og er mat hans dags. 14. nóvember 1984. Niðurstaða Stefáns er sú, að örorka stefnanda hafi verið 100% í 10 mánuði frá 3. febrúar 1983, eftir það 75% í 6 mánuði og varanleg örorka sé 55%. Í matinu er tekið fram, að ekki sé tekið tillit til örorku stefnanda af völdum annarra sjúkdóma eða afleiðinga sjúkdóma, sem stefnandi hafi haft.

Ólafur Jónsson læknir mat örorku stefnanda, og er mat hans dags. 9.7.1986. Í vottorði Ólafs kemur fram, að ekki verði séð, að frekari rannsóknir eða aðgerðir verði gerðar til að bæta líkamlegt og andlegt ástand stefnanda, og sé því tímabært að meta örorkuástand hennar, eins og það sé nú, og yfirgnæfandi líkur á, að verði framvegis. Læknirinn telur örorku

stefnanda til starfa á launamarkaði algera, en almenna örorku 80% varanlega.

Formaður dómsins kvað upp úrskurð 17. september 1985, og í honum er því beint til læknaráðs, að það láti í té sérfræðilega umsögn um eftirtalin atriði:

1. Hver sé líklegasta orsök örorku stefnanda, Elsu Einarsdóttur,
   a) sjúkdómur sá, er hún hafði fyrir skurðaðgerðina 3. febrúar 1983,
   b) ígerð sú, sem hún fékk í skurðsárin eftir aðgerðina,
   c) annað.
2. Vottorð Grétars Guðmundssonar læknis, dags. 6. september 1983.
3. Hvort ætla má, að gætt hafi verið nægilegrar varúðar við umönnun stefnanda eftir skurðaðgerðina og hvort rétt var að grípa til einhverra annarra aðgerða, fyrr en gert var, eða nota aðrar aðferðir en gert var.
4. Hvað sjúkdómurinn Polyneuropathia NUD. er, sjúkdómseinkenni, hver gangur sjúkdómsins er og batahorfur.
5. Hvers vegna áfengi og diazepam virðast gagnast stefnanda best sem verkjalyf, meðan viðurkennd verkjalyf verka ekki.
6. Örorkumat Stefáns Bogasonar, dags. 14. nóvember 1984, hvort ráðið sé sammála þeim sjónarmiðum, sem koma fram í forsendum matsins.
7. Hvort varanleg örorka hafi verið tilkomin, áður en í uppskurð var ráðist 3. febrúar 1983.

Ályktun læknaráðs er dags. 21. apríl 1987 og er í því formi, að réttarmáladeild ráðsins gerði tillögu um ályktun læknaráðs, sbr. álit Gunnlaugs Geirssonar prófessors, sem fyrr er getið, en læknaráð staðfesti síðan. Efni tillögunnar og ályktun ráðsins er svohljóðandi:

„Ad. 1. Sennilegast þykir að örorka Elsu stafi að verulegu leyti af afleiðingu ígerðar sem hún fékk eftir skurðaðgerð 3. febrúar 1983, en erfitt er að meta hve mikinn þátt aðrir kvillar Elsu eiga í örorkunni.

Ad. 2. Álitsgerð Grétars Guðmundssonar sérfræðings í taugasjúkdómum lýsir sjúkrasögu Elsu og gangi þess sjúkdóms er leiddi til innlagningar á taugadeild og síðari aðgerðar svo og áframhaldandi kvörtunum Elsu og einkennum sem hún fékk eftir aðgerð. Að því er varðar afstöðu Læknaráðs til niðurstöðu Grétars vísast til svars við 1. spurningu.

Ad. 3. Samkvæmt þeim gögnum sem fyrir liggja verður ekki annað séð en að umönnun Elsu og aðgerðir þær sem fylgdu eftir skurðaðgerðina 3. febrúar 1983 hafi verið í samræmi við reglur nútíma læknisfræði.

Ad. 4. Sjúkdómurinn Polyneuropathia NUD. er kvilli í úttaugum af óþekktum uppruna sem leiðir af sér skyn- og/eða hreyfitruflanir. Gangur sjúkdómsins er mismunandi og batahorfur óvissar.

Ad. 5. Áfengi og diazepam virka almennt deyfandi á taugakerfið og slæva þar með sársaukaskyn um leið og þau draga úr spennu og kvíða sem

fylgja verkjum. Af því er skiljanlegt að þau geti verkað betur en venjuleg verkjalyf, jafnvel þegar síðarnefndu lyfin eru hætt að verka.

Ad. 6. Læknaráð getur ekki að svo stöddu tekið afstöðu til örorkumats Stefáns Bogasonar, þar eð lög gera ráð fyrir því að haft sé samband við útgefanda vottorðs ef ráðið gerir athugasemdir við vottorðið.

Stefán er fjarverandi vegna veikinda þennan mánuð. Áætlað er að hafa samband við hann þegar hann kemur aftur til vinnu.

Ad. 7. Ljóst er að Elsa var óvinnufær er hún lagðist á Landspítalann fyrir aðgerðina, en ekki verður af því ráðið að um varanlega örorku væri að ræða, sbr. svör við sp. 1 og 4."

Formaður dómsins kvað upp annan úrskurð 28. október 1986 og beindi því til læknaráðs, að það léti í té sérfræðilega umsögn um örorkumat Ólafs Jónssonar, dags. 7. september 1986, hvort ráðið sé sammála þeim sjónarmiðum, sem koma fram í forsendum matsins.

Álit læknaráðs vegna þessa úrskurðar er dags. 2. mars 1987. Réttarmáladeild ráðsins fjallaði bæði um örorkumat Stefáns Bogasonar og Ólafs Jónssonar, en tillaga réttarmáladeildar um ályktun læknaráðs, sem var samþykkt af læknaráði, er svohljóðandi:

„Í örorkumati Stefáns Bogasonar 14.11.1984 er þess getið, að sækjandi í málinu hafi verið óvinnufær vegna verkja í fótum frá nóvemberlokum 1982. Stefán metur þar örorkuna frá þeim tíma sem aðgerðin var framkvæmd (þ. 3. febrúar 1983) og áætlar varanlega örorku rúmlega eins og um væri að ræða missi vinstra ganglims. Studdist hann þar við alþjóðlega túlkun um það hve mikla örorku fólk hlýtur við missi ganglims.

Hins vegar mat Stefán Bogason ástand sækjanda málsins til örorkulífeyris til Tryggingastofnunar ríkisins meira en 75% (mat, dags. 19.01.84) þar eð hún var áfram óvinnufær. Endurmat skyldi fara fram í apríl 1985.

Á svipaðan hátt mat Ólafur Jónsson örorkuna eingöngu í heild eins og gert er þegar úrskurða skal um örorkulífeyri vegna almenns ástands (mat, dags. 07.09.1986).

Í engu matinu er reynt að greina hve mikill hluti örorkunnar kunni að stafa af ígerð þeirri, sem sækjandi fékk eftir aðgerð, af sömu ástæðum og segir í svari Læknaráðs frá september 1986. Læknaráð telur því að möt (sic) þeirra Ólafs og Stefáns fái staðist frá gefnum mismunandi forsendum, en miðað við ástand sækjanda málsins í dag telur Læknaráð heildarörorkuna vera 75%."

Eins og fyrr er frá greint, kvað dómarinn upp úrskurð hinn 14. júlí 1987, en hann er svohljóðandi:

„Aðilum gefst kostur á að afla sérfræðilegs álits lækna í formi skoðunar- og matsgerðar á eftirtöldum atriðum..."

Þau atriði, sem um getur í úrskurðinum, eru tilgreind í matsgerðinni.

Af hálfu stefnanda var lögð fram beiðni um dómkvaðningu matsmanna.

Slíkt hið sama var gert af hálfu stefndu. Þau atriði, sem aðilar óskuðu eftir, að matsmenn mætu, voru ekki í öllu samhljóða, en þeir óskuðu ekki eftir, að úrskurðaður yrði ágreiningur þar um. Matsmenn voru dómkvaddir til þess að skoða stefnanda og láta í ljós álit varðandi heilsu hennar, eins og nánar greinir í matsbeiðni aðila.

Dómkvaddir voru sem matsmenn Gunnar Gunnlaugsson skurðlæknir, Haraldur Briem smitsjúkdómalæknir og Torfi Magnússon taugasjúkdómalæknir.

Matsgerð þeirra er dags. 2. desember 1987 og er svohljóðandi:

„Undirritaðir hafa verið dómkvaddir sem matsmenn í máli Elsu Einarsdóttur til að meta eftirtalin atriði:

1.1. Er stefnandi haldinn kausalgíu?

1.2. Ef ekki, hvers eðlis eru þá þau nýju einkenni, sem hún hefur haft eftir aðgerð?

2.1. Má ætla að gætt hafi verið nægilegrar varúðar við umönnun stefnanda eftir skurðaðgerðina?

2.2. Var rétt að grípa til aðgerða fyrr en gert var eða nota aðrar aðferðir en gert var?

3. Hefur stefnandi hlotið varanlegt mein af sýkingu í skurðsárum?

Undirritaðir hafa kynnt sér réttargögn, þar á meðal ljósrit þau, sem fyrir liggja af sjúkrasögu stefnanda. Auk þess hefur einn undirritaðra (Torfi Magnússon) skoðað stefnanda.

— — —

Lokaniðurstaða.

Eftir aðgerðina, sem framkvæmd var 3. febrúar 1983, fékk stefnandinn, Elsa Einarsdóttir, reflex sympatíkus dystrófíu í vinstri ganglim. Verður að telja líklegt að þetta tengist aðgerðinni með einum eða öðrum hætti, en atburðarásin, sem verður þegar slíkt ástand kemur upp, er ennþá læknisfræðilega óútskýrð. Verður þetta að teljast innbyggð áhætta í öllum uppskurðum sem tengjast útlimum, og þó að ástandið sé afar sjaldgæft (ekki síst eftir lúmbal sympatektómíu) eru ekki til fyrirbyggjandi aðferðir sem tryggja að það geti ekki komið fyrir.

Stefnandi fékk sýkingu í skurðsárin eftir uppskurðinn. Sú sýking var meðhöndluð seint og hefur það aukið þjáningu stefnanda og líklega lengt legu hennar á sjúkrahúsinu um einhvern tíma.

Undirritaðir geta ekki fundið þeirri fullyrðingu stoð að sýkingarnar sjálfar hafi valdið núverandi ástandi stefnanda og við höfum ekki fundið þess dæmi í læknisfræðilegum heimildum að bráð bakteríusýking, sem veldur ígerð (abscess) í mjúkpörtum umhverfis taugar, geti valdið reflex sympatíkus dystrófíu.“

— — —

Þórir Bergsson tryggingastærðfræðingur reiknaði út örorkutjón stefnanda 21. janúar 1985. Það gerði einnig Jón Erlingur Þorlaksson tryggingastærðfræðingur 22. mars 1988, og byggir stefnandi kröfu sína um bætur fyrir örorkutjón á þeim útreikningi. Tryggingastærðfræðingurinn tekur fram, að hann skoði 3. febrúar 1983 sem slysdag og miði við, að örorka stefnanda sé 75% að ósk lögmanns hennar.

Áætlun um tekjutap stefnanda sé miðuð við lægsta launataxta Iðju, félags verksmiðjufólks, að viðbættu 50%.

Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps reiknast tryggingastærðfræðingnum nema á slysdegi kr. 3.359.900,00.

Fjárkröfu sína, kr. 9.625.900,00, sundurliðar stefnandi svo:

Fjártjón	kr. 3.359.900,00
Miski	kr. 6.200.000,00
Lyfjakostnaður	kr. 36.000,00
Ferðakostnaður	kr. 30.000,00

Stefnandi byggir á því í fyrsta lagi, að lýsing á þeim læknisaðgerðum, sem gripið var til og fram komi í skjölum málsins, sé rétt, í öðru lagi, að mat læknaráðs á örorku hennar sé rétt, í þriðja lagi, að sjúkdómar þeir, sem hún var haldin fyrir skurðaðgerðina 3. febrúar 1983, hafi verið rétt greindir og af þeim hafi hún fengið lækningu, a.m.k. í þeim mæli, að þeir hafi ekki áhrif á núverandi örorku.

Þá byggir stefnandi á því, að rétt sé sú niðurstaða Grétars Guðmundssonar læknis, að eftir skurðaðgerðina hafi hún fengið sjúkdóminn causalgíu. Það sé sannað, að þessi sjúkdómur stafi af einhverjum ástæðum, sem til séu komnar eftir skurðaðgerðina, en ekki til aðgerðarinnar sem slíkrar eða fyrri sjúkdóma.

Stefnandi heldur því fram, að ígerð sú, sem komst í skurðsárin eftir aðgerðina 3. febrúar 1983, hafi valdið þeim sjúkdómi, sem hún sé nú haldin. Grétar Guðmundsson læknir hafi komist að þessari niðurstöðu. Í sömu átt gangi álit læknanna Ásgeirs Ellertssonar, dr. Gunnars Guðmundssonar, Gunnlaugs Geirssonar og lækna í læknaráði Landspítalans. Þá sé niðurstaða læknaráðs sú, að sennilegast þyki, að örorka stefnanda stafi að verulegu leyti af afleiðingum ígerðanna, sem hún hafi fengið eftir skurðaðgerðina.

Þannig hafi færustu sérfræðingar gefið samhljóða álit. Því sé sannað í málinu, að ígerðirnar hafi valdið örorku stefnanda, a.m.k. að verulegu eða langmestu leyti, og orsakasamband því fyrir hendi.

Niðurstaða í mati þriggja lækna, þeirra Gunnars H. Gunnlaugssonar, Haralds Briem og Torfa Magnússonar, sé þveröfug við niðurstöðu allra annarra lækna, sem sagt hafi álit sitt á orsökum örorku stefnanda, og verði að hafna henni. Hér beri þess að gæta, að vægi álits læknaráðs sé mjög mikið,

það starfi samkvæmt lögum og sé skipað hinum færustu mönnum. Samt sem áður sé hægt að fallast á þá sjúkdómsgreiningu matsmannanna, að stefnandi sé haldin reflex sympatíkus dystrófíu, enda sé kausalgía hluti þeirrar sjúkdómsmyndar. Það breyti engu um málið í heild.

Því sé mótmælt, að læknaráð hafi leitað álits Grétars Guðmundssonar læknis til þess að byggja niðurstöðu á því, ráðið hafi einungis fengið álit hans ásamt öðrum gögnum frá Landspítalanum.

Sú meðferð, sem stefnandi hafi fengið eftir skurðaðgerðina, hafi verið í ólagi, og verði að meta stefndu það til sakar.

Hinir dómkvöddu matsmenn komist að þeirri niðurstöðu, að rannsóknir og læknismeðferð á stefnanda hafi verið ófullnægjandi, og byggi stefnandi m.a. á því, að sú niðurstaða sé rétt. Þessi málsástæða sé ekki of seint fram komin, hún hafi komið fram, jafnskjótt og tilefni gafst, þ.e. strax eftir að matsgerð var lögð fram í málinu.

Kvörtunum stefnanda hafi verið illa og seint sinnt. Byrjað hafi verið á því að rannsaka, hvort stefnandi hefði fengið lungnabólgu eða þvagfærasýkingu, í stað þess að rannsókn hefði þegar í stað átt að beinast að hugsanlegri ígerð í skurðsárum, þar sem verkir, hækkun á sökki, fjölgun hvítra blóðkorna og hækkaður hiti hafi bent til ígerðar.

Þá hafi ekki verið gripið til þeirra tækja, sem tiltæk hafi verið, þ.e. sneiðmyndatækis og sónartækis, en með hjálp þeirra hefði verið auðvelt að greina, hvað að var. Ígerðin hafi því fengið að leika lausum hala og valda því tjóni, sem hún hafi gert.

Grípa hafi átt til aðgerða mun fyrr en gert hafi verið, bæði til þess að hleypa út grefti úr skurðsárum og meðferðar með sýklalyfjum. Aðeins skurðurinn hægra megin hafi verið opnaður fyrst og ekki fyrr en 15. febrúar. Skurðurinn vinstra megin hafi verið opnaður 17. febrúar. Þá hafi ekkert fundist, enda ekki nægilega vel leitað. Það hafi ekki verið fyrr en 22. febrúar, að ígerð hafi fundist í vinstra skurðsári og þá mjög mikil, stefnanda ekki verið gerð grein fyrir því, að hætta væri á sýkingu í skurðsárum, en það sé ekki alkunn staðreynd, að svo sé.

Þá sé vitað, að skurðaðgerðum fylgi sú hætta, að sjúklingur geti fengið einkenni reflex sympatíkus dystrófíu, og þá kvöð megi leggja á lækna að gera sjúklingum grein fyrir þessari áhættu, en það hafi ekki verið gert í tilviki stefnanda.

Sérfræðingar hafi haft stefnanda til meðferðar. Til þeirra verði að gera strangar kröfur um að beita réttum ráðum á hverjum tíma og um að grípa til allra tækja og aðferða til þess að vinna bug á sjúkdómum. Þessum kröfum hafi sérfræðingarnir, sem haft hafi stefnanda til meðferðar, ekki fullnægt.

Samkvæmt því, sem að framan segi um vanrækslu lækna varðandi með-

ferð stefnanda eftir skurðaðgerðina, verði að telja sannað, að þeir eigi sök á því með gáleysi, að stefnandi sé nú öryrki. Stefndi Páll Gíslason læknir, sem framkvæmt hafi aðgerðina á stefnanda, beri ábyrgð á afleiðingum hennar, og byggist sú ábyrgð á almennu skaðabótareglunni. Ólögmætisskilyrði almennu skaðabótareglunnar sé fyrir hendi skv. 6. gr. læknalaga nr. 80/1969.

Stefnandi byggi einnig á því, að Landspítalinn sé meðábyrgur Páli vegna heilsutjóns stefnanda. Annars vegar sé um að ræða húsbóndaábyrgð vegna verka Páls Gíslasonar læknis og hins vegar ábyrgð á því, að ígerð hafi myndast í skurðsárum stefnanda, vegna þess að sóttkveikjur hafi leynst á skurðstofunni. Í því tilviki sé einnig um húsbóndaábyrgð að ræða, en þá vegna handvammar annarra starfsmanna Landspítalans en læknisins, þ.e. þeirra, sem annast eigi sótthreinsun skurðstofunnar. Ekki sé vitað, hverjir það séu, en það skipti ekki máli um ábyrgð Landspítalans.

Ef litið verði svo á, að ekki sé ljóst, hvað valdi örorku stefnanda, sé samt sem áður hægt að fella sök á stefndu. Í því tilviki megi beita sakarlíkindareglunni, sem sé nærri því að vera öfug sönnunarbyrði. Þetta leiði til þess, að gerist einhvern tíma eitthvað ámælisvert í atburðarásinni, eigi stefndu að sanna, að það hafi ekki leitt til örorku stefnanda. Upplýst sé, að meðferð stefnanda eftir skurðaðgerðina sé í ýmsu ámælisverð og því verði að gera þá kröfu til stefndu, að þeir sanni, að þetta hafi ekki leitt til örorku stefnanda.

Stefnandi hafi orðið fyrir miklum miska. Þegar hún hafi komið á sjúkrahúsið til aðgerða, hafi hún ekki verið vanheilli en almennt gerist, en þaðan hafi hún farið mikill sjúklingur. Þau hjónin hafi slitið hjúskap, heimilið hafi verið leyst upp, stefnandi hafi þurft að flytja í annað byggðarlag, og þar hafi hún lent í húsnæðisvandræðum. Stefnandi búi nú við þröngan kost með einu barna sinna.

Stefnandi hafi orðið fyrir miklum sársauka og óþægindum og sé nú bundin hjólastól.

Stefnandi hafi orðið fyrir miklum kostnaði af rekstri þessa máls, sem sé flókið og vandasamt. Sérstakt tillit eigi að taka til þess við ákvörðun málskostnaðar.

Stefndu halda því fram, að ósannað sé orsakasamband á milli ígerða í skurðsárum og núverandi sjúkdómsástands stefnanda. Í mati matsmannanna þriggja sé niðurstaðan sú, að ígerðin hafi ekki valdið núverandi sjúkdómsástandi stefnanda og þeim hafi ekki tekist að finna dæmi þess, að ígerð hafi leitt til slíks sjúkdómsástands. Hins vegar telji þeir, að skurðaðgerðirnar hafi orsakað sjúkdómsástandið, þótt ekki sé hægt að skýra, hvernig það hafi gerst.

Stefán Bogason læknir, sem metið hafi örorku stefnanda, telji ekkert hægt að fullyrða um það, hvort einkenni hennar stafi af skurðaðgerðinni og

ígerðunum eða þeim taugasjúkdómi, er hún hafi haft fyrir aðgerðina, eða af hvoru tveggja.

Hér beri þess að gæta, að stefnandi hafi haft einkenni í báðum fótum. Ígerð í skurðsári hægra megin hafi legið mjög grunnt og víðsfjarri taugahnoðum. Einkennin í hægra fæti eigi ekki að geta tengst sýkingum.

Niðurstaða læknaráðs sé önnur en niðurstaða matsmanna. Þess beri sérstaklega að gæta, að sérfræðingar í sýkingafræðum og taugafræðum hafi ekki setið í ráðinu. Þekkingu í þessum fræðum hafi læknaráð orðið að sækja annað. Þeir hafi leitað álits Grétars Guðmundssonar læknis, sem hafi greinilega haft mikla samúð með stefnanda. Ásgeir B. Ellertsson læknir, sem gefið hafi læknaráði álit, hafi byggt það á vottorðum Grétars Guðmundssonar. Þetta veiki mjög úrskurð læknaráðs. Úrskurðir læknaráðs séu ekki einhlít sönnunargögn. Þeim hafi verið vikið til hliðar við sönnunarmat, og eins og hér standi á, beri að gera slíkt hið sama.

Þá er því haldið fram af stefndu, að stefndi Páll, aðrir læknar og starfsfólk Landspítalans, sem stefnanda önnuðust, hafi ekki sýnt af sér neins konar vanrækslu við meðferð stefnanda.

Stefnandi haldi því fram, að ekki hafi verið hlustað á kvartanir sínar eftir skurðaðgerðina. Stefnandi hafi hins vegar skýrt svo frá fyrir dóminum, að stefndi Páll hafi verið sá eini, sem á sig hafi hlustað. Stefndi Páll hafi ásamt öðrum læknum á Landspítalanum sífellt verið að velta fyrir sér vandamálum varðandi stefnanda. Stefndi Páll hafi yfir þrjátíu ára reynslu á sviði skurðlækninga, hann hafi sérstaklega rannsakað sýkingu samfara skurðaðgerðum. Varðandi hugsanleg mistök í meðferð stefnanda þá þurfi einvörðungu að líta á tímabilið frá 2.-22. febrúar.

Í matsgerð matsmannanna þriggja sé niðurstaðan sú, að kanna hefði átt aðgerðasvæðið með ómskoðun og tölvusneiðmyndum, þegar sýkingareinkenni stefnanda hafi farið vaxandi og blóðrannsókn hafi gefið vísbendingu um umtalsverða bólgu. Þá hafi sýklalyf verið gefin í of stuttan tíma og í of litlum skömmtum og ekki verið nægilega vel valin með tilliti til næmis sýklanna.

Þessari niðurstöðu sé mótmælt af hálfu stefndu. Ómskoðunartæki, sem til hafi verið á fæðingardeild Landspítalans, hafi ekki verið fallið til rannsókna af þessu tagi og ekki notað til þeirra. Tölvusneiðmyndatæki hafi verið nýkomið á Landspítalann á þessum tíma. Það hafi þá ekki verið reynt til þess að leita að ígerðum. Seinna hafi það verið gert, gefist illa og ekki verið notað til þessara þarfa.

Gögn úr sjúkraskrá stefnanda á Landspítalanum sýni, að á hverjum tíma hafi verið brugðist rétt við.

Því sé mótmælt, að sú málsástæða stefnanda, sem byggist á mati læknanna þriggja, komist að í málinu, þar sem hún sé of seint fram komin.

Stefndu byggi hins vegar engar málsástæður á þessu mati. Niðurstaða læknaráðs sé hins vegar sú, að umönnun stefnanda og aðgerðir þær, sem fylgt hafi skurðaðgerðinni, hafi verið í samræmi við reglur nútímalæknisfræði.

Á þessari niðurstöðu læknaráðs megi byggja, enda hafi sérfræðingur í skurðlækningum setið í læknaráði og því þar fyrir hendi þekking á þessum þætti málsins.

Hér á landi eins og á öðrum Norðurlöndum sé ekki venja að gera sjúklingum sérstaklega grein fyrir hættu á sýkingu í skurðsárum. Vitað sé, að sýkingar geti komið í öll sár, jafnt skurðsár sem önnur, og engin skylda hvíli á læknum að geta þessa sérstaklega við sjúklinga, sem áformað sé að skera upp. Sama máli gegni um þá áhættu, að sjúklingur fái reflex sympatíkus distrófíu við uppskurð.

Af hálfu stefnanda hafi ekki verið bent á neitt atriði í meðferð stefnanda, sem ámælisvert sé. Ekki sé heimilt að snúa sönnunarbyrði við, enda ekkert, sem réttlæti það, að aðrar sönnunarreglur gildi um lækna en almennt sé stuðst við.

Varðandi fjárkröfur stefnanda er því haldið fram af hálfu stefndu, að lækkun vegna eingreiðslu og skatthagræðis ætti að nema 50%. Fjárkrafan sé allt of há. Sama máli gegni um miskabótakröfu. Örorka stefnanda sé m.a. sársaukinn, sem þjái hana. Því eigi stefnandi ekki rétt á miskabótum vegna sársauka.

Kostnaði við lyf og ferðir sé mótmælt sem of miklum.

Málskostnaðarreikningi stefnanda sé mótmælt sem allt of háum nema þriðja lið hans, útlögðum kostnaði, hann sé studdur nægjanlegum gögnum til þess, að hann megi taka til greina.

Niðurstaða dómsins.

Telja verður, að aðilum sé heimilt að byggja málflutning sinn á matsgerð dómkvaddra matsmanna í þessu máli, enda er hér um að ræða sönnunargagn, sem notað er til stuðnings málsástæðum, sem þegar var byggt á í upphafi málsins.

Eins og fyrr hefur verið rakið, byggir stefnandi skaðabótakröfu sína fyrst og fremst á almennu skaðabótareglunni. Stefnandi telur, að leitt hafi verið í ljós í málinu, að öll skilyrði þess, að henni megi beita, þ.e. orsakasamband, gáleysi og ólögmæti, séu fyrir hendi. Þessu er mótmælt af hálfu stefndu.

Um orsakasambandið heldur stefnandi því fram, að leitt hafi verið í ljós, að sjúkdómsástand stefnanda og örorka vegna þess, hvort heldur talið verði, að um sjúkdóminn causalgíu eða sjúkdómsástandið reflex sympatíkus distrófíu sé að ræða, stafi af því, að ígerð hafi komist í bæði skurðsár stefnanda eftir aðgerðina 3. febrúar 1983.

Álit lækna, sem stefnandi byggir á um orsakasamband, er ekki allt fortakslaust. Grétar Guðmundsson læknir telur líklegt, að sýking í skurðsárum eigi fyrst og fremst sök á taugaskemmdum, sem hann telur stefnanda hafa orðið fyrir.

Dr. Gunnar Guðmundsson prófessor, yfirlæknir á Landspítalanum, telur, að sjúkdómseinkenni stefnanda verði að telja afleiðingu þeirrar sýkingar, sem komið hafi í kjölfar aðgerðarinnar.

Árni Björnsson, yfirlæknir á Landspítalanum, telur í vottorði sínu, að erfitt sé að sannreyna þær fullyrðingar í vottorði Grétars Guðmundssonar læknis, að þær taugatruflanir, sem komið hafi fram hjá stefnanda, séu bein afleiðing af skurðaðgerðinni og afleiðingum hennar.

Ásgeir B. Ellertsson, yfirlæknir á Borgarspítalanum, sérfræðingur í heila- og taugasjúkdómum, telur í vottorði, sem hann gaf læknaráði, að stefnandi hafi slæma causalgíu, sem sé bein og óbein afleiðing ígerðarinnar.

Læknaráð Landspítalans útilokar ekki þann möguleika, að sýkingin eigi þátt í þeim einkennum, sem fram hafi komið eftir aðgerðina.

Í áliti læknaráðs kemur fram, að sennilegast þyki, að örorka stefnanda stafi að verulegu leyti af afleiðingu ígerðar, en erfitt sé að meta, hve mikinn þátt aðrir kvillar stefnanda eigi í örorkunni.

Eru nú talin helstu sönnunargögn, sem stefnandi byggir á þá málsástæðu sína, að orsakasamband sé á milli ígerða þeirra, sem stefnandi fékk, og sjúkdóms þess, sem hún er nú haldin.

Í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna kemur fram, að þeir vilja heldur nefna ástand stefnanda heildarheitinu reflex sympatíkus distrófíu en kausalgíu, en segja, að ekki skipti sköpum, hvor nafngiftin sé valin, þar sem þeir leggi til grundvallar, að sömu ástæður geti valdið hvoru tveggja. Matsmennirnir leggja áherslu á, að um sé að ræða læknisfræðilega óútskýrt ástand.

Niðurstaða matsmannanna er sú, að þeir hafi ekki getað fundið þeirri fullyrðingu stoð, að sýkingarnar sjálfar hafi valdið núverandi ástandi stefnanda, og ekki hafi þeir fundið þess dæmi í læknisfræðilegum heimildum, að bráð bakteríusýking, sem valdi ígerð í mjúkpörtum umhverfis taugar, geti valdið reflex sympatíkus dystrófíu.

Stefndu byggja þá málsástæðu, að ekki hafi verið sannað, að orsakasamband sé á milli örorku stefnanda og þeirra ígerða, sem hún fékk eftir skurðaðgerðina, m.a. á niðurstöðu matsmannanna.

Að framan hafa verið rakin þau helstu gögn, sem meta þarf, þegar tekin er afstaða til þess, hvort næg sönnun er komin fram um, að orsakasamband sé á milli þeirra ígerða, sem stefnandi fékk, og núverandi sjúkdómsástands hennar.

Niðurstaða hinna dómkvöddu matsmanna er ótvíræð og rækilega rök-

studd. Niðurstöður annarra lækna, sem látið hafa í ljós álit á mögulegu orsakasamhengi, þ.m.t. álit læknaráðs, eru ekki jafn- vendilega rökstuddar eða alls ekki. Í þessum niðurstöðum er talað um líkur, sennileika, beina og óbeina afleiðingu. Þó telur dr. Gunnar Guðmundsson yfirlæknir, að sjúkdómseinkenni stefnanda verði að teljast afleiðingar ígerðanna.

Þegar þessi sönnunargögn eru metin, þykir dóminum ekki næg sönnun vera komin fram um það, einkum vegna þess að óhrakin er sú fullyrðing hinna dómkvöddu matsmanna, að ekki finnist þess dæmi í læknisfræðinni, að ígerð hafi leitt til sjúkdómsástands þess, sem stefnandi er haldin, að ígerðir þær, sem stefnandi fékk, hafi leitt til þess sjúkdómsástands, sem hún er nú haldin. Því þykir orsakasamband þar á milli ekki nægilega leitt í ljós, til þess að skaðabótakrafa stefnanda verði byggð á almennu skaðabótareglunni. Þetta leiðir þegar til þeirrar niðurstöðu, að sýkna ber stefndu af kröfum stefnanda, og því ástæðulaust fyrir dóminn að taka afstöðu til þess, hvort sök hjá stefndu og ólögmætum verknaði er til að dreifa.

Eftir atvikum málsins þykir rétt, að hver aðili beri sinn kostnað af rekstri þess.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, kr. 665.210,00, þ.m.t. laun skipaðs talsmanns hennar, Jóns G. Briem hdl., kr. 500.000,00 að meðtöldum söluskatti, greiðist úr ríkissjóði.

Dóm þennan kváðu upp Friðgeir Björnsson yfirborgardómari, formaður dómsins, og meðdómendurnir Sigurður Guðmundsson læknir, sérfræðingur í almennum lyflækningum og smitsjúkdómum, og Ragnhildur Benediktsdóttir aðalfulltrúi.

Uppsaga dómsins hefur dregist nokkuð vegna réttarhlés og anna dómsformanns.

Dómsorð:

Stefndu, Páll Gíslason, heilbrigðisráðherra f.h. Landspítalans og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Elsu Einarsdóttur, í þessu máli.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, kr. 665.210,00, þ.m.t. málflutningslaun skipaðs talsmanns hennar, Jóns G. Briem hdl., kr. 500.000,00, greiðist úr ríkissjóði.

Miðvikudaginn 13. júní 1990.

Nr. 76/1990. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Halldóri Halldórssyni
(Sigurður H. Guðjónsson hrl.).

Tolllagabrot. Fyrning. Upptaka. Vítur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. febrúar sl. að ósk ákærða.

I.

Ákært er út af tolllagabroti, en upplýst er í málinu, að við komu bv. Ögra, RE-72, til Reykjavíkur 13. janúar 1985 frá Cuxhaven fundu tollverðir plötuspilara af gerðinni Philips CD104 og 16 hljómplötur í herbergi ákærða um borð í skipinu. Varninginn hafði ákærði keypt í Cuxhaven. Varningsins hafði ekki verið getið í skrá skipshafnar um tollskyldar vörur.

Dómur var kveðinn upp í máli þessu í sakadómi Reykjavíkur 17. apríl 1986. Með dómi Hæstaréttar 8. desember 1986 var sá dómur ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Ríkissaksóknari sendi sakadómi dóm Hæstaréttar og öll frumskjöl málsins með bréfi 10. s.m. Málið er þó ekki tekið upp að nýju í sakadómi fyrr en 6. júlí 1989, og er þá ákæra endurbirt ákærða, honum kynntur ómerkingardómur Hæstaréttar og reynt að taka af honum skýrslu. Skýrslur eru síðan teknar af vitnum 17. nóvember s.á. og málið dómtekið og dæmt að nýju.

Fallast má á það með héraðsdómara, að ákærði hafi framið þann verknað, sem honum er gefin sök á í ákæru. Rúm tvö ár og sjö mánuðir liðu frá dómi Hæstaréttar 8. desember 1986 og þar til meðferð málsins fyrir sakadómi Reykjavíkur hófst að nýju 6. júlí 1989. Sök ákærða er því fyrnd samkvæmt 5. mgr. 82. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. tl. 1. mgr. 81. gr. sömu laga, en ekkert bendir

til, að ákærði hafi komið sér undan rannsókn þann tíma. Ber því að sýkna ákærða af refsikröfu ákæruvalds. Hins vegar ber að staðfesta dóm héraðsdóms um upptöku varningsins, þar sem sú krafa ákæruvalds er ekki fyrnd samkvæmt þriðja málslið 6. mgr. 82. gr. hegningarlaga.

Þar sem ákærði er sýknaður af refsikröfu ákæruvaldsins, er rétt, að allur sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti.

Meðferð máls þessa dróst mjög á langinn í sakadómi Reykjavíkur, eins og að framan greinir. Dráttur þessi hefur ekki verið réttlættur. Verður ekki hjá því komist að víta meðferð málsins í sakadómi, sbr. 188. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Dómsorð:

Ákærði, Halldór Halldórsson, skal sýkn af refsikröfu ákæruvaldsins í máli þessu.

Plötuspilari af gerðinni Philips CD104 og 16 geisladiskar eru gerðir upptækir í ríkissjóð.

Allur sakarkostnaður, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Sigurðar Helga Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 17. nóvember 1989.

Ár 1989, föstudaginn 17. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 567/1989: Ákæruvaldið gegn Halldóri Halldórssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 30. desember 1985, á hendur Halldóri Halldórssyni, Sólvallagötu 19, Reykjavík, fæddum 18. júní 1949 í Reykjavík, „fyrir tolllagabrot, með því að hafa við komu bv. Ögra RE-72 til Reykjavíkur 13. janúar 1985 frá Cuxhaven smyglað hingað til lands með skipinu plötuspilara af gerðinni Philips CD104 og 16 hljómplötum, sem ákærði keypti í Cuxhaven. Varninginn fundu tollverðir í herbergi ákærða um borð í skipinu eftir komu þess til hafnar í greint skipti.

Telst þetta varða við 1. mgr. 60. gr., sbr. 1. mgr. 61. gr. og 71. gr., laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 59, 1969, sbr. 2. gr. laga nr. 71, 1976, sbr. 9. gr. laga nr. 46, 1984, sbr. 1. og 6. gr. reglugerðar nr. 482, 1984. Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta upptöku á framangreindum plötuspilara og hljómplötum samkvæmt heimild í 1. mgr. 72. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit".

Hinn 17. apríl 1986 var ákærði sakfelldur fyrir þá háttsemi, sem í ákæru greinir. Var honum í dóminum gert að greiða kr. 42.000 í sekt og að sæta upptöku á þeim varningi, sem frá er greint í ákærunni. Ákærði áfrýjaði dóminum, og með dómi Hæstaréttar uppkveðnum 8. desember 1986 var héraðsdómurinn ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Málavextir.

Sunnudaginn 13. janúar 1985 kom b/v Ögri, RE-72, til Reykjavíkur úr söluferð frá Cuxhaven í Vestur-Þýskalandi. Við tollafgreiðslu skipsins fundu tollverðir plötuspilara af gerðinni Philips CD-104 og 16 svokallaða geisladiska í herbergi ákærða, sem var 2. stýrimaður. Lögðu þeir hald á varninginn og fluttu í tollbúð.

Daginn eftir gaf ákærði skýrslu hjá rannsóknardeild tollgæslunnar. Hann kvaðst vera eigandi að plötuspilara þeim, sem tollverðir lögðu hald á í herbergi hans um borð í b/v Ögra daginn áður, svo og 16 hljómplötum, sem þar fundust. Kvaðst ákærði hafa keypt varning þennan í Cuxhaven, en mundi ekki, hve mikið hann greiddi fyrir varninginn.

Ákærði sagði, að hljómplöturnar hefðu legið á borði í herbergi hans, þegar tollskoðun fór fram, og hefðu tollverðirnir, sem skoðuðu í herbergi hans, eða a.m.k. annar þeirra, skoðað plöturnar. Varðandi plötuspilarann sagði ákærði, að hann hefði verið skorðaður af í bekk í herbergi hans.

Er ákærði var að því spurður, hvort hann hefði skýrt tollvörðum frá varningnum, kvaðst hann ekki hafa gert það, enda ekki um hann spurður. Einnig var hann spurður að því, hvort hann hefði ætlað að smygla varningi þessum til landsins, en þeirri spurningu neitaði ákærði að svara.

Ákærða var boðið að ljúka málinu með dómsátt hinn 13. nóvember 1985, en því hafnaði hann.

Ógjörningur hefur reynst að fá ákærða til að tjá sig um sakarefnið fyrir dómi.

Fram hafa farið vitnayfirheyrslur í málinu fyrir dóminum. Þrír tollverðir, sem voru yfirheyrðir, mundu ekki eftir málinu, en sá fjórði, vitnið Ólafur Þórðarson tollvörður, kvaðst hins vegar muna eftir því. Hann kvað plötuspilara hafa verið undir bekk í herbergi ákærða og þar hafi hljómplöturnar

einnig verið í plastpoka. Kvaðst vitnið sérstaklega muna eftir þessu sökum þess, að hann hafi aldrei áður séð slíkar hljómplötur. Hafi varningur þessi fundist við leit í herberginu, eftir að ákærði hafði verið spurður um, hvort hann hefði tollskyldan varning meðferðis.

Er vitninu var kynntur sá framburður ákærða, að hljómplöturnar hafi verið á borði í herbergi hans, svaraði hann því svo, að hann minnti, að svo hafi ekki verið, þótt hann teldi ekki útilokað, að ákærði hefði rétt fyrir sér. Þá kvað vitnið ekki hafa þurft að taka dýnu úr bekknum til að finna varninginn, en hann hafi að mati vitnisins verið illa falinn. Ákærði hafi ekki tekið því illa, er lagt var hald á varninginn, og minnti vitnið, að ákærði hafi spurt, hvort þeir ætluðu virkilega að taka varninginn af sér.

Sævin Bjarnason tók skýrslu af ákærða hjá rannsóknardeild tollgæslu hinn 14. janúar 1985, og Brynjólfur Karlsson var viðstaddur skýrslutökuna sem vottur. Þeir hafa báðir komið fyrir dóminn til skýrslugjafar.

Vitnið Sævin Bjarnason skýrði svo frá, að hann myndi eftir málinu, fyrst og fremst vegna þess, að sá, sem hann var að yfirheyra, hafi neitað að undirrita skýrsluna, enda myndi hann ekki eftir öðru tilviki af því tagi. Sá, sem yfirheyrður var, hafi hins vegar svarað greiðlega þeim spurningum, sem fyrir hann voru lagðar. Hafi maðurinn verið yfirheyrður fyrir meint tolllagabrot. Honum hafi í upphafi yfirheyrslu verið sýnd frumskýrsla tollgæslu, en að svo búnu hafi hann verið yfirheyrður um málavexti. Sagði vitnið, að hinn yfirheyrða hafi greint á við tollgæslumenn um málsatvik og að hann hafi skráð svör við þeim spurningum, sem hinn yfirheyrði svaraði. Vitnið kvað yfirheyrsluna hafa farið fram í viðurvist vitundarvotts.

Vitnið kvaðst standa við það, sem frá væri greint í framburðarskýrslunni, og kannaðist jafnframt við nafnritun sína undir skýrsluna.

Vitnið Brynjólfur Karlsson skýrði svo frá, að hann myndi eftir málinu, einkanlega vegna þess að sá, sem verið var að yfirheyra, hafi neitað að undirrita framburðarskýrsluna, en slíkt sé afar óvenjulegt. Yfirheyrandi hafi verið Sævin Bjarnason, þáverandi deildarstjóri rannsóknardeildar tollgæslunnar.

Vitnið kvaðst hafa verið inni í herberginu hjá deildarstjóranum, meðan yfirheyrslan fór fram, en kvaðst þó ekki geta greint frá efni yfirheyrslunnar í neinum smáatriðum. Hinn yfirheyrði hafi þó svarað þeim spurningum, sem fyrir hann voru lagðar, en sem fyrr segir, myndi hann ekki nú, um hvaða varning málið snerist.

Vitnið staðfesti, að efni framburðarskýrslunnar væri rétt. Jafnframt kannaðist vitnið við nafnritun sína sem vitundarvotts að yfirheyrslunni á skýrslunni.

Niðurstaða.

Eins og gögn málsins bera með sér, hefur ákærði reynst tregur til að tjá sig um sakarefnið. Hann hefur þó greint nokkuð frá málavöxtum í skýrslunni, sem hann gaf hjá rannsóknardeild tollgæslunnar, en neitaði að undirrita. Vitnin Sævin Bjarnason og Brynjólfur Karlsson hafa staðfest fyrir dómi efni skýrslunnar og greint nokkuð frá, hvernig skýrslugjöf var háttað.

Við dómsmeðferð málsins hefur reynst með öllu ógjörlegt að yfirheyra ákærða um ákæruatriði. Með töku skýrslna af vitnunum Sævin Bjarnasyni og Brynjólfi Karlssyni þykja hafa verið færð fram viðhlítandi sönnunargögn fyrir sekt ákærða. Telst því með framburði þeirra og Ólafs Þórðarsonar nægilega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru. Varðar brot ákærða við 123. gr., 124. gr. og 135. gr. tolllaga nr. 55, 1987, sbr. 1. og 6. gr. reglugerðar nr. 363/1988, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 390/1989, sbr. áður þau refsiákvæði, sem tilgreind eru í ákæru.

Samkvæmt sakavottorði ákærða gekkst hann á árinu 1965 undir dómsátt fyrir umferðarlagabrot.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 35.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 14 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Eins og krafist er í ákæruskjali og samkvæmt 1. mgr. 136. gr. laga nr. 55, 1987, sbr. áður 1. mgr. 72. gr. laga nr. 59, 1969, ber að gera upptækan til ríkissjóðs Philips CD104 geislaspilara og 16 geisladiska.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu sakarkostnaðar.

Dráttur sá, sem orðið hefur á meðferð málsins, verður ekki réttlættur.

Dómsorð:

Ákærði, Halldór Halldórsson, greiði kr. 35.000 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 14 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði sæti upptöku til ríkissjóðs á plötuspilara af gerðinni Philips CD104 og 16 geisladiskum.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Föstudaginn 15. júní 1990.

Nr. 232/1990. **Ágúst Fjeldsted hrl.**
f.h. Den Köbenhavnske Bank A/S
gegn
Kristínu Gunnarsdóttur.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 30. apríl sl. Kærður er frávísunardómur bæjarþings Reykjavíkur 6. s.m. Vitneskja um dóminn barst umboðsmanni sóknaraðila ekki fyrr en 25. s.m. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða dómi verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómarann að halda efnismeðferð málsins áfram. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar.

Málavextir eru reifaðir í hinum kærða dómi. Á það má fallast með héraðsdómara, að upphaflegur málatilbúnaður sóknaraðila hafi ekki nægilega uppfyllt ákvæði 88. gr. og 105. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. lög nr. 54/1988. Þó er rétt að hafa í huga, að svo mátti virðast sem málið væri einfalt skuldamál.

Á hitt ber jafnframt að líta, að varnaraðili mótmælti því ekki, að málatilbúnaður sóknaraðila yrði bættur og skýrður, og þinghöld í málinu gefa til kynna, að því hafi með samþykki hans ítrekað verið frestað í þessu skyni. Sóknaraðili hefur nú lagt fram viðbótargögn, sem væntanlega geta orðið grundvöllur áframhaldandi meðferðar málsins. Ber þá að líta til 114.-116. gr. laga um meðferð einkamála í héraði. Er því ekki, eins og nú er komið málinu, rétt að vísa því frá bæjarþinginu. Að þessu athuguðu ber að fella hinn kærða dóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að halda efnismeðferð málsins áfram.

Málskostnaður í héraði fellur niður.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur er felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að halda efnismeðferð málsins áfram.

Málskostnaður í héraði fellur niður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. apríl 1990.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 30. mars sl., hefur Ágúst Fjeldsted hrl. höfðað f.h. Den Köbenhavnske Bank A/S, Östergade 6, Kaupmannahöfn, á hendur Kristínu Gunnarsdóttur, Óðinsgötu 14, Reykjavík, með stefnu birtri 17. nóvember 1988.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði dæmd til að greiða 80.836,92 danskar krónur með 17% ársvöxtum af 76.554,17 dönskum krónum frá 1. október 1987 til 1. febrúar 1988, en með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí 1988, en með 15% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Af hálfu stefndu er þess krafist aðallega, að máli þessu verði vísað frá dómi, en til vara, að stefnda verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms til greiðsludags.

Málflutningur um frávísunarkröfu stefndu fór fram 30. mars sl.

Í stefnu er eftirfarandi lýsing kröfu: „Skuld þessi er skv. útskrift úr reikningi stefndu hjá stefnanda, svokölluðum „kassekredit" reikningi númer 200366-2, dags. 30.09.87, og nam skuld stefndu skv. nefndri reikningsútskrift hinn 30.09.87 d.kr. 80.836,92, sem er stefnufjárhæðin. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir greiðslutilmæli og er málssókn því nauðsynleg. Við þingfestingu verður lagt fram af hálfu stefnanda m.a. ofangreind útskrift úr „kassekredit" reikningi og kröfubréf."

Í greinargerð stefnanda eru talin upp 4 skjöl, sem lögð voru fram við þingfestingu af hálfu stefnanda, en þau voru stefna, greinargerð, útskrift úr „kassekredit"-reikningi og afrit kröfubréfs. Síðan segir: „Um málatilbúnað vísast til stefnu og annara framlagðra skjala og er málið lagt í dóm með fyrirvara um frekari kröfugerð, gagnaöflun, málsástæður og málsútlistanir."

Eftir að dómari tók við málinu, hefur verið þingað í því 13 sinnum og lögð fram 16 skjöl af hálfu stefnanda, jafnframt því sem sættir hafa verið reyndar án árangurs.

Stefnandi hefur með framlagningu nefndra gagna bætt nokkuð úr þeim annmörkum, sem voru á málatilbúnaði hans í upphafi, hvað málavexti snertir. Á hitt er að líta, að málatilbúnaður stefnanda í upphafi er brýnt brot á ákvæðum 88. gr. og 105. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, með því að engin skýr grein er gerð fyrir málavöxtum, málsástæðna og lagaraka þeirra, sem stefnandi vill bera fyrir sig, að engu getið og stefndu því óhægt um vik með varnir. Þykir stefnandi ekki gegn eindregnum andmælum gagnaðila síns hafa komið málinu í það horf, að komist verði hjá því að vísa því frá dómi, og verður því krafa stefndu um frávísun þess tekin til greina.

Málskostnaður ákveðst 45.000 krónur, þ.m.t. virðisaukaskattur.

Allan Vagn Magnússon borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi. Stefnandi, Den Köbenhavnske Bank A/S, greiði stefndu, Kristínu Gunnarsdóttur, 45.000 krónur í málskostnað.

Föstudaginn 15. júní 1990.

Nr. 234/1990. **Ákæruvaldið**
gegn
Steingrími Njálssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald, 5. tl. 1. mgr. 67. gr. l. nr. 74/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 11. júní sl., sem barst Hæstarétti 13. sama mánaðar. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með skírskotun til brotaferils ákærða og framlagðra gagna ber samkvæmt 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 11. júní 1990.

Ár 1990, mánudaginn 11. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Ríkissaksóknari hefur krafist þess, að dómfellda, Steingrími Njálssyni, kt. 210442-3679, verði gert að sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi frá lokum fyrra gæsluvarðhalds kl. 13.00 í dag, þar til fullnaðardómur gengur í máli hans, en þó eigi lengur en til mánudagsins 3. desember nk. kl. 16.00.

Af hálfu dómfellda er kröfunni mótmælt.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum kl. 13.00 í dag, var dómfelldi, Steingrímur Njálsson, dæmdur í 18 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og 45. gr. laga nr. 53, 1966, um vernd barna og ungmenna. Jafnframt skal dómfelldi að refsivist lokinni sæta sérstakri gæslu samkvæmt 66. gr. og 67. gr. almennra hegningarlaga.

Við dómsuppsögu lýsti dómfelldi því yfir, að hann óskaði eftir að áfrýja dóminum til Hæstaréttar Íslands.

Dómfelldi hefur sætt gæsluvarðhaldi vegna þessa máls frá 17. febrúar sl., en ákæra í því var gefin út hinn 2. apríl sl.

Í dóminum er brotaferill dómfellda ítarlega rakinn, en þar kemur m.a. fram, að hann hefur framið brot af kynferðislegum toga gagnvart 14 drengjum.

Með vísan til forsendna dómsins, sem kveðinn var upp yfir dómfellda í dag, og skírskotun til 5. og 6. tl. 67. gr. laga nr. 74, 1974, þykir rétt, eins og hér stendur sérstaklega á, að dómfelldi skuli sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi, eins og krafist er og nánar greinir í úrskurðarorði.

Úrskurðarorð:

Dómfelldi, Steingrímur Njálsson, kt. 210442-3679, skal sæta áfram gæsluvarðhaldi, þar til fullnaðardómur hefur gengið í máli hans, en þó eigi lengur en til mánudagsins 3. desember nk. kl. 16.00.

Mánudaginn 18. júní 1990.

Nr. 219/1989. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Bárði Arnari Sveinbjörnssyni
(Páll Arnór Pálsson hrl.) **og**
Ingvari Finni Valdimarssyni
(Sigurður H. Guðjónsson hrl.).

Flugumferð. 2. mgr. 168. gr. l. nr. 19/1940. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. maí 1989 að ósk ákærðu, en einnig af ákæruvaldsins hálfu „til sakfellingar samkvæmt ákæru, þyngingar á refsingu og sviptingar flugumferðarstjóraréttinda".

Dómkröfur ákæruvalds eru þær, að „hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að því er varðar sakfellingu og greiðslu sakarkostnaðar, en að ákærðu verði ákvörðuð refsing og þeir dæmdir til greiðslu áfrýjunarkostnaðar málsins, þ.m.t. saksóknarlaun til ríkissjóð". Fallið er frá kröfu um, að ákærðu verði sviptir flugumferðarstjóraréttindum.

Við málflutning fyrir Hæstarétti hefur af hálfu ákæruvalds verið fallið frá ákæru fyrir brot gegn 1. mgr. 168. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en krafist er staðfestingar á niðurstöðu héraðsdóms um brot gegn 2. mgr., sbr. 1. mgr. sömu greinar. Krafist er sakfellingar fyrir brot gegn 141. gr. almennra hegningarlaga. Hins vegar er fallið frá ákæru fyrir brot gegn 1. mgr. 163. gr. laga um loftferðir nr. 34/1964 og reglum þeim, sem tilgreindar eru í ákæruskjali.

Af hálfu beggja ákærðu eru þær kröfur gerðar aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum ákæruvaldsins, til vara, að þeim verði engin refsing dæmd, og til þrautavara, að þeir hljóti vægustu refsingu, er lög leyfa.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann, þó þannig að skilorðstími ákveðst tvö ár frá uppsögu dóms þessa.

Dæma ber ákærðu til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar málsins svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákvörðun refsingar ákærðu, Bárðar Arnars Sveinbjörnssonar og Ingvars Finns Valdimarssonar, skal fresta, og fellur refsing niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu dóms þessa að telja, enda haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærðu, Bárður Arnar Sveinbjörnsson og Ingvar Finnur Valdimarsson, greiði, hvor um sig, skipuðum verjendum sínum fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmönnunum Páli Arnóri Pálssyni og Sigurði Helga Guðjónssyni, málsvarnarlaun fyrir Hæstarétti, 60.000 krónur til hvors. Annan áfrýjunarkostnað greiði ákærðu óskipt, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 60.000 krónur.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Ljóst er af málsatvikum, sem eru ítarlega rakin í héraðsdómi, að mistök urðu við stjórn flugumferðar í flugstjórnarmiðstöðinni í Reykjavík síðdegis 2. júní 1986, þegar tveimur áætlunarflugvélum, sem komu inn yfir landið úr gagnstæðum áttum, var heimilað að fljúga í sama fluglagi. Samkvæmt skýrslum frá flugstjórum beggja flugvélanna lá við, að árekstur yrði, þegar leiðir þeirra skárust yfir Austurlandi. Eins og á stóð, viku þeir flugvélunum ekki á braut sinni, og ekki er ljóst, hvort svo hefði farið, ef þeir hefðu séð hvor til annars, fyrr en raun varð á. Þrátt fyrir þetta og annan vafa um nálægð flugvélanna verður að fallast á, að árekstrarhætta hafi verið fyrir hendi og atvikið falið í sér brot á reglum um aðskilnað loftfara í flugi.

Vegna þessara mistaka hefur refsimál verið höfðað gegn þeim tveimur flugumferðarstjórum, sem þá voru á vakt í flugturninum í Reykjavík og stjórnuðu flugumferð í viðkomandi fluglagi, hvor á sínu svæði, þ.e. ákærði Ingvar Finnur Valdimarsson í úthafsdeild og ákærði Bárður Arnar Sveinbjörnsson í innanlandsdeild. Í héraðsdómi er ítarlega rakið eftir fáanlegum upplýsingum, hvernig staðið var að afgreiðslu loftfaranna tveggja af hálfu ákærðu og nemanda í flugumferðarstjórn, sem var í umsjón ákærða Ingvars Finns.

Í ákæru málsins eru flugumferðarstjórarnir saksóttir fyrir brot gegn 1. mgr. 168. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, er fjallar um röskun öryggis í rekstri loftfara og annarra farartækja eða umferðaröryggis á alfaraleiðum, sem slys verður þó ekki af, og gegn 141. gr. sömu laga, er fjallar um vanrækslu eða hirðuleysi í opinberu starfi, sem þurfa að vera stórfelld eða ítrekuð til að teljast refsiverð. Jafnframt voru þeir ákærðir fyrir brot gegn 1. mgr. 163. gr. loftferðalaga nr. 34/1964, er leggur refsingu við brotum á reglum, sem flugmálaráðherra hefur sett til að afstýra árekstri milli loftfara eða öðrum flugslysum eða annars til að tryggja fólk gegn hættum og trafala af loftferðum. Í því sambandi voru ákærðu taldir brotlegir við ýmsar innlendar og alþjóðlegar reglur um flugumferð og umferðarstjórn, sem tilfærðar voru með vísan til auglýsingar nr. 45/1947 um staðfestingu flugsamninga og reglugerðar nr. 415/1947 um setningu flugreglna.

Í héraðsdómi voru ákærðu sýknaðir af þeim þætti ákærunnar, er laut að 163. gr. loftferðalaga og hinum tilfærðu flugumferðarreglum, meðal annars vegna efasemda um gildi reglnanna sem refsiheimilda og vegna óljósrar eða rangrar tilgreiningar þeirra. Ástæður héraðsdóms fyrir þessari málsafgreiðslu eru ekki sannfærandi að öllu leyti, og liggur nærri að líta á hana sem eina afleiðingu þess, að málið var ekki sótt af hálfu ákæruvaldsins með munnlegum flutningi í héraði. Enda þótt ákæran væri vandlega undirbúin, var ærin ástæða til þeirrar sóknar, þegar litið er til ákvæða b-liðar 2. tl. 130. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, þar sem málið snýst um ætlað brot í opinberu starfi og varðar mikilvæga hagsmuni almennings, auk þess að vera sérstætt á marga lund. Er það alvarlegur galli á meðferð málsins, að hún skyldi undir höfuð

leggjast, en varðar þó ekki frávísun þess, eins og hér stendur á gagnvart ákærðu.

Í stað þess að fylgja eftir þessum þætti ákærunnar hefur ákæruvaldið tekið þann kost fyrir Hæstarétti að falla frá saksókn fyrir brot gegn umræddum reglum um flugumferð. Samkvæmt því byggir ákæruvaldið saksóknina ekki lengur á neinum ákvæðum loftferðalaga eða þeirra efnisreglna, sem giltu um störf ákærðu, og var málið ekki reifað með hliðsjón af þeim við flutning fyrir Hæstarétti.

Í málinu stendur þá eftir ákæra um brot gegn 168. gr. og 141. gr. almennra hegningarlaga. Í héraðsdómi var hið meinta brot gegn fyrrnefndu greininni heimfært til 2. mgr. hennar, þ.e. sem gáleysisbrot. Var sú heimfærsla í samræmi við verknaðarlýsingu ákærunnar og ekki athugaverð frá réttarfarssjónarmiði. Hins vegar var sýknað af broti gegn síðarnefndu greininni.

Eins og málið liggur fyrir, er ég samþykkur niðurstöðu héraðsdóms og meirihluta dómenda í Hæstarétti, að ekki sé grundvöllur til að sakfella ákærðu fyrir brot gegn 141. gr. almennra hegingarlaga. Má þar meðal annars líta til þess, að starfsreglum og skipulagi sjálfrar flugumferðarstjórnarinnar var ábótavant að sumu leyti og starfshættir og vinnubrögð við flugumferðarstjórnina ekki eins stöðluð og öguð og æskilegt var. Er hið síðastnefnda talið ein meginorsök hins umdeilda flugumferðaratviks í ítarlegri skýrslu flugslysanefndar. Meðal þessara skipulagsatriða ber að nefna það, að umferðarstjórn á hættusvæðinu í máli þessu var að hluta byggð á samvinnu milli tveggja deilda flugumferðarstjórnarinnar. Sú tilhögun mun vera óvenjuleg, og hefur henni verið breytt, eftir að atvikið gerðist. Í henni felst hætta á misskilningi, sem einmitt kom fram í þetta sinn.

Á hinn bóginn er ég því ósamþykkur, að ástæða sé til að sakfella ákærðu fyrir brot gegn 168. gr. almennra hegningarlaga einni sér. Til að ákæra fyrir gáleysisbrot gegn því ákvæði fái staðist gagnvart aðilum, sem sjálfir eru þátttakendur í umferðinni eða í umferðarstjórn, þarf verknaður sá, sem kærður er, að vera alvarlegs eðlis og fela í sér veruleg og eindregin afbrigði frá þeim starfsháttum og starfsreglum, sem þeim ber að fylgja. Þegar litið er til starfsaðstöðu hinna ákærðu og til þess, hvernig saksókn í málinu er háttað, ásamt

niðurstöðu um aðra þætti ákærunnar, er það skoðun mín, að ákæruvaldinu hafi ekki tekist sönnun um refsivert brot ákærðu á þessari lagagrein. Samkvæmt því tel ég, að sýkna beri ákærðu af öllum kröfum í málinu og að kostnaður af málinu eigi að greiðast úr ríkissjóði.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 5. maí 1989.

Ár 1989, föstudaginn 5. maí, var á dómþingi sakadóms, sem háð var að Borgartúni 7 í Reykjavík af Ármanni Kristinssyni sakadómara, Sigurði Líndal prófessor og Skarphéðni Bjarnasyni, fv. flugumferðarstjóra, kveðinn upp dómur í máli nr. 229-230/1989: Ákæruvaldið gegn Bárði Arnari Sveinbjörnssyni og Ingvari Finni Valdimarssyni, sem tekið var til dóms 13. mars síðastliðinn.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 2. apríl 1987, gegn ákærða „Bárði Arnari Sveinbjörnssyni flugumferðarstjóra, Blómvangi 2, Hafnarfirði, fæddum 2. júlí 1958 í Reykjavík, og Ingvari Finni Valdimarssyni flugumferðarstjóra, Langholtsvegi 114 A, Reykjavík, fæddum 19. ágúst 1942 þar í borg, fyrir að hafa, síðdegis mánudaginn 2. júní 1986, er ákærðu unnu við flugumferðarstjórn í Flugturninum í Reykjavík, ákærði Ingvar Finnur við stjórn flugumferðar í fluglagi 330 í úthafsdeild og ákærði Bárður Arnar við stjórn flugumferðar í fluglagi 330 í innanlandsdeild, eigi sýnt nægjanlega árvekni og aðgæslu við flugumferðarstjórn, er flugvélunum G-BDXE, BOEING B-747 frá British Airways, með kallnúmerið BA-85, sem var á leið frá London áleiðis til Seattle með 375 farþega innanborðs, og LN-MOF, DOUGLAS DC-8 frá SAS-flugfélaginu, með kallnúmerið SK-292, sem var á leið frá Syðra-Straumfirði til Kaupmannahafnar með 186 farþega innanborðs, var flogið í venjubundnu áætlunarflugi um flugstjórnarsvæði þeirra í fluglagi 330, hinni fyrrnefndu inn yfir austurhluta Íslands með stefnu í norðvestur, en hinni síðarnefndu yfir norðurhluta Íslands í austurátt, með þeim afleiðingum, að leiðir flugvélanna skárust í lofti um kl. 16.46 nálægt Egilsstöðum, um það bil á stað 6453 N og 1405 V, svo að mjög litlu munaði, að flugvélarnar rækjust saman og grönduðu hvor annarri.

Ákærðu, hvorum um sig, er gefið að sök:

1. Ákærða Ingvari Finni að hafa eigi athugað, hvort leiðir flugvélanna skærust, er Haraldur Steinar Rúriksson, nemandi ákærða í flugumsjón, með samþykki ákærða heimilaði farþegaflugvélinni BA-85 hækkað flug úr fluglagi 310 upp í fluglag 330 um kl. 16.30, sem leiddi til þess um 16 mínútum síðar, að leiðir flugvélanna skárust í lofti, svo sem áður greinir.

2. Ákærða Bárði Arnari að hafa, er ákærði, eftir fyrirspurn frá fyrr-

greindum nema, samþykkti hækkað fluglag fyrir flugvélina BA-85, eigi sýnt nægjanlega árvekni og aðgæslu við flugumferðarstjórn á flugumsjónarsvæði sínu, þannig að honum yfirsást sú mikla árekstrarhætta, sem flugvélarnar voru í, er þær flugu um flugumsjónarsvæði hans.

Telst atferli ákærðu varða við 1. mgr. 168. gr. og 141. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og 1. mgr. 163. gr. laga um loftferðir nr. 34, 1964, sbr. greinar 2.2 og 3.3 í Annex 11, Air traffic services, greinar 1.1, 1.2, 1.4, 3.1 og 8.2.1.2 í III. kafla í ICAO Doc 4444-RAC, Rules of the air and air traffic services, og greinar 7.4.1 og 7.4.2 í viðbótarreglum við þær, ICAO Doc 7030, og starfsreglur flugmálastjórnar, nr. 2.5.3 frá 1. september 1985, Application of horizontal separation procedures, greinar 1.1-1.3 og 2, nr. 2.5.3.B frá 1. september 1985, Practical application of criteria for seperation of aircraft in the NAT region, nr. 2.7.1 frá 1. október 1982, ATC Coordination, greinar 1, 1.3.1 og 1.3.3 og nr. 3.3.3 frá 5. september 1978, nokkur atriði varðandi skyldur starfsmanna, greinar 1, 3 og 4, sbr. 28. og 37. gr. samþykktar um alþjóðaflugmál, sbr. auglýsingu nr. 45, 1947, um staðfestingu flugsamninga og reglugerð um setningu flugreglna nr. 415, 1978.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til sviptingar flugumferðarstjóraréttinda samkvæmt 184. gr. laga um loftferðir, sbr. 68. gr. almennra hegningarlaga, og til greiðslu sakarkostnaðar".

Samkvæmt sakavottorðum ákærðu hafa þeir hvorugur sætt refsingum, sem áhrif gætu haft á refsimat í máli þessu.

I.

Málavextir eru þessir:

Þann 2. júní 1986 var flugvél frá Skandinavíska flugfélaginu SAS á leið frá Syðra-Straumfirði á Grænlandi til Kaupmannahafnar um íslenska flugstjórnarsvæðið í fluglagi 330, sem merkir, að hún hefur flogið í 33000 feta hæð.

Á sama tíma var flugvél frá breska flugfélaginu British Airways á leið frá Lundúnum til borgarinnar Seattle á vesturströnd Bandaríkjanna um íslenska flugstjórnarsvæðið í fluglagi 310 (31000 feta hæð). Þegar breska flugvélin nálgaðist suðausturströnd Íslands, fékk hún heimild til hækkunar í fluglag 330. Nokkru síðar skárust leiðir þeirra í sama fluglagi, og töldu stjórnendur flugvélanna, að hætta hefði verið á árekstri.

Flugvélin frá SAS var af gerðinni Douglas DC 8, flugnúmer var SK 292, skrásetningarmerki LN-MOF, og í henni voru 186 farþegar.

Flugvélin frá British Airways var af gerðinni Boeing 747, flugnúmer var BA-85, skrásetningarmerki var G-BDXE, og í henni voru 375 farþegar.

Verða flugvélarnar hér á eftir auðkenndar með framangreindum flugnúmerum.

Áður en þeir atburðir, sem ollu árekstrarhættunni, verða nánar raktir, þykir rétt að lýsa aðstæðum við flugumferðarstjórn og þeim stofnunum, sem helst koma við sögu.

Innanlandsdeild flugstjórnarmiðstöðvarinnar í Reykjavík (ACC/HIGH) sér um stjórn efra hluta loftrýmis yfir Íslandi yfir fluglagi 195 (19500 feta hæð), og er hlutverk hennar að stjórna flugumferð í þessu rými innan nánar skilgreinds svæðis í kringum landið í samræmi við starfsreglur. Flugumferð um loftrýmið lýtur stjórn innanlandsdeildarinnar, meðan hún er innan þess.

Úthafsdeild flugstjórnarmiðstöðvarinnar í Reykjavík (OAC) stjórnar flugumferð í loftrými umhverfis það loftrými, sem lýtur stjórn innanlandsdeildar. Er öll flugumferð þar undir stjórn úthafsdeildarinnar (OAC), þó þannig, að úthafsdeildinni ber að hafa samráð við innanlandsdeildina um stjórn flugumferðar, sem kemur nær innanlandsrýminu en 60 sjómílur. Svæðaskipting milli innanlandsdeildar (ACC) og úthafsdeildar (OAC) er sýnd á korti, sem fylgir gögnum málsins.

Fjarskiptastöðin í Gufunesi annast meðal annars radíóviðskipti við flugvélar innan úthafsdeildar (OAC). Engin bein radíófjarskipti voru milli úthafsdeildarinnar (OAC) og flugmanna. Upplýsingar um flug berast með svonefndu MDS-kerfi frá Gufunesi til flugumferðarstjórnar, þar sem þær birtast á tölvuskjá hjá þeirri deild, sem í hlut á hverju sinni, ýmist báðum eða annarri hvorri.

Eins og áður er tekið fram, var flugvélin SK-292 á leið frá Syðra-Straumfirði á Grænlandi til Kaupmannahafnar 2. júní 1986. Frá Grænlandi að vesturmörkum innanlandssvæðisins var flugvélin undir stjórn úthafsdeildar flugstjórnarmiðstöðvarinnar í Reykjavík (OAC), sem hér á eftir verður nefnd úthafsdeildin (OAC). Meðan flugvélin flaug um innanlandssvæðið, var hún undir stjórn innanlandsdeildar flugstjórnarmiðstöðvarinnar í Reykjavík (ACC), sem hér á eftir verður nefnd innanlandsdeildin (ACC). Þegar flugvélin var komin yfir innanlandsrýmið við austurmörk þess, fór hún aftur undir stjórn úthafsdeildarinnar (OAC), allt þangað til hún var afhent norsku flugupplýsingamiðstöðinni og fór út úr íslenska flugstjórnarsvæðinu.

Kl. 15.57 barst beiðni frá SK-292 um hækkun úr fluglagi 290 í fluglag 330, og var flugvélin þá stödd á 67° N og 30° V, sem er milli Vestfjarða og Grænlands. Kl. 16.02 spurðist innanlandsdeildin (ACC) fyrir um það, hvort SK-292 gæti farið í fluglag 370, en því svaraði SK-292 neitandi. Innanlandsdeildin (ACC) veitti síðan kl. 16.10 SK-292 heimild til að hækka sig í fluglag 330, og var flugvélin þá skammt norðvestur af Vestfjörðum. Innanlandsdeildin (ACC) hafði samráð við úthafsdeildina (OAC) um þessa

hækkun, og var hin nýja flughæð SK-292 skráð á flugstjórnarræmur bæði í innanlandsdeild (ACC) og úthafsdeild (OAC). Kl. 16.15 tilkynnti SK-292, að flugvélin væri komin í fluglag 330, og óskaði ekki frekari hækkunar. SK-292 tilkynnti úthafsdeild (OAC) um Gufunes kl. 16.27, að flugvélin hefði verið stödd á 66° N, 20° V kl. 16.26 í fluglagi 330 og áætlaði að vera á 64° N, 10° V kl. 17.01.

Flugvélin BA-85 var á leið frá Lundúnum til Seattle í úthafsflugstjórnarrýminu og laut stjórn úthafsdeildarinnar (OAC). Flugvélin kom inn í innanlandsrýmið (ACC), þegar hún var stödd u.þ.b. á 63°45'N og 12°20'V. Kl. 16.26 barst beiðni frá BA-85 um hækkun úr fluglagi 310 í fluglag 330. Úthafsdeild (OAC) tilkynnti innanlandsdeild (ACC) með símtali kl. 16.30, að BA-85 yrði heimiluð sú hækkun, og innanlandsdeild svaraði „OK". Úr úthafsdeild (OAC) var svo þegar í stað hringt í Gufunes og heimild veitt til, að BA-85 hækkaði flugið úr fluglagi 310 í fluglag 330. Þá átti BA-85 um 22 sjómílur ófarnar að mörkum innanlandsrýmisins. BA-85 tilkynnti sig svo í fluglagi 330 kl. 16.39 og var þá um 20 sjómílur innan innanlandssvæðisins.

Báðar flugvélarnar, SK-292 og BA-85, voru nú í fluglagi 330, og skárust ferlar þeirra á stað, sem er á 64°58'N og 14°15'V samkvæmt þeim ferlum, sem heimilaðir höfðu verið. Sá staður er utan drægis ratsjár og fjarskiptatækja innanlandsdeildar (ACC).

Kl. 16.47 tilkynnti flugstjóri BA-85, að kl. 16.46 hefði önnur flugvél, SK-292, orðið á vegi sínum í sama — 28 (sic) fluglagi á gagnstæðri stefnu. Áætlaði flugstjórinn, að lágmarksfjarlægð milli flugvélanna, þegar ferlar þeirra skárust, hefði verið 2-300 fet (60-90 metrar) lárétt og hæðarmunur 50 fet (15 metrar). Flugvélarnar hefðu verið mjög nærri (very close) hvor annarri og legið hefði við stórslysi (near disaster).

Kl. 16.52 tilkynnti sami flugstjóri (BA-85) flugumferðaratvik (air miss) í fluglagi 330 á sama stað, 64°53'7" N og 14°10'0" V, og óskaði, að það yrði skráð.

Kl. 17.47 tilkynnti SK-292 einnig um fjarskiptastöðina í Gufunesi flugumferðaratvik (near miss), þar sem legið hefði við árekstri (near collision). Áætlaði flugstjórinn, að fjarlægð milli flugvélanna hefði verið 400-700 metrar lárétt, þegar leiðir þeirra skárust, og hin flugvélin hefði verið aðeins ofar (slightly above). Flugvélarnar hefðu komið mjög nærri hvor annarri (close distance) og legið hefði við árekstri, eins og áður segir. Kl. 17.56 var tilkynnt frá SK-292, að atvikið hefði orðið í fluglagi 330 og staðarákvörðun 64°53'3" N og 13°58'1" V. Stefna flugvélarinnar hafi verið 133°, hraði 480 hnútar, og flogið hafi verið við sjónflugsskilyrði ofar skýjum.

Loftferðaeftirlitinu var tilkynnt um atvikið rétt fyrir kl. 19.00. Rannsóknarnefnd flugmálastjóra, skipuð eftirlitsmanni flugumferðarþjónustu,

deildarstjóra rannsóknadeildar loftferðaeftirlits og framkvæmdastjóra flugumferðarþjónustu, hóf rannsókn þegar í stað að kvöldi 2. júní 1986, og daginn eftir, 3. júní, tók flugslysanefnd rannsókn málsins í sínar hendur að ósk flugmálastjóra. Flugmálastjóri og flugslysanefnd fóru þess síðan á leit við rannsóknarlögreglu ríkisins, að hún annaðist sjálfstæða rannsókn á hugsanlegum brotum á réttarreglum og starfsreglum, sbr. 2. mgr. 145. gr. laga nr. 34/1964 um loftferðir.

Daginn, sem flugumferðaratvikið varð, 2. júní 1986, voru frá hádegi til u.þ.b. kl. 16.30 tveir flugumferðarstjórar að starfi í innanlandsdeild (ACC), þeir ákærði Bárður Arnar Sveinbjörnsson flugumferðarstjóri og Grétar Reynisson flugumferðarstjóri. Að auki var Haraldur Guðmundsson vaktstjóri þeim til aðstoðar hluta af þessum tíma. Flugumferðarstjórarnir skiptu þannig með sér verkum, að ákærði Bárður sá um flugstjórnarræmur og færslur á þeim, en Grétar annaðist ratsjárstjórn og aðra starfrækslu, sem að henni laut.

Um kl. 16.30 hafði svo dregið úr umferð, að Grétar fór frá og kom ekki aftur fyrr en kl. 16.45, um sama leyti eða rétt áður en atvikið gerðist. Ákærði Bárður var einn á meðan, þar sem Haraldur Guðmundsson vaktstjóri hafði farið til að sinna öðrum störfum.

Í úthafsdeild voru þennan dag, 2. júní, eftir hádegi að störfum fimm flugumferðarstjórar. Voru fjórir við störf og í jafnmörgum stöðum (sectors), sem þannig voru tölumerktir: 1, 0, 2 og 3, í röð frá vinstri til hægri. Einn flugumferðarstjóri var til afleysinga. Auk þessara fimm flugumferðarstjóra voru tveir nemar í þjálfun, einn í stöðu 0 og annar í stöðu 2.

Eftir hádegi þennan dag var flugumferðarstjórn hagað sem hér segir:

Staða	1	0	2	3
Fluglag	350	330, 390, 410	310, 370	290 og neðar

Í stöðu 1 sat Þórir Benedikt Haraldsson.

Í stöðu 0 sat Georg Ólafur Tryggvason og neminn Haraldur Steinn Rúriksson.

Í stöðu 2 sat Elías Ragnar Gissurarson.

Í stöðu 3 sat Benedikt Þorvaldsson Gröndal.

Ákærði Ingvar Finnur Valdimarsson leysti um skeið Georg Ólaf Tryggvason af í stöðu 0, svo sem nánar verður greint síðar.

II.

Ákærði Bárður Arnar Sveinbjörnsson kom fyrir rannsóknarnefnd flugmálastjóra að kvöldi 2. júní 1986, síðan fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins 5. s.m. og 7. júlí og loks fyrir dóm 13. september og 12. desember 1988 og gaf skýrslur um atburðinn. Verða þær nú raktar:

Hann kvaðst hafa komið á vakt mánudaginn 2. júní 1986 kl. 07.30 og hafi þá verið settur til starfa í innanlandsdeild (ACC) ásamt Grétari Reynissyni flugumferðarstjóra. Hann kvaðst hafa verið mjög vel fyrirkallaður, þegar hann kom til starfa, umferð verið fremur róleg fyrri hluta dags og þeir Grétar skipst á um að stjórna umferð þeirri, sem var í umsjá þeirra. Um hádegi hafi umferð vaxið, og þá hafi þeir báðir orðið að sitja við tækin og hjálpast að við að stjórna. Hefðu þeir staðið þannig að verki, að hann, Bárður, hafi svarað í síma og tekið á móti öllum skeytum, sem til þeirra bárust, og skráð upplýsingar á ræmur, sem síðan hafi verið settar í stakk (í ákveðna röð á vinnuborði flugumferðarstjóra). Grétar hafi séð um ratsjána og haft talviðskipti við þær flugvélar, sem þeir hafi haft undir stjórn sinni. Mjög annríkt hafi verið um miðjan daginn, og hafi vaktstjórinn, Haraldur Guðmundsson, komið til þeirra, þegar annir voru mestar, og aðstoðað þá. Hafi hann t.d. haft samband við varnarliðið og úthlutað flugvélum á þess vegum svæðum.

Um flugumferðaratvik það, sem er upphaf máls þessa, sagði ákærði, að það fyrsta, sem hann myndi eftir um flug flugvélanna SK-292 og BA-85, væri, að Georg Tryggvason í úthafsdeild (OAC) hefði hringt til sín í innanlandsdeildina (ACC) og beðið sig að kalla SK-292 yfir á bylgjuna til þeirra og athuga, hvort flugvélin kæmist í fluglag 370. Um mjög svipað leyti hefði verið hringt frá úthafsdeildinni (OAC), án þess að hann myndi, hver hringt hefði, og þeir beðnir að athuga, hvort flugvél auðkennd SK-941, sem væri í fluglagi 310, gæti komist í fluglag 350.

Ekki kvaðst ákærði muna, hvort hann hefði hringt í fjarskiptastöðina í Gufunesi til að láta bera skilaboð til SK-292 um að koma yfir á talstöðvarbylgju þeirra eða hvort það hafi verið gert í úthafsdeildinni (OAC). Hitt væri víst, að SK-292 hefði síðan komið í talstöðvarsamband við þá í innanlandsdeildinni (ACC) og þeir spurt flugstjórann, hvort hann gæti notað fluglag 370. Hann hefði svarað, að það gæti hann ekki, flugvélin væri of þung, en hann gæti notað fluglag 330. Þessi viðskipti hefðu farið fram um kl. 16.00.

Þegar þessar upplýsingar hefðu verið komnar frá SK-292, kveðst ákærði hafa hringt í úthafsdeildina (OAC), en ekki myndi hann, við hvern hann hefði þá talað. Hefði hann sagt, að SK-292 treysti sér ekki í fluglag 370, en gæti notað fluglag 330. Ákærða hefði þá verið sagt, að SK-941 væri ekki því til fyrirstöðu, að SK-292 fengi fluglag 330. Á sama tíma hefðu þeir fengið skipun frá úthafsdeild um, að SK-941 ætti að fara í fluglag 350.

Ákærði kveðst muna, að SK-292 hafi farið í fluglag 330. SK-292 hafi sést í ratsjá innanlandsdeildar yfir Vestfjörðum, þegar hún byrjaði að klifra, og hafði þá skömmu áður mætt SK-941. Ákærði kvað sig minna, að SK-292 hafi verið komin í fluglag 330 um kl. 16.17 samkvæmt tilkynn-

ingu flugstjóra og því, sem ratsjáin sýndi. Samhliða þessu segir ákærði, að þeir hafi verið að vinna að tveimur eða þremur öðrum verkefnum á svæði þeirra, þannig að þetta hafi ekki verið eina verkefnið. Þegar eftir að ákærði og samstarfsmaður hans höfðu fengið staðfestingu þess, að SK-292 væri komin í fluglag 330, um kl. 16.17, kveðst ákærði hafa hringt í úthafsdeildina (OAC) og telur sig þá hafa talað við Harald Stein Rúriksson. Hafi hann sagt honum, að SK-292 væri komin í fluglag 330. Á sama tíma hafi hann tilkynnt úthafsdeildinni (OAC), að SK-941 væri einnig komin í fluglag 350.

Þegar eftir að SK-292 hafi verið komin í fluglag 330, segir ákærði, að þeir hafi tilkynnt flugstjóra, að hann ætti að skipta yfir til fjarskiptastöðvarinnar í Gufunesi. Síðan hefðu þeir séð í ratsjánni, þegar SK-292 fór yfir 66° N 20° V kl. 16.26, og hafi Grétar fært töluna 26 inn á ræmu flugvélarinnar. Ekki kvaðst ákærði hafa haft samband við úthafsdeildina til þess að láta hana vita af því, hvenær SK-292 fór yfir 66° N 20° V, vegna þess að þeir fengju skeyti um það frá flugvélinni um fjarskiptastöðina í Gufunesi.

Nokkru áður en þetta gerðist, sem nú hefur verið rakið, segir ákærði, að þeir hafi fengið tilkynningu um flugvélina BA-85 og hún hafi þá verið í fluglagi 310. Um kl. 16.30 hafi verið hringt úr úthafsdeildinni (OAC) til innanlandsdeildarinnar (ACC) og tilkynnt, að BA-85 færi í fluglag 330. Þeir hafi ekki verið beðnir að setja flugvélina upp, og ekki hafi verið nefnt, hvenær þetta ætti að gerast. Síðan sagði ákærði þetta: „Þar sem ég hafði það mikið að gera vegna aðkallandi verkefna, sem þörfnuðust úrlausnar strax, var þetta mál ekki númer 1 í forgangsröðinni. Ég leiddi því hugann ekkert frekar að þessu á því augnabliki og treysti flugumferðarstjóranum, Ingvari Valdimarssyni, sem var að vinna á móti mér, til þess að ganga frá þessu. Hann hefur allar þær sömu upplýsingar og ég um flugumferð, sem er yfir Íslandi eða í íslenska flugstjórnarsvæðinu, og á ég þar við yfirflug, þar sem flugvélar fara úr hans svæði og inn í mitt og síðan aftur inn í hans svæði.“

Ákærði tók sérstaklega fram, að til þess að flugvél væri formlega undir sinni stjórn, yrði hann að kalla hana yfir á talstöðvarbylgju innanlandsdeildar, sem væri 125,7 vhf. Síðan yrði hann að láta stjórnendur flugvélar stilla inn á radíó- og fjölstefnuvita, svo að hann gæti beitt þeim aðskilnaðarreglum, sem unnið væri eftir. Þetta hefði þurft að gera við báðar flugvélarnar, SK-292 og BA-85, annars hefðu úthafsaðskilnaðarreglur gilt, en framkvæmd þeirra væri algerlega í höndum þeirra manna, sem störfuðu í úthafsdeildinni (OAC), og kæmu sér ekki beint við.

Næst hefði það gerst, að Haraldur Guðmundsson vaktstjóri hefði komið til sín og Grétars og sagt honum, að orðið hefði flugumferðaratvik („air

miss") við austanvert landið. Þeir hafi þá farið að athuga ræmur flugvélanna, sem hefðu verið í stakk hjá þeim, og þá séð, hvað gerst hafði. Þeir hefðu ekki tekið eftir þessu, fyrr en vaktstjórinn hefði sagt þeim frá atvikinu.

Ákærði tók fram, að þeim hafi orðið ljóst, þegar þeir skoðuðu málið, að BA-85 hafi verið skráð á ræmuna í tveimur fluglögum, 310 og 330. Hann hefði ekki fengið vitneskju um, að flugvélin væri farin úr fluglagi 310, en ef hann hefði fengið slíkar upplýsingar, þá hefði hann sett strik yfir töluna 310 og ör upp á við, sem táknaði, að flugvélin væri að klifra. Þegar svo upplýsingarnar hefðu borist um, að flugvélin væri komin í þá hæð, sem henni væri ætluð, hefði hann sett strik í örina og þá vitað, í hvaða fluglagi hún væri. Ræman fyrir BA-85 bæri þetta ekki með sér, þar sem hann hefði ekki fengið aðrar upplýsingar en þær, að hún ætti að fara í fluglag 330, enda hefði flugvélin ekki verið undir sinni stjórn.

Ákærði staðfesti þessa skýrslu fyrir sakadómi 13. september 1988 og tók fram, að honum hafi verið kunnugt um flug SK-292 í fluglagi 330 í austur eða suðausturátt á leið frá Syðra-Straumfirði til Kaupmannahafnar. Hann hafi síðar fengið tilkynningu um það frá úthafsdeild (OAC), að flugvélin BA-85 hefði verið færð upp í sama fluglag, en hún hafi verið á leið frá Lundúnum til Seattle. Ákærði kvaðst engum athugasemdum hafa hreyft við tilkynningunni, en hana hefði hann fengið frá Haraldi Steini Rúriksyni, nema í flugumferðarstjórn. Á þessum tíma hefðu verið miklar annir í deild hans og hann verið einn á vakt og þurft að sinna mörgu. Staðurinn, sem leiðir flugvélanna hafi skorist, hafi ekki sést í ratsjá, þar sem hann væri utan sviðs ratsjárinnar. Ekki vildi ákærði efast um, að skýrslur flugstjóranna um nálægð flugvélanna væru réttar.

Ákærði tók fram, að hann hefði fengið um það afdráttarlausa tilkynningu frá úthafsdeild (OAC), að BA-85 færi í fluglag 330, og hefði hann treyst því, að meðákærði, Ingvar Valdimarsson, hefði gengið úr skugga um, að slíkt væri hættulaust, en sjálfur hefði hann vegna vinnuálags ekki komist til að sannreyna, að svo væri, með því að fara í gegnum stakk sinn. Ákærði Bárður kom aftur fyrir sakadóm 12. desember 1988. Sagðist hann aðspurður hafa farið eftir skráðum reglum, þegar umrætt atvik varð. Hann hafi fengið flugvélina SK-292 til fyrirgreiðslu um breytingu á flughæð, innanlandsdeild (ACC) hafi úthlutað nýrri flughæð og flugvélin síðan verið afhent úthafsdeild (OAC). Ákærði kveðst líta svo á, að innanlandsdeild (ACC) sé þjónustuaðili við úthafsdeild (OAC), þegar um yfirflug sé að ræða, og þess vegna talið, þegar hann fékk tilkynningu um flugvélina BA-85, að hún yrði áfram undir stjórn úthafsdeildarinnar (OAC). Hann hafi einungis fengið tilkynningu um flugvélina, en ekki hafi verið leitað eftir samþykki hans um breytingu á flughæð. Hann fullyrti, að hvergi í

heiminum sé skipulagi þannig háttað, að tvær deildir annist stjórn flugumferðar á sama tíma, enda geti slíkt valdið hættu á misskilningi.

Ákærði var spurður að því, hvort hann hefði átt þess kost að athuga á skömmum tíma, hvort leiðir flugvélanna skærust á sama tíma. Hann svaraði á þá leið, að eins og vinnulagi hafi verið háttað á þessum tíma, hefði það tekið mun lengri tíma en nú, vegna þess að nú sé farið að raða flugvélum eftir flughæð í stað þess að miða við tíma. Um fjarskipti tók ákærði fram, að þeim sé þannig háttað, að hann sé með heyrnartæki á höfði, sem sé í beinum tengslum við úthafsdeild. Geti hún komið beint og viðvörunarlaust til hans upplýsingum; samtal við úthafsdeild geti þannig komið inn á samtal hans við aðra. Hann tók fram, að sú flugvél, sem á í hlut hverju sinni, sé afhent innanlandsdeild til leiðsagnar, ef ætlunin sé að breyta flughæð tiltekinnar vélar á innanlandssvæði, ef ekki sé nægur úthafsaðskilnaður fyrir hendi.

Grétar Reynisson flugumferðarstjóri, samstarfsmaður ákærða Bárðar Sveinbjörnssonar, gaf rannsóknarnefnd flugslysa skýrslu 3. júní 1986 og kom síðan til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 6. júní 1986.

Hann skýrði svo frá, að mánudaginn 2. júní 1986 hefði hann byrjað á vakt kl. 07.30 og verið settur til starfa í innanlandsdeild (ACC) ásamt ákærða Bárði. Hann kvaðst hafa verið vel fyrirkallaður, þegar hann kom á vaktina. Eftir hádegi hafi umferð verið orðin mikil og þeir báðir við vinnu. Sjálfur hafi hann verið við ratsjána, en Bárður við ræmurnar, og þannig hafi verkaskiptingu verið háttað þar til kl. 16.30, en þá hafi heldur dregið úr umferð. Um það leyti hafi hann farið í kaffi og Bárður verið einn eftir.

Um aðdraganda að flugumferðaratviki því, sem mál þetta er risið af, kvaðst Grétar muna eftir því sérstaklega, að um kl. 16.05 hafi komið beiðni frá úthafsdeildinni (OAC) um að hækka SK-292 úr fluglagi 290 í fluglag 370. Ástæðan fyrir þessu hafi verið umferð á móti, flugvél með flugnúmerinu SK-941. Hann kvaðst hafa fengið SK-292 yfir á talstöðvarbylgju innanlandsdeildar (ACC) og boðið flugstjóra að fara í fluglag 370, en hann hafi ekki getað farið í þá hæð. Þessum boðum kvaðst Grétar hafa komið til úthafsdeildar (OAC), og flugstjóra SK-292 hafi þá verið boðið að fara í fluglag 330 og hann samþykkt það. Grétar kvað sig minna, að hann hefði talað við Georg Ólaf í úthafsdeild (OAC), þegar SK-292 var boðið fluglag 330. Um kl. 16.15 hafi flugstjóri SK-292 síðan tilkynnt þeim, að hann væri kominn í þá hæð. Kvaðst Grétar þá hafa beðið hann að skipta yfir til Gufuness, og sama hafi hann beðið SK-941 að gera. Ekki kvaðst Grétar muna eftir því, þegar SK-292 fór yfir 66° N 20° V, og ekki, hvort hann hafi þá skráð þann tíma.

Grétar tók fram, að BA-85 hafi verið í ræmustakk þeirra Bárðar í flug-

lagi 310, en hún hafi ekki verið í neinu sambandi við þá. Fljótlega eftir þetta kvaðst Grétar hafa farið í kaffi, eins og fyrr segir, enda farið að draga úr umferð og ræmur fáar yfir flug, sem væntanlegt var. Engin vandamál hafi verið í umferðinni, en smá-juð með umferð á lima-ferlinum, en því hafi verið lokið, áður en hann fór í kaffi. Grétar tók sérstaklega fram, að hann hafi aldrei haft neina vitneskju um, að BA-85 hefði hækkað sig úr fluglagi 310, það hafi gerst, eftir að hann hafi verið farinn í kaffi.

Haraldur Ársæll Guðmundsson, sem var þeim ákærða Bárði og Grétari til aðstoðar, gaf rannsóknarlögreglu ríkisins skýrslu 5. júní 1986, en hafði skýrt rannsóknarnefnd flugslysa frá atvikum þann 3. júní.

Hann kvaðst hafa komið á vakt mánudaginn 2. júní 1986 kl. 07.30 og þá sem vaktstjóri, verið vel fyrirkallaður og byrjað á því að skipa flugumferðarstjórum niður til starfa. Þegar því var lokið, hafi hann athugað væntanlega umferð og ástand tækja, síðan verið til taks til aðstoðar öðrum flugumferðarstjórum á vaktinni, ef annir yrðu miklar.

Framan af hafi dagurinn gengið venjulega fyrir sig (sic), en umferð farið að þyngjast um hádegi og ljóst, að miklar annir yrðu eftir hádegið. Auk venjulegs farþegaflugs vestur um haf þennan dag hafi bandarískri flugherinn fengið úthlutað færanlegu loftrými, en hann hafi verið að senda tólf orustuþotur og tvær eldsneytisflugvélar til Noregs; þessar flugvélar hafi notað fluglögin 270, 280 og 290.

Umferðin hafi verið í hámarki frá kl. 13.30 til u.þ.b. kl. 17.00, en þá hafi farið að draga úr henni. Fljótlega eftir hádegið hafi hann farið að aðstoða flugumferðarstjórana í innanlandsdeildinni (ACC), þar sem honum hafi virst vera mest þörf fyrir sig. Hann hafi verið þar að mestu fram til kl. 17.00, en þó þurft að fara frá til að sinna öðrum verkefnum þess á milli. Hann hafi eingöngu aðstoðað með því að taka þau símtöl, sem hinir starfsmennirnir önnuðu ekki, og hafi aðallega verið fyrirspurnir frá ratsjárstöðinni við Sandgerði (H-1) um ferðir flugvéla. Jafnframt því að svara í síma hafi hann fylgst með Grétari Reynissyni, sem var við ratsjána, og hafi hann unnið starf sitt með prýði. Hann kvaðst muna eftir því, þegar SK-292 fékk heimild til þess að fara í fluglag 330, en þá hafi hann séð hana í ratsjánni og hún þá verið norðvestur af Vestfjörðum.

Síðan hafi hann verið að sinna öðrum verkefnum, m.a. rætt við Guðna Ólafsson yfirflugumferðarstjóra um störf á næturvakt, hvað til bragðs skyldi taka, ef flugumferðarstjórar, sem hefðu verið veikir nóttina áður, tilkynntu áframhaldandi veikindi. Hefði samtali þeirra lokið með því, að hann léti Guðna vita, ef mennirnir kæmu ekki. Þegar Guðni hafi verið farinn heim, hafi hann setið við skrifborð sitt við pappírsvinnu, en Ingvar Valdimarsson þá komið og tilkynnt sér um flugumferðaratvik („air miss“)

og lagt skeyti á borðið hjá sér. Hann hafi síðan gert þær ráðstafanir, sem hann taldi nauðsynlegar, en þarflaust er að rekja hér.

Ákærði Ingvar Finnur Valdimarsson flugumferðarstjóri gaf rannsóknarlögreglu ríkisins skýrslu 4. og 18. júní 1986, en hafði greint rannsóknarnefnd flugmálastjórnar frá atvikum 2. júní 1986.

Mánudaginn 2. júní hefði hann byrjað á vakt klukkan 07.30 og verið settur til starfa í úthafsdeild (OAC) ásamt fjórum öðrum flugumferðarstjórum og tveimur nemum. Hann hafi verið mjög vel fyrirkallaður, þegar hann kom til starfa. Dagurinn hafi liðið ósköp venjulega, fremur lítil flugumferð verið fyrst um morguninn, en síðan farið vaxandi og náð hámarki um miðjan daginn.

Kl. rúmlega 16.00, á bilinu 16.05 til 16.10, hafi hann leyst Georg Ólaf Tryggvason af í stöðu 0. Hann hafi tekið við stakknum af Georg og nemanda, sem hann var með, en sá var Haraldur Steinn Rúriksson. Þegar hann hafi tekið við stakknum, hafi Georg Ólafur gert sér grein fyrir umferðinni, en þeir, sem voru í stöðu 0, hafi annast stjórn umferðar í fluglögum 330, 390 og þar fyrir ofan. Fremur lítil umferð hafi verið í stakknum, þegar hann tók við. Neminn, Haraldur Steinn, hafi setið til hliðar við sig og hann fylgst með honum. Eftir nokkra stund hafi komið beiðni frá BA-85 um að fá fluglag 330. Haraldur Steinn hafi farið yfir umferðina í stakknum og gert eins og hann hafi kennt honum, þ.e. að bera saman [við fluglag 330] ræmu hverrar einustu flugvélar, sem í stakknum var. Hann hafi fylgst með og neminn spurt sig, hvort hann mætti veita þessari flugvél heimild til að hækka flugið. Hann hafi gefið honum leyfi til þess, þar sem ekkert var til fyrirstöðu, að flugvélin fengi heimild til hækkunar. Einhverjum mínútum seinna hafi neminn hnippt í sig og þá verið með í höndunum ræmu, þar sem SK-292 var skráð. Á ræmunni hafi staðið með svörtu 290 og með rauðu 370, sem merkti, að ætlunin hafi verið að heimila henni fluglag 370. Neminn hafi spurt sig, hvort hann mætti skrifa 330 ofan í rauðu töluna 370. Hann hafi þá skýrt út fyrir nemanum, að ekki væri gert ráð fyrir því, að skrifað væri ofan í, en þar sem lítið rými hafi verið fyrir neðan tölustafinn 370, hafi hann leyft nemanum að skrifa ofan í rauðu stafina töluna 330. Meðan hann hafi verið að segja honum til um þessa hluti, hafi komið skeyti í tölvuna frá BA-85, sem neminn hafi kallað fram og sagt við sig um leið: „Hvað gerum við í svona tilfellum?" Hafi hann þá litið á skeytið og séð, að flugstjórinn vildi tilkynna flugumferðaratvik („air miss").

Hann hafi nú litið á skeytið og síðan sagt við nemandann, að ekki væri um annað að ræða en prenta skeytið út, en síðan hafi hann afhent það vaktstjóra, Haraldi Guðmundssyni, og að því loknu haldið áfram að vinna við umferðarstjórn í sínum stakki. Haraldur hafi gert ráðstafanir, sem nauðsynlegar hefðu verið við þessar aðstæður.

Til frekari skýringar vildi ákærði Ingvar taka fram, að rétt áður en hann tók við, hafi SK-292 farið úr stakknum í fluglagi 290 til athugunar í fluglagi 370, vegna þess að allajafna biðji þessar flugvélar um þá hæð. Í ljós hafi komið, að ekkert var því til fyrirstöðu, að flugvélin færi í fluglag 370, og þess vegna hafi hann skrifað á ræmuna 370 með rauðu. Elías, sem verið hafi með þann stakk, hafi hringt í innanlandsdeildina (ACC) og beðið um, að SK-292 yrði sett upp á ratsjána. Sjálfur kvaðst ákærði Ingvar ekki hafa haft hugmynd um þessa flugvél fyrr en eftir flugumferðaratvikið, því að hún hafi aldrei komið í sinn stakk fyrr en í sama mund eða eftir flugumferðaratvikið.

Skömmu síðar hafi hann verið leystur af og sér sagt að taka saman gögn þau, sem málinu fylgdu. Hann hafi prentað út öll skeyti ásamt Georg og nemanum og afhent þau vaktstjóranum.

Ákærða var við þessa yfirheyrslu kynntur framburður Elíasar Gissurarsonar, sem hann hefði gefið í skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 3. júní, þar sem hann sagði: „Rétt eftir að Georg var farinn út, þá hringdi ACC-h og sagði, að SK-292 gæti ekki tekið fluglag 370. Ég tók SK-292 þá úr stakknum aftur og rétti ræmuna yfir í 330-stakkinn aftur. Ég man ekki, hver tók við ræmunni, þ.e., hvort það var Ingvar eða neminn, sem hann var með og heitir Haraldur, og ég man heldur ekki, hvort ég sagði eitthvað, þegar ég lét ræmuna frá mér, enda var þetta rétt eftir, að Georg sagði mér, að fluglag 330 væri laust fyrir SK-292."

Var ákærði Ingvar spurður um það, hvað hann vildi segja um þennan framburð, og hann svaraði: „Það er alveg víst að ég tók ekki við ræmunni því neminn sat á milli mín og Elíasar."

Þá var ákærða kynntur framburður Haralds Steins Rúrikssonar, sem hann hafði gefið í skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins sama dag, eða 3. júní 1986: „Það næsta sem ég man eftir þessari ræmu er að hún kom aftur í stakkinn til okkar frá Elíasi og þá spurt hvort flugvélin gæti komist í fluglag 330. Á þessu tímabili voru Georg og Ingvar að skipta, þ.e. að Georg var að fara í kaffi og geri ég mér ekki grein fyrir hvor þeirra var þegar þessi fyrirspurn kom frá Elíasi.

Ég athugaði hvort SK-292 kæmist í fluglag 330 og sá að svo var, en bar það undir kennara minn, sem ég hugsa að hafi verið Ingvar, og fékk samþykki hans til þess að láta SK-292 fara í fluglag 330. Ég talaði þá við ACC-h og bað þá að setja SK-292 í fluglag 330. Ég fékk síðan staðfestingu frá ACC-h um að SK-292 væri komin í fluglag 330. Ég man að ég spurði Ingvar að því hvort ég ætti að færa á ræmuna fluglag 330 og þá hvort ég ætti að skrifa ofan í tölustafina 370 sem voru skrifaðir með rauðu, eða færa það þar fyrir neðan. Ingvar sagði mér að skrifa ofan í 370 með svörtu og skrifaði ég tölustafina 330 með svörtu ofan í 370. Ég man ekki hvort þetta var áður en ég fékk staðfestingu frá ACC-h um að flugvélin væri

komin í hæð eða á eftir. Þegar ég færði tölurnar inn á ræmuna, þá man ég ekki hvort ræman var í stakknum eða hvort hún lá á borðinu hjá mér. Eftir að ég hafði skrifað á ræmuna, þá man ég ekki hvað ég gerði við hana."

Af þessu tilefni tók ákærði fram eftirfarandi: „Ég get ekki svarað þessu á annan veg, að ég gaf ekki heimild á þessa vél og hafði ekki hugmynd um hana. Ég man þetta ekki á annan veg en ég hef þegar skýrt frá."

Hann tók fram aðspurður, að hann teldi sig muna það örugglega, að hann hafi heimilað nemanum, Haraldi Steini, að hækka BA-85 í fluglag 330, eftir að þeir hefðu skoðað stakkinn og ekki séð neitt athugavert við það. Þetta hafi verið skömmu áður en skeytið kom frá BA-85 um flugumferðaratvikið („air miss"). Eftir að skeytið kom, kvaðst ákærði muna eftir að hafa séð Harald Stein með ræmuna fyrir SK-292, en hann myndi ekki, hvort hann hafi verið með ræmuna í höndunum eða hvort hún hafi verið í stakknum, og ekki séð, hvar hann hafi tekið hana. Ákærði var nú spurður að því, hver viðbrögð hans hefðu verið, þegar hann uppgötvaði, að ræman SK-292 hefði verið hjá honum, eftir að skaðinn var orðinn. Hann svaraði því svo, að hann hefði ekkert kannast við þessa vél, og spurt, hvaðan hún kæmi, eða eitthvað á þá leið. Hann vissi ekki, hvort Haraldur Steinn hefði svarað þessu eða hvort hann hefði ekki heyrt það.

Ákærða var kynnt eftirfarandi úr framburði Haralds Steins: „Það var svo nokkru eftir þetta að ég fékk ræmu frá BA-85, sem var í fluglagi 310, og spurði hvort vélin komist í fluglag 330. Ég athugaði þetta ásamt Ingvari með því að bera ræmuna við stakkinn og sáum að það var ekkert því til fyrirstöðu að BA-85 fengi að fara í fluglag 330. Ég hringdi þá upp í Gufunes og gaf BA-85 heimild til þess að fara í fluglag 330. Næsta sem ég man í þessu máli er að það kemur tilkynning frá BA-85 um að hann hafi orðið var við umferð á móti sér í sama fluglagi og að SK-292 staðfesti það. Ég spurði þá Ingvar hvernig við svöruðum þessu. Ingvar kom þá inn að borðinu, þar sem ég var, og athugar skeytið og ber saman ræmurnar sem þá voru báðar á réttum stað í stakknum og sá að þetta var rétt. Sagði hann að við yrðum að láta vaktstjóra vita af þessu og gera skýrslu á þetta."

Umsögn ákærða um þennan framburð var á þessa leið: „Ég held að þetta sé rétt hjá honum að ég hafi gefið heimild til hækkunar á BA-85 eftir að við bárum hana saman við stakkinn og það var í lagi. Varðandi það atriði þar sem hann talar um að báðar ræmurnar hafi verið í stakknum á réttum stað eftir að „air miss"-skeytið var komið, þá get ég ekki borið um það. Ég man hins vegar að hann var með ræmuna fyrir SK-292 en ég man ekki hvort hann var með hana í höndunum eða hvort hún var í stakknum."

Ákærði kvaðst muna eftir því, að meðan hann prentaði út skeytið, þá hafi hann beðið Harald Stein að taka ræmurnar og setja þær inn í tölvu-

forrit, sem reiknar út, hvenær ferlar flugvéla skerast (crossing-forrit), og ef hann myndi rétt, þá hafi komið út þriggja mínútna munur á skurðpunkti (crossing-punkti).

Enn voru ákærða kynnt ummæli úr framburði Haralds Steins Rúriksonar á þessa leið: „Ég get ekki svarað þessu. Það sem ég man eftir þessari ræmu er þegar ég skrifaði á hana 330. Ég man síðan ekki eftir henni fyrr en skeytið kom frá BA-85 og þá var hún á réttum stað í stakknum. Ég hlýt að hafa sett ræmuna á réttan stað í stakknum þó svo ég muni það ekki." Ákærði svaraði á þennan veg: „Ég er sannfærður um að ræman fyrir SK-292 var ekki í stakknum þegar við bárum BA-85 saman við stakkinn. Ég er þess fullviss að ég gaf aldrei heimild til hækkunar á SK-292 í fluglag 330 og vissi ekkert um þá vél fyrr en um það leyti að skeytið barst frá BA-85 um „air miss". Hvar ræman hefur verið fram að þeim tíma get ég ekki sagt til um en eitt er víst í mínum huga og það er að ræman var ekki í stakknum því ef hún hefði verið þar þá hefði ég séð hana og ekki heimilað hækkun á BA-85." Loks var ákærða kynntur framburður Þóris B. Haraldssonar, sem hann gaf í skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, þar sem Þóri er kynntur framburður Elíasar R. Gissurarsonar í skýrslu til rannsóknarlögreglu ríkisins 3. júní 1986. Hafði Elías þá viðhaft þau ummæli, að hann myndi ekki, hvort það var, þegar hann leysti Þóri af, eða kom til baka, að hann lét orð falla eitthvað á þessa leið: „Ætli þetta hafi verið vegna þess að hann var með hann neðst í „stakknum?"" Svar Þóris var á þessa leið: „Þetta er alveg rétt hjá honum, ég man þetta núna. Ástæðan fyrir þessari vangaveltu minni (sic) er sú að þegar ég varð þess var að eitthvað var að gerast eða hafði skeð og fór ég þá að líta yfir í stöðu 0. Ég tók þá eftir því að það var ein gul ræma neðst í stakknum og stakk hún í augun þar sem hún var eina ræman sem var gul og allar hinar bláar. Mér fannst þá sem ræman fyrir SK-292 (gula ræman) væri ekki á réttum stað í stakknum en get þó ekki útskýrt það neitt frekar. Þegar ég tók eftir þessu þá voru Ingvar Valdimarsson og neminn Haraldur Steinn báðir við stakkinn."

Svar ákærða var á þessa leið: „Ég get ekkert sagt um þennan framburð þar sem ég man ekki hvort Haraldur var með ræmuna í höndunum eða hvort hún var í stakknum eftir að skeytið kom frá BA-85."

Ákærði gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 18. júní 1986, eins og fyrr segir. Þar var honum kynnt afritun af hljóðbandi fyrir úthafsdeild (OAC), rás 7, umræddan dag, 2. júní 1986, þar sem segir um kl. 16.13: „*Samtal í stöðu:* Það er afgerandi phrase, sko ... óskýrt ... þú ert að klera vélina. Hann bara í staðinn fyrir að senda það í Gufunes, alveg eins og þú segir: Reykjavík OAC, clear SK 292 ... óskýrt ... við Gufunes, þá er það í raun og veru alveg sama þarna megin, þar er bara ... óskýrt."

Var ákærða kynnt þetta samtal milli hans og nemanda hans, Haralds Steins Rúrikssonar, og spurður, hvað hann hefði um það að segja. Ákærði svaraði, að þetta kæmi sér sannarlega á óvart, hann myndi ekkert eftir þessu og gæti ekki rifjað það upp. Hann var þá spurður, hvort þessi orðaskipti hans við nemann Harald Stein bentu ekki til þess, að SK-292 hefði verið undir stjórn þeirra og hann verið að leiðbeina nemanda í þessu tilfelli. Þessu svaraði ákærði þannig: „Auðvitað get ég ekki annað sagt þegar útskrift liggur fyrir en að eitthvað hefur þessi vél komið til tals í þessari stöðu. Ég get ekki rifjað upp þetta sem fram kemur á útskriftinni. Ég skil ekki hvernig okkur hefur yfirsést þessi flugræma þegar við bárum ræmu BA-85 saman við stakkinn. Það er möguleiki að ræman hafi ekki verið í réttri hæð í stakknum eða hreinlega ekki verið í stakknum og þá e.t.v. legið á borðinu en ég get ekki með nokkru móti munað þessi atvik."

Þessa skýrslu staðfesti ákærði fyrir sakadómi Reykjavíkur 13. september 1988. Kvað ákærði það rétt vera, að hann hafi gefið flugvélinni BA-85 heimild til að fara í fluglag 330 nefndan dag klukkan 16.30. Hann taldi sig hafa gengið úr skugga um, að ekkert væri þessu til fyrirstöðu, og ekki fundið í stakknum, að flugvélin SK-292 hefði fengið heimild til að fljúga í sama fluglagi í nokkuð gagnstæða átt, þannig að leiðir þeirra hlytu að skerast. Gat ákærði ekki skýrt, hvernig á þessu hefði staðið.

Ákærði sagði, að nemi hafi verið hjá honum og hann tilkynnt innanlandsdeild (ACC) breytta flughæð BA-85. Neminn hafi þá verið kominn langt í námi og nú fengið réttindi flugumferðarstjóra. Tvær veigamiklar breytingar hafi orðið á starfsháttum í flugumferðarstjórn eftir þetta atvik, þannig að skotið er inn í stakkinn miða í öðrum lit, meðan athugað er um flughæðarbreytingar. Einnig hafi verið ákveðið, að innanlandsdeild framkvæmi hæðarmörk, meðan flugvélarnar séu innan þess svæðis, en úthafsdeild taki raunverulega endanlega ákvörðun um flughæð. Ákærði taldi, að reglur þessar hefðu komist á formlega í starfsháttum flugumferðarstjóra.

Ákærði fullyrti, að ræman með SK-292 hafi ekki verið í stakknum. Hann vildi ekki vefengja framburð flugstjóra flugvélanna um nálægð vélanna, en tók fram, að samkvæmt reynslu sinni og því, sem hann hefði kynnt sér fræðilega, hljóti að vera mjög erfitt að meta slíkt með nákvæmni.

Haraldur Steinn Rúriksson, nemi í flugumferðarstjórn, gaf rannsóknarlögreglu ríkisins skýrslu 4. júní 1986, en hafði gefið rannsóknarnefnd flugmálastjóra skýrslu að kvöldi 2. júní 1986. Hann kvaðst hafa byrjað að vinna sem nemi mánudaginn 2. júní klukkan 07.30 í úthafsdeild (OAC). Þegar líða tók á daginn, hafi flugumferð verið orðin talsvert mikil og hann unnið undir leiðsögn Georgs Tryggvasonar flugumferðarstjóra og Ingvars Valdimarssonar flugumferðarstjóra. Hann kvaðst muna eftir því, að þegar

hann var að vinna með Georg, hafi komið fyrirspurn til þeirra þess efnis, hvort SK-292 kæmist í gegnum fluglag 330, en þeir hafi verið með í stakk hjá sér fluglög 330, 390 og 410. Fyrirspurnin hafi komið frá Elíasi flugumferðarstjóra og þeir borið ræmu flugvélarinnar saman við fluglag 330 og hafi séð, að hún kæmist í gegn. Þá hafi þeir afhent Þóri Haraldssyni flugumferðarstjóra ræmuna til þess að athuga, hvort hún kæmist í fluglag 350, en hann stjórnaði umferð í því fluglagi. Á ræmuna fyrir SK-292 hafi verið skrifað með rauðu tölustafirnir 370, en það hafi verið það fluglag, sem reynt hafi verið að fá handa flugvélinni.

Næst hafi hann munað eftir þessari ræmu, þegar hún kom aftur í stakk til þeirra frá Elíasi, og þá hafi verið spurt, hvort flugvélin gæti komist í fluglag 330. Um þessar mundir hafi Ingvar verið að leysa Georg af, og kvaðst Haraldur ekki gera sér grein fyrir því, hvor þeirra var við stakkinn, þegar fyrirspurnin kom frá Elíasi. Hann kvaðst hafa athugað, hvort SK-292 kæmist í fluglag 330, og séð, að svo var, en hafi borið það undir kennara sinn, sem hann álítur, að hafi verið Ingvar, og fengið samþykki hans við því að láta SK-292 fara í fluglag 330. Hann hafi talað við innanlandsdeildina (ACC) og beðið þá (sic) að setja SK-292 í fluglag 330. Hann hafi síðan fengið staðfestingu frá innanlandsdeild (ACC) um, að SK-292 væri komin í fluglag 330. Hann kvaðst muna, að hann hafi spurt Ingvar að því, hvort hann ætti að færa á ræmuna fluglag 330, og þá, hvort hann ætti að skrifa ofan í tölustafina 370, sem voru skrifaðir með rauðu, eða færa það þar fyrir neðan. Ingvar hafi sagt sér að skrifa ofan í 370 með svörtu, og hafi hann þá skrifað tölustafina 330 með svörtu ofan í 370. Hann kvaðst ekki muna, hvort þetta hafi verið, áður en hann fékk staðfestingu frá innanlandsdeild (ACC) um, að flugvélin væri komin í hæð, eða á eftir. Ekki myndi hann, hvort ræman hafi verið í stakknum eða legið á borðinu hjá sér, þegar hann færði tölurnar inn á ræmuna. Eftir að hafa skrifað á ræmuna, kvaðst hann ekki muna, hvað hann hefði gert við hana.

Nokkru eftir þetta hafi hann fengið ræmu frá BA-85, sem var í fluglagi 310, ásamt fyrirspurn um, hvort flugvélin kæmist í fluglag 330. Hann kvaðst hafa athugað þetta ásamt Ingvari með því að bera ræmuna saman við stakkinn, og hafi þeir séð, að ekkert var til fyrirstöðu, að BA-85 fengi að fara í fluglag 330. Hann hafi þá hringt í Gufunes og gefið BA-85 heimild til þess að fara í fluglag 330. Það næsta, sem hann myndi úr þessu máli, væri, að tilkynning hafi komið frá BA-85 um umferð á móti sér í sama fluglagi og að SK-292 staðfesti það. Hann hafi þá spurt Ingvar, hvernig þessu skyldi svarað. Ingvar hafi þá komið inn að borðinu, þar sem hann var, athugað skeytið og borið saman ræmurnar, sem þá voru báðar á réttum stað í stakknum, og séð, að þetta var rétt. Sagði Ingvar, að þeir yrðu að láta vaktstjóra vita af þessu og gefa skýrslu.

Ingvar hafi síðan prentað út skeytið og látið sig fá ræmurnar og beðið sig um að setja ræmurnar inn í „crossing" á tölvu, sem hann hafi gert. „Þá kom út eins og tölvan sagði 150° crossing með mismun á tímaáætlun á crossing punkt upp á tvær mínútur að mig minnir."

Hafi nú Haraldur Guðmundsson vaktstjóri tekið málið í sínar hendur og hann látið ræmurnar á borðið hjá honum. Haraldur hafi beðið um, að öll skeyti yrðu prentuð út um BA-85 og SK-292, sem þeir hefðu gert. Hann hafi síðan gert sams konar ræmur fyrir þessar flugvélar til þess að setja í stakkinn og merkt þær „copy".

Haraldur Steinn neitaði því, að nokkur skipti hefðu verið milli manna í stakk þeim, sem hann vann við, þ.e. frá því að hann skráði SK-292 á ræmuna fyrir fluglag 330. Ingvar hafi verið með sér allan þann tíma og þangað til skeytið kom frá BA-85 um umferð á móti í sömu hæð. Hann kvaðst ekki geta svarið fyrir það, hvort ræman fyrir SK-292 hafi verið í stakknum, þegar beiðnin barst frá BA-85 um hækkun í fluglag 330, en það gæti varla verið, því að þeir hefðu ekki séð neitt því til fyrirstöðu, að BA-85 gæti farið í fluglag 330.

Haraldur Steinn var spurður að því, hvernig það mætti vera, að ræman fyrir SK-292 hafi ekki verið í stakknum, þegar beiðni kom frá BA-85 um hækkun, þar sem hann hefði skýrt frá því hér á undan, að eftir að skeyti kom frá BA-85 um umferð á móti, hafi ræmur beggja flugvélanna verið á réttum stað í stakknum. Svar Haralds var á þessa leið: „Ég get ekki svarað þessu. Það sem ég [man] eftir þessari ræmu er þegar ég skrifaði á hana 330. Ég man síðan ekki eftir henni fyrr en skeytið kom frá BA-85 og þá var hún á réttum stað í stakknum. Ég hlýt að hafa sett ræmuna á réttan stað í stakknum þó svo að ég muni það ekki."

Honum var sýnt ljósrit af ræmu SK-292. Á ræmunni við 66° N 20° V eru skráðir tölustafirnir 26 neðst hægra megin. Kvaðst Haraldur hafa skrifað þessa tölustafi sjálfur inn á ræmuna og merkt tímann í mínútum, þegar flugvélin hafði tilkynnt sig á þessum stað. Þetta hafi borist með skeyti frá Gufunesi inn á tölvuskjá hjá þeim. Hann kvaðst ekki muna, hvenær þetta skeyti hafi borist. Síðan sagði hann: „Ég hef því fært tölurnar inn á ræmuna eftir kl. 16.26 þegar flugvélin tilkynnir þessa staðarákvörðun og áður en ég tók ræmurnar úr, þ.e. áður en skeytið barst frá BA-85 um umferð á móti."

Georg Ólafur Tryggvason flugumferðarstjóri gaf rannsóknarlögreglu ríkisins skýrslu 4. júní 1986, en hafði gefið rannsóknarnefnd flugmálastjóra skýrslu 2. júní s.á. Mánudaginn 2. júní 1986 kvaðst hann hafa byrjað á vakt klukkan 07.30 og fengið þann starfa að vinna í úthafsdeild (OAC). Hann kvaðst lítið muna eftir morgninum, en sig minnti, að það hafi verið um klukkan 13.00, að hann hafi tekið við stöðu 0 og annast umferðarstjórn

í fluglögum 330 og 390 og ofar. Með honum hafi verið Haraldur Steinn Rúriksson, nemi í flugumferðarstjórn. Talsverð flugumferð hafi þá verið og hún farið í vöxt, einnig hefðu verið miklar annir í þessari stöðu vegna tölvuskeyta, sem senda þurfti á aðra skjái. Starfið hafi allt gengið eðlilega fyrir sig (sic), en umferð mikil og erill.

Hann kvaðst hafa setið í þessari stöðu ásamt nemanum fram til klukkan 16.00. Skömmu áður en hann hafi verið leystur af í hléi, hafi Elías flugumferðarstjóri rétt sér ræmu fyrir SK-292 og spurt, hvort hún gæti komist í fluglag 330. Hann kvaðst hafa athugað þetta og sagt honum fljótlega, að samkvæmt ratsjánni stæði SK-941 ekki í vegi fyrir, að SK-292 færi í fluglag 330, en jafnframt hefði hann tekið fram, að hann vissi ekki, í hvorri hæðinni SK-941 væri, þar sem athugun hans leiddi í ljós, að í umferð á móti hefði SK-941 verið í fluglagi 310, en ratsjármaður í innanlandsdeild hefði átt að setja hana í fluglag 330 samkvæmt ósk sinni. Hann hafi verið staðinn upp, þegar hann sagði Elíasi þetta og rétti honum ræmuna, þar sem Ingvar hafi þá komið til að leysa sig af. Hann hafi reyndar þegar greint Elíasi frá þessu, áður en hann stóð upp, en Elías hafi gripið um úlnliðinn á sér, eftir að hann hafi verið staðinn upp, og ítrekað þetta við sig. Hafi hann svarað Elíasi og sagt honum, að þetta væri í lagi vegna SK-941. Hann hafi svo kynnt Ingvari, sem var að leysa hann af, umferðina í stakknum, en minntist þess ekki að hafa sagt honum frá SK-292. Hann hafi þá verið búinn að rétta Elíasi ræmuna, enda hafi ekki verið um heimild að ræða, heldur aðeins athugun, þar sem ætlunin hafi verið að koma SK-292 í fluglag 370. Hann hafi síðan tekið sér hlé og farið upp í hvíldarherbergi.

Skömmu fyrir klukkan 17.00 hafi Haraldur Steinn komið upp í hvíldarherbergið og sagt sér, að vaktstjórinn, Haraldur Guðmundsson, vildi tala við sig. Hann hafi þá farið niður í flugstjórnarmiðstöðina til vaktstjórans, sem hafi sagt sér frá skeyti með kvörtun frá BA-85. Hafi hann beðið sig, Ingvar og Harald Stein að gera skýrslu um málið. Þetta hafi þeir gert í sameiningu og byrjað á að prenta út skeytin, en stungið síðan út í kortið feril flugvélanna til þess að reyna að átta sig á því, sem gerst hefði.

Elías Ragnar Gissurarson flugumferðarstjóri gaf rannsóknarlögreglu ríkisins skýrslu 3. júní 1986, en hafði gefið rannsóknarnefnd flugmálastjóra skýrslu 2. júní 1986. Hann kvaðst hafa byrjað á seinni dagvakt klukkan 07.30 og hafið störf í úthafsdeildinni (OAC) og aðeins einn stakkur verið opinn. Sennilega upp úr kl. 08.00 hafi stakknum verið skipt og hann sjálfur verið með lægri fluglögin, að sig minni, fluglög 330 og neðar, en Ingvar Valdimarsson með efri fluglögin, 350 og yfir.

Dagurinn hafi liðið eðlilega, en umferðin vaxið eftir því, sem á leið. Stökkunum hafi síðan verið skipt meira eftir því, sem umferð óx, og um hádegi hafi stakkarnir verið orðnir þrír. Umferð hafi verið mikil og þung

og flugvélar komið inn mjög hátt, að honum virtist. Umferð hafi verið orðin svo mikil upp úr hádegi, að allir stakkar hafi verið að fyllast, og þá verið opnað fjórða borðið. Fluglög 290 og neðar hafi verið flutt á það borð, á þriðja borð hafi fluglög 310 farið, á öðru borði hafi fluglög 330 orðið eftir, og á fyrsta borði hafi fluglag 350 verið og hæðirnar þar fyrir ofan. Miklar annir hafi verið orðnar á tímabilinu kl. 13.00-14.00, bæði vegna þess að flugvélar hafi streymt inn á svæðið og margar jafnframt beðið um leyfi til hækkunar flugs. Hafi þá fluglag 390 og þar fyrir ofan verið sett fyrir ofan fluglag 330, þar sem þar var rými, og fluglag 370 sett fyrir ofan 310. Þannig hafi skiptingin verið fram yfir klukkan 17.00, en þá hafi verið farið að draga úr umferð, og um klukkan 18.00 hafi tveir stakkar nægt og þá komin á eðlileg hæðarskipting.

Um klukkan 16.00 hafi Benedikt Gröndal, sem setið hafi hægra megin við sig í stakk með fluglag 290 og lögin þar neðar, rétt sér ræmu fyrir SK-292 og sagt sér að setja vélina í 370 á radar. Sjálfur kvaðst Elías hafa tekið ræmuna og borið hana við 370, þar sem hún hefði getað verið, en jafnframt hefði hann athugað, hvort fluglag 330 væri laust, og því rétt ræmuna yfir til vinstri í stakkinn, þar sem fluglag 330 var, og spurt, hvort fluglag 330 væri laust. Þeir, Georg Ólafur og neminn, sem með honum var, hafi skoðað ræmuna smástund. Síðan hafi Georg rétt sér ræmuna aftur, og um það leyti hafi Ingvar komið og leyst Georg af. Georg hafi sýnt Ingvari umferðina í stakknum eins og hún var. Sjálfur hafi hann sett ræmuna aftur í stakkinn, þar sem fluglag 370 var, en gripið í höndina á Georg og spurt hann ítrekað (sic) að því, hvort fluglag 330 væri laust handa SK-292 eða ekki, en hann hafi áður veitt sér ófullnægjandi svar við því. Hann hefði svarað, að fluglag 330 væri laust, SK-941 væri þar ekki fyrir, og hefði sér skilist á honum, að sú flugvél væri að fara upp í fluglag 350.

Rétt eftir að Georg hefði verið farinn út, hafi verið hringt úr innanlandsdeild (ACC) og tilkynnt, að SK-292 gæti ekki tekið fluglag 370. Hann hafi þá tekið SK-292 úr stakknum aftur og rétt ræmuna yfir í stakk, þar sem fluglag 330 var. Hann kvaðst ekki muna, hver hefði tekið við ræmunni, hvort það hafi verið Ingvar eða neminn, sem hann var með og heiti Haraldur. Hann myndi ekki heldur, hvort hann hefði sagt eitthvað, þegar hann lét ræmuna frá sér, enda hafi þetta verið rétt eftir að Georg Ólafur hefði sagt sér, að fluglag 330 væri laust handa SK-292.

Sama kvöld hafi Haraldur Guðmundsson vaktstjóri hringt heim til sín og sagt sér frá atvikinu. Hann kvaðst þá hafa farið að hugleiða þetta atvik og þá munað eftir því, að hann hefði leyst Þóri Haraldsson af um klukkan 18.00. Hann kvaðst ekki muna, hvort það var, þegar hann leysti hann af, eða þegar hann kom aftur til baka, að hann sagði eitthvað á þá leið: „Ætli þetta hafi verið vegna þess að hann var með hann neðst í stakknum.“ Ekki

kvaðst hann hafa spurt Þóri neitt frekar um þetta, en sett þetta í samband við málið, þegar hann frétti af því. Á hinn bóginn kvaðst hann ekki treysta sér til að meta það, við hvað Þórir hafi átt með þessu.

Þórir Benedikt Haraldsson gaf rannsóknarlögreglu ríkisins skýrslu um málsatvik 4. júní 1986. Hann sagðist hafa byrjað á vakt klukkan 07.30 mánudaginn 2. júní 1986 í úthafsdeild (OAC). Dagurinn hafi liðið eðlilega, en umferð flugvéla mikil. Eftir hádegi hafi hann verið í stöðu 1 og stjórnað umferð í fluglagi 350 og stakkurinn verið fullur. Hann kvaðst hafa verið í þessari stöðu frá því um kl. 14.30 þar til kl. 18.00, að hann var leystur af. Að öllu eðlilegu hefði átt að leysa sig af um klukkan 17.00, en sá, sem það átti að gera, hafi verið settur í stöðu 0 vegna þess atviks, sem upp kom.

Á þessum tíma, frá kl. 14.30 til kl. 18.00, hafi aldrei verið leitað til sín vegna SK-292 og það flug ekki borið saman við stakkinn, sem hann hafi séð um. Sama sé að segja um BA-85, aldrei hafi komið nein fyrirspurn til sín vegna hennar.

Um klukkan 18.00 hafi Elías komið og leyst sig af og hann gert Elíasi grein fyrir umferð í stakknum. Síðan hafi hann tekið sér hlé og farið upp í kaffistofu og komið niður eftir u.þ.b. 30 mínútur. Hann hafi þá leyst af Benedikt Gröndal, sem var að vinna í stöðu 0. Ekki minntist hann að hafa rætt neitt um flugumferðaratvikið við Elías, enda hafi ekkert því viðkomandi komið á borð sitt. Vegna þeirra ummæla Elíasar R. Gissurarsonar í skýrslu til rannsóknarlögreglu ríkisins 3. júní 1986, að ræma SK-292 hafi verið neðst í stakknum, tók Þórir fram, að þetta væri alveg rétt hjá honum. Ástæðan fyrir þessari vangaveltu (sic) hafi verið sú, að hann hafi litið yfir í stöðu 0, þegar hann varð þess var, að eitthvað var að gerast. Hann hafi tekið eftir því, að ein gul ræma hafi verið neðst í stakknum og hún stungið í augun, þar sem hún var eina gula ræman, en allar hinar bláar. Honum hafi fundist sem ræma SK-292 (gula ræman) væri ekki á réttum stað í stakknum. Hann gæti þó ekki útskýrt þetta neitt frekar. Þegar hann hafi tekið eftir þessu, þá hafi Ingvar Valdimarsson og neminn Haraldur Steinn báðir verið við stakkinn.

Benedikt Þorvaldsson Gröndal flugumferðarstjóri gaf rannsóknarlögreglu ríkisins skýrslu 6. júní 1986. Hann kvaðst hafa byrjað á vakt klukkan 07.30 og verið settur til starfa í úthafsdeild (OAC). Framan af deginum hafi umferð verið róleg; síðdegis hafi hann stjórnað umferð í fluglagi 390 og neðar.

Hann kvaðst muna vel eftir flugvélinni SK-292, vegna þess að þegar fyrst var spurt um hana, þá hafi engin ræma komið yfir vélina og því engin flugáætlun. Hann hafi síðan fengið vitneskju um leið vélarinnar og reiknað sjálfur út á tölvu tímann og gefið heimild fyrir SK-292 í fluglag 290. Þegar

flugvélin hafi verið að koma á 67° N 30° V samkvæmt áætlun, þá hafi hann rétt flugræmuna yfir í næstu stöðu vinstra megin við sig, en hann myndi ekki, hvaða flugumferðarstjóri hafi verið að vinna þar, myndi þó, að hann hafi verið að stjórna umferð, m.a. í fluglagi 310. Hann hafi spurt samstarfsmenn sína, hvort þeir gætu ekki gert eitthvað fyrir þessa flugvél, og átt þá við að heimila henni að fara hærra. Hann hafi heyrt út undan sér, að menn hafi verið að tala um að koma henni í fluglag 370 og einnig talað um 330. Hann myndi ekki, hvort flugstjórinn hefði beðið um fluglag 330, en hann hafi heyrt, að samstarfsmenn sínir hafi talað um, að best væri að koma henni sem hæst og biðja innanlandsdeild (ACC) að athuga það.

Fljótlega eftir þetta hafi hann verið leystur af og farið í kaffistofuna, en ekki man hann, hver hafi leyst sig af. Hann kveðst hafa verið í kaffistofunni, þegar hann heyrði, að eitthvað hafði gerst, og minnir, að þá hafi hann gengið niður til að athuga, hvort hann þyrfti að leysa af. Ekki mundi hann, hvar hann leysti af, en telur hugsanlegt, að hann hafi leyst þá af, sem unnu í fluglagi 330, en þorir þó ekki að fullyrða það. Hann kvaðst muna eftir því, að skeyti frá flugvélunum, sem lentu í árekstrarhættunni, voru þá að berast inn.

Guðmundur Matthíasson varaflugvallarstjóri, framkvæmdastjóri flugumferðarþjónustu hjá Flugmálastjórn Íslands, gaf skýrslu hér fyrir dómi 12. desember 1988.

Hann skýrði svo frá, að kæmi flugvél inn á úthafssvæðið, gæfi flugumferðarstjórn í þeirri deild flugvélum ákveðna flugleið og flughæð, sem hún síðan héldi, þar til annað væri ákveðið. Kæmi hún hins vegar inn á innanlandsdeildarsvið, gætu flugumferðarstjórar á því sviði breytt ákvörðun flugumferðarstjóra hinnar deildarinnar. Lagði vitnið áherslu á, að mjög mikil og góð samvinna ríkti milli deildanna. Aðspurt um það, hvort venja hefði myndast um, að úthafsdeild stjórnaði flugumferð á svæðum, þar sem ratsjá innanlandsdeildar næði ekki til, tók vitnið fram, að innanlandsdeild hreyfði ekki við ákvörðun úthafsdeildar, nema ástæða væri til.

Valdimar Ólafsson, yfirflugumferðarstjóri rekstrardeildar flugmálastjórnar, gaf skýrslu hér fyrir dómi 12. desember 1988.

Um samskipti úthafs- og innanlandsdeildar tók vitnið fram, að ábyrgðarmörk fylgdu svæðismörkum, en sé breytinga þörf, þurfi að koma til náin samvinna deildanna beggja. Aðspurt um það, hvort venja sé að leita samþykkis innanlandsdeildar (ACC) fyrir breytingu á flughæð, þegar flugvél fljúgi skamma hríð innan svæðis innanlandsdeildar og utan ratsjárdrægis, segir vitnið, að þá séu samskipti frekar í formi tilkynninga frá úthafsdeild til innanlandsdeildar, en náin samvinna sé nauðsynleg.

III.

Samkvæmt skýrslu flugslysanefndar hefur atburðarás verið sem hér segir (tímasetningar merktar með stjörnu merkir (sic), að fjarskipti hafi farið fram um Gufunes, en annars hafi þær (sic) farið fram um beint talstöðvarsamband):

ATVIKARÁS Í TÍMARÖÐ.

1557* SK-292 biður um hækkun í fluglag 330.

1602* SK-292 send af vinnutíðni Gufuness yfir á vinnutíðni innanlandsdeildar (ACC).

1602 SK-292 kallar upp innanlandsdeild (ACC), og úr innanlandsdeild (ACC) er spurt, hvort SK-292 geti farið í fluglag 370, en því er svarað neitandi.

1610 Eftir samráð við úthafsdeild (OAC) veitir innanlandsdeild (ACC) SK-292 heimild til að hækka flug úr fluglagi 290 í fluglag 330 skammt norðvestur af Vestfjörðum.

1612 Úthafsdeild (OAC) tilkynnir innanlandsdeild (ACC) um framvindu yfirflugs BA-85 í fluglagi 310 og áætli BA-85 62° N 10° V kl. 1623 og 68° N 20° V kl. 1716. Í innanlandsdeild (ACC) eru þessar upplýsingar færðar inn á flugstjórnarræmu.

1615 SK-292 tilkynnir sig í fluglagi 330 og staðfestir við innanlandsdeild (ACC), að ekki sé óskað frekari hækkunar.

1616 SK-292 send aftur yfir á vinnutíðni Gufuness, og innanlandsdeild (ACC) tilkynnir úthafsdeild (OAC), að SK-292 sé komin í fluglag 330.

1624* Úthafsdeild (OAC) berst á tölvuskjá skeyti frá BA-85, þar sem flugvélin gefur staðarákvörðun kl. 1622 á 62° N 10° V vestur af Færeyjum í fluglagi 310. Þessar upplýsingar eru færðar inn á flugstjórnarræmur fyrir BA-85 í úthafsdeild (OAC), en innanlandsdeild (ACC) fær þessar upplýsingar ekki.

1626* BA-85 biður um hækkun í fluglag 330.

1627* SK-292 gefur staðarákvörðun á 66° N 20° V í fluglagi 330 kl. 1626 og áætlar 64° N 10° V kl. 1701. Þetta er fært inn á flugstjórnarræmur í úthafsdeild (OAC). Flugumferðarstjóri í innanlandsdeild (ACC) sá í ratsjá, þegar SK-292 var á 66° N 20° V, og færði staðarákvörðunina inn á flugstjórnarræmu.

1630 Úthafsdeild (OAC) tilkynnir innanlandsdeild (ACC), að hún (OAC) ætli að gefa BA-85 hækkunarheimild í fluglag 330. Innanlandsdeild svarar OK. Talan 330 er skrifuð á flugstjórnarræmu fyrir BA-85 hjá innanlandsdeild (ACC) fyrir neðan töluna 310. Í beinu framhaldi af því er hringt úr úthafsdeild (OAC) í Gufunes og BA-85 veitt heimild til hækkunar í fluglag 330.

1634* Frá Gufunesi er BA-85 send heimild til hækkunar í fluglag 330. Upplýsingar um þessa hækkun eru færðar réttilega inn á flugstjórnarræmu í úthafsdeild (OAC). Innanlandsdeild (ACC) fær ekki staðfestingu um, að heimildin hafi verið send.

1634* BA-85 tilkynnir, að flugvélin sé að fara úr fluglagi 310 í fluglag 330. Þessar upplýsingar eru færðar inn á flugstjórnarræmu í úthafsdeild (OAC), en ekki í innanlandsdeild (ACC), sem fær þær upplýsingar ekki.

1639* BA-85 tilkynnir, að flugvélin sé komin í fluglag 330. Þessar upplýsingar eru færðar inn á flugstjórnarræmu í úthafsdeild (OAC), en ekki í innanlandsdeild (ACC), sem fær þær upplýsingar ekki.

1646 Flugumferðaratvik gerist „AIR /NEAR MISS" (samkvæmt tilkynningum BA-85 og síðar Sk-292).

1647* BA-85 tilkynnir umferð á móti í sama fluglagi og að SK-292 geti staðfest, að flugvélarnar hafi komið mjög nærri hvor annarri (very close).

1652* Flugstjóri BA-85 tilkynnir, að hann óski, að skráð sé flugumferðaratvik (air miss) á stað 64°53'7" N og 14°10'0" V í fluglagi 330 og að SK-292 staðfesti.

1747* SK-292 tilkynnir flugumferðaratvik (near miss) og hafi nærri orðið árekstur (near collision).

1756* SK-292 tilkynnir nánar um atvikið, segir staðarákvörðun hafa verið 64°53'3" N og 13°58'1" V, stefnu 133°, hraða 480 hnúta, fluglag 330, í sjónflugsskilyrðum ofar skýjum.

1759* SK-292 tilkynnir enn frekar um atvikið og segir það hafa gerst kl. 1646. Flugumferðin á móti í sama fluglagi hafi verið B-747 með kallmerki BA-85 og skrásetningarmerki G-BDXE.

IV.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, er þetta leitt í ljós um flug flugvélarinnar SK-292 í fluglagi 330 og viðbrögð ákærða Bárðar: Útskrift af segulbandsspólum flugstjórnarmiðstöðvarinnar í Reykjavík frá 2. júní 1986 sýnir, að kl. 16.16 er báðum deildum, innanlandsdeild (ACC) og úthafsdeild (OAC), ljóst, að SK-292 er komin í fluglag 330. Er það einnig í samræmi við framburð ákærða fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins og hér fyrir dómi. Samkvæmt yfirlitinu hér að framan gefur SK-292 kl. 16.27 upp staðarákvörðun á 66° N og 20° V í fluglagi 330 kl. 16.26 og áætlar að vera á 64° N og 10° V kl. 17.01. Ákærði sér í ratsjá, þegar SK-292 er á 66° N og 20° V, og að sögn hans færir Grétar Reynisson þá staðarákvörðun inn á flugstjórnarræmu ásamt tímasetningu kl. 16.26.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa um kl. 16.17 vitað, að SK-292 væri

komin í fluglag 330. Þá tilkynnti ákærði flugstjóranum, að hann ætti að skipta yfir til fjarskiptamiðstöðvarinnar í Gufunesi. Síðan fylgdist hann með framvindu flugs hennar þangað til kl. 16.27. Hann lét úthafsdeild (OAC) ekki vita um flug SK-292 yfir 66° N og 20° V og gaf þá skýringu, að hann hefði talið, að hún fengi skeyti um það frá flugvélinni um Gufunes, enda varð sú raunin, eins og þegar hefur verið getið.

Um flug BA-85 og viðbrögð ákærða Bárðar við því, sem þar gerðist, er þetta leitt í ljós: Hann vissi af flugvélinni, þegar hún nálgaðist mörk innanlandssvæðisins (ACC) í fluglagi 310, og kl. 16.30 tók hann við tilkynningu frá úthafsdeild (OAC) þess efnis, að BA-85 færi í fluglag 330. Um þetta hljóða útskriftir af segulbandsspólum flugstjórnarmiðstöðvarinnar í Reykjavík, svo að þegar ákærði hafði fengið svohljóðandi tilkynningu frá Haraldi Steini Rúrikssyni í úthafsdeild (OAC): „Hann [BA-85] er að biðja um 330. Ég ætla að cleara hann í 330." Ákærði svaraði „OK". Hann sinnti flugvélinni ekki frekar, en gaf þá skýringu, að hann hefði álitið þessa breytingu á flughæð ekki endanlega ákveðna, enda þurft að sinna öðrum verkefnum og treyst því, að Ingvar Finnur Valdimarsson, meðákærði í málinu, gengi frá breytingu á flughæð BA-85. Mikið vinnuálag hefði valdið því, að hann brást svo við.

Á flugstjórnarræmu í innanlandsdeild er BA-85 skráð í tveimur fluglögum, 310 og 330. Ákærði gaf þá skýringu við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, að hann hefði ekki fengið vitneskju um, að flugvélin væri farin úr fluglagi 310. Ef svo hefði verið, hefði hann sett strik yfir töluna 310 og ör upp, sem táknaði, að flugvélin væri að klifra, en síðan hefði hann bætt við striki í örina, þegar hún væri komin í rétta hæð. Ræman bæri einungis vætti um þá fyrirætlan að setja BA-85 í fluglag 330.

Þetta staðfesti ákærði í skýrslu hér fyrir dómi 13. september 1988. Hann hefði engum athugasemdum hreyft við því, að BA-85 færi í fluglag 330, enda annir miklar, hann einn á vakt og staðurinn, þar sem leiðir flugvélanna skárust, ekki sést í ratsjá, þar sem hann væri utan sviðs hennar.

Samkvæmt þessu telst sannað, að ákærða Bárði hafi verið kunnugt um flug SK-292 í fluglagi 330, þegar hann eftir tilkynningu frá nemanum Haraldi Steini Rúrikssyni gerði ekki athugasemd við það, að flugvélin BA-85 hækkaði flugið úr fluglagi 310 í fluglag 330 með þeim afleiðingum, að hætta var á, að þær rækjust saman.

Af hálfu ákærða hafa viðbrögð hans verið skýrð með miklu vinnuálagi. Flugslysanefnd rannsakaði umferðarmagn og talviðskipti á innanlands- og úthafsflugstjórnarsvæði á tímabilinu kl. 16.00-17.00, daginn sem flugumferðaratvikið varð. Segir í skýrslu hennar, að umferð hafi ekki verið mikil miðað við starfslið og viðskipti eðlileg. Tilskilinn fjöldi flugumferðarstjóra hafi verið á vakt. Þetta fær stoð í framburði ýmissa, sem skýrslur hafa gefið.

Nú var ákærði einn að störfum í innanlandsdeild (ACC) frá kl. um 16.30, þangað til atvikið varð, og verður ekki synjað fyrir, að hann hafi átt annríkt, þótt dregið hefði úr umferð, en honum hefði átt að vera í lófa lagið að kveðja menn til aðstoðar, ef nauðsyn krefði. Eins og fyrr hefur verið getið, hafði vaktstjórinn, Haraldur Ársæll Guðmundsson, verið að sinna öðrum verkefnum og lét það viðgangast, að ákærði, sem hafði takmarkaða reynslu, væri einn við störf, eins og hér stóð á. Ekki firrir þetta þó ákærða ábyrgð.

Í annan stað hefur því verið haldið fram, að ákærði hafi aldrei samþykkt, að BA-85 færi í fluglag 330. Það liggur þó ljóst fyrir, að ákærði hreyfði ekki athugasemdum við því og ritaði töluna 330 á ræmu flugvélarinnar. Ekki verður séð af gögnum málsins, að ákærði hafi ritað þá tölu með rauðu, eins og gert er, þegar flugmenn biðja um hæðarbreytingu, en áður en hún er endanlega ákveðin. Sýnir það, að ákærði hefur gert ráð fyrir flugvélinni í fluglagi 330 og það verið tilefni til að fylgjast með framvindu flugs hennar.

Þá hefur því í þriðja lagi verið haldið fram, að venja sé, að úthafsdeild (OAC) stjórni umferð í yfirflugi, og sé þá innanlandsdeild (ACC) einungis þjónustuaðili við úthafsdeild (OAC). Ákærði hafi þess vegna mátt treysta því, að úthafsdeild fylgdist með umferð í fluglagi 330 og sæi til þess, að aðskilnaður væri nægur.

Í starfsreglum flugmálastjórnar (flugöryggisþjónustu) frá 5. september 1978, nr. 3.3.3, sem lúta að skyldum starfsmanna, segir, að innanlandsdeild (ACC) annist hæðarbreytingar loftfara, er fljúgi um innanlandshluta flugstjórnarsvæðisins, jafnt þeirra, sem hafa ekki viðkomu á Íslandi, sem hinna, sem viðkomu hafa. Enn fremur skuli innanlandsdeildin (ACC), ef við verður komið, annast hæðarbreytingar þeirra loftfara í úthafshluta flugstjórnarsvæðisins, sem eru innan langdrægni SSR-tækjanna. Þetta staðfestir vitnið Guðmundur Matthíasson hér fyrir dómi, þar sem hann segir, að komi flugvél inn á innanlandsdeildarsvið af úthafssvæði, geti flugumferðarstjórar á því sviði breytt ákvörðun flugumferðarstjóra hinnar deildarinnar. Vitnið Valdimar Ólafsson sagði hér fyrir dómi, að ábyrgðarmörk fylgdu svæðismörkum, en samskipti séu fremur í formi tilkynninga frá úthafsdeild (OAC) en að samþykkis innanlandsdeildar (ACC) sé leitað. Bæði vitnin lögðu áherslu á, að náin samvinna deildanna væri nauðsynleg.

Samkvæmt þessu var ákærða ekki rétt að líta svo á, að flugvélin BA-85 væri algerlega undir stjórn úthafsdeildar (OAC), og breytir engu, þótt formið á samskiptum deildanna sé eins og vitnið Valdimar Ólafsson lýsir. Ákærða bar því að fylgjast með framvindu flugs BA-85, eftir að hann hafði fengið tilkynningu um flug hennar í fluglagi 330 og ekki gert athugasemd við.

Ekki skiptir hér máli, þótt BA-85 hafi byrjað að hækka flugið úr fluglagi

310 utan innanlandssvæðis og komist í fluglag 330 innan þess. Úthafsdeild (OAC) tilkynnti innanlandsdeild (ACC), að BA-85 yrði heimiluð hækkun í fluglag 330 kl. 16.30, og hafði svo samband við Gufunes og veitti heimildina. Átti BA-85 þá 22 sjómílur ófarnar að mörkum innanlandsrýmisins, samkvæmt skýrslu flugslysanefndar. Í starfsreglum flugmálastjórnar (flugöryggisþjónustu) dags. 1. október 1982 segir í gr. 1.3.3, að samráð skuli haft við innanlandsdeild (ACC) um allt flug, sem komi nær innanlandssvæðinu en 60 sjómílur. Ferill BA-85 lá þvert í gegnum innanlandssvæðið yfir Austur- og Norðausturland frá stað 63°45'N og 12°20'V að stað 67°30'N og 19°0'V.

Loks hefur því verið haldið fram af hálfu ákærða, að flugvélarnar SK-292 og BA-85 hafi ekki verið í neinni árekstrarhættu. Flugstjórum beggja flugvélanna ber saman um, að flugumferðaratvik (air/near miss) hafi orðið kl. 16.46. Mat flugstjóri BA-85 aðstæður svo, að legið hafi við stórslysi (near disaster), en flugstjóri SK-292, að legið hafi við árekstri (near collision). Skiptir þá ekki máli, þótt nokkuð beri á milli um mat þeirra á fjarlægðum. Ákærði tók fram í skýrslu hér fyrir dómi, að hann drægi ekki í efa, að skýrslur flugstjóranna væru réttar. Verður því að telja sannað, að hér hafi orðið flugumferðaratvik (air/near miss) og hætta á árekstri.

Með þessu, sem nú hefur verið rakið, telst sannað, að ákærði hafi ekki sýnt nægjanlega árvekni og aðgæslu við flugumferðarstjórn á flugstjórnarsvæði sínu, þannig að honum yfirsást sú árekstrarhætta, sem flugvélarnar SK-292 og BA-85 voru í, þegar þær flugu um flugstjórnarsvæði hans.

Ákærði Ingvar Finnur Valdimarsson leysti Georg Ólaf Tryggvason af um kl. 16.00 - kl. 16.05-16.10 að eigin sögn. Þegar BA-85 bað um hækkunarheimild kl. 16.26, fór ákærði yfir stakkinn ásamt nemanum Haraldi Steini Rúrikssyni og heimilaði síðan nemanum að leyfa BA-85 að hækka flugið í fluglag 330, enda töldu þeir að athuguðu máli ekkert því til fyrirstöðu. Ákærði hefur margsinnis neitað því að hafa tekið við ræmu SK-292 frá Elíasi Gissurarsyni og að ræman hafi verið í stakknum, þegar hann leyfði nemanum að heimila BA-85 fluglag 330. Hann hafi ekki vitað af SK-292 í fluglagi 330 og ekki heimilað henni flug þar.

Gegn þessu mælir í fyrsta lagi framburður Haralds Steins Rúrikssonar, en hann kveðst hafa fengið samþykki kennara síns, sem hann álítur hafa verið ákærða, við því að heimila SK-292 að fara í fluglag 330. Samkvæmt útskriftum af segulbandsspólum flugstjórnarmiðstöðvarinnar í Reykjavík hefur það verið um kl. 16.10. Hann fékk staðfestingu frá innanlandsdeild (ACC) um, að SK-292 væri komin í fluglag 330 kl. 16.16. Ógreinileg segulbandsupptaka af samtali í stöðu kl. 16.13 milli ákærða og nemans Haralds Steins sýnir, að þeir hafa þá rætt um flugvélina SK-292. Þeim ber saman um það, ákærða og nemanum Haraldi Steini, að ákærði hafi heimilað nem-

anum að skrifa töluna 330 ofan í töluna 370 á ræmu SK-292. Hefur ákærði haldið því fram, að skeytið frá BA-85 um flugumferðaratvikið hafi borist, meðan hann var að segja nemanum til, eða um kl. 16.46. Neminn Haraldur Steinn kvaðst ekki muna, hvort hann hafi gert þetta, áður en hann fékk staðfestingu innanlandsdeildar (ACC) um, að SK-292 væri komin í fluglag 330, eða eftir. Áðurgreind útskrift af segulbandsspólum bendir ótvírætt til, að samtal þeirra ákærða og nemans hafi farið fram, meðan SK-292 var að hækka flugið í fluglag 330, eða á tímabilinu kl. 16.10-16.16. Samkvæmt þessu hefur ákærða og nemanum Haraldi Steini verið kunnugt eða átt að vera kunnugt um flug SK-292 í fluglagi 330 frá því um kl. 16.13. Neminn Haraldur Steinn vissi einnig af SK-292 í fluglagi 330 á 60° N og 20° V kl. 16.26.

Um flug BA-85 og viðbrögð ákærða er þetta leitt í ljós: Þegar beiðni barst frá BA-85 kl. 16.26 um heimild til hækkunar í fluglag 330, fór ákærði ásamt nemanum Haraldi Steini yfir stakkinn og heimilaði síðan BA-85 að hækka flug í fluglag 330. Þetta hefur ákærði staðfest fyrir dómi. Samkvæmt áðurnefndum útskriftum af segulbandsspólum tilkynntu þeir kl. 16.30 innanlandsdeild (ACC), að ætlunin væri að heimila BA-85 hækkun í fluglag 330, og ákærði Bárður í innanlandsdeild (ACC) svaraði: „OK". Síðan hækkaði BA-85 flugið í fluglag 330. Samkvæmt því, sem hér að framan hefur verið greint um atburðarás á grundvelli skýrslu flugslysanefndar, var innanlandsdeild ekki tilkynnt um framvindu flugs BA-85 frá kl. 16.30-16.39, þegar hún var komin í fluglag 330.

Ákærði hafði nemann Harald Stein Rúriksson í umsjá sinni. Af skýrslu Haralds fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins og öðrum gögnum málsins má ráða, að hann hafi ekki vandað til vinnubragða sinna sem skyldi. Bendir margt til þess, að ræma SK-292 hafi ekki verið í stakknum eða á réttum stað, þegar BA-85 var veitt hækkunarheimild í fluglag 330. Ákærði hefur bersýnilega ofmetið getu og hæfni nemans, og því hefur á skort, að hann liti nægilega eftir vinnubrögðum hans. Hugsanleg mistök nemans leysa því ákærða ekki undan ábyrgð. Af hálfu ákærða hefur því verið haldið fram, að ekki hafi verið veruleg hætta á, að flugvélarnar rækjust saman. Með vísan til þess, sem þegar hefur verið sagt, þykir sannað, að hætta hafi verið á árekstri, enda hefur ákærði hér fyrir dómi ekki vefengt skýrslur flugstjóranna þar að lútandi. Samkvæmt þessu telst sannað, að ákærði Ingvar hafi ekki athugað, hvort leiðir flugvélanna SK-292 og BA-85 skærust, þegar nemandi hans í flugumferðarstjórn, Haraldur Steinn Rúriksson, með samþykki ákærða heimilaði flugvélinni BA-85 að hækka flug úr fluglagi 310 í fluglag 330 kl. 16.30, sem leiddi til þess, að leiðir flugvélanna skárust í lofti kl. 16.46, eða um 16 mínútum síðar, með þeim afleiðingum, að hætta varð á árekstri.

V.

Í ákæruskjali er atferli ákærðu heimfært til 1. mgr. 168. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem lýtur að ásetningi, en það er ekki í samræmi við verknaðarlýsingu í ákæruskjali. Með vísan til 3. mgr. i.f. 118. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála þykir í þessu máli mega dæma eftir 2. mgr. 168. gr., enda hefur verjendum verið gefinn kostur á að reifa málið að þessu leyti. Telst háttsemi ákærðu varða við 2. mgr., sbr. 1. mgr., 168. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í ákæruskjali er háttsemi ákærðu einnig talin varða við 141. gr. almennra hegningarlaga. Eins og nánar verður vikið að hér á eftir og með skírskotun til atvika málsins, sem þegar hefur verið lýst, verður ekki talið, að ákærðu hafi gerst sekir um stórfellda eða ítrekaða vanrækslu eða hirðuleysi í starfi sínu, þannig að sýkna ber ákærðu fyrir brot á þessu ákvæði.

Þá er háttsemi ákærðu í ákæruskjali einnig talin varða við 1. mgr. 163. gr. laga um loftferðir nr. 34/1964. Greinin hljóðar svo:

„Nú brýtur maður gegn reglum, sem flugmálaráðherra hefur sett til að afstýra árekstri milli loftfara eða öðrum flugslysum eða til að tryggja fólk gegn hættum og trafala af loftferðum, og skal hann sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum."

Hér ber einnig að hafa í huga 181. gr. loftferðalaganna, þótt hennar sé ekki getið í ákæruskjali, sbr. áðurgreint ákvæði 118. gr. laga nr. 74/1974.

Af hálfu ákæruvalds hefur ekki verið sýnt fram á í máli þessu, að brotnar hafi verið neinar þær reglur, sem áskilið er, að flugmálaráðherra hafi sett. Í ákæru er vísað til fjölmargra ákvæða, aðallega á ensku, sem engan veginn geta verið gildar refsiheimildir. Einnig er þar vísað til reglna á íslensku, sem ýmist eiga ekki við eða vísað er til í heild, svo sem reglugerðar nr. 415/1975 um setningu flugreglna, andstætt fyrirmælum 3. tl. 2. mgr. 115. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Reglugerðin er einnig ranglega tilgreind í ákæruskjali sem reglugerð nr. 415/1978.

Við refsimat ber að hafa í huga, að starfsaðstöðu ákærðu er á ýmsan hátt ábótavant. Í skýrslu flugslysanefndar eru tillögur til úrbóta í 10 liðum, og fyrir liggur í málinu úttekt á íslenskri flugumferðarþjónustu frá desember 1985, sem unnin var á vegum samgönguráðuneytis Bandaríkjanna, þar sem lýst er mörgu, þar sem umbóta er talin þörf. Þá hefur það verið leitt í ljós í þessu máli, að starfsreglur eru engan veginn eins skýrar og afdráttarlausar og nauðsynlegt verður að telja. Með vísan til þessa og skírskotun til 57. gr. hegningarlaganna þykir því rétt að fresta ákvörðun um refsingu ákærðu um 5 ár, enda gerist þeir ekki sekir um nýtt brot á skilorðstímanum.

Af hálfu ákæruvalds hefur þess verið krafist, að ákærðu yrðu sviptir flugumferðarstjóraréttindum skv. 184. gr. loftferðalaga, sbr. 68. gr. hegn-

ingarlaganna. Þegar litið er til þess, að ákærðu hafa gengist undir læknisrannsókn, staðist hæfnispróf og ekki liggur annað fyrir í máli þessu en þeir hafi gegnt starfi sínu áfallalaust, þykja skilyrði áðurnefndra ákvæða um réttindasviptingu ekki vera fyrir hendi, og verður krafa ákæruvalds því ekki tekin til greina.

Dæma ber ákærða Bárð Arnar Sveinbjörnsson til greiðslu málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 100.000, og ákærða Ingvar Finn Valdimarsson til greiðslu málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Sigurðar Helga Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 100.000. Allan annan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum.

Dómsorð:

Ákvörðun refsinga ákærðu, Bárðar Arnars Sveinbjörnssonar og Ingvars Finns Valdimarssonar, skal fresta og niður falla að liðnum 5 árum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Bárður Arnar greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hrl., kr. 100.000, og ákærði Ingvar Finnur greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Helga Guðjónssonar hrl., kr. 100.000, en allan annan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum.

Dómi ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 18. júní 1990.

Nr. 327/1988. **Kristín Ástríður Pálsdóttir**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Sigríði Þorláksdóttur
(Ingi Ingimundarson hrl.)
og gagnsök
og Sigríður Þorláksdóttir
(Ingi Ingimundarson hrl.)
gegn
Kristínu Ástríði Pálsdóttur
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Fasteignakaup. Gallar. Skuldajöfnuður. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Guðrún Erlendsdóttir og Sigurður Líndal prófessor.

Aðaláfrýjandi hefur með stefnu 6. október 1988 áfrýjað til Hæstaréttar dómi bæjarþings Reykjavíkur 3. ágúst sama ár. Hún gerir þær dómkröfur, að kröfur gagnáfrýjanda verði stórlega lækkaðar og sér dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu af sinni hendi með stefnu 31. október 1988. Hún krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms að undanteknu málskostnaðarákvæði hans. Krefst hún hækkunar á málskostnaði í héraði og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Þá hefur gagnáfrýjandi með stefnu 7. nóvember 1988 áfrýjað til Hæstaréttar til staðfestingar fjárnámsgerð í fógetarétti Reykjavíkur 7. október 1988. Aðaláfrýjandi krefst þess, að synjað verði staðfestingarinnar. Báðar krefjast málskostnaðar fyrir Hæstarétti í þessum þætti málsins.

Mál þessi hafa verið sameinuð fyrir Hæstarétti.

Fram er komið, að aðaláfrýjandi hefur efnt kaupsamning sinn við gagnáfrýjanda um aðrar greiðslur en um ræðir í máli þessu og fallnar eru í gjalddaga. Óumdeilt er, að gjaldfallin skuld aðaláfrýj-

anda við gagnáfrýjanda samkvæmt kaupsamningi er 645.000 krónur. Aðaláfrýjandi krefst þess, að matsfjárhæð vegna „galla á íbúð og bílskúr", 203.577 krónur, komi að fullu til skuldajafnaðar við kröfur gagnáfrýjanda.

Í prentuðum ákvæðum kaupsamnings segir: „Íbúð skal skila hreingerðri." Aðaláfrýjandi féll frá þessu skilyrði og hefur ekki sannað fyrirvara í því efni, er heimili henni að krefja gagnáfrýjanda greiðslu vegna kostnaðar við hreingerningu. Skuldajöfnuði af þeim sökum er því hafnað.

Í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna segir: „Skoðun á bílskúr leiddi í ljós að mikil merki um þakleka getur að líta á lofti í skúrnum. Sprungur eru í steyptu þaki og í útveggjum við glugga og á norðurvegg. Svo virðist sem bílskúrinn hafi sigið nokkuð og aflagast við það þannig að gluggi hefur skekkst. Úrbætur yrðu heppilegastar með þeim hætti að vönduð pappalögn kæmi á þak bílskúrsins, sprungur á útveggjum yrðu þéttar að nýju og opnanlegur gluggi lagfærður svo hægt sé að loka honum. ...Við metum kostnað við pappalögn á bílskúrsþak sem hér segir: Þak, 20,5 m^2 á kr. 1200 pr. m^2 = kr. 28.200.-. Listar á þakkanta og við aðalhús 20 lm á kr. 1200 pr. lm. = 24.000.-...".

Samkvæmt vætti matsmannsins Magnúsar Guðjónssonar húsasmíðameistara virtist „vera mikill leki", sem dreifðist „um allt loftið inni í bílskúrnum". Aðaláfrýjandi mátti að vísu sjá, að bílskúrinn var siginn og sprunginn. Hún átti þess hins vegar ekki kost að fara inn í skúrinn, þegar hún skoðaði eignina, áður en kaupin voru gerð. Ekki er fram komið, að gagnáfrýjandi eða umboðsmenn hennar hafi skýrt aðaláfrýjanda frá þakleka í bílskúrnum, en til þess var brýn ástæða. Þykir því aðaláfrýjandi eiga rétt til bóta úr hendi gagnáfrýjanda vegna þakleka á bílskúr, sem ákveðnar verða í samræmi við mat hinna dómkvöddu matsmanna og koma mega til skuldajafnaðar, svo sem aðaláfrýjandi krefst.

Í kaupsamningi segir: „Kaupanda er kunnugt um að hluti raflagna eru gamlar ..." (sic). Í skýrslu sinni fyrir héraðsdómi kvað aðaláfrýjandi ekkert hafa verið minnst á hitalagnir eða raflagnir í húsinu, en gagnáfrýjanda hafa „lofað að vera búin að skipta um rafmagnstöflu", áður en hún flytti inn, og sagt, að „hún væri búin að endurnýja raflögnina að hluta, en það reyndist ekki vera nema

bara í eldhúsi". Fullyrðing um loforð gagnáfrýjanda er ósönnuð. Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms má því staðfesta niðurstöðu hans um kröfur aðaláfrýjanda að öðru leyti.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda 592.800 krónur (645.000 — 28.200 — 24.000) með vöxtum svo sem greinir í dómsorði.

Að kröfu gagnáfrýjanda var 7. október 1988 gert fjárnám eftir hérðaðsdómi í eignum aðaláfrýjanda, án þess að fyrirvari væri gerður um áfrýjun. Gagnáfrýjandi hefur því firrt sig rétti til heimtu hærri málskostnaðar en héraðsdómur dæmdi. Eins og mál þetta er vaxið, þykir hæfilegt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 117.000 krónur í málskostnað í héraði.

Staðfesta ber hina áfrýjuðu fjárnámsgerð til tryggingar þessum fjárhæðum og kostnaði við fjárnámið, svo og uppboð, ef til kemur.

Dæma ber aðaláfrýjanda til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti, svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Kristín Ástríður Pálsdóttir, greiði gagnáfrýjanda, Sigríði Þorláksdóttur, 592.800 krónur með 36% ársvöxtum af 307.800 krónum frá 1. júlí 1987 til 15. sama mánaðar, en dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 592.800 krónum frá þeim degi til greiðsludags og 117.000 krónur í málskostnað í héraði.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er staðfest til tryggingar 592.800 krónum ásamt vöxtum sem að ofan greinir, málskostnaði og kostnaði við fjárnám, svo og við uppboð, ef til kemur.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 75.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. ágúst 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. júní 1988, er höfðað með stefnu birtri 16. nóvember sl.

Stefnandi er Sigríður Þorláksdóttir, nnr. 7680-0588, Hjallaseli 33, Reykjavík.

Stefnda er Kristín Ástríður Pálsdóttir, nnr. 5775-0820, Hátúni 39, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði dæmd til að greiða henni 645.000 krónur ásamt 36% ársvöxtum af 360.000 krónum frá 1. júlí 1987 til 15. sama mánaðar, 36% ársvöxtum af 645.000 krónum frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október s.á., 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s.á., 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1988, 51,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á., 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí s.á., 44,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí, en síðan með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum skv. 1. 25/1987, 10. gr., sbr. 12. gr., eins og Seðlabanki Íslands ákveður þá á hverjum tíma, til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Af hálfu stefndu er þess krafist, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar og að stefndu verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Málavextir.

Með kaupsamningi, dagsettum 27. júní 1986, keypti stefnda hæð og ris í húsinu nr. 39 við Hátún í Reykjavík af stefnanda ásamt bílskúr og tilheyrandi, eins og í kaupsamningi greinir. Kaupverð var 3.800.000 krónur, og skyldi útborgun vera 2.660.000 krónur, en síðasti hluti hennar, 360.000 krónur, skyldi greiddur 1. júlí 1987 í Sparisjóði vélstjóra í Reykjavík. Eftirstöðvar kaupverðs, 1.140.000 krónur, skyldu greiðast með veðskuldabréfi til 4 ára, í fyrsta sinn 15. júlí 1987, og skyldi fyrsta greiðsla vera 285.000 krónur.

Stefnukrafan er samtala þess, sem ógreitt er af útborgun, 360.000 krónur, og 1 afborgun af skuldabréfi, 285.000 krónur, eða 645.000 krónur.

Eftir að stefnda tók við eigninni, lét hún framkvæma eftirfarandi:

a) gera íbúðina hreina,
b) endurnýja raflagnir,
c) endurnýja hitalögn.

Þá telur stefnda, að íbúðin hafi verið haldin (sic) þeim göllum, að þak bílskúrs leki, en stefndu hefði verið sagt, að bílskúr væri gallalaus, og að raki væri í norðvesturhluta íbúðarinnar.

Stefnda lét dómkveðja matsmenn til að meta meinta galla á íbúðinni og bílskúrnum og ber fyrir sig matsgerð Magnúsar Guðjónssonar húsasmíðameistara og Magnúsar Sigurðssonar rafmagnstæknifræðings frá 2. maí sl.

Samkvæmt matsgerð þessari kostar 203.577 krónur að bæta úr þeim göllum, sem stefnda telur, að hafi verið á eigninni, er hún tók við henni.

Matsmenn hafa komið fyrir dóm og staðfest skýrslu sína, enn fremur stefnda sjálf og vitnin Sverrir Jónasson, Sveinbjörg Sverrisdóttir, Þorfinnur Guttormsson, Áslaugur Bjarnason og Óskar Hansson. Stefnandi hefur ekki komið fyrir dóm, en hún mun liggja á sjúkrahúsi.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að samkvæmt ákvæðum kaupsamnings aðila hafi stefndu borið að greiða henni stefnukröfu máls þessa og eftir almennum reglum samningaréttar og kröfuréttar beri að dæma hana til að greiða umstefnda fjárhæð auk málskostnaðar.

Við flutning málsins kvað talsmaður stefnanda það felast í kröfugerð sinni, að afsal yrði gefið út, eftir að stefnda hafi staðið við sinn hluta samningsins.

Af hálfu stefnanda er skuldajafnaðarkröfu stefndu mótmælt, þar sem ósannað sé, að eignin hafi verið haldin (sic) leyndum göllum, og stefnda hafi ekki gert neinn áskilnað um ástand hinnar seldu eignar, sem sé 40 ára gömul og hafi verið í eðlilegu ásigkomulagi, eins og við sé að búast um húseignir byggðar á svipuðum tíma og stað.

Af hálfu stefndu er á því byggt, að hún eigi rétt til skaðabóta úr hendi stefnanda vegna þeirra galla, sem fram hafi komið á eigninni og verið hafi leyndir við sölu hennar, og beri að skuldajafna fjárhæð þeirri, sem matsmenn hafi metið, að kostaði að bæta úr þeim, við kröfu stefnanda.

Forsendur og niðurstaða.

Enginn ágreiningur er um, að stefnda er í vanskilum með greiðslu skv. kaupsamningi og hefur hvorki gefið út né greitt afborgun og vexti af skuldabréfi, sem hún átti að gefa út samkvæmt kaupsamningi. Ber því að taka stefnukröfur málsins til greina.

Fram kemur í aðilaskýrslu stefndu hér fyrir dómi, að hún hafði sagt stefnanda, að hún hygðist mála íbúðina, þannig að ekki væri þörf á að gera hana hreina, áður en stefnda tæki við henni. Ekki koma þau gögn fram í málinu, að sannað sé, að stefndu hafi verið nauðsynlegt að gera íbúðina hreina, áður en hún var máluð, og verður því krafa hennar um endurgreiðslu vegna hreingerningar ekki tekin til greina.

Í skýrslu matsmanna hér fyrir dómi kemur fram, að sjá mátti, að bílskúr var siginn og sprunginn, og kom það einnig fram við skoðun dómsins á vettvangi 29. júní sl. Gaf það stefndu ærið tilefni til að skoða bílskúrinn frekar. Þetta gerði hún ekki, og ber hún hallann af því, enda ekki sannað, að henni hafi verið gert ómögulegt að skoða eða láta skoða bílskúrinn. Verður því ekki fallist á það með stefndu, að hér sé um leyndan galla að ræða, og hvorki er sannað í málinu, að stefnandi hafi ábyrgst, að engir

gallar væru á hinu selda að þessu leyti, né heldur hefur stefnda sýnt fram á, að hún hafi gert fyrirvara að þessu leyti við kaupin.

Húseign sú, er stefnda keypti, var um 40 ára gömul, og mátti gera ráð fyrir því, að endurnýja þyrfti hana að einhverju leyti, og ekki verður talið, að fram sé komið, að ástandi raflagna hafi verið leynt, enda þótt þær væru orðnar lélegar; þess var að vænta í jafngömlu húsi. Verður því ekki fallist á það með stefndu, að hún eigi kröfu á hendur stefnanda vegna endurnýjunar á raflögnum í íbúð hennar, enda ekki sannað í málinu, að stefnandi hafi ábyrgst ástand raflagna sérstaklega eða að stefnda hafi gert einhvern áskilnað sérstaklega um þær.

Um ástand hitalagna er það sama að segja og hér að framan segir um raflögn, og er krafa stefndu að þessu leyti ekki heldur tekin til greina.

Samkvæmt þessu er skuldajafnaðarkröfu stefndu hafnað, og eftir úrslitum málsins ber að dæma hana til að greiða stefnanda 125.000 krónur í málskostnað.

Allan Vagn Magnússon borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Ragnari Ingimarssyni verkfræðingi og Sæbirni Kristjánssyni byggingartæknifræðingi.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna sumarleyfa.

Dómsorð:

Stefnda, Kristín Ástríður Pálsdóttir, greiði stefnanda, Sigríði Þorláksdóttur, 645.000 krónur ásamt 36% ársvöxtum af 360.000 krónum frá 1. júlí 1987 til 15. sama mánaðar, 36% ársvöxtum af 645.000 krónum frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október s.á., 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s.á., 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1988, 51,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á., 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí s.á., 44,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí s.á., en með dráttarvöxtum skv. 10. gr., sbr. 12. gr., l. nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og 125.000 krónur í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fógetaréttur Reykjavíkur 7. október 1988.

Fjárnámsgerð.

Ár 1988, föstudaginn 7. október, er fógetaréttur Reykjavíkur settur að Skógarhlíð 6 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta, Júlíusi Guðmundssyni, með undirrituðum vottum.

Fyrir er tekið: Málið A-5353/1988: Sigríður Þorláksdóttir gegn Kristínu Ástríði Pálsdóttur.

Fógeti leggur fram nr. 1, gerðarbeiðni, nr. 2, birtan dóm bæjarþings Rvíkur, nr. 3, símskeyti. Nr. 1 fylgir í ljósriti. Nr. 2-3 fylgja í frumriti.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Ingi Ingimundarson hrl. og krefst fjárnáms fyrir kr. 645.000 með 36% ársv. frá 1.7. '87 til 15.7. '87, af kr. 645.000 frá þ.d. til 1.8. '87, 40,8% frá þ.d. til 1.9. '87, 42% frá þ.d. til 1.10. '87, 43,2% frá þ.d. til 1.11. '87, 45,6% frá þ.d. til 1.12. '87, 49,2% frá þ.d. til 1.1. '88, 51,6% frá þ.d. til 1.3. '88, 45,6% frá þ.d. til 1.5. '88, 44,4% frá þ.d. til 1.7. '88, en með hæstu lögl. drv. skv. l. 25/1987, 10. gr., sbr. 12. gr., eins og Seðlabanki Íslands ákveður á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags, kr. 125.000 í málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ, kr. 2025 fyrir gerðarbeiðni, auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli er ekki mættur þrátt fyrir löglega boðun.

Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda gerir fógeti fjárnám í eignarhluta gerðarþola í húsinu nr. 39 við Hátún, 1. hæð, sem gerðarþoli á skv. þinglýstum kaupsamningi. Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrir þýðingu gerðarinnar og brýnir fyrir mættum að skýra gerðarþola frá gerðinni. Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Miðvikudaginn 20. júní 1990.

Nr. 301/1989
og 39/1990. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Hallgrími Jóhannessyni
(Páll A. Pálsson hrl.).

Fjárdráttur. Svik. Skjalafals. Tékkalagabrot. Málasamsteypa.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Með stefnu 7. júlí 1989 áfrýjaði ríkissaksóknari til Hæstaréttar, að ósk ákærða, en jafnframt af hálfu ákæruvalds til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu, dómi sakadóms Keflavíkur 19. júní 1989 í máli, sem höfðað hafði verið af hálfu ákæruvalds gegn ákærða með ákærum 8. september 1987 og 20. júlí 1988. Þá hefur ríkissaksóknari með stefnu 10. janúar 1990, að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákæruvalds til þyngingar á refsingu, áfrýjað dómi sakadóms Keflavíkur 27. nóvember 1989 í máli á hendur ákærða, er höfðað hafði verið með ákæru 29. ágúst 1989.

Málin hafa verið sameinuð og flutt í einu lagi fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti er nú af hálfu ákæruvalds krafist staðfestingar hinna áfrýjuðu dóma, þó þannig, að refsing ákærða verði þyngd.

Af hálfu ákærða er krafist vægustu refsingar, sem lög leyfa, og komi gæsluvarðhaldsvist hans að fullu til frádráttar dæmdri refsingu.

Skaðabótakröfur þær, sem dæmdar voru í héraði, verða ekki teknar til meðferðar í Hæstarétti, þar sem verjandi ákærða og saksóknari hafa lýst því yfir við flutning málsins, að þeir æski þess ekki, sbr. 147. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

A.

Í II. kafla ákæru 20. júlí 1988, 3. lið, er Helgi Kr. Eiríksson sagður vera Einarsson.

Þá eru nokkrar misritanir og villur í héraðsdómi 19. júní 1989:

Héraðsdómur var kveðinn upp 19. júní 1989, en ekki 15. júní, eins og þar er sagt.

Þegar héraðsdómari tekur upp VII. kafla ákæru frá 20. júlí 1988, er tékkinn í 1. lið ranglega sagður dagsettur 10. apríl í stað 7. apríl. Þá tvítekur hann 3. lið, en sleppir 2. lið, sem hljóðar svo: „Tékki nr. 498609, að fjárhæð kr. 91.500.-, dagsettur 10. apríl 1986 til Landsbanka Íslands, innleystur í Miklubrautarútibúi bankans 10. apríl 1986." Tékkunum er rétt lýst í ákæru og úrlausn héraðsdómara í samræmi við ákæruefni.

Í úrlausn héraðsdómara á XII. kafla ákærunnar frá 20. júlí 1988 hefur nafn Bjarna M. Jóhannessonar, bróður ákærða, verið ritað í stað nafns Jóhannesar B. Bjarnasonar, föður ákærða.

B.

Ákæra 8. september 1987.

Ákærði er sakaður um að hafa falsað nafnritun Páls Sigurðssonar sem sjálfskuldarábyrgðarmanns á fjögur skuldabréf og nafnritun Guðmundar Jóhannessonar sem annars vitundarvottar að undirskrift og fjárræði sjálfskuldarábyrgðarmanna. Héraðsdómari sýknaði ákærða af því ákæruatriði að hafa falsað nafn Guðmundar, þar sem upplýst var, að ákærði hefði ritað nafn Guðmundar að honum viðstöddum og með samþykki hans. Ákærði var hins vegar sakfelldur fyrir að falsa nafn Páls, þar sem ósannað væri, að Páll hefði veitt ákærða leyfi til að rita nafn sitt. Ber að staðfesta þá niðurstöðu.

C.

Ákæra 20. júlí 1988.

Fallist er á sakarmat héraðsdómara og heimfærslu til refsiákvæða, að því er varðar brot ákærða, sem lýst er í I., III., IV., V., VII., VIII., IX., X., XIII. og XIV. kafla ákæru.

Í II. kafla ákæru er ákærða gefið að sök að hafa fengið starfsstúlku sína til að gefa út þrjá tékka á hlaupareikning Fáka sf. við Iðnaðarbanka Íslands hf., án þess að næg innstæða væri fyrir hendi, og hagnýtt sér síðan. Héraðsdómari taldi háttsemi ákærða varða við 73. gr. tékkalaga. Ákærði gaf ekki út framangreinda tékka og var því ranglega sakfelldur fyrir brot gegn 73. gr. tékka-

laga. Þar sem ákæruvaldið krefst staðfestingar á héraðsdómi, ber að sýkna ákærða af þessu ákæruatriði.

Í VI. kafla ákærunnar er ákærði sakaður um að hafa dregið sér 6 víxla, samtals að fjárhæð 358.941 krónu, samþykkta af Sigríði Rut Thorarensen f.h. verslunarinnar Blazer, og 6 tékka útgefna af henni f.h. Blazer hf. með sömu fjárhæðum og gjalddögum og víxlarnir. Ákærði hefur viðurkennt að hafa gerst sekur um þá háttsemi, sem lýst er í þessum kafla ákæru. Í ákæru er brotinu lýst á þann veg, að ákærði hafi aðskilið tékkana og víxlana og ráðstafað þeim í sitt hvora áttina (sic), þannig að tékkarnir fylgdu ekki víxlunum, eins og um var samið við Sigríði Rut, og hafi ákærði þannig dregið sér alla tékkana og víxlana og notað í eigin þágu. Fyrir dómi skýrði ákærði svo frá, að fyrstu fjórir víxlarnir og fyrstu fjórir tékkarnir hefðu fylgst að, er hann notaði þau skjöl fyrir hönd fyrirtækisins H. Jóhannessonar heildverslunar. Samkvæmt gögnum málsins og viðurkenningu ákærða þykir sannað, að hann hafi hagnýtt sér alla sex tékkana, og ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms, hvað þá varðar. Viðskipti ákærða og Sigríðar Rutar virðast hafa verið flókin og margt óljóst í þeim efnum. Framangreindir víxlar hafa ekki komið fram í máli þessu, og verður að telja ósannað, að ákærði hafi hagnýtt sér víxlana með þeim hætti, að refsivert sé. Ber því að sýkna ákærða af ákæru um fjárdrátt, að því er víxlana varðar.

Í XI. kafla ákærunnar er ákærða gefið að sök að hafa falsað nafnritun bræðra sinna, Bjarna M. Jóhannessonar og Guðmundar Hj. Jóhannessonar, til skiptis sem samþykkjenda á 8 víxla, sem ákærði gaf út. Ákærði hefur viðurkennt að hafa ritað nöfn bræðra sinna, en kveðst hafa haft leyfi þeirra til þess. Þessu hafa bræðurnir neitað. Ákærði hefur ekki rennt nægum stoðum undir þá fullyrðingu sína, að hann hafi haft heimild bræðra sinna til ritunar nafna þeirra, og ber því að staðfesta úrlausn héraðsdómara um sök ákærða, að því er þennan lið ákæru varðar, og færslu til refsiákvæða.

Í XII. kafla ákæru er ákærði sakaður um að hafa falsað nafnritanir á þrjú skuldabréf, sem hann hafi notað til að blekkja með í lögskiptum. Um er að ræða nöfn bræðra hans, Bjarna M. Jóhannessonar og Guðmundar Hj. Jóhannessonar, nafn föður hans, Jóhannesar Bj. Bjarnasonar, nafn sambýliskonu hans, Sigurbjargar

Gísladóttur, og nafn Páls Sigurðssonar. Ákærði hefur viðurkennt að hafa ritað nöfn þessara manna, en kveðst hafa haft leyfi þeirra til þess. Faðir ákærða og sambýliskona hafa borið, að ákærði hafi haft leyfi þeirra til að rita nöfn þeirra, og var ákærði í héraðsdómi sýknaður af því að hafa falsað nöfn þeirra. Héraðsdómari sakfelldi hins vegar ákærða fyrir að hafa falsað nöfn bræðra sinna og nafn Páls Sigurðssonar. Ber að staðfesta þá niðurstöðu.

D.

Ákæra 29. ágúst 1989.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og færslu til refsiákvæða.

E.

Refsingu ákærða ber að ákveða með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga. Þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár.

Ákærði sat í gæsluvarðhaldi frá 22. nóvember til 3. desember 1987. Kemur gæsluvarðhaldsvist hans að fullu til frádráttar dæmdri refsingu.

Staðfesta ber ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Hallgrímur Jóhannesson, sæti fangelsi í tvö ár. Gæsluvarðhaldsvist hans frá 22. nóvember til 3. desember 1987 komi til frádráttar refsingu hans.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað skulu vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Dómur sakadóms Keflavíkur 19. júní 1989.

Ár 1989, fimmtudaginn 15. (sic) júní, er í sakadómi Keflavíkur, sem haldinn er í skrifstofu dómsins, Hafnargötu 62, Keflavík, af Sigurði Halli

Stefánssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í máli nr. 3144/1987: Ákæruvaldið gegn Hallgrími Jóhannessyni, sem tekið var til dóms þann 24. f.m.

Málið var höfðað á hendur Hallgrími Jóhannessyni, Lyngholti 19, Keflavík, fæddum 22. júní 1948 á Ísafirði:

A. Með ákæru ríkissaksóknara, dags. 8. september 1987, „fyrir skjalafals, með því að hafa þann 16. janúar 1987 notað eftirtalin 4 skuldabréf útgefin 15. janúar 1987 af ákærða fyrir hönd Ísfjörðs hf., Smiðjustíg 13, Reykjavík, sem greiðslu kaupverðs fyrir Veitingastaðinn Greifann, Hamraborg 14, Kópavogi, sem Ísfjörð hf. keypti af Margeiri Sigurðssyni, Reykjafold 20, Reykjavík, eftir að hafa falsað á skuldabréfið nafnritun Páls Sigurðssonar, Háseylu 36, Innri-Njarðvík, sem annars sjálfskuldarábyrgðaraðila og nafnritun Guðmundar Jóhannessonar, Faxabraut 30, Keflavík, sem annars vitundarvotts að undirskrift og fjárræði sjálfskuldarábyrgðaraðila:

1. Skuldabréf nr. 45087 að fjárhæð kr. 400.000.
2. Skuldabréf nr. 45088 að fjárhæð kr. 400.000.
3. Skuldabréf nr. 45089 að fjárhæð kr. 400.000.
4. Skuldabréf nr. 45084 að fjárhæð kr. 600.000.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

B. Með ákæru ríkissaksóknara, dags. 20. júlí 1988, „fyrir eftirgreind brot á almennum hegningarlögum nr. 19, 1940, og lögum um tékka nr. 94, 1933, framin á árunum 1983 til 1987:

I.

Tékkasvik.

Með því að hafa sem prókúruhafi fyrir hönd Reykborgar gefið út tékka nr. 0773349 að fjárhæð kr. 280.624, dagsettan 4. febrúar 1985 til Iðnaðarbanka Íslands hf. á hlaupareikning sinn nr. 8555 við Búnaðarbanka Íslands, Austurbæjarútibú án þess að næg innistæða væri fyrir upphæð tékkans, enda var reikningnum lokað 18. desember 1984. Tékkann notaði ákærði til tryggingar greiðslu skuldar við Ásgeir Sverrisson, Sólvallagötu 32, Reykjavík, en Ásgeir fékk lánsfjárhæðina sem var sú sama og fjárhæð tékkans hjá föður sínum Sverri Jónssyni, Akraseli 25, Reykjavík og afhenti honum tékkann sem greiðslu á láninu. Sverrir fékk tékkanum skipt í Iðnaðarbankanum 4. febrúar 1985 fyrir tékka nr. 1317068 með sömu fjárhæð og dagsetningu útgefnum af Iðnaðarbanka Íslands hf. á hlaupareikning bankans nr. 700 til Landsbanka Íslands. Þennan tékka notaði Sverrir til

að greiða með ýmsar skuldir í Landsbanka Íslands og lagði afganginn kr. 46.055,30 inn á ávísanareikning sinn hjá bankanum.(RLR, mál nr. 634/85.)

Telst háttsemi ákærða varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og 73. gr. laga um tékka nr. 94, 1933, sbr. lög nr. 35, 1977.

II.

Tékkasvik.

Ákærða er gefið að sök að hafa fengið Margréti Kjartansdóttur, starfsstúlku sína, til að gefa út eftirfarandi þrjá tékka á hlaupareikning Fáka sf. nr. 8988 við Iðnaðarbanka Íslands hf., aðalbanka, án þess að næg innistæða væri fyrir upphæð tékkanna, sem ákærði hagnýtti sér síðan sem hér greinir:

1. Tékki nr. 1308914 að fjárhæð kr. 29.835, dagsettur 5. febrúar 1985 til handhafa. Margrét undirritaði tékkann, en ákærði útfyllti tékkann að öðru leyti, framseldi hann og notaði til þess að greiða skuld við Gunnar Sigurgíslason, bifvélavirkja, vegna viðgerðar á bifreið og var tékkinn innleystur í Landsbanka Íslands, Miklubrautarútibúi, 5. febrúar 1985.
2. Tékki nr. 1308909 að fjárhæð kr. 110.000, dagsettur 28. febrúar 1985 til handhafa. Margrét útfyllti tékkann og gaf hann út, en ákærði framseldi hann og notaði til að greiða víxil í Landsbanka Íslands, aðalbanka 28. febrúar 1985.
3. Tékki nr. 1308916 að fjárhæð kr. 108.000, dagsettur 1. mars 1985 til ákærða. Margrét undirritaði tékkann, en ákærði útfyllti tékkann að öðru leyti og framseldi hann. Tékkinn er einnig framseldur af Helga Kr. Einarssyni (sic), Álftaseli 20, Reykjavík, og stimpli (sic) Húsasmiðjunnar hf. Ákærði notaði tékkann til þess að greiða skuld við Helga Kristin, sem notaði hann til að greiða skuld við Húsasmiðjuna hf., sem innleysti tékkann í Austurbæjarútibúi Landsbanka Íslands. (RLR, mál nr. 1056/85 og 3153/85.)

Telst háttsemi ákærða varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en til vara við 73. gr. laga um tékka nr. 94, 1933, sbr. lög nr. 35, 1977, að því er varðar tölulið 2.

III.

Fjárdráttur.

Dregið sér eftirtalda fimm víxla samþykkta af Svölu Haukdal, Stigahlíð 71, Reykjavík, samtals að fjárhæð kr. 592.696.

1. Víxill að fjárhæð kr. 132.470 með gjalddaga 26. mars 1986.
2. Víxill að fjárhæð kr. 132.726 með gjalddaga 6. apríl 1986.
3. Víxill að fjárhæð kr. 133.110 með gjalddaga 16. apríl 1986.
4. Víxill að fjárhæð kr. 134.390 með gjalddaga 26. apríl 1986.

5. Víxill að fjárhæð kr. 60.000 með gjalddaga 7. apríl 1986.

Ákærði tók við víxlum þessum frá Svölu í því skyni að sjá um að leysa vörur út úr tolli fyrir hana, en ákærði notaði víxlana í eigin þágu. (RLR, mál nr. 1691/86.)

Háttsemi ákærða telst varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

IV.

Fjárdráttur.

Dregið sér sex víxla samtals að fjárhæð kr. 380.000. Fimm víxlanna voru að fjárhæð kr. 65.000, en einn kr. 55.000 með gjalddögum 13. mars, 20. mars, 27. mars, 3. apríl, 10. apríl og 17. apríl 1986, samþykktir af Finni Veturliða Magnússyni, Næfurási 3, Reykjavík, fyrir hönd verslunarinnar Hreiðrið, Greinsásvegi (sic) 12, Reykjavík. Ákærði tók við víxlum þessum frá Finni Veturliða í janúar 1986 í því skyni að annast úttekt á vörum úr tolli fyrir verslunina, en hafði heimild Finns til að nota víxlana tímabundið gegn loforði um að afhenda Finni vörurnar fyrir andvirði víxlanna á tímabilinu 15. til 28. febrúar 1986. Ákærði stóð ekki við það loforð en notaði víxlana algerlega í eigin þágu. (RLR, mál nr. 1862/86.)

Háttsemi ákærða telst varða við 1. mgr. 247. gr., en til vara við 249. gr. almennra hegningarlaga.

V.

A. Skjalafals.

Málið er einnig höfðað gegn ákærða fyrir skjalafals með því að hafa þann 5. maí 1986 framvísað í Landsbanka Íslands, Múlaútibúi, beiðni um opnun tékkareiknings í nafni fyrirtækisins Hallco hf. eftir að hafa falsað nöfn Sigurbjargar Gísladóttur og Jóhönnu Jóhannesdóttur meðstjórnenda í fyrirtækinu á beiðnina, en ákærði Hallgrímur er stjórnarformaður og framkvæmdastjóri fyrirtækisins með prókúruumboði. Samkvæmt beiðni þessari var þann 6. maí stofnaður tékkareikningur nr. 8240 á nafni Hallco hf.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

B. Tékkasvik.

Þá er ákærða gefið að sök að hafa gefið út eftirtalda tvo tékka til Finns Magnússonar á áðurnefndan tékkareikning nr. 8240 við Landsbanka Íslands, Múlaútibú, án þess að næg innistæða væri fyrir upphæð tékkanna:

1. Tékki nr. 1824510 að fjárhæð kr. 250.000, dagsettur 9. maí 1986.
2. Tékki nr. 1824511 að fjárhæð kr. 250.000, dagsettur 9. maí 1986.

Tékkana afhenti ákærði Finni Veturliða Magnússyni, Næfurási 3, Reykjavík, sem greiðslu skuldar. (RLR, mál nr. 1863/86.)

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga, en til vara 73. gr. laga nr. 94, 1933, sbr. lög nr. 35,1977.

VI.

Fjárdráttur.

Dregið sér eftirtalda sex víxla samtals að fjárhæð kr. 358.941, samþykkta af Sigríði Rut Thorarensen, Stigahlíð 4, Reykjavík, fyrir hönd verslunarinnar Blazer, Klapparstíg 26:

1. Víxill að fjárhæð kr. 46.975 með gjalddaga 28. desember 1985.
2. Víxill að fjárhæð kr. 47.100 með gjalddaga 5. janúar 1986.
3. Víxill að fjárhæð kr. 48.658 með gjalddaga 14. janúar 1986.
4. Víxill að fjárhæð kr. 66.585 með gjalddaga 18. janúar 1986.
5. Víxill að fjárhæð kr. 96.528 með gjalddaga 23. janúar 1986.
6. Víxill að fjárhæð kr. 53.100 með gjalddaga 7. febrúar 1986.

Ákærði tók við víxlum þessum hjá Sigríði Rut í því skyni að hann annaðist um að leysa vörur fyrir verslun hennar út úr tolli, en ákærði notaði víxlana í eigin þágu.

Þá er ákærða gefið að sök að hafa dregið sér eftirtalda sex tékka útgefna af Sigríði Rut Thorarensen fyrir hönd Blazer hf., Klapparstíg 26, á hlaupareikning nr. 1138 við Landsbanka Íslands:

1. Tékki nr. 492659 að fjárhæð kr. 46.975 til handhafa, dagsettur 28.12. 1985, framseldur af I. Magnúsdóttur, Dalsbyggð 20. Tékkinn var innleystur í Múlaútibúi Landsbankans 11. febrúar 1986.

2. Tékki nr. 492660 að fjárhæð kr. 47.100 til handhafa, dagsettur 5. janúar 1986, framseldur af I. Magnúsdóttur. Innleystur í Múlaútibúi Landsbankans 11. febrúar 1986.

3. Tékki nr. 492661 að fjárhæð kr. 48.658 til handhafa, dagsettur 14. janúar 1986, framseldur af I. Magnúsdóttur. Innleystur í Múlaútibúi Landsbankans 11. febrúar 1986.

4. Tékki nr. 492658 að fjárhæð kr. 66.585 til Landsbanka Íslands, dagsettur 18. janúar 1986. Innleystur í Austurbæjarútibúi Landsbankans 20. janúar 1986.

5. Tékki nr. 492652 að fjárhæð kr. 96.528 til handhafa, dagsettur 23. janúar 1986, framseldur af ákærða vegna H. Jóhannessonar heildverslunar og Skarphéðni Þórissyni hrl. Innleystur í Iðnaðarbankanum, Lækjargötuútibúi.

6. Tékki nr. 492667 að fjárhæð kr. 53.100 til handhafa, dagsettur 7. febrúar 1986, framseldur af ákærða og Hönnu Kragh, Hátúni 10A. Innleystur í Háaleitisútibúi Búnaðarbankans.

Ákærði tók við tékkum þessum frá Sigríði Rut í desember 1985. Tékkarnir eru með sömu fjárhæðum og sömu útgáfudögum og gjalddagar víxlanna sex sem raktir eru hér að ofan og átti hver víxill og tékki að fylgjast að þannig að tékkinn yrði notaður til að greiða hvern víxil á gjalddaga. Ákærði aðskildi tékkana og víxlana og ráðstafaði þeim í sitt hvora (sic) áttina þannig að tékkarnir fylgdu ekki víxlunum eins og um var samið við Sigríði. Með þessum hætti dró ákærði sér alla tékkana og víxlana og notaði í eigin þágu. (RLR, mál nr. 1987/86.)

Háttsemi ákærða telst varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

VII.

Tékkasvik.

Ákærða er gefið að sök að hafa dregið sér eftirtalda þrjá tékka á hlaupareikning nr. 1138 við Landsbanka Íslands, Vesturbæjarútibú, útgefna af Sigríði Rut Thorarensen, Stigahlíð 4, Reykjavík, fyrir hönd Blazer hf., Klapparstíg 26, Reykjavík:

1. Tékki nr. 498607, að fjárhæð kr. 125.000, dagsettur 10. (sic) apríl 1986 til Landsbanka Íslands, innleystur í Austurbæjarútibúi bankans 9. apríl 1986.

2. Tékki nr. 498621, að fjárhæð kr. 67.940, dagsettur 27. apríl 1986. Tékkinn hefur verið stílaður á Landsbankann, en strikað yfir það og skrifað handhafa í staðinn. Tékkinn er framseldur af Ellert K. Steindórssyni, Leirubakka 20, og innleystur í Vesturbæjarútibúi Landsbankans 28. apríl 1986. (RLR, mál nr. 2150/87.)

3. Tékki nr. 498621, að fjárhæð kr. 67.940, dagsettur 27. apríl 1986. Tékkinn hefur verið stílaður á Landsbankann, en strikað yfir það og skrifað handhafa í staðinn. Tékkinn er framseldur af Ellert K. Steindórssyni, Leirubakka 20, og innleystur í Vesturbæjarútibúi Landsbankans 28. apríl 1986. (RLR, mál nr. 2150/87.)

Háttsemi ákærða telst varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

Tékkasvik.

Með því að hafa fyrir hönd Firmasölunnar, Hamraborg 12, Kópavogi, gefið út til handhafa eftirtalda tvo tékka á tékkareikning Firmasölunnar nr. 27117 við Landsbanka Íslands, Breiðholtsútibú, án þess að næg innistæða væri fyrir upphæð tékkanna og notað í viðskiptum sem hér greinir:

1. Tékki nr. 1198008, að fjárhæð kr. 75.000, dagsettur 12. júní 1987, framseldur af Guðmundi Björnssyni og Ragnheiði Karlsdóttur. Tékkann notaði ákærði til að greiða skuld við Guðmund Gísla Björnsson, bifreiðastjóra, Austurbergi 4, Reykjavík, vegna hrossaflutninga.

2. Tékki nr. 1198030, að fjárhæð kr. 514.250, dagsettur 22. júní 1987,

framseldur af Finni Magnússyni með stimplinum Hreiðrið. Tékkann notaði ákærði til að greiða skuld við Finn Veturliða Magnússon, Furugrund 79, Kópavogi. (RLR, mál nr. 2987/87.)

Háttsemi ákærða telst varða við 248. gr. almennra hegningarlaga, en til vara við 73. gr. laga nr. 94, 1933, sbr. lög nr. 35, 1977.

IX.

Tékkasvik.

Ákærða er gefið að sök að hafa fengið ónafngreinda stúlku sem var starfsmaður ákærða, til að gefa út fyrir hönd Ísfjörðs hf. tékka nr. 5032624 að fjárhæð kr. 70.560, dagsettan 2. júní 1987 á tékkareikning nr. 7692 við Verslunarbanka Íslands hf. til Pósts og síma. Tékkinn var framseldur Póstútibúið H-1 Sigríður Hansdóttir (sic). Ákærði fékk stúlkuna til að opna nefndan reikning og ritaði hún nafn sitt á tékkaeyðublaðið óútfyllt. Ákærði fyllti síðan tékkann (sic) og notaði hann til greiðslu póstburðargjalda frá Pósti og síma þó honum væri fullkunnugt um að ekki var næg innistæða fyrir upphæð tékkans. (RLR, mál nr. 3067/87.)

Háttsemi ákærða telst varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

X.

Tékkasvik.

Ákærða er gefið að sök að hafa fengið sömu stúlku til að gefa út fyrir hönd Greifans-Grill, Hamraborg 14, Kópavogi, tékka nr. 0715429 að fjárhæð kr. 43.700 dagsettan 10. apríl 1987 á tékkareikning nr. 19692 við Búnaðarbanka Íslands, Kópavogi til Þórðar Guðmundssonar. Tékkinn er framseldur af Þórði Guðmundssyni, Fellsmúla 5. Stúlkan opnaði nefndan tékkareikning að beiðni ákærða og útfyllti tékkann að fyrirmælum hans. Ákærði notaði tékkann til greiðslu til nefnds Þórðar fyrir gerð útvarpsauglýsingar fyrir skyndibitastaðinn Greifann-Grill, Kópavogi, þó hann vissi fullvel að ekki var næg innistæða fyrir upphæð tékkans. (RLR, mál nr. 3181/87.)

Háttsemi ákærða telst varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

XI.

Skjalafals.

Með því að hafa þann 29. júlí 1987 lagt eftirtalda 8 víxla samtals að fjárhæð kr. 605.000, útgefna af ákærða fyrir hönd Ísfjörðs hf. inn til innheimtu í Austurbæjarútibú Landsbankans eftir að hafa falsað nafnritun bræðra sinna ýmist Bjarna Magnúsar Jóhannessonar, Mávabraut 9F, Keflavík eða Guðmundar Hjartar Falk Jóhannessonar, Faxabraut 30, Keflavík,

sem samþykkjanda á víxlana. Andvirði víxlanna átti að renna til greiðslu skuldar ákærða við Landsbankann:

1. Víxill nr. 90384 með gjalddaga 20. ágúst 1987, fjárhæð kr. 68.000. Nafn samþykkjanda Bjarni M. Jóhannesson.

2. Víxill nr. 90385 með gjalddaga 25. ágúst 1987, fjárhæð kr. 75.000. Nafn samþykkjanda Guðmundur Hj. Jóhannesson.

3. Víxill nr. 90386 með gjalddaga 1. september 1987, fjárhæð kr. 74.000. Nafn samþykkjanda Bjarni M. Jóhannesson.

4. Víxill nr. 90387 með gjalddaga 10. september 1987, fjárhæð kr. 75.000. Nafn samþykkjanda Guðmundur Hj. Jóhannesson.

5. Víxill nr. 90388 með gjalddaga 15. september 1987, fjárhæð kr. 79.000. Nafn samþykkjanda Bjarni M. Jóhannesson.

6. Víxill nr. 90389 með gjalddaga 25. september 1987, fjárhæð kr. 75.000. Nafn samþykkjanda Guðmundur Hj. Jóhannesson.

7. Víxill nr. 90390 með gjalddaga 30. september 1987, fjárhæð kr. 84.000. Nafn samþykkjanda Bjarni M. Jóhannesson.

8. Víxill nr. 90391 með gjalddaga 10. október 1987, fjárhæð kr. 75.000. Nafn samþykkjanda Guðmundur Hj. Jóhannesson. (RLR, mál nr. 3981/87.)

Háttsemi ákærða telst varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

XII.

Skjalafals.

Notað eftirtalin þrjú skuldabréf til þess að blekkja með þeim í lögskiptum eftir að hafa falsað á þau nafnritanir sem hér greinir:

1. Skuldabréf með lánskjaravísitölu útgefið 5. febrúar 1987, að fjárhæð kr. 300.000 með 12 afborgunum á eins mánaðar fresti í fyrsta sinn 15. mars 1987. Á bréfið falsaði ákærði allar nafnritanir sem hér greinir: Bjarni M. Jóhannesson sem útgefanda, Jóhannes Bj. Bjarnason og Sigurbjörg Gísladóttir sem sjálfskuldarábyrgðaraðila og Páll Sigurðsson og Guðmundur Jóhannesson sem votta. Skuldabréfið seldi ákærði hjá Ávöxtun sf., Laugavegi 97, Reykjavík, 9. febrúar 1987 og fékk greitt fyrir það kr. 268.853,80 sem hann ráðstafaði í eigin þágu.

2. Skuldabréf útgefið 30. desember 1986, að fjárhæð kr. 600.000 með 8 jöfnum afborgunum á þriggja mánaða fresti í fyrsta skipti 2. apríl 1987. Á bréfið falsaði ákærði nafnritunina Guðmundur Jóhannesson sem útgefanda bréfsins. Skuldabréfið notaði ákærði til greiðslu skuldar við Finn Magnússon, Furugrund 79, Kópavogi.

3. Skuldabréf útgefið 30. desember 1986, að fjárhæð kr. 600.000 með 8 jöfnum afborgunum á þriggja mánaða fresti í fyrsta skipti 2. apríl 1987. Á bréfið falsaði ákærði nafnritunina Sigurbjörg Gísladóttir sem útgefanda

bréfsins og notaði skuldabréfið til greiðslu skuldar við Finn Magnússon, Furugrund 79, Kópavogi. (RLR, mál nr. 3981/87.)

Háttsemi ákærða telst varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

XIII.

Skjalafals.

Ákærða er gefið að sök að hafa lagt inn til Hlutafélagaskrár, Lindargötu 46, Reykjavík, og firmaskrár Kópavogs, 3 tilkynningar eftir að hafa falsað á þær nafnritanir sem hér greinir:

1. Tilkynning um hlutafélag, dagsett 6. október 1983, um félagið Ísfjörð hf., umboðs- og heildverslun. Á tilkynninguna falsaði ákærði í dálk fyrir rithandarsýnishorn nafnritunina Hjaltlína Agnarsdóttir.

2. Tilkynning um hlutafélag, dagsett 22. apríl 1986, um félagið Hallco hf., Á tilkynninguna falsaði ákærði í dálk fyrir rithandarsýnishorn nafnritanirnar Sigurbjörg Gísladóttir, Jóhanna Jóhannesdóttir og Bjarni M. Jóhannesson og í dálk fyrir upplýsingar um hverjir rita firmað nafnritunina Sigurbjörg Gísladóttir.

3. Tilkynning til firmaskrár, dagsett 1. júní 1987, um félagið Firmasalan, Hamraborg 12, Kópavogi. Á tilkynninguna falsaði ákærði í dálk fyrir upplýsingar um hverjir rita firmað nafnritanirnar Jóhannes Bj. Bjarnason og Sigurbjörg Gísladóttir og undir tilkynninguna nafnritunina Jóhannes Bj. Bjarnason. (RLR, mál nr. 3981/87.)

Háttsemi ákærða telst varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

XIV.

Fjárdráttur.

Dregið sér tvo víxla, annan að fjárhæð kr. 156.800 með gjalddaga 30. apríl 1987 en hinn að fjárhæð kr. 162.400 með gjalddaga 15. maí 1987, samþykkta af Finni Magnússyni fyrir hönd verslunarinnar Hreiðursins og tvo tékka með sömu fjárhæðum og dagsetningum. Ákærði tók við víxlum þessum og tékkum frá Finni 19. mars 1987 í því skyni að sjá um að framlengja víxli (sic) samþykktan af Finni fyrir hönd Hreiðursins að fjárhæð kr. 280.000.- með gjalddaga 15. mars 1987 en ákærði hafði engan ráðstöfunarrétt á þeim víxli. Ákærði nýtti sér báða víxlana og tékkana í eigin þágu. (RLR, mál nr. 3981/87.)

Háttsemi ákærða telst varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

A.

Þann 16. janúar 1987 undirrituðu ákærði f.h. Ísfjörðs hf. sem kaupandi og Margeir Sigurðsson sem seljandi kaupsamning um veitingastaðinn Greifann, Hamraborg 14, Kópavogi. Kaupverðið, kr. 1.800.000, var greitt með 4 verðtryggðum skuldabréfum útgefnum 15. janúar 1987 af ákærða pr. pr. Ísfjörð hf., 3 að fjárhæð kr. 400.000 og 1 að fjárhæð kr. 600.000. Undirskrift ákærða var vottuð af Kristni Bernburg, sem sá um sölu fyrirtækisins. Sjálfskuldarábyrgðarmenn á bréfunum voru Páll Sigurðsson, Háseylu 36, Njarðvík, og Jóhannes Bj. Bjarnason, Faxabraut 30, Keflavík, faðir ákærða, en vottar að undirskrift þeirra og fjárræði voru Sigurbjörg Gísladóttir, sambýliskona ákærða, og Guðmundur Jóhannesson, bróðir hans. Þegar ekki var staðið í skilum með greiðslu afborgana af skuldabréfunum, reyndi Jón Oddsson hrl. löghald hjá Páli Sigurðssyni, sem við löghaldsgerðina sagði nafnritun sína falsaða. Kom sakarefnið til rannsóknar hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, eftir að nefndur lögmaður hafði sent kæru f.h. Margeirs Sigurðssonar vegna ætlaðs skjalafals ákærða.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa skrifað nöfn Páls Sigurðssonar og Guðmundar Jóhannessonar.

Ákærði lýsti því við fyrstu yfirheyrslu, að hann hefði rætt það við Pál, er þeir hittust í hesthúsi ákærða í ársbyrjun 1987, að Páll skrifaði fyrir hann á skuldabréf að fjárhæð kr. 2.000.000. Páll hafi fallist á það, ef annar ábyrgðaraðili yrði á bréfinu. Hann kvaðst síðan hafa haft símasamband við Pál, er gengið var frá kaupunum, og fengið leyfi hans til að skrifa sjálfur nafn hans á skuldabréfin. Við samprófun hjá RLR féll ákærði frá þeirri fullyrðingu sinni, að Páll Sigurðsson hefði gefið sér heimild til að rita nafn hans á skuldabréfin. Er málið var tekið fyrir hér fyrir dómi, kvaðst ákærði taka aftur framburð sinn við samprófun hjá rannsóknarlögreglu að því leyti, að hið rétta væri, að hann hefði hringt til Páls Sigurðssonar og fengið samþykki hans fyrir því að rita nafn hans sem ábyrgðarmanns að skuldabréfum að fjárhæð um kr. 2.000.000. Ástæða þess, að hann ritaði nafn Páls, hafi verið sú, að hann hafi talið sig vera í tímaþröng við að ganga frá kaupum veitingastaðarins. Ástæðu þess, að hann bar rangt við samprófun, kvað hann vera þá, að hann hefði viljað hlífa gamla manninum, sem sennilega hafi haldið, að hann væri greiðsluskyldur, ef hann hefði veitt samþykki til undirskriftar.

Páll Sigurðsson hefur staðfastlega neitað að hafa veitt ákærða leyfi til ritunar nafns síns. Hann kvað ákærða hafa eitt sinn nefnt við sig, er þeir voru staddir í hesthúsi ákærða, að hann væri að fara að kaupa veitingastaðinn Greifann, og beðið sig að vera ábyrgðarmann á skuldabréfum vegna kaupanna. Kvaðst hann ekki hafa samþykkt það. Þetta tal hafi fallið niður, er aðrir menn komu í hesthúsið. Er hann hafi farið út úr hesthúsinu, hafi

ákærði sagt: „Ég hef símasamband við þig.“ Það hafi ákærði hins vegar ekki gert og aldrei til þess komið, að hann gæfi leyfi til, að nafn hans yrði skrifað á skuldabréfin.

Ákærði og bróðir hans, Guðmundur, hafa báðir borið, að ákærði hafi ritað nafn Guðmundar sem vitundarvotts á skuldabréfin með samþykki hans og að honum viðstöddum. Guðmundur kvað foreldra sína hafa einnig verið viðstadda, og hafi hann verið að votta undirskrift föður síns. Framburður þeirra hlýtur stoð í framburði móður þeirra, Hjaltlínu Agnarsdóttur.

Ritun ákærða á nafni Guðmundar Jóhannessonar fellur ekki innan skilgreiningar skjalafals samkvæmt 155. gr. almennra hegningarlaga, sbr. greinargerð með frumvarpi að lögunum: „Falsað er skjal, þegar það, með því efni, sem það hefur, stafar ekki frá þeim manni, sem það gefur sjálft til kynna, að það sé frá, eða vitað er um, að það á að stafa frá.“ Ber samkvæmt þessu að sýkna ákærða af því ákæruatriði, sem að þessu lýtur, en að öðru leyti er sannað með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins, að hann hefur gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru, dags. 8. september 1987, og þar er rétt færð til refsiákvæðis.

B.

(Fylgt verður kaflaskipan ákæruskjals dags. 20. júlí 1988.)

I.

Þann 14. febrúar 1985 kærði Iðnaðarbanki Íslands hf. til rannsóknarlögreglu ríkisins vegna eftirfarandi: Hinn 4. febrúar s.á. hafi maður komið í afgreiðslu bankans og framvísað tékka útgefnum af ákærða sem prókúruhafa f.h. Reykborgar, Hverfisgötu 78, Reykjavík, að fjárhæð kr. 280.624, á hlaupareikning nr. 8555 við Búnaðarbanka Íslands, Austurbæjarútibú. Maðurinn hafi farið fram á við gjaldkera, að bankinn gæfi út tékka sömu fjárhæðar á Landsbanka Íslands, en keypti fyrrgreindan tékka á móti. Við þessu hafi verið orðið. Við framvísun á Búnaðarbankatékkanum daginn eftir hafi innistæða ekki reynst vera fyrir hendi, enda hafi reikningnum verið lokað 18. desember 1984.

Ákærði fékk þann 4. desember 1984 lánaðar kr. 280.624 hjá Ásgeiri Sverrissyni, Sólvallagötu 32, Reykjavík. Til tryggingar greiðslu lánsins afhenti hann Ásgeiri tékka nr. 0773349, sömu fjárhæðar, dagsettan 4. febrúar 1985, til Iðnaðarbanka Íslands hf. á hlaupareikning nr. 8555 við Búnaðarbanka Íslands, Austurbæjarútibú. Til lokunar á reikningnum kom 18. desember 1984. Ákærði kveðst hafa reynt að ná í Ásgeir, þegar leið að gjalddaga lánsins, til að koma í veg fyrir, að tékkinn færi í banka. Ásgeir Sverrisson hafði fengið framangreinda lánsfjárhæð hjá föður sínum og

afhenti honum tékkann sem greiðslu á láninu. Sverrir fékk tékkanum skipt í Iðnaðarbankanum 4. febrúar 1985 fyrir tékka nr. 1317068 með sömu fjárhæð og dagsetningu útgefnum af Iðnaðarbanka Íslands h.f á hlaupareikning bankans nr. 700 til Landsbanka Íslands. Þann tékka notaði Sverrir til að greiða með ýmsar skuldir í Landsbanka Íslands og lagði afganginn, kr. 46.055,30, inn á tékkareikning sinn hjá bankanum.

Sannað þykir með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í þessum kafla ákæru. Háttsemin varðar við 73. gr. laga um tékka nr. 94/1933, sbr. lög nr. 35/1977, en rétt þykir að sýkna hann af ákæru um brot á 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þar sem auðgunartilgangur er ekki sannaður.

II.

Margrét Kjartansdóttir, f. 11.2. 1961, vann almenn skrifstofustörf frá desember 1984 fyrir fyrirtækið H. Jóhannesson heildverslun, sem þá var nýstofnað. Að beiðni ákærða tók hún að sér að hafa prókúruumboð, enda sá hún um að fara í banka og toll, en hafði ekkert með fjármál fyrirtækisins að gera utan það að skrifa undir tékka og víxla fyrir hönd þess. Um svipað leyti stofnaði ákærði fyrirtækið Fáka sf. ásamt tveimur öðrum mönnum. Að beiðni þeirra tók Margrét einnig að sér prókúru fyrir það fyrirtæki og var skrifuð fyrir ávísanareikningi þess.

Ákærði ber alla ábyrgð á útgáfu og notkun þeirra tékka, sem um ræðir í þessum kafla ákæru.

Tékkunum er rétt lýst í ákæru, númerum, fjárhæðum, dagsetningum og notkun.

Sannað er með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins, að hann hefur gerst sekur um þá háttsemi, sem lýst er í þessum kafla ákæru. Háttsemin varðar við 73. gr. laga nr. 94/1933, sbr. lög nr. 35/1977, sbr. og 2. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974, en rétt þykir að sýkna hann af ákæru um brot á 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þar sem ekki er sýnt fram á, að brot séu framin í auðgunarskyni.

III.

Í febrúar 1986 komst ákærði í kynni við Svölu Haukdal, eiganda verslunarinnar Dömugarðsins, Reykjavík, er hún svaraði dagblaðaauglýsingu hans (fyrirtækisins H. Jóhannessonar, Laugavegi 66, Reykjavík) um, að hann tæki að sér að leysa út vörur úr tolli fyrir fyrirtæki.

Svala Haukdal afhenti ákærða tollskjöl yfir 3 vörusendingar og 3 víxla samþykkta af sér með gjalddaga 17. mars 1986, 22. mars 1986 og 7. apríl 1986, samtals að fjárhæð kr. 181.136. Ákærði leysti út 2 af sendingunum, en sveikst um að leysa út hina þriðju, sem Svala Haukdal hafði greitt með

víxli að fjárhæð kr. 60.000 með gjalddaga 7. apríl 1986. Að samkomulagi varð, að sá víxill gengi til að leysa út næstu vörusendingar. Jafnframt samþykkti Svala Haukdal og afhenti í sama skyni ákærða 4 víxla að fjárhæðum kr. 132.470 með gjalddaga 26. mars 1986, kr. 132.726 með gjalddaga 6. apríl 1986, kr. 133.110 með gjalddaga 16. apríl 1986 og kr. 134.390 með gjalddaga 26. apríl 1986.

Ákærði leysti ekki út vörurnar, en notaði víxlana, samtals að fjárhæð kr. 592.696, í eigin þágu án heimilda frá Svölu Haukdal eða vitundar hennar.

Með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins er sannað, að hann hefur gerst sekur um þá háttsemi, sem lýst er í þessum kafla ákæru. Háttsemin varðar við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

IV.

Í janúar 1986 gerði Finnur Veturliði Magnússon, Dalseli 19, Reykjavík, samkomulag við ákærða um, að hann annaðist um úttekt á vörum úr tolli fyrir verslun hans, Hreiðrið. Í því skyni afhenti Finnur Veturliði ákærða sex víxla samtals að fjárhæð kr. 380.000. Fimm víxlanna voru að fjárhæð kr. 65.000, en einn kr. 55.000 með gjalddögum 13. mars 1986, 27. mars 1986, 3. apríl 1986, 10. apríl 1986 og 17. apríl 1986. Víxlarnir voru samþykktir af Finni Veturliða fyrir hönd verslunarinnar Hreiðursins, Grensásvegi 12, Reykjavík. Ákærði afhenti Finni Veturliða Magnússyni kvittun um fyrirframgreiðslu húsgagna, kr. 380.000, sem skyldu afhendast 15. - 28. febrúar 1986.

Ákærði hafði heimild til að nota víxlana tímabundið í eigin þágu vegna fjárhagsvandræða og greiddi með þeim skuldir sínar, en stóð ekki við loforð um að afhenda Finni Veturliða vörur fyrir andvirði þeirra.

Með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins er sannað, að hann hefur gerst sekur um þá háttsemi, sem lýst er í þessum kafla ákæru. Háttsemin varðar við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

V.

A. Ákærði var stjórnarformaður og framkvæmdastjóri með prókúruumboði Hallco hf., sem skrásett var sem umboðs- og heildverslun. Þann 6. maí 1986 var tékkareikningur nr. 8240 stofnaður á nafni firmans í Múlaútibúi Landsbanka Íslands. Var það gert samkvæmt skriflegri umsókn, sem lögð var inn daginn áður, undirrituð af ákærða og með nöfnum Sigurbjargar Gísladóttur og Jóhönnu Jóhannesdóttur.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ritað nöfn sambýliskonu sinnar, Sigurbjargar Gísladóttur, og systur, Jóhönnu, á beiðnina, en kveðst hafa haft samþykki þeirra fyrir nafnritununum. Sigurbjörg Gísladóttir hefur skýrt

svo frá fyrir dómi, að hún hafi ekki skrifað nafn sitt á beiðnina, en hins vegar hafi hún gefið ákærða fullt umboð til að skrifa nafn sitt. Hún kvaðst hafa gefið honum leyfi til að nota nafn sitt til undirskrifta á skjöl, eftir því sem hann teldi þurfa þykja í sambandi við hin ýmsu fyrirtæki og fjármálaráðstafanir hans. Ekki hefur tekist að fá Jóhönnu Jóhannesdóttur til skýrslugjafar.

Með framburði ákærða og vitnisins Sigurbjargar Gísladóttur og með vísan til 108. gr. laga nr. 74/1974 þykir ekki sannað, að ritun ákærða á nöfnum þeim, sem hér um ræðir, hafi verið heimildarlaus, og þykir hann því eigi hafa unnið til refsingar með nafnritununum.

B. Ákærði hefur viðurkennt að hafa gefið út tvo tékka til Finns Veturliða Magnússonar á tékkareikning nr. 8240 við Landsbanka Íslands, Múlaútibúi, án þess að næg innistæða væri fyrir upphæð þeirra. Tékkunum er rétt lýst í þessum kafla ákæru, númerum þeirra, fjárhæðum og dagsetningum.

Um mánaðamót apríl - maí 1986 lét Finnur Veturliði Magnússon ákærða fá tvo víxla samþykkta af sér, hvorn að fjárhæð kr. 250.000. Nokkru síðar, eða 9. maí, afhenti ákærði Finni Veturliða framangreinda tékka til greiðslu víxlanna. Ákærða var ljóst, að innistæðu skorti fyrir tékkunum, og sýndi nokkra viðleitni til að fá Finn Veturliða til að fresta því að innleysa þá, en hann hafði þá þegar innleyst annan tékkann og frestaði innlausn hins.

Með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins er sannað, að hann hefur gerst sekur um háttsemi þá, sem lýst er í þessum kafla ákæru. Háttsemin varðar við 73. gr. laga nr. 94/1933, sbr. lög nr. 35/1977.

VI.

Þann 28. maí 1986 kærði Sigríður Rut Thorarensen, Stigahlíð 4, Reykjavík, til rannsóknarlögreglu ríkisins vegna eftirfarandi: Hún kvað ákærða í máli þessu hafa í nokkur skipti aðstoðað sig við að leysa út vörur úr tolli og hún þá greitt honum andvirði vörunnar með víxlum, sem hún samþykkti til greiðslu fyrir hönd verslunar sinnar, Blazer. Í desember 1985 hafi brugðið svo við, að ákærði hafi viljað fá tékka með víxlunum, því að hann gæti ekki selt þá að öðrum kosti. Kvaðst hún hafa fallist á þetta, samþykkt sex víxla, sbr. lýsingu þeirra í þessum kafla ákæru, og að auki afhent ákærða jafnmarga tékka gefna út fram í tímann á gjalddagasetningar hvers víxils að sömu fjárhæð. Tékkarnir voru á reikning verslunarinnar Blazer við Vesturbæjarútibú Landsbanka Íslands, reikningsnúmer 1138, sbr. nánari lýsingu þeirra í þessum kafla ákæru. Umtalað hafi verið, að víxlar og tékkar fylgdust að, þannig að hver tékki yrði notaður til að greiða samsvarandi víxil á gjalddaga hans. Ákærði hafi síðan ráðstafað víxlunum og tékkunum sitt í hvora átt (sic), og þannig hafi skjölin verið innheimt.

Tékkarnir hafi verið dregnir út af reikningi verslunarinnar, er víxlarnir væru gjaldfallnir og komnir til innheimtu. Þann 21. 1986 (sic) kvað hún ákærða hafa greitt meginhluta fjárhæða víxla með gjalddaga 5.1. 1986, 14.1. 1986 og 28.2. 1986 til Jóns Þóroddssonar lögmanns vegna innheimtu hans.

Við rannsókn máls þessa hafa verið lögð fram myndrit tékka þeirra, sem um ræðir, en víxlarnir hafa ekki komið fram.

Vitnið Ingibjörg Magnúsdóttir, Dalsbyggð 20, Garðabæ, kannaðist við framsal sitt á tékkunum nr. 492659, 492660 og 492661. Kvað hún tékkana hafa fylgt víxlum, sem hún og eiginmaður hennar keyptu af ákærða. Þau hafi lagt víxlana í banka, en þeir ekki verið greiddir. Þá hafi hún framselt tékkana og framvísað þeim í banka til greiðslu. Ingibjörg Magnúsdóttir lagði fram víxlana, sem voru samsvarandi greindum tékkum að fjárhæðum og dagsetningum og samþykktir til greiðslu af ákærða.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu játaði ákærði, að kæruefnið væri rétt í alla staði. Kvaðst hann ekki muna, hvert hann hefði ráðstafað hverju einstöku skjali, en öllum víxlunum og tékkunum hefði hann ráðstafað sjálfum sér til hagsbóta án heimildar eða vitundar Sigríðar Rutar Thorarensen.

Vitnið Sigríður Rut Thorarensen skýrði frá atvikum hér fyrir dómi á sama hátt og við fyrri skýrslugjafir. Hún kvaðst ekki hafa verið krafin um greiðslu neins af víxlunum, eftir að hún lagði fram kæru, og hefði hún ekki greitt neinn þeirra. Þá kvaðst hún ekki hafa greitt neinn af tékkunum. Hlaupareikningi Blazer hf. hafi verið lokað, er þeir bárust til innlausnar, enda hafi þeir verið gefnir út „í trausti þess að verslunin hefði áður fengið vörur fyrir milligöngu ákærða".

Við yfirheyrslu hér fyrir dómi viðurkenndi ákærði á ný að hafa gerst sekur um háttsemi þá, sem lýst er í þessum kafla ákæru.

Með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins er sannað, að hann hefur gerst sekur um háttsemi þá, sem lýst er í þessum kafla ákæru, og með því brotið gegn 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

VII.

Þann 27. maí 1987 kærði Landsbanki Íslands til rannsóknarlögreglu ríkisins vegna þriggja innistæðulausra tékka, sem lýst er í þessum kafla ákæru að öllu leyti réttilega.

Sigríður Rut Thorarensen viðurkenndi að hafa gefið út tékkana f.h. Blazer hf. og dagsett þá fram í tímann, þar sem innistæðu hafi skort fyrir þeim við útgáfu. Hún kvaðst hafa afhent ákærða tékkana ásamt þremur víxlum, sem voru að sömu fjárhæðum og tékkarnir, og hafi ætlunin verið, að tékkarnir yrðu notaðir til greiðslu víxlanna. Ákærði hafi tekið að sér að leysa út vörur fyrir Blazer hf. og þetta verið greiðsla fyrir þær. Úr því

hafi þó ekki orðið. Ákærði hafi ekki afhent vörurnar, heldur notað víxlana og tékkana í eigin þágu, en látið víxla og tékka fylgjast að.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa gerst sekur um háttsemi þá, sem lýst er í þessum kafla ákæru. Hann kveðst hafa ráðstafað í eigin þágu tékkunum, sem Sigríður Rut Thorarensen afhenti honum ásamt víxlum. Við yfirheyrslu hjá RLR kveðst hann þó hafa skilað til Sigríðar Rutar peningum, sem hann fékk við sölu víxils, sem fylgdi tékka nr. 498621. Við yfirheyrslu hér fyrir dómi kvaðst hann hins vegar hafa skilað til hennar peningum, sem hann fékk við sölu þess víxils (eins), sem fylgdi tékka nr. 498607. Sigríður Rut Thorarensen hefur borið á móti því, að ákærði hafi afhent sér andvirði framangreindra víxla.

Með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins er sannað, að hann hefur gerst sekur um háttsemi þá, sem lýst er í þessum kafla ákæru, og með því brotið gegn 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

Það athugast, að fyrirsögn kaflans er röng miðað við efni hans.

VIII.

Með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins er sannað, að hann gaf út til handhafa tvo tékka á tékkareikning Firmasölunnar nr. 27117 við Landsbanka Íslands, Breiðholtsútibú, án þess að næg innistæða væri fyrir upphæð tékkanna. Þeim er rétt lýst í þessum kafla ákæru, númerum, fjárhæðum, dagsetningum og notkun í viðskiptum.

Háttsemin varðar ákærða refsingu samkvæmt 73. gr. laga nr. 94/1933, sbr. lög nr. 35/1977.

IX.

Ákærði var stjórnarformaður Ísfjörðs hf. Hann fékk stúlku, sem var starfsmaður hans og hafði að beiðni hans rétt til tékkaútgáfu fyrir nefnt hlutafélag, til að gefa út tékka nr. 5032624 á tékkareikning nr. 7692 við Verslunarbanka Íslands hf. Ákærði útfyllti tékkann að öðru leyti, eins og lýst er í þessum kafla ákæru, og notaði hann, vitandi um innistæðuskort, til greiðslu póstburðargjalda hjá Pósti og síma.

Með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins er sannað, að hann hefur gerst sekur um háttsemi þá, sem lýst er í þessum kafla ákæru,og með því brotið gegn 248. gr. almennra hegningarlaga.

X.

Ísfjörð hf. keypti Greifann-Grill, Hamraborg 14, Kópavogi, þann 16.1. 1987. Starfsstúlka ákærða, hin sama og getur í ákærukafla IX, hafði prókúru fyrir firmað og stofnaði að beiðni ákærða tékkareikning á nafni þess nr. 19296 við Búnaðarbanka Íslands, Kópavogi. Stúlkan gaf út tékka

nr. 0715429 á reikninginn, en ákærði fyllti hann út að öðru leyti, eins og lýst er í þessum kafla ákæru, og notaði hann til að greiða Þórði Guðmundssyni, Fellsmúla 5, Reykjavík, fyrir gerð útvarpsauglýsingar fyrir skyndibitastaðinn Geifann-Grill. Stúlkan fylgdist ekki með innistæðu reikningsins, og hefur ákærði viðurkennt, að það hafi verið í höndum hans og beri hann ábyrgð á útgáfu tékkanna.

Með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins er sannað, að hann hefur gerst sekur um háttsemi þá, sem lýst er í þessum kafla ákæru, og með því brotið gegn 248. gr. almennra hegningarlaga.

XI.

Með bréfi, dags. 26. nóvember 1987, kærði Landsbanki Íslands til rannsóknarlögreglu ríkisins vegna 8 víxla, útgefinna af ákærða f.h. Ísfjörðs hf., samtals að fjárhæð kr. 605.000. Víxlana setti ákærði til tryggingar greiðslu á tékkaskuldum við Landsbanka Íslands, og setti hann þá sjálfur til innheimtu í Landsbanka Íslands, Austurbæjarútibúi. Víxlunum er að öllu leyti rétt lýst í þessum kafla ákæru. Þeir voru ekki greiddir á gjalddögum, og hljóðaði kæran um fölsun á nafnritunum samþykkjenda.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ritað sem samþykkjendur á víxlunum nöfn bræðra sinna, Bjarna M. Jóhannessonar og Guðmundar Hj. Jóhannessonar. Hann kveðst hins vegar hafa haft leyfi þeirra til þess. Því hafa þeir báðir neitað.

Með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins er sannað, að hann hefur gerst sekur um háttsemi þá, sem lýst er í þessum kafla ákæru. Varðar háttsemi ákærða refsingu samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

XII.

1. Ákærði útbjó skuldabréf með útgáfudag 5. febrúar 1987, að fjárhæð kr. 300.000, með 12 afborgunum á eins mánaðar fresti, í fyrsta sinn 15. mars 1987. Á bréfið ritaði hann nöfn sem hér greinir: Bjarni M. Jóhannesson sem útgefanda, Jóhannes Bj. Bjarnason og Sigurbjörg Gísladóttir sem sjálfskuldarábyrgðaraðila og Páll Sigurðsson og Guðmundur Jóhannesson sem votta. Hann seldi skuldabréfið hjá Ávöxtun sf., Laugavegi 97, Reykjavík, 9. febrúar 1987 og fékk greitt fyrir það kr. 268.853,80, sem hann ráðstafaði í eigin þágu.

2. Ákærði útbjó skuldabréf með útgáfudag 30. desember 1986, að fjárhæð kr. 600.000, með 8 jöfnum afborgunum á þriggja mánaða fresti, í fyrsta skipti 2. apríl 1987. Á bréfið ritaði hann nafnið Guðmundur Jóhannesson sem útgefanda. Skuldabréfið notaði ákærði til greiðslu skuldar við Finn Veturliða Magnússon, Furugrund 79, Kópavogi.

3. Ákærði útbjó skuldabréf með útgáfudag 30. desember 1986, að fjárhæð kr. 600.000, með 8 jöfnum afborgunum á þriggja mánaða fresti, í fyrsta skipti 2. apríl 1987. Á bréfið ritaði ákærði nafnið Sigurbjörg Gísladóttir sem útgefanda bréfsins og notaði það til greiðslu skuldar við Finn Veturliða Magnússon, Furugrund 79, Kópavogi.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa gerst sekur um háttsemi þá, sem lýst er í þessum kafla ákæru, en borið, að hann hafi haft leyfi til nafnritana: á skuldabréf tl. 1 frá bróður sínum, Bjarna M. Jóhannessyni, sambýliskonu, Sigurbjörgu Gísladóttur, og föður, Jóhannesi Bj. Bjarnasyni, á skuldabréf tl. 2 frá bróður sínum, Guðmundi Jóhannessyni, á skuldabréf tl. 3 frá sambýliskonu sinni, Sigurbjörgu Gísladóttur. Um framburð Sigurbjargar vísast til þess, sem greinir í kafla V.A hér að framan. Bjarni M. Jóhannesson (sic) hefur skýrt svo frá, að hann gerði fastlega ráð fyrir, að hann hafi ritað nafn sitt. Verður við það að miða, að ákærði hafi haft samþykki þeirra til ritunar nafna þeirra og því eigi unnið til refsingar með þeim nafnritunum.

Guðmundur Jóhannesson og Bjarni M. Jóhannesson hafa neitað að hafa veitt ákærða leyfi til ritunar nafna þeirra. Með þeim nafnritunum og ritun nafns Páls Sigurðssonar á skuldabréf, sem ákærði notaði í viðskiptum eins og lýst hefur verið, hefur hann unnið til refsingar samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

XIII.

Ákærði lagði inn til Hlutafélagaskrár og firmaskrár Kópavogs 3 tilkynningar, eftir að hafa falsað á þær nafnritanir sem hér greinir:

1. Tilkynning um hlutafélag, dags. 6. október 1983, um félagið Ísfjörð hf., umboðs- og heildverslun. Á tilkynninguna ritaði ákærði í dálk fyrir rithandarsýnishorn nafnið Hjaltlína Agnarsdóttir.

2. Tilkynning um hlutafélag, dags. 22. apríl 1986, um félagið Hallco hf. Á tilkynninguna ritaði ákærði í dálk fyrir rithandarsýnishorn nöfnin Sigurbjörg Gísladóttir, Jóhanna Jóhannesdóttir og Bjarni M. Jóhannesson og í dálk fyrir upplýsingar um, hverjir rita firmað, nafnið Sigurbjörg Gísladóttir.

3. Tilkynning til firmaskrár, dags. 1. júní 1987, um félagið Firmasöluna, Hamraborg 12, Kópavogi. Á tilkynninguna ritaði ákærði í dálk fyrir upplýsingar um, hverjir rita firmað, nöfnin Jóhannes Bj. Bjarnason og Sigurbjörg Gísladóttir og undir tilkynninguna Jóhannes Bj. Bjarnason.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa gerst sekur um þá háttsemi, sem lýst er í þessum kafla ákæru. Varðandi nafnritun móður sinnar, Hjaltlínu Agnarsdóttur, 1. tl., tók hann fram, að hann myndi ekki, hvort hann ritaði nafn hennar eða hvort hún gerði það sjálf, en hafi hann skrifað nafnið,

hafi hann haft til þess samþykki, og hið sama sé að segja um þær tilkynningar, sem um ræðir í tl. 2. og 3. Hjaltlína Agnarsdóttir kveðst ekki muna, hvort hún ritaði nafn sitt. Jóhannes Bj. Bjarnason, faðir ákærða, kannaðist við að hafa ritað nafn sitt undir tilkynningu til firmaskrár, 3. tl. Um almennt samþykki Sigurbjargar Gísladóttur, sambýliskonu ákærða, vísast til þess, sem um það greinir í kafla V. Samþykki viðkomandi aðila til ritunar ákærða á nöfnum þeirra skiptir ekki máli, þar sem um rithandarsýnishorn var að ræða, og varða brot ákærða að þessu leyti, sem sönnuð eru með framburði hans og öðrum gögnum málsins, við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

XIV.

Vitnið Finnur Veturliði Magnússon, eigandi verslunarinnar Hreiðursins, Reykjavík, hefur skýrt svo frá, að hann hafi þekkt ákærða, frá því þeir ólust upp samtíða á Ísafirði. Þeir hafi síðan ekki hist í fjöldamörg ár fyrr en um vorið 1985. Þá hafi ákærði sagt sér frá því, að hann starfaði aðallega við að aðstoða verslanaeigendur við að leysa út vörur úr tolli, og verið með ýmsar lýsingar á velgengni sinni í þeim viðskiptum. Bauðst ákærði til að aðstoða hann, ef á þyrfti að halda, sem hann þáði. Afhenti hann ákærða víxla samþykkta af sér f.h. verslunarinnar Hreiðursins. Átti andvirði þeirra að notast til að leysa vörur verslunarinnar út úr tolli, en á annan veg fór, því að ákærði nýtti andvirði víxlanna í eigin þágu, án þess að vörurnar væru leystar út. Einn þessara víxla var með gjalddaga 15. mars 1987. Þegar kom að gjalddaga, bað hann ákærða að framlengja víxilinn, sem ákærði samþykkti, þótt síðar kæmi í ljós, að hann hafði engan ráðstöfunarrétt yfir víxilinum. Í því sambandi lét vitnið ákærða hafa víxla þá og tékka, sem um ræðir í þessum kafla ákæru. Ætlunin var, að verðmæti þeirra gengi til greiðslu fyrrgreinds víxils. Í raun var tékki dags. 30. apríl 1987 notaður til að greiða víxil sömu fjárhæðar og með sama gjalddaga og tékki dags. 15. maí 1987 sömuleiðis til greiðslu víxils sömu fjárhæðar og með sama gjalddaga. Andvirði víxlanna var hins vegar ekki notað til að greiða víxilinn að fjárhæð kr. 280.000. Síðar gerði ákærði upp við vitnið með 3 skuldabréfum, hverju að fjárhæð kr. 600.000, sbr. XII. kafla ákæru, 2. og 3. tl.

Sýkna ber ákærða af ákæru um að hafa dregið sér tékka að fjárhæð kr. 156.800 og kr. 162.400, þar sem hann notaði þá til að greiða víxla sömu fjárhæða, en sannað er með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins, að hann dró sér andvirði víxlanna. Varðar háttsemin við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

C.

Sakaferill ákærða er samkvæmt sakavottorði þannig:

[Ákærði var 1968 dæmdur í 6 mánaða skilorðsb. fangelsi fyrir skjalafals, 1971 í 1 árs fangelsi fyrir skjalafals, fjársvik o.fl., 1974 í 18 mánaða fangelsi

fyrir fjársvik o.fl. og 1985 í 4 mánaða fangelsi fyrir fjársvik. Auk þess hefur hann sætt þremur refsidómum fyrir umferðarlagabrot. Hann hefur 8 sinnum sæst á greiðslu sekta, þar af einu sinni fyrir fjársvik.]

Ákærði hefur að verulegu leyti bætt tjón, sem leitt hefur af háttsemi hans, m.a. að því er lýtur að ákæru A. Lýst var yfir af hálfu vitnanna Sigríðar Rutar Thorarensen og Finns Veturliða Magnússonar, að þau hefðu engar bótakröfur fram að færa á hendur ákærða. Bótakröfu, sem Svala Haukdal setti fram við RLR, andmælti ákærði fyrir dómi, þar sem hún væri þegar greidd. Hún sinnti ekki áskorun um ítrekun kröfunnar, og skyldu viðeigandi víxlar fylgja kröfunni.

Refsing ákærða þykir, með hliðsjón af 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, hæfilega ákveðin fangelsi í 20 mánuði.

Iðnaðarbanki Íslands hf. hefur gert bótakröfu (ákæra B., kafli I) að fjárhæð kr. 280.624 ásamt dráttarvöxtum frá 4.2. 1985 til greiðsludags. Ákærði hefur samþykkt kröfuna, og verður hún tekin til greina ásamt vöxtum, sem greinir í dómsorði.

Landsbanki Íslands hefur gert bótakröfu (ákæra B., kafli VIII) að fjárhæð kr. 589.250 með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum frá innlausnardegi tékka til greiðsludags. Ákærði hefur samþykkt kröfuna, og verður hún tekin til greina ásamt vöxtum, sem greinir í dómsorði.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 100.000.

Dómsorð:

Ákærði, Hallgrímur Jóhannesson, sæti fangelsi í 20 mánuði.

Ákærði greiði bætur: 1) Iðnaðarbanka Íslands hf. kr. 280.624 ásamt 3,75% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 4. febrúar 1985 til 1. mars s.á., en síðan 4% til 1. júní s.á., en síðan 3,5% til 1. september s.á., en síðan 3,75% til 1. mars 1986, en síðan 2,75% til 1. apríl s.á., en síðan 2,25% til 1. mars 1987, en síðan 2,5% til 14. apríl s.á. og með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, 2) Landsbanka Íslands kr. 589.250 með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga frá 1. júlí 1987 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 100.000.

Dómur sakadóms Keflavíkur 27. nóvember 1989.

Ár 1989, mánudaginn 27. nóvember, er í sakadómi Keflavíkur, sem haldinn er í skrifstofu dómsins, Hafnargötu 62, Keflavík, af Sigurði Halli Stefánssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í máli nr. 1657/1989: Ákæruvaldið gegn Hallgrími Jóhannessyni. Það var dómtekið 20. þ.m.

Málið var höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 29. ágúst 1989, á hendur Hallgrími Jóhannessyni, Lyngholti 19, Keflavík, fæddum 22. júní 1948, ,,fyrir skjalafals, með því að hafa í maí 1985 notað eftirtalda sex falsaða víxla í viðskiptum:

1. Víxill nr. 028748, að fjárhæð kr. 150.000, dagsettur 14.5. 1985 með gjalddaga 15. júní 1985. Útgefandi H. Jóhannesson, heildverslun, Hallgrímur Jóhannesson. Greiðandi og samþykkjandi Jóhannes Bj. Bjarnason, Faxabraut 30, Keflavík. Ábekingur Eiríkur Hjaltason, Faxatúni 40, Garðabæ.
2. Víxill nr. 028749, að fjárhæð kr. 222.000, dagsettur 14.5. 1985 með gjalddaga 17. júní 1985. Útgefandi H. Jóhannesson, heildverslun, Hallgrímur Jóhannesson. Greiðandi og samþykkjandi Jóhannes Bj. Bjarnason, Faxabraut 30, Keflavík. Ábekingur Eiríkur Hjaltason, Faxatúni 40, Garðabæ.
3. Víxill nr. 028751, að fjárhæð kr. 150.000, dagsettur 14.5. 1985 með gjalddaga 15. júní 1985. Útgefandi Jóhannes Bj. Bjarnason, Faxabraut 30, Keflavík. Greiðandi og samþykkjandi H. Jóhannesson, heildverslun, pr. pr. Margrét Kjartansdóttir. Ábekingur Eiríkur Hjaltason, Faxatúni 40, Garðabæ.
4. Víxill nr. 028750, að fjárhæð kr. 150.000, dagsettur 14.5. 1985 með gjalddaga 15. júní 1985. Útgefandi Jóhannes Bj. Bjarnason, Faxabraut 30, Keflavík. Greiðandi og samþykkjandi H. Jóhannesson, heildverslun, pr. pr. Margrét Kjartansdóttir. Ábekingur Eiríkur Hjaltason, Faxatúni 40, Garðabæ.
5. Víxill nr. 028780, að fjárhæð kr. 222.000, dagsettur árið 1985 með gjalddaga 28. júní 1985. Útgefandi Guðmundur Sigurðsson, Sunnubraut 8, Höfn. Greiðandi og samþykkjandi H. Jóhannesson, heildverslun, Hallgrímur Jóhannesson. Ábekingur Eiríkur Hjaltason.
6. Víxill nr. 028781, að fjárhæð kr. 150.000, ódagsettur með gjalddaga 28. júní 1985. Útgefandi Jóhannes Bj. Bjarnason, Faxabraut 30, Keflavík. Greiðandi og samþykkjandi H. Jóhannesson, heildverslun, pr. pr. Margrét Kjartansdóttir. Ábekingur Eiríkur Hjaltason, Faxatúni 40, Garðabæ.

Á alla ofangreinda víxla falsaði ákærði nafn Eiríks Hjaltasonar, Faxatúni 40, Garðabæ, sem ábekings og notaði víxlana til að fá fé að láni hjá Herði

Sigurvinssyni, sem hann notaði í þágu fyrirtækis síns H. Jóhannessonar, heildverslunar.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Ákærði heldur uppi vörnum. Þess er krafist, að honum verði dæmd vægasta refsing, sem lög leyfa, og að verjanda hans verði ákvörðuð hæfileg málsvarnarlaun.

Eiríkur Hjaltason, Faxatúni 40, Garðabæ, sneri sér til rannsóknarlögreglu ríkisins þann 19. apríl 1989 með kæru, vegna þess að nafn hans hefði verið falsað sem ábekings á 6 víxla, sem hann lagði fram í myndritum. Víxlunum er að öllu leyti rétt lýst í ákæru.

Innheimtuaðgerðir lögmannsstofu f.h. Harðar Sigurvinssonar, þá til heimilis í Ólafsvík, voru tilefni kæru Eiríks Hjaltasonar. Í bréfi skrifstofunnar til dómsins, dags. 31. október 1989, kemur fram, að víxlarnir hafi komið til innheimtu 17. september 1985 og innheimtubréf sent sama dag. Málum hafi verið stefnt og dómar gengið 8. og 25. nóvember 1985. Þá hafi Eiríkur haft samband og sagt nafnritanir sínar á víxlunum vera falsaðar. Eftir það hafi hann ekkert gert sér til varnar, þótt gert hafi verið hjá honum fjárnám og uppboðs beiðst.

Ákærði var yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglu ríkisins og að auki Jóhannes Bjarni Bjarnason, Faxabraut 30, Keflavík, faðir ákærða, Margrét Kjartansdóttir, Urðarstíg 12, Reykjavík, fyrrverandi starfsmaður H. Jóhannessonar, heildverslunar, og Guðmundur Kr. Sigurðsson, Sunnubraut 8, Höfn, Hornafirði. Tekin voru rithandarsýnishorn ákærða og Eiríks Hjaltasonar. Hér fyrir dómi gáfu skýrslur ákærði, Eiríkur Hjaltason og Hörður Sigurvinsson, nú til heimilis Vesturbergi 144, Reykjavík.

Ákærði viðurkenndi að hafa ritað nafn Eiríks Hjaltasonar sem ábekings á víxla þá, er ákæra lýtur að, án samþykkis Eiríks eða vitundar. Þetta hafi hann gert 14. maí 1985 í skrifstofu sinni, Laugavegi 66, Reykjavík, án þess að nokkrum öðrum væri um það kunnugt. Hann kvaðst hafa selt víxlana Herði Sigurvinssyni, sem hafi ekki vitað annað en að þeir væru að öllu leyti ófalsaðir. Andvirði víxlanna kvaðst ákærði hafa notað til að greiða skuldir fyrirtækis síns, og hafi enginn annar haft af þeim fjárhagslegan ávinning.

Framburður Eiríks Hjaltasonar og Harðar Sigurvinssonar var, að svo miklu leyti sem þeir gátu um borið, í fullu samræmi við skýrslu ákærða. Eiríkur Hjaltason kvaðst hafa rekið fyrirtækið Fáka sf. með ákærða fyrr á árum. Hann neitaði margsinnis að hafa ritað nafn sitt á víxlana eða veitt leyfi til ritunar þess.

Með hreinskilningslegri (sic) játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem hann er ákærður fyrir, og með því brotið gegn 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga 19/1940.

Að undanskildum dómsáttum, sem ákærði hefur gengist undir, og dómum, sem hann hefur hlotið fyrir brot á áfengislögum og umferðarlögum auk minni háttar hegningarlagabrota, er sakaferill hans samkvæmt sakavottorði þannig:

— — —

[Sjá bls. hér að framan.]

Ákærði hefur ekki greitt bætur. Hafa enda kröfur eigi verið gerðar á hendur honum. Gjaldþrotaskiptum bús hans lauk í desember 1987, og er hann eignalaus. Einkafirma hans, H. Jóhannesson, heildverslun, Hverfisgötu 78, Reykjavík, var afskráð 26. nóvember 1987.

Brot ákærða, sem fjallað er um í dómi þessum, voru framin fyrir uppkvaðningu dóma 2. desember 1985 og 15. júní 1989. Ber því nú að dæma ákærða hegningarauka samkvæmt 78. gr. almennra hegningarlaga, sem með hliðsjón af 77. gr. sömu laga og sakaferli ákærða þykir hæfilega ákveðinn 6 mánaða fangelsi. Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 45.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Hallgrímur Jóhannesson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun Páls Arnars Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 45.000 krónur.

Fimmtudaginn 21. júní 1990.

Nr. 376/1989. **Baldur hf.**
(Jón Þorsteinsson hrl.)
gegn
Kværner Kulde A/S
(Guðmundur Pétursson hrl.).

Fyrning. Aðild. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Hjörtur Torfason og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. september 1989. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Starfsmaður stefnda framkvæmdi tiltekið verkefni í þágu áfrýjanda. Verkefni þetta var afmarkað og byggðist á sérþekkingu, er nefndur starfsmaður bjó yfir. Það virðist hafa verið þáttur í uppsetningu og tengingu lausfrystikerfis, er Traust hf. hafði selt áfrýjanda. Óljóst er af gögnum málsins, hvernig háttað var skiptum þessara aðila, að því er tók til verks þess, er starfsmaður stefnda vann, svo og, hvort eða hvernig það tengdist þeirri vinnu, er Traust hf. annaðist fyrir áfrýjanda. Þá er óvissa um, hvernig að samningi við stefnda um verkið var staðið, en fram kemur, að Traust hf. hafði a.m.k. einhverja milligöngu í því efni. Skortur á upplýsingum um þetta og sönnunarreglur leiða til þess, að fallist verður á það með héraðsdómara, að greiðsluskylda gagnvart stefnda vegna verks þess, er starfsmaður hans innti af hendi, hafi hvílt á áfrýjanda. Samkvæmt því var áfrýjanda réttilega stefnt til aðildar að málinu.

Ágreiningslaust er, að umrætt verk var unnið á tímabilinu frá 24. maí til 8. júní 1984 og að því hafi verið að fullu lokið þann dag. Fyrningarfrestur á kröfu stefnda er 4 ár samkvæmt 1. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda. Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laganna telst fyrningarfrestur frá þeim degi, er krafa varð gjaldkræf. Telja verður, að krafa stefnda hafi verið

gjaldkræf við verklok, þ.e. 8. júní 1984, enda hefur ekki verið sýnt fram á annan upphafstíma fyrningar samkvæmt samningi aðila eða viðskiptavenju, og ekki er fram komið, að um frekari viðskipti aðila hafi verið að ræða á þeim tíma, er hér skiptir máli.

Stefna í málinu var birt 9. ágúst 1988. Þá voru liðin 4 ár og 2 mánuðir, frá því að krafa stefnda var gjaldkræf samkvæmt framansögðu. Hún var því fallin niður fyrir fyrningu, er málið var höfðað.

Samkvæmt því ber að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í málinu.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði falli niður. Rétt þykir, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 60.000 krónur.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Baldur hf., skal vera sýkn af kröfum stefnda, Kværner Kulda A/S, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði fellur niður.

Stefndi, Kværner Kulde A/S, greiði áfrýjanda, Baldri hf., 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Mál þetta snýst um verklaun fyrir vinnu, er stefndi lét í té við uppsetningu á tækjabúnaði í frystihúsi áfrýjanda í tengslum við kaup áfrýjanda á lausfrystitækjum frá Trausti h.f samkvæmt samningi við þann aðila. Laut vinnan að þeim búnaði, er tengdi lausfrystitækin við kælikerfi hússins, og hafði Traust hf. keypt hann frá stefnda til afhendingar samkvæmt samningnum. Skeytaskipti frá verktímanum gefa til kynna, að samið hafi verið sérstaklega um vinnuna við stefnda, eftir að kaup höfðu verið fest á búnaðinum, og að verð stefnda á vinnunni hafi verið borið undir áfrýjanda til samþykktar, áður en á henni var byrjað. Þá virðist og ljóst, að samsetning þessa búnaðar annars staðar en í frystihúsinu sjálfu hafi aldrei komið til greina. Með tilliti til þessa og annarra atvika ber að fallast á það með héraðsdómara, að áfrýjandi hafi ekki sannað, að greiðsla fyrir vinnu stefnda hafi átt að vera innifalin í umsömdu

kaupverði til Trausts hf. eða annar en áfrýjandi átt að standa skil á henni.

Verk stefnda var unnið í reikningsvinnu eftir tímatöxtum, sem um var samið, án þess að á væri kveðið um greiðslutilhögun. Eðlilegt var samkvæmt því, sem fyrr var rakið, að greitt yrði fyrir verkið eftir lok uppsetningarvinnunnar, þegar stefndi hefði framvísað reikningi, eftir að starfsmaður hans hefði skilað skýrslu um vinnutímann og hún eftir atvikum verið borin undir áfrýjanda. Krafa stefnda gat þó talist gjaldkræf í skilningi 1. mgr. 5. gr. laga nr. 14/1905 þegar við lok verksins, og er ekki unnt að miða upphaf fyrningar á kröfunni við annað tímamark, eins og reikningsgerð var háttað milli aðila. Með vísan til þessa og þeirra forsendna, sem fram koma í atkvæði meiri hluta dómenda, er ég samþykkur þeirri niðurstöðu, að krafan sé fyrnd. Eftir öllum atvikum tel ég hins vegar, að málskostnaður eigi að falla niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. maí 1989.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 10. þ.m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu birtri 9. ágúst 1988.

Stefnandi er Kværner Kulde A/S, Jongsåsvn. 4, Sandvika, Noregi.

Stefndi er Baldur hf., Hrannargötu 4 - 4A, Keflavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum norskar kr. 19.461,00 með 10% ársvöxtum frá 13.8. 1984 til 14.4. 1987, 12,9% frá þ.d. til 21.10. s.á., en 15% frá þ.d. til stefnubirtingardags 9.8. 1988, en með dráttarvöxtum skv. 11. gr. laga nr. 25/1987 frá þ.d. til greiðsludags og málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ. Þess er jafnframt krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn þann 13.8. 1985, í samræmi við 12. gr. vaxtalaga.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda.

I.

Stefnandi kveður málsatvik þau, að hin umstefnda skuld sé skv. reikningi frá stefnanda til stefnda dags. 13.8. 1984, að fjárhæð norskar kr. 19.461,00, er stafi af kaupum stefnda á þjónustu hjá stefnanda. Reikningurinn sé fyrir uppsetningu á dælubúnaði frá 24. maí til 8. júní 1984. Verkið hafi unnið starfsmaður stefnanda, Odd Næssen að nafni, og hafi verkið tekið 45,5 tíma í dagvinnu, 20 tíma í eftirvinnu og 16 tíma í helgidagavinnu, eins og sundurliðað sé í reikningi stefnanda, auk ferðakostnaðar.

Aðdragandi þessa hafi verið sá, að stefndi, Baldur hf., hafi keypt lausfrystitæki með ýmsum fylgibúnaði af Trausti hf. með kaupsamningi gerðum 16. janúar 1984. Í kaupunum hafi verið m.a. „1 stk. búnaður sem þarf til breytingar á núverandi kælikerfi til tengingar við lausfrysti, þ.e. ammoníakdæla, lokar, skiljukútur og allt annað nauðsynlegt til að lausfrystirinn vinni rétt. Verð kr. 468.000“, eins og tilgreint var í samningi þessum. Þessa sérstöku hluti keypti Traust hf. frá framleiðanda þeirra, Kværner Kulde A/S í Noregi, og endurseldi Baldri hf.

Allt hið keypta hafi Traust hf. átt að afhenda Baldri hf. hér í Reykjavík samkvæmt samningnum. Ekkert ákvæði hafi verið í samningnum um uppsetningu og tengingu þessara tækja, en upplýst sé, að þrátt fyrir það hafi Traust hf. sett tækin upp hjá stefnda.

Starfsmaður stefnanda, Odd Næssen, hafi verið staddur á Suðurnesjum á þessum tíma og annast uppsetningar-, viðgerðar- og varahlutaþjónustu stefnanda við viðskiptamenn sína. Að ábendingu Trausts hf. hafi forsvarsmaður Baldurs hf. farið til þessa manns og fengið hann til þeirra til þess að tengja viðkomandi tæki, og það hafi hann gert og tilkynnt stefnanda um verk sitt, sem hafi sent reikninginn fyrir það. Stefnandi hafi sent Trausti hf. reikninginn til innheimtu, en síðar hafi gerst þau mistök, að Traust hf. hafi verið krafið um greiðslu reikningsins.

Málsástæður stefnanda séu þær, að með milligöngu Trausts hf. hafi komist á samningur milli málsaðila um, að starfsmaður stefnanda annaðist uppsetningu og tengingu tækja þeirra, sem frá stefnanda stöfuðu. Verk þetta hafi verið unnið í þágu stefnda. Fyrir þessa þjónustu stefnanda hafi átt að greiða, og hafi stefndi mátt vita, að hann þyrfti að greiða fyrir hana, enda hafi samningur hans við Traust hf. ekki tekið til vinnu við uppsetningu eða tengingu tækja og því ekki liður í skyldum Trausts hf. gagnvart honum. Stefndi beri sönnunarbyrði um, að annar en hann eigi að greiða fyrir verkið, og sú sönnun hafi ekki tekist. Krafan samkvæmt framlögðum reikningi sé ófyrnd, þar sem krafa verði gjaldkræf við útgáfu reiknings, sem hafi verið 13.8. 1984, en stefnubirting hafi verið 9.8. 1988.

II.

Stefndi styður sýknukröfu sína í fyrsta lagi með því, að krafan sé fyrnd. 4 ára fyrning sé á slíkum kröfum, sbr. 1. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905, og teljist fresturinn frá þeim degi, er krafan varð gjaldkræf. Telja verði, að krafan hafi orðið gjaldkræf við lok þess verks, sem unnið var hinn 8. júní 1984, eða í síðasta lagi í lok þess mánaðar, og hæfist fyrningarfrestur þá 1. júlí 1984. Stefnan hafi hins vegar verið birt hinn 9. ágúst 1988.

Verði ekki á fyrningu fallist, byggir stefndi á aðildarskorti. Það hafi verið Traust hf., sem beðið hafi um vinnu þessa, sem hafi verið liður í að upp-

fylla skyldu Trausts hf. við Baldur hf. samkvæmt kaupsamningi þeirra um lausfrystitæki og fleira, sem gerður hafi verið 16. janúar 1984. Krafa þessi sé Baldri h.f. því óviðkomandi, enda hafi stefnandi stílað reikning sinn til Trausts hf. frá upphafi, og Traust hf. hafi í dómsmáli hér fyrir bæjarþinginu, þ.e. máli nr. 1093/1987: Baldur hf. gegn Trausti hf., gert þá kröfu í gagnsök, að Baldur hf. greiddi sér þessa kröfu, sem Traust hf. hafi þá væntanlega verið búið að greiða. Dómurinn, sem kveðinn hafi verið upp 1. júní 1988, hafi ekki tekið á því sérstaklega.

Stefndi bendir á, að ekki sé upplýst, hver hafi ráðið Odd Næssen til starfans, en hins vegar sé upplýst með framburði forsvarsmanna stefnda, að stefndi hafi ekki ráðið hann. Upplýst sé, að starf hans hafi verið að tengja sogkúta og þess háttar tæki við tæki þau, sem fyrir hafi verið hjá stefnda, Tæki þessi hafi verið keypt af Trausti hf. með samsetningu innifalinni, og stefndi hafi ekkert greitt fyrir samsetninguna og ekki verið krafinn fyrir slíkt. 3 - 4 menn frá Trausti hf. hafi unnið að jafnaði á þessum tíma hjá stefnda við samsetningu tækjanna, og í ofangreindum dómi bæjarþingsins frá 1. júní 1988 hafi Traust hf. verið dæmt til að greiða Baldri hf. fæðiskostnað þessara manna, sem hafi verið Baldri hf. óviðkomandi.

Stefndi bendir á, að stefnandi reyni að byggja á því, að Traust hf. hafi haft umboð til þess að ráða starfsmann stefnanda til starfa hjá stefnda, Baldri h.f. Því sé mótmælt, að Traust hf. hafi haft slíkt umboð, og það sé ósannað.

Við munnlegan málflutning gerði lögmaður stefnda kröfu um málskostnað og mótmælti upphafstíma vaxtakröfu stefnanda. Lögmaður stefnanda mótmælti hvoru tveggja sem of seint fram komnu.

III.

Niðurstaða.

Ágreiningslaust er með aðilum máls þessa, að starfsmaður stefnanda hafi unnið í þágu stefnda við uppsetningu og tengingu sérstakra tækja, sem tengdu lausfrystitæki við frystikerfi það, sem fyrir var hjá stefnda, og að starfsmaður þessi hafi verið sérstaklega fenginn til starfans sem sérfróður og að fyrir starf hans þyrfti að greiða sérstaklega samkvæmt fyrir fram gefnum taxta stefnanda. Reikningur stefnanda fyrir starfið, byggður á taxta þessum, liggur fyrir í málinu og hefur ekki verið andmælt. Krafa samkvæmt reikningi þessum er ekki fyrnd, þar sem hann er dagsettur 13. ágúst 1984, en stefna var birt 9. ágúst 1988.

Upplýst er, að Traust hf. hafi haft milligöngu um, að starfsmaður stefnanda yrði fenginn til þessa starfa. Einnig er upplýst, að forsvarsmaður stefnda hafi farið á fund mannsins og þar hafi verið ákveðið, hvenær hann hæfi starfið. Fyrir liggja í máli þessu símskeyti milli Trausts hf. og stefn-

anda um að fá manninn til starfans og hvað það kostaði, þannig að forsvarsmaður stefnanda hefur ekki þurft að semja um ráðninguna. Telja verður því, að ráðningin hafi verið gerð af Trausti hf. fyrir stefnda, Baldur hf., og að forsvarsmanni Baldurs hf. hafi verið ljóst, að svo hafi verið.

Telja verður nægilega upplýst í málinu, að verk það, sem starfsmaður stefnanda vann fyrir stefnda, hafi verið það sérgreint, að stefndi hafi ekki mátt án frekari samningsumleitana ganga út frá því sem vísu, að það væri hluti af samningsskyldum Trausts hf. gagnvart sér samkvæmt samningi þeim, sem gerður var 16. janúar 1984 og getið er um hér að framan. Þegar þetta er virt, ber að fallast á með stefnanda, að stefnda beri að sanna, að annar en hann eigi að greiða reikning stefnanda fyrir verkið. Stefndi hefur ekki sannað, að Traust hf. hafi átt að greiða fyrir verk þetta eða annar, og verða kröfur stefnanda því teknar til greina.

Málskostnaður ákveðst kr. 60.000,00.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Baldur hf., greiði stefnanda, Kværner Kulde A/S, norskar kr. 19.461,00 með 10% ársvöxtum frá 13.8. 1984 til 14.4. 1987, 12,9% frá þeim degi til 21.10. s.á., 15% frá þeim degi til 9.8. 1988, en með dráttarvöxtum skv. 11. gr. vaxtalaga frá þ.d. til greiðsludags, er leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 13.8. 1985, og kr. 60.000,00 í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 21. júní 1990.

Nr. 32/1990. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Hermanni Gunnari Björgvinssyni
(Grétar Haraldsson hrl.).

Ómerking. Ákæru vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. janúar 1990 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvalds, sem krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, en refsing ákærða þyngd.

Ákærði krefst aðallega sýknu, en til vara, að hann verði dæmdur til vægustu refsingar, er lög leyfa. Verði refsivist dæmd, verði hún skilorðsbundin.

Ákærði bað um heimild til greiðslustöðvunar 25. mars 1986, en þeirri beiðni var hafnað í skiptarétti Kópavogs 2. apríl 1986. Ákærði óskaði síðan gjaldþrotaskipta á búi sínu 17. október 1986, og var úrskurður um, að bú hans skyldi tekið til gjaldþrotaskipta, kveðinn upp í skiptarétti Kópavogs sama dag.

Þegar ákærði kom fyrir skiptarétt 2. apríl 1986 vegna beiðni um greiðslustöðvun og aftur 17. október 1986 vegna beiðni um gjaldþrotaskipti, lýsti hann því yfir, að helstu eignir sínar væru tékkar og víxlar, sem voru í vörslu sakadóms Kópavogs. Samkvæmt beiðni hans um greiðslustöðvun var nafnverð þessara skjala 208.875.196 krónur, en þar var reiknað með, að u.þ.b. 20.000.000 krónur kæmu til frádráttar sem ofteknir vextir. Skuldir áætlaði hann 150.000.000 krónur, en þar kæmu einnig til frádráttar ofreiknaðir vextir að fjárhæð u.þ.b. 40.000.000 krónur.

Hald hafði verið lagt á framangreind skjöl hinn 31. október 1985 í tengslum við ætlað refsivert athæfi ákærða, sbr. 43. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Hinn 4. desember 1985 krafðist lögmaður ákærða þess, að rann-

sóknarlögregla ríkisins afhenti ákærða gögn þessi. Með bréfi rannsóknarlögreglunnar 10. desember 1985 var kröfunni synjað, og segir svo m.a. í bréfi þessu:

„Rannsókn máls gegn umbj. yðar er eigi lokið, en hún hefur þó leitt í ljós, að verulegur hluti þeirra verðmæta, sem þér ræðið um, á rætur sínar að rekja til ólögmætrar háttsemi umbj. yðar. Langlíklegast er því, að ríkissaksóknari muni taka afstöðu til þess, hvort verðmæti þessi eða a.m.k. hluti þeirra kunni að vera andlag kröfu um upptöku."

Mál var höfðað gegn ákærða samkvæmt ákæru 20. mars 1986 fyrir okur samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga nr. 58/1960 um bann við okri, dráttarvexti o.fl. Ekki var þar gerð krafa um upptöku nefndra verðmæta. Gekk dómur í málinu 29. júní 1988, og var ákærði sakfelldur og dæmdur til greiðslu sektar, 1.250.000 krónur.

Engin gögn fylgja máli þessu um afdrif þeirra verðmæta, er rannsóknarlögreglan lagði hald á vegna ætlaðra okurbrota ákærða. Þá liggja ekki fyrir gögn varðandi meðferð á þrotabúi ákærða, eftir að úrskurður var kveðinn upp 17. október 1986, svo sem um lýstar kröfur og eignir. Er því ekki unnt að taka afstöðu til þess, hver verið hafi raunveruleg efnahagsstaða ákærða á þeim tíma, er hann ráðstafaði eignum þeim, sem ákæran tekur til, og hvort lánardrottnar hans hafi orðið fyrir tjóni eða hve miklu. Ákærði hefur sjálfur ætíð haldið því fram, að hann hafi átt fyrir skuldum, þegar tillit væri tekið til fyrrnefndra verðmæta, er voru í vörslum sakadóms Kópavogs.

Með hliðsjón af framansögðu verður að telja, að gögn þau, sem ákæra í málinu er byggð á, séu ekki fullnægjandi, og hafi því skort skilyrði til málshöfðunar, sbr. 1. mgr. 115. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa ákærunni frá héraðsdómi.

Samkvæmt þessu skal greiða sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, eins og nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er ákæru málsins vísað frá héraðsdómi.

Sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Grétars Haraldssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 100.000 krónur.

Dómur sakadóms Kópavogs 2. nóvember 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 10. október sl., er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæru, dagsettri 15. september 1988, „á hendur Hermanni Gunnari Björgvinssyni, Efstahjalla 1 B, Kópavogi, fæddum 7. maí 1955 í Reykjavík, fyrir skilasvik, með því að hafa í desember 1985 og janúar 1986, er ákærði sá eða mátti sjá fram á gjaldþrot, afsalað eignum sínum og rift eftirgreindum kaupsamningi í því skyni að skjóta þeim eignum undan gjaldþrotaskiptum, en í skiptarétti Kópavogs 2. apríl 1986, er tekin var fyrir og synjað beiðni ákærða um greiðslustöðvun, lýsti ákærði yfir því, að hann ætti engar eignir aðrar en tékka og víxla, og í þinghaldi 17. október 1986, er bú ákærða var tekið til gjaldþrotaskipta, gaf ákærði aftur yfirlýsingu sama efnis, og undir skiptameðferð búsins kom engin peningaeign fram.

1. Þann 5. desember 1985 afsalað Hrafni Bachmann, Blikanesi 31, Garðabæ, eignarhluta sínum, 2. hæð B í húsinu nr. 1 B við Efstahjalla í Kópavogi, fyrir kr. 2.833.263,10. Kaupverðið greiddi kaupandi með tékka, kr. 2.500.000, sem ákærði framseldi og innleysti samdægurs í Verslunarbanka Íslands hf., og með því að taka að sér að greiða eftirstöðvar áhvílandi láns að fjárhæð kr. 333.263,10.
2. Þann 6. desember 1985 afsalað Björgvin Ólafssyni, Laugavegi 83, Reykjavík, eignarhluta sínum, 2. hæð í fasteigninni nr. 23 við Auðbrekku í Kópavogi, fyrir kr. 5.000.000, sem kaupandi taldist greiða með yfirtöku áhvílandi veðskuldar sömu fjárhæðar.
3. Þann 4. desember 1985 afsalað Svanfríði Kjartansdóttur, Hegranesi 34, Garðabæ, bifreiðinni Y-13856, Chevrolet Malibu, árgerð 1980, fyrir kr. 280.000. Kaupverðið greiddi kaupandi með tveimur tékkum, öðrum að fjárhæð kr. 200.000, með útgáfudagsetningu 5/12 1985, en hinum að fjárhæð kr. 80.000, með útgáfudagsetningu 9/12 1985. Tékkana framseldi ákærði og innleysti í Útvegsbanka Íslands á tilteknum útgáfudögum þeirra.
4. Þann 3. desember 1985 afsalað Björgvin Ólafssyni, Laugavegi 83, Reykjavík, bifreiðinni Y-11710, BMW 728 I, árgerð 1982, fyrir kr. 650.000. Kaupverðið greiddi kaupandi með þremur tékkum:

a) kr. 200.000, með útgáfudagsetningu 6/12 1985,
b) kr. 200.000, með útgáfudagsetningu 9/12 1985,
c) kr. 250.000, með útgáfudagsetningu 10/12 1985.

Tékkana framseldi ákærði og innleysti í Útvegsbanka Íslands á tilgreindum útgáfudögum þeirra.

5. Þann 9. janúar 1986 komið fram riftun á kaupsamningi sínum við Gerpi sf., Túngötu 6, Reykjavík, dagsettum 2.9.1985, en samkvæmt samningnum keypti ákærði herbergi í vesturenda á 4. hæð hússins nr. 20 við Hafnarstræti í Reykjavík fyrir kr. 2.570.000 og þannig fengið kr. 2.240.000, sem ákærði hafði þegar greitt fyrir eignina, endurgreiddar, sem hér segir:
a) í reiðufé frá Erni Erlendssyni, kr. 1.120.000,
b) með tékka, kr. 1.120.000, útgefnum 9.1.1986 af Gunnari Rósinkranz, sem ákærði framseldi og innleysti í Landsbanka Íslands, aðalbanka, 14. janúar 1986.

Framanlýst háttsemi ákærða telst varða við 4. tölulið 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

— — —

Niðurstöður.

Með játningum ákærða svo og þeim gögnum, sem lýst er hér að framan, þykir sannað, að ákærði afsalaði eignum sínum, sem taldar eru í 1.-4. lið ákærunnar, rifti kaupsamningnum um húsnæðið að Hafnarstræti 20 í Reykjavík og fékk vegna þessa þær greiðslur, sem tilgreindar eru í ákærunni. Eignirnar komu því ekki til skipta, er bú ákærða var tekið til gjaldþrotaskipta 9-10 mánuðum síðar, og heldur ekki þau verðmæti, er ákærði fékk í hendur vegna þessa, sem voru samtals að fjárhæð kr. 5.670.000,00. Ákærði hefur gefið þá skýringu fyrir dómi, að hann hafi þurft á þessum verðmætum að halda til að geta framfleytt sér og fjölskyldu sinni, en hefur þó viðurkennt, að hann hafi verið hræddur um, að hann myndi tapa umræddum eignum. Hann hefur einnig haldið því fram, að hann hafi á þessum tíma, þ.e. í desember 1985 og í janúar 1986, talið sig eiga fyllilega fyrir skuldum með þeim tékkum svo og peningum og víxlum, er lögreglan lagði hald á í október 1985. Verður að telja sannað með vísan til þessa, að ákærða hafi mátt vera fullljóst, er hann afsalaði áðurtöldum eignum sínum og rifti umræddum kaupsamningi, að svo kynni að fara, að bú hans yrði tekið til gjaldþrotaskipta.

Ekki þykir sannað, að ákærði hafi afsalað eignarhluta sínum í fasteigninni Auðbrekku 23 í því skyni að skjóta eigninni undan gjaldþrotaskiptum,

enda var einungis greitt fyrir eignina með yfirtöku áhvílandi veðskuldar, en ekkert hefur komið fram um, að eignin hafi verið meira virði.

Með sölu eignanna, sem taldar eru í 1., 3. og 4. lið ákæruskjalsins, kom ákærði í veg fyrir, að lánardrottnar hans fengju fullnustu í þessum eignum, og þar sem andvirði þeirra var ekki lengur til staðar, er bú ákærða var tekið til gjaldþrotaskipta, þykir sannað, að ákærði hafi skotið þessum eignum undan. Með riftuninni á kaupsamningnum um húsnæðið að Hafnarstræti 20 þykir ákærði á sama hátt hafa skotið undan verðmætum, sem fólgin voru í kaupsamningnum.

Með háttsemi sinni þykir ákærði hafa brotið gegn 4. tl. 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1973 11/10 Sakadómur Rvík. Nr. 3135. Sátt: 2.500 kr. sekt f. brot g. 48. og 50. gr. umfl.

1974 30/10 Sakadómur Rvík. Nr. 1196. Sátt: 1.000 kr. sekt f. brot g. 38. gr. umfl.

Nr. 5. Ákærufrestun, skb. 1 ár, frá 28.11.75 f. brot g. 244. gr. alm. hgl.

1978 1/11 Sakadómur Rvík. Nr. 450. Dómur: 30.000 kr. sekt f. brot g. 219. gr. alm. hgl., 26., 37., 48. og 49. gr. umfl.

1985 3/7 Kópavogur. Dómur: 245.000 kr. sekt f. brot g. 2. mgr. 6. gr. l. nr. 58, 1960, 248. gr. alm. hgl. og 2., sbr. 3. mgr., 25. gr. umfl. Sviptur ökul. 3 mán. frá 6.8.85.

1988 29/6 Kópavogur. Dómur: 1.250.000 kr. sekt f. brot g. l. nr. 58, 1960, um okur.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin eftir því refsilagaákvæði, sem sakfellt er fyrir, fangelsi í 5 mánuði. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Grétars Haraldssonar hrl., sem þykja hæfilega ákveðin kr. 45.000,00.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari, sem fékk málið til meðferðar þann 15. mars 1989.

Dómsorð:

Ákærði, Hermann Gunnar Björgvinsson, sæti fangelsi í 5 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Grétars Haraldssonar hrl., kr. 45.000.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 21. júní 1990.

Nr. 135/1988. **Þórunn Eiríksdóttir og**
Halla Eiríksdóttir
(Sigmundur Hannesson hdl.)
gegn
Laxnesbúinu h/f
(Guðni Á. Haraldsson hdl.).

Lóðarleiga. Brottflutningur húss. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Benedikt Blöndal, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 13. mars 1988. Þær krefjast sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjendur dæmdir til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Af ástæðum þeim, sem greindar eru í hinum áfrýjaða dómi, þykir bera að staðfesta hann, þó þannig, að frestur til að flytja sumarbústaðinn af lóðinni ákveðst 12 vikur frá birtingu dóms þessa, sbr. 4. tl. 193. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 41. gr. laga nr. 28/1981.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjendum, Þórunni Eiríksdóttur og Höllu Eiríksdóttur, er skylt að flytja sumarbústað sinn af lóð úr landi Laxness II, vestari hálflendu, í Mosfellsbæ, innan 12 vikna frá birtingu dóms þessa.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði

Benedikts Blöndals hæstaréttardómara og Gunnars M. Guðmundssonar setts hæstaréttardómara.

Við erum sammála meiri hluta dómara um annað en frest til að flytja sumarbústaðinn af lóðinni. Ákvörðun héraðsdómara um hann hefur ekki sætt andmælum og á því að standa óhögguð, en miðast við birtingu dóms þessa.

Dómur aukadómþings Kjósarsýslu 4. mars 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. febrúar sl., hefur Laxnesbúið hf. höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, útgefinni 1. júní 1987 og birtri 5. s.m., á hendur Höllu Eiríksdóttur, nnr. 3545-1714, Hraunbæ 86, Reykjavík, og Þórunni Eiríksdóttur, nnr. 9774-3894, Asparfelli 10, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði með dómi, innan hæfilegs frests að mati dómsins, gert að fjarlægja, stefnanda að kostnaðarlausu, sumarbústað sinn ásamt öllu, sem þeim tilheyrir, úr landi stefnanda, Laxnesi II, vestari hálflendu, í Mosfellsbæ, Kjósarsýslu. Þá er þess krafist, að stefndu verði in solidum gert að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu.

Af hálfu stefndu er þess krafist, að þær verði sýknaðar af dómkröfum stefnanda og dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Á árinu 1986 krafðist stefnandi útburðar á sumarbústað stefndu. Með úrskurði fógeta, uppkveðnum 3. desember 1986, var kröfu stefnanda hrundið. Segir m.a. í forsendum úrskurðarins: „Að öllu athuguðu þykir því ekki vera rétt á þessu stigi málsins að verða við kröfu gerðarbeiðanda um útburð í máli þessu." Úrskurður þessi telst ekki bindandi fyrir bæjarþingsmál þetta, sem hér er til úrlausnar.

I.

Málavextir eru þeir, að 7. ágúst 1943 leigði Guðrún Guðmundsdóttir, þáverandi eigandi landspildu þeirrar, sem áðurnefndur sumarbústaður stendur á, þeim Sigurði Halldórssyni og Guðmundi Oddssyni landspilduna til 25 ára. Lóðin er u.þ.b. 5.000 m² að stærð, og er tekið fram í leigusamningnum, að leigutaka sé heimilt að selja og veðsetja leigurétt sinn að landinu ásamt með húsi því, girðingum og öðrum mannvirkjum, sem hann kann að gera á landinu. Þá skyldi landeigandi eiga forkaupsrétt að eigninni, og skyldi bjóða hann skriflega.

Þann 18. febrúar 1950 varð stefnandi máls þessa, Laxnesbúið hf., eigandi

að jörðinni Laxnesi II og þar á meðal spildu þeirri, er sumarbústaður stefndu stendur á.

Með afsali dags. 22. október 1958 seldu Guðmundur Oddsson og Sigurður Halldórsson þeim Sigurði Bjarnasyni og stefndu sumarbústaðinn ásamt leigurétti. Loks keyptu stefndu hlut Sigurðar með afsali dags. 13. júní 1966. Ekki mun landeiganda hafa verið boðinn forkaupsréttur við ofangreind eignaskipti.

Þann 20. júní 1969 var eftirfarandi yfirlýsing gefin út af stefnanda:

„Fyrir um það bil 25 árum byggðu þeir Sigurður Halldórsson og Guðmundur Oddsson, Reykjavík, sumarbústað í Laxnesslandi í Mosfellssveit, sem þeir nefndu Hólstún. Land undir þennan sumarbústað og umhverfis hann fengu þeir hjá þáverandi eigendum Laxnessjarðar og girtu það land. Lóðarleigusamningur gilti til 25 ára.

Fyrir átta árum eignuðust þennan bústað Halla Eiríksdóttir, Þórunn M. Eiríksdóttir og Sigurður Bjarnason, Reykjavík, en þann 13/6 1966 afsalaði Sigurður Bjarnason Hólstúni með tilheyrandi lóðarréttindum þeim Höllu Eiríksdóttur og Þórunni M. Eiríksdóttur sínum hluta eignarinnar, og eru þær nú eigendur að Hólstúni.

Halla og Þórunn hafa nú óskað eftir því að fá yfirlýsingu um forkaupsrétt þeim til handa á þeirri landspildu sem framangreindum bústað hefir tilheyrt í 25 ár.

Fyrir því lýsi ég því hérmeð yfir fyrir hönd núverandi eiganda Laxnessjarðar í Mosfellssveit að þær Halla Eiríksdóttir, Hraunbæ 86, og Þórunn M. Eiríksdóttir, Sporðagrunni 1, Reykjavík, skulu eiga forkaupsrétt að því landi, sem girt er kringum sumarbústað þeirra Hólstún í Mosfellssveit. Yfirlýsingu þessari má þinglýsa. Að geymdum betri rétti sveitarfélagsins."

Yfirlýsing þessi er undirrituð af Gunnari Fjeldsted og Brandi Brynjólfssyni f.h. stefnanda.

Brandur Brynjólfsson, framkvæmdastjóri félagsins, kom fyrir dóm. Hann kvað stefndu Höllu og eiginmann hennar hafa komið á sinn fund seint á árinu 1968 og farið þess á leit, að lóðarleigusamningurinn yrði framlengdur, þar sem hann væri að renna út. Brandur kvaðst hafa hafnað beiðni þeirra, þar sem til stóð að skipuleggja landið og selja sem íbúðarlóðir. Hann hafi því ekki getað orðið við óskum þeirra, og hafi því orðið úr, að hann veitti þeim forkaupsrétt að lóðinni með ofangreindri yfirlýsingu 20. júní 1969. Kvað Brandur stefndu hafa útbúið yfirlýsinguna, og hafi ekkert gjald komið fyrir forkaupsréttinn. Síðar hafi komið á daginn, að sveitarstjórn skipulagði þetta svæði sem landbúnaðarsvæði, en ekki íbúðarsvæði, og féllu þá niður áform um að selja lóðir úr jörðinni.

Stefndu báru einnig fyrir dómi, að þær hafi farið á fund Brands og ætlað að fá framlengdan leigusamninginn. Brandur hafi hafnað því, en boðið

þeim í staðinn forkaupsrétt að spildunni. Hins vegar hafi Brandur látið þau orð falla, að þær þyrftu ekki að hafa áhyggjur af því að verða reknar af lóðinni, og gætu þær verið þarna áfram, eins lengi og þær vildu. Af hálfu Brands er þessu mótmælt og bent á, að hafi verið ætlun að lofa stefndu að vera áfram á lóðinni ótímabundið, hefði verið nær að gera áframhaldandi lóðarleigusamning við þær. Aðspurðar kváðust báðar stefndu hafa skilið yfirlýsinguna frá 20. júní 1969 þannig, að hún veitti þeim forkaupsrétt, sem aðeins yrði virkur við sölu á lóðinni. Þær hafi báðar gert sér grein fyrir, að yfirlýsingin ein sér veitti þeim ekki rétt til áframhaldandi leigu. Ekki mundu stefndu, hver hafði samið forkaupsréttarskjalið, og könnuðust ekki við, að það væri frá þeim komið. Varðandi ástand bústaðarins kváðust stefndu hafa skipt um þak á honum og einangrað hann að innan. Þær hafi grafið brunn og útbúið rotþró. Þá sé lóðin afgirt.

Stefnandi byggir kröfugerð sína á því, að leigutími á spildu þeirri, sem sumarbústaður stefndu standi á, sé útrunninn. Spildan hafi einungis verið leigð til 25 ára eða 7. ágúst 1968. Réttur stefndu til að hafa sumarbústaðinn á lóðinni sé ekki lengur fyrir hendi. Við munnlegan flutning hélt stefnandi því fram, að forkaupsréttaryfirlýsingin skipti ekki máli í þessu sambandi, enda hafi stefndu gert sér fulla grein fyrir því. Forkaupsréttur veiti forkaupshafa aðeins rétt til að ganga inn í kaupin, ef seljandi vill selja. Því veiti yfirlýsingin mjög takmarkaðan rétt.

Þá er því með öllu mótmælt, að stefndu hafi unnið hefð á að hafa bústaðinn á umræddri spildu, sbr. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 46/1905.

Loks eigi stefndu ekki rétt á bótum fyrir sumarbústaðinn, þar sem ekki hafi verið samið um það í upphafi. Þá sé einnig til þess að líta, að ekki hafi verið upplýst í máli þessu um þau verðmæti, sem í húfi séu. Ekkert mat hafi farið fram á því. Taldi stefnandi raunar, að ekki væri mikið verðmæti í sumarbústaðnum.

Af hálfu stefndu er á því byggt, að forkaupsréttaryfirlýsingin frá 20. júní 1969 heimili þeim að hafa landið til lífstíðar. Skoða verði forkaupsréttaryfirlýsinguna og ummæli forsvarsmanns stefnanda í samhengi. Forsvarsmaður stefnanda hafi lýst því yfir við afhendingu yfirlýsingarinnar, að stefndu gætu haft lóðina umhverfis sumarbústaðinn til lífstíðar.

Ef fjarlægja ætti sumarbústaðinn og e.t.v. neyta forkaupsréttar síðar, væri um mikla verðmætasóun að ræða, sem stefndu þyrftu ekki að þola bótalaust. Þá sé til þess að líta, að bústaðurinn sé búinn að vera á lóðinni í 45 ár með vitund og vilja allra þeirra, sem hagsmuna hafi að gæta.

II.

Stefndu byggja sýknukröfu sína á þeirri forsendu, að yfirlýsingin um forkaupsrétt stefndu til handa veiti þeim ótvíræða heimild til að hafa landið

til lífstíðar. Ekki verður á það fallist, þar sem forkaupsréttur veitir rétthafa aðeins rétt til að ganga inn í kaup um eignina, ef eigandi ætlar að selja hana. Forkaupsrétturinn hefur því litlar takmarkanir í för með sér á umráðarétti eiganda yfir eigninni. Þá er óumdeilt í málinu, að stefndu lögðu heldur ekki annan skilning í forkaupsréttinn. Hins vegar halda stefndu því fram, að forráðamaður stefnanda hafi lýst því yfir, er hann veitti þeim forkaupsréttinn, að þær gætu haft spilduna eins lengi og þær vildu. Gegn mótmælum stefnanda telst þessi staðhæfing stefndu ósönnuð.

Í öðru lagi færa stefndu þau rök fyrir sýknukröfu sinni, að hefð hafi unnist á landinu í kringum sumarbústaðinn. Eins og fram hefur komið, var lóðarspildan upphaflega leigð til 25 ára frá 7. ágúst 1943. Stefndu eignuðust lóðina á árinu 1958. Lóðarleiga rann út á árinu 1968. Með bréfi dagsettu 20. ágúst 1983 skoraði stefnandi á stefndu að fjarlægja sumarbústaðinn af lóðinni. Skilyrði fyrir hefð á fasteign er 20 ára óslitið eignarhald. Ef eign er fengin á leigu, geta slík umráð ekki heimilað hefð, sbr. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 46/1905. Hefðarhald gat fyrst byrjað, þegar samningssambandi aðila lauk árið 1968.

Í þriðja lagi reisa stefndu kröfu sína um sýknu á því, að óheimilt sé að fjarlægja sumarbústaðinn, nema fullar bætur fáist fyrir. Í leigusamningnum frá 7. ágúst 1943 segir, að landið sé eingöngu leigt til að byggja á því sumarhús. Ekki er getið um, hvernig með sumarbústað skuli fara að 25 árum liðnum. Telja verður, að stefndu eigi ekki rétt til bóta, þar sem ekki hefur verið um það samið. Stefndu mátti vera það ljóst, er þær festu kaup á lóðinni, að skilaskylda hvíldi á henni, og gátu því ekki vænst endurgjalds fyrir bústaðinn, nema um það hefði verið samið.

Stefnandi er þinglýstur eigandi að spildu þeirri, er sumarbústaðurinn stendur á. Hann hefur því allar þær heimildir, er felast í beinum eignarrétti að spildunni.

Að öllu þessu athuguðu og þar sem lóðarsamningurinn er úr gildi fallinn, þykja stefndu ekki eiga rétt á að láta sumarbústaðinn standa lengur á umræddri lóð í landi Laxness II. Ber því að taka til greina kröfu stefnanda og dæma stefndu til að taka bústaðinn burtu stefnanda að kostnaðarlausu. Frestur til brottnámsins telst hæfilega ákveðinn 60 dagar frá birtingu dómsins að telja.

Eftir öllum málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Höllu Eiríksdóttur og Þórunni Eiríksdóttur, er skylt að flytja sumarbústað sinn af lóð úr landi Laxness II, vestari hálflendu,

í Mosfellsbæ, innan 60 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 22. júní 1990.

Nr. 238/1990. **Ásgeir Sigurjónsson**
gegn
Ólafi Guðmundssyni.

Kærumál. Þinglýsing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Karl Gauti Hjaltason, fulltrúi bæjarfógetans í Keflavík, kvað upp hina kærðu úrlausn.

Sóknaraðili hefur með vísan til 1. mgr. 3. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 20. apríl sl., sem barst Hæstarétti 15. júní sl. Hann kveðst kæra „úrlausn þinglýsingardómarans í Keflavík frá 26. mars 1990 um „leiðréttingu" samkvæmt 27. gr. þinglýsingalaga á dagbókarfærslu skuldabréfs varnaraðila, sem út var gefið 28. júní 1989, merkt í þinglýsingardagbók (bifreiðabók) sem skjal nr. A-592/89". Krefst sóknaraðili þess, „að framangreind „leiðrétting" verði felld úr gildi og lagt verði fyrir þinglýsingardómarann að skipa fjárnámum sóknaraðila á 1. veðrétt bifreiðarinnar KR-904 í þinglýsingarbók (bifreiðabók) svo sem þau voru færð í upphafi". Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að úrlausn þinglýsingardómarans verði staðfest og honum dæmdur kærumálskostnaður.

Þinglýsingardómari hefur samkvæmt 3. gr. þinglýsingalaga sent Hæstarétti eftirfarandi skýringar:

„I.

Með bréfi til embættisins dags. 1. mars 1990, krafðist Ásbjörn Jónsson hdl., þess fyrir hönd Ólafs Guðmundssonar, Holtsgötu 9, Reykjavík, að leiðrétt yrði veðsetning á bifreiðinni KR 904, sem er Scania 111 árg. 1978, og að skuldabréf, sem hann á að höfuðstól kr. 800.000,- útgefið 28. júní 1989, verði á 1. veðrétti og gangi á undan öðrum veðkröfum. Kröfu sína um leiðréttingu studdi hann þeim rökum að Ólafur Guðmundsson hefði farið með skuldabréfið til embættisins þann 6. júlí 1989 og óskað eftir þinglýsingu þess á bifreiðina. Þá hafi þinglýsingarbeiðandi greitt fyrir þinglýsinguna

þann sama dag. Síðan segir í bréfi lögmannsins: „Engar athugasemdir voru gerðar varðandi þinglýsingu skuldabréfsins skv. 5. og 6. gr. þinglýsingalaga þegar skjalið var afhent til þinglýsingar. Af óskiljanlegum ástæðum var skuldabréfið ekki fært inn í dagbók þann 6. júlí 1989, heldur 12. júlí s.á., þrátt fyrir ákvæði 6. gr. þinglýsingalaga, sem segir að öll skjöl sem afhent eru til þinglýsingar, skuli færð í dagbók."

II.

Málavextir eru nánar þessir:

Þann 6. júlí 1989, kom Ólafur Guðmundsson með skuldabréf, dags. 28. júní s.á., til þinglýsingar hjá bæjarfógetaembættinu í Keflavík. Útgefandi bréfsins var Ólafur Haraldsson og var það tryggt með veði í bifreiðinni Scania LBS 111, árg. 1978, sem bar skráningarnúmerið KR-904. Þinglýsingarbeiðandi greiddi fyrir þinglýsinguna sama dag og virðist sem skjalið hafi verið lagt til hliðar vegna þess að eigendaskipti höfðu ekki farið fram hjá Bifreiðaskoðun Íslands, en þinglýsingarbeiðandi var sjálfur skráður eigandi. Skuldabréfið hafði orðið til í viðskiptum þeirra Ólafs Guðmundssonar og Ólafs Haraldssonar, þar sem hinn síðarnefndi keypti Scania-vörubifreiðina af þeim fyrrnefnda. Sama dag fór Ólafur Guðmundsson á pósthúsið í Keflavík með tilkynningu um eigendaskipti og greiddi þar lögbundið gjald. Þann 12. júlí var skuldabréfið stimplað með móttökudagsstimpli, en þann dag gerði lögmaður Ásgeirs Sigurjónssonar tvö fjárnám í bifreiðinni og var þeim þinglýst samdægurs og í samræmi við 1. mgr. 15. gr. laga nr. 39/1978 gengu þau framar skuldabréfinu og var athugasemd um það rituð á skuldabréfið.

Þann 1. mars 1990, barst þinglýsingardómara bréf frá lögmanni Ólafs Guðmundssonar, þar sem krafist var leiðréttingar á veðsetningu á bifreiðinni KR-904, þannig að fyrrnefnt skuldabréf yrði á 1. veðrétti og gengi framar öðrum veðkröfum. Þá lagði lögmaðurinn fram kvittanir um greiðslu stimpil- og þinglýsingargjalds af skuldabréfinu, dags. 6. júlí 1989 og tilkynningu til ökutækjaskrár, sem móttekin var á Pósti og síma í Keflavík sama dag. Að tilhlutan lögmannsins barst þinglýsingardómara einnig staðfesting frá Bifreiðaskoðun Íslands um að eigendaskipti hefðu verið innfærð í ökutækjaskrá mánudaginn 10. júlí 1989.

Undirritaður þinglýsingardómari taldi, að taka hafi átt skuldabréfið inn í dagbók strax þann 6. júlí 1989, þegar það var afhent til þinglýsingar, sbr. ákvæði 6. gr. þinglýsingalaga. Svo virðist sem við móttöku skjalsins hafi verið ætlunin að varðveita skjalið þar til eigendaskipti kæmu fram í ökutækjaskrá Bifreiðaskoðunar Íslands. Með staðfestingu frá bifreiðaskoðuninni hefur komið í ljós, að eigendaskiptin voru færð í ökutækjaskrá þann 10. júlí 1989, eftir að tilkynning um þau hafði verið lögð inn á pósthús í Keflavík 6. s.m.

Að svo komnu máli taldi undirritaður þinglýsingardómari ljóst eftir gögnum málsins og að teknu tilliti til 2., sbr. 1. mgr. 20. gr. reglugerðar um skráningu ökutækja frá 15. desember 1988, að eigi hefðu verið neinir þeir gallar á margumræddu skuldabréfi þann 6. júlí 1989, sem kæmu í veg fyrir, að það væri fært inn í þinglýsingardagbók. Jafnframt var ljóst að útgefandi skuldabréfsins var orðinn skráður eigandi bifreiðarinnar KR-904 þann 10. júlí 1989, og skjalið þá tækt til þinglýsingar. Eigendaskipti að bifreiðinni hafi farið fram þann 6. júlí 1989, þó að Bifreiðaskoðun Íslands hafi ekki formlega fært eigendaskiptin inn í ökutækjaskrá fyrr en 10. júlí s.á. Af einhverjum ástæðum var skuldabréfið þó ekki fært inn í dagbók fyrr en 12. júlí s.á., sama dag og fyrrnefnd fjárnám bárust til þinglýsingar.

Þinglýsingardómari taldi sér fært að nýta leiðréttingarheimild 27. gr. þinglýsingalaga, jafnvel þótt um lausafé skv. VII. kafla væri að ræða, en þar er þó eigi vísað í leiðréttingarheimild 27. gr. laganna. Hins vegar geta komið upp tilfelli þar sem leiðréttingar á veðsetningum bifreiða er þörf, rétt eins og um fasteignir, ef færsla er röng eða mistök hafa orðið um þinglýsinguna. Undirritaður taldi því rétt að verða við beiðni um leiðréttingu á veðsetningu bifreiðarinnar, þannig að skuldabréfið teldist á 1. veðrétti og gengi framar fyrrnefndum fjárnámum. Jafnframt var skuldabréfið áritað með eftirfarandi: „Leiðrétting skv. 27. gr. þingl.laga. Athugasemd afmáð með vísan í 27. gr. l. 39/1978, sbr. 1. og 2. mgr. 20. gr. rgj. um skráningu ökutækja frá 15. desember 1988. Móttökudagsetning skjals þessa leiðrétt." Í samræmi við 1. mgr. 27. gr. þinglýsingalaganna var leiðrétting þessi tilkynnt lögmanni fjárnámshafa og lögmanni Ólafs Guðmundssonar, með ábyrgðarbréfi dags. 26. mars

1990."

Skuldabréf það, sem hér um ræðir, er útgefið af Ólafi Haraldssyni. Hann var skráður eigandi framangreindrar bifreiðar í bifreiðaskrá 10. júlí 1989, og varð skuldabréfinu réttilega þinglýst á bifreiðina eftir það samkvæmt 3. mgr. 47. gr. þinglýsingalaga. Varnaraðili hafði þá afhent skuldabréfið til þinglýsingar, og var það í vörslum þinglýsingardómara. Skjölum annarra rétthafa varð því ekki síðar þinglýst, svo að í bága færi við rétt sóknaraðila. Þinglýsingardómara var því rétt samkvæmt lögjöfnun frá 1. mgr. 27. gr. þinglýsingalaga að leiðrétt mistök sín, svo sem að framan greinir. Ber því að staðfesta hina kærðu úrlausn.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hin kærða úrlausn þinglýsingardómarans í Keflavík skal vera óröskuð.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 22. júní 1990.

Nr. 263/1987. **Bjarnheiður Ragnarsdóttir**
(Kristján Stefánsson hdl.)
gegn
Sigríði Valdísi Elíasdóttur
og
Bjarna Þ. Ólafssyni
(Friðjón Örn Friðjónsson hdl.)
og gagnsök.

Eignarréttur. Skaðabætur. Uppsögn. Endurgreiðsla. Gjafsókn. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. september 1987 og krefst aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjenda, en til vara, að fjárkrafa þeirra verði lækkuð. Krafist er málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjenda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur áfrýjuðu málinu með stefnu 15. október 1987 og gera eftirfarandi dómkröfur: „aðallega, að viðurkenndur verði með dómi eignarréttur gagnáfrýjenda að 26.11% íbúðarhússins að Neðri-Rauðsdal, Barðastrandarhreppi, ásamt meðfylgjandi fasteignaréttindum eða þeirri prósentu sem dómurinn metur hæfilega, til vara, að viðurkenndur verði eignarréttur gagnáfrýjenda að allri svonefndri viðbyggingu við íbúðarhúsið að Neðri-Rauðsdal, Barðastrandarhreppi, til þrautavara, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða gagnáfrýjendum kr. 1.243.000,- eða lægri fjárhæð samkvæmt ákvörðun dómsins, með 2.25% dráttarvöxtum á mánuði frá 04.11. 1986 til 01.03. 1987, 2.5% dráttarvöxtum á mánuði frá 01.03. 1987 til 06.05. 1987, 30% ársdráttarvöxtum frá 06.05. 1987 til 01.06. 1987, en 33.6% ársdráttarvöxtum frá 01.06. 1987 til 01.07. 1987, en 36% ársdráttarvöxtum frá 01.07. 1987 til 01.08. 1987, en 40.8% ársdráttarvöxtum frá 01.08. 1987 til 01.09. 1987, en 42% ársdráttarvöxtum frá 01.09. 1987 til 01.10. 1987, en 43.2% árs-

dráttarvöxtum frá 01.10. 1987 til 01.11. 1987, en 45.6% ársdráttarvöxtum frá 01.11. 1987 til 01.12. 1987, en 49.2% ársdráttarvöxtum frá 01.12. 1987 til 01.01. 1988, en 51.6% ársdráttarvöxtum frá 01.01. 1988 til 01.03. 1988, en 45.6% ársdráttarvöxtum frá 01.03. 1988 til 01.05. 1988, en 44.4% ársdráttarvöxtum frá 01.05. 1988 til 01.07. 1988, en 52.8% ársdráttarvöxtum frá 01.07. 1988 til 01.08. 1988, en 56.4% ársdráttarvöxtum frá 01.08. 1988 til 01.09. 1988, en 49.2% ársdráttarvöxtum frá 01.09. 1988 til 01.10. 1988, en 33.6% ársdráttarvöxtum frá 01.10. 1988 til 01.11. 1988, en 27.6% ársdráttarvöxtum frá 01.11. 1988 til 01.12. 1988, en 24% ársdráttarvöxtum frá 01.12. 1988 til 01.01. 1989, en 21.6% ársdráttarvöxtum frá 01.01. 1989 til 01.03. 1989, en 24% ársdráttarvöxtum frá 01.03. 1989 til 01.04. 1989, en 33.6% ársdráttarvöxtum frá 01.04. 1989 til 01.05. 1989, en 38.4% ársdráttarvöxtum frá 01.05. 1989 til 01.06. 1989, en 42% ársdráttarvöxtum frá 01.06. 1989 til 01.07. 1989, en 45.6% ársdráttarvöxtum frá 01.07. 1989 til 01.09. 1989, en 40.8% ársdráttarvöxtum frá 01.09. 1989 til 01.10. 1989, en 38.4% ársdráttarvöxtum frá 01.10. 1989 til 01.12. 1989, en 40.8% ársdráttarvöxtum frá 01.12. 1989 til 29.01. 1990, en hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags.

Þá er þess krafist að kveðið verði á um það í dómi að heimilt sé að leggja dráttarvexti við höfuðstól á 12 mánaða fresti frá stefnubirtingardegi að telja, í fyrsta skipti 04.11. 1987, og reikna síðan vexti af höfuðstól þannig upphækkuðum.

Enn fremur krefjast gagnáfrýjendur málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda eins og málið væri ekki gjafsóknar- og gjafvarnarmál.

Loks er krafist að aðaláfrýjanda verði gert að greiða gagnáfrýjendum virðisaukaskatt, 24.5% af málflutningsþóknun.“

Gagnáfrýjendum var veitt gjafsókn og gjafvörn í málinu með bréfi dómsmálaráðherra 11. júlí 1988.

Allmörg ný gögn höfðu verið lögð fyrir Hæstarétt, er málið var flutt munnlega í fyrra skipti 29. janúar 1990. Við lok þess málflutnings var því beint til lögmanna aðila, að aflað yrði frekari gagna. Að lokinni þeirri gagnaöflun var málið flutt munnlega að nýju 14. júní 1990.

I.

Aðal- og varakrafa gagnáfrýjenda.

Áður en til byggingar íbúðarhúss þess kom, sem um ræðir í málinu, á árinu 1979, hafði Bjarni Þ. Ólafsson afsalað Elíasi, syni sínum, jörðinni Neðri-Rauðsdal ásamt húsum og mannvirkjum. Var þetta gert í tvennu lagi með afsölum 20. júlí 1965 og 14. desember 1977. Tekið var fram í afsölunum, að kaupverð væri að fullu greitt. Hafa verið bornar brigður á gildi síðara afsalsins, en sá ágreiningur er ekki til álita í þessu máli. Í aðilaskýrslu staðhæfir Bjarni, að ekkert endurgjald hafi komið fyrir jörðina. Er frásögn hans um þetta orðrétt á þessa leið: „...kveður Bjarni ástæðu þess, að ekkert endurgjald kom í staðinn fyrir fyrra afsalið 1965, hafa verið þá, að Elías heitinn (hann lést 23. júlí 1985) hafi unnið við bú hans og þeirra feðga um árabil...".

Sameiginlegum búskap feðganna á jörðinni virðist hafa lokið 1977, en Bjarni stundaði þar áfram einhvern búskap og hafði hluta af búmarki jarðarinnar fyrir sig. Eigi verður með vissu ráðið af gögnum málsins, hvenær hann hætti búskap.

Á árinu 1979, er bygging nýs íbúðarhúss hófst á jörðinni, réðst aðaláfrýjandi ráðskona að Neðri-Rauðsdal. Það var tilefni þess, að ráðist var í húsbyggingu þessa, að gamalt íbúðarhús á jörðinni var þá lítt eða ekki íbúðarhæft lengur. Keypt var svonefnt einingahús úr timbri hjá Húsasmiðjunni hf. í Reykjavík. Samkvæmt uppdrætti af húsinu frá framleiðanda var ein íbúð í því og sambyggður bílskúr. Það virðist hafa verið ákveðið þegar í upphafi, að íbúð yrði í bílskúrnum fyrir gagnáfrýjendur.

Samkvæmt bréfi byggingarfulltrúa Barðastrandarhrepps 18. febrúar 1990 hafa hvorki fundist í fórum hans uppdráttur af umræddu íbúðarhúsi né samþykktir um byggingu þess í fundargerðum byggingarnefndar. Reyndar virðist fundargerðabók nefndarinnar frá þessum tíma hafa glatast.

Engra gagna nýtur í málinu um samning eða ráðagerð feðganna um húsbyggingu þessa eða eignaraðild að henni.

Meðal nýrra gagna í málinu eru staðfest ljósrit af skattframtölum Bjarna Þ. Ólafssonar 1979 og 1982 - 1986 að báðum árum meðtöldum. Framtöl áranna 1980 - 1981 voru lögð fram í héraði. Í framtölunum er hvergi getið nefndrar húsbyggingar. Engu þeirra

fylgir húsbyggingarskýrsla, og hvergi er í framtölunum til slíkrar skýrslu vitnað. Í framtölum 1984, 1985 og 1986 er talin fram sem eign íbúð í Neðri-Rauðsdal á fasteignamatsverði í samræmi við gildandi fasteignamat.

Þá eru ný gögn í málinu staðfest ljósrit af skattframtölum Elíasar Bjarnasonar 1979 til 1984 ásamt húsbyggingarskýrslum, er fylgdu framtölum 1980 og 1981. Á báðum húsbyggingarskýrslunum er nafn Elíasar eins sem húsbyggjanda. Á hinni fyrri er eignarhlutfall framteljanda tilgreint 100% og flatarmál húsnæðis 140 fermetrar. Hvorugt er tilgreint á hinni síðari, en þar er tekið fram, að húsið hafi verið tekið í notkun 1980. Á skattframtali 1980 greinir frá því, að einingahús hafi verið keypt í október 1979, og vísað til húsbyggingarskýrslu. Meðeiganda er ekki getið. Í eignadálki er tilgreint hús í smíðum. Fjárhæð er hin sama og samanlagður byggingarkostnaður samkvæmt húsbyggingarskýrslu. Á skattframtali 1981 er enn getið húsbyggingar og fjárhæðar með, sem er hin sama og heildarbyggingarkostnaður umrædds húss á húsbyggingarskýrslu. Á framtölum Elíasar 1982 til 1985 er íbúðarhússins nýja að engu getið og ekki talið fram meðal eigna framteljanda.

Flatarmál, sem samkvæmt framansögðu var gefið upp á húsbyggingarskýrslu með framtali 1980, 140 fermetrar, er ekki hið sama og fram kemur á þeim uppdráttum af húsinu, sem fyrir liggja í málinu. Raunar er ósamræmi milli uppdrátta, að því er þetta varðar. Er ýmist gefið upp flatarmál íbúðar A 133 fermetrar og íbúðar B 47 fermetrar eða íbúðar A 140 fermetrar og íbúðar B 40 fermetrar. Að minnsta kosti síðastnefndu tölurnar gefa vísbendingu um, að á húsbyggingarskýrslu með framtali 1980 telji Elías Bjarnason sér ekki húsið allt til eignar.

Á fasteignaskrá hjá Fasteignamati ríkisins er flatarmál hússins tilgreint í þrennu lagi: 40 fermetra íbúð, 101,3 fermetra íbúð og 55 fermetra geymsla. Er Bjarni Þ. Ólafsson skráður sem eigandi minni íbúðarinnar, en eiganda stærri íbúðarinnar er ekki getið. Með bréfi Fasteignamats ríkisins 13. júní 1990 er staðfest, að enginn hafi næstu ár eftir byggingu hússins verið skráður eigandi stærri íbúðarinnar.

Samkvæmt bréfi umdæmisstjóra Fasteignamats ríkisins 9. febrúar 1990 var umrætt íbúðarhús fyrst tekið til skráningar í sept-

ember 1981 og skráð sem tvær íbúðir. Eigandi minni íbúðarinnar var skráður Bjarni Ólafsson, en hinnar stærri Elías Bjarnason. Kveðst umdæmisstjóri hafa annast skráninguna samkvæmt upplýsingum trúnaðarmanns Fasteignamats ríkisins í Barðastrandarhreppi. Við vettvangsskoðun hafi Elías gefið samhljóða upplýsingar. Útfyllt eyðublað um þessa skráningu, dagsett 23. september 1981, liggur frammi í málinu. Þar er tilgreindur eignarhluti að flatarmáli 101,9 fermetrar, eigandi Elías Bjarnason, og eignarhluti að flatarmáli 40 fermetrar, eigandi Bjarni Ólafsson. Jafnframt er getið sameignar að flatarmáli 12,4 fermetrar. Flatarmál þess eignarhluta, sem samkvæmt þessari skráningu er sagður tilheyra Bjarna Þ. Ólafssyni, er sömu stærðar og tilgreind er á skrám Fasteignamats ríkisins, en flatarmál þess eignarhluta, sem sagður er tilheyra Elíasi Bjarnasyni, er í skráningu umdæmisstjórans lítið eitt minna en á skrám Fasteignamats ríkisins.

Engra skýringa nýtur í málinu á því, hvað því ósamræmi valdi, sem að framan er lýst.

Samkvæmt bréfi Vátryggingafélags Íslands hf, sem dagsett er 2. febrúar 1990, var umrætt íbúðarhús metið til brunabóta 12. nóvember 1980 og þá á nafni Elíasar Bjarnasonar. Hélst svo til 1. janúar 1986. Frá þeim tíma var það skráð vegna brunatryggingar á nöfnum Bjarna Ólafsson 26.11% og Bjarnheiðar Ragnarsdóttur 73.89%.

Hinn 26. febrúar 1987 fékk aðaláfrýjandi kauptilboð í jörðina Neðri-Rauðsdal. Í því segir, að „óleyst ágreiningsmál varðandi íbúðarhús á jörðinni séu óviðkomandi kaupanda og verði leyst áður en kaupsamningur er undirritaður". Kauptilboð þetta var samþykkt af aðaláfrýjanda 3. mars s.á. Hinn 27. júlí s.á. var gerður kaupsamningur á grundvelli þessa samþykkta tilboðs. Í honum er svofellt ákvæði: „Kaupanda er kunnugt um að ágreiningsmál er varðandi íbúðarhúsið, en seljandi lofar að leysa úr þeim ágreiningi og er sá ágreiningur alfarið óviðkomandi kaupanda, ..."

Margt af því, sem nú hefur verið rakið, og sumt, sem frá greinir í héraðsdómi og lýtur að aðal- og varakröfu gagnáfrýjenda, styður það líkum, að sú hafi verið ráðagerð þeirra feðga, að hið nýja íbúðarhús yrði í sameign þeirra. Sumt í gögnum málsins er á hinn bóginn öndvert þessum líkum, og um sumt er óvissa. Þegar það er virt í heild, sem til álita er í þessu efni, verður ekki litið svo á, að gagn-

áfrýjendum hafi tekist að sanna eignaraðild sína að umræddu húsi. Samkvæmt því brestur lagaskilyrði til þess, að taka megi til greina hvort heldur aðal- eða varakröfu þeirra í málinu.

II.

Þrautavarakrafa gagnáfrýjenda.

Í héraðsdómi er rakið það, sem í héraðsstefnu segir um eðli þessarar kröfu og rök fyrir henni. Hér er um að ræða kröfu um endurgreiðslu á fjárframlögum gagnáfrýjenda vegna efniskaupa og aðkeyptrar vinnu og um endurgreiðslu á verðmæti vinnuframlags aðstandenda og greiðslum, er gagnáfrýjendur inntu af hendi af láni, er tekið var hjá Byggingarsjóði ríkisins 19. nóvember 1981.

Af hálfu gagnáfrýjenda er því haldið fram, að þrautavarakrafan sé fyrnd samkvæmt ákvæðum fyrningarlaga.

Gagnáfrýjendur halda því fram, að þau hafi innt af hendi „mjög veruleg" fjárframlög til húsbyggingarinnar, en um eftirtalda liði liggi fyrir gögn og upplýsingar:

1.	Sement	kr. 3.866,84
2.	Eldhúsinnrétting	" 3.594,24
3.	Raflagnaþjónusta Snæbjarnar	" 2.002,22
4.	Raflagnaefni frá Hannesi Sigfússyni	" 14.284,93
5.	Vinnuframlag fjölskyldu	" 10.800,00
		Kr. 34.548,23

Fyrningarfrestur allra framantalinna kröfuliða er 4 ár samkvæmt 5. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda. Reikningar, sem kröfuliðir 1 - 4 byggjast á, voru samkvæmt gögnum málsins allir greiddir á árinu 1980. Fyrningarfrestur telst samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laganna frá þeim degi, er krafa varð gjaldkræf. Það er því ljóst, að kröfur samkvæmt þessum liðum voru fyrndar alllöngu áður en málið var höfðað 5. desember 1986. Um 5. kröfulið er þess sérstaklega að geta, að eigi hefur verið sýnt fram á, að gagnáfrýjendur hafi að neinu leyti greitt þá fjárhæð, sem þar er krafist. Þegar af þeirri ástæðu verður einnig að hafna þeim lið.

Það er ágreiningslaust, að gagnáfrýjendur tóku lán hjá Bygg-

ingarsjóði ríkisins 19. nóvember 1981 að fjárhæð 65.000 krónur. Sýnt hefur verið fram á, að lán þetta var tekið vegna byggingar umræddS húss, og verður ekki séð, að því hafi verið ráðstafað í annað. Sérstök útgjöld vegna lántökunnar námu samkvæmt reikningi lánveitanda 1.739 krónum, sem ætla verður, að gagnáfrýjendur hafi greitt.

Af gögnum málsins verður ráðið, að gagnáfrýjendur hafi greitt af láninu á gjalddögum, síðast 1. febrúar 1986, er aðaláfrýjandi yfirtók lánið, og var gagnáfrýjendum endurgreidd greiðslan, sem þau höfðu innt af hendi á þeim gjalddaga.

Gjalddagar lánsins voru fjórum sinnum á ári, í fyrsta sinn 1. maí 1982. Samkvæmt því hafa gagnáfrýjendur greitt alls fimmtán sinnum af láninu. Engin gögn hafa verið lögð fram um þessar greiðslur að frátalinni greiðslunni 1. febrúar 1986. Aftur á móti liggur fyrir útreikningur stærðfræðings á fjárhæð hverrar greiðslu. Hefur hann ekki sætt tölulegum andmælum. Samkvæmt honum hafa gagnáfrýjendur greitt samtals af láni þessu í afborganir, vexti og verðbætur 51.406 krónur.

Líklegt er, að gagnáfrýjendur hafi innt þessar greiðslur af hendi í þeirri trú, að þau væru eigendur að hluta íbúðarhússins að Neðri-Rauðsdal. Þó að svo sé ekki að lögum, sem fyrr greinir, er þess að gæta, að gagnáfrýjendur höfðu á þeim tíma, er þau greiddu af láninu, afnot af hluta íbúðarhússins. Þegar það er haft í huga og svo hitt, að fjárhæðin er ekki svo há, að bersýnilega hafi meira verið greitt en fyrir hana fékkst, verður að hafna endurgreiðslukröfunni.

Í aðilaskýrslu Bjarna Þ. Ólafssonar á aukadómþingi Barðastrandarsýslu 15. júní 1987 kvaðst hann „ hafa lagt allt sitt fé í bygginguna í þeirri von að hann fengi að vera þar það sem eftir væri ævinnar". Bjarni er fæddur 7. október 1905, en Sigríður Valdís Elíasdóttir er fædd 16. september 1909.

Í aðilaskýrslu aðaláfrýjanda í sama þinghaldi skýrir hún svo frá, að gagnáfrýjendur „hefðu haft leyfi til að búa í bílskúrsíbúðinni á meðan þau byggju".

Þegar málsatvik eru virt í heild og sérstaklega aðdragandi að byggingu umræddS íbúðarhúss, hvernig að henni var staðið og að í húsinu var sérstök íbúð, sem gagngert var ætluð gagnáfrýjendum,

þá verður að líta svo á, að gagnáfrýjendur hafi haft réttmæta ástæðu til að ætla, að þau hefðu afnot þessarar íbúðar til frambúðar. Tilkynning um riftun þessa réttar í bréfi lögmanns aðaláfrýjanda 15. júlí 1986 var því ólögmæt og bakaði aðaláfrýjanda skaðabótaábyrgð gagnvart gagnáfrýjendum.

Skaðabótakrafa er ekki sjálfstæður þáttur í kröfugerð gagnáfrýjenda. Á hinn bóginn er þrautavarakrafa þeirra um endurgreiðslu og bætur meðal annrs byggð á reglum skaðabótaréttar. Kröfugerð gagnáfrýjenda að öðru leyti og málatilbúnaður allur gefa og til kynna, að sú hafi verið ætlun þeirra að halda til haga í málinu ítrasta rétti sínum á hendur aðaláfrýjanda. Með þessi atriði í huga verður, eins og atvikum máls þessa er háttað, talið heimilt samkvæmt réttarfarsreglum, sbr. 113. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, að meta þrautavarakröfu gagnáfrýjenda svo, að í henni felist krafa til skaðabóta.

Eftir uppsögn aðaláfrýjanda á afnotarétti gagnáfrýjenda að íbúðinni fluttust þau á árinu 1986 búferlum til Patreksfjarðar. Ræður að líkum, að sú röskun á högum þeirra, sem óhjákvæmilega hlaut af þessu að leiða, hafi valdið þeim tjóni. Ákvörðun bóta vegna þessa verður að fara að álitum. Eftir atvikum þykja þær hæfilega ákveðnar 350.000 krónur. Verður aðaláfrýjandi dæmd til að greiða gagnáfrýjendum þessa fjárhæð með vöxtum eins og í dómsorði greinir.

Rétt þykir að staðfesta ákvæði héraðsdóms um málskostnað og gjafsóknarlaun.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður. Málflutningslaun skipaðs málflytjanda gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti, 100.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Það er aðfinnsluvert, að í héraðsdómi eru talin upp öll skjöl málsins, 40 að tölu. Fer það í bága við ákvæði 193. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Bjarnheiður Ragnarsdóttir, greiði gagnáfrýjendum, Sigríði Valdísi Elíasdóttur og Bjarna Þ. Ólafssyni, 350.000 krónur með 27% dráttarvöxtum á ári frá 5. desember

1986 til 1. mars 1987, 30% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 14. apríl 1987, en dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Dráttarvexti eftir 14. apríl 1987 má leggja við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 14. apríl 1988, og reikna dráttarvexti af samanlagðri fjárhæð.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað og gjafsóknarkostnað á að vera óraskað.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður. Málflutningslaun skipaðs málflytjanda gagnáfrýjenda fyrir Hæstarétti, Friðjóns Arnar Friðjónssonar héraðsdómslögmanns, 100.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Bjarna K. Bjarnasonar hæstaréttardómara.

Hvernig sem á málið er litið, verður að líta svo á, að gagnáfrýjendur hafi innt af hendi framlög sín á þeim forsendum, að þau fengju afnot íbúðarinnar til frambúðar. Þessar forsendur brustu. Eiga gagnáfrýjendur því bótakröfu á hendur aðaláfrýjanda vegna brostinna forsendna. Gagnáfrýjendur eiga hins vegar ekki jafnframt rétt á endurgreiðslu framlaga sinna. Eru því ekki efni til að taka afstöðu til einstakra framlaga, svo sem meiri hluti dómenda gerir í atkvæði sínu um þrautavarakröfu. Með þessari athugasemd er ég samþykkur niðurstöðu meiri hluta dómenda.

Dómur aukadómþings Barðastrandarsýslu 10. júlí 1987.

I.

Mál nr. 99/1986.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. júní sl. að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað hér fyrir aukadómþinginu með stefnu, útgefinni og birtri 4. nóvember 1986, af Sigríði Valdísi Elíasdóttur, nafnnr. 9075-7148, og Bjarna Þ. Ólafssyni, nafnnr. 12.26-9587 (sic), báðum til heimilis að Sigtúni 29, Patreksfirði, gegn Bjarnheiði Ragnarsdóttur, nafnnr. 1196-5857, Tjarnarlundi 8 d, Akureyri.

Dómkröfur stefnenda eru aðallega þær, að viðurkenndur verði með dómi

eignarréttur stefnenda að 26.11% íbúðarhússins að Neðri-Rauðsdal, Barðastrandarhreppi, ásamt meðfylgjandi fasteignarréttindum eða þeirri prósentu, sem dómurinn metur hæfilega.

Til vara er þess krafist, að viðurkenndur verði eignarréttur stefnenda að allri svonefndri viðbyggingu við íbúðarhúsið í Neðri-Rauðsdal. Til þrautavara krefjast stefnendur þess, að stefnda verði dæmd til að greiða þeim kr. 1.243.000,- eða lægri fjárhæð samkvæmt ákvörðun dómsins með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum á hverjum tíma á mánuði frá stefnubirtingardegi til greiðsludags, 2,25% á mánuði, og að kveðið verði á um það í dómi, að heimilt sé að leggja vexti við höfuðstól á tólf mánaða fresti frá stefnubirtingardegi og reikna síðan vexti af höfuðstól þannig upphækkuðum. Stefnendur krefjast þess, að stefnda verði dæmd til að greiða þeim málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Loks var þess krafist, að stefnu þessari mætti þinglýsa samkvæmt 28. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978. Um þessa síðastnefndu kröfu úrskurðaði dómari í þinghaldi hinn 16. janúar 1987, að það mætti þinglýsa stefnunni eða útdrætti úr henni.

Í réttarhaldi 15. júní 1987 lögðu stefnendur fram gjafsóknarleyfi fyrir undirrétti í máli þessu, útgefið 12. mars 1987. Í samræmi við það krefjast stefnendur, að málskostnaður þeirra verði greiddur úr ríkissjóði. Ennfremur breyttu stefnendur vaxtakröfunum við munnlegan flutning málsins þannig, að frá 01.03. 1987 er krafist 2,5% dráttarvaxta á mánuði frá þeim tíma til 06.05. 1987, en 30% ársvaxta frá þeim tíma til 01.06. 1987, en 33,6% ársvaxta frá þeim degi til dómtökudags, en hæstu lögleyfðra vaxta frá dómtökudegi til greiðsludags. Varnaraðili samþykkti þessar breytingar á kröfum.

II.

Málsatvikum er lýst þannig í stefnu: „Stefnendur þessa eru hjónin Bjarni Ólafsson og Sigríður Valdís Elíasdóttir, sem áður bjuggu á eignarjörð sinni Neðri-Rauðsdal í Barðastrandarhreppi. Hinn 20.07. 1965 afsalaði Bjarni syni sínum, Elíasi heitnum, hálflendu jarðarinnar Neðra-Rauðsdals ásamt hálfum öllum húsum og mannvirkjum á jörðinni". Bjuggu þeir feðgar þegar saman á jörðinni til ársins 1977. Það ár fékk Bjarni blóðtappa og dvaldi á sjúkrahúsi af þeim ástæðum. Nokkrum dögum eftir að Bjarni kom heim af spítala, undirritaði hann enn afsal fyrir „hálflendu jarðarinnar Neðra-Rauðsdals ásamt hálfum öllum húsum og mannvirkjum á jörðinni" til sonar síns, Elíasar heitins. Er texti afsals þessa nákvæmlega sami og hins fyrra. Hafa verið bornar brigður á gildi afsals þessa af stefnendum og öðrum börnum þeirra, en af lagatæknilegum ástæðum hefur eigi orðið úr því, að mál væri höfðað til ógildingar á afsali þessu. Önnur börn þeirra

hjóna eru: Samúel Bjarnason, Svanhvít Bjarnadóttir, Björg Bjarnadóttir, Elsa Bjarnadóttir og Ólafur Bjarnason.

Frá 1977 bjuggu þau hjón við óbreyttar aðstæður með syni sínum að Neðri-Rauðsdal. Árið 1979 mun stefnda, Bjarnheiður Ragnarsdóttir, hafa komið sem ráðskona að Neðri-Rauðsdal, en hún giftist síðan Elíasi heitnum, syni þeirra hjóna. Bjarni mun hafa verið við búskap til ársins 1984 að einhverju leyti.

Búmark aðila skiptist þannig, að Bjarna tilheyra 124 ærgildi, þar af 68 ærgildi í mjólk og 56 á sauðfé, en Bjarnheiði tilheyra samtals 440 ærgildi, þar af 140 í mjólk en 300 í sauðfé.

Árið 1979 hófu fjölskyldurnar að reisa á jörðinni íbúðarhús í sameiningu samkvæmt teikningu Húsasmiðjunnar hf. Fjárframlög stefnenda til húsbyggingar þessarar voru mjög veruleg.

Í dag liggja ekki gögn og upplýsingar fyrir um öll framlög þeirra hjóna til byggingarinnar. Um eftirtalda liði liggja fyrir gögn og upplýsingar, en undirstrikað skal, að framlög stefnenda voru meiri en eftir greinir:

Keypt sement í Kaupfélagi Patreksfjarðar	gkr.	386.684
Greidd eldhúsinnrétting	—	359.424
Greitt raflagnaþjónustu Snæbjarnar	—	200.222
Raflagnaefni greitt til Hannes Sigfússonar	—	1.428.493
Vinnuframlag aðstandenda	—	1.080.000
Samtals	gkr.	3.454.823
eða	nýkr.	34.548,23

Jafnframt tók Bjarni lán hjá Byggingarsjóði ríkisins samkv. veðskuldabréfi dags. 19. nóvember 1981, að fjárhæð nýkr. 65.000, verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu, og hefur greitt af því láni síðan. Andvirði láns þessa rann alltaf til byggingarinnar, þar af kr. 40.004,90 til Húsasmiðjunnar hf. og kr. 12.000 til greiðslu á víxli samþykktum af Elíasi heitnum Bjarnasyni.

Lánsfjárhæðin, kr. 65.000, nemur miðað við lánskjaravísitölu í nóvember 1986 (L = 1517) kr. 349.893,62, en aðrir kostnaðarliðir nema á verðlagi í nóvember 1986 (L = 1517), ef miðað er við lánskjaravísitölu í maí 1980 (L = 153), kr. 342.546,82, eða samtals kr. 692.440,44, og eru þá engir vextir innifaldir, en eins og hann áður segir, námu framlög á vegum stefnenda til byggingarinnar meiru.

Ekki var gerður skriflegur samningur milli þeirra feðga um eignarhlutfall hvors þeirra í hinu nýja íbúðarhúsi, en gengið út frá, að eignarhlutur hvors aðila væri í hlutfalli við framlög. Á skattframtali 1981 vegna ársins 1980 telja stefnendur sig eiga sem nemur nálægt fjórðungi íbúðarhússins, eða 26,11% eða gkr. 462.000, og hafa þau við það miðað síðan. Eru eignar-

hlutföll þannig skráð í fasteignamatsskráningu og í brunabótamati með samþykki beggja aðila. Byggingu þessari var að mestu lokið 1982.

Í mati þessu er ekki gerð krafa um, að ákveðin lóðarréttindi fylgi íbúðarhúsinu. Stefnendur miða við, að íbúðarhúsinu beri 1000 fermetra lóð úr landi jarðarinnar samkvæmt sérstakri mælingu, sem framkvæma þarf. Er hér með skorað á stefnendur að taka afstöðu til þessa atriðis undir rekstri málsins. Tekið er fram af hálfu stefnenda, að svonefnd viðbygging samanstendur af (sic) húsrými því, sem upphaflega var reiknað bílskúr, sérinngangi á norðurhlið, sérstakri snyrtingu með aðgangi gegnum anddyri hinnar íbúðarinnar og sameiginlegu þvottahúsi. Telst viðbyggingin 47 fermetrar brúttó, en hin íbúðin 133 fermetrar brúttó á teikningu Húsasmiðjunnar hf., dags. 1. febrúar 1979.

Eftir að hús þetta var reist, bjuggu stefnendur í svonefndri viðbyggingu, þar til þau fluttust úr húsinu til Patreksfjarðar í september 1986.

Elías Bjarnason lést hinn 23/7 1985, án þess að þeir feðgar hefðu áður gengið frá skriflegri yfirlýsingu um eignarhlutföll þeirra í íbúðarhúsnæðinu. Ekkja Elíasar Bjarnasonar, Ragnheiður (sic) Ragnarsdóttir, fékk leyfi til setu í óskiptu búi hinn 02.09. 1985, og hefur því búsetuleyfi verið þinglýst sem eignarheimild hennar að jörðinni Neðri-Rauðsdal ásamt öllum mannvirkjum á henni, án þess að íbúðarúsið sé þar undanskilið að nokkru leyti. Hefur ekkjan meinað þeim hjónum að neyta eignarréttinda sinna að íbúðarhúsnæðinu og ekki fengist til að undirrita yfirlýsingar um eignaraðild þeirra hjóna og nú síðast sagt þeim upp afnotum af húsinu. Er þeim hjónum því nauðugur kostur að höfða mál til viðurkenningar á eignarrétti sínum að húsinu, en að öðru leyti vísast um aðdraganda þessa máls til framlagðra málsgagna. Sérstaklega er vísað til dóms Hæstaréttar Íslands nr. 210/1986 vegna ágreinings, sem varð með aðilum um þinglýsingaratriði.

III.

Lagarök samkvæmt stefnu eru þessi: „Stefnendur reisa réttarstöðu sína á reglum eignarréttar um að þeir sem skapi nýja eign í sameiningu með fjárframlögum og öðrum framlögum öðlist eignarrétt að eigninni í hlutfalli við framlög hvers aðila til eignarmyndunarinnar. Er á því byggt að um slíkt hafi samist með málsaðilum og út frá því gengið af hálfu beggja aðila, þegar til byggingar íbúðarhússins var stofnað. Er á því byggt að báðir byggjendur hússins hafi við það miðað að framlög stefnenda hafi numið 26.11% og í reynd samist um að eignaraðild stefnenda næmi þeirri prósentu, og skráningu eignarhlutfalla í fasteignamati og brunabótamati hafi af þeirri ástæðu verið þannig varið. Skráning eignaraðildar í fasteignamati og brunabótamati, sem báðir aðilar hafa staðið að, er sönnun, er tekur af öll tvímæli um stöðu aðila.

Aðalkrafa stefnenda er reist á því að framlög þeirra til íbúðarhússins hafi numið 26.11% af kostnaði við byggingu þess. Er aðalkrafan sérstaklega reist á skattframtali stefnenda 1981, en þar telja stefnendur um fjórðung eignarinnar sína eign, og sama gegnir um fasteignarskráningu. Þessi eignarhlutföll þ.e. 26,11% hafa fram að þessu ekki sætt neinum rökstuddum andmælum af hálfu gagnaðila.

Varakrafa er reist á því að dómsniðurstöðu verði að miða við vörslur eignarinnar og afnot, ef öðrum sönnunaraðferðum verði eigi við komið. Stefnendur hafa búið í viðbyggingunni og notað hana alla tíð, og er hún enn í þeirra vörslu og tilheyrslu (sic).

Þrautavarakrafan um greiðslu ákveðinnar fjárhæðar er einvörðungu borin fram ex tuto, ef svo ólíklega skyldi fara að dómurinn hafnaði af óskiljanlegum ástæðum aðal- og varakröfu. Er sú krafa á því reist að stefnendur eigi rétt á að fá framlög sín til byggingarinnar endurgreidd úr hendi stefndu á núgildandi verðlagi með vöxtum og að þeim beri bætur fyrir eign sína samkvæmt 67. gr. stjórnarskrár lýðveldisins nr. 33/1944, reglum skaðabótaréttar og svonefndri auðgunarreglu. Þrautavarakrafan lýtur að því að stefnda greiði stefnendum brunabótamats við eignarhluta þeirra (sic), kr. 1.243.000, en til vara þau fjárframlög sem sönnuð eru og er krafan þá studd við sundurliðun þá á framlögum stefnenda sem fram er sett fyrr í stefnu þessari."

IV.

Stefnendur hafa m.a. lagt fram eftirfarandi skjöl til sönnunar kröfum sínum:

— — —

V.

Stefnda gerir þær kröfur aðallega, að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnenda í máli þessu, en til vara, að fjárkröfur stefnenda verði stórlega lækkaðar. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnenda in solidum að mati réttarins eða eftir framlögðum reikningi. Stefnda hefur m.a. lagt fram:

nr. 36, kvittun vegna Byggingarsjóðs, og

nr. 35, teikningu.

VI.

Stefnandi máls þessa gaf aðilaskýrslu hér fyrir aukadómþinginu hinn 15.06. 1987. Honum var sýnt dómskjal nr. 4 (afsal), og kannast hann við undirskrift sína, en kveðst aðspurður ekki hafa fengið neitt endurgjald. Bjarna er nú sýnt dómskjal nr. 5 (einnig afsal). Hann kveðst kannast við

undirskrift á þessu skjali, en ekkert endurgjald hafi komið fyrir það og að einungis hafi verið ætlunin að gefa út veðleyfi. Bjarni kveðst aðspurður aldrei hafa greitt öðrum börnum sínum neinn arf fyrir fram. Aðspurður kveður Bjarni, að aðdragandinn að íbúðarhússbyggingu ca. 1979 hafi verið sá, að gamla íbúðarhúsið hafi verið talið óíbúðarhæft samkvæmt læknisvottorði. Aðspurður kveður Bjarni, að þeir feðgar hafi báðir byggt umrætt íbúðarhús. Hann segir, að aldrei hafi verið talað um nein ákveðin eignarhlutföll, en það hafi verið ákveðið, að eldri hjónin hafi átt að fá bílskúrinn og eitt svefnherbergi í íbúðarhúsinu til eignar. Aðspurður kveðst Bjarni hafa staðið að samningum við Húsasmiðjuna h/f. Aðspurður segir Bjarni um efnahag þeirra Elíasar heitins og Bjarnheiðar, að hún hafi verið algjörlega eignarlaus, þegar hún kom í Rauðsdal, og hann (Elías) hafi átt bústofn, ½ bát, bíl, en ekkert reiðufé. Sjálfur kveðst Bjarni hafa haft talsvert reiðufé eða að minnsta kosti verið bjargálna. Hann kveðst hafa lagt allt sitt fé í bygginguna í þeirri von, að hann fengi að vera þar það, sem eftir væri ævinnar. Aðspurður kveðst Bjarni hafa tekið húsnæðismálastjórnarlán, kr. 65.000, og það gekk allt til Húsasmiðjunnar h/f. Hann kveðst hafa greitt af þessu láni upp frá því. Bjarni kveður, að börn sín og tengdabörn hafi lagt fram talsvert vinnuframlag í umrædda byggingu. Aðspurður kveðst Bjarni hafa keypt sement í plötuna á húsinu, eldhúsinnréttingu og raflagnir frá Hannesi Vigfússyni. Bjarna er sýnt dómskjal nr. 4, og hefur hann ekkert við það að athuga. Aðspurður segir Bjarni, að Elías heitinn hafi aldrei gert athugasemd við eignarhlutfallið 26,11%, sem miðað er við í fasteignamati og brunabótamati, og opinber gjöld voru greidd í samræmi við það. Bjarna er sýnt dómskjal nr. 11, skattframtal 1981, og staðfestir hann framtalið, að því er íbúðarhúsið varðar. Dómskjal nr. 12 er lesið fyrir Bjarna, og hann telur það sannleikanum samkvæmt. Lögmaður varnaraðila spyr, hvers vegna Bjarni hafi ekki gert húsbyggingarskýrslu. Hann kveðst ekki hafa gert sérstaka húsbyggingarskýrslu. Lögmaður varnaraðila spyr, hvernig hlutfallstalan 26,11% sé fundin. Bjarni telur, að þetta sé hlutfallstala milli fasteignamats húshlutanna. Aðspurður kveður Bjarni, að stefnda, Bjarnheiður, hafi verið mótfallin því, að eignarhluta hans væri þinglýst og skriflegur samningur gerður. Aðspurður fullyrðir Bjarni, að íbúðin hafi verið samþykkt af byggingarnefnd. Aðspurður kveður Bjarni ástæðu þess, að ekkert endurgjald kom í staðinn fyrir fyrra afsalið 1965, hafa verið þá, að Elías heitinn hafi unnið við bú hans og þeirra feðga um árabil. Bjarni ítrekar, að seinna afsalið sé gefið á allt öðrum forsendum, eins og áður greinir. Aðspurður mótmælir Bjarni þeirri staðhæfingu Bjarnheiðar, að þau hafi gefið sement til byggingarinnar. Aðspurður segir Bjarni, að hann hafi upphaflega ekki ætlað að taka lán hjá húsnæðismálanefnd, en haustið 1981 hafi Elías heitinn verið kominn í greiðsluþrot og þess vegna hafi Bjarni

sótt um þetta lán, enda þótt hann teldi sig vera búinn að greiða sinn hlut í byggingunni þá þegar.

Stefnda, Bjarnheiður Ragnarsdóttir, gaf aðilaskýrslu hér fyrir aukadómþinginu sama dag, þ.e. 15.06. 1987. Bjarnheiður kveður, að aðdragandinn að húsbyggingunni hafi verið sá, að gamla húsið hafi verið orðið óíbúðarhæft og þau hafi orðið að stækka við sig. Bjarnheiður kveður, að ekkert samkomulag hafi verið um, að þau Elías heitinn byggðu húsið í sameiningu með sóknaraðilum. Hún kveður aðspurð, að margnefnt sement hafi verið gjöf frá Bjarna og því ekki fylgt nein skilyrði. Aðspurð kveðst Bjarnheiður fyrst hafa vitað um það 1986, að Bjarni var talinn eigandi hluta hússins á fasteignamati. Aðspurð segir Bjarnheiður, að þau Bjarni og kona hans hafi fyrst gert kröfu um eignarhluta í íbúðarhúsnæðinu, eftir að Elías heitinn veiktist. Bjarnheiður kveðst aðspurð hafa heyrt, að Bjarni Ólafsson sagði við hana sjálfa um manninn sinn heitinn, að hann ætlaði að gefa þeim sementið, sem áður er nefnt. Bjarnheiður kveðst ekki minnast þess, að Bjarni Ólafsson hafi greitt reikninga vegna raflagnar til Hannesar Vigfússonar. Bjarnheiður kveður, að Bjarni Ólafsson og kona hans, Valdís, hefðu haft leyfi til að búa í bílskúrsíbúðinni, á meðan þau byggju. Hún kveður, að Bjarni og Valdís hafi keypt 3 sólbekki, sem séu í íbúðinni. Aðspurð segir Bjarnheiður, að hún hafi flutt að Rauðsdal í mars 1979 og þau Elías hafi gift sig 1981. Aðspurð kveðst Bjarnheiður hafa átt 140.000 gkr., sem hún notaði í eldhúsinnréttingu. Sjálf kveðst hún hafa tekið lán upp á 150.000 gkr., og Elías stundaði búskap og grásleppuveiðar. Bjarnheiður kveðst ekki hafa vitað, að Bjarni hefði greitt af brunabótatryggingunni, en hún vissi, að hann greiddi af húsnæðismálastjórnarláninu. Aðspurð kveðst Bjarnheiður ekki hafa vitað til, að þau Valdís og Bjarni hafi átt aðrar umtalsverðar eignir en ½ bústofninn og Fiat-bíl.

Lögmaður sóknaraðila skoraði á varnaraðila að leggja fram skattframtöl þeirra hjóna fyrir árin 1980 og 1981. Lögmaður varnaraðila kveður þessa áskorun of seint fram komna.

Sigurður Jónsson, tengdasonur stefnenda, bar vitni hér fyrir réttinum 15.06. 1987. Aðspurður kveður hann, að aðdragandinn að húsbyggingu í Neðri-Rauðsdal hafi verið sá, að gamla íbúðarhúsið hafi verið dæmt óíbúðarhæft, og því hafi verið farið af stað með nýja byggingu. Hann kveður, að Bjarni og Valdís og Bjarnheiður og Elías hafi staðið að þessari byggingu. Síðan hafi það verið afráðið að byggja einnig bílskúr og breyta honum í íbúð, og þessi bílskúr ásamt baði og einu herbergi í hinni íbúðinni hefðu átt að vera eign Bjarna og Valdísar.

Vitnið kveðst hafa verið nokkuð kunnugt fjárhag allra þessara aðila, vegna þess að hann hafi hjálpað þeim með skattframtöl. Hann kveður, að Bjarnheiður og Elías hafi átt litlar eignir, en Bjarni og Valdís hafi átt eitt-

hvað af reiðufé. Hann upplýsir, að Bjarni Ólafsson hafi greitt raflagnaefni Hannesar Vigfússonar, en vitnið mun hafa heyrt þetta í Rauðsdal um það leyti, sem verkið var unnið. Einnig er vitninu kunnugt um, að Bjarni Ólafsson greiddi sement hjá Kaupfélagi Patreksfjarðar og eldhúsinnréttingu í bílskúrinn. Dómskjal nr. 34, greinargerð varnaraðila, er sýnt vitninu og það spurt um vinnuframlag sóknaraðila. Vitnið kveður sig ásamt Sigurjóni Árnasyni hafa sett upp einn skilvegg í bílskúrnum og gengið frá öðrum skilvegg öðrum megin, sett upp eldhúsinnréttingu úr spónaplötum, smíðað skápa og lagt heitt og kalt vatn í skúrinn. Einnig var lagður gólfdúkur og settar upp hillur í forstofu o.s.frv. Vitnið kveðst aðspurt ekki vita til, að farið hafi verið fram á gerð skriflegs samnings vegna eignaskiptanna. Vitnið kveður, að eignir hjónanna Valdísar og Bjarna hafi verið bústofn, vélar og eitthvert reiðufé.

Dómskjal nr. 11 (skattframtal 1981) er lagt fyrir vitnið. Vitnið telur sennilegt, að talan 462.000 sé ákveðið hlutfall af byggingarkostnaði eða um það bil ¼ hluti. Vitnið telur, að samræmi hafi verið á milli skattframtala þeirra Elíasar heitins og Bjarna, enda hafi skýrslurnar verið gerðar í nánu samráði við þá. Vitnið kveðst ekki hafa vitað, hvernig greiðslu brunabótatrygginga var háttað. Vitnið kveður, að sér hafi verið kunnugt um eignarskiptahlutfallið 26,11%, en því er ekki kunnugt um, að það hafi sætt neinum andmælum af Elíasi heitnum. Vitnið kveður aðspurt, að því hafi verið kunnugt um, að Bjarni og Valdís tóku lán hjá húsnæðismálastjórn, og hafi lánið runnið til byggingarinnar í Rauðsdal. Lögmaður varnaraðila spyr um dómskjal nr. 17, sem er sýnt vitninu. Vitnið kveðst hafa fært skýrsluna í letur eftir bestu vitund. Aðspurt kveður vitnið, að sér hafi ef til vill ekki þótt nauðsynlegt að tilgreina eignarhlutföll, þar sem byggingin var komin svo skammt á veg, og því hafi Elías verið talinn 100% eigandi á umræddu dómskjali.

Vitnið Samúel Bjarnason kom fyrir réttinn sama dag, þ.e. 15.06. 1987. Hann kveðst aðspurður ekki vita, hvort eitthvert samkomulag hafi verið gert um eignarskipti á húsinu. Vitnið kveðst hafa verið viðstatt, þegar skattframtal þeirra Elíasar og Bjarnheiðar var gert fyrir árið 1984, þ.e. í byrjun árs 1985, og þá hafi verið gengið út frá sömu eignarskiptahlutföllum og við fyrri skattframtöl, og vissi vitnið ekki til, að neitt ósamkomulag væri um þessi atriði. Vitnið telur, að Bjarni Ólafsson hafi búið í Rauðsdal til 1986 og hafi þá haft rétt til að framleiða sem samsvarar 120 ærgildum. Vitnið segir aðspurt, að foreldrar hafi ekkert fyrir sig að leggja eftir 40 ára búskap í Neðri-Rauðsdal. Vitnið kveðst ekki vita til þess, að foreldrar hans hafi greitt hinum systkinunum fyrir fram arf eða aðra umbun. Vitnið kveðst aðspurt telja, að systkini, ættingjar og sveitungar hafi hjálpað verulega við þessa húsbyggingu. Vitnið kvað það eindreginn vilja sinn, að sættir næðust í þessu máli.

Ennfremur kom fyrir réttinn vitnið Björg Bjarnadóttir. Aðspurð kveðst hún hafa vitað, að faðir sinn hafi greitt reikninga frá Hannesi Vigfússyni vegna efnis til raflagna.

Að lokinni gagnaöflun var málið flutt, en síðan farið á vettvang í Neðri-Rauðsdal, og að lokum var málið dómtekið.

VII.

Niðurstöður.

Eins og fram kemur í skjölum málsins, er Bjarnheiður Ragnarsdóttir þinglýstur eigandi jarðarinnar Neðri-Rauðsdals í Barðastrandarhreppi samkv. dómskjali nr. 7, sem er leyfi skiptaráðandans í Barðastrandarsýslu til Bjarnheiðar Ragnarsdóttur til setu í óskiptu búi eftir Elías Bjarnason, en leyfið var dagsett 02.09. 1985 og þinglýst 12.09. 1986. Áður var þinglýstur eigandi jarðarinnar með tilheyrandi mannvirkjum Elías heitinn Bjarnason, eiginmaður Bjarnheiðar Ragnarsdóttur, en Elías heitinn öðlaðist sinn rétt yfir jörðinni samkvæmt afsölum dagsettum 20.07. 1985 og 14.12. 1977, sbr. dómskjöl nr. 4 og 5 í máli þessu.

Í máli þessu er deilt um eignarréttindi í íbúðarhúsi, sem reist var í Neðri-Rauðsdal á árunum 1979 - 1982, en á þessum árum var Elías heitinn Bjarnason þinglýstur eigandi jarðarinnar og bjó á jörðinni ásamt eiginkonu sinni, Bjarnheiði Ragnarsdóttur, í tvíbýli við foreldra sína, Bjarna Ólafsson og Sigríði Valdísi Elíasdóttur, en síðarnefndu hjónin eru stefnendur í máli þessu.

Eins og fram hefur komið undir rekstri málsins, var ráðist í að byggja framangreint hús, vegna þess að eldra húsið á bænum var talið heilsuspillandi og væntanlega of lítið einnig. Það virðist hafa verið ætlunin frá upphafi, að stefnendur fengju afnot af hluta hússins og þá væntanlega svonefndrar viðbyggingar, sem upphaflega var teiknuð sem bílskúr, en auk þess höfðu eldri hjónin aðgang að baðherbergi inni í hinni íbúðinni. Það er óljóst, hvort minni íbúðin er samþykkt af byggingaryfirvöldum sem sjálfstæð íbúð, enda óljóst, hvort farið hefur í öllu verið eftir hugsanlega samþykktum teikningum. (Farið var á vettvang.)

Komið hefur fram undir rekstri málsins, að fjárframlög stefnenda til byggingarinnar hafa verið veruleg, samanber t.d. kaup á sementi frá Kaupfélagi Patreksfjarðar og lántöku hjá Byggingarsjóði ríkisins. Stefnendur virðast því hafa talið sig vera að fjárfesta í byggingunni, og stefnda hefur ekki hreyft neinum andmælum við þessum skilningi stefnenda, heldur þvert á móti tekið á móti verulegum fjárhæðum til byggingarinnar. Með þessu háttalagi hefur stefnda samþykkt stefnendur sem meðeigendur, þótt aldrei væri gerður samningur um nákvæma skiptingu eignarinnar eða eignarskiptahlutföll.

Eins og fram kemur í skjölum málsins, var húseigninni í ýmsum opinberum skýrslum, fasteignamati og brunabótamati, a.m.k. öðru hverju skipt í tvær íbúðir, þar sem sú minni var talin 26,11% af húsinu og skráð á Bjarna Ólafsson, Þessar skráningar, t.d. í fasteignamati, jafngilda ekki samningi á milli aðilanna, enda er því mótmælt af hálfu stefndu. Framangreind prósentutala, 26,11%, virðist vera reiknuð út frá fermetratölu „íbúðanna", þar sem sú minni er talin 47 fermetrar, en sú stærri 133 fermetrar, samanber upplýsingar um fermetratölu í stefnu.

Eigi er upplýst í máli þessu, hvort minni íbúðin hefur fengið samþykki byggingarnefndar. Svo virðist sem fullnægjandi teikning hafi hugsanlega verið gerð og á þeirri forsendu hafi fengist lán hjá Byggingarsjóði ríkisins, en ekki hafi verið að öllu leyti farið eftir þessum teikningum, en vettvangskönnun dómara benti m.a. í þessa átt.

Rétturinn hafnar því aðalkröfu stefnenda um, að viðurkenndur verði með dómi eignarréttur stefnenda að 26,11% íbúðarhússins. Eigi er heldur unnt að meta eignarréttindi í umræddu húsi sem ákveðið hlutfall af heildareigninni, því að ekki eru nægar upplýsingar um framlög beggja aðila til að reikna það út.

Varakröfur stefnenda um viðurkenningu á eignarrétti þeirra að allri svonefndri viðbyggingu við húsið í Neðri-Rauðsdal er hafnað með þeim rökum, að eigi sé sannað, að svo hafi um samist með aðilum. Hins vegar verður að fallast á það sjónarmið stefnenda, að þau eigi rétt á að fá endurgreiddan eignarhluta sinn í húsinu. Eigi verður þó fallist á upphæðina 1.234.000. sem er brunabótamat minni íbúðarinnar eða réttara sagt 26,11% íbúðarhússins, enda er eigi sannað, að eignarhlutur stefnenda í húsinu hafi verið svo mikill.

Eins og mál þetta hefur þróast, virðist eina sanngjarna og eðlilega lausnin vera sú, að stefnda, Bjarnheiður Ragnarsdóttir, greiði stefnendum fjárhæð, sem samsvari eignarhluta þeirra í íbúðarhúsinu, og yfirtaki jafnframt allar áhvílandi skuldir. Verður nú reynt (sic) á núgildandi verðlagi framlög stefnenda til húsbyggingarinnar, en lánskjaravísitala fyrir júlí 1987 er 1721 stig.

Samkvæmt upplýsingum í stefnu og dómskjölum nr. 13, 14, 15, 16 og 19 virðast framlög stefnenda hafa verið um það bil þessi:

Keypt sement í Kaupfélagi Patreksfjarðar	gkr.	386.684
Greidd eldhúsinnrétting	gkr.	359.424
Greitt raflagnaþjónustu Snæbjarnar	gkr.	200.222
Greitt raflagnaefni til Hannesar Vigfússonar	gkr.	1.428.493
Samtals	gkr.	2.374.823
eða	nýkr.	23.748,23

Liðurinn um meint vinnuframlag stefnenda eða aðstandenda er stórlega vanreifaður og er því vísað frá, en upphæðin 23.748,23 samsvarar, ef miðað er við lánskjaravísitölurnar L = 153 í maí 1980 og L = 1721 í júlí 1987, kr. 267.128,78. Ennfremur hafa stefnendur greitt af láni hjá Húsnæðismálastofnun frá 1. maí 1982 til 1. febr. 1986 upphæð, sem samsvarar 12.051,80 miðað við vísitöluna L = 282 (þ.e. án vaxta, en með vöxtum um það bil 16.250 miðað við sömu vísitölu), en þessi upphæð samsvarar á núgildandi verðlagi, þ.e. miðað við vísitöluna L = 1721 fyrir júlí 1987, kr. 73.550,17. Samtals nema því framlög stefnenda til byggingarinnar í Neðri-Rauðsdal kr. 340.678,95, og ber stefndu, Bjarnheiði Ragnarsdóttur, að greiða stefnendum þá fjárhæð. Með hliðsjón af framangreindum útreikningum og málsatvikum verður að teljast eðlilegast, að vextir reiknist frá dómsuppkvaðningu, þ.e. 10. júlí 1987, en stefndu ber að greiða hæstu lögleyfðu vexti frá þeim degi til greiðsludags.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður. Ríkissjóður greiði málskostnað stefnenda, þar með talin málsóknarlaun Þórólfs Kristjáns Beck, samtals kr. 77.000.

Dómkvaðning hefur dregist lítillega vegna embættisanna og sumarleyfa. en dóm þennan kvað upp Guðmundur Björnsson, fulltrúi sýslumanns.

Dómsorð:

Stefnda, Bjarnheiður Ragnarsdóttir, skal vera sýkn af aðalkröfu og varakröfu stefnenda, þ.e. hún heldur umráða- og eignarrétti sínum yfir jarðeigninni Neðri-Rauðsdal.

Stefnda, Bjarnheiður Ragnarsdóttir, greiði stefnendum, Bjarna Þ. Ólafssyni og Sigríði Valdísi Elíasdóttur, kr. 340.678,95 ásamt hæstu lögleyfðu vöxtum frá 10. júlí 1987 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður. Ríkissjóður greiði málskostnað stefnenda, þar með talin málsóknarlaun Þórólfs Kristjáns Beck hrl., samtals kr. 77.000.

Dómur þessi er aðfararhæfur að liðnum fjórum vikum frá birtingu hans.

Föstudaginn 22. júní 1990.

Nr. 418/1989. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Bjarna Bernharði Bjarnasyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Manndráp. Sakhæfi. Öryggisgæsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 16. október 1989 og jafnframt að kröfu ákæruvalds.

Ákæruvaldið krefst þess aðallega, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru og dæmdur til refsingar samkvæmt 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Til vara krefst ákæruvaldið staðfestingar hins áfrýjaða dóms um, að ákærði sæti öryggisgæslu á viðeigandi hæli.

Verjandi ákærða krefst þess, að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins í málinu og að 62. gr. almennra hegningarlaga verði ekki beitt.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þar á meðal endurrit af dómþingi sakadóms Reykjavíkur frá 6. júní sl., þar sem sex lögreglumenn staðfestu skýrslur sínar, teikningar og ljósmyndir.

Upplýst er, að ákærði var hinn 20. febrúar 1990 vistaður á deild fyrir geðsjúka afbrotamenn í sjúkrahúsi í Västervik í Svíþjóð og hefur dvalist þar síðan. Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt vottorð Boga Th. Melsteds, yfirlæknis á sjúkrahúsinu, dagsett 13. júní 1990, en Bogi er sérfræðingur í almennum geðlækningum. Í vottorðinu kemur fram, að læknirinn er sammála þeim læknum, sem hafa áður haft ákærða til meðferðar, um sjúkdómsgreininguna schizofrenia paranoides. Ákærði sætir nú meðferð á lokaðri geðdeild sjúkrahússins, og er gert ráð fyrir því, að meðferðin taki allmörg ár. Í vottorðinu kemur fram, að Útskriftarnefnd Kalmarléns (Utskrivningsnämnden för Kalmar län) ber samkvæmt sænskum lögum að meta meðferðarþörf með reglubundnum hætti. Nefndin hefur

talið ótvírætt, að ákærði þarfnaðist meðferðar á lokaðri geðdeild.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 28. september 1989.

Ár 1989, þriðjudaginn 26. september, var á dómþingi sakadóms, sem háð var að Borgartúni 7 í Reykjavík af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í máli nr. 437/1989: Ákæruvaldið gegn Bjarna Bernharði Bjarnasyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 6. febrúar 1989, gegn ákærðum, „Bjarna Bernharði Bjarnasyni, Skúlagötu 68, Reykjavík, fæddum á Selfossi 3. desember 1950, fyrir manndráp, með því að hafa, aðfaranótt þriðjudagsins 15. nóvember 1988, svipt Karl Jóhann Júlíusson, fæddan 4. ágúst 1921, lífi í íbúð hans í húsinu nr. 11 við Lynghaga í Reykjavík með því að stinga hann 10 hnífstungum í herðar og bak og skera hann í brjósthol og á háls.

Telst þetta varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Samkvæmt sakavottorði ákærðs hefur hann sætt kærum og refsingum svo sem hér segir:

[Einn skilorðsbundinn dómur fyrir þjófnað (1978) og sjö sektir ákveðnar með dómsátt.]

Málsatvik eru þessi:

Fimmtudaginn 17. nóvember 1988 klukkan 10.55 var lögreglan kvödd að húsinu Lynghaga 11 hér í borg. Þar tók á móti lögreglumönnunum maður að nafni Helgi Trausti Hjartarson. Kvaðst hann hafa verið að vitja um kunningja sinn, Karl Jóhann Júlíusson, fæddan 4. ágúst 1921, sem í húsinu byggi, en komið að honum látnum. Síðan segir meðal annars í skýrslu lögreglu:

Aðkoman í íbúðinni var vægast sagt mjög slæm; þarna lá hinn látni í vesturhorni dagstofunnar á bakinu, og sneri höfuðið að vesturvegg. Á veggnum fyrir ofan hann var ritað með stórum stöfum, þvert yfir stofuvegginn, með blóði hins látna, eftirtalin orð „BADER MEINHOF" og vísir að hakakrossi SS-sveita nasista fyrir framan orðin.

Á hálsi Karls Jóhanns var djúpur og langur skurður, sem virtist vera eftir eggjárn, og virtist undirrituðum hálsæðar og öndunargangur um barka vera skorið í sundur.

Um háls Karls Jóhanns var snúin snúra, tengd lítilli CB-talstöð, er lá við hlið hans; einnig hafði hann innan klæða einhvers konar tæki lítið um sig, sennilega tengt talstöðinni. Stofugólfið er klætt teppi, og var mikið blóð á gólfinu, mest undir líkinu, en einnig á borðstofuborðinu, ofan á plötunni.

Á brjósti hins látna var stór ljósmynd af krossi á leiði.

Rannsóknarlögregla ríkisins var þegar kvödd á staðinn og kannaði hann ítarlega. Í skýrslu hennar segir meðal annars:

— — —

Gunnlaugur Geirsson prófessor krufði lík hins látna manns og lýsti áverkum á því þannig:

— — —

Ályktarorð prófessors Gunnlaugs Geirssonar eru svofelld:

Samkvæmt því, sem fram kom í lögregluskýrslu við vettvangsskoðun, krufningu og réttarefnafræðilega rannsókn, má álykta eftirfarandi: Maðurinn lést af völdum stungusára. Af ummerkjum þykir líklegast, að maðurinn hafi verið stunginn í bakið og hnífurinn gengið inn í brjóstholið. Á vettvangi mátti sjá merki þess, að blóð hefði spýst yfir borð skammt þaðan, sem líkið fannst. Fyrstu stungunni hefur verið fylgt eftir með 9 öðrum hnífsstungum í bak og herðar nálægt miðlínu. Álykta má, að hnífsstungunum hafi verið fylgt eftir með því að skera svöðusár á háls mannsins, sem sennilega hefur verið látinn eða í andarslitrunum, og hefur blóð runnið úr hálsæðum á gólfið, þar sem líkið lá. Frekari sköddun á líkinu hefur orðið við það, að rist var á vi. brjósthol, og myndaðist þar gapandi sár, og stungið var í vi. nára, getnaðarlim og lófa.

Af lögun sáranna má ráða, að áverkarnir hafa verið veittir með sterkum, egghvössum hnífi með fremur breiðum bakka. Ekki er unnt að kveða á um lengd hnífsins af sárunum.

Maðurinn hafði neytt áfengis fyrir andlátið.

Réttarefnafræðilegt mat prófessors Magnúsar Jóhannssonar hljóðaði þannig:

Etanól í blóði mældist 1,58‰ og í þvagi 1,84‰. Í þvaginu voru hvorki amfetamín, kannabínóíðar, morfín né benzóýlekgónín (eða kókaín).

Niðurstöður þessara rannsókna sýna, að maðurinn hefur neytt áfengis skömmu fyrir andlátið, en skýra það ekki að öðru leyti.

— — —

Ákærður var handtekinn á heimili sínu fimmtudaginn 17. nóvember 1988 klukkan 18.00. Á vegg í svefnherbergi ákærðs var sama áletrun og rituð hafði verið á vegg að Lynghaga 11, svo sem fyrr er lýst.

Sigurður Pálsson fangelsislæknir var fenginn til að skoða ákærðan, og segir í vottorði hans, sem dagsett er hinn 18. nóvember 1988, meðal annars:

„Ég skoðaði í gærkveldi ofangreindan mann sem er fangi í Fangelsinu við Síðumúla. Hann sýndi í viðtalinu greinileg merki mikillar geðveiki, raunveruleikatengsl og mat á atburðum í engu samræmi við eðlilega hugsun. Segir frá verknaðinum og hlær um leið. Hann hefur sögu um langvarandi geðveiki (skízfreniu) í kjölfar mikillar lyfjamisnotkunar og áfengis.

Við líkamlega skoðun kemur fram að fanginn er mjög spenntur. Óróleguur í viðtali. Hann er klóraður á brjóstkassanum framantil vi. megin og á handarbaki hæ. handar. Segir að klórið á handarbaki hafi komið er „hann krufði líkið". Annað fannst ekki markvert við skoðun."

Tekin voru úr ákærðum blóð- og þvagsýni í þágu rannsóknar málsins og send rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfjafræði. Í matsgerð prófessors Magnúsar Jóhannssonar segir meðal annars:

Blóðsýni merkt RLR-79 og 80: Etanól var ekki í mælanlegu magni í blóðinu. Í blóðinu fannst hins vegar diazepam, 75 ng/ml, og nordiazepam, 110 ng/ml.

Þvagsýni merkt RLR-81: Í þvaginu fannst hvorki etanól amfetamín, benzóýlekgónín (umbrotsefni kókaíns) né morfín. Hins vegar fundust kannabínóíðar í þvaginu (meira en 50 ng/ml).

Niðurstöður þessara rannsókna sýna, að hlutaðeigandi hefur tekið diazepam. Samanlögð þéttni þess og umbrotsefnisins nordiazepams samsvarar því, að það hafi verið tekið í litlum lækningalegum skömmtum. Magn kannabínóíða í þvagi bendir til þess, að hlutaðeigandi hafi einnig neytt kannabis.

— — —

Lögð hefur verið fram í málinu svofelld álitsgjörð Gunnlaugs Geirssonar, prófessors í réttarlæknisfræði, dagsett 9. febrúar 1989:

„Þann 2. desember 1988 sendi Rannsóknarlögregla ríkisins eftirtalda muni til rannsókna á blóðblettum:

1. buxur af meintum morðingja,
2. blóð af vettvangi, talið úr hinum myrta, sbr. krufningu nr. 437/88,
3. blóð, tekið úr meintum morðingja.

Sýnin voru send dr. Patrick J. Lincoln, The London Hospital Medical College, London, Englandi og fara niðurstöður hans hér á eftir, sbr. bréf hans dagsett 1. febrúar 1989.

Valin voru þrjú svæði frá framangreindum buxum, sem talin voru með blóðblettum og var staðfest að þar væri um að ræða blóð úr manni. Einnig var unnt að prófa blóð það, sem talið var frá hinum myrta. Niðurstöður blóðflokkanna á þessum sýnum eru sem hér segir:

	ABO	EAP	PGM
Blóð frá meintum morðingja	A	BA	2+1+
Blóð úr hinum myrta	O	BA	2+1+
Buxur			
Svæði 1	O	BA	2+1+
Svæði 2			2+1+
Svæði 3	O		2+1+

Ályktun.

Framanskráðar niðurstöður útiloka að blóðblettir í buxum ætlaðs morðingja séu úr honum sjálfum. Blóðblettirnir samrýmast því hins vegar að vera úr hinum myrta.

Um það bil 10% manna af vestur-evrópsku bergi brotnir hafa blóðflokkinn ABO-O, PGM 2+1+, og gætu hafa gefið blóð það, sem fannst á buxunum."

Álitsgjörð prófessors Gunnlaugs Geirssonar er í fullu samræmi við fyrrnefnt bréf dr. Patricks J. Lincoln, sem lagt hefur verið fram í málinu.

Vitnið Helgi Trausti Hjartarson öryrki, Skólavörðustíg 16, Reykjavík, kvað þá Karl Jóhann Júlíusson hafa verið mikla vini, þekkst allt frá æskudögum og stutt hvor annan, enda báðir átt við andlegan heilsubrest að stríða. Þeir hefðu yfirleitt haft samband sín á milli með 1-2 daga fresti, meðal annars um talstöð, enda fjarskipti áhugamál beggja. Vitnið kvaðst hafa talað við Karl Jóhann klukkan um 21.00 til 21.30 kvöldið áður en hann lést, í talstöð, og var vitninu kunnugt um, að aðrir talstöðvareigendur hefðu haft samband við hann allt fram til klukkan 03.00 um nóttina. Þar sem Karl Jóhann svaraði engu kalli næstu daga, hvorki í síma né talstöð, kvaðst vitnið hafa farið heim til hans fimmtudaginn 17. nóvember 1988 klukkan um 10.30. Karl Jóhann hafði látið vitnið fá lykil að íbúð sinni að Lynghaga 11, og þar kom vitnið að vini sínum látnum. Síminn hafði verið slitinn úr sambandi, en vitnið fór í nærliggjandi hús til að hringja

eftir aðstoð. Vitnið kvaðst ekki hafa hreyft við neinu, áður en lögreglan kom á staðinn.

Vitnið kvaðst ekki þekkja ákærðan, en Karl Jóhann sagt því, að ákærður hefði komið í heimsóknir til sín og samband þeirra verið hið besta.

Vitnið Sveinn Bergmann Bjarnason öryrki, Lynghaga 11, Reykjavík, leigir íbúð í kjallara húss Karls Jóhanns Júlíussonar. Vitnið kvaðst hafa heyrt mikla háreysti frá íbúð Karls Jóhanns greinda nótt, allt fram til klukkan um 06.00 um morguninn, en þá hafi verið gengið niður í kjallarann og tekið þéttingsfast í hurðarhún hjá vitninu. Það hefði ekki ansað, en heyrt þann, sem þar var á ferð, hverfa á brott og útihurð skellt.

Vitnið Rannveig Guðríður Ágústsdóttir, framkvæmdastjóri Rithöfundasambands Íslands, Kleppsvegi 48, Reykjavík, skýrði frá því, að ákærður hafi komið á skrifstofu sambandsins klukkan um 11.00 mánudaginn 14. nóvember 1988, ritað nafn sitt í gestabók og jafnframt eftirfarandi: „EGÓ — HRIÐJUVERKAMAÐUR (sic) — RAF. FORINGI BA. M. HOF.“, og hefur ljósrit af gestabókinni verið lagt fram í málinu. Ákærður hafi síðan komið heim til vitnisins og eiginmanns þess þá um kvöldið klukkan um 23.00 og staðið við í um klukkustund. Vitninu fannst eitthvert rugl á ákærðum annað slagið, og auk þess hafði hann neytt áfengis. Vitnið kvaðst hafa tekið mynd af ákærðum þá um kvöldið, þar sem hann var með hníf og slíður. Mynd þessi var lögð fram í málinu.

Vitnið Hilmar Þór Sigurðsson leigubifreiðarstjóri, Fellsmúla 22, Reykjavík, skýrði frá því, að ákærður hefði komið í leigubifreið þess á Hlemmtorgi klukkan um 02.00 til 02.30 aðfaranótt þriðjudagsins 15. nóvember 1988 og vitnið ekið honum að ósk hans fyrst á Umferðarmiðstöðina, en síðan vestur á Lynghaga. Þar hafi ákærður bent á hús nr. 11 og vitnið séð, að ljós voru tendruð í húsinu. Vitnið staðhæfði, að ákærður hefði verið með hníf og hulstur í fórum sínum. Það kvaðst lítið sem ekkert hafa talað við ákærðan og því ekki geta um andlegt ástand hans borið.

Vitnið Birgir Kjartansson leigubifreiðarstjóri, Arnarhrauni 31, Hafnarfirði, kvað ákærðan hafa komið að leigubifreið vitnisins utan við Hótel Sögu á milli klukkan 06.00 og 07.00, að morgni þriðjudagsins 15. nóvember 1988 og óskað eftir akstri að Skúlagötu 68. Vitninu fannst ákærður einkennilegur í háttum og hafi því litið til hans, trúlega tvívegis, og ákærður þá spurt, hvort eitthvað væri að, og vitnið því hvorki litið til hans frekar né þeir talast meira við. Vitnið fullyrti, að blóðblettir hefðu verið á fatnaði ákærðs og hann hefði haft undir höndum eitthvert verkfæri, sem gæti hafa verið hnífur.

Vitnið Elsa Benjamínsdóttir kennari, Stóru-Klöpp, Mosfellsbæ, kvaðst hafa þekkt ákærðan til margra ára. Hann hafi komið heim til vitnisins þriðjudaginn 15. nóvember 1988, einhvern tíma á tímabilinu frá 11.00 til

12.00, og tafið í um hálfa klukkustund. Ákærður hafi verið áberandi ör og rugl á honum, og fannst vitninu, að hann væri annaðhvort verulega undir áhrifum fíkniefna eða geðbilaður. Ákærður var með hníf í slíðrum og hafði á orði, að hann hefði drepið mann þá um nóttina, án þess þó að skýra það nánar fyrir vitninu.

Vitnin Hjörtur Pálmi Sæmundsson lögregluvarðstjóri, Laugarnesvegi 90, Reykjavík, Laufey Herbertsdóttir fangavörður, Baldursgötu 12, Reykjavík, og Jón Þór Þorbergsson lögregluvarðstjóri, Deildarási 3, Reykjavík, komu fyrir dóm og báru vætti í málinu. Einnig kom fyrir dóm Gísli Pálsson lögreglufulltrúi, Hverafold 82, Reykjavík, og rannsóknarlögreglumennirnir Haraldur Árnason, Bjarnastaðavör 3, Bessastaðahreppi, og Hannes Thorarensen, Kjalarlandi 21, Reykjavík, og staðfestu lögregluskýrslur sínar í málinu. Loks kom Gunnlaugur Geirsson prófessor, Nýja-Lundi, Kópavogi, fyrir dóminn og staðfesti álitsgjörðir sínar í málinu.

Ákærður var fyrst yfirheyrður um atvik máls þessa á dómþingi sakadóms, sem háð var af Höllu Bachmann Ólafsdóttur dómarafulltrúa árdegis föstudaginn 18. nóvember 1988, og var þá meðal annars eftirfarandi skráð eftir ákærðum:

„Kærði kveðst hafa farið að Lynghaga 11 aðfaranótt þriðjudagsins 15. nóvember sl. milli kl. 02.00 og 03.00. Kærði kveður Karl Jóhann Júlíusson hafa opnað og boðið sér inn, en kærði kveðst hafa búið um tíma í kjallaraíbúð hjá Karli Jóhanni. Kærði kveður Karl Jóhann stundum hafa heimsótt sig á Skúlagötuna og hringt vegna húsaleiguskuldar.

Kærði kveðst hafa neytt áfengis þetta kvöld.

Kærði kveður aðspurður engin deilumál hafa verið á milli sín og Karls Jóhanns og þeir hafi sest niður og rætt málin. Kærði kveðst hafa haft Karl Jóhann grunaðan um ákveðna hluti, og tilgangur heimsóknarinnar á Lynghagann hafi verið að rannsaka þessa hluti. Kærði kveðst hafa tekið plötu með Louis Armstrong og óskað eftir því við Karl Jóhann að fá að spila hana. Kærði kveðst hafa sóst eftir því stíft að spila plötuna og sett hana á og beðið Karl Jóhann um að kveikja á tækjunum. Karl Jóhann hafi gengið að tækjunum. Kærði kveður að á þessu augnabliki hafi hann séð þessa hluti sem hann hafi rannsakað í réttu samhengi og séð að hann yrði að ráða Karl Jóhann af dögum. Kærði kveðst hafa stungið Karl Jóhann fjórar stungur í bakið. Kærði kveður þriðju stunguna hafa náð að hjartarótum Karls og fjórða stungan hafi náð að mænu, en þá hafi Karl Jóhann liðið út af. Kærði kveðst hafa haldið hendinni að höfði Karls Jóhanns til varnar því að hann gæti horft framan í sig. Kærði kveðst hafa velt Karli Jóhanni á bakið og rist með hnífnum upp kviðinn. Kærði kveðst hafa farið með hendurnar undir og slitið á taug, sem liggur á milli hjarta og heila. Kærði kveðst síðan hafa farið með höndina upp að hálskirtlum til að

athuga hvort Karl Jóhann væri látinn. Kærði kveðst þá hafa greint með fingrunum að boð gengi enn á milli. Kærði kveðst einnig hafa greint að sál Karls Jóhanns var enn í hulstrinu. Kærði kveðst því hafa talið að Karl Jóhann væri að ranka við sér, og þá stungið hann á háls. Fá andartök hafi liðið, og hann hafi þá merkt að undir hjartarótinni var sálin að fara úr líkamanum. Kærði kveðst hafa náð henni og sér tekist að eyða henni.

Að þessu loknu kveðst kærði hafa tekið blóð úr líkama hins látna og notað það til þess að skrifa á veggi merki borgarskæruliða Baader-Meinhof, og kross hermdarverkamanna PLO — frjálsrar Palestínu.

Kærði kveðst síðan hafa gengið um íbúðina bæði efri og neðri hæð, og gert frekari leit vegna þeirrar rannsóknar sem áður er nefnd.

Kærði kveðst hafa farið af vettvangi, þvegið blóði drifnar hendur sínar í drullupolli á götunni, og stungið á hjólbarða á bíl hins látna. Það kveðst kærði hafa gert í þeim tilgangi að vekja athygli á því ástandi, sem var innandyra.

.....

Kærði kveðst hafa farið að Lynghaganum á þriðjudeginum til að gera frekari leit í húsinu kl. um 17.00. Kærði kveðst hafa farið að líkinu og séð að enginn hafði komið á staðinn. Þó kveðst kærði hafa haft það á tilfinningunni að einhver hefði komið inn bakdyramegin og farið inn í eldhúsið, en úr eldhúsinu sjái maður inn í stofuna. Kærði kveðst hafa stoppað stutt og farið upp á efri hæðina til að sjá hlutina í björtu. Kærði kveðst hafa séð að hann þyrfti ekki fleira að gera og því yfirgefið húsið og lokað því.

.....

Kærði kveðst hafa fengið ákveðnar upplýsingar í Istanbul á árinu 1982 hjá félögum sínum, um Geir Hallgrímsson, Sigurð Nordal og Karl Jóhann Júlíusson. Af þeim upplýsingum hafi hann ráðið að einn þeirra tengdist þeirri rannsókn sem kærði kveðst hafa unnið að. Á því augnabliki sem kærði kveðst hafa beðið Karl um að setja plötuna á fóninn hafi sér orðið ljóst að það var Karl Jóhann „af djúpu innsæi míns skáldlega ímyndunarheims var mér ljóst að þennan mann varð ég að taka af lífi."

Kærði er spurður um það hvort honum hafi verið falið þetta verk af þeim félögum sem hann áður nefndi.

Kærði kveður það ekki beint hafa verið þannig, hins vegar hafi það verið ljóst að verkið var margflókið, og kærði einn fær um að vinna það, því drepa þyrfti sálina.

Kærði kveðst hafa keypt vopnið sem hann notaði, rýting, í verslun á Laugavegi nr. 85. Hann hafi ávallt borið hann á sér, og hafi hann ekki verið keyptur til að drepa Karl Jóhann.

Aðspurður um ljósmynd þá sem kærði lagði ofan á lík hins látna, þá

kveðst kærði hafa fundið hana á heimili hins látna og í kaldhæðni borgarskæruliðans lagt hana ofan á lík hans.

..... Kærði kveðst aðspurður ekki hafa verið undir öðrum vímuáhrifum en áfengi er morðið var framið.

..... Kærði kveðst hafa hruflað sig á höndum, og kveðst kærði telja að hann hafi hruflað sig á rifbeinum hins látna."

Á dómþingi sakadóms næsta dag var eftirfarandi bókað eftir ákærðum:

„Kærði er spurður af Boga Nilssyni, rannsóknarlögreglustjóra ríkisins, hvort hann muni eftir hljóðnema á heimili Karls Jóhanns.

Kærði kveðst muna eftir honum. Kærði kveðst hafa sent hljóðmerki með tækinu en rifið það síðan úr sambandi. Kærði kveðst hafa sett „tunerinn" upp í munn hins látna og snúruna í kviðarholið, eða eins og kærði orðar það sjálfur „troðið tækinu upp í ginið og lagt snúruna við rafæð hins látna, og hljóðneminn hafi legið við síðu hans svo ekki væri tekið af honum áhugamál hans, og hann gæti haldið áfram að tala í tækin í dauðanum."

Í dóminum í gær misritaðist nafn eins aðila, sem kærði nafngreindi. Kærði kveður það hafa verið Jóhannes Nordal en ekki Sigurður Nordal (sic), sem hann átti við.

Kærði er spurður um það hverja hann hafi hitt í Istanbul á árinu 1982. Kærði kveður það aðallega hafa verið félagar (sic) hans úr PLO."

Á þessu sama dómþingi var ákærður að kröfu rannsóknarlögreglu úrskurðaður í gæslu, og hefur hann sætt gæsluvarðhaldsvist síðan.

Ákærður gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins hinn 1. desember 1988, og var frásögn ákærðs meðal annars á þessa lund:

— — —

Ákærður kom fyrir dómþing sakadóms hinn 5. apríl 1989, og var framburður hans þá í einu og öllu í samræmi við skýrslu hans hjá rannsóknarlögreglu, sem rakin hefur verið hér að framan. Í sömu mund og Karl Jóhann hafi ætlað að spila hljómplötu fyrir ákærðan, kvaðst hann hafa fundið hjá sér einhverja hvöt til að svipta manninn lífi. Játaði ákærður skýlaust, að hann hefði oftsinnis stungið Karl Jóhann hnífi í bak og herðar, rist hann á kvið og skorið hann á háls. Við atlögu ákærðs hefði Karl Jóhann látið lífið. Ákærður kvaðst ekkert sökótt hafa átt við Karl Jóhann, og hafi því verið um algjört geðveikiverk að ræða, enda hefði hann þá að undanförnu átt við geðræn vandamál að etja.

Hannes Pétursson yfirlæknir var fenginn til að kanna geðhagi ákærðs. Í skýrslu læknisins, sem dagsett er hinn 8. desember 1988, segir meðal annars:

„Samkvæmt læknabréfum og sjúkraskrám hefur Bjarni vistast alls átta sinnum á Kleppsspítala á árunum 1974-77, auk innlagnar á geðsjúkrahús

í Osló. Sótti meðferð á göngudeild Kleppsspítala fram til ársins 1983. Sjúkdómsgreiningar á þessum árum hafa oftast verið persónuleikatruflun samfara vímuefnaneyslu og áfengismisnotkun, en af og til hefur Bjarni fengið einkenni um alvarlega geðveiki á þessum árum.

Samkvæmt upplýsingum frá Högna Óskarssyni geðlækni kom Bjarni reglubundið í meðferð hjá honum sl. 3-4 ár. Upphaf þess var, að Bjarni óskaði eftir meðferð í kjölfar þess, að Barnaverndarnefnd hafði afskipti af Bjarna og sambýliskonu hans vegna forræðis barna þeirra, en einhver óregla mun hafa verið á heimilinu. Þau hafi síðan slitið samvistum, en Bjarni haldið áfram í meðferðinni. Meðferðin hafi aðallega byggst á því að hjálpa Bjarna að ná aukinni félagslegri hæfni, og hafi honum tekist að stunda vinnu hluta af árinu. Fyrir tveimur árum hafi Bjarni fengið einkenni um geðveiki (orðið psykotískur). Hann hafi þá búið á Lynghaganum, dottið út úr meðferð, ekki viljað leggjast inn á spítala og ekki taka lyf. Sl. vor hafi farið að „hrikta" í hjá honum, ekki þó með ranghugmyndir en varð hræddur. Tók aldrei lyf, en jafnaði sig. Hélt málverkasýningu og gaf út ljóðabók í haust. Átti síðast viðtal við Högna í septembermánuði sl. og þá ekki borið á neinu. Síðan hafi sambýliskona hans hringt í Högna og sagt að Bjarni væri þá orðinn geðveikur, væri erfiður og hefði hrint sér. Bjarni hvattur til að koma til áframhaldandi meðferðar. Högni sagði, að á þeim árum sem Bjarni hafi verið til meðferðar hjá honum, hafi aldrei komið upp ofbeldishugmyndir, en sér hafi þó verið kunnugt um andfélagslegan þátt í fari hans áður fyrr. Högni telur, að Bjarni hafi farið að neyta áfengis í því geðveikiástandi, sem hann hefur verið í undanfarnar vikur. Högni álítur að Bjarni hafi átt við að stríða alvarlegan geðsjúkdóm (schizophrenia).

— — —

Ályktun.

Að áliti undirritaðs er Bjarni Bernharður Bjarnason haldinn formlegri geðveiki (schizophrenia) og hefur hann átt við þann sjúkdóm að stríða, þegar atburður sá átti sér stað, er mál þetta snýst um. Telja verður mjög líklegt, að sjúkdómurinn hafi verið til staðar í mörg undanfarin ár, þó erfitt sé að greina slíkt með vissu samhliða fíkniefnaneyslu og áfengismisnotkun. Ennfremur virðist ljóst að veikindin hafa verið meira áberandi á ákveðnum tímabilum, en inn á milli borið minna á þeim.

Orsakir fyrir verknaði þeim er Bjarni er nú grunaður um er fyrst og fremst að finna í framangreindum ranghugmyndum, sem einkennt hafa veikindi hans. Lýsing Bjarna á hugarástandi sínu á þeirri stundu er hann segir ásetning hafa myndast er í samræmi við einkenni viðkomandi geðsjúkdóms. Áfengisneysla Bjarna fyrir umræddan atburð hefur án efa haft mjög slæm áhrif á hugarástand hans.

Að mati undirritaðs voru dómgreind og raunveruleikamat Bjarna Bernharðs Bjarnasonar stórlega skert vegna geðsjúkdóms þegar umræddur atburður átti sér stað og hann verður því að teljast ósakhæfur."

Vitnið Hannes Pétursson yfirlæknir, Kjarrvegi 2, Reykjavík, kom fyrir dóm og staðfesti skýrslu sína um geðheilbrigði ákærðs. Vitnið taldi refsingu ekki geta borið árangur og miðaði þá við ástand ákærðs, eins og það var, þá er hann framdi verknaðinn. Mat vitnisins var, að ákærður væri haldinn sjúkdómnum paranoid schizophrenia.

Leitað var álits læknaráðs Íslands, hvort það væri sammála niðurstöðum prófessors Gunnlaugs Geirssonar í krufningarskýrslu hans sem og niðurstöðum Hannesar Péturssonar yfirlæknis um geðheilbrigði og sakhæfi ákærðs. Með úrskurði, dagsettum 13. júlí 1989, fellst læknaráð á niðurstöður læknanna beggja.

Loks hefur Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður lagt fram í málinu svofellt bréf Högna Óskarssonar geðlæknis til lögmannsins, sem dagsett er hinn 21. september 1989:

„Í bréfi yðar dags. 20. þ.m. er undirritaður beðinn að svara nokkrum spurningum varðandi Bjarna Bernharð Bjarnason, 031250-4399, vegna dómsmáls, sem höfðað hefur verið á hendur honum.

Ég ræddi við Bjarna Bernharð þann 18. þ.m. í hegningarhúsinu við Skólavörðustíg og mæltist hann til þess þá, að ég veitti yður þessar upplýsingar.

Svör við spurningum yðar fara hér á eftir.

1. Geðrannsókn Hannesar Péturssonar, yfirlæknis, er í aðalatriðum í samræmi við mínar upplýsingar um líf Bjarna. Ég er sammála niðurstöðu hans um ósakhæfi Bjarna Bernharðs 15. nóvember 1988. Það sem Hannes hefur eftir mér í rannsókn sinni er einnig í meginatriðum rétt. Rétt er að bæta við að ég sá Bjarna síðast þann 14. september 1988. Kom hann ekki í næstu viðtöl. Hafði ég fyrst símasamband en sendi honum síðan bréf þar sem ég minnti hann á að koma. Ræddi ég síðan við sambýliskonu hans. Sagði hún eftir Bjarna að hann mundi koma í næsta viðtal, sem hann gerði ekki. Taldi hún hann vera orðinn psykotískan og gaf ég henni ráð um það, á hvern hátt hún gæti fengið Bjarna innlagðan á spítala gegn vilja hans, teldi hún þörf á. Af því mun ekki hafa orðið. Næst sá ég Bjarna eftir að hann var kominn í fangelsi.

2. Að beiðni Bjarna hef ég rætt við hann í fangelsinu nokkrum sinnum undanfarið ár og nú síðast þann 18. þ.m. Psykotískt ástand Bjarna smá hjaðnaði þegar fór að líða á síðasta vetur og má segja að frá því í mars eða apríl hafi hann verið í sínu eðlilega ástandi, sem hann nær á milli psykósukasta. Er Bjarni þá í ágætum raunveruleikatengslum, hefur innsæi í eigin vandamál og er dómgreind þá í aðalatriðum innan eðlilegra marka.

Ég hef haft afskipti af málum Bjarna frá því desember 1984 og hefur hann einu sinni áður á þessu tímabili orðið psykotískur en það var árið 1986. Neitaði hann þá einnig allri meðferð. Það ástand varaði í tvo til fjóra mánuði.

3. Eins og ástandi Bjarna Bernharðs er háttað í dag, þá er það mat mitt, að hann sé ekki psykotískur, hann sé ekki haldinn ranghugmyndum, sem gætu leitt til voðaverka á þessari stundu. Í þessu felst þó ekki spá um það á hvern hátt geðheilsu hans muni vera háttað næstu árin. Er það ljóst, að þó ekki sé þörf á að úrskurða Bjarna Bernharð í öryggisgæslu eins og ástand hans er í dag þá er ekki hægt að spá fyrir um þörf á því eða annars konar viðeigandi gæslu og meðferð í næstu framtíð."

Með framburði ákærðs sjálfs, sem er í fullu samræmi við vætti vitna og önnur þau sakargögn, sem rakin hafa verið hér að framan, er fram komin lögfull sönnun fyrir því, að ákærður hafi svipt Karl Jóhann Júlíusson lífi með hnífstungum á heimili hans að Lynghaga 11, Reykjavík, aðfaranótt þriðjudagsins 15. nóvember 1988 og þannig unnið verk, sem um er fjallað í 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Skýrslur sérfræðinga og önnur þau gögn, sem fram hafa komið í málinu, sýna, svo að eigi verður um villst, að ákærður var haldinn geðveiki, þá er hann vann verk þetta, og með öllu ófær um að stjórna gjörðum sínum. Leiðir niðurstaða þessi til þess, að sýkna ber ákærðan af kröfu ákæruvalds um refsingu samkvæmt 15. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þegar á hinn bóginn er til þess litið, hversu alvarlegs eðlis verknaður ákærðs var, svo og til þess, sem fram hefur komið um geðhagi hans, þykir nauðsyn til þess bera réttaröryggis vegna, að hann verði dæmdur til þess að sæta öryggisgæslu á viðeigandi hæli samkvæmt 62. gr. almennra hegningarlaga. Með vísan til 178. gr. laga nr. 74, 1974, um meðferð opinberra mála verður ákvarðað, að áfrýjun fresti ekki framkvæmd öryggisgæslunnar.

Þar sem ákærður er sýknaður af refsikröfu ákæruvalds, ber samkvæmt 140. gr. laga nr. 74, 1974, að ákveða, að allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnar- og réttargæslulaun Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, krónur 180.000. Af hálfu ákæruvalds annaðist Guðjón Magnússon saksókn máls þessa.

Dómsorð:

Ákærður, Bjarni Bernharður Bjarnason, skal sæta öryggisgæslu á viðeigandi hæli. Áfrýjun frestar eigi framkvæmd hennar.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnar- og réttargæslulaun Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda ákærðs, kr. 180.000.

Dómi ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 25. júní 1990.

Nr. 237/1990. **Guðni Helgason hf.**

gegn

Guðgeiri Einarssyni,
Kristni Jóhannessyni og
Kjötbankanum sf.

Kærumál. Frávísunardómur felldur úr gildi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 15. júní sl. Kærður er frávísunardómur bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðinn 10. maí sl. Umboðsmaður sóknaraðila kveðst fyrst hafa fengið vitneskju um dóminn 17. s.m.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða frávísunardómi verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðilum hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Atvikum málsins er skilmerkilega lýst í hinum kærða dómi. Ágreiningur málsaðila lýtur að endurgjaldi fyrir verk, sem sóknaraðili annaðist fyrir varnaraðila.

Í beiðni lögmanns varnaraðila um dómkvaðningu matsmanna er lýsing á því verki, er sóknaraðili tók að sér að framkvæma. Í matsgerð hinna dómkvöddu manna 9. febrúar 1989 er tekið fram, að „verk það sem hér um ræðir er skýrt afmarkað ...“. Þá er því lýst, að á fundi matsmanna, fyrirsvarsmanna aðila og lögmanna þeirra hafi komið fram lýsing og skýringar á framkvæmd verksins og umfangi þess.

Hvorki verður séð, að grundvöllur sá, er matsgerð þessara dómkvöddu matsmanna var markaður í matsbeiðni, né framkvæmd matsins hafi sætt andmælum af hálfu matsþola. Ef hann vildi ekki una þessu mati, átti hann þess kost að hlutast til um, að dómkvaddir yrðu yfirmatsmenn, sbr. 142. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Þess í stað fékk hann dómkvadda menn til að framkvæma nýtt undirmat, sem aðallega virðist hafa beinst að endurskoðun á framlögðum reikningum sóknaraðila.

Þessi aðferð við öflun sönnunargagna í málinu var, eins og hér stóð á, aðeins fallin til að drepa álitaefni þess á dreif.

Héraðsdómara bar að sjá til þess, að málið færi ekki svo afvega að þessu leyti sem raun varð á, sbr. 14. gr. laga nr. 85/1936.

Sakarefni málsins og ágreiningi aðila er svo háttað, að mat dómkvaddra manna hlýtur að verða höfuðsönnunargagn í málinu um réttmæti krafna sóknaraðila. Í málinu reynir á ýmis sérfræðileg atriði, og hefði dómara því verið rétt að kveðja til sérfróða meðdómendur, sbr. 3. tl. 200. gr. laga nr. 85/1936.

Úr þeim ágöllum, sem að framan er lýst, má bæta, sbr. 120. gr. laga nr. 85/1936. Þá má krefja aðila nauðsynlegra upplýsinga, að því er varðar aðild málsins. Ætti að því búnu að vera unnt að leggja efnisdóm á málið þrátt fyrir þá hnökra á málatilbúnaði, sem lýst er í hinum kærða frávísunardómi.

Með vísan til þess, sem nú hefur verið rakið, ber að fella hinn kærða dóm úr gildi.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Í máli þessu er deilt um endurgjald fyrir tiltekið verk, sem unnið var fyrir varnaraðila í starfsstöð hans, og efni samninga um verkið. Er sóknaraðili stefnandi málsins og byggir fjárkröfu sína á framlögðum reikningum fyrir efni og vinnu í verkinu, sem hann kveðst hafa tekið að sér í reikningsvinnu. Tölulega virðast reikningarnir nægilega skýrir til að standa undir kröfugerð fyrir dómi. Þeim er hins vegar mótmælt á þeim forsendum, að verktaki hafi gert fast tilboð í verkið á lægra verði, auk þess sem þeir séu of háir almennt séð. Varnaraðili telur einnig, að verklaunakrafan eigi að sæta lækkun fyrir þá sök, að verkinu hafi ekki verið lokið á umsömdum tíma, og hefur gert gagnkröfu af því tilefni. Hann vefengir og aðild sóknaraðila að verklaunakröfunni.

Eftir að málið var höfðað, lét varnaraðili dómkveðja matsmenn til að skoða hið umdeilda verk og meta, hvert væri eðlilegt endurgjald fyrir það. Skiluðu matsmenn greinargóðu áliti, sem byggt var á almennum upplýsingum um verðlag á efni og einingarverð á uppmælingarvinnu. Fram kom í gerðinni, að aðilar hefðu gefið matsmönnum fullnægjandi lýsingu á umfangi verksins og framkvæmd.

Af gögnum málsins verður ekki séð, að sóknaraðili hafi borið fram sérstök andmæli við matsbeiðni varnaraðila eða framkvæmd matsgerðarinnar. Hann hefur og ekki hlutast til um vefengingu á matinu með því að láta dómkveðja yfirmatsmenn. Í þess stað hefur hann fengið menn dómkvadda til þess að yfirfara og meta reikningskröfu sóknaraðila fyrir verkið, í því ljósi, að það væri unnið í tímavinnu og samkvæmt kröfum um vandað verk. Í matsbeiðni hans var bent á tiltekin atriði, er aðgæta þyrfti, varðandi kostnaðarþætti verksins og matsmenn beðnir um álit á því, hvort reikningar sóknaraðila fyrir verkið væru sanngjarnir eftir atvikum að þeim atriðum virtum. Inntu matsmennirnir gerð sína af hendi í samræmi við þessa beiðni.

Þessi síðari dómkvaðning fór fram, án þess að matsbeiðninni eða þeim grundvelli, er hún markaði matinu, væri þá andmælt af hálfu varnaraðila, sem áskildi sér rétt til að leggja fram gögn við matið. Á hinn bóginn hefur hann mótmælt hinni framkomnu matsgerð á þeim forsendum, að framkvæmd hennar væri gölluð, þar sem matsmönnum hefði láðst að kveðja til fundar með aðilum og lögmönnum þeirra.

Eins og málið er nú statt, virðist nægilega ljóst, hvaða verk það er, sem sóknaraðili er að krefjast greiðslu fyrir, og þarf hin síðari matsgerð ekki að draga úr því. Hefur sóknaraðili greinilega beðið um hana til þess að fá sama verkið metið eftir öðrum eða sérstökum forsendum, þ.e. með tilliti til gildis reikninga sóknaraðila fyrir verkið sem reikningsvinnuverk, en ekki ákvæðis- eða tilboðsverk. Virðist hún ekki fela í sér tilraun til að hnekkja fyrra matinu, heldur til að fá frekara mat til samanburðar við grundvöll þess, þannig að deila málsaðila geti beinst að þýðingu matsgerðanna fremur en efni hvorrar um sig. Þessi tilraun var í eðlilegu samhengi við málsástæður sóknaraðila, og get ég ekki fallist á, að með henni hafi málinu verið drepið á dreif. Að vísu gat verið heppilegra að bera

málefnið undir sömu matsmenn, en ekki kemur fram, hvort á það var látið reyna. Þá er það og til trafala, að framkvæmd matsins er ekki óumdeild.

Að öðru en hinu síðastnefnda virðist málið í eðlilegum farvegi og ekki vanta nema herslumun til að gera það hæft til dómtöku. Úr því má reyna að bæta, eins og bent er á í atkvæði meiri hluta dómenda, og er ég alls kostar samþykkur þeirri niðurstöðu, að leggja beri fyrir héraðsdómara að halda áfram efnismeðferð málsins.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. maí 1990.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, hefur Guðni Helgason hf., Reykjavík, höfðað fyrir dóminum með stefnu birtri 2. maí 1988 á hendur Guðgeiri Einarssyni, Norðurvangi 23, Hafnarfirði, og Kristni Jóhannessyni, Víðihvammi 23, Kópavogi, persónulega og f.h. sameignarfélags þeirra, Kjötbankans, Flatahrauni 27, Hafnarfirði, til greiðslu kr. 715.760 með 51,6% dráttarvöxtum p.a. frá 1. janúar 1988 til 1. mars s.á., með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og vaxtavaxta, er leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. janúar 1989, auk kr. 260.971,60 í málskostnað, og beri málskostnaðurinn dráttarvexti, frá því er 15 dagar eru liðnir frá dómsuppkvaðningu.

Af stefndu hálfu er aðallega krafist sýknu, en lækkunar til vara og málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ, hvernig sem málið fer.

Eftir því sem næst verður komist af gögnum málsins, tók Guðni Helgason, rafvirkjameistari og rafverktaki, aðaleigandi, stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Guðna Helgasonar hf., að sér sem verktaki að setja upp fyrir stefndu tvö kælikerfi og eitt frystikerfi ásamt tilheyrandi raflögnum í nýbyggingu Kjötbankans sf. að Flatahrauni 27 í Hafnarfirði í marsmánuði árið 1987. Verkinu var lokið eigi síðar en við fínstillingu tækja 9. desember 1987. Varmi frá kælivélum er leiddur að varmaskipti í loftræstisamstæðu, sem bæði er til loftræstingar og upphitunar. Verktakinn tengdi saman kælivélasamstæðurnar og varmaskiptinn með röralögn og nauðsynlegum stjórntækjum. Verkið var vel af hendi leyst, og búnaðurinn hefur reynst vel. Að þessu marki virðist ekki ágreiningur með aðilum, og ágreiningslaust virðist einnig, að verktakinn hafi sjálfur hannað verkið og lagt raflagnir að tækjunum og sett upp tækjatöflu, en stefnandi telur, að eftir að verkið var hafið, hafi komið til aukaverk og breytingar á verkinu, sem ekki hafi verið gert ráð fyrir við samningsgerð.

Meginágreiningur er um það, hvernig hafi samist um verklaunin, en samningar aðila voru munnlegir. Stefndu telja, að samið hafi verið um kr.

1.000.000 - kr. 1.100.000 fyrir verkið, þannig að ef af því yrði, að í stað 5 ha. frystivélar yrði sett upp 7,5 ha. vél og verktakinn annaðist frágang tækjatöflu, fengi hann greitt fyrir það umfram lágmark, en þó ekki yfir hámarki. Stefnandi telur hins vegar, að hann hafi aðeins gert lauslega kostnaðaráætlun upp á kr. 1.100.000 fyrir hluta verksins, en að greiða hafi átt fyrir það eftir reikningi miðað við vinnutíma og smásöluverð efnis, sem hann aflaði og lagði til verksins, auk flutningskostnaðar. Þá er ágreiningur um aðild, þar sem stefndu kannast ekki við að hafa samið við hlutafélagið.

— — —

Samningsaðilar hirtu ekki um að bréfa samning sinn eða tryggja sér með öðrum hætti sönnun um efni hans. Eins og rakið hefur verið, komu fram af hálfu stefnanda við upphaf málsins óskýrar og ósamrýmanlegar staðhæfingar um umfang verksins og ósamrýmanleg gögn og staðhæfingar um aðild og um ástæður síðbúinna verkloka. Það, sem síðar hefur komið fram af hálfu stefnanda, hefur ekki eytt fullkomlega ósamkvæmni í málatilbúnaði stefnanda og óvissu um staðhæfingar hans. Þykir því verða að fallast á það með stefndu, að málatilbúnaður stefnanda sé verulega ónákvæmur og óglöggur. Eins og máli þessu er háttað, þykja þessar ástæður ekki geta leitt til sýknu, en hins vegar þykir verða að vísa því ex officio frá dómi. Þar sem stefndu hafa ekki krafist frávísunar og að öðru leyti sökum þess, hvernig málatilbúnaði þeirra er háttað, þykir málskostnaður eiga að falla niður.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna anna dómarans og vegna þess, hversu tilraunir til að greiða úr málinu hafa reynst tímafrekar.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 25. júní 1990.

Nr. 383/1988. **Herradeild P & Ó sf.**
(Guðmundur Jónsson hrl.)
gegn
Katli Axelssyni
(Agnar Gústafsson hrl.)
og gagnsök.

Aðild. Ómerking. Heimvísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. nóvember 1988. Hann krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. nóvember 1988.

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti lýsti lögmaður gagnáfrýjanda því yfir, að Ketill Axelsson tæki við aðild málsins úr hendi skilanefndar Austurstrætis 14 hf. Hefði Ketill fest kaup á húseigninni Austurstræti 14 hér í borg með kaupsamningi 10. febrúar 1988 og tæki við öllum réttindum og skyldum gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti. Krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó þannig, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað í héraði. Hann krefst einnig málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Lögmaður gagnáfrýjanda lagði fram við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti kaupsamning, sem dagsettur er 10. febrúar 1988. Þar kemur fram, að Ketill Axelsson hafi keypt fasteignina Austurstræti 14. Einnig lagði lögmaðurinn fram auglýsingu, sem birtist í 31. tbl. Lögbirtingablaðsins 1989, þar sem skilanefnd Austurstrætis 14 hf. tilkynnir 22. desember 1988, að hún hafi lokið störfum og óski þess, að félagið verði afmáð úr hlutafélagaskrá.

Af hálfu aðaláfrýjanda er því haldið fram fyrir Hæstarétti, að aðild stefnanda í héraði hafi verið röng og hafi ekki verið gerð nægileg grein fyrir aðild málsins af hálfu gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti. Ketill Axelsson hafi meðal annars ekki lýst því yfir, að

hann taki að sér að greiða málskostnað, sem gagnáfrýjandi kunni að verða dæmdur til að greiða.

Ketill Axelsson byggir aðild sína að máli þessu á framangreindum kaupsamningi, sem gerður var 10. febrúar 1988. Mál þetta var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 21. janúar 1988. Yfirlýsing um aðild Ketils Axelssonar að málinu átti að koma fram þegar á næsta dómþingi, sem háð var 17. mars 1988. Ágreiningur um það atriði hefði þá fengið úrlausn héraðsdómara. Slík yfirlýsing kom ekki fram, og í framburði Ketils Axelssonar fyrir héraðsdómi er ekki vikið að kaupum hans á húseigninni. Samkvæmt því, sem að framan er rakið, er málið nú þannig úr garði gert, að á það verður ekki lagður efnisdómur. Verður ekki hjá því komist að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi svo og málsmeðferð frá og með 17. mars 1988 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Eins og hér háttar til, verður málskostnaður ekki dæmdur á þessu stigi málsins.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er úr gildi felldur svo og málsmeðferð frá og með 17. mars 1988, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Sératkvæði hæstaréttardómaranna Bjarna K. Bjarnasonar og Haralds Henryssonar.

Um það er nú deilt í málinu, hvort Ketill Axelsson sé réttur aðili þess. Aðild máls er sönnunaratriði, og það, hver aðild eigi, er efnisatriði, en ekki forms. Samkvæmt því ber að leggja efnisdóm á málið, eins og það liggur fyrir. Við eru því ósammála meiri hluta dómenda um ómerkingu héraðsdóms og heimvísun málsins. Þar sem sú hefur orðið niðurstaða meiri hlutans, eru ekki efni til, að við fjöllum frekar um málið í sératkvæði.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. september 1988.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. september sl., er höfðað af Austurstræti 14 hf., nnr. 0889-9762, Austurstræti 14, Reykjavík, með stefnu, birtri 14.

janúar 1988 og ódagsettri stefnu, þingfestum 21. janúar 1988, á hendur eigendum Herradeildar P & Ó sf., nnr. 4068-1000, Austurstræti 14, Reykjavík, þeim Guðmundi Blöndal, nnr. 3050-4682, Lyngbrekku 17, Kópavogi, og Jóni Ólafssyni, nnr. 5173-8160, Hraunbæ 162, Reykjavík, f.h. félagsins.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að leigusamningur, dagsettur 15/9 1986, milli stefnanda og stefndu um leigu á húsnæði á götuhæð og í kjallara hússins nr. 14 við Austurstræti í Reykjavík verði dæmdur ógildur og óskuldbindandi fyrir stefnanda frá upphafi samningstímans 15. september 1986. Þá er þess krafist, að stefndu verði dæmdir til þess að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ að mati dómsins.

Dómkröfur stefndu eru þær, að dómkröfum stefnanda verði hafnað, bæði hvað varðar ógildingu húsaleigusamnings og málskostnaðarkröfu, auk þess sem krafist er málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda til stefndu.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

Við aðalmeðferð málsins þann 19. september 1988 upplýsti lögmaður stefnanda, að búið væri að slíta hlutafélaginu Austurstræti 14 hf., og hefði skilanefnd tekið við rekstri málsins.

II.

— — —

III.

Niðurstaða.

Fram hefur komið, að tilgangur Austurstrætis 14 hf. var rekstur fasteignarinnar Austurstræti 14. Við yfirheyrslur fyrir dómi upplýsti fráfarandi stjórnarformaður félagsins, Ketill Axelsson, að hluthafar félagsins væru sjö systkin. Eru fjögur þeirra búsett erlendis, en þrjú hér á landi, Ketill og systurnar Soffía og Sigríður Axelsdætur, og hafa þau átt saman sæti í stjórn félagsins. Hefur Ketill sjálfur rekið tóbaksverslunina London og sonur hans, Axel Ketilsson, verslunina London, dömudeild. Höfðu þeir ásamt Pétri Sigurðssyni, eiginmanni Soffíu Axelsdóttur, og sameiganda hans, en þeir ráku saman herradeild P & Ó sf., á leigu jarðhæð og kjallara fasteignarinnar. Er upplýst, að þeir greiddu allir svipaða leigu miðað við fermetrafjölda. Kvað Ketill, að aldrei hefði verið gerður formlegur leigusamningur við þessa aðila, og upplýstist ekki, hvernig leigugjaldið var til fundið. Hins vegar hélt Ketill því fram, að um það leyti, sem Herradeild P & Ó var seld, hafi hann verið farinn að ræða við þá hluthafa, sem búsettir eru erlendis, um, að ekki gengi lengur að hafa leigugjald svo lágt sem raun var. Það hefði gengið svo í nærfellt 30 ár og verið látið viðgangast, þar sem leigjendur voru ýmist hluthafar eða nátengdir hluthöfum fyrirtækisins.

Ekki kvaðst hann hafa rætt þetta við samstjórnarmenn sína. Kvaðst Ketill ekki hafa vitað af sölu verslunarinnar, fyrr en hún var um garð gengin; þó hefðu systur hans komið með leigusamninginn til hans deginum áður til undirritunar og samþykkis, sem hann hefði hafnað.

Óumdeilt er, að leigugjald það, sem stefndu greiddu samkvæmt samningnum, var sambærilegt við það, sem seljendur höfðu greitt áður. Samkvæmt matsgerð á dskj. nr. 16, sem ekki hefur verið mótmælt, er húsaleiga fyrir hið umdeilda húsnæði metin hæfileg í maí 1988 kr. 205.000 á mánuði. Borið saman við dskj. nr. 23, sem er yfirlit yfir leigugreiðslur stefndu, er ljóst, að sú fjárhæð er nærfellt tvöfalt hærri en sú leiga, sem stefndu var gert að greiða samkvæmt leigusamningi.

Samkvæmt upplýsingum úr hlutafélagaskrá á dskj. nr. 15 höfðu tveir stjórnarmenn Austurstrætis 14 hf. saman heimild til að rita firmað, og var sú heimild í samræmi við 58. gr. l. nr. 32/1978. Undirritun stjórnarmannanna Soffíu Axelsdóttur og Sigríðar Axelsdóttur undir leigusamninginn var þannig formlega heimil. Hins vegar þykir mega fallast á það með stefnanda, að tengsl Soffíu Axelsdóttur við Pétur Sigurðsson hafi, samkvæmt 56. gr. l. nr. 32/1978, leitt til vanhæfis hennar til að undirrita framangreindan leigusamning við stefndu, en fyrir liggur, að samkvæmt kaupsamningi um verslunina gerðu stefndu það að skilyrði fyrir kaupunum, að viðunandi leigusamningur næðist um verslunarhúsnæðið. Það er því um augljós hagsmunatengsl að ræða, sem með hliðsjón af því, sem að framan er rakið, kunnu að fara í bága við hagsmuni félagsins, en samkvæmt 56. gr. er ekki skilyrði fyrir vanhæfi, að félagið hafi sannanlega orðið fyrir tjóni.

Í 61. gr. hlutafélagalaga segir svo: „Ef sá, sem kemur fram fyrir hönd félagsins samkvæmt ákvæðum 58. - 59. gr., fer út fyrir heimild sína, er löggerningurinn ekki bindandi fyrir félagið, ef viðsemjandinn vissi eða mátti vita um heimildarskortinn."

Eins og að framan greinir, var umboð Soffíu Axelsdóttur til að rita firmað í samræmi við 58. gr. hlutafélagalaga. Telja verður, að vanhæfi Soffíu Axelsdóttur til að undirrita samninginn skv. 56. gr. laganna falli undir heimildarskort skv. nefndu ákvæði 61. gr. Skilyrði þess, að samningurinn sé ógildur gagnvart þriðja manni, er þó, að þriðji maður hafi vitað eða mátt vita um heimildarskortinn.

Fyrir dómi upplýstu báðir eigendur hins stefnda fyrirtækis, að þeim hafi verið kunnugt um tengsl Soffíu Axelsdóttur við Pétur Sigurðsson, og verður því að líta svo á, að þeir hafi mátt vita um heimildarskortinn. Umdeildur leigusamningur er því ekki bindandi fyrir leigusala, og ber því að taka kröfur stefnanda til greina og dæma framangreindan leigusamning ógildan og óskuldbindandi fyrir Austurstræti 14 hf. frá 15. september 1986.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðila beri sinn málskostnað.
Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Leigusamningur dagsettur 15. september 1986 milli Austurstrætis 14 hf. og stefnda, Herradeildar P & Ó sf., um leigu á húsnæði á götuhæð og í kjallara hússins nr. 14 við Austurstræti í Reykjavík er ógildur og óskuldbindandi fyrir stefnanda frá 15. september 1986.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 25. júní 1990.

Nr. 191/1988. **Ásthildur Björnsdóttir**
(Jón Ólafsson hrl.)
gegn
Unni Óskarsdóttur
(Jón Magnússon hrl.).

Fasteignakaup. Galli. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. júní 1988 og gerir þessar dómkröfur:

„Að stefnda verði dæmd til að greiða áfrýjanda kr. 488.730,00 auk 4,3% dráttarvaxta fyrir hvern mánuð frá 1. ágúst 1987 til 1. september 1987, en með 3,5% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. október 1987, en með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum skv. útreikningi Seðlabanka Íslands á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags, skv. 10. og 14. grein vaxtalaga nr. 25 frá 1987.

Jafnframt er þess krafist, að heimilt verði að leggja dráttarvexti við höfuðstól á 12 mánaða fresti, og mynda þar með nýjan höfuðstól, sem lagður verður til grundvallar dráttarvaxtaútreikningi og síðan koll af kolli á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. október 1988 skv. 12. grein vaxtalaga nr. 25 frá árinu 1987.

Jafnframt er krafist málskostnaðar í undirrétti og fyrir Hæstarétti að mati réttarins og beri málskostnaðarupphæðin dráttarvexti skv. 3. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, þá er þess krafist að dráttarvextir leggist við tildæmdan málskostnað á 12 mánaða fresti í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxtanna.

Til vara að stefnda verði dæmd til að greiða lægri upphæð að mati Hæstaréttar með sömu vöxtum og málskostnaði eins og í aðalkröfu.

Til þrautavara að verði hinn áfrýjaði dómur staðfestur, þá verði málskostnaður felldur niður í undirrétti og fyrir Hæstarétti.“

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með afsali 19. júní 1986 seldi stefnda áfrýjanda sumarbústað sinn, „Mörk í Elliðakotslandi, Mosfellshreppi, ásamt leigulóðarréttindum samkvæmt leigusamningi dags. 15. nóvember 1949 ..., en samkvæmt þeim samningi er leigan á landinu miðuð við 99 ár frá undirskrift þess samnings. Landspildan er 1300 m²...". Umsamið verð var 800.000 krónur. Kveðst áfrýjandi hafa greitt 400.000 krónur við útgáfu afsals, en þá tók hún við eigninni, og jafnframt hafa afhent stefndu skuldabréf útgefið af sér, „sem greiðast átti upp á næstu þremur árum, með afborgunum á 4ra mánaða fresti". Í afsali kemur ekkert fram um ástand sumarbústaðarins, en afsalið kveðst eiginmaður stefndu hafa samið ásamt kunningja sínum. Kaupsamningur virðist ekki hafa verið gerður.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, kveður áfrýjandi leynda galla hafa komið fram í sumarbústaðnum veturinn eftir kaupin. Kveðst hún þá árangurslaust hafa óskað eftir afslætti af kaupverðinu, en síðan fengið dómkvadda matsmenn í málið. Segir hún, að „eftir að það mat hafði átt sér stað, en áður en matsmenn skiluðu af sér matsgerðinni", hafi eiginmaður stefndu gert sér „sitt fyrsta og eina tilboð, þ.e. að greiða kr. 100.000,00 'en ekki krónu meira', en þá var fallinn á nokkur lögfræði- og matskostnaður. Þessu tilboði varð ég að hafna."

Sumarbústaður sá, sem hér um ræðir, virðist hafa verið reistur skömmu eftir að lóðarleigusamningur var gerður. Stefnda telur sig hafa keypt sumarbústaðinn „í kringum 1960" og lét byggja við hann stofu. Þremur til fjórum árum áður en kaupin gerðust, setti eiginmaður stefndu nýja klæðningu utan á bústaðinn. Í matsgerð, sem rakin er í héraðsdómi, kemur fram, hvaða gallar voru á verki þessu.

Málsaðilum ber ekki saman um það, hvað þeim og talsmönnum þeirra fór á milli, áður en kaupin gerðust. Af afsali verður ekkert um það ráðið. Eiginmaður stefndu var um það spurður, hvort mikill fúi hefði verið í viðnum undir, er hann setti klæðninguna á bústaðinn. Hann svaraði: „Það var ekki mikið. Það var neðst jú, sem maður gat séð að væri fúi." Aðspurður, hvort hann hefði gert kaupendum grein fyrir því, að fúi væri á bak við klæðninguna,

svaraði hann: „Ég sagði honum að bústaðurinn væri ekki í góðu ásigkomulagi. Ég hefði bara skellt þessu utan á og hann gerði engar athugasemdir við það.“ Sambýlismaður áfrýjanda var spurður, hvort hann hefði haft hugmynd um eða vitað, að hætta gæti verið á fúa. Hann svaraði: „Nei ég vissi það ekki. Af því að maðurinn er fyrir stuttu búinn að setja þetta tjörutex yfir allt saman og ég myndi aldrei trúa nokkrum manni til að setja það á fúinn hlut.“

Þegar þessi framburður er virtur, verður ekki á það fallist með stefndu, að áfrýjanda hafi verið gerð fullnægjandi grein fyrir ástandi hússins undir þeirri klæðningu, sem hafði verið sett á það, en til þess var brýn ástæða. Samkvæmt grunnreglu 2. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup þykir áfrýjandi því eiga rétt til skaðabóta úr hendi stefndu vegna þessa. Þykja þær hæfilega ákveðnar 120.000 krónur. Gegn andmælum stefndu þykir áfrýjandi ekki hafa sannað, að hún eigi rétt á frekari bótum eða afslætti af kaupverði.

Samkvæmt þessu verður stefnda dæmd til að greiða áfrýjanda 120.000 krónur með vöxtum og málskostnaði svo sem í dómsorði greinir. Vextir á málskostnað verða ekki dæmdir.

Dómsorð:

Stefnda, Unnur Óskarsdóttir, greiði áfrýjanda, Ásthildi Björnsdóttur, 120.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. ágúst 1987 til greiðsludags og 90.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. maí 1988.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. maí sl., er höfðað af Ásthildi Björnsdóttur, nnr. 0798-4456, Bauganesi 21, Reykjavík, með stefnu, birtri 24. september 1987, á hendur Unni Óskarsdóttur, nnr. 9017-7095, Brekkulæk 6, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda kr. 488.730 með 3,4% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð frá 1. ágúst 1987 til 1. september s.á., en með 3,5% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. október s.á., en með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum skv.

14. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, og verði dráttarvextir lagðir við höfuðstól á 12 mánaða fresti frá 1. ágúst 1987 að telja. Þá krefst stefnandi málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ auk 12% söluskatts af lögmannsþóknun til greiðslu í ríkissjóð.

Stefnda krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hennar að skaðlausu.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II.

Málavextir.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að þann 19. júní 1986 hafi hún keypt sumarbústaðinn Mörk, Elliðakotslandi, Mosfellsbæ, af stefndu fyrir kr. 800.000. Kaupverðið sé toppverð fyrir sambærilega sumarbústaði á þessu svæði, enda hafi stefnandi ekki haft ástæðu til að ætla annað en að sumarbústaðurinn væri í fyrsta flokks ástandi, þar sem gagngerar endurbætur höfðu átt sér stað á honum samkvæmt yfirlýsingu stefndu, nokkrum árum áður en kaupin áttu sér stað. Kaupverðið hafi verið að fullu greitt við útgáfu afsals.

Veturinn 1986 - 1987 hafi hins vegar komið fram leyndir gallar í hinum selda sumarbústað, þegar stefnandi ætlaði að skipta um glugga í eldri hluta bústaðarins og bæta við einangrun hans. Hinir leyndu gallar hafi verið eftirfarandi:

A. Fúi í útveggjum sumarbústaðarins.

B. Vind- og vatnsþéttingu bústaðarins hafi verið verulega áfátt.

C. Klæðning hafi verið sett á með óeðlilegum hætti, sem m.a. leiddi til framangreindra leyndra galla.

D. Undirstöður viðbyggingar sumarbústaðarins hafi ekki verið settar upp með eðlilegum hætti, sem virðist hafa valdið því, að bústaðurinn hafi sigið.

Stefndu hafi verið skrifað, eftir að hinir leyndu gallar komu í ljós, og óskað eftir afslætti á kaupverði bústaðarins, en bréfinu hafi ekki verið svarað. Stefnandi hafi því neyðst til að láta dómkveðja matsmenn til að meta það tjón, sem hún hafi orðið fyrir. Reynt hafi verið að ná sáttum við stefndu, án árangurs.

Í niðurstöðu matsmanna varðandi ofangreind atriði komi eftirfarandi fram:

„Fram kom, að bústaðurinn var byggður í tveimur áföngum, sá eldri (merktur A. á teikningu) er u.þ.b. 40 ára, en sá nýrri (merktur B.) 15 ára. Veggir hafa verið klæddir utan með liggjandi panel en að innan með Masoniti. Búið var að fjarlægja klæðningu innan af veggjum eldri hluta hússins að nokkru. Sýnilegt var, að neðri hluti burðarstoða og undirstykki

voru fúin og sumstaðar horfin að hluta. Við seinni skoðun, sem fram fór 22. maí, kom þetta enn betur í ljós, því klæðning hafði verið fjarlægð utan af húsinu"... „Klæðning sú, sem sett var utan á húsið fyrir fjórum árum, er mársteinsmunstruð asfaltpappaklæðning (Tjörutex) u.þ.b. 1 cm. að þykkt. Klæðningin hefur verið negld beint á gömlu panelklæðninguna, án tillits til stoða, og hafa naglarnir víðast gengið gegnum vindpappann, sem er innan við panelinn, og er hann því að hluta óvirkur. Ekkert loftrúm er milli eldri og nýrri klæðningar, eins og nauðsynlegt hefði verið." ... „Gamla panelklæðningin virðist helzt hafa verið fúin neðst á hornum og kringum glugga, en þar hefur frágangi verið ábótavant." ... „ Frágangi pappaklæðningarinnar var einnig ábótavant kringum gluggaop og á hornum og orsakar hún örari fúnun á veggjunum, bæði vegna þessa frágangs og vegna þess að ekkert loftrúm er milli klæðninganna."

„Við seinni skoðun ...var búið að grafa frá nýrri hluta hússins, og kom þá í ljós, að undirstöður, gólfbitar, fótstykki og neðri hluti veggstoða eru fúnar (sic) og gólfbitar sumsstaðar gengnir útaf undirstöðum. Gólfið hefur verið einangrað með glerull, og var hún víða dottin niður."

Telji matsmenn í niðurstöðu sinni, að endurnýja þurfi veggjagrind, vindpappa og klæðningu bústaðarins að hluta. Kostnaðurinn við þá aðgerð sé metinn eftirfarandi:

A.	Rif á veggjum og endurnýjun grindar	kr.	63.500,00
B.	Endurnýjun vindpappa	"	9.200,00
C.	Endurnýjun veggklæðningar	"	70.000,00
D.	Fjarlægja þarf allt gólfið og skipta um undirstöður undir gólfi og veggjum. Endurnýja þarf gólfbita, einangrun að hluta og setja klæðningu undir einangrunina, og gera ráðstafanir til að halda uppi veggjum og þaki meðan á þessum framkvæmdum stendur. Kostnaður við þessar úrbætur er metinn á	"	209.300,00
		Samtals kr.	352.000,00

Stefndu hafi verið kynnt niðurstaða matsins ásamt kostnaði við að fá það, þ.e. kr. 44.600,00 til matsmanna og kr. 17.130,00 fyrir lögmannsaðstoð v/matsbeiðni o.fl., og hafi hún verið krafin um greiðslu þeirrar fjárhæðar, en hafi sem fyrr ekki sinnt áskorunum stefnanda, þannig að málshöfðun sé nauðsynleg.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi kveðst byggja dómkröfu sína á þeirri málsástæðu aðallega, að fram hafi komið leyndir gallar í hinum selda sumarbústað, sem stefndu

beri að bæta stefnanda samkvæmt reglum um skaðabætur innan samninga. Stefnanda hafi verið ómögulegt að gera sér grein fyrir göllunum, er sumarbústaðurinn var keyptur, þar sem þeir hafi verið leyndir. Hins vegar hafi þeir ekki verið leyndir gagnvart stefndu, þar sem hún hafi m.a. látið byggja viðbygginguna við sumarbústaðinn og einnig séð um að láta framkvæma þá viðgerð á klæðningu hússins, sem fram fór fyrir nokkrum árum. Telji stefnandi, að stefnda hafi bæði vanrækt upplýsingaskyldu sína samkvæmt kaupalögum varðandi ástand bústaðarins og eins hafi bústaðurinn ekki haft þá áskildu kosti, sem ætla mátti miðað við sambærilega sumarbústaði á þessu svæði.

Kröfugerð stefnanda sundurliðast þannig:

A.	Niðurstaða matsgerðar	kr.	352.000,00
B.	Reikningur matsmanna v/matsgerðar	"	44.600,00
C.	Reikningur lögmanns v/matsbeiðnar og önnur aðstoð	"	17.130,00
D.	Afleitt tjón v/afnotamissis sumarbústaðar, meðan viðgerð fór fram, og annarra óþæginda	"	75.000,00
	Samtals	kr.	488.730,00

Til vara krefst stefnandi sömu fjárhæðar og fyrr á grundvelli þeirrar málsástæðu, að stefnandi eigi rétt á afslætti af kaupverði sumarbústaðarins, þar sem verulegir og leyndir gallar hafi komið fram á hinu selda, eins og matsgerð beri með sér. Stefnda hafi vitað eða mátt vita af göllunum, sbr. það, sem getið hafi verið hér að framan, og að meiri háttar frávik hafi verið á ætluðum kostum sumarbústaðarins.

Að öðru leyti vísar stefnandi til almennra reglna samninga- og kröfuréttarins, m.a. um skaðabætur innan samninga, afslátt og dómvenju á þessu sviði.

Málavaxtalýsing stefndu.

Stefnda kveður stefnanda hafa skoðað umræddan sumarbústað og landið og verið kynnt ástand hins selda af stefndu og eiginmanni hennar, áður en gengið var til samninga um kaupin. Miðað við ástand hins selda hafi verðið verið ákveðið kr. 800.000,00 fyrir allt hið selda, sem hafi verið lágt verð fyrir sumarbústað á þessum stað og á þeim tíma, sem salan átti sér stað. Stefnanda hafi verið bent á, áður en kaup áttu sér stað, að margvíslegar viðgerðir þyrftu að fara fram á bústaðnum, m.a. öll þau atriði, sem matsgerð sú, sem stefnandi hafi lagt fram í málinu, taki til. Þá hafi stefnanda verið gert ljóst fyrir kaupin, að stefnda vildi selja bústaðinn, þar sem hún treysti sér ekki til að leggja út í kostnaðarsamar endurbætur á bústaðn-

um og annast viðhald hans. Stefnandi hafi engar athugasemdir gert við þetta. Aðgerðir stefnanda í málinu hafi komið stefndu mjög á óvart.

Málsástæður stefndu og lagarök.

Stefnda byggir sýknukröfur sínar á því, að ljóst hafi verið, þá er kaup voru gerð, að ástandi bústaðarins væri í mörgu ábótavant, og hafi stefnanda verið gerð grein fyrir því.

Í öðru lagi sé á það bent, að verð bústaðarins sé lágt með tilliti til alls hins selda, þ. á m. stærðar leigulóðar, sem fylgi bústaðnum, og lengd leigusamnings um lóðina.

Í þriðja lagi sé á það bent, að bústaðurinn sé að hluta til 40 ára gamall, og hafi kaupendum mátt vera ljóst, miðað við aldur hans, að margvíslegar endurbætur og viðhald væri nauðsynlegt. Því sé haldið fram, að skoðunarskylda kaupanda sé mjög rík í tilvikum sem þessum.

Stefnda bendi ennfremur á, að söluverð bústaðarins og leigulóðarréttindanna hafi verið kr. 800.000,00, en krafa stefnanda lúti að því að fá endurgreidd rúmlega 60% kaupverðsins, og væri söluverð þá lægra en söluverð á sambærilegum leigulóðarréttindum á þeim tíma, er þessi kaup gerðust.

Því sé mótmælt sem röngu, að á hinu selda hafi verið gallar, sem stefnandi hafi ekki séð eða mátt gera sér grein fyrir með nákvæmri skoðun eða hafi mátt ætla, að hafi verið fyrir hendi í jafngömlum bústað og hér um ræði.

Kröfum stefnanda sé því alfarið (sic) vísað á bug. Þá sé vaxtakröfu sérstaklega mótmælt.

III.

Niðurstaða.

Undir rekstri málsins og við yfirheyrslur kom fram, að makar málsaðilja sáu að mestu leyti um kaup og sölu á sumarbústaðnum. Það kom fram, að Þormóður Magnús Guðlaugsson, sambýlismaður stefnanda, Ásthildar Björnsdóttur, skoðaði bústaðinn tvívegis, áður en kaupin áttu sér stað, en hún einu sinni.

Stefnandi, Ásthildur, skýrði svo frá fyrir dómi, að sér hefði litist vel á bústaðinn, einkum landið, og hefði hún ákveðið að kaupa hann á uppsettu verði, þrátt fyrir það að um toppverð hefði verið að ræða. Aðspurð, hvort hún hefði kynnt sér sérstaklega gangverð á sambærilegum bústöðum á þessum tíma, svaraði hún því, að svo hefði ekki verið, heldur byggði hún fullyrðingu sína á því, að bústaðurinn hefði verið seldur á toppverði, á upplýsingum, sem fram hefðu komið í samtölum við ýmsa aðilja.

Sambýlismnaður hennar, Þormóður, skýrði svo frá aðspurður, að hann hefði skoðað bústaðinn tvívegis, og hefði hann séð merki um fúa við einn

glugga í eldri hluta bústaðarins. Aðspurður kvað hann það ekki hafa gefið sér tilefni til að kynna sér nánar ástand annarra glugga í húsinu eða ástand hússins almennt, og bar hann, að hann hefði ekkert spurt sérstaklega út í það. Hann bar, að sér hefði verið kunnugt um aldur hússins og kyndingu, þ.e., að húsið hefði einungis verið kynt, þegar það var í notkun yfir sumarið, en staðið ókynt yfir veturinn.

Vitnið Örlygur Kristmundsson húsasmíðameistari, sem aðstoðað hefur stefnanda við endurnýjun bústaðarins, bar, að húsið hefði verið mjög fúið, og hefði verið sett klæðning yfir fúann, án þess að nokkrar lagfæringar hefðu verið gerðar þar á fyrst. Þá bar hann, að klæðningin hefði verið illa unnin, hún hefði litið þokkalega út í fjarlægð, en hefði ekki átt að dyljast, jafnvel leikmönnum, að illa var að verki staðið, þegar nær var komið.

Af hálfu seljanda, stefndu, Unnar, og eiginmanns hennar, Halldórs Birgis Olgeirssonar, var því haldið fram fyrir dómi, að kaupendum hefði verið kunnugt um það, er kaupin fóru fram, að ástæða fyrir sölunni væri sú, að bústaðurinn þyrfti mikilla endurbóta og viðhalds við, sem þau ekki treystu sér til að standa undir. Var þessu andmælt af hálfu stefnanda.

Það er álit dómsins, að stefnandi hafi í verulegum atriðum vanrækt skoðunarskyldu sína, sem verður að teljast mjög rík, einkum með tilliti til aldurs bústaðarins, kyndingar svo og þess ástands hans, sem lýst hefur verið og duldist ekki skv. framburði Þormóðs Olgeirssonar (sic) og vitnisins Örlygs. Þá styður framburður stefnanda, Ásthildar, það, að ekki síst hafi það verið lóðin, sem réð úrslitum um kaupin. Þá er ennfremur ósannað, að söluverð sumarbústaðarins hafi verið óeðlilega hátt þrátt fyrir það ástand, sem sumarbústaðurinn var í, og er þá m.a. höfð í huga staðsetning og umhverfi bústaðarins og lengd lóðarleigusamnings, eða til allt að 99 ára. Ósannað er, að seljendur hafi leynt kaupendur staðreyndum um ástand bústaðarins vísvitandi eða reynt að fela galla, sem ella hefðu átt að sjást. Þá er ósannað, að ástand bústaðarins hafi verið verra en við mátti búast miðað við aldur bústaðarins, byggingarvenjur á þeim tíma, er hann var byggður, eða kyndingarhætti, og er ósannað, að seljandi hafi lofað, að ástand hans væri betra en raun bar.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að stefnandi greiði stefndu kr. 100.800,00 í málskostnað, þar með talinn söluskattur, kr. 10.800,00.

Dóminn kváðu upp Sigríður Ólafsdóttir borgardómari, Ragnar Ingimarsson prófessor og Magnús Guðjónsson húsasmíðameistari.

Dómsorð:

Stefnda, Unnur Óskarsdóttir, Brekkulæk 6, Reykjavík, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Ásthildar Björnsdóttur, Bauganesi 21, Reykjavík, í máli þessu.

Stefnandi, Ásthildur Björnsdóttir, greiði stefndu, Unni Óskarsdóttur, kr. 100.800,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 26. júní 1990.

Nr. 240/1990. **Ákæruvaldið**

gegn

Þorvaldi A. Ásgeirssyni.

Kærumál. Bráðabirgðasvipting ökuréttinda.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Ólafur Helgi Árnason, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi, kvað upp hinn kærða úrskurð.

Varnaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 25. júní sl. samkvæmt heimild í 103. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Af ástæðum, sem greindar eru í hinum kærða úrskurði, ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Kópavogs 7. júní 1990.

Kærði í máli þessu kom fyrir dóminn þann 5. júní sl. og krafðist þess, að bráðabirgðasvipting ökuréttinda hans yrði felld úr gildi, sem ákveðin var hjá lögreglustjóraembættinu í Reykjavík þann 12. maí sl.

Kröfu um niðurfellingu byggir kærði á því í fyrsta lagi, að hann vilji nú mótmæla alfarið (sic) þeim hraða, sem hann var sagður á. Telji þeir aðilar, sem hafi verið farþegar í bifreiðinni, að óhugsandi sé, að bifreiðinni hafi verið ekið mikið umfram 90 km hraða á klst.

Það, að ökumanni hafi ekki verið gefinn kostur á að sjá radarmælinguna, gefi tilefni til að rengja þá tölu, sem hafi verið gefin upp af lögreglumönnum, og að sú háttsemi að neita þeim (sic) um að sjá radarmælinguna sé með öllu óskiljanleg, þar sem talan hafi átt að vera læst inni í radarnum.

Í öðru lagi er krafa kærða byggð á því, að með hliðsjón af uppkveðnum dómi Mannréttindadómstóls Evrópu á sl. ári og dómi Hæstaréttar Íslands

í því framhaldi, að (sic) varðstjóri hjá lögreglustjóraembættinu í Reykjavík geti ekki úrskurðað sviptingu í þeim málum, sem undirmenn hans komi með og leggi inn á borð hans. Slíkt brjóti gjörsamlega í bága við þá grundvallarhugsun, sem búi að baki nefndum dómum.

Niðurstöður.

Samkvæmt skýrslum lögreglumanna og ljósriti úr dagbók ratsjármælinga lögreglunnar í Reykjavík, dagsettu laugardaginn 12. maí 1990, kemur fram, að mældur hafi verið hraði bifreiðarinnar R-50026, er hún ók austur Hringbraut að Njarðargötu, þannig að bifreiðin hafi farið með 126 km hraða á klst., þar sem hámarkshraði sé 50 km á klst.

Í 103. gr. laga nr. 50/1987 kemur fram, að lögreglustjóri hefur heimild til að svipta ökumann ökuréttindum til bráðabirgða, ef lögreglustjóri telur skilyrði vera fyrir hendi.

Samkvæmt því, sem næst verður komist, hefur verið notuð sú viðmiðunarregla að bráðabirgðasvipta (sic) ökumenn ökuréttindum, ef þeir eru komnir 51 km á klst. eða meira umfram lögleyfðan hámarkshraða.

Verður því að telja, að ákvæði 103. gr. laga nr. 50/1987 hafi átt við í því tilviki, sem hér er til umfjöllunar, og að ekki skipti máli þar um, hvort lögreglumennirnir hafi sýnt ökumanni töluna, sem mæld var í radarnum, eða ekki.

Eins og áður kom fram, er það lögreglustjóra að meta, hvort skilyrði til sviptingar ökuréttinda til bráðabirgða séu uppfyllt. Samkvæmt dómi Hæstaréttar Íslands, uppkveðnum miðvikudaginn 21. september 1988, er lögreglustjóra heimilt að framselja vald sitt til yfirmanna lögreglu, svo sem aðalvarðstjóra.

Þar sem aðalvarðstjóri sá um framkvæmd þessarar tilteknu bráðabirgðasviptingar, verður eigi séð neitt athugavert við það.

Einnig er mælt fyrir um í 103. gr. laga nr. 50/1987, að bráðabirgðasviptingu ökuréttinda megi bera undir dómstóla samkvæmt reglum um meðferð opinberra mála og að lögreglustjóri skuli leiðbeina ökumanni um þann rétt, þegar ákvörðun er birt.

Verður að telja, að hagsmuna ökumanna sé nægjanlega gætt með þessu ákvæði, og ekki verður séð, að þeir dómar, sem að undanförnu hafa gengið í Hæstarétti, hafi áhrif á meðferð mála samkvæmt 103. gr. laga nr. 50/1987.

Með vísan til þessa eru engin rök til þess að fella úr gildi ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík um sviptingu ökuréttinda Þorvalds A. Ásgeirssonar til bráðabirgða þann 12. maí sl.

Réttargæsluþóknun verður ekki ákveðin í máli þessu, enda hefur lögmaður kærða tekið að sér réttargæslustörf fyrir hann án skipunar.

Úrskurðarorð:

Ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík um sviptingu ökuréttinda Þorvalds A. Ásgeirssonar til bráðabirgða þann 12. maí sl. skal standa óhögguð.

Þriðjudaginn 26. júní 1990.

Nr. 241/1990. **Ákæruvaldið**

gegn

Guðmundi Inga Guðmundssyni.

Kærumál. Bráðabirgðasvipting ökuréttinda.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Ólafur Helgi Árnason, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi, kvað upp hinn kærða úrskurð.

Varnaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 25. júní sl. samkvæmt heimild í 103. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Af ástæðum, sem greindar eru í hinum kærða úrskurði, ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Kópavogs 7. júní 1990.

Kærði í máli þessu kom fyrir dóminn þann 5. júní sl. og krafðist þess, að bráðabirgðasvipting ökuréttinda hans yrði felld úr gildi, sem ákveðin var hjá lögreglustjóraembættinu í Reykjavík þann 12. maí sl.

Kröfu um niðurfellingu byggir kærði á því í fyrsta lagi, að engin sönnun liggi fyrir um, að hann hafi verið á þeim ökuhraða, er heimili sviptingu. Bifreið hans hafi ekki verið mæld í radar, og sé því engin sönnun á því, að hann hafi ekið hraðar en á 90 km hraða á klst., eins og hann fullyrðir sjálfur. Þá hafi honum verið neitað um að sjá umrædda radarmælingu, sem sé óskiljanlegt, þar sem talan hafi átt að vera læst í radarnum, og séu því eingöngu fullyrðingar lögreglumanna um réttmæti þess hraða, sem þeir hafi gefið upp.

Í öðru lagi er krafa kærða byggð á því, að með hliðsjón af uppkveðnum dómi Mannréttindadómstóls Evrópu á sl. ári og dómi Hæstaréttar Íslands

í því framhaldi, að (sic) varðstjóri hjá lögreglustjóraembættinu í Reykjavík geti ekki úrskurðað sviptingu í þeim málum, sem undirmenn hans komi með og leggi inn á borð hans. Slíkt brjóti gjörsamlega í bága við þá grundvallarhugsun, sem búi að baki nefndum dómi.

Niðurstöður.

Samkvæmt skýrslum lögreglumanna þeirra, er að málinu unnu, svo og ljósriti úr dagbók ratsjármælinga lögreglunnar í Reykjavík, dagsettu laugardaginn 12. maí 1990, kemur fram, að mældur hafi verið hraði bifreiðarinnar R-80303, er hún ók austur Hringbraut að Njarðargötu, þannig að bifreiðin hafi farið með 126 km hraða á klst., þar sem hámarkshraði sé 50 km á klst.

Eigi verður séð, að nokkuð hafi verið athugavert við þá radarmælingu, sem framkvæmd var.

Í 103. gr. laga nr. 50/1987 kemur fram, að lögreglustjóri hefur heimild til að svipta ökumann ökuréttindum til bráðabirgða, ef lögreglustjóri telur skilyrði vera fyrir hendi.

Samkvæmt því, sem næst verður komist, hefur verið notuð sú viðmiðunarregla að bráðabirgðasvipta (sic) ökumenn ökuréttindum, ef þeir eru komnir 51 km á klst. eða meira umfram lögleyfðan hámarkshraða.

Verður því að telja, að ákvæði 103. gr. laga nr. 50/1987 hafi átt við í því tilviki, sem hér er til umfjöllunar, og að ekki skipti máli þar um, hvort lögreglumennirnir hafi sýnt ökumanni töluna, sem mæld var í radarnum, eða ekki.

Samkvæmt 103. gr. laga nr. 50/1987 er lögreglustjóra falið að meta, hvort skilyrði til sviptingar ökuréttinda til bráðabirgða séu uppfyllt. Samkvæmt dómi Hæstaréttar Íslands, uppkveðnum miðvikudaginn 21. september 1988, er lögreglustjóra heimilt að framselja þetta vald sitt til yfirmanna lögreglu, svo sem aðalvarðstjóra. Og þar sem aðalvarðstjóri sá um þessa tilteknu bráðabirgðasviptingu, verður ekki séð neitt athugavert við þá framkvæmd.

Einnig er mælt fyrir um í 103. gr. laga nr. 50/1987, að bráðabirgðasviptingu ökuréttinda megi bera undir dómstóla samkvæmt reglum um meðferð opinberra mála og að lögreglustjóri skuli leiðbeina ökumanni um þann rétt, þegar ákvörðun er birt.

Verður að telja, að hagsmuna ökumanna sé nægjanlega gætt með þessu ákvæði, og ekki verður séð, að þeir dómar, sem að undanförnu hafa gengið í Hæstarétti, hafi áhrif á meðferð mála samkvæmt 103. gr. laga nr. 50/1987.

Með vísan til þessa eru engin rök til þess að fella úr gildi ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík um sviptingu ökuréttinda Guðmundar Inga Guðmundssonar til bráðabirgða þann 12. maí sl.

Réttargæsluþóknun verður ekki ákveðin í máli þessu, enda hefur lögmaður kærða tekið að sér réttargæslustörf fyrir hann án skipunar.

Úrskurðarorð:

Ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík um sviptingu ökuréttinda Guðmundar Inga Guðmundssonar til bráðabirgða þann 12. maí sl. skal standa óhögguð.

Miðvikudaginn 27. júní 1990.

Nr. 224/1988. **Þorkell Sigurbjörnsson**
(Árni Halldórsson hrl.)
gegn
Sigurði Eiríkssyni
skiptaráðanda í Suður-Múlasýslu
vegna þrotabús Austurverks hf.
(sjálfur).

Gjaldþrotalög. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. júlí 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 11. sama mánaðar samkvæmt heimild í 96. gr. skiptalaga nr. 3/1878, sbr. 4. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og breytt þannig, að launakrafa hans, að fjárhæð 442.993 krónur, að viðbættu orlofsfé, 30.671 krónu, vöxtum til upphafs gjaldþrotaskipta, 32.935 krónum, eða samtals 506.599 krónur, verði viðurkennd sem forgangskrafa í þrotabú Austurverks hf. Einnig krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur.

I.

Hinn 14. október 1986 kom áfrýjandi fyrir skiptarétt Suður-Múlasýslu og lagði fram beiðni um, að bú Austurverks hf. á Egilsstöðum yrði tekið til gjaldþrotaskipta, og var beiðnin undirrituð af þremur stjórnarmönnum félagsins, en áfrýjandi var framkvæmdastjóri þess. Sama dag var kveðinn upp úrskurður um, að bú félagsins væri tekið til gjaldþrotaskipta.

Innköllun var gefin út þennan sama dag, og lauk kröfulýsingarfresti 5. janúar 1987. Með bréfi til skiptaréttarins 30. desember 1986, sem móttekið var 5. janúar 1987, lýsti áfrýjandi sem forgangskröfu í þrotabúið kröfu vegna ógreiddra vinnulauna, orlofs o.fl.,

samtals að fjárhæð 498.147,75 krónur, auk hæstu leyfilegra vaxta. Með bréfinu fylgdi ljósrit af yfirliti yfir viðskipti áfrýjanda við Austurverk hf. á árinu 1986.

Sigurður G. Guðjónsson héraðsdómslögmaður, aðstoðarmaður skiptaráðanda, gerði skrá yfir lýstar kröfur í þrotabúinu samkvæmt 1. mgr. 108. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, sem dagsett er 10. febrúar 1987. Var kröfu áfrýjanda, sem var númer 13 á skránni, lýst þar sem almennri kröfu frá hluthafa og þess getið, að henni væri hafnað að svo stöddu. Hinn 13. febrúar 1987 ritaði aðstoðarmaður skiptaráðanda áfrýjanda bréf og tilkynnti honum, að kröfu hans væri hafnað að svo stöddu, „bæði að því er varðar fjárhæð og stöðu í kröfuröð". Þá segir einnig svo í bréfinu:

„Um launakröfu er vart að ræða en hins vegar möguleiki að krafa þín verði skoðuð sem lán til félagsins. Hafa verður því í huga að eins má líta á þetta sem óafturkræft framlag til félagsins."

Á skiptafundi, sem haldinn var í búinu 18. febrúar 1987, mætti áfrýjandi og áskildi sér rétt til greinargerðar. Á næsta skiptafundi hinn 25. mars 1987 mætti lögmaður fyrir hönd áfrýjanda og lagði fram greinargerð ásamt fylgibréfi. Er síðan bókað: „Skiptaráðandi sér ekki ástæðu til að samþykkja kröfu nr. 13 sem forgangskröfu að svo stöddu. Árni Halldórsson hrl. krefst úrskurðar og áskilur sér rétt til frekari greinargerðar."

Mál þetta var síðan tekið fyrir í skiptarétti Suður-Múlasýslu 29. maí 1987 af Helgu Jónu Benediktsdóttur fulltrúa, og voru þá af hálfu áfrýjanda lögð fram 4 skjöl, þ.e. greinargerð, málskostnaðarreikningur og tvær ábyrgðaryfirlýsingar vegna starfa áfrýjanda sem byggingarstjóra og meistara í tengslum við starf hans sem framkvæmdastjóra Austurverks hf. Var síðan bókuð krafa áfrýjanda, en lögmaður hans var mættur í réttinum. Að þessu loknu var málið tekið til úrskurðar og samstundis kveðinn upp hinn áfrýjaði úrskurður, svohljóðandi:

„Úrskurður:

Í 1. tl. 84. gr. skiptalaga nr. 3/1878 kemur fram, að ef launakrafa eigi að teljast forgangskrafa í þrotabú, verði vinna að hafa verið innt af hendi í þjónustu þrotamanns. Hér er hins vegar um að ræða kröfu framkvæmdastjóra og vegna þeirrar stöðu hans í viðkomandi fyrirtæki er ekki hægt að telja að störf

hans hafi beinlínis verið í þágu þess, heldur fremur í hans eigin þágu. Skilyrði til að taka umræddа launakröfu til greina eru því ekki fyrir hendi. Krafa um vexti og krafa um málskostnað verða heldur ekki teknar til greina.

Úrskurðurinn er án frekari forsendna.

Úrskurðarorð:

Krafa Þorkels Sigurbjörnssonar um, að launakrafa hans verði viðurkennd sem forgangskrafa í þrotabú Austurverks hf., er ekki tekin til greina."

II.

Í kröfulýsingu áfrýjanda kemur glöggt fram, að hann telur kröfu sína vera forgangskröfu vegna ógreiddra vinnulauna, orlofs o.fl. Bar að geta þessa á skrá yfir lýstar kröfur, sbr. 1. mgr. 108. gr. gjaldþrotalaga. Það var ekki gert. Af því leiddi, að eigi liggur fyrir viðhorf annarra kröfuhafa í þrotabúinu til umræddrar kröfu áfrýjanda, sbr. 1. mgr. 110. gr. gjaldþrotalaga.

Er áfrýjandi andmælti áliti skiptaráðanda, var óhjákvæmilegt, að réttmæti kröfu hans yrði kannað og þá meðal annars forsendur og efni þess viðskiptayfirlits, sem hann lagði fram, ásamt starfskjörum hans hjá Austurverki hf.

Vegna þeirra annmarka á málsmeðferð, sem nú hefur verið lýst, verður ekki hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð og meðferð málsins frá og með þinghaldi 29. maí 1987 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Það athugast, að í forsendum hins áfrýjaða úrskurðar er hvorki getið sóknaraðila né kröfugerðar hans.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður og málsmeðferð frá og með 29. maí 1987 skulu vera ómerk, og er málinu vísað heim til nýrrar meðferðar.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Suður-Múlasýslu 29. maí 1987.

Í 1. tl. 84. gr. skiptalaga nr. 3/1878 kemur fram, að ef launakrafa eigi að teljast forgangskrafa í þrotabú, verði vinna að hafa verið innt af hendi í þjónustu þrotamanns. Hér er hins vegar um að ræða kröfu framkvæmdastjóra, og vegna þeirrar stöðu hans í viðkomandi fyrirtæki er ekki hægt að telja, að störf hans hafi beinlínis verið í þágu þess, heldur fremur í hans eigin þágu. Skilyrði til að taka umrædda launakröfu til greina eru því ekki fyrir hendi. Krafa um vexti og krafa um málskostnað verða heldur ekki teknar til greina.

Úrskurðurinn er án frekari forsendna.

Úrskurðarorð:

Krafa Þorkels Sigurbjörnssonar um, að launakrafa hans verði viðurkennd sem forgangskrafa í þrotabúi Austurverks h/f, er ekki tekin til greina.

Fimmtudaginn 28. júní 1990.

Nr. 172/1990. **Bergsveinn Jóhannsson**
gegn
Arnardal sf.

Fjárnámsgerð felld úr gildi. Skriflega flutt mál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. apríl 1990 að fengnu áfrýjunarleyfi 5. apríl 1990 samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973.

Áfrýjað er fjárnámsgerð, sem fram fór í fógetarétti Hafnarfjarðar 23. nóvember 1989, og framhaldsfjárnámsgerð, sem fram fór í fógetarétti Reykjavíkur 27. nóvember 1989, í fasteigninni Skólavörðustíg 20 A í Reykjavík.

Áfrýjandi krefst þess, að hinar áfrýjuðu fjárnámsgerðir verði úr gildi felldar og honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda fyrir Hæstarétti, er beri sömu vexti og gjaldfallnar peningakröfur frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags samkvæmt ákvæðum III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Stefndi hefur fallist á kröfur áfrýjanda um ómerkingu fjárnámsgerðanna og málskostnað, en krefst úrlausnar Hæstaréttar um fjárhæð málskostnaðar.

Samkvæmt þessu ber að fella hinar áfrýjuðu fjárnámsgerðir úr gildi. Rétt þykir, að stefndi greiði áfrýjanda 25.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti. Dráttarvextir af málskostnaði verða ekki dæmdir.

Dómsorð:

Hinar áfrýjuðu fjárnámsgerðir eru úr gildi felldar.

Stefndi, Arnardalur sf., greiði áfrýjanda, Bergsveini Jóhannssyni, 25.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 28. júní 1990.

Nr. 178/1990. **Hörður hf.**

gegn

Vátryggingafélagi Íslands hf.,
Iðnþróunarsjóði,
Iðnlánasjóði,
Íslandsbanka hf.,
Lífeyrissjóði verkalýðsfélaganna á Suðurnesjum,
Olíuverslun Íslands hf.,
Aco hf., umboðs- og heildverslun,
fjármálaráðherra fh. ríkissjóðs,
þrotabúi Hauks og Ólafs hf.,
Rafveri hf. og
Gjaldheimtu Suðurnesja.

Frestur.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. apríl 1990. Byggir hann á áfrýjunarleyfi 8. janúar 1990 samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Í áfrýjunarstefnu kveður áfrýjandi málinu hafa verið áfrýjað með stefnu 5. febrúar 1990 sem máli nr. 52/1990, en það mál var ekki þingfest.

Er mál þetta var þingfest 2. júní 1990, fór áfrýjandi fram á frest til reglulegs þingdags í októbermánuði 1990 til gagnaöflunar og ágripsgerðar.

Af hálfu stefndu Íslandsbanka hf. og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs var þess krafist, að málinu yrði þegar vísað frá Hæstarétti, en til vara, að áfrýjanda yrði synjað um langan frest til ágripsgerðar. Einnig kröfðust þeir málskostnaðar.

Af hálfu stefndu Iðnþróunarsjóðs og Iðnlánasjóðs var tekið undir varakröfu ofangreindra stefndu.

Ekki verður að svo stöddu fjallað um framkomna frávísunarkröfu.

Rétt er að fresta málinu til næsta reglulegs þingdags.

Málskostnaður fellur niður í þessum þætti málsins.

Á l y k t a r o r ð:

Máli þessu er frestað til 1. október 1990.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 29. júní 1990.

Nr. 407/1989. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Kristófer Þorleifssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Framhaldsrannsókn. Opinbert mál.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari og Arnljótur Björnsson prófessor.

Sakarefni máls þessa lýtur að reikningsgerð ákærða fyrir læknisþjónustu og færslu í sjúkraskrá. Reikningar þeir, sem um ræðir, eru ritaðir á þar til gerð eyðublöð. Hefur sýnishorn þeirra verið lagt fyrir Hæstarétt. Um er að ræða þrjú blöð fest saman, hið fremsta er grænt og nefnist „reikningur - eintak samlags", í miðju er hvítt blað, nefnt „samskiptaseðill" og aftast bleikt blað, nefnt „reikningur - afrit læknis". Reikningseyðublöðin eru samhljóða og þar tilgreind gjaldskrárnúmer, sem merkja skal við og rita verð læknisþjónustunnar. Hins vegar er gert ráð fyrir, að á samskiptaseðilinn séu skráðar fyllri upplýsingar um sjúklinginn, tilefni komu hans, úrlausnir o.fl.

Fyrir Hæstarétt hafa ennfremur verið lagðar vinnuskýrslur frá skoðun á vegum ríkisendurskoðunar, er fram fór í nóvember 1987 í heilsugæslustöðinni í Ólafsvík. Læknir frá Tryggingastofnun ríkisins tók þátt í skoðun þessari. Vinnuskýrslur þessar eru um samanburð á tilteknum reikningum ákærða frá janúar og september 1987 við sjúkraskrár. Í I. kafla ákæru er stuðst við skýrslu ríkisendurskoðunar um þessa skoðun.

Við lögreglurannsókn málsins voru reikningar þeir, sem II. kafli ákæru tekur til, bornir saman við sjúkraskrár í heilsugæslustöðvunum í Ólafsvík og á Hellissandi. Þessi rannsókn fór fram 11. febrúar 1988. Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 20. febrúar 1988 var ákærði spurður um „afrit af samskiptaseðlum, þar sem tilefni komu kemur fram, lýsing á greiningu og úrvinnsla", og hvar

þeir væru geymdir. Ákærði kvað þá geymda í heilsugæslustöðinni í Ólafsvík og tók sérstaklega fram, að „hviti hluti samskiptaseðilsins“ væri það frumgagn, sem sjúkraskrár væru færðar eftir.

Við flutning máls þessa fyrir Hæstarétti var fullyrt af hálfu ákæruvalds, að þessir samskiptaseðlar hefðu ekki fundist. Af gögnum máls verður hins vegar ekki ráðið, að kannað hafi verið, hvort seðlar þessir væru til, svo að unnt væri að bera þá saman við reikninga ákærða og sjúkraskrár, en á þá kunna að vera ritaðar fyllri upplýsingar en þar koma fram.

Áður en dómur verður lagður á mál þetta í Hæstarétti, þykir samkvæmt 184. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála nauðsynlegt að ákveða svofellda framhaldsrannsókn í máli þessu:

1) Að kanna, hvort framangreindir samskiptaseðlar séu tiltækir. Sé svo, ber að gefa ákærða kost á að fara yfir þá og tjá sig um, hvort þar séu skráðar upplýsingar, er hann telur geta verið til skýringa á reikningsgerð sinni og misræmi reiknings og sjúkraskrár.

2) Finnist samskiptaseðlarnir ekki, ber að leita skýringa á því og færa fram gögn um vörslu þeirra.

3) Að rannsaka annað, sem framhaldsprófun veitir efni til.

Úrskurðarorð:

Framhaldsrannsókn skal fara fram samkvæmt framanskráðu.

Þriðjudaginn 7. ágúst 1990.

Nr. 267/1990. **Ellert Guðmundsson**
gegn
Kaupfélagi Árnesinga og
Andrési Valdimarssyni,
skiptaráðanda í Árnessýslu,
f.h. þrotabús Ellerts Guðmundssonar.

Kærumál. Dómarar. Frávísun frá Hæstarétti að hluta.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 1. tl. a og 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 1. júní 1990, sem barst Hæstarétti 6. júlí 1990 með bréfi sýslumannsins í Árnessýslu, dagsettu 21. júní 1990. Sóknaraðili fékk fyrst vitneskju um uppsögu hins kærða úrskurðar 19. maí 1990, og er kæran því fram komin innan lögmælts kærufrests.

Dómkröfur sóknaraðila eru þessar:

„að Sigurður Sigurjónsson víki dómarasæti í nefndu máli og að allt, er hann hefur aðhafst í því frá 16. okt. 1989, verði dæmt ómerkt, það er gjaldþrotaúrskurður frá 15. febr. 1990,

að innheimtu- og gjaldþrotaskiptamálinu verði vísað frá dómi vegna rangrar stefnu- og kröfugerðar,

að mér verði tildæmdar hæfilegar miskabætur vegna óþæginda af málinu,

að mér verði tildæmdur hæfilegur kærumálskostnaður".

Lögmaður varnaraðila Kaupfélags Árnesinga hefur sent Hæstarétti greinargerð, sem er dagsett 20. júlí 1990. Greinargerðin hefur ekki að geyma beina kröfugerð, en í lok hennar segir m.a.: „...vér gerum engar athugasemdir við ofangreinda úrskurði og teljum málið allt hafa fengið rétta og löglega meðferð bæði í fógeta- og skiptarétti Árnessýslu".

Í kæru og greinargerð til Hæstaréttar rekur sóknaraðili viðskipti sín við varnaraðilann Kaupfélag Árnesinga, sem leiddu til þess að lokum, að bú hans var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði 15.

febrúar sl. Þá lýsir sóknaraðili samskiptum sínum við sýslumanninn í Árnessýslu og fulltrúa hans. Segir sóknaraðili, að kæru sinni í október 1989 út af dómarastörfum hafi ekki verið sinnt. Megi fulltrúi sýslumanns, sem í kæru þessari hafi verið talinn brjóta gegn starfsskyldum sínum, ekki fara með mál sóknaraðila, meðan kæran sé óafgreidd. Þá segir sóknaraðili, að kröfum sínum um framlagningu gagna hafi ekki verið sinnt og bókanir verið ófullnægjandi.

Sem fyrr getur, krefst sóknaraðili þess, að felldur verði úr gildi í kærumáli þessu úrskurður sá um gjaldþrotaskipti, sem fyrr er um getið og kveðinn var upp í skiptarétti Árnessýslu 15. febrúar 1990. Um þessa kröfu verður ekki fjallað í kærumálinu, þar sem sá úrskurður sætir áfrýjun, en ekki kæru eftir 21. gr. 1. mgr. 2. tl. a í lögum nr. 75/1973. Verður þessari kröfu sóknaraðila því vísað frá Hæstarétti.

Þá setur sóknaraðili fram miskabótakröfu í kæru sinni, en lagaheimild er ekki til að fjalla um hana í kærumáli þessu. Verður henni því vísað frá Hæstarétti.

Að því er varðar kröfu sóknaraðila um, að Sigurði Sigurjónssyni, fulltrúa sýslumanns, verði gert skylt að víkja sæti, skal tekið fram, að Sigurður er eini dómarinn, sem fjallað hefur um gjaldþrotamál sóknaraðila. Af skjölum, sem fyrir Hæstarétt hafa verið lögð, er ljóst, að sóknaraðili hefur viljað koma að sönnunargögnum um viðskipti sín og Kaupfélags Árnesinga. Ágreiningur sóknaraðila og kaupfélagsins um skuldaskipti hafði verið til meðferðar bæði á aukadómþingi og í fógetarétti. Þegar krafan um gjaldþrotaskipti var tekin fyrir í skiptarétti 16. október 1989, kvaðst sóknaraðili eiga vörur og efni að verðmæti 11.000.000 króna, en efnið og vörurnar væru í geymslu á tilteknum stað. Dómarafulltrúinn tók eftir þetta afstöðu til kröfunnar um gjaldþrotaskipti, svo sem honum bar að gera. Ekki er fram komið, að meðferð hans á máli sóknaraðila hafi verið andstæð lögum eða að hann hafi átt að víkja sæti, þar sem hætta hafi verið á því, að hann fengi ekki litið óhlutdrægt á málavöxtu, sbr. 36. gr. 7. tl. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Ekki er upplýst, hverja meðferð kæra sóknaraðila í október 1989 hlaut, en það atriði breytir ekki niðurstöðu máls þessa.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Varnaraðilar krefjast ekki kærumálskostnaðar.
Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Framangreindum kröfum er vísað frá Hæstarétti. Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður skiptaréttar Árnessýslu 3. maí 1990.

I.

Við fyrirtöku máls þessa í skiptarétti þann 2. apríl 1990 var þess krafist af hálfu skiptaþola, að fulltrúi hins reglulega skiptaráðanda viki sæti, og var sú krafa tekin til úrskurðar sama dag.

II.

Þann 10. júlí 1989 var móttekin í skiptarétti Árnessýslu beiðni Ævars Guðmundssonar héraðsdómslögmanns fyrir hönd Kaupfélags Árnesinga um gjaldþrotaskipti á búi Ellerts Guðmundssonar, kt. 010627-7969. Gjaldþrotaskiptabeiðnin var grundvölluð á endurriti árangurslausrar aðfarargerðar, sem fram fór hjá skiptaþola í fógetarétti Árnessýslu fimmtudaginn 8. júní 1989.

Þann 9. október 1989 var gjaldþrotaskiptastefna á hendur skiptaþola birt fyrir honum sjálfum á heimili hans.

Mánudaginn 16. október 1989 var skiptaréttarmálið tekið fyrir í skiptarétti Árnessýslu. Af hálfu skiptabeiðanda mætti í réttinum Ævar Guðmundsson héraðsdómslögmaður; einnig var skiptaþoli sjálfur mættur. Í réttarhaldinu kvaðst skiptaþoli ekki þurfa neinn frest vegna framkominnar gjaldþrotaskiptabeiðni, og að kröfu lögmanns skiptabeiðanda var gjaldþrotaskiptabeiðnin því tekin til úrskurðar. Með bréfi, dags. 6. febrúar 1990, var skiptaþola tilkynnt um, að þess væri að vænta, að kveðinn yrði upp úrskurður um töku bús hans til gjaldþrotaskipta án frekari fyrirvara.

Með úrskurði skiptaréttar Árnessýslu, uppkveðnum þann 15. febrúar 1990, var bú skiptaþola tekið til gjaldþrotaskipta. Með ábyrgðarbréfi, dags. 14. mars 1990, var skiptaþoli kvaddur til að mæta í skiptarétti Árnessýslu miðvikudaginn 21. mars 1990 til þess að gefa skýrslu um eignir og skuldir búsins og afhenda um leið bókhaldsgögn þess. Að beiðni skiptaþola var fyrirhugaðri skýrslutöku frestað til mánudagsins 2. apríl 1990, en þann dag mætti hann í skiptaréttinum og krafðist þess, að bókað yrði eftir honum það, er hann hefði fram að færa varðandi framgang málsins. Af því tilefni var eftirfarandi bókað eftir skiptaþola: „Í framhaldi af því sem skeði 16. október 1989, þar sem ég fékk neitun á að fá bókað það sem ég hafði fram að færa í réttinum og í fram-

haldi af því óskaði ég þá eftir því að dómari viki dómarasæti á grundvelli þess að ekki fékkst bókað, og einnig sé ég á gögnum málsins að ekki voru bókuð orð sækjanda málsins í umrætt skipti sem hefðu verið sönnunargagn fyrir því að innheimtukrafa hans var röng frá byrjun. Því endurtek ég ósk mína um að Sigurður Sigurjónsson víki úr dómarasæti í þessu máli eins og áður var farið fram á að allt það er hann hefur aðhafst í því máli síðan verði dæmt ómerkt, að minnsta kosti þar til Hæstiréttur hefur fjallað um kæru á hendur embættinu sem sýnd var í hæstarétti 20. október 1989 og lögð fram í sýslumannsembættinu á Selfossi 23. október 1989."

III.

Skiptaþoli lætur þess ógetið, við hvaða lagaheimild hann styður kröfu sína um, að dómarafulltrúinn víki sæti. Telja verður, að hann byggi hér á niðurlagi 7. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936. Fullyrðingar skiptaþola í þinghaldi þann 2. apríl sl. um, að honum hafi verið meinað á fyrri stigum málsins að koma sínum sjónarmiðum á framfæri varðandi fram komna gjaldþrotaskiptabeiðni, eiga ekki við rök að styðjast.

Ekki er dómara kunnugt um, að nein þau atvik séu til staðar, sem leitt gætu til vanhæfis hans til að fjalla um málið. Krafa skiptaþola um, að dómarinn víki úr dómarasæti, hefur ekki við nein rök að styðjast. Er dómaranum hvorki rétt né skylt að víkja sæti.

Sigurður Sigurjónsson dómarafulltrúi kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Framangreind krafa skiptaþola, Ellerts Guðmundssonar, er eigi tekin til greina.

Fimmtudaginn 9. ágúst 1990.

Nr. 282/1990. **Hilmar Þ. Sigurþórsson**
vegna Útihurða
gegn
Braga Finnbogasyni.

Kærumál. Matsmenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur með heimild í 21. gr. 1. mgr. 1. tölulið d í lögum nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands skotið til dómsins úrskurði, sem kveðinn var upp á bæjarþingi Hafnarfjarðar 5. júní sl. Fékk sóknaraðili vitneskju um úrskurðinn 18. júní. Kært var 25. sama mánaðar. Greinargerð varnaraðila barst héraðsdómara 12. júlí. Kærugögn bárust Hæstarétti 20. júlí.

Sóknaraðili krefst þess, að synjað verði beiðni varnaraðila um dómkvaðningu með þeim hætti, sem síðar verður lýst. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Hinn kærði úrskurður er þannig:

„Málavextir eru þeir, að matsbeiðandi hefur óskað eftir að Sveinn Karlsson byggingartæknifræðingur, Bæjarhrauni 2, Hafnarfirði, verði dómkvaddur til að meta ofangreinda smíði.

Matsþoli hefur mótmælt því að Sveinn verði dómkvaddur til verksins.

Matsbeiðandi kveður ósk sína reista á því að Sveinn Karlsson hafi áður metið meinta galla á smíði matsþola og skilað matsgerð.

Þau mistök hafi hins vegar verið gerð í því matsmáli að matsþoli var talinn Útihurðir h.f. Sú lögpersóna sé ekki til, heldur sé firmað Útihurðir einkafirma Hilmars Þ. Sigurþórssonar, Smyrlahrauni 28, Hafnarfirði.

Í þinghaldi 29. maí var eftirfarandi bókað eftir lögmönnum aðila: „Lögmaður matsþola mótmælir dómkvaðningu Sveins Karlssonar þar sem hann sé vilhallur og teljist ekki hæfur vegna fyrri matsgerðar. Þar komi fram mótuð afstaða sem sæti ágreiningi.

Lögmaður matsbeiðanda telur tilnefndan matsmann bæði hæfan og óvilhallan þrátt fyrir þetta. Matsþoli eigi þess nú kost að gæta hagsmuna sinna á matsfundi þannig að matsmaðurinn komist að annarri niðurstöðu ef athugasemdir matsþola reynast réttmætar. Lögmaður matsbeiðanda vísar til dóms Hæstaréttar frá 1982, bls. 247."

Í þessu sama þinghaldi var málið tekið til úrskurðar.

Samkvæmt 2. mgr. 190. gr. er úrskurður þessi án forsendna.

Úrskurðarorð:

Krafa matsbeiðanda er tekin til greina."

Í athugasemdum, sem Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari hefur sent Hæstarétti, segir:

„Málavextir eru þeir að með matsbeiðni dags. 15. maí 1990 óskaði matsbeiðandi eftir því að ákveðinn matsmaður, Sveinn Karlsson byggingatæknifræðingur, Bæjarhrauni 2, Hafnarfirði, yrði dómkvaddur til að meta smíði fyrirtækisins Útihurða á glugga að Hlíðarbraut 1, Hafnarfirði.

Kröfu sína um að Sveinn Karlsson yrði dómkvaddur byggði matsbeiðandi á því að Sveinn hafði áður metið ofangreinda smíði og skilað matsgerð í því matsmáli.

Var Sveinn dómkvaddur í fyrra málinu þann 2. október 1989 og er matsgerð hans dags. 9. nóvember 1989.

Matsbeiðandi kveður þau mistök hafa verið gerð í því máli að matsþoli var talinn hlutafélagið Útihurðir h.f. Sú lögpersóna sé hins vegar ekki til heldur sé firmað Útihurðir einkafirma Hilmars Þ. Sigurþórssonar, kt. 051144-4149, Smyrlahrauni 28, Hafnarfirði.

Þessi misskilningur, að telja matsþola vera hlutafélag, hafi reyndar komið til vegna stefnu lögmanns matsþola, Valgeirs Kristinssonar hrl., á hendur matsbeiðanda vegna viðskipta aðila út af ofangreindri smíði. Það mál hafi verið sótt af Útihurðum h.f.

Í fyrra matsmálinu hafi enginn mætt af hálfu matsþola, þrátt fyrir löglega boðun, hvorki við dómkvaðningu né á matsfund.

Matsbeiðanda sé því nauðsyn að fá dómkvaddan matsmann á ný og telur hann tilnefndan matsmann bæði hæfan og óvilhallan. Matsþoli eigi þess nú kost að gæta hagsmuna sinna á matsfundi.

Af hálfu matsþola var því haldið fram að Sveinn Karlsson teljist

vilhallur og ekki hæfur vegna fyrri matsgerðar. Þar hafi komið fram mótuð afstaða sem sæti ágreiningi.

Matsgerð er sönnunargagn í dómsmáli. Til að framkvæma mat og skoðun eru að jafnaði kvaddir til fagmenn og sérfræðingar, hver á sínu sviði. Matsmenn leggja mat á ákveðin efnisatriði út frá sinni faglegu þekkingu, allt eftir óskum matsbeiðanda, en án tillits til ágreinings aðila að öðru leyti. Matsmenn fella því ekki úrskurði um ágreiningsefni, sem upp kunna að koma heldur er það matsdómari sem sker þá úr.

Þykir því ekki skipta máli, eins og hér stendur á, að matsmaðurinn Sveinn Karlsson hafi tjáð sig á faglegan hátt um matsefnið og látið frá sér skriflegt og rökstutt álit. Matsþoli á þess nú kost að gæta hagsmuna sinna á matsfundi og koma að athugasemdum sínum.

Þykir Sveinn Karlsson, sem uppfyllir öll skilyrði 139. gr. laga nr. 85/1936, því ekki vanhæfur vegna fyrri afskipta af málinu, en hagkvæmnisrök mæla einnig með því að taka kröfu matsbeiðanda til greina."

Aðilar máls þessa deila um gluggasmíði. Sveinn Karlsson byggingartæknifræðingur var dómkvaddur á bæjarþingi Hafnarfjarðar 2. október 1989 til að „skoða og meta smíði Útihurða h.f. á glugga í vesturgafli viðbyggingar að Hlíðarbraut 1, Hafnarfirði". Matsgerð Sveins er dagsett 9. nóvember 1989. Kemur þar m.a. fram, að hagsmuna sóknaraðila var ekki gætt á matsfundi. Segir í hinni síðari matsbeiðni frá 15. maí sl., að matsþoli eigi þess nú kost að koma að sjónarmiðum sínum. Aðalástæða þessarar beiðni sýnist þó vera sú, að fyrirtækið Útihurðir var áður talið rekið af hlutafélagi, en er nú sagt einkafyrirtæki sóknaraðila.

Í matsbeiðninni 15. maí 1990 segir ekki, að þess sé beiðst, að Sveinn Karlsson verði dómkvaddur til að framkvæma hið umbeðna mat. Hins vegar kom beiðni þess efnis fram á bæjarþingi 29. maí. Lá því fyrir héraðsdómara að taka afstöðu til þess, hvort dómkveðja ætti Svein.

Samkvæmt íslenskum réttarfarsreglum er heimilt að fá menn dómkvadda til að endurmeta það, sem þeir sjálfir hafa áður metið, ef matsþolar hafa ekki gætt hagsmuna sinna hið fyrra sinn, samanber dóm Hæstaréttar 1982, 247. Var héraðsdómara því rétt að verða

við síðari matsbeiðni varnaraðila. Koma niðurstöður matsins síðar til álita við efnismeðferð málsins, og getur sóknaraðili þá borið á þær brigður með þeim rökum, sem hann kýs.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn kærða úrskurð. Ekki eru efni til að dæma kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur. Kærumálskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 7. september 1990.

Nr. 318/1990. **Bræðurnir Bjartmarz hf.**

gegn

Borghildi Emilsdóttur.

Kærumál. Áskorunarmál. Frávísun frá héraðsdómi

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Ragnheiður Bragadóttir, fulltrúi yfirborgardómara, framkvæmdi hina kærðu dómsathöfn.

Sóknaraðili, sem fékk vitneskju um hina kærðu dómsathöfn 31. júlí 1990, skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 13. ágúst samkvæmt heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Félagið krefst þess, að ákvörðun héraðsdómara um að vísa málinu frá dómi verði felld úr gildi og lagt verði fyrir héraðsdómara að taka málið til efnisúrlausnar. Þá er og krafist kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hinnar kærðu dómsathafnar. Jafnframt krefst hann þess, að sóknaraðili verði dæmdur til að greiða sér kærumálskostnað.

Sóknaraðili höfðaði mál þetta sem áskorunarmál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu birtri 20. júní 1990 til „greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 34.644,- með dráttarvöxtum...“

Í stefnunni er gerð nánari grein fyrir grundvelli kröfunnar þannig: „Fyrir skuldinni eru kvittaðar nótur fyrir vöruúttektum stefndu í verslun stefnanda í marsmánuði 1990, samtals fyrir kr. 31.899,- og í aprílmánuði 1990, samtals fyrir kr. 2.765, og reikningar, dags. 01.04.1990 og 01.05.1990, fyrir sömu fjárhæðum.

Innheimtubréf hefur verið sent vegna skuldar þessarar, en því hefur ekki verið sinnt og er því málsókn þessi óhjákvæmileg. Stefnandi máls þessa byggir kröfur sínar á viðskiptum aðilanna og þeirri skyldu stefnda að greiða andvirði hinnar keyptu vöru. Um lagarök vísast til almennra reglna kröfuréttarins um efndir samninga.“

Þá segir svo í áskorunarstefnunni: „Mál þetta er rekið sem

áskorunarmál að hætti XVII. og XX. kafla laga nr. 85/1936 sbr. lög nr. 54/1988.“

Ekki var sótt þing í héraði af hálfu varnaraðila.

Héraðsdómari vísaði málinu frá dómi með svofelldri áritun: „Stefnandi kveður stefnukröfur máls þessa byggjast á kvittuðum nótum vegna vöruúttekta stefndu í verslun stefnanda í mars- og aprílmánuðum 1990 og reikningum dags. 01.04. og 01.05. 1990.

Stefnandi kveður mál þetta rekið sem áskorunarmál að hætti XVII. og XX. kafla l. nr. 85/1936, sbr. l. nr. 54/1988.

Með vísan til 207. gr. l. nr. 85/1936 þykir bresta heimild til, að reka mál þetta skv. ákvæðum 17. kafla s.l., og þykir því eigi hjá því komist, að vísa máli þessu frá dómi ex officio. Málskostnaður dæmist ekki.“

Staðfesta ber þessa niðurstöðu héraðsdómara.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hin kærða frávísunaráritun er staðfest. Kærumálskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 17. september 1990.

Nr. 328/1990. **Ákæruvaldið**

gegn

Rósu Dröfn Sigurðardóttur.

Kærumál. Gæsluvarðhald. Vistun skv. læknisráði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 7. september 1990 og krefst þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

I.

Hinn 6. september 1990 var tekin fyrir í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var af Júlíusi B. Georgssyni aðalfulltrúa, krafa réttargæslumanns varnaraðila um, að hún yrði leyst úr gæsluvarðhaldi. Krafan var á því reist, að varnaraðili væri þunguð, og henni til stuðnings vísað til 4. töluliðar 69. gr. laga nr. 74/1974. Fulltrúi ríkissaksóknara kvaðst ekki hreyfa andmælum við kröfunni með vísan til þeirra gagna, er fyrir lægju, en þau voru, auk kröfugerðar, bréf sakadóms til Fangelsismálastofnunar ríkisins og svar hennar, vottorð um þungunarpróf og endurrit gæsluvarðhaldsúrskurðar frá 31. maí 1990. Með vísan til þessa ákvað dómarinn, að varnaraðili skyldi látin laus úr gæsluvarðhaldi. Dómþingi var síðan slitið kl. 11.17.

Sakadómur var strax settur á ný og tekin fyrir krafa ákæruvaldsins um, að varnaraðili yrði „úrskurðuð til geymslu skv. heimild í 4. tl. 69. gr. laga nr. 74, 1974". Fulltrúi ríkissaksóknara krafðist þess nú, að varnaraðila yrði gert að sæta „geymslu skv. læknisráði á spítala eða öðrum viðeigandi stað, með þeim hætti að heilsu hennar sé borgið", allt til þess, er lokadómur gengi í máli hennar. Engin ný gögn voru lögð fram. Af hálfu varnaraðila var kröfunni

andmælt og krafist frávísunar vegna vanreifunar. Af hálfu ákæruvalds var því lýst yfir, að gögn til stuðnings kröfunni lægju fyrir „í formi fyrrverandi gæsluvarðhaldsúrskurðar og þeirra gagna sem lögð voru fram í málinu í dag". Dómarinn tók sér nú ákvörðunarfrest og lét þess jafnframt getið, að varnaraðili væri frjáls ferða sinna. Dómþingi var síðan slitið kl. 11.35.

Að morgni næsta dags kom Sigurður Árnason fangelsislæknir fyrir sakadóm og lýsti aðstæðum í fangelsinu að Kópavogsbraut 17 í Kópavogi. Síðan var bókað: „Vitnið tekur fram af gefnu tilefni, að svör þess séu almenn, en eigi ekki við um varnaraðila sérstaklega. Hann geti þó upplýst, að hann hafi ekki skoðað varnaraðila sérstaklega vegna þungunar hennar. Eðli málsins samkvæmt yrði að rannsaka ástand varnaraðila af sérfræðingi í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp."

Frekari gagna var ekki aflað, áður en hinn kærði úrskurður var kveðinn upp.

Gögn málsins bárust Hæstarétti 10. september. Nokkur ný gögn hafa síðan verið lögð fram, þar á meðal vottorð Þórðar Óskarssonar, sérfræðings á kvennadeild Landspítalans, 12. september, er staðfestir þungun varnaraðila.

II.

Eftir að sakadómur hafði tekið ákvörðun um, að varnaraðili yrði látinn laus úr gæsluvarðhaldi því, er hún hafði sætt samkvæmt úrskurði dómsins frá 31. maí 1990, gat eigi orðið um frekara gæsluvarðhald að ræða samkvæmt þeim úrskurði.

Krafa ákæruvalds í máli þessu er ósamrýmanleg því, að eigi var af þess hálfu hreyft andmælum við kröfu varnaraðila um, að hún yrði látin laus.

Eftir að krafa varnaraðila kom fram, var ákæruvaldinu rétt að krefjast þess strax, að gæsluvist varnaraðila færi samkvæmt ákvæði 4. töluliðar 69. gr. laga nr. 74/1974, og fá frest til öflunar gagna, þar á meðal ráðs sérfræðings í kvenlækningum um heilsufar og vistun varnaraðila. Þetta var ekki gert, og hefur álitsgerðar í þessu efni enn ekki verið aflað.

Við svo búið verður ekki hjá því komist að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Eftir þessum úrslitum verður skipuðum réttargæslumanni varnaraðila dæmd þóknun úr ríkissjóði, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Þóknun skipaðs réttargæslumanns varnaraðila, Kristjáns Stefánssonar héraðsdómslögmanns, 10.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Föstudaginn 21. september 1990.

Nr. 190/1990. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Guðmundi Inga Hildissyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Fyrning sakar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari áfrýjaði héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 4. apríl 1990. Hann krefst „staðfestingar hins áfrýjaða dóms að því er varðar sakfellingu samkvæmt ákæru en að fyrning á sök verði hafnað og að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 3. mgr. i.f. 102. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, sbr. áður 3. mgr. 81. gr. eldri umferðarlaga nr. 40, 1968, til viðbótar þeirri sviptingu sem ákærði hefur þegar sætt vegna þessa brots 20. júlí 1988 til uppkvaðningar héraðsdóms þann 19. febrúar 1990, þannig að samanlagður sviptingartími verði a.m.k. þrjú ár. Þá er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar í héraði og alls áfrýjunarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs".

Verjandi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun.

Atvik það, sem mál þetta snýst um, gerðist 29. janúar 1987. Lögregluskýrsla, varðstjóraskýrsla og blóðtökubeiðni bera þessa dagsetningu. Fram hefur verið lögð ódagsett ákvörðun löglærðs fulltrúa lögreglustjórans í Keflavík um, að ákærði sé sviptur ökuleyfi til bráðabirgða vegna ætlaðs brots á 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Ákvörðun þessi var birt ákærða 20. júlí 1988. Rannsóknarlögreglumenn tóku skýrslur af fjórum lögreglumönnum í ágúst og september það ár, og í sakadómi Keflavíkur var bókað 3. október 1988, að dómarinn hefði ákveðið að rannsaka mál þetta fyrir dómi. Tekið er fram í bókuninni, að ákærði sé líklega í Banda-

ríkjunum og ekki væntanlegur til landsins fyrr en 1989. Þrír lögreglumenn gáfu skýrslur þennan dag. Næst var málið tekið fyrir í sakadómi 22. febrúar 1989, og kom ákærði þá fyrir dóm í fyrsta skipti út af atvikinu 29. janúar 1987. Ákæra var gefin út 21. mars 1989 og birt ákærða, þegar hann kom fyrir sakadóm 7. júní það ár.

Eins og ráða má af framanskráðu, liðu 2 ár og 3 vikur frá ætluðu broti, þar til ákærði kom fyrir dóm. Refsing hans myndi, ef til sakfellingar kæmi eftir ákæru, ekki fara fram úr sektum. Fyrnist sökin því á tveimur árum frá 29. janúar 1987 samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 5. gr. laga nr. 20/1981. Verður þá úr því að skera, hvort einhver þeirra atvika, sem fyrr er lýst, hafi rofið fyrninguna, en um það fer eftir 4. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 6. gr. laga nr. 20/1981.

Löglærður fulltrúi lögreglustjórans í Keflavík tók ákvörðun um að svipta ákærða ökuleyfi til bráðabirgða, en ekki verður séð, að það hafi verið upphaf rannsóknar í málinu, og rauf það því ekki fyrningu. Þegar rannsókn hófst fyrir sakadómi 3. október 1988, var ákærði fjarverandi, og verður ekki talið nægilega sannað, að hann hafi komið sér undan rannsókn, sbr. 5. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga. Vitni gáfu skýrslu fyrir dómi þennan dag, en telja verður, að það hafi ekki rofið fyrningu, eins og á stóð, sbr. hæstaréttardóm 21. febrúar 1986 í máli nr. 227/1985 (bls. 397 í dómasafni þess árs). Sökin var því fyrnd 22. febrúar 1989, þegar ákærði kom fyrir dóm út af atvikinu 29. janúar 1987. Eftir 6. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga ber að sýkna ákærða og staðfesta niðurstöðu héraðsdóms. Greiða ber áfrýjunarkostnað úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun, svo sem segir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Allur áfrýjunarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Keflavíkur 19. febrúar 1990.

Ár 1990, mánudaginn 19. febrúar, er í sakadómi Keflavíkur, sem haldinn er í skrifstofu dómsins Vatnsnesvegi 33, Keflavík, kveðinn upp dómur í máli nr. 90.0356: Ákæruvaldið gegn Guðmundi Inga Hildissyni, sem var þingfest og tekið til dóms sama dag.

I.

Málið er höfðað með ákæru, dags. 21. mars 1989, á hendur Guðmundi Inga Hildissyni, Heiðarhvammi 9, Keflavík, kt. 200348-3119, „fyrir að aka, aðfaranótt fimmtudagsins 29. janúar 1987, undir áhrifum áfengis, bifreiðinni Ö-544 frá heimili sínu og um götur í Keflavík, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á gatnamótum Faxabrautar og Hringbrautar.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, sbr. áður 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, sbr. áður 81. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

II.

Fimmtudaginn 29. janúar 1987 klukkan 02 voru lögreglumenn í Keflavík á eftirlitsbifreið og óku norður Hringbraut í Keflavík. Veittu þeir þá athygli bifreiðinni Ö-544, sem var ekið vestur Faxabraut og stöðvuð við mót þeirrar götu og Hringbrautar. Ákváðu þeir að kanna réttindi og ástand ökumanns. Er þeir ræddu við hann, þ.e. ákærða í máli þessu, fundu þeir áfengisþef leggja frá vitum hans. Sýndi öndunarsýni III. stig.

Farið var með ákærða á lögreglustöðina til yfirheyrslu. Í varðstjóraskýrslu er útliti og öðrum einkennum ákærða lýst svo, að sterkur áfengisþefur hafi verið af andardrætti, andlit þrútið, fatnaður velktur, augu vot, málfar þvöglulegt, jafnvægi óstöðugt, framburður samhengislaus, og hafi ákærði verið ósvífinn, kærulaus og þrætugjarn. Læknir var fenginn til að taka ákærða blóðsýni til alkóhólákvörðunar, og þurfti að beita til þess valdi. Niðurstaða alkóhólákvörðunar í blóði með gasgreiningu á súlu sýndi magn alkóhóls 2,82‰.

Ákærði skýrði svo frá við yfirheyrslu hér fyrir dómi, að hann teldi sig saklausan af ákæruatriðum, og viðurkenndi ekki að hafa ekið undir áhrifum áfengis í umrætt sinn. Kvaðst hann hafa neytt áfengis kvöldið áður (miðvikudag 28.1.1987), en mundi ekki hve mikils. Hann greindi þannig frá atvikum, að hann hefði ekið bifreiðinni Ö-544 heiman frá sér, Krossholti 8, Keflavík, að Aðalstöðinni, Hafnargötu 68, Keflavík, þar sem hann

hafi keypt sér pylsu og pilsner og neytt hvors tveggja, síðan verið á leið heim til sín sömu leið, þ.e. um Hafnargötu og Faxabraut, en verið stöðvaður af lögreglu á mótum síðarnefndrar götu og Hringbrautar.

Ákærði kvaðst telja ætlað brot vera fyrnt.

III.

Mál vegna þess, er í framanritaðri ákæru greinir, sætir nú dómsmeðferð öðru sinni. Er það samkvæmt bréfi ríkissaksóknara, dags. 8. febrúar 1990, þar sem segir, að með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 5. febrúar 1990, hafi dómur og meðferð málsins fyrir sakadómi Keflavíkur verið felld úr gildi og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Dómsorð sakadóms Keflavíkur í dómi, uppkveðnum 14. september 1989, er að meginefni svohljóðandi: „Ákærði Guðmundur Ingi Hildisson greiði 30.000 króna sekt í ríkissjóð, en ef sektin greiðist ekki innan fjögurra vikna þá sæti ákærði 15 daga varðhaldi. Ákærði er sviptur ökuleyfi í þrjú ár frá 20. júlí 1988 að telja."

Dómurinn var kveðinn upp af fulltrúa bæjarfógetans í Keflavík. Meginafangar málsmeðferðar: Ákærði var sviptur ökuleyfi til bráðabirgða af fulltrúa lögreglustjórans (bæjarfógetans) í Keflavík, og var sú ákvörðun birt ákærða 20. júlí 1988. Dómsrannsókn fór öll fram, áður en ákæra var gefin út 21. mars 1989. Hinn 3. október 1988 komu þrír lögreglumenn fyrir dóm, og 22. febrúar 1989 kom ákærði fyrir dóm og hafnaði dómsátt í málinu.

Meginforsenda niðurstöðu greinds hæstaréttardóms er sú, að með vísan til dóms Hæstaréttar 9. janúar sl. í málinu nr. 120/1989 verði að telja, að bæjarfógetanum í Keflavík og fulltrúum hans hafi borið að víkja sæti við dómsmeðferð málsins. Meginefni dómsorðs hæstaréttardómsins: „Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi og öll meðferð málsins fyrir sakadómi Keflavíkur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju."

Með bréfi Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns til dómsins, dags. 8. febrúar 1989, var gerð krafa til þess, að bráðabirgðaökuleyfissvipting ákærða yrði felld úr gildi. Í dómþingi í dag féll ákærði frá kröfunni.

IV.

Með framburði ákærða, skýrslum lögreglumanna og niðurstöðu alkóhólrannsóknar er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um það atferli, sem lýst er í ákæru og er þar réttilega fært til lagaákvæða.

Niðurstaða dómsins er sú, að sýkna beri ákærða af öllum kröfum ákæruvaldsins vegna fyrningar sakar samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga og að öðru leyti með vísan til dóms Hæstaréttar Íslands 5.

febrúar 1990 í málinu nr. 428/1989, sbr. 1. mgr. 140. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kveður upp dóminn.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Ingi Hildisson, skal vera sýkn af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Föstudaginn 21. september 1990.

Nr. 192/1990. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Michael Kristensen Sigurjónssyni
(Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Stjórnarskrá. Dómstólar. Mannréttindasáttmáli Evrópu. Lögskýring. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari áfrýjaði héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 28. mars 1990. Hann krefst þess, að „ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru og dæmdur til refsingar og sviptingar ökuréttinda samkvæmt 2. mgr. i.f. 101. gr., sbr. 3. mgr. 102. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987. Ennfremur, að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar í héraði og áfrýjunarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun hér fyrir rétti til ríkissjóðs".

Verjandi krefst þess, að ákærði verði sýknaður af kröfum ákæruvalds. Þá krefst hann málsvarnarlauna úr ríkissjóði.

Ásgeir Eiríksson fulltrúi, sem kvað upp hinn áfrýjaða dóm, starfar á ábyrgð bæjarfógetans í Keflavík, en bæjarfógetinn er jafnframt lögreglustjóri þar. Sakarefni máls þessa var í upphafi rannsakað af lögreglunni í Reykjavík. Með bréfi 29. júlí 1988 sendi lögreglustjórinn í Reykjavík málið til bæjarfógetans í Keflavík. Hinn 8. ágúst 1988 tók Úlfar Lúðvíksson, annar fulltrúi við embætti bæjarfógetans, málið fyrir sem fulltrúi lögreglustjóra og ákvað að svipta ákærða ökuréttindum til bráðabirgða með vísan til 103. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þessa ákvörðun birti Ásgeir Eiríksson ákærða hinn 7. september 1988 sem fulltrúi lögreglustjóra. Lögreglurannsókn fór fram í málinu hjá rannsóknarlögreglunni í Keflavík hinn sama dag. Hinn 14. júní 1989 tók Ásgeir Eiríksson málið fyrir á ný og þá aftur sem fulltrúi lögreglustjórans í Keflavík. Var þá fært til bókar: „Ákvörðun um bráðabirgðasviptingu felld niður að svo stöddu."

Með vísan til dóms Hæstaréttar 9. janúar sl. í málinu nr. 120/1989 verður að telja, að bæjarfógetanum í Keflavík og fulltrúum hans hafi borið að víkja sæti við dómsmeðferð þessa máls. Ber því að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og alla meðferð málsins fyrir sakadómi Keflavíkur og vísa málinu heim í hérað til nýrrar dómsmeðferðar og dómsálagningar.

Áfallinn sakarkostnaður í héraði greiðist úr ríkissjóði.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi og öll meðferð málsins fyrir sakadómi Keflavíkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Áfallinn sakarkostnaður í héraði greiðist úr ríkissjóði.

Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Gullbringusýslu 4. desember 1989.

Ár 1989, mánudaginn 4. desember, er í sakadómi Gullbringusýslu, sem haldinn er í skrifstofu dómsins, Vatnsnesvegi 33, Keflavík, af Ásgeiri Eiríkssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 88, 1944: Ákæruvaldið gegn Michael Kristensen Sigurjónssyni.

I.

Mál þetta, sem þingfest var 14. júní sl. og dómtekið í dag, hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir dóminum með ákæru dags. 7. mars sl. á hendur „Michael Kristensen Sigurjónssyni, Vallargötu 27, Sandgerði, kt. 7.6.1962-3029, fyrir að aka, aðfaranótt mánudagsins 18. júlí 1988, undir áhrifum áfengis, bifreiðinni G-25989 frá gatnamótum Gunnarsbrautar og Skeggjagötu í Reykjavík, um götur þar í nágrenninu og aftur að sömu gatnamótum.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar öku-

réttinda samkvæmt 101. gr. og 102. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

II.

Aðfaranótt mánudagsins 18. júlí 1988 barst lögreglunni í Reykjavík tilkynning um, að ölvaður maður hefði ekið af stað frá gatnamótum Gunnarsbrautar og Skeggjagötu á rauðri amerískri bifreið. Lögreglan fór á staðinn og leitaði bifreiðarinnar, en skömmu síðar kom tilkynning um, að bifreiðin væri komin aftur á sama stað og henni var ekið frá. Er lögreglumennirnir Hálfdán Daðason og Valdimar Björnsson komu á staðinn, stóð ákærði nálægt bifreiðinni, og fundu þeir kveikjuláslykla bifreiðarinnar í vasa hans. Bæði púst grein og vélarlok bifreiðarinnar voru mjög heit, og einnig var jakki, sem ákærði var klæddur í skömmu áður, inni í bifreiðinni í hægra framsæti. Lögreglumennirnir höfðu áður haft afskipti af fólki vegna tilkynningar um, að þar ættu sér stað slagsmál. Ákærði var færður á lögreglustöðina og þar fyrir Kristleif Guðbjörnsson varðstjóra, er tók skýrslu af honum um meintan ölvunarakstur. Ákærða var gert að gefa öndunarsýni, og sýndi það fjórða stig. Niðurstaða alkóhólákvörðunar á magni alkóhóls í blóðsýni hans reyndist vera 1,62‰. Við yfirheyrslu hjá varðstjóra játaði ákærði að hafa ekið frá gatnamótum Skeggjagötu og Gunnarsbrautar og síðan hring í hverfinu og að hafa lagt bifreiðinni á sama stað aftur. Kvaðst ákærði hafa drukkið fjögur glös af vodkablöndu á veitingahúsinu við Laugaveg 116 frá miðnætti til um klukkan 1 þá um nóttina. Samkvæmt skýrslu varðstjóra kvaðst ákærði ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Undir þessa skýrslu ritar ákærði nafn sitt og var síðan frjáls ferða sinna að lokinni töku blóðsýnis á slysadeild Borgarspítalans.

Ákærði var sviptur ökuréttindum til bráðabirgða af lögreglustjóranum í Gullbringusýslu þann 7. september 1988. Þá ákvörðun felldi lögreglustjóri úr gildi 14. júní 1989, og ákærða voru veitt ökuréttindin aftur.

Þann 7. september 1988 var ákærði yfirheyrður af rannsóknarlögreglunni í Keflavík um mál þetta, og kvaðst hann þá hafa í umrætt sinn ekið frá heimili sínu að Akurbraut 10 í Njarðvík og að skemmtistaðnum Akabadabra (sic) í Reykjavík. Þá hafði ákærði ekki neytt áfengis. Kvaðst hann hafa verið á balli þarna um kvöldið og neytt áfengis. Ekki mundi hann, hversu mikið hann drakk, en kveðst hafa verið farinn að finna til áfengisáhrifa. Eftir ballið kveðst ákærði hafa staðið utan við skemmtistaðinn, þegar að máli kom við hann strákur og spurði, hvort ætti að keyra bílinn fyrir hann. Ákærði kveðst ekki þekkja þennan strák, en lét hann samt aka. Strákurinn ók af stað og að einhverju húsi í nágrenninu, og þar ætluðu þeir báðir inn, en var ekki hleypt inn. Síðan hafi stráknum verið

hleypt inn, en ákærði kveðst hafa staðið fyrir utan. Eftir smátíma var ákærða hleypt inn í húsið, en hann kveðst engan hafa þekkt þar og því farið út aftur, og þá hafi strákurinn komið á eftir honum og látið ákærða hafa lykilinn að bifreiðinni. Ákærði kveðst hafa stungið lyklinum í vasann, og þegar hann var að ganga upp stéttina rétt hjá bifreiðinni, kom lögreglan á staðinn og handtók hann. Ákærði kveðst ekki hafa staðið við hliðina á bifreiðinni, heldur í næsta nágrenni hennar. Framburður ákærða um málavexti hér fyrir dómi er á sama veg og fyrir rannsóknarlögreglu. Jafnframt segir ákærði, að framburður hans hjá lögreglunni í Reykjavík þann 18. júlí 1988 sé rangur, hvað varðar akstur hans undir áhrifum áfengis. Ákærði kveðst hafa verið á lögreglustöðinni í um það bil hálfa til eina klukkustund, og hafi hann í fyrstu neitað að hafa ekið bifreiðinni. Ákærði hafi spurt lögreglumenn, hvort hann yrði settur í fangahús, ef hann játaði ekki, og hafi lögreglumenn svarað því játandi. Því hafi ákærði skrifað undir yfirlýsingu þess efnis, að hann hefði ekið bifreiðinni undir áhrifum áfengis. Þá kveðst ákærði ekki hafa orðið var við áflog fyrir utan húsið.

Vitnið Árni Einarsson, Skeggjagötu 8, Reykjavík, segir við yfirheyrslu hjá lögreglunni í Reykjavík þann 26. september 1988, að hann hafi hringt í lögregluna vegna hávaða fyrir utan húsið, og einnig hafi verið um áflog pilta að ræða. Vitnið segir, að lögreglan hafi komið á staðinn og skakkað leikinn og síðan farið. Stuttu síðar hafi bifreið verið gangsett og síðan ekið í burtu, og skömmu síðar kom bifreiðin aftur að húsinu, og út úr bifreiðinni steig sami piltur og farið hafði af stað á bifreiðinni skömmu áður. Vitnið segir, að pilturinn hafi farið einn á bifreiðinni og komið einn til baka, og fullyrðir vitnið, að ökumaður bifreiðarinnar hafi verið piltur sá, er lögreglan handtók og fór með í lögreglubifreiðinni. Við yfirheyrslu fyrir dómi þann 13. júlí sl. staðfestir vitnið framburð sinn fyrir lögreglu og er þess enn fullvíst, að lögreglan handtók sama mann og hafði ekið rauðri bifreið þá skömmu áður. Vitnið segir, að umrædda nótt hafi verið frekar skuggsýnt. Vitnið segist tvívegis hafa hringt á lögregluna, í fyrra sinn vegna ólátanna og í annað vegna hins meinta ölvunaraksturs.

Vitnið Hálfdán Daðason lögreglumaður, Háaleitisbraut 107, Reykjavík, ber hér fyrir dómi, að það hafi fengið útkall á mótum Gunnarsbraut (sic) og Kjartansgötu vegna slagsmála, sem þar áttu að vera, en þegar á staðinn kom, var allt yfirstaðið. Fóru lögreglumennirnir því á brott. Skömmu síðar fengu þeir tilkynningu um, að ölvaður maður hefði farið á bifreið frá þessu sama húsi. Hófu þeir þá leit að bifreiðinni, en skömmu síðar barst tilkynning um, að bifreiðin væri aftur komin á sama stað. Þegar vitnið kom þar að, stóð ákærði hinum megin við götuna, og var hann boðaður í lögreglubifreiðina. Þar neitaði ákærði í fyrstu að hafa ekið bifreiðinni, en játaði það að lokum. Segir vitnið, að ákærði hafi breytt framburði, þegar gengið

var á hann. Því næst var ákærði fluttur til lögreglustöðvar, og rámar vitnið í, að játning ákærða hafi legið fyrir, þegar á stöðina var komið, og ekki breyst þar. Vitnið segir, að þetta hafi verið í fyrsta sinn, sem þeir höfðu afskipti af ákærða þá um kvöldið, en þó kveðst vitnið hafa séð til hans í hópi fólks þá fyrr um kvöldið fyrir utan áðurnefnt hús. Vitnið segir, að Árni Einarsson hafi bent á ákærða sem ökumann.

Framburður vitnisins Valdimars Björnssonar lögreglumanns, Ásabraut 21, Kópavogi, er á sama veg og vitnisins Hálfdáns (sic), að því er varðar aðdraganda að handtöku ákærða. Þó minnist vitnið þess ekki, að ákærði hafi játað ölvunaraksturinn í lögreglubifreiðinni á leið til stöðvar.

Vitnið Kristleifur Guðbjörnsson aðstoðarvarðstjóri, Arkarholti 4, Mosfellsbæ, kveðst hafa fyllt út varðstjóraskýrslu þá, sem liggur frammi í málinu. Segir vitnið, að ákærði hafi játað fyrir vitninu að hafa ekið umræddri bifreið þá skömmu áður. Jafnframt segir vitnið, að ákærði hefði verið settur í geymslu vegna málsrannsóknar, ef hann hefði ekki játað brotið, en vitnið minnist þess þó ekki sérstaklega, að þessi hótun hefði verið höfð uppi við ákærða. Vitnið segir, að ákærði hafi verið greinilega ölvaður.

III.

— — —

IV.

Samkvæmt sakavottorði ákærða, dags. 2. mars sl., hefur hann sætt eftirtöldum refsingum:

1980 19/5 Gullbringusýslu, Keflavík: Sátt: 150.000 kr. sekt f. brot g. 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 81. gr. og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfl. Sviptur ökul. 8 mán. frá 19.5.80.

1981 14/9 Gullbringus., Keflavík: Sátt: 3.000 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., 2. mgr. 50. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur ökul. 12 mán. frá 14.9.81.

1983 21/2 Gullbringus., Keflavík: Dómur: 7.500 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umfl. Sviptur ökul. ævilangt frá 12.11.82.

1983 20/4 Gullbringus., Keflavík: Sátt: 6.000 kr. sekt f. brot g. 27. gr., sbr. 80. gr. umfl.

1983 21/9 Sakadómur Rvík: Nr. 411. Dómur: 16.000 kr. sekt f. brot g. 25. og 27. gr. umfl.

1985 23/10 Gullbringus., Keflavík: Dómur: Varðhald 25 daga f. brot g. 2. mgr. 17. gr., 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umfl.

1987 10/7 Gullbringus., Keflavík: Dómur: 30.000 kr. sekt f. brot g. 1. mgr. 27. gr. umfl.

Sakadómur Rvík (sic):

Veitt heimild til ökuleyfis á ný 20.10.87.

V.

Játning ákærða fyrir lögreglu þann 18. júlí 1988 og framburður vitnisins Árna Einarssonar leiða að því líkum, að ákærði hafi ekið bifreiðinni G-25989 í umrætt sinn frá gatnamótum Gunnarsbrautar og Skeggjagötu í Reykjavík undir áhrifum áfengis, svo sem greinir í ákæru. Er ákærði gaf umræddа játningu, var hann ölvaður, og fyrir liggur í málinu, að hann hefði verið settur í geymslu vegna málsrannsóknar, ef hann hefði ekki játað. Ákærði hefur staðfastlega neitað í síðari yfirheyrslum að hafa ekið bifreiðinni G-25989 í umrætt sinn undir áhrifum áfengis. Með hliðsjón af framansögðu og staðfastri neitun ákærða á að hafa framið verknað þann, sem greinir í ákæru, verður ekki talið, að komin sé fram lögfull sönnun þess, að ákærði hafi ekið bifreiðinni G-25989 í umrætt sinn undir áhrifum áfengis. Ber því að sýkna ákærða af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allan sakarkostnað skal greiða úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Símonar Ólasonar hdl., kr. 35.000, auk söluskatts.

Dómsorð:

Ákærði, Michael Kristensen Sigurjónsson, skal vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allan sakarkostnað skal greiða úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Símonar Ólasonar hdl., kr. 35.000, auk söluskatts.

Föstudaginn 21. september 1990.

Nr. 334/1990. **M**

gegn

F.

Kærumál. Börn. Innsetningargerð. Varðhald. Frávísun frá Hæstarétti. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 4. þ.m., er barst Hæstarétti 13. þ.m., samkvæmt heimild í 3. tölul. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Kærður er úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur, uppkveðinn 21. ágúst sl., í málinu nr. B 17/1990, F gegn M, og er hann án forsendna, en úrskurðarorð hljóðar svo:

„Gerðarþoli skal sæta varðhaldi allt að 6 mánuðum, þar til hún hefur upplýst um hvar barnið B er niður komið."

Dómkröfur sóknaraðila eru þær, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Af hálfu varnaraðila hafa ekki komið fram kröfur eða greinargerð.

Með úrskurði fógetaréttar Reykjavíkur, sem upp var kveðinn 21. ágúst sl. í ofangreindu máli af Valtý Sigurðssyni borgarfógeta og meðdómsmönnunum Páli Ásgeirssyni yfirlækni og Sigurjóni Björnssyni prófessor, var tekin til greina krafa varnaraðila þess efnis, að barnið B, dóttir hans og sóknaraðila, yrði tekið úr umráðum sóknaraðila með innsetningargerð og umráðin fengin varnaraðila. Í réttarhaldi sama dag fyrir Helgu Jónu Benediktsdóttur, fulltrúa yfirborgarfógetans í Reykjavík, óskaði umboðsmaður varnaraðila þess, að úrskurðinum yrði fullnægt, og var sóknaraðili krafinn upplýsinga um það, hvar barnið væri að finna. Mótmælti sóknaraðili framgangi gerðarinnar og kvaðst ekki mundu segja til um dvalarstað barnsins. Jafnframt hafði hún uppi þá mótbáru, að varnaraðili væri ekki sjálfur viðstaddur til að taka á móti barninu.

Að kröfu umboðsmanns varnaraðila kvað fógetafulltrúinn upp

hinn kærða úrskurð í þessu sama réttarhaldi, og var rétturinn síðan fluttur í skrifstofur lögreglustjóraembættisins við Hverfisgötu í Reykjavík. Segir í fógetabók, að sóknaraðili hafi þar verið leiddur fyrir lögregluvarðstjóra og færður í fangageymslur. Til þess kom þó ekki, að hún yrði vistuð í varðhaldi, eftir því sem segir í neðangreindri bókun réttarins.

Hinn 10. þ.m. hélt fógetafulltrúinn síðan dómþing í málinu að viðstöddum umboðsmanni varnaraðila, þar sem eftirfarandi var fært til bókar:

„Þann 21. ágúst sl. var kveðinn upp úrskurður í fógetarétti Reykjavíkur þess efnis að M skyldi sæta varðhaldi allt að 6 mánuðum þar til hún upplýsti um hvar barnið B væri niður komið. Til vistunar kom ekki.

Þann 8. september sl. var það upplýst í fógetaréttinum að barnið væri statt hjá gerðarþola að .....

Þar sem nú liggur fyrir hvar barnið er niður komið, þykir ekki vera þörf á því þvingunarúrræði sem úrskurður um varðhald er. Úrskurðurinn er því felldur úr gildi."

Sóknaraðili sætti ekki varðhaldsvist eftir hinum kærða úrskurði, sem hefur verið felldur úr gildi. Hefur hún ekki lögvarða hagsmuni af, að hæstaréttardómur gangi nú um gildi úrskurðarins. Þegar af þeirri ástæðu verður þessu kærumáli vísað frá Hæstarétti.

Það athugast, að rétt hefði verið að láta forsendur fylgja hinum kærða úrskurði, sbr. 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944. Þá lét héraðsdómari undan fallast að senda Hæstarétti forsendur og rökstuddar ástæður fyrir úrskurðinum við kæruna til Hæstaréttar, svo sem mælt er um í 2. mgr. 190. gr., sbr. 238. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936, sbr. 23. gr. og 27. gr. laga nr. 54/1988.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 21. ágúst 1990.

Ár 1990, þriðjudaginn 21. ágúst, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Kambsvegi 1 og haldinn þar af Helgu Jónu Benediktsdóttur, fulltrúa yfirborgarfógeta, með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið B 17/1990: F gegn M.

Skjöl málsins liggja frammi.

Fyrr í dag var kveðinn upp úrskurður í réttinum þess efnis, að gerðarbeiðanda yrðu fengin með innsetningargerð umráð barnsins B, sem nú er í umsjá gerðarþola.

Af hálfu gerðarbeiðanda mætir Gísli Baldur Garðarsson hrl. og krefst þess, að úrskurðarorði verði fullnægt.

Gerðarþoli er mættur ásamt Pétri Gunnlaugssyni lögfræðingi.

Hún mótmælir framgangi gerðarinnar.

Aðspurð kveðst hún ekki upplýsa um dvalarstað barnsins B.

Hún krefst þess, að faðir barnsins sé til staðar til að taka á móti barninu. Upplýst er, að bróðir gerðarbeiðanda, X, taki barnið í sína umsjá, er innsetning fer fram.

Að kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda er kveðinn upp úrskurður skv. 37. gr. aðfl. 19/1887, þar sem gerðarþoli neitar að gefa upplýsingar.

Er nú kveðinn upp svofelldur

úrskurður:

Gerðarþoli skal sæta varðhaldi allt að 6 mánuðum, þar til hún hefur upplýst um, hvar barnið B er niður komið.

Mánudaginn 24. september 1990.

Nr. 42/1989: **Kaupfélag Þingeyinga**
(Ólafur Axelsson hrl.)
gegn
Þorgrími Starra Björgvinssyni og Kára Þorgrímssyni vegna félagsbúsins að Garði II
(Gunnar Sólnes hrl.).

Dráttarvextir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. febrúar 1989. Hann gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og sér dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt bréf framleiðsluráðs landbúnaðarins frá 7. október 1985 til sláturleyfishafa þess efnis, að ráðið hafi í samræmi við 3. tl. 29. gr. laga nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, ákveðið, að frumgreiðsla sauðfjárafurða 15. október skuli vera 75% af haustgrundvallarverði. Upplýst var í réttinum, að þessi ákvörðun stóð óhögguð haustið 1987.

Stefndu eru félagsmenn í Kaupfélagi Þingeyinga, áfrýjanda þessa máls, og í föstum viðskiptum við félagið. Fram er komið, að 6. nóvember 1987 var frumgreiðsla sú, sem lögum samkvæmt er ákveðin af Stéttarsambandi bænda og nam 75% af fullvirðisrétti, færð í viðskiptareikning félagsbús þeirra. Hinn 12. s.m. var skuldfærð hlutdeild búsins af rekstrarláni. Vextir voru síðan endurreiknaðir, eins og þessar fjárhæðir hefðu verið færðar í reikninginn á réttum gjalddaga 15. október 1987. Rétt þykir að líta svo á, að þessi reikningsfærsla hafi verið stefndu að meinalausu og ekki andstæð lögum, svo framarlega sem þeir hafi átt þess kost á tímabilinu frá 15. október til 6. nóvember 1987 að fá greidda út inneign sína miðað

við þessar færslur. Þeirri fullyrðingu stefnda, Kára Þorgrímssonar, að hann hafi gengið eftir greiðslu til útborgunar 18. október 1987, hefur ekki verið hnekkt. Með bréfi 21. desember 1987 krafði lögmaður stefndu áfrýjanda um eftirstöðvar andvirðis innlagðra sauðfjárafurða félagsbúsins, án þess að því væri þá sinnt. Verður því, eins og hér stendur á, við það að miða, að stefndu hafi ekki getað fengið innstæður sínar vegna haustslátrunar 1987 greiddar út á gjalddögum 15. október og 15. desember 1987, er þeirra var krafist, áður en þær höfðu verið færðar í viðskiptareikning félagsbúsins.

Framsetning og útreikningur stefnukrafna í héraði er óskýr. Áfrýjandi lýsti því þó yfir við flutning málsins í héraði, að ekki væri tölulegur ágreiningur í málinu. Verður því einnig að miða við útreikninga stefndu hér fyrir dómi. Ber því að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms. Vextir ákveðast þó eins og í dómsorði greinir.

Dæma ber áfrýjanda til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 60.000 krónur.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Kaupfélag Þingeyinga, greiði stefndu, Þorgrími Starra Björgvinssyni og Kára Þorgrímssyni vegna félagsbús þeirra, 18.683,72 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 269.077,35 krónum frá 21. desember 1987 til 3. janúar 1988, en af 101.105,67 krónum frá þeim degi til 18. sama mánaðar, en af 18.683,72 krónum frá þeim degi til greiðsludags og 60.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Húsavíkur 16. nóvember 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 31. f.m. að undangengnum munnlegum málflutningi sama dag, er höfðað með stefnu, útgefinni 8. janúar 1988, en birtri 2. febrúar 1988.

Stefnendur málsins eru Þorgrímur Starri Björgvinsson, nnr. 9583-3493, Garði 2, Skútustaðahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu, og Kári Þorgrímsson, nnr. 5469-4642, sama stað, vegna félagsbúsins Garði 2, Skútustaðahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

Stefndi er Kaupfélag Þingeyinga, Garðarsbraut 5, nnr. 5579-4642, Húsavík.

Endanlegar dómkröfur stefnenda, sem gerðar voru við munnlegan málflutning, eru svohljóðandi:

„Stefnufjárhæðin verður því kr. 18.683,72 með 43,25% ársvöxtum af kr. 12.333,35 frá 15/10 1987 til 1/11 1987, með 45,60% ársvöxtum frá þ.d. til 1/12 s.á., með 49,20% ársvöxtum frá þ.d. til 15/12 s.á., af kr. 269.077,35 frá þ.d. til 1/1 1988, 51,6% ársvöxtum frá þ.d. til 3/1 s.á., af kr. 101.105,- frá þ.d. til 18/1 s.á., en af kr. 18.683,72 frá þ.d. til stefnubirtingardags, en með drv. skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þ.d. til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ. Þess er krafist, að dæmt verði, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti skv. 12. gr. laga nr. 25/1987."

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnenda og málskostnaðar úr hendi þeirra samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Málavextir eru þeir, að hin umstefnda skuld er dráttarvaxtakrafa vegna dráttar á greiðslu vegna innleggs sauðfjárafurða stefnenda hjá stefnda haustið 1987. Ágreiningslaust er, að nettóverðmæti innleggsins var kr. 1.026.077, og telja stefnendur, að stefndi hafi átt að greiða það þannig: hinn 15. október 1987 75% eða kr. 770.233 og eftirstöðvar, kr. 256.744, hinn 15. desember 1987.

Samkvæmt gögnum málsins var frumgreiðsla, kr. 770.233, bókfærð í viðskiptareikning stefnenda hjá stefnda hinn 6. nóvember 1987 og viðskiptavextir af þeirri upphæð, reiknaðir frá 15. október 1987, kr. 174.591, voru bókfærðir í viðskiptareikning stefnenda 3. janúar 1988 og kr. 82.165 hinn 18. janúar 1988, hvort tveggja með viðskiptavöxtum frá 15. desember 1987.

Stefnendur byggja kröfur sínar á því, að stefnda hafi verið skylt að greiða stefnendum fyrir þær sauðfjárafurðir, sem þeir lögðu inn hjá stefnda, á ákveðnum lögbundnum gjalddögum, og vísa í því sambandi til ákvæða 29. gr. laga nr. 46/1985.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að með framangreindum bakfærslum inn á viðskiptareikning stefnenda, sem þýði í raun, að frá þeim dögum (þ.e. 15. október og 15. desember 1987) beri þær hefðbundna viðskiptavexti, þá telji stefndi sig hafa efnt að fullu og á réttan hátt skuldbindingar sínar gagnvart stefnendum.

Þessi uppgjörsaðferð, þ.e. með bakfærslum, sé sá uppgjörsmáti, sem hafi verið tíðkaður á milli stefnda og viðskiptamanna hans, þ.m.t. stefnenda, í gegnum árin (sic), og hafi hún aldrei sætt neinum andmælum, hvorki frá stefnanda né öðrum viðskiptamönnum. Megi segja, að þessi greiðslumáti sé venjuhelgaður. Þá sé ástæða til að geta þess, að sá dráttur, sem varð á að bókfæra greiðslu, kr. 770.233, stafi af því, að það var ekki fyrr en 6/11 1987, sem ljóst var, hver skuldin var við stefnendur, þ.e. að lokinni

heildarslátrun og þegar heildaryfirlit og úrvinnsla gagna varðandi slátrun liggi fyrir. Þrátt fyrir drátt á sjálfri bókuninni hafi stefnendum staðið þessi greiðsla alltaf til boða strax 15. október 1987 og hvenær sem var eftir það.

Aðilar hafa gefið aðilaskýrslur fyrir dómi.

Kári Þorgrímsson skýrði svo frá, að ekki hafi verið gerður sérstakur samningur milli félagsbúsins í Garði 2 og stefnda um að hafa aðra greiðslutilhögun en kveður á um í 29. gr. laga nr. 46/1985.

Hann kvaðst hafa gengið eftir greiðslu innleggsins hinn 18. október 1987, en gjaldkeri stefnda svarað því til, að ekki væri búið að leggja það inn á viðskiptareikning félagsbúsins.

Þorgrímur Starri Björgvinsson kvaðst strax á árinu 1986 hafa kvartað við kaupfélagsstjóra og skrifstofustjóra stefnda um þann drátt, sem var á greiðslum það ár, og sérstaklega yfir vaxtalegri meðferð vegna uppgjörs sláturafurðanna.

Hreiðar Karlsson, kaupfélagsstjóri stefnda, kvað ekki vera ágreining um heildarverðmæti þeirra afurða, sem stefnendur lögðu inn hjá stefnda haustið 1987, en hins vegar telji stefndi sér ekki skylt lögum samkvæmt að greiða 75% af þeirri upphæð hinn 15. október 1987, en að fullnaðargreiðsla eigi að fara fram 15. desember, eins og lögin segi til um, svo fremi aðstæður séu fyrir hendi.

Hann kvað frumgreiðslur þær, sem fram fóru á árunum 1985-1987, hafa verið miðaðar við 75% af heildarverðmæti sláturfjárafurða, og hafi sú ákvörðun verið tekin af stefnda.

Aðspurður, hvers vegna stefnendum hafi ekki verið greitt fyrr en 6. nóvember 1987, stafi af því (sic), að slátrun hafi ekki að fullu verið lokið 15. október, fullvirðisréttur ekki legið fyrir að fullu og venja sé að gera upp við alla innleggjendur á sama tíma. En hann kvaðst ekki geta upplýst, hvort fullvirðisréttur stefnenda hafi legið fyrir 15. október 1987.

Aðspurður, hvers vegna desembergreiðslan hafi ekki verið innt af hendi þann 15. desember 1987, svarar hann því til, að fjármögnun hafi þá ekki verið fyrir hendi frá ríkissjóði og bönkum.

Hann kvaðst ekki rengja það, að stefnandi Þorgrímur Starri Björgvinsson hefði haft uppi kvartanir við sig vegna framkvæmdar á búvörulögunum og dráttar á greiðslum á árunum 1986 og 1987.

Hann staðfesti, að ekki hefði verið gerður sérstakur samningur við stefnendur um að hafa aðra greiðslutilhögun en kveður á í 29. gr. búvörulaganna.

Við munnlegan málflutning lýsti lögmaður stefnda því yfir, að ekki væri tölulegur ágreiningur um stefnufjárhæðina.

Niðurstaða.

Aðilar eru sammála um, að útreikningur dráttarvaxtanna, kr. 18.683,72, sé tölulega réttur, og er þá búið að draga frá viðskiptavexti þá, er stefnendur fengu frá stefnda.

Eins og málið liggur nú fyrir, þá er ágreiningsefnið það, hvort stefnda bar að greiða dráttarvexti, vegna þess að frumgreiðsla og lokagreiðsla fyrir sauðfjárafurðir stefnenda haustið 1987 voru ekki inntar af hendi hinn 15. október 1987 og 15. desember 1987.

Í 28. gr. laga nr. 46/1985 segir svo:

„Afurðastöð er skylt að haga greiðslum til framleiðanda fyrir innlagðar búvörur í samræmi við ákvæði þessara laga og þeirra samninga og ákvarðana sem teknar eru með heimild í þeim."

Og í 29. gr. sömu laga segir svo m.a.:

„.....Fyrir sauðfjárafurðir lagðar inn í haustsláturtíð ber að greiða með eftirgreindum hætti.

1. Frumgreiðsla í síðasta lagi 15. október til þeirra, sem slátra fyrir þann dag. Þeir sem slátra síðar hljóti greiðsluna í síðasta lagi tíu dögum eftir innleggsdag. Framleiðsluráð setur nánari reglur um greiðsluna.

2. Fullnaðargreiðsla haustgrundvallarverðs (verð ákveðið 1. september) eigi síðar en 15. desember....."

Síðan er tekið fram í sömu lagagrein, að heimilt sé einstökum framleiðendum að semja um annan hátt á greiðslum.

Því hefur ekki sérstaklega verið haldið fram af hálfu stefnda, að ekki hafi verið búið að slátra hjá stefnendum fyrir 15. október 1987.

Dómari lítur svo á, að enda þótt fyrir gildistöku laga nr. 46/1985 hafi verið samningar eða þegjandi samkomulag um aðra uppgjörsaðferð en lögin kveða á um, verði nú að fara eftir 29. gr. laganna, nema nýir samningar takist um aðra greiðslutilhögun en þar er ákveðin, og hljóta slíkir samningar að vera einstaklingsbundnir.

Lögin kveði skýrt á um greiðsluskyldu og gjalddaga vegna innleggs sauðfjárafurða hvers árs.

Af því leiðir, að ef afurðastöð innir ekki greiðslu af hendi á réttum tíma, þ.e. gjalddaga, ber henni að greiða dráttarvexti með sama hætti og tíðkast í verslunarviðskiptum.

Samkvæmt 38. gr. laga nr. 39/1922, sbr. 2. gr. laga nr. 33/1987, fer um skyldu til að greiða vexti af kaupverði og öðrum greiðslum, sem ekki eru greiddar á gjalddaga, eftir ákvæðum laga um vexti.

Samkvæmt 9. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 skulu dráttarvextir reiknast af fjárkröfu frá og með gjalddaga, sé hann fyrir fram ákveðinn, og fram að greiðsludegi.

Samkvæmt þessari niðurstöðu verða því kröfur stefnenda teknar til greina að fullu.

Eftir þessum úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða stefnendum málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 25.000.

Sigurður Briem Jónsson aðalfulltrúi kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Kaupfélag Þingeyinga, greiði stefnendum, Þorgrími Starra Björgvinssyni og Kára Þorgrímssyni, vegna félagsbúsins Garði 2, kr. 18.683,72 með 43,25% ársvöxtum af kr. 12.333,35 frá 15. október 1987 til 1. nóvember 1987, 45,60% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þ.d. til 1. desember s.á., 49,20% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þ.d. til 15. desember s.á., en af kr. 269.077,35 frá þ.d. til 1. janúar 1988, 51,60% ársvöxtum frá þ.d. til 3. janúar 1988, en af kr. 101.105,67 frá þ.d. til 18. janúar s.á., en af kr. 18.683,72 frá þ.d. til 2. febrúar s.á. og frá þeim degi til greiðsludags þá dráttarvexti, sem Seðlabanki Íslands ákveður samkv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Heimilt er að leggja áfallna vexti við höfuðstól dómkröfunnar einu sinni á hverjum 12 mánuðum, í fyrsta sinn 15. desember 1988.

Stefndi greiði stefnendum kr. 25.000 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 25. september 1990.

Nr. 330/1990. **F**

gegn

M og

Valtý Sigurðssyni borgarfógeta

Kærumál. Börn. Innsetning. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 11. þ.m. Kærir hann Valtý Sigurðsson borgarfógeta „fyrir synjun um framkvæmd fógetagerðar við innsetningu í forsjá dóttur hans, B, f. ...". Gerir sóknaraðili þá dómkröfu, „að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma innsetninguna, eftir því sem lög ákveða, með eða án atbeina barnaverndarnefndar".

Sóknaraðili vísar um kæruheimild til 2. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Í greinargerð varnaraðilans M gerir hún þær dómkröfur, „að synjað verði um framgang umbeðinnar fógetagerðar, svo og, að úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur, uppkveðinn af Valtý Sigurðssyni borgarfógeta og meðdómsmönnunum Sigurjóni Björnssyni og Páli Ásgeirssyni þann 21. ágúst 1990, verði felldur úr gildi".

Valtýr Sigurðsson borgarfógeti hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar skv. 27. gr. laga nr. 75/1973, en ekki hefur hann gert kröfur.

I.

Sóknaraðila og varnaraðilanum M var veitt leyfi til skilnaðar að borði og sæng 19. ágúst 1985, og var sóknaraðilanum falin forsjá ósjálfráða barna hjónanna, en yngst þeirra er B. Hjónunum var veitt leyfi til lögskilnaðar 13. febrúar 1987, og var föðurnum falin forsjá barnanna. Samkvæmt því, sem segir í lögskilnaðarleyfi, var kveðið á um umgengni móðurinnar við börnin með úrskurði ráðuneytisins sama dag. Skjöl málsins bera með sér, að móðirin óskaði þess 26. júní 1987, að fyrri ákvörðun um þessi efni yrði endur-

skoðuð, þannig að hún fengi forsjá barnanna. Beiðnin var ítrekuð 27. ágúst 1987, að því er varðar B, en móðirin féll frá kröfu um forsjá annarra ósjálfráða barna. Faðirinn fluttist haustið 1987 til .... með fjölskyldu sína, þar á meðal B. Í júnímánuði 1989 hafði móðirin B á brott með sér frá .... Dvaldist barnið fyrst í stað á heimili móðurinnar, en síðan á vistheimili barna hér í borg samkvæmt bráðabirgðaákvörðun barnaverndarnefndar Reykjavíkur.

Dómsmálaráðuneytið ákvað 28. ágúst 1989, að ákvæði lögskilnaðarleyfis um forsjá barnsins skyldi standa óhaggað. Móðirin tók þó barnið af vistheimilinu, en að kröfu föðurins fór barnið til hans skömmu síðar.

Dómsmálaráðuneytið ákvað 9. júlí sl., að barnið skyldi dveljast hjá móðurinni hér á landi frá 15. júlí til síðari hluta dags 4. ágúst sl. Móðirin lét barnið ekki af hendi þann dag. Er barnið enn á vegum móðurinnar hér á landi.

Með ákvörðun dómsmálaráðuneytisins 9. ágúst sl. var hafnað beiðni móðurinnar frá 2. ágúst sl. um endurskoðun á fyrri úrskurði ráðuneytisins um forsjá barnsins.

Faðirinn krafðist þess, að barnið yrði með beinni fógetagerð tekið úr umráðum móðurinnar og fengið sér. Með úrskurði 21. ágúst 1990 tók fógetaréttur, skipaður Valtý Sigurðssyni borgarfógeta, Páli Ásgeirssyni yfirlækni og Sigurjóni Björnssyni prófessor, kröfu sóknaraðila til greina. Er úrskurðarorðið svohljóðandi: „Krafa gerðarbeiðanda, F, um, að barnið B verði tekin (sic) úr umráðum gerðarþola, M, og umráðin fengin honum, er tekin til greina. Málskostnaður fellur niður.“

Innsetningargerðin skyldi fram fara 8. þ.m., en náði ekki fram að ganga.

II.

Tilraun sinni til að framkvæma innsetningargerðina lýsir Valtýr Sigurðsson borgarfógeti svo í athugasemdum sínum:

„Síðan úrskurður í máli þessu var uppkveðinn hefur reynst ómögulegt að fullnægja honum enda hefur gerðarþoli komið barninu fyrir utan heimilis síns í þeim tilgangi að hindra framgang gerðarinnar. Ekki hefur gerðarþoli viljað upplýsa fyrir fógetarétti hvar barnið væri niður komið. Þá hefur það komið fram opinberlega af hálfu gerðarþola að barnið dveldi utan heimilisins og yrði

það aldrei afhent gerðarbeiðanda. Þeirri kröfu lögmanns gerðarbeiðanda til ríkissaksóknara og til rannsóknarlögreglu ríkisins um að haft væri upp á barninu hefur verið hafnað.

Laugardaginn 8. september s.l. óskaði lögmaður gerðarbeiðanda eftir aðstoð fógeta þar sem hann hafði grun um að gerðarþoli hefði barnið B undir höndum. Fógeti fór á heimili gerðarþola og þegar í ljós kom að grunur lögmannsins var á rökum reistur leitaði fógeti aðstoðar lögreglu á vettvangi. Tveir lögregluþjónar komu von bráðar og upplýstu fógeta um að þeir hefðu bein fyrirmæli um það að aðstoða hann við gerðina ef hann óskaði þess. Eftir að hann hafði ítrekað (sic) skorað á gerðarþola að afhenda barnið óskaði hann þess að lögregluþjónarnir beittu valdi til að taka barnið úr vörslu gerðarþola. Í þann mund kom þriðji lögregluþjónn á staðinn með þau boð frá fulltrúa lögreglustjóra að lögreglan aðhefðist ekkert fyrr en væntanlegur fulltrúi barnaverndarnefndar væri kominn. Þessi boð flutti hann beint til lögreglu en ekki til fógeta. Hættu þeir þá beinum aðgerðum en voru á staðnum. Beið fógeti langt á aðra klukkustund. Á þeim tíma komu á vettvang aðilar tilkallaðir af gerðarþola og aðstoðarmönnum hans og virtist nærvera flestra þeirra gagngert í þeim tilgangi að hindra framgang gerðarinnar. Þegar hér var komið mat fógeti ástand á vettvangi það alvarlegt að í samráði við lögmann gerðarbeiðanda var ákveðið að láta gerðina ekki fara fram að svo stöddu. Var þá fulltrúi barnaverndarnefndar ókominn eftir því sem best er vitað.“

Í kæru sinni skýrir sóknaraðili svo frá þessum atvikum, að innsetningargerðin hafi ekki náð fram að ganga í höndum fógeta, vegna þess að lögregluyfirvöld hafi neitað að ljá atbeina sinn til hennar nema að uppfylltum skilyrðum. Í greinargerð varnaraðilans M telur hún ástæðuna hafa verið þá, að barnið hafi ekki viljað fara frá móður sinni, og hafi þessir embættismenn ekki treyst sér til að taka barnið gegn vilja þess, þar sem sú aðgerð hefði kallað á „grófa valdbeitingu“.

III.

Í niðurlagi athugasemda sinna segir borgarfógetinn svo:

„Samkvæmt 38. gr. barnalaga nr. 9/1981 ákveður dómsmálaráðuneytið með úrskurði forsjá barns ef ekki næst um það samkomulag milli foreldra. Úrskurði dómsmálaráðuneytisins í máli B

hefur ekki verið breytt. Þá hefur úrskurði fógetaréttar frá 21. ágúst s.l. ekki verið hnekkt. Það er því skýlaus réttur gerðarbeiðanda að fá gerðina framkvæmda. Þá er það grundvallarforsenda við innsetningargerð sem þessa að lögregluyfirvöld veiti fógeta alla þá aðstoð sem hann óskar. Á þessu var misbrestur í máli þessu. Það er skoðun fógeta að eins og hér hefur verið rakið sé framkvæmd úrskurðarins um innsetninguna óframkvæmanleg ef ekki er tryggt að hann hafi atbeina lögreglu til að framkvæma gerðina eftir ákvörðun sinni. Gerðin verður því ekki reynd að nýju nema ljóst liggi fyrir að lögregla muni hlíta fyrirmælum fógeta um framkvæmd hennar eða kæra lögmanns gerðarbeiðanda til Hæstaréttar Íslands leiði til annarrar niðurstöðu."

IV.

Dómkröfur sínar varðandi úrskurð fógetaréttar Reykjavíkur styður varnaraðilinn M þessum rökum: „Ég vil að lokum ítreka þá dómkröfu, að úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur, uppkveðinn 21. ágúst 1990, verði felldur úr gildi þar sem hann er byggður á úrskurðarvaldi stjórnvalds, sem hefur við meðferð og úrlausn málsins kveðið upp bersýnilega óréttmæta úrskurði og virt að vettugi vilja og mannréttindi dóttur minnar."

V.

Sóknaraðili hefur lagt mál þetta fyrir Hæstarétt sem kæru vegna réttarneitunar, er hann hafi orðið fyrir í fógetarétti Reykjavíkur, með vísan til þess ákvæðis í lögum um Hæstarétt, er heimilar mönnum að kæra héraðsdómara til réttarins, ef hann hafi gert á hlut þeirra í dómarastarfi. Í málinu gerir sóknaraðili þó ekki kröfu um viðurlög á hendur þeim borgarfógeta, sem hlut átti að hinni umdeildu réttargerð, og verður ekki um slíkt fjallað.

Varnaraðilinn M hefur á hinn bóginn sett fram þá kröfu, að úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur frá 21. ágúst sl., sem ætlunin var að framkvæma með gerðinni, verði felldur úr gildi. Þessum úrskurði fógetaréttarins, sem getur sætt áfrýjun, hefur ekki verið skotið til Hæstaréttar með lögmætum hætti. Stendur hann óhaggaður og er ekki til úrlausnar í þessu máli.

Í ummælum fógetans felst, að hann muni meta það, hvort innsetningargerðin verði reynd á ný.

Þykir samkvæmt þessu ekki vera ástæða til þess að svo stöddu að kveða á um, að gerðin skuli fara fram. Er kærumáli þessu því vísað frá Hæstarétti.

Dómsorð:

Kærumáli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 21. ágúst 1990.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar þann 20. þessa mánaðar.

Gerðarbeiðandi er F, ...

Gerðarþoli er M, ...

Krafa gerðarbeiðanda er sú, að dóttir hans, B, ..., f. 1981, verði með beinni fógetagerð tekin úr umráðum gerðarþola og umráðin fengin gerðarbeiðanda. Gerðin fari fram á ábyrgð gerðarbeiðanda, en á kostnað gerðarþola. Þá er krafist málskostnaðar vegna fógetaréttarmálsins úr hendi gerðarþola.

Af hálfu gerðarþola er þess krafist, að synjað verði um gerðina. Jafnframt er krafist málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda að mati réttarins.

II.

Aðilar máls þessa voru í hjónabandi, sem lauk, er þeim var veittur lögskilnaður með leyfisbréfi, dags. 13. febrúar 1987. Hjónin höfðu þá verið skilin að borði og sæng frá árinu 1985.

Þau hjón áttu saman þrjú börn, og var gerðarbeiðanda falin forsjá þeirra allra, þar með talið B, bæði samkvæmt leyfisbréfi til skilnaðar að borði og sæng svo og lögskilnaðarleyfi. Umgengni gerðarþola við börnin var nánar skipað með úrskurði dómsmálaráðuneytisins, uppkveðnum 13. febrúar 1987. Með beiðni gerðarþola til dómsmálaráðuneytisins, dags. 26. júní 1987, var óskað eftir endurskoðun á úrskurði ráðuneytisins á forsjá og umgengni barnanna og þá sérstaklega yngsta barnsins, B. Beiðni gerðarþola var ítrekuð þann 27. ágúst 1987, hvað varðar forsjá B, en fallið frá fyrri kröfu um forsjá hinna barnanna. Af hálfu ráðuneytisins var leitað umsagnar barnaverndarnefndar Kjalarness og Reykjavíkur af þessu tilefni. Enn fremur var hlutast til um, að félagsmálayfirvöld á ..... könnuðu hagi og aðstæður gerðarbeiðanda og fjölskyldu hans, sem flust hafði til ..... í september 1987. Áður en úrskurður ráðuneytisins lá fyrir, hvarf B þann 21. júní 1989 frá heimili sínu. Í ljós kom, að gerðarþoli og systir höfðu haft hana á brott með sér, og komu þær nokkrum dögum síðar til Íslands með barnið. B dvaldist fyrst eftir það á heimili gerðarþola, en með bráða-

birgðaúrskurði barnaverndarnefndar Reykjavíkur, dags. 3. ágúst 1989, var barnið kyrrsett á vistheimili barna að Mánagötu í Reykjavík, á meðan fram færi sálfræðileg könnun á barninu að beiðni barnaverndarnefndar.

Niðurstaða dómsmálaráðuneytisins, dags. 28. ágúst 1989, var þess efnis, að ákvæði lögskilnaðarleyfisins um forsjá barnsins B hjá gerðarbeiðanda skyldu standa óhögguð. Í kjölfar þessarar ákvörðunar tók gerðarþoli barnið B af vistheimilinu við Mánagötu. Að undangengnum úrskurði sakadóms Reykjavíkur og með aðstoð lögreglu afhenti gerðarþoli barnaverndarnefnd barnið aftur, og fór það til gerðarbeiðanda skömmu síðar. Þann 9. október sl. lagði gerðarþoli fram kvörtun til umboðsmanns Alþingis vegna ákvörðunar dómsmálaráðuneytisins, dags. 28. ágúst 1989. Í svarbréfi þess aðila, dags. 4. maí 1990, kemur fram, að ekki er talin ástæða til athugasemda af hans hálfu í tilefni af kvörtun gerðarþola.

Í málinu liggur frammi endurrit skýrslu Áslaugar Þórarinsdóttur, deildarstjóra í dómsmálaráðuneytinu, þar sem segir: „Ár 1990, fimmtudaginn 5. júlí, er tekið fyrir H-10875: M og F. Konan er mætt skv. boðun ráðherra, sem bryndi fyrir konunni, í ljósi atburða sl. sumar, að standa í einu og öllu við úrskurð ráðuneytisins um umgengni hennar og barnsins B, sem kveðinn verður upp í ráðuneytinu á morgun, með sérstakri áherslu á, að barninu verði skilað til föður á réttum tíma...“ Þann 9. júlí sl. var ákvarðað af hálfu dómsmálaráðuneytisins, að barnið B skyldi dveljast hjá móður sinni hér á landi frá 15. júlí 1990 til síðari hluta dags hinn 4. ágúst s.á. Barnið kom til gerðarbeiðanda samkvæmt þessari ákvörðun. Hins vegar lét gerðarþoli barnið ekki af hendi, þegar til stóð, og hefur neitað því síðan.

Með bréfi, dags. 2. ágúst 1990, fór gerðarþoli þess á leit við dómsmálaráðherra, að úrskurður ráðuneytisins um forsjá B yrði tekinn til endurskoðunar með tilliti til hags og þarfa barnsins skv. heimild í 2. mgr. 39. gr. barnalaga nr. 9/1981. Með beiðni gerðarþola fylgdi greinargerð Magnúsar Skúlasonar læknis, sérfræðings í geðsjúkdómum, dags. 27. júlí 1990, sem unnin var að beiðni gerðarþola og lögmanns hennar, og jafnframt barst dómsmálaráðherra bréf læknisins, dags. 2. ágúst sl., varðandi málið. Með ákvörðun dómsmálaráðuneytisins, dags. 9. ágúst sl., var hafnað beiðni gerðarþola um endurskoðun á fyrri úrskurði dómsmálaráðuneytisins um forsjá barnsins B.

Af hálfu gerðarþola er á því byggt, að virðing fyrir þörfum og hagsmunum barnsins sé grundvallaratriði í íslenskum barnarétti, jafnframt því sem megináherslan sé lögð á réttindi barnsins til forsjár og umgengni. Þá beri ætíð að leysa deilur um forsjá barns á þann veg, að úrlausnin komi sem best til móts við hagsmuni þess barns, sem á í hlut. Í máli þessu hafi alvarleg mistök átt sér stað hjá dómsmálaráðuneytinu við meðferð og úrlausn málsins, þar sem hagsmuna barnsins hafi ekki verið gætt, en

einblínt á hagsmunaágreining hjónanna. Þannig hafi dómsmálaráðuneytið virt að vettugi umsagnir tveggja barnaverndarnefnda við úrskurð sinn þann 28. ágúst 1989, auk þess sem það hafi ekki sent málið til barnaverndarráðs Íslands, svo sem því hafi borið. Í öðru lagi hafi dómsmálaráðuneytið ekki kveðið á um umgengnisrétt barnsins við móður, þegar ákveðið var að neita gerðarþola um forsjá þess. Þar með hafi verið brotið gegn ákvæði 40. gr. barnalaga nr. 9/1981 svo og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Í þriðja lagi bendir margt til þess, að dómsmálaráðuneytið hafi ekki lagt hlutlaust mat á málavöxtu og dregið taum gerðarbeiðanda. Birtist þetta í því, að gerðarþola hafi verið neitað um trúnaðarskýrslu Þorgeirs Magnússonar sálfræðings. Þá er einnig bent á, að óvenjuskjót afgreiðsla dómsmálaráðuneytisins á beiðni gerðarþola um endurupptöku málsins hafi komið í veg fyrir, að lagaúrræði skv. 41. gr. barnalaga nýttust gerðarþola. Í fjórða lagi verði að telja það til óvandaðra vinnubragða dómsmálaráðuneytisins, að ekki skuli hafa verið tekið mark á framburði þeirra mörgu aðila, sem lýst hafa heimilishögum gerðarbeiðanda á ..... Þá hafi ekki verið litið til þess, að öll systkini barnsins búi á Íslandi og aðskilnaður þeirra óhjákvæmilegur, nái gerðin fram að ganga.

Að lokum bendir gerðarþoli á það, að með hliðsjón af vilja barnsins, tilfinningatengslum þess við móður og systkini geti verið háskalegt fyrir sálarheill þess að beita fógetavaldi til þess að ná umráðum barnsins úr höndum gerðarþola. Gerðarþoli telji það skyldu sína að standa vörð um hagsmuni barnsins, og hafi hún neytt allra tiltækra lagaúrræða til þess að ná því markmiði.

III.

Aðilar máls þessa fengu lögskilnað með leyfisbréfi dómsmálaráðuneytisins þann 26. nóvember 1986. Samkvæmt skilnaðarskilmálum var gerðarbeiðanda veitt forsjá barnsins B, og hefur það dvalist hjá honum upp frá því. Forsjá gerðarbeiðanda yfir barninu hefur ekki verið breytt þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir gerðarþola þar um til dómsmálaráðuneytisins. Síðast hafnaði dómsmálaráðuneytið þann 9. ágúst 1990 beiðni gerðarþola til endurskoðunar á úrskurði ráðuneytisins um forsjá barnsins. Gerðarþoli hefur alfarið (sic) neitað að virða niðurstöðu dómsmálaráðuneytisins og afhenda það forráðamanni.

Dómsmálaráðuneytið sker úr skv. 38. gr. barnalaga nr. 9/1981 deilum foreldra um forsjá barna þeirra. Þeirri ákvörðun verður ekki breytt hér fyrir fógetarétti.

Í málinu hafa verið lögð fram margvísleg gögn, sem ekki hafa legið fyrir í dómsmálaráðuneytinu, þegar mál barnsins B hafa verið þar til meðferðar, svo sem skýrsla Helgu Hannesdóttur barnageðlæknis og skýrsla Önnu

Karinar Júlíussen, félagsmálastjóra í Vestmannaeyjum. Í þeim skýrslum svo og reyndar í öðrum gögnum, sem nú liggja fyrir réttinum, koma fram alvarlegar ásakanir á hendur gerðarbeiðanda, sem gefa tilefni til frekari könnunar. Það er hins vegar ekki hlutverk þessa réttar að kanna sannleiksgildi þessara ásakana.

Íslensk lög mæla því ekki í mót, að fá megi umráð barns með beinni fógetagerð, þegar svo háttar til sem í máli þessu, enda sé hagsmunum barnsins ekki hætta búin við framgang gerðarinnar.

Það er álit fógetaréttar, þegar málið er skoðað í heild, að barninu B sé ekki sérstök hætta búin við það, að umráðin séu fengin réttum forsjáraðila, þ.e. gerðarbeiðanda, með beinni fógetagerð.

Þegar þetta er virt, ber að taka kröfu gerðarbeiðanda í máli þessu til greina.

Rétt þykir, að málskostnaður í málinu falli niður.

Valtýr Sigurðsson borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan ásamt meðdómsmönnunum Sigurjóni Björnssyni sálfræðingi og Páli Ásgeirssyni yfirlækni.

Úrskurðarorð:

Krafa gerðarbeiðanda, F, um, að barnið B verði tekið úr umráðum gerðarþola, M, og umráðin fengin honum, er tekin til greina.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 26. september 1990.

Nr. 267/1988. **Auðunn Þ. Þorgrímsson**
(Bjögvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
Helga Aðalsteinssyni
(Páll Arnór Pálsson hrl.).

Fasteignakaup. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. ágúst 1988 að fengnu leyfi 4. sama mánaðar samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Hann gerir þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hann sýknaður af öllum kröfum stefnda. Þá krefst hann þess, að sér verði dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Áfrýjandi hefur ekki sýnt fram á, að stefndi hafi átt að taka að sér frekari veðskuldir en um getur í makaskiptaafsali frá 27. júní 1984. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem telst hæfilega ákveðinn 120.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Áfrýjandi, Auðunn Þ. Þorgrímsson, greiði stefnda, Helga Aðalsteinssyni, 120.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. nóvember 1987.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. nóvember sl., höfðaði Páll Arnór Pálsson hrl., Ármúla 26, Reykjavík, f.h. Helga Aðalsteinssonar, nnr. 3949-1664,

Álfhólsvegi 49, Kópavogi, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 18. mars sl., gegn Auðuni Þorgrímssyni, nnr. 0861-6736, Vesturgötu 55, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða skuld að fjárhæð kr. 440.836 ásamt 2,25% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð og brot úr mánuði af kr. 223.877,50 frá 23. október 1986 til 29. janúar 1987 og af kr. 440.836 frá þeim degi til 14. apríl 1987, en með dráttarvöxtum skv. 70. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá er þess krafist, að í dómsorði verði tekið fram, að áfallnir dráttarvextir bætist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 29. janúar 1988. Enn fremur er krafist staðfestingar á löghaldi, sem gert var í eignarhluta stefnda í húsinu nr. 55 við Vesturgötu í Reykjavík 16. mars 1987 til tryggingar skuldinni. Jafnframt er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda, þar með talinn kostnaður við löghaldsmál.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Leitað hefur verið um sáttir í máli þessu án árangurs.

II.

Hinn 26. júní 1984 seldi stefnandi stefnda einbýlishús að Vesturgötu 139, Akranesi, en stefndi seldi stefnanda iðnaðarhúsnæði að Ægisbraut 28 og íbúðarhúsnæði að Bárugötu 18 á Akranesi. Gefið var út eitt makaskiptaafsal, en hvorki var gerður kaupsamningur né fóru skrifleg tilboð á milli aðila. Í makaskiptaafsalinu er ekki getið um kaupverð eignanna, en taldar upp áhvílandi veðskuldir, sem aðilar skyldu yfirtaka á þeim eignum, sem þeir fengu í skiptunum.

Mál þetta höfðar stefnandi til greiðslu skulda, sem hvíldu á eignunum, sem hann keypti af stefnda, fyrir kaupin og stefnandi telur, að stefndi hafi átt að yfirtaka við kaupin.

III.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að í makaskiptaafsalinu, dags. 26. júní 1984, hafi verið taldar upp þær skuldir, sem hvor kaupandi um sig tók að sér, en aðilar hafi átt að sjá um að aflétta öðrum skuldum af eignunum.

Það hafi brugðist hjá stefnda að aflétta skuldum af eignum þeim, sem hann seldi. Annars vegar hafi verið um að ræða skuld við Lífeyrissjóð Vesturlands skv. skuldabréfi, að fjárhæð g.kr. 2.500.000, er hvíldi á Bárugötu 18, en hins vegar skuld við Landsbanka Íslands, Akranesi, skv. skuldabréfi, upphaflega að fjárhæð kr. 120.000, áhvílandi á Ægisbraut 28. Bæði skuldabréfin hafi verið útgefin af stefnda, tryggð með lánskjaravísitölu og

borið hæstu leyfilega vexti. Stefnandi hafi margsinnis skorað á stefnda að aflétta þessum veðskuldum, en allt hafi komið fyrir ekki. Skuldirnar hafi verið í vanskilum og valdið stefnanda miklum vandræðum, þar sem nýir kaupendur hafi haldið eftir greiðslum og krafist hafi verið uppboðs af hálfu skuldaeigenda. Lögmaður stefnanda hafi sent stefnda áskorun 22. september 1986 um að aflétta veðskuldunum, en því hafi verið neitað af hálfu stefnda á þeirri forsendu, að þær væru stefnda óviðkomandi.

Stefnandi hafi neyðst til þess að greiða upp veðskuldirnar, til Lífeyrissjóðs Vesturlands þann 23. október 1986 með kr. 223.877,50 og til Landsbanka Íslands þann 29. janúar 1987 með kr. 216.958,50. Alls hafi hann því greitt vegna þessara veðskulda kr. 440.836.

Stefnandi hafi haft af því spurnir, að stefndi hygðist komast hjá fullnustu skulda við sig með því að selja eignir sínar á Akranesi, og hafi því verið leitað löghalds strax eftir greiðslu fyrri skuldarinnar eða þann 30. október 1986. Við löghaldstilraun hafi komið í ljós, að stefndi hafi þá skömmu áður selt Vesturgötu 139, Akranesi, gefið út afsal fyrir eigninni og tekið við víxlum til greiðslu kaupverðs.

Hinn 16. mars 1987 hafi farið fram löghaldsgerð í fógetarétti Reykjavíkur, þar sem gert var löghald í íbúð stefnda að Vesturgötu 55, Reykjavík, til tryggingar skuld stefnanda, kr. 440.836, auk dráttarvaxta og málskostnaðar.

Stefnandi vísar um rökstuðning fyrir kröfum sínum til þeirrar meginreglu samningaréttarins, að samningar skuli standa, og byggir á makaskiptaafsali, dags. 27. júní 1984, sem tilgreini þær skuldir, sem hverri eign skuli fylgja. Kaupverð eignanna hafi verið fastsett með sléttum skiptum og yfirtöku sérstaklega tilgreindra skulda, og eigi stefnandi kröfu til þess, að stefndi endurgreiði honum það, sem hann hafi lagt út vegna vanrækslu stefnda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að ætlunin hafi verið, að stefnandi yfirtæki þær skuldir, sem hann yfirtók umfram það, sem greinir í makaskiptaafsali aðila og stefnandi byggir dómkröfu sína á.

Við verðmat á eignunum hafi einbýlishúsið að Vesturgötu 139 verið metið á kr. 2.000.000, en íbúð stefnda að Bárugötu 18 á kr. 1.000.000 og iðnaðarhúsnæðið að Ægisbraut 28 á kr. 1.300.000. Mismuninn hafi stefnandi greitt með yfirtöku skulda, sem hafi verið hærri á eignum stefnda. Á makaskiptaafsalinu sjáist, að samkvæmt upptalningunni þar yfirtaki stefndi kr. 515.589, en stefnandi kr. 568.482,10, og sé mismunurinn kr. 52.893,10. Þær veðskuldir, sem um sé deilt, hafi staðið samtals í kr. 197.550 á samningsdegi, og hafi stefnandi því átt að taka yfir skuldir að fjárhæð kr. 250.443,10 umfram það, sem stefndi yfirtók. Telur stefndi, að gleymst hafi að taka fram þessar veðskuldir í afsalinu.

Ef stefndi hefði átt að aflétta þessum skuldum, þá hefði það verið tekið fram í afsalinu og ákveðinn frestur verið gefinn til þess. Það sé venja í fasteignakaupum.

Stefnandi hafi gefið út afsal fyrir Vesturgötu 139 og lýst því yfir, að kaupverðið væri greitt. Slíkt væri einsdæmi, að afsal væri útgefið og afhent án trygginga, ef kaupandi ætti eftir að uppfylla samninginn að verulegu leyti.

Stefndi hafi engar kröfur fengið frá stefnanda um að aflétta veðskuldum, fyrr en bréf barst frá lögmanni hans í september 1986, rúmum 2 árum eftir að skiptin fóru fram. Telur stefndi tómlæti þetta styðja sínar skýringar og túlkun á samningnum og jafnframt, að telji dómurinn, að stefnandi hafi átt rétt á, að veðskuldum yrði aflétt, þá hafi hann glatað þeim rétti með tómlæti sínu.

Þess er krafist, að synjað verði um staðfestingu löghalds, þar sem það fullnægi ekki formskilyrðum. Vottur að gerðinni virðist vera sá sami og fógeti hafi skipað sem réttargæslumann fyrir stefnda við gerðina.

IV.

Niðurstaða.

Við aðalflutning málsins gáfu aðilar skýrslur fyrir dóminum, svo og Jóhann Sigurdórsson endurskoðandi, sem annaðist gerð makaskiptaafsalsins.

Fram kom við yfirheyrslur þessar, að málsaðilar og vitnið eru kunningjar. Aðilar höfðu komið sér saman um verðmat húseignanna, áður en þeir fóru til Reykjavíkur til vitnisins til þess að láta ganga frá makaskiptaafsali, en aðilar voru ósammála um, hvaða verð þeir voru búnir að koma sér saman um.

Fullyrðingar stefnanda um verðmat fasteignanna við söluna eru í samræmi við framburð vitnisins. Verður því við það miðað, að húseignin Vesturgata 139 hafi verið metin á kr. 2.500.000, Ægisbraut 28 á kr. 1.500.000 og íbúð að Bárugötu 18 á kr. 1.000.000, enda þykir það veikja fullyrðingar stefnda, að húseignin Vesturgata 139 hafi verið metin á kr. 2.000.000, Ægisbraut 28 á kr. 1.300.000 og íbúðin að Bárugötu 18 á kr. 1.000.000, að fram kom við yfirheyrslu, að stefndi greiddi stefnanda um það bil kr. 42.000, þá er kaupin fóru fram, en eins og áður greinir, er því haldið fram af hálfu stefnda, að veðskuldir þær, sem málið er af risið, hafi staðið í kr. 197.550 á samningsdegi.

Fram kom hjá vitninu Jóhanni Sigurdórssyni, að ætlunin hafi verið, að stefnandi tæki einungis að sér greiðslu þeirra skulda, sem taldar voru í makaskiptaafsali, og sama hafi verið um stefnda. Stefndi hafi átt að flytja þær skuldir, sem mál þetta er af risið, af húseignunum, sem hann seldi stefnanda.

Fram kom hjá stefnanda, að hann hafi margóskað eftir því við stefnda, að hann stæði við sinn hluta samningsins og yfirtæki skuldirnar, og það hafi ekki verið fyrr en um tveim árum eftir, að viðskiptin áttu sér stað, að stefndi hafi sagt, að hann ætlaði ekki að yfirtaka skuldirnar.

Þegar það er virt, sem hér hefur verið rakið, og litið til ákvæða makaskiptaafsalsins á dskj. 3 og þá sérstaklega þess, sem segir í 3. gr. in fine: „Báðum eignarhlutunum er afsalað án kvaða og veðbanda annarra en að framan greinir", þá þykir bera að taka til greina kröfu stefnanda um greiðslu skuldarinnar, sem ekki hefur verið tölulega vefengd, með vöxtum, eins og segir í dómsorði.

Enda þótt endurrit af löghaldsgerðinni, sem stefnandi krefst staðfestingar á, beri með sér, að skipaður réttargæslumaður stefnda, Jón Guðjónsson, hafi ritað undir gerðina, þar sem nafnritun votta á að vera, og vottur sé einn, G. Thorarensen, þá þykir þrátt fyrir ákvæði 41. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 5. gr. laga nr. 18/1949, bera að staðfesta löghaldið, sem haldið hefur verið réttilega til laga.

Málskostnaður, þar með talinn löghaldskostnaður og söluskattur, ákveðst kr. 105.000.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Auðunn Þorgrímsson, greiði stefnanda, Helga Aðalsteinssyni, kr. 440.836 með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 223.877,50 frá 23. október 1986 til 29. janúar 1987 og af kr. 440.836 frá þeim degi til 14. apríl 1987, en með dráttarvöxtum skv. 10., sbr. 12. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 105.000 í málskostnað, þ.m.t. söluskatt, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Löghald það, sem gert var í eignarhluta stefnda í húsinu nr. 55 við Vesturgötu í Reykjavík 16. mars 1987 til tryggingar ofangreindum fjárhæðum, er staðfest.

Miðvikudaginn 26. september 1990.

Nr. 430/1989. **Lúðvík Gizurarson**
(sjálfur)
gegn
Bergsteini Gizurarsyni,
Sigurði Gizurarsyni
og
Ragnari Halldóri Hall skiptaráðanda
vegna dánarbús Ólafs Bergsteinssonar
og
Sigríði Gizurardóttur til réttargæslu.

Erfðaskrá. Stefnubirting. Frávísun frá Hæstarétti að hluta. Skriflega flutt mál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 11. júlí 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 22. júní sama ár samkvæmt heimild í 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Með dómi 12. október 1989 var málinu vísað frá Hæstarétti. Áfrýjandi áfrýjaði málinu að nýju með stefnu 31. sama mánaðar samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973.

Áfrýjandi krefst þess, að sér verði einum dæmdur allur arfur eftir Ólaf Bergsteinsson.

Enginn hinna stefndu sótti þing í málinu við fyrirtöku þess.

Málið er flutt skriflega samkvæmt heimild í 2. mgr. 47. gr. laga nr. 75/1973 og dæmt eftir fram lögðum skilríkjum.

I.

Stefndi Sigurður Gizurarson og réttargæslustefnda, Sigríður Gizurardóttir, hafa bæði áritað áfrýjunarstefnu um „löglega" birtingu. Þessi birtingarháttur er andstæður ákvæðum 92. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973. Nú hefur hvorugt þeirra sótt þing fyrir Hæstarétti, og ber að vísa málinu frá Hæstarétti, hvað þau varðar.

II.

Stefndu Bergsteini Gizurarsyni og Ragnari Halldóri Hall skiptaráðanda vegna dánarbús Ólafs Bergsteinssonar hefur verið löglega stefnt fyrir Hæstarétt.

Eins og málið nú liggur fyrir, verður einungis um það dæmt, hvort áfrýjandi fái þann arf eftir Ólaf Bergsteinsson, sem samkvæmt erfðaskrá hans átti að renna til stefnda Bergsteins Gizurarsonar.

Í þessu máli verður eigi dæmt um fjárskipti áfrýjanda og stefnda Bergsteins Gizurarsonar né um hugsanlegar kröfur áfrýjanda í dánarbú Ólafs Bergsteinssonar, enda skipta þessi atriði ekki máli um arftökurétt áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar verður staðfest sú niðurstaða hans, að stefndi Bergsteinn Gizurarson erfi fjórðung eigna í dánarbúi Ólafs Bergsteinssonar, og er kröfu áfrýjanda þannig hafnað.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti hvað varðar stefnda Sigurð Gizurarson og réttargæslustefndu, Sigríði Gizurardóttur.

Staðfest er sú niðurstaða hins áfrýjaða úrskurðar, að stefndi Bergsteinn Gizurarson erfi fjórðung eigna Ólafs Bergsteinssonar og kröfu áfrýjanda, Lúðvíks Gizurarsonar, þannig hafnað.

Úrskurður skiptaréttar Árnessýslu 16. janúar 1988.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 11. janúar 1988.

Tildrög þess eru þau, að hinn 6. júní 1986 lést Ólafur Bergsteinsson, sem síðast átti lögheimili að Árgilsstöðum í Hvolhreppi, Rangárvallasýslu. Dánarbúið var tekið til opinberra skipta 8. desember 1986. Við skiptameðferð búsins hefur komið upp ágreiningur með aðiljum að skiptunum um það, hvernig búinu skuli skipt.

Sóknaraðili, Lúðvík Gizurarson, Grenimel 20, Reykjavík, krefst þess, að

sér verði úrskurðaður allur arfur eftir Ólaf Bergsteinsson. Einnig krefst hann málskostnaðar.

Varnaraðilinn Bergsteinn Gizurarson, Kleppsvegi 92, Reykjavík, krefst þess, að kröfum sóknaraðilja verði hafnað að því leyti sem krafist sé stærri hluta af búinu en fyrir sé mælt um í erfðaskrá Ólafs Bergsteinssonar. Krefst hann þess, að við skipti á búinu verði erfðaskráin lögð til grundvallar og að hann fái samkvæmt því 1/4 hluta búsins í arf.

Varnaraðilinn Sigurður Gizurarson, Bjarkargrund 30, Akranesi, krefst þess, að við skiptin fái hann í sinn hlut 1/4 hluta eigna búsins.

Með úrskurði, uppkveðnum 8. desember 1986, vék hinn reglulegi skiptaráðandi í Rangárvallasýslu sæti við meðferð búsins. Hinn 5. janúar 1987 var Ragnar Halldór Hall borgarfógeti skipaður setuskiptaráðandi í búinu, og kveður hann upp úrskurð þennan.

Sáttaumleitanir dómarans hafa engan árangur borið.

II.

Fyrir liggur í málinu svohljóðandi erfðaskrá:

„Ég Ólafur Bergsteinsson, Árgilsstöðum, Hvolhreppi, Rangárvallasýslu ánafna hér með þeim: Lúðvík, Bergsteini, og Sigurði Gizurarsonum og Sigríði Gizurardóttur, öllum í Reykjavík öllum eignum mínum eftir minn dag, en eignir mínar eru aðallega jörðin Árgilsstaðir (suðurbær) ásamt búslóð og mannvirkjum. Skulu þessi bróðurbörn erfa mig að jöfnu.

Jafnframt þessu taka þau að sér að greiða afborganir og vexti af áhvílandi veðskuldum á jörðinni eins og þær eru í dag, enda hafa þau gert það undanfarin ár eins og samkomulag hefir verið um á hverjum tíma.

Reykjavík 14. júlí 1968.

Ólafur Bergsteinsson (sign.).

Erum samþykk ofanrituðu:

Lúðvík Gizurarson (sign.)

Bergsteinn Gizurarson (sign.).“

Á skrána er ritað arfleiðsluvottorð.

Sóknaraðili setti á skiptafundi hinn 5. ágúst sl. fram þá kröfu, að hann tæki allan arf úr búinu. Aðrir, sem tilgreindir eru sem erfingjar í erfðaskránni, hafa gert kröfu um, að hvert þeirra um sig, svo og sóknaraðili, hljóti 1/4 hluta búsins í arf. Var þá ákveðinn rekstur máls þessa, og lagði sóknaraðili fram greinargerð sína á dómþingi hinn 17. sama mánaðar.

Í þinghaldi hinn 31. ágúst sl. voru lagðar fram greinargerðir varnaraðiljanna Bergsteins og Sigurðar Gizurarsona, en Sigríður Gizurardóttir lýsti þá yfir, að hún myndi ekki taka þátt í rekstri ágreiningsmálsins, þó svo að hún hafi lýst arfstilkalli í búið.

Varnaraðilinn Sigurður Gizurarson hefur ekki sótt þing í málinu, eftir

að hann lagði fram greinargerð sína, og er málið, að því er hann varðar, úrskurðað samkvæmt fram komnum skjölum og skilríkjum samkvæmt meginreglu 118. gr. laga nr. 85/1936.

III.

Kröfu sína um að hljóta í arf allar eignir búsins reisir sóknaraðili „á erfðaskrá Ólafs, vilja hans að ég fengi einn arf, samkomulagi okkar haustið 1968, en til vara er um endurkröfu á fjárhagsstuðningi að ræða", eins og segir í greinargerð hans. Er þar í mjög löngu máli frásögn sóknaraðilja af fjárhagslegum stuðningi hans við Ólaf heitinn og samskiptum hans við systkini sín, aðallega varnaraðiljann Bergstein, vegna málefna Ólafs og raunar af mörgum öðrum tilefnum.

Sóknaraðili heldur því fram, að erfðaskráin sé skilyrt, þannig að til þess að viðkomandi geti hlotið arf úr búinu, hafi hann/hún þurft að greiða „sinn" hluta af skuldum Ólafs. Sigurður og Sigríður Bergsteinsbörn hafi aldrei gengist undir þetta skilyrði og aldrei veitt Ólafi neina fjárhagsaðstoð. Bergsteinn hafi að vísu undirritað skjalið og með því tekist á hendur ábyrgð samkvæmt því, en hann hafi aldrei staðið við það að veita Ólafi fjárhagsstuðning.

Sóknaraðili lýsir í greinargerð sinni aðdraganda að gerð erfðaskrár Ólafs Bergsteinssonar. Segir þar m.a.:

„Ólafur bað mig að gera þessa erfðaskrá, sem liggur frammi. Gerði hann þó það að tillögu sinni og sagði það vilja sinn að ég tæki einn allan arf eftir hann. Ólafur hafði ítrekað (sic) lofað mér endurgreiðslu með erfðaskrá, þegar ég hjálpaði honum fjárhagslega, og nú ætlaði hann að efna það loforð, sem svo oft hafði verið gefið. Hjálp mín hafði þarna staðið í 12-13 ár.

Ég kom nú með þá tillögu að Bergsteinn, Sigurður og Sigríður væru sett með mér og tækjum við jafnan arf. Einnig var það tillaga mín, að enn væri reynt að fá samstöðu um hjálp við Ólaf, og áttum við öll að lýsa yfir almennum stuðningi við Ólaf, bæði fjárhagslegum og öðrum, þannig að Ólafur gæti búið á Árgilsstöðum til æviloka eins og hann vildi. Hugsunin á bak við þetta var sú sama og áður, að fjárhagsaðstoð við Ólaf væri skipt í fjóra jafna parta og greiddum við systkinin jafnt og fengjum jafnan arf. Ég var búinn að greiða ansi mikið ..... og átti Ólafur að vera vel birgur, ef hann átti von á þeirri upphæð þrefaldri framreiknaðri samkvæmt verðbólgu til viðbótar fyrri stuðningi mínum. Vildi ég með þessu telja kjark í Ólaf í veikindum hans og fá hann til að gefast ekki upp eins og hann talaði nú oft um að gera .....

Ólafur var á móti að setja Bergstein, Sigurð og Sigríði inn í arfleiðsluskrána og taldi svona almenna stuðningsyfirlýsingu of loðna. Bergsteinn

myndi t.d. snúa út úr henni og ekkert borga. Það gæti hver séð. Ólafur lét samt undan mér og setti Bergstein, Sigurð og Sigríði inn sem erfingja, en hann réð því, að greiðsluloforðið var þrengt og einungis *(í bili)* látið ná yfir árgjöldin til Búnaðarbankans, en þau voru þekkt stærð, sem ekki var snúið út úr. Þannig var erfðaskráin gerð ..... Ólafur var ekki alveg ánægður með þetta .....

Það var á mörkunum að ég bakaði mér óvild Ólafs með því að þrýsta svona fast á eftir því, að Bergsteinn (Sigurður og Sigríður) væru sett þarna inn, en það var gert með þeim fyrirvara, að samkomulag tækist um að skipta hjálp við Ólaf á milli allra fjögurra ....."

Síðan rekur sóknaraðili í greinargerðinni, að hann hafi að ósk Ólafs heitins farið nokkru eftir gerð erfðaskrárinnar og óskað eftir framlagi frá varnaraðiljanum Bergsteini til að greiða ákveðin árgjöld af jörðinni, sem fallin voru í gjalddaga. Hafi því erindi verið með öllu synjað af hálfu Bergsteins. Síðan segir í greinargerðinni:

„Ég flutti Ólafi þetta, eins og það gerðist, og fór samtal okkar fram við skrifborðið á Árgilsstöðum. Ólafur sagðist laus allra mála við Bergstein með þessu svari hans og væri Bergsteinn ekki lengur erfingi samkvæmt erfðaskránni. ..... Þessari tilraun með Bergstein (Sigurð og Sigríði) væri lokið, enda hefði hún frá upphafi verið óframkvæmanleg og hann alltaf *á móti henni.*"

Síðar í greinargerðinni segir m.a.:

„Ég hélt áfram að ræða við Ólaf og hann lét ýmsa óánægju í ljós. Hann sagðist hafa verið ánægður með aðstoð mína, þegar ég veitti hana einn, en ástandið væri óþolandi í dag. Þú hefur skrifað undir loforðið í arfleiðsluskránni um að greiða árgjöldin og hjálpa mér. Stendur þú við það að gera það einn og taka þá arf einn, þar sem Bergsteinn (Sigurður og Sigríður) er út úr dæminu. Ég sagðist þurfa frest til að svara því. Þennan frest vildi Ólafur ekki veita mér. Hann setti mér þá úrslitakosti, að hann væri laus allra mála við mig, ef ég segði ekki „já" strax. Tók ég orð hans þannig, að þá gæfi hann jörðina, ef ég neitaði. Ég sagði þá „já" og var sem Ólafi létti við það. Á hinn bóginn lét ég þess getið, að ég sagði aðeins „já", þar sem ég hefði aldrei gengið á móti honum. Ég dró í efa getu mína til að bjarga öllum málum Ólafs aleinn eins og þau væru þá og einnig væri arfleiðsluskráin mér *ónóg trygging* eins og hún væri (og er). Á þetta vildi Ólafur ekki hlusta. Um leið og ég kvaddi Ólaf, sem var í fullri einlægni og vináttu, þá var þessu samkomulagi okkar handsalað: Ég skyldi aðstoða hann einn framvegis og tæki á móti einn allan arf. Þetta samkomulag stóð allar götur þar til Ólafur dó og vildi hann aldrei breyta því, þegar ég spurði hann um það, en það gerði ég oft."

Í niðurlagi greinargerðar sóknaraðila segir m.a.:

„Kröfu mína um allan arf eftir Ólaf Bergsteinsson byggi ég *á erfðaskrá hans,* sem hann afhenti mér sem tryggingu fyrir endurgreiðslu fjárhagslegrar aðstoðar. Ég tók þessa aðstoð á mig einan og fæ því einn allan arf. Það var *vilji* Ólafs, að ég fengi einn allan arf. Það *vildi* hann, þegar erfðaskráin var gerð. Bergsteinn gekk út úr erfðaskránni haustið 1968, þegar hann dró greiðsluloforð sitt til baka. Sigurður og Sigríður urðu aldrei aðiljar að erfðaskránni, þótt það stæði til. Þau skrifuðu aldrei undir. Ólafur vildi það ekki eins og á stóð. ..... Til vara er um *endurkröfu* að ræða. Ef fjárhagsaðstoð mín er framreiknuð með vísitölu og vöxtum að viðbættum áhættuþætti vegna þess, að mestar líkur voru til að ég fengi aldrei krónu til baka, þá kemur út mjög há fjárhæð. Hún er margfalt hærri en fjármunir í dánarbúi Ólafs Bergsteinssonar. Í rauninni liggur ekkert enn fyrir um það, að ég fái krónu endurgreidda. ..... Einnig má benda á *að öll vinna* við að halda Ólafi gangandi hefur lent á mér. Ég hef lengi rekið sjálfstæða atvinnu og óteljandi sinnum eytt dögum og vikum í mál Ólafs með tilheyrandi vinnu- og tekjutapi."

Loks heldur sóknaraðili því fram, að varnaraðilinn Bergsteinn hafi með ofbeldisaðgerðum, svikum og misneytingu gagnvart arfleiðanda fyrirgert hugsanlegum erfðarétti eftir hann.

IV.

Af hálfu varnaraðiljans Bergsteins Gizurarsonar eru kröfur á því reistar, að fyrir liggi fullgild erfðaskrá Ólafs heitins Bergsteinssonar, og beri að leggja hana til grundvallar skiptum á dánarbúi hans. Erfðaskrána hafi sóknaraðili samið fyrir Ólaf heitinn og geymt hana fyrir hann, allt frá því hún var gerð. Ef arfleiðandi hefði viljað breyta erfðaskránni til hagsbóta fyrir sóknaraðilja, hefðu verið hæg heimatökin fyrir hann og sóknaraðilja að ganga þannig frá málum. Sóknaraðili sé lögfræðingur að mennt, og honum hafi því verið ljóst, hvernig slíkum gerningi verði breytt, svo að gilt sé. Hins vegar hafi arfleiðandi aldrei ætlað sér að breyta erfðaskránni í þá átt.

Hann heldur því einnig fram, að hann hafi veitt Ólafi heitnum margháttaða fjárhagslega aðstoð um margra ára skeið.

V.

Í greinargerð varnaraðiljans Sigurðar Gizurarsonar er á því byggt, að arfleiðandi hafi viljað, að hann erfði fjórðung eigna hans, og beri af þeirri ástæðu að fara eftir því. Kveðst varnaraðilinn aðeins einu sinni hafa verið beðinn að takast á hendur fjárhagslega aðstoð við arfleiðanda. Hafi hann orðið við þeirri beiðni og veitt þá aðstoð, sem um var beðið. Hann hafi aldrei í annan tíma verið beðinn um að aðstoða arfleiðanda fjárhagslega.

VI.

Úrlausnarefni máls þessa lýtur að því, hver eða hverjir skuli hljóta arf úr dánarbúi Ólafs Bergsteinssonar. Gildi erfðaskrár hans, sem undirrituð var í viðurvist tveggja arfleiðsluvotta hinn 14. júlí 1968, hefur ekki verið dregið í efa. Ekki er heldur deilt um hæfi arfleiðanda til að gera slíka skrá.

Skýra verður erfðaskrána á þann hátt, að arfleiðandi hafi treyst á, að erfingjar samkvæmt skránni myndu aðstoða hann við að greiða áhvílandi veðskuldir á eignarjörð hans, Árgilsstöðum í Hvolhreppi, ef hann þyrfti á slíkri aðstoð að halda. Þannig hafi viðkomandi, sem kunnugt var efni skrárinnar, mátt búast við því, að erfðaskránni yrði breytt þeim í óhag, ef þau skoruðust undan því að veita slíka aðstoð, þegar leitað yrði eftir henni.

Ekki verður á það fallist með sóknaraðilja, að eignum búsins eigi að úthluta í samræmi við það, hverja fjárhagsaðstoð hver hinna tilgreindu erfingja samkvæmt skránni hafi látið arfleiðanda í té. Slík túlkun fær ekki stoð í orðalagi erfðaskrárinnar, og engin gögn liggja fyrir um það, að Ólafur heitinn hafi ætlast til þess, að erfðaskráin yrði túlkuð með þeim hætti.

Ekkert er fram komið í máli þessu, sem bendir til þess, að arfleiðandi hafi talið einhvern erfingjanna hafa brugðist sér svo í fjárhagslegu tilliti, að hann teldi forsendu vera brostna fyrir arfleiðslu til viðkomandi. Verða kröfur sóknaraðilja því ekki teknar til greina á þeim grundvelli.

Samkvæmt 1. mgr. 40. gr. erfðalaga nr. 8/1962 skal erfðaskrá vera skrifleg, og skal arfleiðandi undirrita hana eða kannast við undirritun sína fyrir notario publico eða tveimur vottum. Af þessu ákvæði og gagnályktun frá 2. mgr. 45. gr. erfðalaga leiðir, að munnlegt samkomulag um arfleiðslu getur ekkert gildi haft. Verður því ekki fallist á þá málsástæðu sóknaraðilja, að hann eigi að hljóta allan arf úr búinu á grundvelli slíks samkomulags við arfleiðanda.

Sú málsástæða sóknaraðilja, að arfleiðandi hafi gert erfðaskrána og afhent sóknaraðilja hana „til tryggingar" vegna fjárhagsaðstoðar sóknaraðilja við hann, er algerlega út í hött. Verður ekki séð, með hvaða hætti erfðaskrá eins og sú, sem hér um ræðir, sem Ólafur heitinn gat afturkallað einhliða, hvenær sem honum sýndist, hafi getað þjónað tilgangi sem tryggingarskjal í slíku sambandi. Erfðaskrá er samkvæmt erfðalögum ætlað að gilda um ráðstöfun eigna manns eftir andlát hans, en ekki að vera tryggingarskjal í lögskiptum inter vivos.

Varakrafa sóknaraðilja um, að hann hljóti allan arf úr dánarbúinu sem endurgjald fyrir veitta fjárhagsaðstoð, er engum haldbærum lagarökum studd. Fjárkröfur á hendur dánarbúi geta undir engum kringumstæðum orðið grundvöllur arfskröfu í bú, og verður kröfu sóknaraðilja á þeim grundvelli ekki sinnt.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður krafa sóknaraðilja um allan arf úr dánarbúinu ekki tekin til greina.

Sú krafa sóknaraðilja, að varnaraðilinn Bergsteinn Gizurarson teljist hafa fyrirgert erfðarétti eftir Ólaf Bergsteinsson, er reist á frásögn sóknaraðilja í greinargerð hans. Verður sú frásögn ekki rakin hér. Erfðarétti eftir tiltekinn mann vegna slíkra atvika verður erfingi ekki sviptur með úrskurði í skiptaréttarmáli, heldur verður þar að koma til dómur í opinberu máli á hendur viðkomandi aðilja, sbr. 5. tölulið 2. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Er því ekki haldið fram í málinu, að von sé á slíkum dómi, og verður þessari kröfu því ekki sinnt.

Það er því niðurstaða máls þessa, að erfðaskrá Ólafs Bergsteinssonar, dagsett 14. júlí 1968, verður lögð til grundvallar skiptum á dánarbúi hans. Samkvæmt ákvæðum hennar hlýtur hver aðilja máls þessa 1/4 hluta eftirlátinna eigna hans.

Varnaraðiljar hafa ekki krafist málskostnaðar í ágreiningsmáli þessu.

Af hálfu sóknaraðilja og varnaraðiljans Bergsteins Gizurarsonar hafa verið lögð fram í málinu fjölmörg skjöl, sem varða ágreiningsefni þessara málsaðilja út af allt öðrum lögskiptum en þeim, sem þýðingu hafa fyrir úrlausnarefni í máli þessu. Bergsteinn er ólöglærður og hefur flutt mál sitt sjálfur og notið í því sambandi ítarlegra leiðbeininga dómarans um gagnaöflun í málinu, en ekki sinnt þeim nema að takmörkuðu leyti. Um er að ræða verulegan skriflegan málflutning í gögnum, sem þessir málsaðiljar hafa lagt fram, og er þessi háttur á málatilbúnaði og málsreifun stórlega vítaverður.

Úrskurðarorð:

Kröfu sóknaraðilja í máli þessu, Lúðvíks Gizurarsonar, um, að hann skuli hljóta allan arf við skipti á dánarbúi Ólafs Bergsteinssonar, er hafnað.

Hver málsaðilja skal hljóta fjórðung arfs úr dánarbúinu.

Fimmtudaginn 27. september 1990.

Nr. 220/1988. **Ragnar Aðalsteinsson hrl.**
f.h. Rick & Geldsetzer GmbH & Co. KG
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Gerðaröst hf.
(Kjartan Ragnars hrl.).

Lausafjárkaup. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. júlí 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 12. sama mánaðar samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Gerir hann þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 14.895,83 vestur-þýsk mörk með 9% ársvöxtum af 7.309,58 vestur-þýskum mörkum frá 8. júní 1985 til 10. júlí 1985, með sömu vöxtum af 14.895,83 vestur-þýskum mörkum frá þeim degi til 1. apríl 1986, en með 8,5% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, 432,16 vestur-þýsk mörk í bankakostnað svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Mál þetta var samkvæmt dómsgerðum dómtekið í héraði hinn 19. nóvember 1987, en ekki 11. nóvember 1987, eins og segir í hinum áfrýjaða dómi.

Óumdeilt er, að Sölustofnun lagmetis pantaði hjá áfrýjanda umbúðir þær, sem mál þetta snýst um. Stefndi hefur mótmælt því, að hann hafi falið stofnuninni að panta fyrir sig vörur þessar, og kveður ekkert samningssamband hafa myndast milli sín og áfrýjanda. Áfrýjandi hefur ekki hnekkt þessari staðhæfingu stefnda, og eru því ekki efni til að taka kröfur hans til greina. Samkvæmt því verður niðurstaða hins áfrýjaða dóms staðfest.

Rétt þykir að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 65.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Áfrýjandi, Rick & Geldsetzer GmbH & Co. KG, greiði stefnda, Gerðaröst hf., 65.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. desember 1987.

Ár 1987, miðvikudaginn 16. desember, er lagður svohljóðandi dómur á málið nr. 23009/1986: Indriði Þorkelsson hdl. f.h. Rick & Geldsetzer GmbH & Co. KG gegn Gerðaröst hf. á bæjarþingi Reykjavíkur.

Mál þetta, sem var dómtekið 11. nóvember sl., hefur Indriði Þorkelsson héraðsdómslögmaður, Ármúla 26, Reykjavík, höfðað fyrir dóminum f.h. Rick & Geldsetzer GmbH & Co. KG, Iserlohn, Sambandslýðveldinu Þýskalandi, á hendur Gerðaröst hf. (2583-8416), Garði, Gullbringusýslu, til greiðslu kaupverðs rækjuumbúða auk vaxta og kostnaðar.

Þann 19. apríl 1985 pantaði Sölustofnun lagmetis umbúðir undir rækjur hjá stefnanda, Rick & Geldsetzer KG, fyrir stefnda. Þann 24. apríl s.á. staðfesti stefnandi pöntunina við Sölustofnun lagmetis. 8. maí 1985 gaf stefnandi út reikning, að fjárhæð 7.309,58 þýsk mörk, með gjalddaga 17. maí 1985. Þann 10. maí 1985 sendi stefnandi vörurnar með skipi áleiðis til Íslands. Þann 11. maí sama ár var gefið út farmskírteini, og þann 7. s.m. sendi stefnandi nauðsynleg skjöl, þar á meðal farmskírteini og reikninga, til Landsbanka Íslands. Þann 10. júní 1985 gaf stefnandi út reikning, að fjárhæð 7.586,25 þýsk mörk, stílaðan á stefnda. Innheimtutilraunir Landsbankans urðu árangurslausar. Vörurnar voru aldrei leystar út úr tolli. Þann 2. júlí 1986 krafði stefnandinn, Indriði, stefnda um greiðslu skuldarinnar ásamt vöxtum og innheimtukostnaði fyrir hönd stefnanda.

Þann 30. júní sl. var hrundið kröfu stefnda um frávísun málsins vegna rangs varnarþings. Varnarþingsákvæði var í söluskilmálum stefnanda. Úrskurðurinn byggðist á því, að stefnandi væri ekki bundinn við varnarþingsákvæði, sem hann setti þannig í eigin þágu í söluskilmála sína.

Stefnandi krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum fyrir hönd Rick & Geldsetzer KG 14.895,83 þýsk mörk ásamt 9,5% ársvöxtum af 7.309,58 þýskum mörkum frá 8. júní 1985 til 10. júní 1986, með sömu vöxtum af 14.895,83 mörkum frá þeim degi til 1. apríl 1986, en með 8,5% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags, 432,16 mörk í bankakostnað og kr. 107.022,40 í málskostnað auk dráttarvaxta frá dómsuppsögu af þeirri fjárhæð.

Af stefnda hálfu er aðallega krafist sýknu vegna aðildarskorts, en til vara

lækkunar á stefnufjárhæð og í báðum tilfellum málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Stefnandi telur, að Sölustofnun hafi pantað umbúðirnar sem umboðsmaður stefnda, en stefndi telur, að um umsýsluviðskipti sé að ræða. Af hálfu stefnda hefur sérstaklega verið mótmælt vaxtakröfu og þeirri málsástæðu, að unnt sé að byggja á viðskiptaskilmálum, sem aldrei hafi verið kynntir fyrir stefnda. Þá hefur því verið hreyft af hálfu stefnanda, að stefndi hafi óbeint viðurkennt greiðsluskyldu sína með tómlæti.

Af gögnum málsins verður ekki séð, að stefnandi hafi beint greiðslukröfum gegn stefnda fyrr en 2. júlí 1986. Reglur um réttarmissi vegna tómlætis koma ekki til álita.

Lagðar hafa verið fram dómskýrslur framkvæmdastjóra stefnda og Sölustofnunar lagmetis. Komið hefur fram, að stofnunin hefur umboðsmann í Þýskalandi og seljendur umbúða hafa sent honum próforma reikninga, farmskírteini og flutningsskírteini, en einnig hefur sá háttur tíðkast, að stefnda væru sendir reikningar. Þá hefur komið fram, að sölustofnun hefur viðurkennt ábyrgð sína á greiðslu kaupverðs umbúða.

Starfsemi Sölustofnunar lagmetis byggist á ákvæðum laga nr. 58/1981. Ágreiningslaust er, að Sölustofnun annast umsýsluviðskipti fyrir framleiðendur lagmetis, að því er varðar útflutningsstarfsemi hennar, en ágreiningur er með aðilum um, hvort innflutningur í þeirra þágu teljist umsýsluviðskipti eða umboðsmennska. Samkvæmt e-lið 2. mgr. laga 58/1981 skal Sölustofnun lagmetis annast sameiginlegan innflutning fyrir aðila stofnunarinnar, eftir því sem óskað er, og leitast við að tryggja aðildarverksmiðjunum þær umbúðir, sem nauðsynlegar eru. Umsýsluviðskipti geta, hvort heldur er, verið fólgin í því, að umsýslumaður selji eða kaupi vörur af þriðja manni fyrir umsýsluveitanda fyrir hans reikning til að koma á viðskiptum milli umsýsluveitanda og þriðja manns, en þó skapast að jafnaði ekki beint réttarsamband milli þeirra aðila, heldur verður umsýslumaðurinn bundinn gagnvart þriðja manni vegna þeirra löggerninga, sem hann gerir í skjóli umsýslusamningsins. Samkvæmt þessu verður ekki talið, að beint réttarsamband hafi myndast milli aðila málsins, en hins vegar ber stefnda að lokum að standa skil á verði umbúðanna samkvæmt ákvæðum laga 58/1981.

Samkvæmt þessum niðurstöðum þykir bera að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda, en jafnframt þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Gerðaröst hf., skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Indriða Þorkelssonar hdl. f.h. Rick & Geldsetzer GmbH & Co. KG.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 27. september 1990.

Nr. 221/1988. **Ragnar Aðalsteinsson hrl.**
f.h. Schmalbach Lubeca AG
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Gerðaröst hf.
(Kjartan Ragnars hrl.).

Lausafjárkaup. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. júlí 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 12. sama mánaðar samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Gerir hann þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 18.023,04 vestur-þýsk mörk með 9% ársvöxtum frá 17. maí 1985 til 1. apríl 1986, en með 8,5% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, 198,30 vestur-þýsk mörk í bankakostnað svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Mál þetta var samkvæmt dómsgerðum dómtekið í héraði hinn 19. nóvember 1987, en ekki 11. nóvember 1987, eins og segir í hinum áfrýjaða dómi.

Óumdeilt er, að Sölustofnun lagmetis pantaði hjá áfrýjanda umbúðir þær, sem mál þetta snýst um. Stefndi hefur mótmælt því, að hann hafi falið stofnuninni að panta fyrir sig vörur þessar, og kveður ekkert samningssamband hafa myndast milli sín og áfrýjanda. Áfrýjandi hefur ekki hnekkt þessari staðhæfingu stefnda. Þá hefur ekki heldur verið hnekkt þeirri fullyrðingu stefnda, að andmælum vegna kröfugerðar áfrýjanda á hendur honum hafi verið komið á framfæri við Sölustofnun lagmetis, en upplýst er í málinu, að hún átti að fá umboðslaun úr hendi áfrýjanda vegna umræddrar pöntunar. Þegar til þessa er litið, eru ekki efni til að taka kröfur

áfrýjanda til greina. Samkvæmt því verður niðurstaða hins áfrýjaða dóms staðfest.

Rétt þykir að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 75.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Áfrýjandi, Schmalbach Lubeca AG, greiði stefnda, Gerðaröst hf., 75.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. desember 1987.

Ár 1987, miðvikudaginn 16. desember, er lagður svohljóðandi dómur á málið nr. 23010/1986: Indriði Þorkelsson hdl. f.h. Schmalbach Lubeca AG gegn Gerðaröst hf. á bæjarþingi Reykjavíkur.

Mál þetta, sem var dómtekið 11. nóvember sl., hefur Indriði Þorkelsson héraðsdómslögmaður, Ármúla 26, Reykjavík, höfðað fyrir dóminum f.h. Schmalbach Lubeca AG, Schmalbachstrasse 1, Braunschweig, Sambandslýðveldinu Þýskalandi, á hendur Gerðaröst hf. (2583-8416), Garði, Gullbringusýslu, til greiðslu kaupverðs rækjuumbúða auk vaxta og kostnaðar.

Þann 20. febrúar 1985 pantaði Sölustofnun lagmetis áldósir undir rækjur hjá stefnanda, Schmalbach Lubeca AG, fyrir stefnda. Þann 29. mars s.á. staðfesti stefnandi pöntunina við stefnda. Þann 17. apríl 1985 gaf stefnandi út reikning, að fjárhæð 18.023,04 þýsk mörk, með gjalddaga 17. maí 1985. Þann 21. apríl 1985 sendi stefnandi vörurnar með skipi áleiðis til Íslands. Þann 11. maí sama ár var gefið út farmskírteini, og þann 16. s.m. sendi stefnandi nauðsynleg skjöl, þar á meðal farmskírteini og reikning, til Landsbanka Íslands. Innheimtutilraunir Landsbankans urðu árangurslausar. Vörurnar voru aldrei leystar út úr tolli. Þann 2. júlí 1986 krafði stefnandinn, Indriði, stefnda um greiðslu skuldarinnar ásamt vöxtum og innheimtukostnaði fyrir hönd stefnanda.

Þann 30. júní sl. var hrundið kröfu stefnda um frávísun málsins vegna rangs varnarþings.

Í söluskilmálum stefnanda er ákvæði um varnarþing í Þýskalandi, en úrskurður um synjun frávísunarkröfu er byggður á því, að stefnandi sé ekki bundinn af einhliða ákvæðum um varnarþing, sem hann setur í eigin þágu í viðskiptaskilmálum sínum.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 18.023,04 þýsk mörk ásamt 9,5% ársvöxtum frá 17. maí 1985 til 1.

apríl 1986, en með 8,5% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, 198,30 þýsk mörk í bankakostnað og málskostnað samkvæmt málskostnaðarreikningi, að fjárhæð kr. 123.803,80, sem stefnandi telur bera dráttarvexti frá dómsuppsögu.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara verulegrar lækkunar á stefnufjárhæð. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að komist hafi á kaupsamningur milli aðilanna fyrir milligöngu Sölustofnunar lagmetis, sem sé umboðsmaður stefnda í þessu sambandi, stefnandi hafi uppfyllt samningsskyldur sínar, en stefndi hafi brugðist skyldum sínum með því að greiða ekki kaupverðið. Af hálfu stefnda er byggt á því, að um umsýsluviðskipti sé að ræða, Sölustofnun lagmetis hafi gert samninginn í eigin nafni fyrir reikning, en þannig, að hann bindi ekki stefnda.

Framkvæmdastjóri stefnda hefur gefið aðilaskýrslu fyrir dóminum, og framkvæmdastjóri Sölustofnunar lagmetis hefur borið vitni. Þá hefur verið lagt fram bréf stefnanda til Sölustofnunar, þar sem fram kemur, að stefnandi og Sölustofnun hafa átt viðskipti frá árinu 1983. Stefnandi hefur sent próforma reikning, farmskírteini og flutningsskírteini til umboðsaðila Sölustofnunar í Þýskalandi. Frá 1985 hafa vörureikningar verið sendir beint til Gerðarastar, 3 alls, 2 verið greiddir, en sá, sem um er krafið í málinu, ekki. Í telexskeyti Sölustofnunar til stefnanda, dags. 5. júní 1986, kemur fram ítrekuð yfirlýsing um, að Sölustofnun ábyrgist greiðslu samkvæmt samningnum.

Því hefur verið hreyft af hálfu stefnanda, að stefndi hafi glatað hugsanlegum rétti til að bera fyrir sig aðildarskort með tómlæti, en ekki hafa komið fram gögn um, að hann hafi verið krafinn greiðslu fyrr en með innheimtubréfi.

Starfsemi Sölustofnunar lagmetis byggist á ákvæðum laga nr. 58/1981. Ágreiningslaust er, að Sölustofnun annast umsýsluviðskipti fyrir framleiðendur lagmetis, að því er varðar útflutningsstarfsemi hennar, en ágreiningur er með aðilum um, hvort innflutningur í þeirra þágu teljist umsýsluviðskipti eða umboðsmennska. Samkvæmt e-lið 2. gr. laga 58/1981 skal Sölustofnun lagmetis annast sameiginlegan innflutning fyrir aðila stofnunarinnar, eftir því sem óskað er, og leitast við að tryggja aðildarverksmiðjunum þær umbúðir, sem nauðsynlegar eru. Umsýsluviðskipti geta, hvort heldur er, verið fólgin í því, að umsýslumaður selji eða kaupi vörur af þriðja manni fyrir umsýsluveitanda fyrir hans reikning til að koma á viðskiptum milli umsýsluveitanda og þriðja manns, en þó skapast að jafnaði ekki beint réttarsamband milli þeirra aðila, heldur verður umsýslumaðurinn bundinn gagnvart þriðja manni vegna þeirra löggerninga, sem hann gerir í skjóli umsýslu-

samningsins. Samkvæmt þessu verður ekki talið, að beint réttarsamband hafi myndast milli aðila málsins, en hins vegar ber stefnda að lokum að standa skil á verði umbúðanna samkvæmt ákvæðum laga 58/1981.

Samkvæmt þessum niðurstöðum þykir bera að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda, en jafnframt þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Gerðaröst hf., skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Indriða Þorkelssonar hdl. f.h. Schmalbach Lubeca AG.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 1. október 1990.

Nr. 113/1990. **Sveinn Kristjánsson**

gegn

Lind hf.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sveinn Kristjánsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 1. október 1990.

Nr. 139/1990. **Svanhildur Guðmundsdóttir**

gegn

Lífeyrissjóði Dagsbrúnar og Framsóknar,
Ásdísi Magnúsdóttur,
Geirlaugu Ólafsdóttur,
Skýrsluvélum ríkisins,
Tómasi Gísla Guðnasyni,
Guðmundi Á. Guðmundssyni og
Marsa hf.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Svanhildur Guðmundsdóttir, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði áfrýjandi stefndu Lífeyrissjóði Dagsbrúnar og Framsóknar, Ásdísi Magnúsdóttur, Geirlaugu Ólafsdóttur, Skýrsluvélum ríkisins og Tómasi Gísla Guðnasyni, sem sótt hafa dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 3.000 krónur í ómaksbætur, hverjum um sig, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 1. október 1990.

Nr. 245/1990. **Gunnar Sigurðsson,**
Vilborg Sigurðardóttir og
Halldór Gíslason
gegn
Stofnlánadeild landbúnaðarins,
Búnaðarbanka Íslands,
Sambandi íslenskra samvinnufélaga,
Landsbanka Íslands, veðdeild,
Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins
og Birni Guttormssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Gunnar Sigurðsson, Vilborg Sigurðardóttir og Halldór Gíslason, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef þau vilja fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 1. október 1990.

Nr. 246/1990. **Gunnar Sigurðsson,**
Vilborg Sigurðardóttir og
Halldór Gíslason
gegn
Stofnlánadeild landbúnaðarins,
Búnaðarbanka Íslands,
Trésmiðju Fljótsdalshéraðs og
Brúnási hf.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Gunnar Sigurðsson, Vilborg Sigurðardóttir og Halldór Gíslason, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef þau vilja fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 1. október 1990.

Nr. 252/1990. **Sigurður Antonsson**
gegn
Guðjóni Inga Árnasyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sigurður Antonsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 1. október 1990.

Nr. 260/1990. **Kristinn Gamalíelsson**

gegn

Sýslumanninum í Árnessýslu og Húsnæðisstofnun ríkisins v/Byggingarsjóðs ríkisins.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Kristinn Gamalíelsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 1. október 1990.

Nr. 279/1990. **Kreditkort hf.**

gegn

Sigtryggi Hallgrímssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Kreditkort hf., er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 1. október 1990.

Nr. 314/1990. **Reykjafell hf.**

gegn

Guðmundi Davíðssyni persónulega og vegna Glermassans.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Reykjafell hf., er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 3. október 1990.

Nr. 189/1990. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Jóni Óttari Ragnarssyni
(Þórunn Guðmundsdóttir hrl.).

Klám. Sjónvarp. Stjórnarskrá.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvalds, með stefnu 13. mars 1990.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó þannig, að refsing verði þyngd og að ákærði verði dæmdur til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar.

Ákærði krefst sýknu af kröfum ákæruvalds.

Fallast ber á þá niðurstöðu héraðsdóms, að kvikmyndirnar „Í tvíburamerkinu“ og „Í nautsmerkinu“ hafi verið opinberlega til sýnis, er þær voru sýndar í sjónvarpi Stöðvar 2 aðfaranótt sunnudags 24. september og aðfaranótt sunnudags 22. október 1989.

Fallast má á þá niðurstöðu héraðsdóms, að þau ákæruatriði, sem ákærði var sakfelldur fyrir, varði við 2. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og að hann beri á þeim refsiábyrgð, sbr. 1. og 6. mgr. 35. gr. útvarpslaga nr. 68/1985.

Verður niðurstaða þessi eigi talin fara í bága við ákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944.

Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða og sakarkostnað verða staðfest.

Eftir þessum úrslitum verður ákærði dæmdur til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Jón Óttar Ragnarsson, greiði áfrýjunarkostnað

sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 70.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Þórunnar Guðmundsdóttur hæstaréttarlögmanns, 70.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 28. febrúar 1990.

Ár 1990, miðvikudaginn 28. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómara og meðdómendunum Eyjólfi Kjalar Emilssyni, Ph.D., og Kristínu Jóhannesdóttur kvikmyndaleikstjóra, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 124/1990: Ákæruvaldið gegn Jóni Óttari Ragnarssyni, sem tekið var til dóms 7. þ.m.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 18. desember sl., á hendur ákærða, „Jóni Óttari Ragnarssyni, Skaftahlíð 11, Reykjavík, kennitala 10.08.45-2619, fyrir að hafa haustið 1989 sem útvarpsstjóri sjónvarpsstöðvarinnar Stöð 2, Krókhálsi 4-6, Reykjavík, sýnt á Stöð 2 klámkvikmyndirnar „Í tvíburamerkinu", sem sjónvarpað var aðfaranótt sunnudagsins 24. september, og „Í nautsmerkinu", sem sjónvarpað var aðfaranótt sunnudagsins 22. október, en í báðum myndunum koma fyrir mörg klámfengin atriði, þar sem lögð er áhersla á að sýna með lostafullum hætti kynfæri karla og kvenna, kynmök samkynja fólks og ósamkynja, mök fleiri en tveggja í einu og fólk við sjálfsfróun og eru slík atriði a.m.k. 6 í fyrrgreindu myndinni og a.m.k. 10 í þeirri síðargreindu, og er sýningartími atriðanna allt frá nokkrum sekúndum til rúmra fjögurra mínútna.

Upphaf þessara atriða er að finna á fyrirliggjandi myndbandsspólum þegar teljari myndbandtækis sýnir eftirfarandi tölur miðað við að teljari sýni 0000 í byrjun myndar:

„Í tvíburamerkinu": 0356, 0448, 0728, 0792, 1146, 1914.

„Í nautsmerkinu": 0463, 0576, 0632, 0713, 1055, 1166, 1343, 1373, 1395, 1658.

Telst þetta varða við 2. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 35. og 37. gr. útvarpslaga nr. 68, 1985.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir.

Aðfaranótt sunnudagsins 24. september sl. var sýnd á sjónvarpstöðinnni Stöð 2, Krókhálsi 4-6, Reykjavík, kvikmyndin „Í tvíburamerkinu", og aðfaranótt sunnudagsins 22. október sl. var sýnd á sömu sjónvarpsstöð kvikmyndin „Í nautsmerkinu". Hófst sýning fyrri myndarinnar kl. 1.30 og

hinnar síðari kl. 1.05 (sic). Var fyrri myndin kynnt í svonefndum „Sjónvarpsvísi" stöðvarinnar sem „ljósblá gamanmynd með ekta dönskum húmor" og síðari myndin sem „ein ljósblá og dönsk". Í dagskrárkynningu sjónvarpsstöðvarinnar voru báðar myndirnar stranglega bannaðar börnum.

Ákærði, sem var útvarpsstjóri Stöðvar 2, þegar umræddar kvikmyndir voru sýndar þar, hefur kannast við, að þær hafi verið sýndar þar, svo sem í ákæru greinir. Kveður ákærði, að ákvörðun um sýningu myndanna hafi verið tekin á framkvæmdastjórafundum, sem ákærði sitji, og hafi hún verið samhljóða. Hafi fundarmenn vitað, að umræddar myndir hafi verið sýndar í kvikmyndahúsi og jafnframt verið til útleigu á myndbandaleigum. Þessu til viðbótar kveður ákærði, að þrír starfsmenn Stöðvar 2 hafi verið fengnir til að skoða myndirnar og klippa burt þau atriði, sem talist gætu ósiðleg eða á einhvern hátt afbrigðileg að þeirra dómi, en síðan hafi komið saman 9 starfsmenn, sem hafi skoðað myndirnar, eins og eintök þeirra hafi verið þá. Kveðst ákærði hafa verið í þeim hópi, og eftir frekari klippivinnu hafi myndirnar verið sýndar. Ákærði telur ekkert þeirra atriða í kvikmyndum þeim, sem ákært er út af, varða við 2. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga.

Vitnið Goði Sveinsson, framkvæmdastjóri dagskrársviðs Stöðvar 2, kveður, að síaukinn þrýstingur og ítrekaðar óskir áskrifenda sjónvarpsstöðvarinnar hafi ráðið því, að ákveðið hafi verið að sýna umræddar kvikmyndir í tilraunaskyni. Hafi myndirnar verið sýndar í „læstri" dagskrá og þeir, sem það vildu, átt þess kost að stimpla inn í myndlykil tiltekin tákn til að varna því, að börn næðu að skoða myndirnar ótruflaðar. Jafnframt hafi sýningartími verið valinn með tilliti til barna og tæpast við því að búast, að þau séu að horfa á sjónvarp á þeim tíma. Vitnið kveðst ekki vita til þess, að kvikmyndir þær, sem um ræðir í máli þessu, hafi verið sendar Kvikmyndaeftirliti ríkisins til skoðunar og athugunar, áður en Stöð 2 tók þær til sýningar. Varðandi kvikmyndina „Í nautsmerkinu" kveður vitnið, að hún sé ekki á bannlista kvikmyndaeftirlitsins, en í tilefni af því, að vitninu hafi verið kunnugt um, að þeirri mynd hafi verið vísað til ríkissaksóknara, kveðst það hafa gefið ströng fyrirmæli um, að vandað yrði til klippivinnu vegna þeirra atriða, sem kynnu að teljast klámfengin. Hafi allmikið verið klippt úr báðum myndunum, og ef meira hefði verið klippt, hefði söguþráður raskast svo mjög sem og tónlist og leikhljóð, að tæpast hefði verið fært að sýna þær.

Vitnið kveður, að í september og október sl. hafi verið opið hjá u.þ.b. 37.000 áskrifendum að Stöð 2, en að skeikað gæti um 2.000 áskrifendur til eða frá.

Samkvæmt skýrslu Gísla Pálssonar lögreglufulltrúa, sem hann hefur staðfest fyrir dómi, kannaðist einn eigenda Bergvíkur hf., Eddufelli 4 hér

í borg, við, að fyrirtækið hefði fyrir um 5 árum flutt til landsins nokkur eintök af svonefndum „merkjamyndum" á myndböndum og þeirra á meðal þær tvær myndir, sem um er fjallað í máli þessu. Hafi myndirnar verið sendar Kvikmyndaeftirliti ríkisins til skoðunar, en vísað þaðan til ríkissaksóknara, sem hafi endursent þær, án þess að þeim hafi fylgt umsögn hans. Var eigandinn ekki viss um, hvort einhver eintök hefðu, þrátt fyrir þetta, farið til útleigu.

Þá kemur fram í sömu skýrslu, að Austurbæjarbíó hafi fyrir allmörgum árum tekið til sýningar kvikmyndirnar „Í nautsmerkinu" og „Í sporðdrekamerkinu". Hefur einn þáverandi eigenda kvikmyndahússins staðfest að hafa klippt fyrri myndina sjálfur, áður en opinberir skoðunarmenn hafi skoðað hana, og aftur klippt úr henni fleiri atriði eftir það, áður en sýningar hófust. Hafi myndin verið stranglega bönnuð börnum yngri en 16 ára. Að liðnum nokkrum árum hafi sömu myndir verið teknar til sýningar, en eftir það hafi þeim verið eytt með brennslu samkvæmt fyrirmælum um kvikmyndir erlendis frá og eintök þeirra því ekki til.

Auður Eydal, forstöðumaður Kvikmyndaeftirlits ríkisins, hefur upplýst samkvæmt nefndri skýrslu, að eitt eintak myndarinnar „Í nautsmerkinu" hafi borist stofnuninni árið 1984 og vegna atriða í myndinni hafi henni verið „vísað til ríkissaksóknara", þar sem hún var talin falla utan sviðs stofnunarinnar. Ekkert væri á hinn bóginn til hjá stofnuninni um myndina „Í tvíburamerkinu", og ef þessar kvikmyndir væru á myndbandaleigum, væru þær ómerktar Kvikmyndaeftirliti ríkisins og þegar af þeirri ástæðu ólögmætar í umferð.

Þá var kannað af hálfu rannsóknarlögreglu ríkisins, hvort unnt væri að fá umræddar kvikmyndir á myndbandaleigum, en því ýmist svarað til þar, að þær væru ekki til eða ekki kannast við þær.

Í málinu liggur frammi bréf Kvikmyndaeftirlits ríkisins til ákærða og Goða Sveinssonar, dagsett 23. nóvember sl. og undirritað af Auði Eydal, forstöðumanni nefndrar stofnunar. Kemur þar fram, að skoðunarmenn Kvikmyndaeftirlits ríkisins hafi kynnt sér efni þeirra mynda, sem um ræðir í máli þessu, og sé það samdóma álit þeirra, að réttir aðilar, þ.e. embætti ríkissaksóknara, þurfi að meta sýningarhæfni myndanna og gefa úrskurð um, hvort sýning þeirra brjóti í bága við ákvæði hegningarlaga um klám, áður en til frekari útsendinga komi.

Ákært er fyrir eftirtalin atriði í nefndum kvikmyndum, en miðað er við, að teljari myndbandstækis sýni 0000 við upphaf myndar:

1. „Í tvíburamerkinu":

a) Teljari sýnir töluna 0356 við upphaf atriðis.

Kvenmaður (aukapersóna) afklæðist fyrir framan karlmann í svefnherbergi og leggst aftur á bak í rúm. Myndrammi þrengist, og eru kynfæri

hennar í forgrunni. Skotið er inn andlitsmyndum af karlmanninum og leikin seiðandi tónlist undir. Kaflaskipti verða, er karlmaðurinn sprettur á fætur og afklæðist. Hefst eltingarleikur í herberginu, og er klippt í nærmynd, er karlmaðurinn dregur út getnaðarlim og ber upp að bakhluta kvenmannsins og hristir í takt við tónlistarstef. Klippt er út í vítt myndskeið og fylgst með eins konar leikfimi- eða danstilburðum í rúmi og við rúm, en inn í það er skeytt nærmyndarskeiðum af samræði persónanna og nærmynd af karlmanninum, er hann sleikir kynfæri kvenmannsins, fær hár upp í sig og hrækir.

b) Teljari sýnir töluna 0448 við upphaf atriðis.

Léttklædd þjónustustúlka (aukapersóna) kemur gangandi og heyrir hljóð frá járnbrynju á gangi. Hún lyftir andlitsgrímu brynjunnar, og kemur þá í ljós karlmannsandlit. Skiptast þau á nokkrum orðum. Stúlkan krýpur niður (víðmynd), dregur lim karlmannsins út úr brynjunni og sleikir (nærmynd).

c) Teljari sýnir töluna 0728 við upphaf atriðis.

Tvær naktar konur (aukapersónur) liggja á bekk í herbergi líkamsræktarstöðvar og bera raksápu á skapahár hvor annarrar og raka þau af. Víð- og nærmyndir eru til skiptis, og undir atriðunum er leikið gamalt danskt dægurlag.

d) Teljari sýnir töluna 0792 við upphaf atriðis.

Þrjár konur (aukapersónur) liggja á bekk í ljósastofu, litaðri rauðri birtu. Grafísk áferð er á öllu atriðinu, sem þróast úr víðmynd með hægum tökuhreyfingum í nærmyndir af andlitum annars vegar og kynfærum kvennanna hins vegar, þar sem kvenmennirnir sleikja og gæla hver við aðra. Á hljóðbandi er hæg tónlist kvenraddar og flautu og áhersla lögð á mýkt og vissa fagurfræði.

e) Teljari sýnir töluna 1146 við upphaf atriðis.

Atriðið er kynnt í myndinni sem „kynlífssýning" til að örva kynhvöt aðalpersónunnar. Fáklædd þjónustustúlka og einkennisklæddur maður koma inn í svefnherbergi, þar sem fyrir eru sem áhorfendur aðalpersóna (karlmaður) og nokkrar fáklæddar konur. Stúlkan og einkennisklæddi maðurinn hefja umbúðarlaust „ástarleiksýningu". Nærmyndarinnskot eru úr ástarleiknum af karlmanninum, sem sleikir kynfæri stúlkunnar, og þá sleikir hún getnaðarlim hans. Karlmaðurinn setur liminn í kynfæri stúlkunnar, og eru nærmyndir af samræðishreyfingum þeirra. Á hljóðbandi heyrast stunur parsins og þá aðallega stúlkunnar. Inn í atriðið er skotið heilmyndum af aðalpersónunni og konunum, þar sem aðalpersónan gerir skoplegar athugasemdir um framvindu mála, auk nærmynda af gælum kvennanna á sjálfum sér.

f) Teljari sýnir töluna 1914 við upphaf atriðis.

Lögreglumaður í skemmtigarði að næturlagi sleikir kynfæri hálfnakinnar konu í nærmynd. Önnur kona gælir líka við hana. Nokkru síðar, eftir eltingarleik, er sýnt í nærmynd, hvar lögreglumaðurinn ber getnaðarlim sinn að kynfærum konunnar og hefur samræðishreyfingar. Tónlist, sem leikin er undir, er í stíl þöglu gamanmyndanna.

2. „Í nautsmerkinu".

a) Teljari sýnir töluna 0463 við upphaf atriðis.

Tvær þjónustustúlkur (aukapersónur) afklæðast og gæla hvor við aðra. Nærmyndir eru af höndum eða andlitum á kynfærum og brjóstum. Á tónbandi eru stunur, sem taka við, er létt „jössuð" tónlist þagnar.

b) Teljari sýnir töluna 0576 við upphaf atriðis.

Kennslustund fyrir kvenfólk í kynörvun. Valdar stúlkur eru látnar strjúka með banönum yfir kynfæri sín í liggjandi eða sitjandi stöðu. Undirstrikað með nærmyndartöku af hreyfingum neðri líkamshluta. „Kennslukonan" talar undir í leikfimikennarastíl.

c) Teljari sýnir töluna 0632 við upphaf atriðis.

Sýndir eru baðstrandarklefar karla og kvenna, sem aðskildir eru með vegg. Hálfnakinn hópur karla og kvenna er sinn hvorum megin við vegginn, sem á eru göt. Karlarnir setja limi sína gegnum götin, og sleikja konurnar limina. Nærmyndir eru af kynfærum konu gegnum gat og síðan ýmist víðmyndar- eða nærmyndarskeið af samförum eða sleikjum kvennanna á limum karlanna undir hvatningu og talningu „leiðbeinanda". Hröð gamantónlist er leikin undir, og einnig heyrast stunur karlmanns.

d) Teljari sýnir töluna 0713 við upphaf atriðis.

Hér er um að ræða framhald af „bananaleikfiminni", sem um ræðir í lið b) hér á undan. Sýnt er í nærmynd, hvar kona nuddar banana um kynfæri sín.

e) Teljari sýnir töluna 1055 við upphaf atriðis.

Sýnd eru karlmaður og kvenmaður í skóglendi. Þau leggjast niður til ástarleiks. Strjúka þau síðan um kynfæri hvort annars (nokkrar nærmyndir). Síðan hefjast samfarir með mjög undirstrikuðum og löngum nærmyndarskeiðum. Á tónbandi heyrast stunur og fuglasöngur.

f) Teljari sýnir töluna 1166 við upphaf atriðis.

Mjög áþekkt atriði og um ræðir í lið e). Mikil áhersla er lögð á sleikjur konunnar á getnaðarlimi karlmannsins, og eru nærmyndarskeið frá tveimur mismunandi sjónarhornum. Löng nærmyndarskeið eru af samförum persónanna.

g) Teljari sýnir töluna 1343 við upphaf atriðis.

Á legubekk sleikir kona lim karlmanns, á meðan annar hefur samfarir við hana aftan frá. Atriðið hefst í víðmynd, en klippt er inn í það nærmynd

af sleikjum konunnar og samræðinu. Á tónbandi er fjörug, gömul píanótónlist og talin „leikfimitaktur".

h) Teljari sýnir töluna 1373 við upphaf atriðis.

„Kennslustund í ensku". Kvenmaður (aukapersóna) liggur fram á borð yfir bók. Myndin víkkar út, og karlmaður stendur fyrir aftan hana, strýkur lim sinn og hefur samræði við konuna. Textinn undir er úr enskukennslu.

i) Teljari sýnir töluna 1395 við upphaf atriðis.

Karlmaður setur fáklædda konu (aukapersónu) upp á pianóborð. Klippt er í nærmynd, þar sem maðurinn sleikir kynfæri konunnar. Óperutónlist leikin undir.

j) Teljari sýnir töluna 1658 við upphaf atriðis.

Þjónustustúlka dregur karlmann upp í svefnherbergi. Sýnt er samræði í rúmi með nærmyndum af því, er konan sleikir lim mannsins, svo og af samförum þeirra, sem eru mjög langar og undirstrikaðar með notkun mismunandi sjónarhorna og stellinga. Gamanmyndatónlist er leikin undir.

Niðurstöður.

Samkvæmt 2. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum að búa til eða flytja í útbreiðsluskyni, selja, útbýta eða dreifa á annan hátt út klámritum, klámmyndum eða öðrum slíkum hlutum eða hafa þá opinberlega til sýnis svo og að efna til opinbers fyrirlestrar eða leiks, sem er ósiðlegur á sama hátt.

Þegar umræddar kvikmyndir voru sýndar, hafði útvarpsréttarnefnd veitt Stöð 2 leyfi til rekstrar sjónvarpsstöðvar, sbr. 2. mgr. 2. gr. útvarpslaga nr. 68, 1985. Tók leyfið til þráðlausra útsendinga á þjónustusvæði, er náði frá sunnanverðu Snæfellsnesi um mynni Hvalfjarðar til Suðurnesja, um Reykjanes, um Suðurland og Vestmannaeyjar, um Stykkishólm, Grundarfjörð og innsveitir, um Ísafjarðarkaupstað, um Bolungarvík, um Blönduós, Sauðárkrók og Skagafjörð, um Siglufjörð, um Húsavík og um Kópasker, Raufarhöfn og Þórshöfn.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. útvarpslaga er með útvarpi, hljóðvarpi eða sjónvarpi átt við hvers konar dreifingu dagskrárefnis handa almenningi með rafsegulöldum, hvort heldur í tali, tónum eða myndum, um þráð eða þráðlaust.

Vitnið Goði Sveinsson, framkvæmdastjóri dagskrársviðs Stöðvar 2, hefur upplýst við meðferð málsins, að nærri láti, að áskrifendur að Stöð 2 hafi verið um 37.000 í september og október sl. Er því eigi fráleitt að telja, að sjónvarpsstöðin hafi náð til a.m.k. helmings íslensku þjóðarinnar á þeim tíma, sem myndirnar voru sýndar. Er það mat dómsins, að með því að senda umræddar kvikmyndir út í dreifikerfi Stöðvar 2 hafi þær verið opinberlega til sýnis fyrir almenning, sbr. 1. mgr. 1. gr. útvarpslaga, enda

var aðstaða til þess hérlendis á hvaða heimili sem er, sem dreifikerfi Stöðvar 2 náði til samkvæmt leyfi útvarpsréttarnefndar, að horfa á umræddar kvikmyndir, að því einu tilskildu, að þar væri sjónvarp og keypt hefði verið áskrift að sjónvarpsstöðinni, auk svonefnds myndlykils.

Af hálfu sérfræðinganefndar Menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna var í mars 1986 gerður greinarmunur á hugtökunum klámi (pornografia) og kynþokkalist (erotika), þannig að klám var skilgreint sem ögrandi framsetning á kynlífi í auðgunartilgangi, án ástar, blíðu eða ábyrgðar, en kynþokkalist sem bókmenntaleg eða listræn tjáning ástar.

Í kvikmyndum þeim, sem til umfjöllunar eru í máli þessu, er greinilega lögð áhersla á að sýna á ögrandi hátt í langflestum þeim atriðum, sem ákært er út af og áður er lýst, oft í nærmynd kynfæri karla og kvenna, kynmök fólks og fólk við sjálfsfróun, án þess að séð verði, að það þjóni neinu augljósu markmiði öðru en að sýna kynlífsathafnir. Listrænn, fagurfræðilegur eða leikrænn tilgangur þessara atriða í myndunum þykir eigi vera sýnilegur. Er það álit dómsins, að í öllum þeim tilvikum, sem ákært er út af, sé um að ræða klám í skilningi 2. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga, að undanskildum þeim atriðum í kvikmyndinni „Í tvíburamerkinu", þar sem teljari sýnir tölurnar 728 og 792 við upphaf. Ber að sýkna ákærða af þeim ákæruatriðum.

Ákærði bar sem útvarpsstjóri Stöðvar 2 ábyrgð á sýningu umræddra kvikmynda, sbr. 6. mgr. 35. gr. útvarpslaga.

Refsing.

Ákærði, sem samkvæmt sakavottorði hefur ekki sætt neinum þeim refsingum, sem hér geta skipt máli, hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 2. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 3. mgr. 37. gr. útvarpslaga. Við ákvörðun refsingar ber annars vegar að taka mið af því, að framangreindar kvikmyndir voru sýndar að nóttu til og að í dagskrárkynningu voru þær stranglega bannaðar börnum. Á hinn bóginn verður á það að líta, að sjónvarp er mjög áhrifaríkur fjölmiðill og að vernd barna gegn efni því, sem þar er á boðstólum, er á engan hátt tryggð, þar sem sjónvarpstæki eru inni á heimilum manna. Þá þykir einnig bera að horfa til þess, að Stöð 2 er atvinnufyrirtæki, rekið af Íslenska sjónvarpsfélaginu-kapalsjónvarpi hf., Reykjavík, og að myndirnar voru sýndar þar í atvinnuskyni. Þykir refsing ákærða samkvæmt framansögðu og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin 200.000 króna sekt, sem gjaldist í ríkissjóð innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en afplánist ella með varðhaldi 40 daga.

Sakarkostnaður.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Þórunnar Guðmundsdóttur hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 60.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Óttar Ragnarsson, greiði 200.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi 40 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þórunnar Guðmundsdóttur hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Fimmtudaginn 4. október 1990.

Nr. 113/1989. **Helgi Hallsson og**
Indriði Helgason
gegn
Guðbirni Jósíassyni og
Sverri Ragnars.

Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal og Hrafn Bragason.

Af hálfu áfrýjenda var sótt dómþing 1. október sl. og þess krafist, að mál þetta yrði fellt niður. Af hálfu stefndu var sótt dómþing og samþykkt, að málið yrði fellt niður, en krafist ómaksbóta.

Mál þetta fellur niður.

Áfrýjendur, Helgi Hallsson og Indriði H. Helgason, greiði stefndu, Guðbirni Jósíassyni og Sverri Ragnars, sem báðir hafa látið sækja þing í málinu, 5.000 krónur hvorum í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 4. október 1990.

Nr. 363/1989. **Stefán Lárus Jónsson**

gegn

Íslandsbanka hf.

Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal og Hrafn Bragason.

Af hálfu áfrýjanda var sótt dómþing 1. október sl. og óskað eftir því, að mál þetta yrði niður fellt. Af hálfu stefnda var sótt dómþing og samþykkt, að málið yrði fellt niður, en krafist ómaksbóta.

Mál þetta fellur niður.

Áfrýjandi, Stefán Lárus Jónsson, greiði stefnda, Íslandsbanka hf., sem hefur látið sækja þing í málinu, 5.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 5. október 1990.

Nr. 122/1988. **Jóhann Þórir Jónsson**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Markúsi Jóhannssyni
(Hákon Árnason hrl.).

Víxilmál. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason og Gunnar M. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. maí 1988, að fengnu áfrýjunarleyfi 18. apríl 1988 samkvæmt 4. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973.

Dómkröfur áfrýjanda eru þær aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda. Þá krefst hann þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hin áfrýjaða áritun á áskorunarstefnu verði staðfest svo og hin áfrýjaða fjárnámsgerð. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

I.

Stefndi höfðaði í héraði mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með áskorunarstefnu 27. ágúst 1986 á hendur áfrýjanda til greiðslu á „kr. 740.000 með 2,75% mánaðarvöxtum af kr. 440.000 frá 15.1.85 til 1.2.85, með 3,75% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 1.3.85, með 4% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 10.5.85, af kr. 740.000 frá þ.d. til 1.6.85, með 3,5% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 1.9.85, með 3,75% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 1.3.86 og með 2,25% mánaðarvöxtum frá þ.d. til greiðsludags, auk málskostnaðar að skaðlausu".

Um málsatvik, málsástæður og lagarök segir svo í stefnunni:

„Skuld þessi er skv. 2 víxlum útg. af stefnanda 20.11.84 (víxill kr. 440.000) og 10.4.85 (víxill kr. 300.000) og samþ. af stefnda til

greiðslu í Útvegsbanka Íslands, Reykjavík, pr. 15.1.85 (víxill kr. 440.000) og pr. 10.5.85 (víxill kr. 300.000). ...

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á l. nr. 93, 1933, 48. gr., sbr. XVII. kafla laga nr. 85, 1936, enda hafa stefndu ekki greitt skuldina þrátt fyrir innheimtutilraunir."

Stefnan var birt stefnda 9. september 1986. Af hálfu stefnda var ekki sótt þing við þingfestingu málsins 16. september 1986, og var málið þá tekið til áritunar. Hinn 6. október 1986 áritaði Unnur Gunnarsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, stefnuna á þessa leið: „Stefnukröfur máls þessa og kr. 78.800,- í málskostnað eru aðfararhæfar að liðnum 7 sólarhringum frá dagsetningu áritunar þessarar."

II.

Í áfrýjunarstefnu er ekki gerð krafa um ómerkingu og frávísun málsins frá héraðsdómi. Ber því að vísa þeirri kröfu frá Hæstarétti, sbr. 18. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Kröfu sína um sýknu styður áfrýjandi þeim rökum, að hann hafi að fullu gert upp skuldir sínar við stefnda, svo sem greini á yfirlýsingu stefnda frá 26. mars 1986, sem liggi frammi í málinu. Jafnframt hafi stefndi lofað að skila öllum pappírum og verðbréfum, sem stefndi hafði í höndum á áfrýjanda og fyrirtæki hans, en meðal skjala þessara séu hinir umstefndu víxlar. Með málsókn sinni sé stefndi því að hafa uppi rangar kröfur, þar sem engin raunveruleg skuld sé lengur að baki víxlunum.

Stefndi höfðaði mál þetta sem víxilmál samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Víxlarnir bera það ekki með sér, að þeir séu greiddir. Verður sú vörn því ekki höfð uppi í máli þessu, sbr. 208. gr. nefndra laga. Verður sýknukrafa áfrýjanda því ekki tekin til greina. Ber að staðfesta hið áfrýjaða dómsígildi og fjárnámsgerð, þó þannig, að vextir reiknast eins og í dómsorði greinir.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda 70.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða áritun á áskorunarstefnu á að vera óröskuð svo og hið áfrýjaða fjárnám að öðru leyti en því, að frá l. mars

1986 til 1. desember 1988 greiði áfrýjandi, Jóhann Þórir Jónsson, stefnda, Markúsi Jóhannssyni, 27% ársvexti af hinni tildæmdu fjárhæð, en 24% ársvexti frá þeim degi til 1. janúar 1989, 21,6% ársvexti frá þeim degi til 1. mars 1989, 24% ársvexti frá þeim degi til 1. apríl 1989, 27% ársvexti frá þeim degi til 1. apríl 1990, 26% ársvexti frá þeim degi til 1. maí 1990, 23% ársvexti frá þeim degi til 1. september 1990, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, þó eigi hærri en 27% ársvexti.

Áfrýjandi greiði stefnda 70.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Fjárnámsendurrit.

Ár 1987, miðvikudaginn 28. janúar, er fógetaréttur Reykjavíkur settur að Meistaravöllum 5 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta, Önnu M. Karlsdóttur, með undirrituðum vottum.

Fyrir er tekið: Málið A-904/1987: Markús Jóhannsson gegn Jóhanni Þóri Jónssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1, gerðarbeiðni, nr. 2, aðfararhæfa áskorunarstefnu.

Nr. 1-2 fylgir með í ljósriti.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Valgarður Sigurðsson hdl. og krefst fjárnáms fyrir kr. 740.000 með 2,75% mánaðarv. af kr. 440.000 frá 15.1.1985 til 1.2.1985, 3,75% f.þ.d.t. 1.3.1985, 4% f.þ.d.t. 10.5.1985, af kr. 740.000 f.þ.d.t. 1.6.1985, 3,5% f.þ.d.t. 1.9.1985, 3,75% f.þ.d.t. 1.3.1985, en 2,25% frá þeim degi til greiðsludags, kr. 78.800 í málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ, kr. 1.270 fyrir gerðarbeiðni auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli býr hér, en er ekki viðstaddur, en fyrir hann mætir að tilhl. fóg. Kolbrún Jónsdóttir. Áminnt um sannsögli kveðst hún ekki geta greitt.

Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda gerir fógeti fjárnám í eignarhluta gerðarþola í Meistaravöllum 5.

Fógeti skýrir þýðingu gerðarinnar og brýnir fyrir mættum að skýra gerðarþola frá gerðinni.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Föstudaginn 5. október 1990.

Nr. 123/1988. **Jóhann Þórir Jónsson**
og
Tímaritið Skák
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Markúsi Jóhannssyni
(Hákon Árnason hrl.).

Víxilmál. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason og Gunnar M. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. maí 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 18. apríl 1988 samkvæmt heimild í 4. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Dómkröfur áfrýjenda eru þær aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnda. Þá krefjast þeir þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi og að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur og hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði staðfest. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Í áfrýjunarstefnu er ekki gerð krafa um ómerkingu og frávísun málsins frá héraðsdómi. Ber því að vísa þeirri kröfu frá Hæstarétti, sbr. 18. gr. laga nr. 75/1973.

Áfrýjendur halda því fram, að boðun héraðsdómara til lögmanna aðila til þinghalds í málinu 24. október 1986 hafi verið gölluð að því leyti, að í henni hafi ekki verið tilgreint, hvar málið skyldi tekið fyrir. Af þingsókn af hálfu áfrýjenda hafi því ekki orðið, þegar héraðsdómari tók málið fyrir greindan dag. Beri því að vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar frá og með þinghaldi nefndan dag.

Mál þetta var þingfest 16. september 1986 á bæjarþingi Reykjavíkur að Túngötu 14 hér í borg. Áfrýjendur létu þá sækja dómþing

í málinu og fengu frest til 30. sama mánaðar til þess að skila greinargerð. Skilaði lögmaður áfrýjenda í héraði greinargerð þann dag, og fengu lögmenn aðila því næst frest um óákveðinn tíma til öflunar gagna. Héraðsdómarinn, sem er borgardómari í Reykjavík og hefur skrifstofu að Túngötu 14, boðaði lögmann áfrýjenda í héraði til þinghaldsins 24. október 1986 með símskeyti 17. sama mánaðar. Viðurkennt er, að lögmanninum barst símskeytið í hendur. Mátti honum vera ljóst, að málið skyldi tekið fyrir að Túngötu 14, þar sem ekki var annað tekið fram. Krafa áfrýjenda um heimvísun málsins verður því ekki tekin til greina.

Kröfu sína um sýknu styðja áfrýjendur þeim rökum, að þeir hafi að fullu gert upp skuldir sínar við stefnda, svo sem greini í yfirlýsingu stefnda frá 26. mars 1986, sem liggi frammi í málinu. Jafnframt hafi stefndi lofað að skila öllum pappírum og verðbréfum, sem stefndi hafði í höndum á Jóhann Þóri og fyrirtæki hans, en meðal skjala þessara séu hinir umstefndu víxlar. Með málsókn sinni sé stefndi því að hafa uppi rangar kröfur, þar sem engin raunveruleg skuld sé lengur að baki víxlunum.

Stefndi höfðaði mál þetta sem víxilmál samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Víxlarnir bera það ekki með sér, að þeir séu greiddir. Verður sú vörn því ekki höfð uppi í máli þessu, sbr. 208. gr. nefndra laga. Verður sýknukrafa áfrýjenda því ekki tekin til greina. Ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm svo og hina áfrýjuðu fjárnámsgerð, þó þannig, að vextir frá 1. apríl 1986 reiknast eins og í dómsorði greinir. Eftir þessum úrslitum ber áfrýjendum að greiða stefnda 70.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður svo og hin áfrýjaða fjárnámsgerð að öðru leyti en því, að frá 1. apríl 1986 til 1. desember 1988 greiði áfrýjendur, Jóhann Þórir Jónsson og Tímaritið Skák, stefnda, Markúsi Jóhannssyni, 27% ársvexti af hinni tildæmdu fjárhæð, en 24% ársvexti frá þeim degi til 1. janúar 1989, 21,6% ársvexti frá þeim degi til 1. mars 1989, 24% ársvexti frá þeim degi til 1. apríl 1989, 27% ársvexti frá

þeim degi til 1. apríl 1990, 26% ársvexti frá þeim degi til 1. maí 1990, 23% ársvexti frá þeim degi til 1. september 1990, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, þó eigi hærri en 27% ársvexti.

Áfrýjendur greiði stefnda 70.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. október 1986.

Ár 1986, föstudaginn 24. október, er lagður svohljóðandi dómur á málið nr. 20793/1986: Markús Jóhannsson gegn Jóhanni Þ. Jónssyni, Tímaritinu Skák og Skákprenti, á bæjarþingi Reykjavíkur.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, hefur Markús Jóhannsson, 6489-1855, Hringbraut 25, Hafnarfirði, höfðað fyrir dóminum með áskorunarstefnu, birtri 9. september 1986, á hendur Jóhanni Þóri Jónssyni, 4980-0150, Meistaravöllum 5, Reykjavík, persónulega og f.h. Tímaritsins Skákar, 8135-1307, sama stað, og Skákprenti, 8153-1315, sama stað, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 330.000, með 3,75% mánaðarvöxtum frá 10. september 1985 til 1. mars 1986, með 2,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, en með 2,25% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Skuld þessi er samkvæmt tveimur víxlum, útgefnum af stefnda Jóhanni Þóri f.h. Skákprents þann 2. ágúst 1985, hvorum að fjárhæð kr. 165.000, og samþykktum af stefnda f.h. Tímaritsins Skákar til greiðslu í Útvegsbanka Íslands, Reykjavík, þann 10. september 1985. Víxlarnir eru ábektir af útgefanda, stefnanda og Borgarprenti. Stefnandi kveður Borgarprent hafa framselt sér víxlana, en samkvæmt vottorði Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis á víxlunum hafa þeir verið innleystir af stefnanda þann 13. nóvember 1985.

Af hálfu hinna stefndu hefur verið sótt þing í málinu og haldið uppi vörnum byggðum á því, að víxlarnir séu greiddir. Málinu hefur verið vikið til almennrar meðferðar, en þingsókn síðan fallið niður af hálfu stefndu. Stefnandi hefur gert þá breytingu á kröfugerð sinni, að hann krefst nú einungis dóms yfir stefnda Jóhanni Þóri Jónssyni persónulega og f.h. Tímaritsins Skákar. Samkvæmt 2. mgr. 118. gr. laga 85/1936 er mál þetta dæmt eftir framkomnum kröfum og skilríkjum og með tilliti til þess, sem fram hefur komið af hálfu verjanda. Stefnandi hefur lagt fram frumrit víxlanna með formlega löglegri heimild sér til handa. Víxlarnir bera ekki með sér,

að þeir séu greiddir. Vörn byggð á greiðslu, sem ekki kemur fram á víxli, kemst samkvæmt 208. gr. laga 85/1936 ekki að í víxilmáli. Samkvæmt þessu þykir bera að fallast á allar kröfur stefnanda.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 40.000.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Jóhann Þórir Jónsson og Tímaritið Skák, greiði stefnanda, Markúsi Jóhannssyni, kr. 330.000 með 3,75% mánaðarvöxtum frá 10. september 1985 til 1. mars 1986, með 2,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, en með 2,25% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 40.000 í málskostnað.

Fjárnámsendurrit.

Ár 1987, miðvikudaginn 28. janúar, er fógetaréttur Reykjavíkur settur að Meistaravöllum 5 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta, Önnu M. Karlsdóttur, með undirrituðum vottum.

Fyrir er tekið: Málið A-905/1987: Markús Jóhannsson gegn Jóhanni Þ. Jónssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1, gerðarbeiðni, nr. 2, birtan dóm bæjarþings Reykjavíkur í málinu nr. 20793/1986. Nr. 1-2 fylgir í ljósriti.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Valgarður Sigurðsson og krefst fjárnáms fyrir kr. 15.434 með 3,75% mánaðarv. frá 10.9.1985 til 1.3.1986, 2,75% f.þ.d.t. 1.4.1986, en 2,25% frá þeim degi til greiðsludags, endurrits- og birtingarkostnaðar, kr. 740, kr. 40.000 í málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ, kr. 1.270 fyrir gerðarbeiðni auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli býr hér, en er ekki viðstaddur, en fyrir hann mætir að tilhl. fóg. Kolbrún Jónsdóttir. Áminnt um sannsögli kveðst hún ekki geta greitt.

Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda gerir fógeti fjárnám í eign/arhluta gerðarþola í Meistaravöllum 5.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrir þýðingu gerðarinnar og brýnir fyrir mættum að skýra gerðarþola frá gerðinni.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Mánudaginn 8. október 1990.

Nr. 352/1990. **Ákæruvaldið**

gegn

Bjarka Sigurjóni Tryggvasyni.

Kærumál. Bráðabirgðaökuleyfissvipting staðfest. Lögregla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason.

Varnaraðili hefur skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með bókun í sakadómi Húnavatnssýslu 25. september 1990 samkvæmt heimild í 1. mgr. 103. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Málið barst Hæstarétti 28. september. Varnaraðili krefst þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Húnavatnssýslu 25. september 1990.

Ár 1990, þriðjudaginn 25. september, er á dómþingi sakadóms Húnavatnssýslu, sem háð er í skrifstofu dómsins að Hafnarstræti 107, Akureyri, af Ólafi Ólafssyni, settum héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málavextir eru sem hér segir:

Mánudaginn 24. september 1990 kl. 16.25 var lögreglunni í Húnavatnssýslu tilkynnt um undarlegt aksturslag Benz-bifreiðar vestan (sic) Blönduóss.

Samkvæmt skýrslu Kristjáns Þorbjörnssonar aðalvarðstjóra var ökumanni Benz-bifreiðarinnar Ö-10551 gefið stöðvunarmerki með ljós- og hljóðmerkjum lögreglubifreiðar við býlið Skinnastaði. Var lögreglubifreiðin þá á miðri akbraut, en þrátt fyrir það ók ökumaður Ö-10551 rakleitt fram hjá. Var bifreiðinni þegar veitt eftirför og ekið með allt að 144 km hraða miðað við klst., án þess að saman drægi með bifreiðunum. Lögreglan fylgdi ofangreindri bifreið eftir þjóðvegi 1, án hljóð- og ljósmerkja, m.a. um Blönduósbæ og Langadal. Samkvæmt nefndri skýrslu dró ökumaður

bifreiðarinnar Ö-10551 verulega úr ökuhraðanum, er hann ók um Blönduós og fram Langadal, en þar gerðist aksturslag hans allskrykkjótt.

Við býlið Björnólfsstaði var lögreglubifreiðinni ekið fram úr bifreiðinni Ö-10551 og ökumanni hennar jafnframt gefið stöðvunarmerki með ljós- og hljóðmerkjum. Skömmu síðar tókst lögreglu að stöðva akstur ökumannsins þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hans til að aka fram úr lögreglubifreiðinni.

Samkvæmt lögregluskýrslunni var ökumaðurinn, Bjarki Sigurjón Tryggvason, Hamarsstíg 29, Akureyri, fæddur árið 1947, færður yfir í lögreglubifreiðina, en áður hafði lögreglan slökkt á hreyfli bifreiðar hans.

Kærði, Bjarki Sigurjón, neitaði að hafa ekið bifreiðinni. Verulega áfengislykt lagði frá vitum hans. Þá var jafnvægi hans óstöðugt og framburður ruglingslegur. Var hann færður í fangageymslu lögreglunnar í Húnavatnssýslu kl. 17.10.

Sama dag kl. 22.00 var kærði yfirheyrður um ætlaðan ölvunarakstur. Aðspurður neitaði kærði að hafa ekið bifreiðinni Ö-10551. Tilnefndi hann ónafngreindan aðila, er hefði ekið bifreið hans frá Reykjavík fyrr um daginn, norður þjóðveg nr. 1 og allt þar til lögreglan stöðvaði akstur bifreiðarinnar í Langadal. Kærði kvað þennan aðila hafa stokkið úr bifreiðinni, rétt áður en lögregluna bar að.

Kærða var birt ákvörðun lögreglunnar í Húnavatnssýslu um sviptingu ökuleyfis til bráðabirgða, dags. í dag, 25. september 1990, kl. 10.02 vegna grunar um ölvunarakstur og að hafa eigi sinnt stöðvunarmerkjum lögreglu. Kærði óskaði úrskurðar dómara um réttmæti þessarar ákvörðunar.

Málsgögn þessa máls bárust dómara nú í dag, þ. á m. vitnaskýrsla Ellerts Björns Svavarssonar, héraðslögreglumanns á Blönduósi. Í skýrslu vitnisins segir, að það hafi verið á lögreglustöðinni á Blönduósi þann 24. þ.m., er tilkynning barst um undarlegan akstur bifreiðar, er væri á leið til bæjarins. Skömmu síðar kvaðst vitnið hafa ekið á eigin bifreið suður fyrir bæinn og þá mætt grænni Benz-bifreið og skömmu síðar lögreglubifreið. Vitnið kvaðst hafa veitt Benz-bifreiðinni sérstaka athygli vegna áðurgreindrar tilkynningar og séð, að ökumaðurinn var einsamall í bifreiðinni. Nokkru síðar kvaðst vitnið hafa þekkt ökumanninn fyrir sama aðila og Kristján Þorbjörnsson aðalvarðstjóri kom með í handjárnum á lögreglustöðina á Blönduósi.

Samkvæmt sakavottorði kærða hefur hann frá 1970 tvisvar gengist undir dómsátt vegna ölvunaraksturs og tvisvar hlotið refsidóm fyrir sams konar brot. Þá hefur kærði fjórum sinnum gengist undir dómsátt vegna annarra umferðarlagabrota.

Með hliðsjón af framansögðu og þegar virt eru þau gögn, sem nú liggja fyrir, þykja ekki efni til að verða við kröfu um, að felld verði úr gildi

ákvörðun sýslumannsins í Húnavatnssýslu að svipta Bjarka Sigurjón Tryggvason ökuréttindum til bráðabirgða, og verður hún staðfest.

Úrskurðarorð:

Ákvörðun sýslumannsins í Húnavatnssýslu frá 25. september 1990 um að svipta Bjarka Sigurjón Tryggvason ökuréttindum til bráðabirgða er staðfest.

Mánudaginn 8. október 1990.

Nr. 302/1987. **Biskupinn yfir Íslandi vegna kirkjuráðs f.h. þjóðkirkju Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**
(Jón Örn Ingólfsson hdl.)
gegn
Gunnari Jóhannessyni, Sigríði Gyðu Sigurðardóttur og dánarbúi Vigdísar Árnadóttur
(Páll Arnór Pálsson hrl.).

Landamerki.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.


Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. október 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 23. september 1987 samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Þeir gera þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig, ,,að mörk Skálholts og Hamra verði ákveðin miðlína í farvegi Brúarár miðað við 50 m hæðarlínu, eins og hún er mörkuð á uppdrætti á hdskj. 81, og liggi frá punktinum C milli Hjarðarneshólma og Hjarðarness í punktinn D í Hvítá. Mörk Skálholts og Fjalls séu síðan dregin úr þeim punkti eftir miðlínu Hvítár". Þá krefjast áfrýjendur þess, að stefndu verði dæmd til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Í báðum tilvikum krefjast þau málskostnaðar fyrir Hæstarétti in solidum úr hendi áfrýjenda.

Vigdís Árnadóttir lést eftir uppkvaðningu héraðsdóms, eftir því sem upplýst var við flutning málsins fyrir Hæstarétti, og hefur dánarbú hennar tekið við málsaðild.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Kröfu sína um, að vísa beri málinu frá Hæstarétti, byggja stefndu í fyrsta lagi á því, að áfrýjunarstefna hafi verið gefin út, er liðnar voru fjórar vikur frá útgáfu áfrýjunarleyfis. Þá er frávísunarkrafan



Ármót Brúarár og Hvítár í Árnessýslu

Á þennan hluta af korti raforkumálastjóra nr. 3939-03, Hestvatn, er fært eftirfarandi:

1. Takmörk farvega Brúarár og Hvítár
2. Örnefnin Skálholtstunga, Hjarðarnestangi og Langatangagil
3. Stefna frá Hjarðarnesi að Mosfellskirkju, lína A B
4. Miðlínur Brúarár- og Hvítárfarvega
5. Dómlína héraðsdóms í landamerkjamáli nr. 21/1976 í landamerkjadómi Árnessýslu, lína C D E

1:5000

Ekv.1m.

Þetta er 4. frumrit, gert í desember 1986 af Ragnari Árnasyni, verkfr.

RAFORKUMÁLASTJÓRI		Landmælingar
1 : 5000	3939	03
1m	Hestvatn	
Mælt: 1960	Teiknað 1961 Wideroe	

einnig byggð á því, að ekki hafi verið farið eftir fyrirmælum í áfrýjunarleyfi um að reka málið með hæfilegum hraða og án óþarfs dráttar. Hafi áfrýjendur því fyrirgert áfrýjunarheimild. Þá er frávísunarkrafan að lokum byggð á því, að áfrýjunarleyfis sé ekki getið í meginmáli áfrýjunarstefnu.

Af hálfu áfrýjenda er því haldið fram, að engir þeir gallar séu á málatilbúnaði þeirra, sem valdi því, að vísa beri málinu frá Hæstarétti.

Áfrýjunarstefna í máli þessu var gefin út 21. október 1987, og voru þá ekki liðnar 4 vikur frá útgáfu áfrýjunarleyfis 23. september 1987. Áfrýjunarleyfis var að vísu ekki getið í meginmáli áfrýjunarstefnu, en við útgáfu stefnunnar hefur hæstaréttarritari ritað á hana, að áfrýjunarleyfi hafi verið sýnt. Þykir þetta atriði ekki eiga að valda frávísun málsins. Ekki er fram komið, að óhæfilegur dráttur hafi orðið á rekstri málsins af hálfu áfrýjenda.

Samkvæmt þessu verður frávísunarkrafa stefndu ekki tekin til greina.

Ágreiningi aðila máls þessa ber að ráða til lykta á grundvelli þess, sem segir í landamerkjabók, og ráða því Hvítá og Brúará merkjum. Af matsgerð Hauks Tómassonar og Pálma R. Pálmasonar verður ráðið, að þrætusvæðið er víðlent, og dreifast árnar um það með breytilegum hætti milli gróinna bakka. Ber að ákveða merki eftir 3. gr. vatnalaga nr. 15/1923 og taka jafnframt mið af þeirri meginreglu, sem fram kemur í 5. gr. laganna. Verður hver botndepill því talinn heyra til þeim bakka, sem hann er næstur. Lína, sem dregin er með þetta í huga, er lítið eitt nær Skálholtslandi en merkjalína héraðsdóms. Þar sem stefndu fyrir Hæstarétti krefjast þess, að hann verði staðfestur, ber að gera það um annað en málskostnað.

Það athugast, að uppdráttur sá, sem merkjalína héraðsdóms er mörkuð á, er dskj. nr. 88, en ekki nr. 87, svo sem misritast hefur í héraðsdómi.

Áfrýjendum ber að greiða stefndu málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 400.000 krónur.

Dómsorð:

Landamerki jarðanna Skálholts og Hamra er línan C-D-E á uppdrætti Ragnars Árnasonar verkfræðings á dómskjali nr. 88.

Áfrýjendur, biskupinn yfir Íslandi vegna kirkjuráðs f.h. þjóðkirkju Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði stefndu, Gunnari Jóhannessyni, Sigríði Gyðu Sigurðardóttur og dánarbúi Vigdísar Árnadóttur, samtals 400.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur landamerkjadóms Árnessýslu 23. desember 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 3. þessa mánaðar, var höfðað með stefnu, útgefinni 9. apríl 1976 og þingfestri í landamerkjadómi Árnessýslu þann 27. apríl 1976.

Málið var dæmt í héraði þann 21. október 1979, en með dómi Hæstaréttar þann 21. október 1982 var málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Sóknaraðilar eru Gunnar Jóhannesson, Hömrum, Grímsnesi, Vigdís Ingibjörg Árnadóttir, Eyrarbakka, og Sigríður Gyða Sigurðardóttir, Þorlákshöfn, en þau eru eigendur jarðarinnar Hamra í Grímsneshreppi.

Varnaraðilar eru biskup Íslands vegna kirkjuráðs f.h. þjóðkirkju Íslands, sem er eigandi jarðarinnar Skálholts í Biskupstungum, og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Dómkröfur sóknaraðila eru þessar:

„Að mörk jarðanna Hamra og Skálholts verði miðlína Brúarárfarvegar eins og hún er sýnd með upphafspunkti A á uppdrætti á dskj. nr. 79 og áfram út í miðjan Hvítárfarveg jafnlangt frá bökkum jarðanna eins og merkt er með áframhaldandi línu í punktalínu B á sama skjali. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum." Þá féll talsmaður sóknaraðila frá kröfum á hendur fjármálaráðherra nema um málskostnað, en hann krefst þess, að varnaraðilar verði dæmdir til að greiða málskostnað in solidum.

Dómkröfur varnaraðila eru þær, að mörk Skálholts og Hamra verði ákveðin miðlína í farvegi Brúarár miðað við 50 metra hæðarlínu, eins og hún er mörkuð á uppdrætti á dskj. nr. 81, og liggi frá punkti merktum C á dskj. nr. 81 milli Hjarðarneshólma og Hjarðarness í punkt merktan D í Hvítá. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi sóknaraðila eftir mati dómsins.

Í þinghaldi 17. október sl. og 21. október sl. var eigendum jarðanna Fjalls I og II í Skeiðahreppi og jarðarinnar Sólheima í Grímsnesi gefinn kostur á að gerast aðilar að máli þessu.

Talsmenn eigenda lýstu því, að þeir hefðu ekki hug á að gerast aðilar að máli þessu.

Málavextir.

Stefnendur lýsa málavöxtum svo í stefnu: „Til máls þessa er stofnað til þess að leysa úr þrætu, sem nýlega hefur risið á milli eigenda jarðanna Skálholts í Biskupstungnahreppi og Hamra í Grímsneshreppi um eignarráð yfir Hjarðarneshólma. Jarðeigendur Hamra hafa stundað veiði og leigt út veiði fyrir landi sínu í Brúará og Hvítá svo lengi sem sögur fara af.

Stangaveiðimönnum, er leigt hafa veiðiréttindi af landeigendum, varð nokkuð bilt við sumarið 1974, er það kom í ljós, að stangaveiðimenn á vegum Skálholtseiganda tóku sér stöðu í hólma nokkrum í ánni, Hjarðarneshólma, og köstuðu færum sínum á veiðistrenginn þeim megin frá, svo að segja ofan í veiðitilraunir hinna fyrrnefndu.

Þetta þótti eigendum Hamra hart að þola, vegna þess að þeir vissu ekki betur en að hólmi þessi væri allnokkuð innan landamerkjalínunnar á milli Skálholts og Hamra. Kvartað var yfir þessu ofríki af hálfu eigenda Hamra, en engin leiðrétting fékkst.

Fimmtudaginn 13. mars 1975 gengu eigendur Hamra á fund biskups Íslands, hr. Sigurbjarnar Einarssonar, og tjáðu sig um ágreiningsmálið, það er leigu Skálholts á Hjarðarneshólma í Hvítá við land Hamra til laxveiði.

Að ósk biskups rituðu eigendur Hamra kirkjuráði bréf hinn 1. apríl 1975 og áréttuðu þar samtalið, en þar kom fram, að eigendur Hamra héldu Hjarðarneshólma vera í landi Hamra og tilgreindu fyrir því margar ástæður.

Í svarbréfi biskups, dags. 16.5.1975, segir, að það sé álit fyrrverandi ábúenda í Skálholti, Jóns Gunnlaugssonar og Jörundar Brynjólfssonar, að nefndur hólmi hafi aldrei verið talinn til annarrar jarðar en Skálholts né nytjaður af öðrum en Skálholtsbændum. Hið sama segi Sigurður Skúlason, mag. art., sem sé fæddur í Skálholti og hafi dvalist þar til fullorðinsára.

Í landamerkjabók Árnessýslu er landamerkjum Hamra lýst þannig: „..... svo ræður að austan Hvítá og Brúará til áðurnefnds Langatangagils". Lýsing þessi er frá 16. maí 1884.

Í sömu bók er landamerkjum Skálholts lýst þannig: „..... að vestan og sunnan kringum Skálholtstungu og kvað ráða báðar árnar Brúará og Hvítá ....."

Lýsing þessi er frá 22. ágúst 1804.

Dómurinn lagði fyrir talsmenn aðila að kanna rækilega, hvort einhverjar heimildir væri að finna, annaðhvort prentaðar eða í Þjóðskjala- eða Landsbókasafni, svo sem Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, biskupavísitasíur 19. og 20. aldar, Fornbréfasafn, jarðaskjöl Þjóðskjalasafns og fleira, sem ekki þykir ástæða til að telja upp hér.

Könnun þessi hefur ekkert leitt í ljós um eignarrétt að umræddum hólma eða um landamerki jarðanna Skálholts og Hamra fram yfir það, sem greinir

í framangreindum landamerkjalýsingum. Þá liggja frammi í málinu fjölmörg vottorð, sem öll lýsa því, að vottorðsgefendur viti ekki til annars en að Hjarðarneshólmi sé og hafi verið eign Hamra. Tíu þeirra hafa komið fyrir dóm og staðfest vottorð sín.

Þá liggja frammi vottorð Jóns Gunnlaugssonar, fyrrverandi deildarstjóra í Stjórnarráði og áður ábúanda í Skálholti, Jörundar Brynjólfssonar, er áður bjó í Skálholti, svo og Sigurðar Skúlasonar. Jón hefur komið fyrir dóminn og staðfest vottorð sitt, en hinir ekki. Vottorð þessi lúta að því, að Hjarðarneshólmi tilheyri Skálholti, eftir því sem þeir viti best. Um nýtingu hólmans segja vottorðsgjafar þeir, er síðast voru nefndir, ekkert utan það, að Jón Gunnlaugsson kveðst hafa heyrt, að hann hafi verið nytjaður lítið, en þó eitthvað. Um það, hvort hann hafi verið nýttur af Hamramönnum, kvaðst hann ekkert vita.

Enginn vottorðsgjafa úr Grímsneshreppi kvaðst vita um, að hólminn hefði verið nýttur frá Hömrum, utan Sigríður Bjarnadóttir, móðir stefnanda Gunnars Jóhannessonar, og Ingibjörg Kristinsdóttir stefnandi. Kváðu þær fugl hafa verið rændan í hólmanum.

Þá liggur frammi á dskj. nr. 23 grein Sigurðar Skúlasonar: Nokkur örnefni í Skálholtslandi.

Þar segir um Hjarðarneshólma: „10. Hjarðarneshólmi. Þetta örnefni bendir til þess, að syðsti oddi Skálholtstungu hafi fyrrum heitið Hjarðarnes, þótt eigi sé það örnefni lengur kunnugt."

Í málinu liggja fyrir skýrslur um, að veitt hafi verið úr Hólmanum á stöng, bæði veiðimenn úr landi Hamra og nú hin síðari ár úr landi Skálholts.

Af hálfu varnaraðila hefur verið lagt fram á dskj. nr. 13 álit Jóns Jónssonar jarðfræðings, nefnt „Nokkrar athugasemdir varðandi Hjarðarneshólma í Hvítá".

Í álitsgerð þessari er gengið út frá því, að miðlína straumvatns ráði merkjum, og hljóti mörk Biskupstungna og Grímsneshrepps að liggja um Brúará miðja, enda skilji Hvítá hvergi þessa hreppa, þar eð hún renni austan við þá báða. Þá rennur Brúará vestan Hjarðarneshólma og hafi sannanlega gert það sl. 30 ár, svo sem sjá megi af loftmyndum á dskj. 14 a-c.

Niðurstaða jarðfræðingsins er sú, að Hjarðarneshólmi sé í Hvítá, Brúará skilji Grímsnes og Biskupstungur og Brúará renni öll vestan Hjarðarneshólma. Sé því hólminn í Biskupstungum og tilheyri þar með Skálholti.

Jón Jónsson jarðfræðingur, f. 3.10.1910, til heimilis að Smáraflöt 42, Garðabæ, hefur komið fyrir dóminn og staðfest ofangreinda álitsgerð.

Aðspurður kvað hann straummót ánna miðað við meðalrennsli vera fyrir neðan Hjarðarneshólma.

Vitnið sagði, að erfitt væri að segja, hver séu nú vesturmörk farvegar Hvítár vegna uppblásturs, en að fornu taldi vitnið langlíklegast, að þau hefðu verið sunnan við hólmann. Hvítá hafi runnið nær Vörðufelli til að byrja með og færst vestur, eftir að hafa hlaðið undir sig, og hafi hún þrýst Brúará vestar.

Aðspurt kvað vitnið bakkalínu Skálholtstungu frá norðaustri til suðurs vera bakkalínu Hvítár að undanteknu því, sem uppblástur kann að hafa valdið, þannig að svæðið, sem Hvítá flæðir yfir í flóðum, hefur breikkað. Vitnið ítrekaði, að meginvatnamót ánna séu neðan hólmans, enda þótt vatnið byrji að blandast norðvestan við hólmann.

Í þinghaldi þann 18. júlí 1969 kvaddi sýslumaður í Árnessýslu þá Pál Hafstað fulltrúa og Sigurjón Rist vatnafræðing til þess að meta m.a., hvað telja skuli ós Brúarár skv. lögum um lax- og silungsveiði.

Matsgerð hinna dómkvöddu manna liggur frammi á dskj. nr. 22, lögðu fram af varnaraðila. Þar segir svo: „Við ármótin á hægri bakka Brúarár er Hjarðarnes sem endar í greinilegu klapparnefi, sem skagar út í ána. Frá veiðihúsi Baldurs Eyþórssonar og félaga eru 76,5 m út í nestána. Gegnt Hjarðarnesi er Hjarðarneshólmi, sem umleikinn er af straumvatni Hvítár, aðeins lítil kvísl fer vestan hólmans við meðalrennsli ánna. Hjarðarneshólmi verður því að teljast vera í Hvítá.

Samkvæmt 1. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 53 frá 1957, úrskurðum við að ós Brúarár sé um markalínu frá áðurnefndu klapparnefi á Hjarðarnestá, til norðurs í stefnu á Mosfellskirkju, vestan Hjarðarneshólma ....."

Matsgerð þessi er dagsett 30. júlí 1969. Annar matsmanna, Sigurjón Rist vatnamælingamaður, f. 29.8.1917, til heimilis að Skriðustekk 4, Reykjavík, hefur komið fyrir dóminn.

Hann staðfestir matsgerðina. Gerði hann nánari grein fyrir því, hvernig þeir matsmenn hefðu komist að niðurstöðu um, hvar ósinn væri. Vitnið kvaðst aðspurt telja hreppamörk Biskupstungna- og Grímsneshreppa rétt merkt inn á dskj. nr. 10-11 og minntist þess, frá því er hann var við dýptarmælingu á þessum slóðum árið 1960, að hafa komið í „þriggja hreppa punktinn" og að hann væri vel kunnugur þessu svæði. Í þinghaldi þann 23. október 1978 gerði dómurinn svofellda ályktun:

„Lagt er fyrir umboðsmenn aðila að afla eftirtalinna gagna:

1. Sérfræðilegrar álitsgerðar um, hver nú teljist eðlileg landfræðileg mót (mörk) árfarvega Hvítár og Brúarár og hvort og á hvern hátt þessi mót kunni að hafa tekið breytingum í höfuðdráttum.

2. Sérfræðilegrar álitsgerðar um, hvar straumar umræddra áa sameinist, miðað við meðalrennsli þeirra, og hvort slík straummót hafi tekið breytingum og þá hverjum.

3. Uppdráttar af vettvangi, þar sem fram komi helstu kennileiti ásamt

straummótum og miðlínum árfarvega, eins og sérfræðingar hyggja þau vera samkvæmt framansögðu.

4. Freista skal þess að finna skjalleg gögn um eignarheimildir að nefndum hólma.

Í þinghaldi þann 8. maí sl. fór umboðsmaður sóknaraðila þess á leit við dóminn, að dómkvaddir yrðu 2 hæfir og óvilhallir menn til þess að kveða á um þau atriði, er getur í liðum 1-3 í framangreindri bókun. Í því sama þinghaldi kvaddi dómurinn þá Hauk Tómasson jarðfræðing og Pálma R. Pálmason verkfræðing til að framkvæma umbeðið matsverk, og var óundirrituð og ódagsett matsgerð þeirra lögð fram í þinghaldi þann 9. sept. sl. ásamt fylgiskjölum. Í álitsgerðinni á dskj. nr. 48 segir svo:

„II. *Brot úr jarðsögu svæðisins.*

Í lok ísaldar hér á landi fyrir u.þ.b. 10 þús. árum var landslag í uppsveitum Árnessýslu harla ólíkt því sem nú er. Þar sem í dag heita Skeið var land tugum metra lægra og rann Hvítá austan Vörðufells, en Brúará og Hvítá sameinuðust einhvers staðar við Hestfjall. Fyrir u.þ.b. 7 þús. árum rann svo meiri háttar hraun sk. Tungnárhraun (THb) um hluta svæðisins og allt fram í sjó. Hraun þetta stíflaði farveg Hvítár austan Vörðufells og myndaðist norðan hraunsins stöðuvatn, sem náði langt norður fyrir Vörðufell (allt upp að Bræðratungu). Stöðuvatn þetta klofnaði í tvo aðalhluta um Iðu og lá vestari hlutinn þaðan og niður undir Hestfjall þar sem frárennsli vatnsins var. Hvítá og Brúará höfðu í upphafi hvor sinn ós út í vatnið, sem smám saman fylltist og þá í fyrstu einkum austurhlutinn.

Hin miklu öskugos úr Heklu fyrir 4500 árum (H4) og 2800 árum (H3) dreifðust mjög yfir vatnasvið Hvítár, sem síðan flutti efnið í mjög stórum stíl í áðurnefnt vatn. Ekki er ljóst hvenær vatnið fylltist alveg af aur, en öruggt má telja að það varð eftir H3 Heklugosið, en eftir að vatnið hvarf sem slíkt runnu árnar eftir aurunum.

III. *Ástand ánna nú.*

Mikill aurburður hefur lengi verið í Hvítá og áin því þurft töluverðan halla til rennslis og mun meiri en Brúará. Hvítá hefur því haft tilhneigingu til þess að hrekja Brúará til vesturs, að vesturlandi fyrrnefnds stöðuvatns og jafnvel valdið því að Brúará svarf þar af landi. Fyrst eftir að stöðuvatnið fylltist af aur munu ármótin hafa verið undan Reykjanesi og Hvítá þá leikið um aurana austur og suður þaðan.

Við samverkun árinnar, þ.e. aurs, sem hún skildi eftir, og vinda hefur byggst upp foksandsgarður milli ánna sem upphaf þess sem nú heitir Skálholtstunga. Frá þessum garði við Hvítá hallar að Brúará sem frá Reykjanesi liggur lægra en Hvítá þar til er þær mætast. Halli Brúarár er aðeins helmingur halla Hvítár á þessu svæði.

Ástandið er þannig nú, að Hvítá ber með sér miklu meiri aur en Brúará og þarf því mun meiri halla til rennslis. Ennfremur er vatnsmagn Hvítár miklu breytilegra en Brúarár og því er farvegur Hvítár miklu breiðari en hlutinn sem er undir vatni við venjulegt rennsli. Sá hluti farvegar Hvítár sem ekki er undir vatni er náma fyrir áframhaldandi fok í Skálholtstungnuna, og raunar að hluta til yfir í Brúará einnig. Á hinn bóginn hefur Brúará mjög lítinn aurburð a.m.k. tífalt minni en Hvítá við venjulegt rennsli, og rennur að mestu milli gróinna bakka án aura í farvegi. Þegar árnar mætast eykst aurburðargeta Brúarárvatns mjög vegna hallaaukningar, og getur Brúarárvatnið flutt miklu meiri aur en er í Brúará. Þetta kemur glöggt fram á kortum vatnamælinga, þar sem sést að Brúarárvatnið heldur „hreinum" djúpál meðfram vesturlandinu.

Í meginatriðum er því tilhneiging til þess að samrennslisstaður ánna (ármótin) flytjist niður eftir, þ.e. til suðurs. Um smávægilegar breytingar þessarar þróunar verður þó ekkert sagt nú um tíma slíkra breytinga.

IV. *Frekari svör við spurningum réttarins.*

1. Sérfræðileg álitsgerð um hver nú teljast eðlileg landfræðileg mót (mörk) árfarvegar Hvítár og Brúarár og hvort og á hvern hátt þessi mót kunni að hafa tekið breytingum í höfuðdráttum.

Árfarvegir Hvítár og Brúarár eru hinir ógrónu hlutar svæðanna sem árnar renna um, sem skiljast frá grónu í eins til tveggja metra háum stalli. Í farvegina grafast síðan álar sem breytast m.a. eftir aurburði og vatnsmagni, sbr. það sem áður er sagt um þróun farveganna.

2. Sérfræðileg álitsgerð um hvar straumur umræddra áa sameinist miðað við meðalrennsli þeirra og hvort slík straummót hafi tekið breytingum og þá hverjum.

Árnar geta sameinast hvar sem er eftir að farvegirnir koma saman og fer það m.a. eftir aurburði hvorrar um sig, en marga km. frá farvegamótunum renna árnar nánast samhliða, án verulegrar blöndunar. Fyrsta snerting úr ánum undanfarinn aldarfjórðung hafi verið rétt um Hjarðarneshólma en meginstraumar ánna hafa mæst nokkru sunnar þ.e. sunnan við Hjarðarnesið. Á þessum aldarfjórðungi hafa aðeins orðið minni háttar breytingar á samruna ánna, en sá hluti Hvítár sem snertir Brúará við Hjarðarnes virðist hafa minnkað nokkuð á þessum tíma, og kann það að vera hluti eðlilegrar langtímaþróunar.

3. Uppdrátt af vettvangi þar sem fram komi helstu kennileiti ásamt straummótum og miðlínu árfarvega eins og sérfræðingar hyggja þau vera samkvæmt framansögðu.

Meðfylgjandi er kort frá raforkumálastjóra nr. 3939-03 Hestvatn, mælt 1960. Settar eru inn stefnur á Skálholtskirkju og Mosfell ásamt

miðlínum árfarvega og straummótum skv. skýrgreiningar (sic) hér á undan."

Matsmaðurinn Haukur Tómasson jarðfræðingur, f. 14.2.1932, til heimilis að Krummahólum 8, Reykjavík, hefur komið fyrir dóminn og staðfest ofangreinda álitsgerð, en vitnið er jarðfræðingur og landmótunarfræðingur og hefur stundað rannsókn á þessu svæði vegna hugsanlegrar virkjunar Brúarár svo og við Hestvatn.

Hann kvað landfræðileg mörk árfarvega vera gróna bakka beggja vegna ánna og dró þau inn á uppdrátt á dskj. nr. 59 með grænum „tússpenna". Meginstrauma ánna taldi vitnið mætast skammt austur af Hjarðarnesi. Aðspurður um niðurstöðu matsmanna, þeirra Páls og Sigurjóns, á dskj. nr. 22 um, hvar telja bæri ós Brúarár, kvaðst hann telja hana eðlilega miðað við þær forsendur, að aðaláin hafi allan réttinn og þveráin verði að aðalánni, um leið og hún er komin út í meginfarveg aðalárinnar. Sama vildi vitnið raunar segja um skýrslu Jóns Jónssonar á dskj. nr. 13, að miðað við þær forsendur, er hann byggði á, væri niðurstaðan eðlileg.

Hins vegar taldi vitnið, að jarðeðlisfræðilega séð (sic) væru árnar að blandast á löngum kafla og skil þeirra ekki jafnskörp og greindi í álitsgerð matsmanna á dskj. nr. 22.

Lögð hefur verið fram á dskj. nr. 67 yfirlýsing Ágústs Böðvarssonar, fyrrverandi forstöðumanns Landmælinga Íslands. Þar kemur fram, að hreppamörk um Brúará, þar sem þau koma í Hvítá, hafi staðið óbreytt á kortinu, frá því það var mælt af danska herforingjaráðinu 1906, og við endurskoðun Ágústs 1948 hafi hann ekki hreyft þau, þar eð engar upplýsingar komu fram um skekkjur á þeim né kröfur um breytingar.

Ágúst hefur komið fyrir dóminn og staðfest yfirlýsingu sína. Hann kvaðst hafa fært örnefnið Hjarðarnes inn á uppdráttinn á dskj. nr. 11 samkvæmt upplýsingum frá viðkomandi bæ. Þá hefur Haukur Jörundsson, skrifstofustjóri í landbúnaðarráðuneytinu, f. 11.5.1913, komið fyrir dóminn. Hann var búsettur í Skálholti, frá því hann var 9 ára gamall og fram að tvítugu. Enginn vafi var í huga hans um, að hólminn væri í eigu Skálholts. Hann kvaðst minnast þess, að veitt var úr hólmanum aðallega með ádrætti. Hann kvaðst byggja skoðun sína um eignarhald á því, að aðstæður væru þannig, að hólminn væri venjulega umflotinn vatni úr Hvítá, sem mætti Brúará neðan hólmans.

Hann kvað aðalál Hvítár vera að austan, en hins vegar hefðu lænur verið nokkuð vítt og breitt (sic) um svæðið. Þá kvað vitnið ekki vitað til þess, að örnefnið Hjarðarnes væri í Skálholtslandi né annars staðar.

Málsástæður og lagarök.

Sóknaraðilar byggja kröfur sínar á því, að skv. 3. gr. vatnalaga nr. 1/5 1923 ráði miðlína Brúarár merkjum jarðanna að ósi hennar. Miðlínan

miðist við gróna bakka í landi Hamra annars vegar og Skálholts hins vegar. Miðlínan endi í punkti á línu, sem dregin sé, þar sem skemmst er á milli Hjarðarness og Skálholtstungu. Þaðan ráði lína, sem sé dregin áfram í miðlínu Hvítár í samræmi við meginreglu 5. gr. vatnalaga, en miðlína Hvítár sé miðuð við gróna bakka í landi Skálholts og Fjalls. Af þessu megi sjá, að Hjarðarneshólmi sé í landi Hamra.

Enn fremur sjáist greinilega á herforingjaráðskorti, að Hjarðarneshólmi sé í Grímsneshreppi, og þar sem landamerki jarða hljóti að vera hin sömu og hreppamörk, tilheyri hólminn Hamralandi.

Ós Brúarár hafi verið ákveðinn með mati árið 1969, eins og nánar sé lýst á dskj. nr. 22. Þar endi miðlína Brúarár í punkti, sem sé miðja vegu á óslínunni.

Af þessum landamerkjum sjáist, að Hjarðarneshólminn sé í landi Hamra.

Af hálfu varnaraðila er á það bent, að Hjarðarneshólminn sé hvergi nefndur í fornum gögnum. Hins vegar sýni og sanni vottorð, sem lögð hafi verið fram í málinu, svo og örnefnaskrá Sigurðar Skúlasonar, að Hjarðarneshólmi tilheyri Skálholti.

Verði ekki á þetta fallist, hljóti landamerki jarðanna tveggja, eins og þau séu skv. ákvæðum vatnalaga, að ráða úrslitum.

Varnaraðili heldur því fram, að miðlínur Brúarár og Hvítár, sem hér skipta máli, beri að miða við 50 metra hæðarlínu. Árið 1969 hafi ós Brúarár verið ákveðinn skv. lax- og silungsveiðilögum. Sú ákvörðun skipti ekki máli hér, þar sem deilan snúist um landamerki, en ekki veiðirétt. Auk þess sé matsgerðin marklaus, þar sem eigendur Skálholts hafi ekki verið boðaðir til matsins. Ós Brúarár hafi ekki verið ákveðinn skv. vatnalögunum. Um það hafi sóknaraðilar beðið, en þeirri beiðni hafi verið hafnað.

Brúará renni á milli Hjarðarness og Hjarðarneshólma og sameinist þar Hvítá, eins og skýrt komi fram á loftmyndum. Þar sé ós Brúarár, en fyrir ofan hólmann í átt að Skálholtstungu séu ármót Brúarár og Hvítár. Miðlína Brúarár ráði merkjum Hamra og Skálholts, en miðlínu árinnar beri að miða við meðalrennsli hennar. Miðlína sé því réttilega ákvörðuð, eins og fram kom á uppdrætti á dskj. nr. 81, þar sem kröfulínur varnaraðila séu markaðar, þ.e. úr punktinum C eftir farveginum miðjum milli Hjarðarness og Hjarðarneshólma út í árósinn, eins og honum hafi verið lýst að framan. Merki Hamra og Skálholts í Hvítá séu síðan áframhaldandi bein lína úr árósnum í punkt D á dskj. nr. 81, sem sé í miðjum farvegi Hvítár.

Niðurstaða.

Brúará og Hvítá skipta löndum aðila, sbr. landamerkjabréf á dskj. nr. 3 og 4. Af landamerkjabréfum þessum verður ekki ráðið, hvorri landareign-

inni Hjarðarneshólmi tilheyri, og ekki hafa verið lögð fram nein gögn í málinu, sem taka af tvímæli um það.

Er merkjum var lýst, var 56. kafli landsleigubálks Jónsbókar í gildi, en þar segir m.a. svo:

„Nú er á brýtr af annars þeirra jörd, þá á sá á er jörd átti þá sem hún braut, en hinn granda eða eyri eptir þangat til sem hon var mið medan hon rann rétt að fornu. En ef hon brýtr meirr, þá á sá er jörd átti bædi á og granda þangat til er hon var mid þá hon rann rétt."

Með vatnalögum nr. 15/1923 voru ákvæði þessi endurnýjuð, og segir m.a. svo í 3. gr. þeirra: 1. Nú skilur á eða lækur landareignir, og á þá hvor land í miðjan farveg og sé ekki vöxtur í vatni, nema önnur lögmæt skipun sé þar á gerð. 2. Eigi breytast merki, þótt farvegur breytist.

Dómurinn telur, að þessi lagaákvæði verði að leggja til grundvallar við úrlausn máls þessa.

Að tilhlutan dómsins hefur Ragnar Árnason verkfræðingur gert meðfylgjandi uppdrátt á dskj. nr. 87 af þrætusvæðinu og sett inn á hann, að fyrirsögn dómsins, þær viðmiðanir, sem máli skipta.

Ætla má samkvæmt matsgerð á dskj. nr. 48 og öðrum gögnum málsins, að Hvítá hafi þokað Brúará til vesturs og Skálholtstunga hafi þá smám saman myndast, aðallega af foksandi. Eins og staðhættir eru nú miðað við deiluefni máls þessa, er rétt að miða mót farvega Hvítár og Brúarár við línu frá Hjarðarnestanga með stefnu á Mosfellskirkju, samanber framangreindan uppdrátt. Miðja farvegar Brúarár þarna verður talin liggja samkvæmt fyrrgreindum sjónarmiðum á miðju línunnar A-B á uppdrættinum. Hins vegar er punkturinn D ákvarðaður nokkru sunnar heldur en fyrrgreindur miðjupunktur. Þetta er í samræmi við kröfugerð sóknaraðila. Frá punktinum D ber að draga hornrétta línu á línuna A-B að miðlínu Hvítár, sbr. 5. gr. vatnalaga, og er það línan D-E á meðfylgjandi uppdrætti.

Loks ber að ákveða punktinn C í miðju Brúarárfarvegar, sbr. 3. og 5. gr. vatnalaga, og ákvarðast hann á milli grasi gróinna bakka á móts við Langatangagil, eins og sýnt er á meðfylgjandi uppdrætti. Frá þeim punkti er línan C-D ákveðin samkvæmt ákvæðum 3. gr. vatnalaga eftir sömu sjónarmiðum.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma varnaraðila til að greiða sóknaraðilum málskostnað, kr. 250.000.

Allan V. Magnússon héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt Friðgeiri Björnssyni borgardómara og Stefáni M. Stefánssyni prófessor.

Dómsorð:

Landamerki jarðanna Skálholts og Hamra eru línan C-D-E á uppdrætti Ragnars Árnasonar verkfræðings á dómskjali nr. 87.

Varnaraðilar, biskup Íslands vegna kirkjuráðs f.h. þjóðkirkju Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði sóknaraðilum, Gunnari Jóhannessyni, Vigdísi Ingibjörgu Árnadóttur og Sigríði Gyðu Sigurðardóttur, óskipt kr. 250.000 í málskostnað.

Mánudaginn 8. október 1990.

Nr. 395/1989. **Hafþór Svavarsson**
gegn
Eggerti Árna Gíslasyni,
Halldóri Pálssyni og
Gunnari Þór Gíslasyni, persónulega
og f.h. Salathússins sf.

Frestur.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta úrskurða hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. október 1989. Áfrýjað er dómi bæjarþings Kópavogs 13. júlí 1989. Málið var þingfest í Hæstarétti 1. nóvember 1989, og fékk áfrýjandi þá frest til febrúar 1990. Málinu var síðan að hans ósk frestað til júní s.á. og þá enn til reglulegs þingdags í október. Er málið kom fyrir þann dag, óskaði áfrýjandi eftir fresti í tvo mánuði.

Stefndu mótmæltu frestbeiðninni. Krefjast þeir þess, að henni verði hafnað, málið hafið og sér dæmd ómaksþóknun.

Mótmæli sín styðja stefndu þeim rökum, að óhæfilegur dráttur hafi orðið á rekstri málsins fyrir Hæstarétti, þrátt fyrir það að áfrýjandi, sem er ólöglærður, hafi notið leiðbeiningar réttarins um það, hverju það varðaði, ef málinu yrði ekki fylgt eftir á réttan hátt.

Af hálfu áfrýjanda kemur fram, að hann hafi sakir ókunnugleika áttað sig of seint á því, að afla þyrfti dómsgerða, en þær hafi hann fengið í hendur á liðnu sumri. Sökum heilsubrests og bágrar fjárhagsstöðu hafi hann sótt um gjafsókn, en svar hafi ekki borist.

Fyrir Hæstarétt hefur nú verið lagt bréf dómsmálaráðherra 25. september 1990 um gjafsókn til áfrýjanda í máli þessu, og er Jón Oddsson hæstaréttarlögmaður skipaður til að flytja málið fyrir gjafsóknarhafa. Eins og málinu er nú komið, þykir rétt að veita áfrýjanda frest til ágripsgerðar og greinargerðar til reglulegs þingdags í desembermánuði 1990.

Málskostnaður verður eigi dæmur í þessum þætti málsins.

1137

Á l y k t a r o r ð:

Málinu er frestað til reglulegs þingdags í desember.

Mánudaginn 8. október 1990.

Nr. 324/1990. **Þorgeir Yngvason**

gegn

Geirlaugu Þorvaldsdóttur.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 10. júlí 1990 samkvæmt heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Dómkröfur sóknaraðila eru þessar: „Að frávísunardómurinn verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómendur að leggja efnisdóm á málið. Til vara: Að frávísun verði úr gildi felld og lagt verði fyrir héraðsdómendur að kveða upp gagnaöflunarúrskurð skv. 120. gr. laga nr. 85/1936 þar sem skýrt kæmi fram hverra gagna dómurinn telur þörf á svo að kveða megi upp efnisdóm. Loks er krafist hæfilegs kærumálskostnaðar að mati Hæstaréttar."

Varnaraðili hefur ekki sent Hæstarétti kröfur eða greinargerð.

Af hálfu sóknaraðila er lögð á það áhersla, að í málinu liggi frammi á dómskjölum nr. 5 og 6 viðbót við verksamning og aukareikningur, sem samþykkt séu af varnaraðila og tæknifræðingi þeim, sem hún hafi ráðið til þess að annast verkfræðiteikningar fyrir sig. Þessi tvö skjöl séu sönnunargögn um rétt sóknaraðila til meginhluta þess fjár, sem hann krefst úr hendi varnaraðila. Öðrum kröfuliðum hafi varnaraðili andmælt með efnisrökum þannig, að unnt sé að taka afstöðu til andmæla hennar. Verði eigi unnt að fallast á aðalkröfuna um, að lagt verði fyrir héraðsdómendur að kveða upp efnisdóm í málinu, sé varakrafan studd þeim rökum, að viðurhlutaminna sé að krefjast gagna, svo sem ráð sé fyrir gert í 120. gr. einkamálalaga, en vísa máli frá.

Fallast má á forsendur hins kærða dóms að öðru leyti en því, að eigi verður séð, að sóknaraðila sé skylt að fá dómkvadda matsmenn til rökstuðnings kröfum sínum. Með þessari athugasemd ber að staðfesta héraðsdóminn.

Héraðsdómara, sem kvað upp frávísunardóminn, var rétt, eins

og málavöxtum var háttað, að kveðja meðdómendurna til setu í dóminum og til þinghalds í málinu, áður en hann tók málið til aðalflutnings, sbr. 1. tl. 37. gr. A laga nr. 85/1936, sbr. 9. gr. laga nr. 28/1981.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. júlí 1990.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 22. f.m., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 22. maí 1989.

Stefnandi er Þorgeir Yngvason múrarameistari, Sæbraut 15, Seltjarnarnesi.

Stefndi er Geirlaug Þorvaldsdóttir, Stigahlíð 80, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

Að stefnda verði dæmd til að greiða skuld, að fjárhæð kr. 565.794, auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, frá 1. janúar 1989 til greiðsludags, er leggist við höfuðstól, í fyrsta sinn 1. janúar 1990, og málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ, er beri dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómkröfur stefndu eru þessar:

Aðallega, að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og henni verði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu, — til vara, að stefnukröfur verði lækkaðar verulega og málskostnaður verði látinn niður falla.

I.

— — —

III.

Í máli þessu hefur stefnandi hvorki lagt fram teikningar né verklýsingar né önnur gögn, sem sýna þær breytingar, sem raunverulega voru gerðar, eftir að upphaflegur verksamningur aðila, dags. 3. maí 1988, ásamt viðbót, dags. 13. maí s.á., var gerður. Ekki hefur heldur verið lögð fram matsgerð dómkvaddra matsmanna, sem tæki til þessara breytinga.

Fram er komið í málinu, að stefnandi hafi ekki sýnt stefndu eigin reikninga fyrir einstök atriði breytinga og viðbóta, sem gerðar voru af hans hálfu. Upplýst er, að sú sundurliðun, sem stefnandi byggir kröfur sínar á í málinu, sé gerð af hálfu verkfræðistofu, eftir að deila aðila er upp

komin. Sundurliðun þessi er ekki studd teikningum né öðrum gögnum um breytingar og viðbætur.

Skýrsla stefnanda hér fyrir dómi telst ekki hafa bætt úr framangreindum skorti á upplýsingum.

Grundvöllur þess, að dómurinn geti tekið sjálfstæða afstöðu til deilumáls aðila, er, að fyrir liggi gögn, er feli í sér upplýsingar um þessi atriði. Dómur verður því ekki lagður á málið, eins og það hefur verið lagt fyrir, og ber því að vísa því sjálfkrafa frá dómi.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp Garðar Gíslason borgardómari, dr. Ragnar Ingimarsson verkfræðingur og Magnús Guðjónsson húsasmíðameistari.

Dómsorð:

Máli þessu er sjálfkrafa vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 9. október 1990.

Nr. 358/1990. **Ákæruvaldið**
gegn
Halli Magnússyni.

Kærumál. Réttarneitun. Ákæra. Þingfesting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Ákæruvaldið hefur með kæru 4. október sl. skotið til Hæstaréttar ákvörðun Arngríms Ísbergs sakadómara sama dag, þar sem dómarinn hafnar að taka mál þetta til dómsmeðferðar og dómsálagningar að nýju samkvæmt ákæru frá 11. janúar 1989. Ákæruvaldið kærir þetta sem réttarneitun.

Af hálfu varnaraðila hafa ekki borist kröfur né greinargerð.

Með dómi Hæstaréttar 17. maí sl. var dómur sakadóms Reykjavíkur 20. júní 1989 í máli ákæruvaldsins gegn varnaraðila og málsmeðferð felld úr gildi og málinu vísað frá héraðsdómi. Með bréfi ríkissaksóknara 13. júlí sl. voru frumskjöl þessa máls ásamt hæstaréttarágripi málsskjala send sakadómi Reykjavíkur og þess krafist, að málið yrði tekið til dómsmeðferðar og dómsálagningar að nýju samkvæmt fyrirliggjandi ákæru í málinu, útgefinni 11. janúar 1989.

Sakadómarinn tók kröfu ríkissaksóknara til meðferðar í þinghaldi 4. október sl. Var þar mætt af hálfu ríkissaksóknara, svo og var varnaraðili þar mættur og með honum lögmaður hans. Í upphafi kynnti dómarinn aðilum, að í þinghaldi þessu yrði tekin afstaða til, hvort mál skuli þingfest að nýju og tekið til dómsmeðferðar á grundvelli ákæru á hendur varnaraðila frá 11. janúar 1989. Aðilum var gefinn kostur á að tjá sig um málið. Af hálfu ríkissaksóknara var krafan ítrekuð og vitnað til framangreinds bréfs. Af hálfu varnaraðila var vitnað til dóms Hæstaréttar frá 17. maí sl. og því mótmælt, að málið yrði þingfest að nýju.

Dómarinn ákvað síðan að hafna kröfu ríkissaksóknara með þeim rökum, að Hæstiréttur hefði með dómi sínum 17. maí sl. vísað máli þessu frá héraðsdómi og því væri ekki mögulegt að byrja nýja málsmeðferð fyrir sakadómi á grundvelli áðurnefndrar ákæru.

Kæra þessi er heimil með tilvísun til 10. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Máli ákæruvaldsins gegn varnaraðila var vísað frá héraðsdómi með dómi Hæstaréttar 17. maí sl. sökum ágalla á málatilbúnaði ákæruvalds. Með hliðsjón af þessu verður mál ekki höfðað með þeirri ákæru, sem fyrri málsókn byggðist á, sbr. og 115. gr. laga um meðferð opinberra mála. Staðfesta ber því ákvörðun sakadóms Reykjavíkur.

Dómsorð:

Ákvörðun sakadóms Reykjavíkur er staðfest.

Þriðjudaginn 9. október 1990.

Nr. 255/1990. **Vigfús Andrésson**

gegn

Búnaðarbanka Íslands,
Stofnlánadeild landbúnaðarins,
Bjargráðasjóði,
Kaupfélaginu Þór,
Stálsmiðjunni h/f,
Arnmundi Backman hrl.,
Gunnari Sigurfinnssyni f.h. Boða,
Fóðurblöndunni h/f,
Kaupfélagi Rangæinga,
Jöfri h/f,
Sambandi íslenskra samvinnufélaga,
Litaveri h/f,
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs,
sveitarsjóði Austur-Eyjafjallahrepps
og Póst- og símamálastofnun.

Frestur. Frávísunarkröfu hrundið.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta úrskurða hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal og Hrafn Bragason.

Áfrýjað er nauðungaruppboði á jörðunum Berjanesi og Berjaneskoti í Austur-Eyjafjallahreppi 1. júní 1988. Áfrýjandi skaut máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 6. júní 1988. Með dómi Hæstaréttar 30. maí 1990 var sú málsókn felld niður vegna útivistar áfrýjanda. Málið var höfðað á ný með stefnu 26. júní 1990. Við þingfestingu þess 1. október sl. óskaði áfrýjandi frests til reglulegs þingdags í desember 1990 til framlagningar ágrips og greinargerðar.

Stefndi Búnaðarbanki Íslands mótmælti frestinum og krafðist þess, að málinu yrði vísað frá Hæstarétti og sér dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda.

Af hálfu stefndu Bjargráðasjóðs, Arnmundar Backmans, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Póst- og símamálastofnunar var tekið undir frávísunarkröfu þessa. Síðan hefur fjármálaráðherra

f.h. ríkissjóðs fallið frá kröfu sinni og samþykkt frestbeiðni áfrýjanda. Af hálfu annarra stefndu var ekki sótt þing.

Stefndi Búnaðarbanki Íslands rökstyður kröfu sína um frávísun með því, að galli hafi verið á stefnubirtingu gagnvart sér og uppboðshaldara sé ekki stefnt fyrir Hæstarétt, svo sem borið hafi að gera, þar sem mál þetta sé reist á meintum galla á framkvæmd nauðungaruppboðs.

Búnaðarbanki Íslands lét sækja þing fyrir Hæstarétti. Áfrýjandi kveðst engar kröfur gera á hendur uppboðshaldara í máli þessu. Samkvæmt þessu verður fram komin frávísunarkrafa ekki tekin til greina.

Áfrýjanda er veittur frestur til reglulegs þingdags í desember til framlagningar ágrips og greinargerðar í máli þessu.

Málskostnaður verður eigi dæmdur í þessum þætti málsins.

Á l y k t a r o r ð:

Hafnað er kröfu stefnda Búnaðarbanka Íslands um frávísun máls þessa.

Málinu er frestað til reglulegs þingdags í desember.

Fimmtudaginn 11. október 1990.

Nr. 172/1989. **Edvin Karl Benediktsson**
(Kristinn Sigurjónsson hrl.)
gegn
tollstjóranum í Reykjavík
(Kjartan Ragnars hrl.).

Lögtak.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 12. maí 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi 24. apríl það ár. Hann krefst þess, að hin áfrýjaða lögtaksgerð verði ómerkt. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefnda er þess krafist, að málinu verði vísað frá Hæstarétti og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir réttinum.

Stefndi sendi borgarfógeta beiðni um lögtak í eignum áfrýjanda 2. september 1988 vegna söluskattsskulda frá árunum 1983 og 1984 ásamt dráttarvöxtum og kostnaði. Lögtak var gert 23. nóvember 1988. Því var áfrýjað, svo sem fyrr er lýst. Hinn 10. október 1989 ritaði fulltrúi tollstjóra bréf til áfrýjanda. Þar segir m.a.:

„Það tilkynnist yður hér með að lögtaki sem fram fór 23.11.1988 vegna söluskattsskulda yðar og þinglýst var á bifreiðina R-18523 hefur verið aflýst. Innheimtutilraunir á grundvelli lögtaksins hafa verið felldar niður."

Af skjölum málsins og flutningi hér fyrir dómi sést, að á vegum stefnda voru gerðar ráðstafanir til, að aðfararveðinu yrði aflýst, og að það hefur verið gert.

Af bréfi því frá 10. október 1989, sem lýst var, verður ráðið, að áfrýjandi á rétt á, að hin umdeilda lögtaksgerð verði felld úr gildi. Aflýsing aðfararveðsins felur ekki í sér, að svo hafi verið gert, og ber því að taka kröfu áfrýjanda til greina.

Stefndi hófst ekki handa um aflýsingu, fyrr en mál þetta hafði verið þingfest fyrir Hæstarétti. Áfrýjandi mátti þá enn koma við lausnargerð eftir síðara hluta 1. mgr. 51. gr. laga nr. 19/1887 um

aðför, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 29/1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar. Engu að síður ber að dæma honum, eins og á stendur, málskostnað fyrir Hæstarétti, og þykir hann hæfilega ákveðinn 60.000 krónur.

Dómsorð:

Framangreint lögtak er fellt úr gildi.

Stefndi, tollstjórinn í Reykjavík, greiði áfrýjanda, Edvin Karli Benediktssyni, 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Lögtaksgerð fógetaréttar Reykjavíkur 23. nóvember 1988.

Ár 1988, miðvikudaginn 23.11., var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Sogavegi 127, 108 Reykjavík, og haldinn af fulltrúa yfirborgarfógeta, Gylfa Gaut Péturssyni, með undirrituðum votti.

Fyrir var tekið: Beiðni tollstjórans í Reykjavík um að gera lögtak hjá Edvin Karli Benediktssyni, 181258-5869, s.st., fyrir:

söluskatti 1983-4	kr. 700.617,00
Samtals	kr. 700.617,00

auk dráttarvaxta og kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Fógeti leggur fram lögtaksbeiðni, rskj. nr. 1, en lögtaksúrskurður hefur verið kveðinn upp og birtur á lögmætan hátt. Nr. 1 fylgir í ljósriti.

Fyrir gerðarþola mætir að tilhlutan fógeta Jón H. Snorrason lögfr., og skoraði fógeti á mætta að greiða umkrafin gjöld, en hann kveðst ekki geta greitt þau. Skoraði fógeti þá á mætta að benda á eignir gerðarþola til uppskriftar og lögtaks og bryndi fyrir mætta að segja satt og að það varðaði hegningu að skýra rangt frá fyrir fógetaréttinum.

Var þá bent á og skrifað upp: Bifreiðin R-18523, Subaru 1986, eign gerðarþola.

Fógeti lýsti yfir því, að hann gerði lögtak í framangr. bifreið til tryggingar framangreindum gjöldum, auk dráttarvaxta og alls kostnaðar, áfallins og áfallandi, að geymdum betra rétti þriðja manns.

Bryndi fógeti fyrir mætta að tilkynna gerðarþola lögtakið og að ekki mætti ráðstafa hinu lögtekna á nokkurn þann hátt, er færi í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Föstudaginn 12. október 1990.

Nr. 337/1990. **Önfirðingur hf.**

gegn

þrotabúi Kaupfélags Önfirðinga,
Byggðastofnun,
Fiskveiðasjóði Íslands,
Flateyrarhreppi,
Hafsteini Vilhjálmssyni,
Hjálmi hf.,
Íslandsbanka hf.,
Ísnesi hf.,
Lífeyrissjóði Vestfirðinga og
Vátryggingafélagi Íslands hf.

Kærumál. Frávísunarúrskurði hnekkt. Dómsvald uppboðsréttar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 31. júlí 1990 með heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Gögn málsins bárust réttinum 14. september. Sóknaraðili krefst þess, „að hinum kærða úrskurði verði hnekkt og lagt fyrir uppboðsrétt að taka til úrskurðar, hvort blásari, hitaelement og stýrispjöld verði talin fylgifé Slátur- og frystihússins á Flateyri og hafi verið seld með eigninni á nauðungaruppboði 9. maí 1990. Þá er krafist kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila fyrir Hæstarétti".

Frá varnaraðilum hafa hvorki borist kröfur né greinargerðir.

Eins og segir í hinum kærða úrskurði, kom upp ágreiningur um það milli sóknaraðila og þrotabús Kaupfélags Önfirðinga, hvort tilteknir munir hefðu verið seldir með fasteign á uppboði. Uppboðið fór fram 9. maí 1990, en ágreiningurinn kemur fram í bréfum til uppboðshaldara 14. maí og 22. júní. Hinn kærði úrskurður var kveðinn upp 18. júlí. Uppboðsafsal hefur ekki verið gefið út.

Samkvæmt 5. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð úrskurðar uppboðshaldari öll atriði „varðandi uppboð". Í þessu felst, að uppboðshaldara bar að fjalla um ágreining þann, sem fyrr

er lýst, sbr. dóm Hæstaréttar 1987,1096, enda hafði uppboðshaldarinn ekki gengið frá úthlutunargerð eða uppboðsafsali, þegar ágreiningurinn kom upp. Ekkert hefur síðar gerst, svo að séð verði, sem að lögum leiðir til þess, að aðilar verði að leita nýrra leiða vegna ágreiningsins.

Samkvæmt þessu ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og leggja fyrir uppboðshaldarann að taka til úrskurðar, hvort sá búnaður, sem greinir í kröfugerð sóknaraðila, hafi verið seldur hlutafélaginu á nauðungaruppboðinu 9. maí.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi, og ber uppboðshaldaranum að taka til úrskurðar, hvort blásari, hitöld og stýrispjöld hafi verið seld sóknaraðila, Önfirðingi hf., á nauðungaruppboði 9. maí 1990 með slátur- og frystihúsi á Flateyri.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður uppboðsréttar Ísafjarðarsýslu 18. júlí 1990.

Sóknaraðili málsins, Önfirðingur hf., gerir þær dómkröfur, að blásari, hitaelement og stýrispjöld, sem geymd voru í fasteigninni Slátur- og frystihúsi á Flateyri, verði talið fylgifé eignarinnar og teljist hafa fylgt með eigninni, þegar sóknaraðili keypti eignina á nauðungaruppboði þann 9. maí 1990.

Dómkröfur varnaraðila eru, að umrætt lausafé verði ekki talið fylgifé fasteignarinnar.

Þann 9. maí 1990 fór fram þriðja og síðasta sala á fasteigninni Slátur- og frystihúsi á Flateyri, þinglesinni eign þrotabús Kaupfélags Önfirðinga. Hæsta boð í eignina kom frá Önfirðingi hf., og var boð hæstbjóðanda samþykkt 28. maí 1990 og aðilum veittur frestur til að lýsa kröfum sínum í uppboðsandvirði. Sá frestur rann út 11. júní 1990, og tók uppboðshaldari þá til við að semja frumvarp að úthlutunargerð. Frá bústjóra þrotabús Kaupfélags Önfirðinga barst kröfulýsing í uppboðsandvirði vegna skiptakostnaðar, en í kröfulýsingunni var þess einnig getið, að það væri skoðun þrotabúsins, að tæki til harðfisksverkunar, þ.m.t. blásari, hitaelement, stýrispjöld o.fl., teldist ekki fylgifé búsins, og var þess óskað, að getið yrði um þessa skoðun þrotabúsins í frumvarpi að úthlutunargerð. Uppboðshaldari varð við þessari ósk þrotabúsins og gat þess í frumvarpi að úthlut-

unargerð, að það væri skoðun búsins, að umræddir hlutir væru ekki fylgifé eignarinnar, og ef þeirri skoðun væri ekki mótmælt, yrði getið sérstaklega um þetta í uppboðsafsali. Jafnframt var aðilum veittur frestur til 28. júní til að gera athugasemdir við frumvarpið. Af hálfu Önfirðings hf., kaupanda eignarinnar, var ofangreindri skoðun þrotabúsins mótmælt sem rangri með bréfi, dagsettu 22. júní 1990. Uppboðshaldari boðaði síðan til þinghalds þann 11. júlí 1990 til þess að reyna sættir varðandi þennan ágreining. Ekki tókust sættir í þinghaldinu, en að ósk aðila var ágreiningurinn tekinn til úrskurðar sem sérstakt uppboðsréttarmál, án þess að frekari gögn væru lögð fram.

Áður en afstaða er tekin til ágreinings aðila, er rétt að gæta að því, hvort hann sé þess eðlis, að úr honum verði leyst í uppboðsréttinum, eða hvort vísa beri honum frá ex officio.

Það ágreiningsefni, sem hér um ræðir, varðar ágreining á milli fyrri eiganda uppboðseignar, þ.e. uppboðsþola, og kaupanda varðandi það, hvaða lausafé fylgdi með fasteign við sölu hennar á nauðungaruppboði. Það er almenn regla við sölu fasteigna, að með þeim fylgi lausafé, sem fasteignir þurfi almennt að vera búnar til þess að vera hæfar til þeirra nota, sem þær eru ætlaðar til. Frá þessari meginreglu má gera frávik í lögum eða samningum milli aðila, og eins getur réttarvenja breytt þessari almennu reglu, svo sem að múr- og naglfastir hlutir eru almennt taldir eiga að fylgja með fasteign. Það verður að telja óvefengjanlegt, að ofangreind meginregla gildi einnig við nauðungaruppboð. Þar er hins vegar ekki um að ræða frjálsa samninga milli aðila, en í stað þeirra koma uppboðsskilmálar og almennar athugasemdir við uppboðið. Við sölu á fasteigninni Slátur- og frystihúsi þann 9. maí 1990 komu ekki fram neinar athugasemdir varðandi það, hvort tiltekið lausafé ætti að fylgja með eigninni. Engar athugasemdir er heldur að finna um fylgifé fasteignarinnar í uppboðsskilmálum þeim, sem notaðir voru við uppboðið. Af þeirri ástæðu verður að álíta, að við uppboðið 9.maí 1990 hafi fasteignin Slátur- og frystihús á Flateyri verið seld með venjulegu fylgifé, án þess að fram hafi komið, hvaða lausafé teljist fylgifé fasteignarinnar.

Meginreglan um dómsvald uppboðshaldara kemur fram í 5. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð. Samkvæmt því ákvæði skal uppboðshaldari skera úr um öll atriði, sem varða uppboðið. Frá þessari reglu verður svo að gagnálykta til samræmis við almennar réttarfarsreglur, að uppboðshaldari skeri ekki úr öðrum ágreiningi en þeim, er snýr að uppboðsmeðferðinni. Við það, að eignin er slegin hæstbjóðanda og boð hæstbjóðanda er samþykkt, lýkur ákveðnum þætti í uppboðsmeðferðinni, þ.e. uppboðssölunni. Eftir þann tíma hefur uppboðshaldari ekki áhrif á það, hvað tilheyrir uppboðsandlaginu. Ágreiningur milli kaupanda og fyrri

eiganda eignarinnar varðandi það, hvort tiltekið lausafé hafi fylgt með fasteigninni við nauðungaruppboðið, verður því ekki eftir þann tíma talinn þáttur í uppboðsmeðferðinni. Af þeirri ástæðu verður að vísa ágreiningi aðila frá uppboðsréttinum ex officio.

Málskostnaður úrskurðast ekki.

Úrskurð þennan kvað upp Ágúst Sindri Karlsson, fulltrúi sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Föstudaginn 12. október 1990.

Nr. 357/1990. **Ákæruvaldið**

gegn

Svavari Skarphéðni Kristinssyni.

Kærumál. Hæfi dómara. Mannréttindasáttmáli Evrópu.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason.

Hinn 28. september 1990 kærði ríkissaksóknari til Hæstaréttar með heimild í 1. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála úrskurð, sem Ragnheiður Thorlacius, settur héraðsdómari, kvað upp í sakadómi Akraness 21. september 1990. Ríkissaksóknari gerir þá kröfu, ,,að hinum kærða úrskurði verði hrundið og héraðsdómaranum, Ragnheiði Thorlacius, verði lýst rétt og skylt að halda áfram dómsmeðferð málsins og kveða upp í því efnisdóm samkvæmt ákæruskjali frá 3.maí 1990".

Varnaraðilanum, Svavari Skarphéðni Kristinssyni, var birtur hinn kærði úrskurður 1. október sl., og lýsti hann þá yfir því, að hann gerði ekki athugasemdir í sambandi við kærumál þetta.

Í bréfi, sem héraðsdómarinn ritaði Hæstarétti 2. október, segir, að hún óski ekki að koma að athugasemdum.

Með hinum kærða úrskurði ákvað héraðsdómarinn að víkja sæti í máli ákæruvaldsins gegn Svavari Skarphéðni Kristinssyni, þar sem hún hefði fyrir útgáfu ákæru boðið honum að ljúka málinu með sátt.

Eins og segir í úrskurðinum, ráðast úrslit máls þessa af skýringu á 7. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, en þetta ákvæði gildir einnig um opinber mál samkvæmt því lagaákvæði, sem í úrskurðinum greinir. Nefnt ákvæði er þannig:

,,Dómari víkur úr dómarasæti í máli, ef hann ... :

... 7. Er óvinur aðila, eða málið varðar hann eða venslamenn hans verulega fjárhagslega eða siðferðislega, eða annars er hætta á því, að hann fái ekki litið óhlutdrægt á málavöxtu."

Afskipti héraðsdómarans af máli Svavars Skarphéðins Kristinssonar eru rakin í hinum kærða úrskurði og nefnd lagaákvæði, sem huga þarf að.

Héraðsdómarinn hlaut að taka afstöðu til þess, hvort brot væri skýlaust sannað og hvort refsing yrði sekt hið mesta, sbr. 2. tl. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974. Hún taldi, að svara bæri báðum þessum spurningum játandi, þar sem hún bauð að ljúka málinu með sátt. Þarf þá að skera úr því, hvort hætta sé á, að héraðsdómarinn geti ekki litið óhlutdrægt á málavöxtu, vegna þess að hún tók afstöðu til þessara tveggja atriða við þær aðstæður, sem lýst var.

Er þess þá að gæta, að fyrir dómaranum lá skýrsla, sem lögreglan á Akranesi, rannsóknardeild, hafði tekið af varnaraðilanum, Svavari Skarphéðni, þar sem hann kannast við að hafa slegið mann, eins og kært hafði verið. Þegar Svavar Skarphéðinn kom fyrir dóm, var hann ekki spurður, það séð verði, hvort hann játaði brot það, sem ákæran fjallar um, en honum var kunngert sakarefnið. Hafnaði hann sátt og kvaðst óska eftir að halda uppi vörnum. Ákvað dómari þá að senda málið aftur til ríkissaksóknara.

Hér var um að ræða einfalt mál. Dómarinn hafði ekki haft af því nein afskipti, á meðan það var til rannsóknar hjá lögreglu, en fékk það sent frá fulltrúa ríkissaksóknara. Hafði fulltrúinn notað heimild þá, sem er í c-lið 1. mgr. 115. gr. laga nr. 74/1974, til að bera fram við dómara ósk um, að málinu yrði lokið með sátt, án þess að ákæra væri gefin út. Fyrir dómara lá lögregluskýrsla, þar sem brotið var játað, og þurfti dómari ekki, eins og á stóð, að kanna annað en hvort rannsókn hefði verið framkvæmd eftir réttum reglum og hvort Svavar Skarphéðinn vildi taka sáttarboðinu, enda var ljóst, að refsing færi ekki fram úr sektum. Þegar sátt var hafnað, sendi dómarinn málið án frekari meðferðar á ný til ríkissaksóknara. Þegar þessa er gætt, hefur Svavar Skarphéðinn ekki ástæðu til þess að ætla, að héraðsdómarinn muni, ef hann neitar sök og til frekari málsmeðferðar kemur, vera hlutdrægur í málinu.

Í 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem birtur var með auglýsingu nr. 11/1954 í A-deild Stjórnartíðinda og nefndur er í hinum kærða úrskurði, felst, að Ísland hefur skuldbundið sig til, að ákærði njóti réttlátrar og opinberrar rannsóknar innan hæfilegs tíma fyrir óháðum, óhlutdrægum og lögmæltum dómstóli. Leiðir þetta ákvæði sáttmálans ekki til þess, að 7. tl. 36. gr. einkamálalaga verði í þessu máli skýrður með öðrum hætti en lýst var.

Samkvæmt framansögðu ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi

og leggja fyrir héraðsdómarann að halda áfram dómsmeðferð fyrrgreinds sakadómsmáls.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi, og er lagt fyrir héraðsdómara að halda áfram dómsmeðferð máls nr. 2969/89 í sakadómi Akraness.

Úrskurður sakadóms Akraness 21. september 1990.

Í upphafi verða afskipti undirritaðs dómara af máli Svavars Skarphéðins Kristinssonar rakin. Þann 8. febrúar 1990 barst undirrituðum héraðsdómara bréf frá bæjarfógetanum á Akranesi ásamt rannsóknargögnum varðandi mál Svavars Skarphéðins Kristinssonar. Í bréfi ríkissaksóknara, dagsettu 20/10 1989, sem fylgdi málinu, segir: „Hér með sendast yður, herra bæjarfógeti, rannsóknargögn, sem fylgdu bréfi yðar, dagsettu 10. október sl., varðandi ætlaða líkamsárás Svavars Skarphéðins Kristinssonar, Suðurgötu 18, Akranesi. Samþykkt er, að máli þessu verði lokið með dómsátt, enda fallist kærði á að greiða hæfilega sekt auk sakarkostnaðar og skaðabóta. Telst brot varða við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20, 1981."

Í framhaldi af bréfi ríkissaksóknara var framangreint mál kærða tekið fyrir í sakadómi Akraness þann 22. febrúar 1990 af undirrituðum dómara og kærða boðið að ljúka málinu með dómsátt með vísan til bréfs ríkissaksóknara. Bókað er í sakadómsbók Akraness, að kærði hafni að ljúka málinu með dómsátt. Fram kemur, að hann óski eftir að halda uppi vörnum í málinu og fá skipaðan lögmann til að gæta hagsmuna sinna. Síðan segir, að málið verði við svo búið sent ríkissaksóknara til meðferðar.

Undirritaður dómari endursendi bæjarfógetanum á Akranesi málið með bréfi, dagsettu 26/2 1990. Með bréfi bæjarfógetans á Akranesi, dagsettu 22/5 1990, barst dómara til afgreiðslu áðurnefnt mál Svavars Skarphéðins Kristinssonar ásamt bréfi ríkissaksóknara, dagsettu 3. maí sl., þar sem segir: „Hér með sendast yður, herra bæjarfógeti, rannsóknargögn, sem fylgdu bréfi yðar, dagsettu 6. apríl sl., varðandi ætlaða líkamsárás Svavars Skarphéðins Kristinssonar, Suðurgötu 19, Akranesi. Er þess krafist, að þér ljúkið rannsókn málsins og takið það síðan til dómsálagningar samkvæmt meðfylgjandi ákæru."

Meðferð dómara á máli Svavars Skarphéðins Kristinssonar í sakadómi Akraness þann 22. febrúar 1990 byggðist á heimild í 112. gr. laga nr. 74,1974, um meðferð opinberra mála, en í 1. mgr. 112. gr. segir: „Dómara

er heimilt, enda sé það ekki bannað sérstaklega í lögum, að afgreiða opinber mál án málshöfðunar.“ Og síðar segir í 2. tölulið: „Ef brot er skýlaust sannað og telja má, að refsing muni ekki fara fram úr sektum, ef dómur gengur um málið, getur dómari ákveðið hæfilega sekt, er greiðist innan tiltekins tíma, að viðlagðri viðeigandi refsivist ásamt sakarkostnaði, enda játist sökunautur undir þessa ákvörðun dómara með undirskrift sinni í þingbók.“

Eins og orðalag 1. mgr. 112. greinar ber með sér, ber dómara að kanna, hvort skilyrði þau, sem greinin nefnir, séu fyrir hendi, áður en hann beitir umræddri heimild, í fyrsta lagi, að engin þau ákvæði séu í lögum, sem banni slíka afgreiðslu málsins, í öðru lagi, að brot það, sem málið fjallaði um, sé skýlaust sannað, og í þriðja lagi, að refsing muni ekki fara fram úr sektum. Að þessu athuguðu ákveður dómari sökunaut hæfilega refsingu að viðlagðri hæfilegri refsivist ásamt sakarkostnaði. Umrætt ákvæði 112. gr. l. 74, 1974, byggir á þeirri meginforsendu, að sökunautur játist undir þessa ákvörðun dómarans með undirskrift sinni í dómabók.

Eins og rakið er hér að framan, hafnaði kærði, Svavar Skarphéðinn Kristinsson, sáttaboði dómara í sakadómi Akraness þann 22. febrúar sl. Með vísan til þess, sem að framan er rakið um skilyrði 112. gr. laga nr. 74, 1974, um meðferð opinberra mála verður að líta svo á, að undirritaður dómari, sem fjallaði um mál Svavars Skarphéðins Kristinssonar þann 22. febrúar sl., hafi með afskiptum sínum af málinu lagt sönnunar- og sakarmat á hið meinta brot kærða á grundvelli þeirra gagna, sem fyrir lágu að lokinni rannsókn lögreglu, og á grundvelli þessa mats boðið kærða að ljúka málinu með dómsátt í réttarhaldinu. Þykir því vera hætta á, að dómarinn fái ekki litið óhlutdrægt á málavöxtu í máli því, sem ákæruvaldið hefur nú höfðað vegna þessa máls gegn Svavari Skarphéðni Kristinssyni með ákæruskjali, dagsettu 22. maí 1990. Þegar af þeirri ástæðu ber honum því að víkja sæti í málinu með vísan til ákvæða 7. tl. 36. gr. laga nr. 85, 1936, um meðferð einkamála í héraði, en þessu ákvæði ber einnig að beita um opinber mál samkvæmt 2. mgr. 15. gr. laga 74, 1974.

Telja verður, að þessi niðurstaða sé í samræmi við ákvæði 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, en með dómi Hæstaréttar þann 9. janúar sl. í málinu nr. 120/1989 taldi Hæstiréttur, að skýra bæri áðurgreindan 7. tl. 36. gr. laga 85, 1936, með hliðsjón af mannréttindasáttmála Evrópu. Ekki þykir 1. tl. 1. mgr. 36. gr. laga 85, 1936, sbr. 2. mgr. 15. gr. l. 74, 1974, girða fyrir þessa niðurstöðu, því að með umræddum afskiptum sínum af máli kærða þann 22. febrúar sl. myndaði dómari sér skoðun um veigamikla þætti sakarefnisins, þ.e. sönnunar- og sakarmats málsins. Með vísan til þess, sem að framan er rakið, þykir það engu um breyta, að kærði hafnaði umræddu boði dómara um dómsátt þann 22. febrúar sl.

Úrskurðarorð:

Ragnheiður Thorlacíus, settur héraðsdómari við embætti bæjarfógetans á Akranesi, víkur sæti við meðferð máls ákæruvaldsins nr. 2969/89 gegn Svavari Skarphéðni Kristinssyni.

Föstudaginn 12. október 1990.

Nr. 372/1990. **Ákæruvaldið**

gegn

Bóasi Dagbjarti Bergsteinssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 10. október 1990, sem barst Hæstarétti 11. sama mánaðar, og krafist þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 10. október 1990.

Ár 1990, miðvikudaginn 10. október, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Bjarna Stefánssyni ftr. og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

Málsatvik.

Þann 7. október sl. fundust í pósti tvö umslög póstsend í Amsterdam með póststimpli þann 5. október sl. og með ætluðu hassi í. Annað umslagið var stílað á Tölvusport, pósthólf 12310, 132 Reykjavík, en hitt á Útisport, pósthólf 9290, 128 Reykjavík. Rannsókn lögreglu leiddi í ljós, að hvorugt þessara fyrirtækja er til og bæði fyrirtækin eru skráð á heimilisfang, sem ekki er til.

Við litaprófun og vigtun hjá lögreglu reyndist hið ætlaða hass í umslaginu, er stílað var á Tölvusport, vega 194,2 g og gefa jákvæða svörun sem kannabis.

Rannsókn lögreglu leiddi í ljós, að Bóas Dagbjartur Bergsteinsson, kt. 230359-5049, hafði þann 31. ágúst 1990 útfyllt umsókn um áframsendingu pósts til sín í pósthólf Tölvusports nr. 12310.

Lögregla skipti um innihald í ofangreindum umslögum og kom umslögunum fyrir í nefndum tveim pósthólfum. Í gær var Gunnar Helgi Helgason, kt. 210557-3269, handtekinn af lögreglu vegna þessa máls, en daginn áður hafði lögregla fylgst með ferðum hans, er hann fór í ofangreint pósthólf nr. 12310 í pósthúsinu við Stórhöfða og tók þaðan dreifibréf, sem sent var út af póstmálastjóra varðandi jólapóst.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu í framhaldi af handtöku kvað Gunnar Helgi Bóas Dagbjart Bergsteinsson vera með ofangreint hólf nr. 12310 á leigu. Bóas hafi farið til Amsterdam í síðustu viku og afhent sér lykilinn að nefndu hólfi með beiðni um að líta eftir pósti í því fyrir sig, á meðan Bóas væri erlendis. Gunnar Helgi kvaðst hafa athugað hólfið í gærkvöld og þá hafi einhver jólapóstur verið þar.

Við handtöku var Gunnar Helgi með lykil að öðru pósthólfi. Var það pósthólf nr. 9310 í pósthúsi í Mjódd. Rannsókn lögreglu leiddi í ljós, að það pósthólf var skráð á fyrirtækið Garðgrúsk og sá, sem útfyllti umsókn um leigu á pósthólfinu, var Bóas Dagbjartur Bergsteinsson. Við yfirheyrslu hjá lögreglu kvað Gunnar Helgi nefndan Bóas einnig hafa beðið sig að geyma lykilinn að nefndu pósthólfi án þess að gefa honum skýringu á hvers vegna. Við nefnda lögregluyfirheyrslu kvað Gunnar Helgi sér hafa verið kunnugt um, að ofangreind hólf tengdust fíkniefnum.

Rannsókn lögreglu leiddi í ljós, að Bóas Dagbjartur Bergsteinsson hafði farið til Amsterdam 3. október sl. og komið til landsins þann 8. október sl. Fyrir þessa ferð tók Bóas út gjaldeyri að upphæð kr. 225.000. Bóas mun einnig hafa farið fleiri ferðir til Amsterdam á þessu ári.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu og hér fyrir dómi í dag vegna þessa máls neitaði Bóas öllum sakargiftum, en neitaði síðan að staðfesta með undirritun framburð sinn.

Hér fyrir dómi kannaðist Bóas ekki við undirskriftir sínar á nefndri leiguumsókn á pósthólfi og beiðni um áframsendingu pósts.

Af hálfu lögregluyfirvalda í Reykjavík hefur verið gerð krafa um, að Bóas verði látinn sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 15.00 miðvikudaginn 17. október 1990 vegna grunar um, að hann noti ofangreind pósthólf til hassinnflutnings hingað til lands.

Niðurstöður.

Verið er að rannsaka ætluð brot gegn lögum nr. 65, 1974, og reglugerð nr. 16, 1986.

Bóas Dagbjartur Bergsteinsson hefur verið borinn sökum, er gætu varðað hann fangelsisrefsingu, ef sannaðar teldust.

Þykir því 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 ekki til fyrirstöðu beitingu gæsluvarðhalds í þessu sambandi.

Með vísan til þess auk annars ofanritaðs svo og 1. töluliðar 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, þykir í þágu rannsóknarhagsmuna rétt að verða við fram kominni kröfu lögregluyfirvalda og ákvarða, að Bóas Dagbjartur Bergsteinsson skuli sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 15.00 miðvikudaginn 17. október 1990.

Úrskurðarorð:

Bóas Dagbjartur Bergsteinsson, kt. 230359-5049, til heimilis að Reykjavíkurvegi 50, Reykjavík, skal sæta gæsluvarðhaldi frá kl. 12.15 miðvikudaginn 10. október 1990 að telja og allt til kl. 15.00 miðvikudaginn 17. október 1990.

Mánudaginn 15. október 1990.

Nr. 368/1990. **Sigurður Örn Sigurðsson og Sigurður Garðarsson**
gegn
Gissuri Kristjánssyni.

Kærumál. Skuldabréf. Aðilaskýrsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason.

Á bæjarþingi Reykjavíkur er nú rekið bæjarþingsmálið nr. 2621/1990: Gissur Kristjánsson gegn Sigurði Erni Sigurðssyni og Sigurði Garðarssyni. Hinn 12. september 1990 kvað Allan V. Magnússon borgardómari upp úrskurð í málinu. Úrskurðurinn, sem er án forsendna, er þannig:

„Skýrslutaka aðila verður ekki leyfð í máli þessu."

Lögmaður stefndu í héraði kærði úrskurð þennan 12. september 1990 til Hæstaréttar. Kæran er heimil samkvæmt c-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands með lögjöfnun.

Sóknaraðilar krefjast þess fyrir Hæstarétti, að sóknaraðilanum Sigurði Garðarssyni verði heimilað að gefa aðilaskýrslu í málinu.

Frá varnaraðila hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Héraðsdómarinn hefur með vísan til 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 23. gr. laga nr. 54/1988, sent Hæstarétti svofelldar forsendur og rökstuddar ástæður sínar fyrir úrlausninni:

„Mál það, sem hér er til meðferðar, er rekið skv. XVII. kafla laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, og er enginn ágreiningur með aðilum að málið skuli sæta meðferð skv. ákvæðum kaflans.

Í þinghaldi 12. september sl. óskaði talsmaður stefndu eftir því að stefndi Sigurður Garðarsson fengi að gefa aðilaskýrslu og skoraði á talsmann stefnanda að hann gæfi skýrslu um málsatvik sem aðili.

Af hálfu stefnanda var því mótmælt að skýrslutakan færi fram og lögðu talsmenn aðila ágreining sinn í úrskurð.

Dómari synjaði um aðilaskýrslu með úrskurði án forsendna sem kveðinn var upp á bæjarþinginu eftir að talsmenn aðila höfðu tjáð sig um málefnið.

Í 1. mgr. 208. gr. laga nr. 85/1936 eru taldar upp þær varnir sem almennt má hafa uppi í málum samkvæmt XVII. kafla laganna. Í 3. mgr. sömu greinar er sérregla um varnir þær sem að auki má hafa uppi í skuldabréfamálum.

Telja verður að tilgangur þessarar sérreglu sé að koma megi fram vörnum um atriði sem eru augljós og óumdeilanleg án þess að það hafi áhrif á það réttarfarshagræði sem meðferð samkvæmt XVII. kafla veitir.

Þessa sérreglu hlýtur að þurfa að skýra þröngt. Í 3. mgr. er eingöngu kveðið á um skjalfest sönnunargögn eða staðreyndir sem varnaraðili þarf ekki að sanna.

Samkvæmt því er sönnunarfærsla umfram það sem greinir í ákvæðinu ekki heimil gegn andmælum gagnaðila auk þess sem telja verður slíka skýrslu þarflausa skv. ákvæði 1. mgr. 115. gr. laga nr. 85/1936 og bar þegar af þessari ástæðu að synja um skýrslutökuna.“

Sóknaraðilar hafa hvorki í greinargerð í héraði né fyrir Hæstarétti fært fram varnir, sem mega komast að í máli þessu samkvæmt 208. gr. laga nr. 85/1936, aðrar en þá, að Gissur Kristjánsson sé ekki réttur aðili að málinu. Málsskjöl sýna, að hann fékk skuldabréfið, sem málið snýst um, framselt til innheimtu. Getur dómari lagt mat á þessa málsástæðu án frekari gagnaöflunar. Samkvæmt framansögðu er dómara ekki skylt að leyfa munnlega skýrslugjöf, sbr. 115. gr. laga nr. 85/1936, og ber því að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Kærumálskostnaðar er ekki krafist.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Þriðjudaginn 16. október 1990.

Nr. 348/1988. **Stefán Þengilsson**
(Ásmundur Jóhannsson hdl.)
gegn
uppboðshaldaranum á Akureyri,
Tryggva Pálssyni,
Sjóvá-Almennum tryggingum hf.,
Iðnlánasjóði og
Landsbanka Íslands
(Gunnar Sólnes hrl.).

Uppboð. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. júlí 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 11. sama mánaðar samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Er málið skyldi þingfest hinn 3. október 1988, var ekki sótt þing af hálfu áfrýjanda, og var málinu áfrýjað að nýju með stefnu 27. október 1988.

Áfrýjandi gerir þær dómkröfur, að nauðungaruppboð, sem fram fór á húseigninni Kaupangi, A-hluta, Akureyri, hinn 11. maí 1988, verði fellt úr gildi. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefndu Landsbanka Íslands, Iðnlánasjóðs og Sjóvá-Almennra trygginga hf.

Stefndu Landsbanki Íslands og Iðnlánasjóður krefjast staðfestingar hins áfrýjaða uppboðs og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefndu Sjóvá-Almennra trygginga hf., uppboðshaldarans á Akureyri og Tryggva Pálssonar var ekki mætt fyrir Hæstarétti og engar kröfur hafðar uppi.

I.

Hinn 18. ágúst 1987 krafðist Ásgeir Thoroddsen, þá héraðsdómslögmaður, f.h. Lögheimtunnar hf., að fasteignin Kaupangur við

Mýrarveg, A-hluti, Akureyri, yrði seld á nauðungaruppboði til lúkningar á skuld „samkvæmt meðfylgjandi endurriti úr fógetabók“ og áfallandi kostnaði og dráttarvöxtum, samtals að fjárhæð 913.111 krónur. Eignin var þinglesin eign stefnda Tryggva Pálssonar, en fram er komið, að eigandi hennar samkvæmt „bráðabirgðakaupsamningi“ 1. janúar 1987 var áfrýjandi máls þessa. Uppboðsbeiðni þessari fylgdi ekki endurrit úr fógetabók sem uppboðsheimild, heldur veðskuldabréf, dagsett 28. júlí 1986, að fjárhæð 810.000 krónur, þar sem stefndi Tryggvi veðsetti Sjóvátryggingafélagi Íslands hf. fasteign sína, Kaupang við Mýrarveg, A-hluta, með 5. veðrétti.

Stefnda Tryggva Pálssyni var tilkynnt um uppboðsbeiðni þessa með tilkynningu bæjarfógetans á Akureyri 21. ágúst 1987, þar sem fram kom, að uppboðið myndi hefjast á skrifstofu uppboðshaldarans 20. nóvember 1987 kl. 10.00. Þá kom þar og fram, að auglýsing yrði send Lögbirtingablaði eigi síðar en 18. september 1987.

Hinn 5. október 1987 krafðist bæjargjaldkerinn á Akureyri f.h. bæjarsjóðs Akureyrar uppboðs á framangreindri eign til lúkningar á fasteignagjaldaskuld, að fjárhæð 33.505 krónur.

Þá krafðist Iðnlánasjóður hinn 7. nóvember 1987 uppboðs á framangreindri fasteign til lúkningar á skuld samkvæmt veðskuldabréfi, útgefnu af Smára hf. 21. júlí 1977, að eftirstöðvum 45.565,84 krónur, tryggðu með 3. veðrétti í Kaupangi, A-hluta, og með 2. veðrétti í Kaupangi, H-hluta, auk verðbóta, vaxta og kostnaðar.

Stefnda Tryggva Pálssyni var tilkynnt um uppboðsbeiðnir bæjarsjóðs Akureyrar og Iðnlánasjóðs með bréfum bæjarfógetans á Akureyri 16. nóvember 1987.

II.

Svo sem að framan er getið, krafðist bæjarsjóður Akureyrar uppboðs á ofangreindri eign til lúkningar á fasteignagjaldaskuld hinn 5. október 1987. Fram kemur í gögnum málsins, að þessi kröfuhafi afturkallaði beiðni sína hinn 8. apríl 1988.

Í uppboðsbeiðni Ásgeirs Thoroddsens f.h. Lögheimtunnar hf. er krafist sölu á ofangreindri eign „til lúkningar skuld samkvæmt meðfylgjandi endurriti úr fógetabók“. Tilgreind uppboðsheimild fylgdi ekki uppboðsbeiðninni, heldur veðskuldabréf, útgefið til

Sjóvátryggingafélags Íslands hf., sem var í engu samræmi við lýsingu í uppboðsbeiðni. Á grundvelli þessarar uppboðsbeiðni einnar var uppboðsauglýsing birt í Lögbirtingablaði.

Samkvæmt 6. gr. laga um nauðungaruppboð nr. 57/1949 skal í uppboðsbeiðni gera grein fyrir uppboðsheimild og láta þau skjöl fylgja, er sanna hana. Umrædd uppboðsbeiðni fullnægði ekki þessu lagaskilyrði og var með slíkum annmörkum samkvæmt framansögðu, að hún var ekki tæk til meðferðar í uppboðsrétti. Bar uppboðshaldara því að hafna henni eða hlutast til um, að úr yrði bætt, sem ekki var gert.

Að svo vöxnu máli verður ekki hjá því komist að fella hina áfrýjuðu uppboðsgerð úr gildi ex officio.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða uppboðsgerð er felld úr gildi.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Þriðjudaginn 16. október 1990.

Nr. 284/1990. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Donnie Stewart
(Örn Clausen hrl.).

Skírlífisbrot. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. júlí 1990 að ósk ákærða, en einnig af ákæruvalds hálfu til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar refsingu. Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti var af hálfu ákæruvalds krafist staðfestingar héraðsdóms, þó þannig, að refsing ákærða yrði þyngd.

Af hálfu ákærða er aðallega krafist sýknu af öllum kröfum ákæruvaldsins, en til vara vægustu refsingar samkvæmt 200., sbr. 204. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá verði refsing skilorðsbundin, ef dæmd verður, og höfð hliðsjón af 6 daga gæsluvarðhaldi ákærða.

Fallist er á þá niðurstöðu héraðsdóms, að ákærði hafi unnið sér til refsingar samkvæmt 200.gr., sbr. 204. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing ákærða eftir atvikum hæfilega ákveðin fangelsi í tvo mánuði, en til frádráttar komi gæsluvarðhald hans í sex daga.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað. Samkvæmt þessu verður ákærði dæmdur til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Donnie Stewart, sæti fangelsi í tvo mánuði. Til frádráttar refsingunni komi sex daga gæsluvarðhaldsvist ákærða.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin

saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Sératkvæði
Benedikts Blöndals hæstaréttardómara
og Gunnars M. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns.

Með gögnum málsins og rannsókn verður eigi talið, gegn eindreginni neitun ákærða, að fram séu komnar fyrir því svo afdráttarlausar sannanir, sem áskilja verður í refsimáli, að hann hafi gerst sekur um þær ávirðingar, sem hann er ákærður fyrir. Ber því að sýkna ákærða af kröfum ákæruvalds í málinu og fella á ríkissjóð allan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur sakadóms Keflavíkurflugvallar 28. maí 1990.

Ár 1990, mánudaginn 28. maí, er í sakadómi Keflavíkurflugvallar, sem haldinn er í dómsal embættisins af Margréti Heinreksdóttur, settum héraðsdómara, kveðinn upp dómur þessi í málinu nr. 36/1990: Ákæruvaldið gegn Donnie Stewart.

Málið var tekið til dóms fimmtudaginn 12. maí 1990.

Með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 27. júní 1988, var opinbert mál höfðað gegn Donnie Stewart, f. 13. júní 1957, og X, sjóliðum í herliði Bandaríkjanna á Keflavíkurflugvelli, til heimilis þar, í byggingu nr. 753, fyrir skírlífisbrot, með því að báðir hefðu þeir aðfaranótt þriðjudagsins 24. maí 1988, að ....., Keflavík, haft samræði við stúlkuna Y, fædda ..... ágúst 1974. Taldist brot þetta varða við 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og var þess krafist, að ákærðu yrðu dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málið var þingfest hinn 27. janúar 1989. Yfirheyrslur yfir vitnum og ákærðu fóru fram 9. febrúar s.á., málflutningur hinn 9. mars, og dómur var upp kveðinn hinn 30. mars 1989. Voru báðir sekir fundnir. Auk sakarkostnaðar voru báðir dæmdir til fangavistar, Donnie Stewart til 3ja mánaða, X til 1 mánaðar fangelsisvistar, en 6 daga gæsluvarðhaldsvist beggja kom til frádráttar.

Hinn síðarnefndi ákvað að una dómi og fór af landi brott skömmu eftir afplánun hans. Hinn fyrrnefndi, Donnie Stewart, ákvað hins vegar að áfrýja dóminum fyrir sitt leyti.

Að ósk ákærða skaut ríkissaksóknari málinu til Hæstaréttar með stefnu,

útg. 19. apríl 1989, og jafnframt af hálfu ákæruvalds til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar refsingar.

Með dómi Hæstaréttar miðvikudaginn 14. febrúar 1990 var hinn áfrýjaði dómur úr gildi felldur, að því er ákærða Donnie Stewart varðaði, svo og meðferð málsins fyrir sakadómi Keflavíkurflugvallar frá og með 9. febrúar 1989. Var málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar að nýju. Taldi Hæstiréttur, með vísan til hæstaréttardóms frá 9. febrúar 1990 í málinu nr. 120/1989, að lögreglustjóranum á Keflavíkurflugvelli og fulltrúa hans, sem kvað upp dóminn, hefði borið að víkja sæti.

Við meðferð málsins fyrir Hæstarétti höfðu bæði ftr. ríkissaksóknara og verjandi málsins haft uppi kröfur um þá málsmeðferð.

Í kjölfar þessa dóms var, skv. bráðabirgðalögum frá 13. jan. 1990, settur sérstakur héraðsdómari við embættið á Keflavíkurflugvelli, Jón Finnbjörnsson lögfræðingur. Hann tók málið fyrir fimmtudaginn 22. mars 1990, og fóru þá fram yfirheyrslur yfir ákærða og vitnum, tveimur af þremur, sem yfirheyrð höfðu verið við fyrstu meðferð málsins, en þriðja vitnið var þá flutt úr landi, og var ekki talin ástæða til að kalla það heim til vitnisburðar. Samdægurs fór fram málflutningur, og var málið tekið til dóms.

Á heimleið frá vinnu þennan dag slasaðist héraðsdómarinn alvarlega í bifreiðaslysi. Er sýnt þótti, að hann myndi ekki geta gegnt starfi sínu um alllangt skeið, var staðgengill settur í embættið, Margrét Heinreksdóttir lögfræðingur, sem kveður upp dóm þennan.

Málið var nú tekið fyrir enn á ný fimmtudaginn 12. maí 1990. Fóru þá fram í samfellu yfirheyrslur yfir ákærða, fyrrgreindum tveimur vitnum og málflutningur, og var málið síðan tekið til dóms.

Ekki þótti ástæða til að láta vitnin staðfesta enn á ný lögregluskýrslur í heild, en látið nægja sð spyrja um tiltekin atriði, sem þar komu fram. Þá voru sækjandi og verjandi málsins sammála um, að nægjanlegt væri og til flýtisauka, að ákærða yrði einungis lesin skýrsla hans fyrir dómi 22. mars 1990.

Ákærði hefur ekki áður sætt refsingu hér á landi.

Málavextir.

Miðvikudaginn 25. maí 1988 barst rannsóknarlögreglunni í Njarðvík og Keflavík kæra frá Hjördísi Árnadóttur, félagsmálastjóra Njarðvíkurbæjar, og Guðbjörtu Ingólfsdóttur, fulltrúa barnaverndarnefndar í Njarðvík, þess efnis, að tveir varnarliðsmenn hefðu haft samfarir við unglingsstúlku í Njarðvík.

Rannsókn leiddi í ljós, að mánudagskvöldið þann 23. maí og aðfaranótt þriðjudagsins 24. maí 1988 hafði farið fram samkvæmi í íbúð í Keflavík, þar sem húsráðandi var A, fædd 1969. Í samkvæmi þessu höfðu verið tvær

stúlkur auk húsráðanda, þær Y, f. 1974, og B, f. 1973, svo og ofangreindir tveir sjóliðar í bandaríska varnarliðinu, annar þeirra ákærði í máli þessu.

Rannsóknarlögregla tók fyrst skýrslur af stúlkunum 26. maí, en þær voru ekki látnar gangast undir læknisrannsókn.

Mennirnir tveir voru handteknir daginn eftir, 27. maí, og yfirheyrðir samdægurs. Jafnframt fór rannsóknarlögreglan fram á, að sakadómur Keflavíkurflugvallar úrskurðaði þá í sjö daga gæsluvarðhald. Úrskurður þar um, sem upp var kveðinn 28. maí, var staðfestur af Hæstarétti 1. júní 1990.

Við yfirheyrslur leitaði rannsóknarlögreglan eftir samþykki ákærðu fyrir því, að myndir væru teknar af þeim nöktum, vegna ummæla einnar stúlkunnar um stærð getnaðarlima þeirra. Ákærði í máli þessu, Donnie Stewart, veitti umbeðna heimild þegar í stað, en hinn neitaði að höfðu samráði við réttargæslumann sinn. Daginn eftir var áður gefið samþykki Donnies Stewarts afturkallað með símskeyti að ráði réttargæslumanns hans.

Eftir yfirheyrslur og samprófanir ákærðu og vitna voru hinir ákærðu látnir lausir úr gæsluvarðhaldi 3. júní 1988.

Bæði í yfirheyrslum lögreglu og fyrir dómi hefur verið mikið misræmi í framburði vitna og ákærða, staðhæfingar gegn staðhæfingum um mikilvægustu atriði málsins. Þykir því nauðsynlegt að rekja í meginatriðum framburð hvers þeirra um sig. Tekið skal fram, að X virðist hafa gengið undir gælunafninu TC, A undir gælunafninu ..... og Y verið kölluð .....

Framburður kærenda málsins.

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar, dags. 25.5.88, skýra framangreindir kærendur málsins svo frá, að móðir Y hefði komið að máli við fulltrúa barnaverndarnefndar og sagt frá því, að varnarliðsmaður hefði haft samfarir við 13 ára dóttur hennar. Við frekari könnun kærenda hafi komið í ljós, að varnarliðsmenn hafi haft samfarir við tvær ungar stúlkur, þær B og Y. Hafi stúlkurnar gert þá grein fyrir mönnum þessum, að þeir væru Donnie Stewart, 30 ára, og TC, sem vera myndi 25 ára að aldri, Kom síðar í ljós, að TC hét fullu nafni [X].

Upplýst var, að eldri maðurinn væri „kærasti" systur B, sem hefði orðið „öfundsjúk, þegar Y fór að vera með Donnie og hafði orð á þessu við móður hennar", eins og orðrétt segir í skýrslu lögreglunnar.

Tekið var fram, að stúlkurnar hafi verið fúsar til samræðis við mennina og því ekki verið um neins konar nauðung að ræða.

Framburður vitnisins A.

Lögregluskýrsla er fyrst tekin af vitninu A hinn 26. maí 1988. Meginatriði framburðar hennar eru þá sem hér segir:

Mánudagskvöldið 23. maí hafi verið gestkomandi í íbúð hennar tvær vinkonur hennar, þær B og Y. Hún kveðst vita, að „samband" hafi verið með Y og bandarískum manni um þrítugt, sem muni heita Donnie Stewart, og þekkja hann nokkuð. B þekki hann einnig, því að systir hennar hafi verið með þessum sama manni.

Umrætt kvöld segir hún Donnie hafa komið í heimsókn og með honum annar Bandaríkjamaður, kallaður TC, sem hún hafi ekki séð fyrr. Hún segir, að þeir hafi komið þangað í boði þeirra stúlknanna.

A kveður dreypt hafa verið á áfengi, sem hún átti, en þær B og Y hafi lítið drukkið. Hún kveðst ekki vita til þess, að mennirnir hafi átt í neinu kynferðislegu sambandi við stúlkurnar, en hafa séð, að Donnie Stewart hélt á Y í fanginu og B hafi viljað stugga þeim sundur, enda systir hennar verið með þessum manni.

Um brottför fólksins úr fagnaði þessum segir vitnið, að Y hafi frá upphafi gert ráð fyrir að gista hjá sér og sofnað á sófa í stofunni. B hafi farið á þriðja tímanum um nóttina. Sjálf hafi hún verið farin að sofa, áður en mennirnir fóru, telur sig þó hafa rumskað og hleypt þeim út nokkru síðar.

Aðspurð kveðst A aldrei hafa rætt við Donnie Stewart um aldur Y. Hún kveðst vita til þess, að hann hafi komið á heimili Y og hitt móður hennar.

Sunnudaginn 29. maí 1988 gefur A aftur skýrslu fyrir lögreglu og segist nú ekki hafa skýrt rétt frá í sínum fyrri framburði. Kveðst hún hafa óttast, að börn sín yrðu tekin af sér, ef upp kæmist, hvað gerðist ofangreinda nótt. Kveðst A nú vilja skýra satt og rétt frá og ber nú, að X og Donnie Stewart hafi báðir haft samfarir við Y á heimili hennar um nóttina. Kveðst hún aðspurð hafa verið áhorfandi að samförunum og séð Y sleikja getnaðarlim ákærða, Donnies Stewarts. Sjálf hafi hún einnig haft samfarir við Donnie Stewart, en ekki við X.

Vitnið kveður þetta hafa gerst, eftir að B var farin, en hún hafi um hríð verið í öðru herbergi ásamt TC. B hafi því ekki séð samfarirnar, aðeins séð þau hin þrjú nakin í stofunni.

A kveðst hafa vitað aldur stúlknanna. Hún kveður móður Y hafa vitað, að hún væri með varnarliðsmanni, svo og, að hún reyki og drekki, og þar sem henni hafi verið sama um lifnaðarhætti dótturinnar, hafi hún sjálf ekkert getað gert.

Loks segir vitnið, að áfengið, sem drukkið var, hafi Donnie Stewart komið með ofan af flugvelli.

Hinn 3. júní 1988 fer fram samprófun A og ákærðu, og heldur hún fast við framburð sinn frá 29. maí um, að hún hafi verið vitni að samförum Y við báða mennina. Þá er bókað í lögregluskýrslu: „Rétt sé einnig það, er hún skýrði frá um fatapókerinn". Í bókunum fyrrgreindra yfirheyrslna er hins vegar hvergi minnst á „fatapóker", og er því ekki ljóst, hvað hún bar þar um.

Samkvæmt lögregluskýrslunni hafði verið brýnt fyrir A, áður en sam-

prófun hófst, að hún kynni að verða sökuð í málinu, og henni verið kynntar hugsanlegar sakargiftir.

A hefur þrisvar komið fyrir sakadóm vegna máls þessa og í öllum tilvikum borið í aðalatriðum á sama hátt, eftir að hafa unnið eið að framburði sínum. Blæbrigðamunur er þó á framburði hennar fyrir dómi 22. mars og 10. maí 1990. Fyrir dómi 22. mars 1990 segir vitnið skv. staðfestri bókun þinghalds: „..... að Y hafi sagt Donnie Stewart, að hún væri 16 eða 17 ára, vitnið man þetta ekki nákvæmlega. Hún kveðst ekki geta sagt til um, hvort hún sagði Donnie Stewart, hvað Y væri gömul."

Hinn 10. maí segir hún, sérstaklega innt eftir því, hvort ákærði hafi einhvern tíma spurt hana beinlínis um aldur Y, að hún muni ekki eftir því. Síðan segir eftir vitninu skv. staðfestri bókun: „..... allavega hafi hún aldrei sagt honum aldur hennar. Hins vegar minni sig, að hann hafi haft áhyggjur af því, hvort Y væri of ung fyrir sig, en hún kveðst ekkert muna, hvernig hún tók undir það, þó minni sig, að hún hafi sagt eitthvað í þá átt, að þetta væri ekki sitt mál. Hún segist hafa vitað, að Y hafi logið til um aldur sinn, segir Y sjálfa hafa sagt sér það. Vísað er til framburðar hennar fyrir dómi 9. febr. 1989, þar sem hún hafði eftir Y, að hún yrði að ljúga til um aldur sinn og segjast vera 16-17 ára gömul. Telur vitnið það orðalag vera rétt. Aðspurð, hvort hún hafi talið, að Y hafi sjálf haft áhyggjur af því, að hún væri of ung, eða hvort þessi ummæli muni hafa stafað af því, að maðurinn, Donnie Stewart, hafi lýst við hana áhyggjum af aldri hennar, segist hún telja, að Y hafi í raun verið alveg sama, en talið sig þurfa að segjast eldri, væntanlega vegna þess, að manninum myndi ella þykja hún of ung. Þó hafi hún ekkert sagt um þetta.

Þá segir í sömu staðfestu bókun: „Aðspurð, hvort henni sjálfri hafi fundist Y svo fullorðinsleg, að hægt væri að telja hana eldri en hún væri, segist hún sjálf hafa talið hana eldri en hún væri, þegar þær hittust í fyrsta sinn um það bil hálfu ári fyrir samkvæmið. Y hafi þá verið að skemmta sér og verið drukkin."

Framburður vitnisins Y.

Ofangreint vitni kom fyrst fyrir rannsóknarlögreglu hinn 26. maí 1988. Viðstödd yfirheyrsluna var f.h. félagsmálastjóra Njarðvíkur Guðbjört Ingólfsdóttir.

Í frásögn sinni af aðdraganda fagnaðarins heima hjá A staðfestir Y, að mennirnir hafi komið þangað að frumkvæði þeirra stúlknanna.

Hún kveður þær B hafa komið heim til A um kl. 21.00 um kvöldið. Mennirnir hafi komið þangað litlu síðar, annar kallaður Donnie, hinn TC. Hún kveðst þekkja talsvert þann fyrrnefnda, en hinn ekkert. Öll hafi þau drukkið talsvert nema B, og sjálf hafi hún orðið talsvert ölvuð.

Síðan segir í skýrslunni:

„Hún segir, að í fyrstu hafi Donnie og TC spilað við þær allar þrjár fatapóker og þannig hafi þær byrjað að fækka fötum og þeir einnig. Hún segir, að þessi TC hafi ekki viljað fara úr nærbuxunum, er að því kom í pókernum, en A hafi þust til og beðið þær hinar að aðstoða hana við að taka hann úr, en þá hafi hann sjálfur gert það.

Hún segir, að að því hafi komið, að Donnie hafi farið að láta vel að mættu og TC að B. Hún segir, að þau B og TC hafi farið fram í herbergi frammi á ganginum, en mætta kveðst ekki vita, hvað skeð hafi með þeim þar. Hún kveðst allan tímann hafa verið í stofunni með Donnie og A. Hafi verið þar svefnsófi, sem A hafi breytt í rúm. Hún segir, að er Donnie var með mættu í stofunni ásamt A, hafi B komið og séð þær báðar liggjandi í sófanum. Hafi þær verið orðnar naktar þá svo og Donnie. Hafi B sagt við mættu, að hún væri „ógeð", en þá hafi Donnie ekki verið með þeim í sófanum, heldur staðið við hurðina.

Um þetta leyti hafi B farið burtu. Eftir það hafi TC, sá sem B hafði verið með frammi, komið til þeirra og þau öll fjögur verið í sófanum, og kveðst mætta hafa átt samfarir við þá báða, Donnie og TC þar, A hafi einnig átt við báða samfarir. Hún segir enga smokka hafa verið notaða né slíkt. Aðspurð kveðst mætta ekki hafa orðið vör við, að sæði kæmi úr þeim. Hún segir enga nauðung hafa átt sér stað, þar sem þetta hafi verið með vilja sínum. Svo hafi einnig verið með A, að mætta telur. Mætta kveðst ekki fyrr hafa átt mök með þessum mönnum. Aðspurð segir mætta, að Donnie viti, hve gömul mætta sé, en sjálfur sé hann um þrítugt. Hún telur, að þeir félagar hafi farið um kl. 5.30, en þá hafi hún verið á klósettinu. Hafi A í fyrstu ekki viljað hleypa þeim burtu strax, en sagt, að þeir yrðu um kyrrt til kl. 8.00, en þeir hafi verið að flýta sér til að mæta í vinnu. Hafi Donnie verið á hvítum bíl og hann ekið á þeim bíl burtu ölvaður. Telur mætta, að þeir Donnie og TC hafi verið orðnir allnokkuð ölvaðir, en hún telur, að um helmingur hafi verið eftir í flöskunni, er þeir fóru. Þetta hafi verið mjög stór flaska."

Hinn 28. maí 1988 var vitnið tekið fyrir á ný af rannsóknarlögreglu og beðið að lýsa atburðarásinni ýtarlega vegna mikils misræmis í framburði vitna og ákærðu.

Í öllum aðalatriðum kemur hin síðari atvikalýsing vitnisins heim og saman við hina fyrri.

Af því, sem við bætist, skiptir eftirfarandi máli:

Mætta upplýsir enn fremur, að hún tali ekki ensku og hafi ekki blandað sér í samræður hinna þriggja. Þá ber hún nú, að A hafi átt hugmyndina að því að spila fatapóker, og segist sjálf hafa verið ..... „orðin svo full, að hún hafi hætt að spila og kveðst hafa lagst á gólfið (datt niður) ....."

Þá segir í skýrslunni: „Þá kveður mætta A hafa sagt: „Eigum við að tak'ann?" Mætta kveðst hafa sagt við hana, að þetta væri vinur C. Mætta kveður A þá hafa svarað, að þetta myndi ekkert fréttast. Mætta kveðst síðan hafa fallist á þetta, og í framhaldi klæddu þau sig úr fötunum, mætta, A og Donnie."

Mætta skýrir síðan nánar frá samförum þeirra: „..... mætta kveðst síðan hafa haft samfarir við Donnie og síðan við TC. Mætta kveður þá líka báða hafa haft samfarir við A. Mætta kveður hvorugan þeirra hafa haft sáðlát, meðan á samförunum stóð („fengið fullnægingu"). Sérstaklega aðspurð kveðst mætta hafa haft samfarir við strák, þannig að hún hafi ekki haft heilt meyjarhaft ....."

Og enn fremur: „Sérstaklega aðspurð um einhver persónuleg einkenni mannanna, þá kveðst mætta muna, að annar þeirra, sennilega D, var loðinn á bringunni, en hinn ekki. Þá kveðst mætta muna eftir rispu eða öri á hægri upphandlegg annars þeirra, sennilega Donnies. Mætta kveður Donnie hafa haft stærri getnaðarlim en TC. ....."

Síðast í skýrslunni segir: „..... Mætta kveðst hafa verið að passa fyrir A, þegar þær og C kynntust Donnie, og þá kveður mætta Donnie hafa spurt, hvað mætta væri gömul, og fengið það svar hjá A, að mætta væri á fjórtánda ári. Mætta kveðst oft hafa farið í Reykjavík með Donnie, C og B."

Við samprófun með ákærðu hinn 3. júní 1988 hélt vitnið fast við framburð sinn og kvaðst engu vilja bæta þar við né breyta. Þá hefur vitnið ítrekað (sic) staðfest ofangreinda frásögn fyrir dómi, síðast hinn 10. maí 1990, og var sá framburður eiðfestur, þar sem vitnið hafði þá náð aldri til eiðfestingar, sbr. 101. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Framburður vitnisins B.

Vitnið var fyrst yfirheyrt af rannsóknarlögreglu 26. maí 1988, og var viðstödd f.h. félagsmálastjóra Njarðvíkur Guðbjört Ingólfsdóttir.

Frásögn vitnisins af aðdraganda og upphafi samkvæmisins á heimili A kemur heim og saman við frásögn Y, þ. á m., að A hafi átt uppástunguna að því, að þau spiluðu fatapóker. Hún ber, að hún hafi séð A og Y naktar í sófanum, en ekki orðið vitni að samförum, heldur hafi Y tjáð sér síðar, að þær A hafi báðar átt samfarir við báða mennina. Annað í þessari frásögn hennar varðar tæpast það mál, sem hér er til úrlausnar.

Hinn 28. maí er vitnið yfirheyrt á ný og segir þá m.a.:

„Mætta kveðst þekkja Donnie nokkuð vel, því að hann hafi verið kærasti systur hennar ..... Mætta kveður Donnie hafa vitað, hvað hún væri gömul, en kveðst ekki halda, að hann hafi vitað um aldur Y.

Mætta kveðst hafa séð, að Y langaði eitthvað, og kveður hana hafa verið

að reyna við Donnie, m.a. hafi hún viljað dansa við hann ein, og eins fór hún til dyra á eftir honum til að kyssa hann bless. Mætta kveður Y hafa sagt sér það næsta dag, að Donnie hafi riðið henni, puttað hana og hún sleikt á honum tittlinginn ..... Mætta kveður TC síðan hafa blandað sér í þetta eftir að mætta fór ....."

Vitnið kveðst hafa farið heim kl. 4.00 um nóttina.

Við samprófun með hinum ákærðu hinn 3. júní 1988 stóð vitnið fast við fyrri framburð sinn, að því er laut að ofangreindum atriðum.

Við fyrstu meðferð málsins fyrir sakadómi Keflavíkurflugvallar kom vitnið fyrir dóm og staðfesti framburð sinn. Við aðra fyrirtöku málsins reyndist vitnið flutt úr landi, og var ekki talin ástæða til að kalla það heim til vitnisburðar og þá eigi heldur við þriðja flutning þess.

Framburður ákærða, Donnies Stewarts.

Ákærði var fyrst yfirheyrður af rannsóknarlögreglu hinn 27. maí 1988. Hann skýrir í stórum dráttum svo frá, að A hafi hringt til sín, boðið sér í „party" umrætt kvöld og beðið sig að taka vin sinn með sér. Hann kveðst hafa haft samband við TC (X), sem þá bjó í sömu byggingu. Hafi þeir farið í bifreið sinni, JO-4147, hvítum Thunderbird. Hann kveðst ekki hafa tekið áfengi út af vellinum, en A hafi boðið áfengi, þegar hún hringdi og bauð þeim.

Hann segir, að auk A hafi verið í íbúð hennar, er þeir komu þangað, Y og B, en telur, að þær hafi þá ekki verið ölvaðar. Aðspurður um aldur þeirra kveðst hann halda, að þær séu á bilinu 18-19 ára.

Ákærði skýrir svo frá, að A hafi boðið upp á vodka, allir þáð (sic) það, og svo hafi þau setið við drykkju fram eftir nóttu, hlustað á tónlist, dansað og spilað á spil og þá eingöngu „Black Jack" eða „21". Hann neitar því, að spilaður hefði verið „fatapóker" eða annað spil, er leiddi til fækkunar fata. Hann neitar því, að hann eða nokkurt hinna hafi fækkað fötum á ósiðsamlegan hátt, en kveðst hafa farið úr skyrtunni undir morgun.

Ákærði kveðst hafa orðið mjög ölvaður og ekki muna atburðarásina mjög vel, þegar líða tók á nóttina. Í skýrslunni segir svo orðrétt: „Hann segir, að ekkert ósiðsamlegt hafi farið fram þarna í íbúðinni. Hann neitar að hafa haft samfarir við stúlkurnar, en ef svo hafi verið, þá hafi það skeð án hans vitundar, það er sökum ölvunar. Mætti segist ekki muna til þess, að einhver stúlknanna hafi farið úr samkvæminu. Hann segist hafa sofnað í stofunni um kl. 1.00, þá mjög ölvaður, enda segist hann hafa drukkið 5 blöndur af vodka í 7-up á tímabilinu kl. 22.00 til 1.00.

Mætti segist hafa vaknað um kl. 4.00 eða 5.00 og þá farið inn í annað herbergi í íbúðinni, og þar lá TC einn og sofandi. Mætti segist hafa vakið hann og þeir síðan farið. Mætti segist muna eftir að hafa séð A og Y,

en ekki B. Mætti segist ekki hafa verið mjög ölvaður, þegar hann settist upp í bifreið sína og ók upp á Keflavíkurflugvöll. ....."

Við yfirheyrslu hinn 31. maí er ákærða kynntur framburður stúlknanna A og Y um, að hann hafi haft við þær samfarir umrædda nótt. Í skýrslu segir: „Mætti segist ekki muna eftir, að slíkur atburður hafi átt sér stað umræddda nótt. Mætta er nú bent á, að Y hafi í framburði sínum skýrt frá því, að getnaðarlimur mætta sé stærri en á TC, og vegna rannsóknar málsins er mætti nú spurður, hvort hann heimili myndatöku af sér nöktum eða að læknir verði fenginn til að mæla á honum getnaðarliminn. Mætti segist veita rannsóknarlögreglunni í Keflavík heimild til að taka myndir af honum nöktum."

Við samprófanir, sem fram fóru með ákærða og stúlkunum þremur hinn 3. júlí 1988, hélt hann í öllum tilfellum fast við ofangreindan framburð sinn. Í samprófun með Y kom jafnframt fram, að hann hefði talið stúlkurnar á bilinu 18-20 ára. Hann hefði séð þær í Lækjartungli í Reykjavík, þar sem eingöngu væri hleypt inn fullorðnu fólki, og því talið víst, að stúlkurnar væru nægjanlega gamlar til dvalar þar.

Ákærði hefur ávallt haldið fast við framburð sinn fyrir dómi. Aðspurður um klæðaburð og förðun Y við yfirheyrsluna fyrir dómi 10. maí sl. kvaðst hann ekki muna, hvernig hún hefði verið klædd umrætt kvöld, en hún hafi verið máluð. Hann tók fram, að stúlkurnar hefðu allar verið siðsamlega (decently) klæddar.

Ítrekuðum spurningum um vitneskju sína um aldur Y svaraði ákærði svo, að hann hefði ekki vitað, hversu ung hún væri, ekki spurt neinn um aldur hennar, talið, að hún væri u.þ.b. 18 ára, en hinar tvær stúlkurnar u.þ.b. 20 ára.

Vitnisburður X.

X var fyrst yfirheyrður af rannsóknarlögreglu hinn 27. maí 1988. Að lokinni lýsingu á aðdraganda og upphafi samkvæmisins umrætt kvöld, sem kemur í öllum aðalatriðum heim og saman við frásagnir hinna, segir hann, að þau hafi fyrst horft á sjónvarpið (Dynasty eða Dallas), tónlist hafi verið sett á og gestgjafinn komið með vodkaflösku. Allir hafi fengið sér vín. Síðan hafi þau farið að spila á spil. Hann kveðst hafa reynt að kenna þeim „Jim Rommy", öðru nafni „Rommy 500", og „Spade". Mætti kveðst hafa spilað við „feitu" stúlkuna. Mætti kveður hana hafa talað nokkra ensku, en kveður hina ungu stúlkuna ekki hafa talað ensku.

Aðspurður um það, hvort þau hafi fækkað fötum samfara spilinu, segir hann það ekki hafa verið, — segir þau hafa spilað öll saman 21 um stund, en ekki fækkað fötum. Hann segir þau öll hafa orðið ölvuð nema „feita stúlkan", hafi þau dottið um, þegar þau fóru að dansa, og segir, svo að

vitnað sé orðrétt til skýrslunnar, „.... grönnu stúlkuna hafa hagað sér eins og vitleysingur. Hún hafi hlegið stöðugt og dottið um og loks sofnað á gólfinu í stofunni með lappirnar uppi á sófaborðinu (kaffiborðinu)".

Mætti kvaðst síðan hafa sofnað og verið borinn inn í annað herbergi, vaknað um kl. 5.00 um morguninn, er þeir fóru. Kvað hann ölvunarástand sitt þá hafa verið slíkt, að hann gæti ekki sagt til um ástand Donnies, þegar þeir óku brott.

X neitaði því að hafa sjálfur haft samfarir við nokkra af stúlkunum og kvaðst jafnframt efast um, að Donnie Stewart hefði haft samfarir við þær.

X var yfirheyrður á ný hinn 31. maí 1988. Aðspurður í upphafi um aldur stúlknanna kvaðst hann hafa talið, að A væri 20 ára, Y 15-17 ára og B um 20 ára.

Í þessari yfirheyrslu var mætta bent á framburð Y um stærð getnaðarlima mannanna og spurður, hvort hann heimilaði rannsóknarlögreglunni að taka myndir af honum nöktum. Hann óskaði eftir því að ráðfæra sig við réttargæslumann sinn, áður en hann svaraði. Beiðninni var síðan hafnað að ráði réttargæslumanns.

Við samprófun með stúlkunum þremur hélt X fast við framburð sinn.

Niðurstöður.

Ákærði, Donnie Stewart, hefur frá upphafi rannsóknar máls þessa neitað því að hafa haft samfarir við stúlkuna Y. Hún hefur á hinn bóginn fyrir sitt leyti frá upphafi rannsóknar staðhæft, að samfarir þeirra í milli hafi átt sér stað. Læknisrannsókn fór ekki fram, en staðhæfing Y er staðfest af vitninu A, sem kveðst hafa verið sjónarvottur að samförum þeirra. Það veikir að vísu nokkuð framburð þess vitnis, að það bar annan veg í fyrstu yfirheyrslu rannsóknarlögreglu og hefur jafnframt neitað ýmsum öðrum staðhæfingum hinna tveggja stúlknanna, sem í gleðskapnum voru. Skortir því nokkuð á samræmi í frásögnum stúlknanna.

Þegar á hinn bóginn ofangreindur framburður er skoðaður og metinn í heild og þess gætt, að þær Y og A unnu báðar eiða fyrir dómi að framburði sínum, sem samhljóða er um aðalatriði málsins, og jafnframt með hliðsjón af því, að ekkert hefur komið fram í vitnisburði þeirra, sem bendir til þess, að þær hafi viljað klekkja á ákærða, verður að telja nægjanlega sannað, að samfarir hafi átt sér stað milli ákærða, Donnies Stewarts, og Y.

Kemur þá til mats á því, hvort ákærða var eða hlaut að vera ljóst, að Y væri ekki orðin 14 ára að aldri.

Framburður ákærða og A bendir til þess, að ákærði hafi aldrei spurt beinlínis um aldur Y. Að mati dómsins gæti það hugsanlega verið vísbending um, að hann hafi ekki talið hana undir lögaldri til kynmaka, þótt ung væri. Jafnframt má ráða af vitnisburði stúlknanna, að honum hafi aldrei

verið skýrt frá aldri hennar. Vitnið A ber hins vegar, að hann hafi velt því fyrir sér, hvort hún væri of ung fyrir sig, og sjálfur kveðst hann hafa velt fyrir sér aldri stúlkunnar C, sem honum var síðan sagt, að væri 17 ára. Vissulega verður að telja það verulegt álitamál, hvað þrítugur maður telur of unga konu fyrir sig, en þó er það mat dómsins, að honum hafi mátt vera ljóst, að hér var um mjög unga stúlku að ræða og því full ástæða til að sýna sérstaka varkárni í samskiptum við hana.

Með hliðsjón af ofangreindu og öllum atvikum máls þessa, frumkvæði stúlknanna að umræddum fagnaði, framkomu þeirra, eins og þær sjálfar lýsa henni, framburði A þess efnis, að Y hafi sagt, að hún yrði að ljúga til um aldur, svo og, að hún hafi sjálf talið hana eldri en raun bar vitni, þegar hún sá hana í fyrsta sinn, og loks framburði B, að hún hafi talið, að ákærði vissi ekki, hve gömul Y væri, þykir varhugavert að telja nægjanlega sannað, gegn eindreginni neitun ákærða, að hann hafi vitað eða hlotið að vita, að hún væri yngri en 14 ára.

Með vísan til 108. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála þykir því verða að heimfæra brot hans til 1. mgr. 200. gr., sbr. 204. gr. hgl. nr. 19/1940.

Með hliðsjón af eðli brotsins og markmiðs refsiverndar 1. mgr. 200. gr., sbr. 204. gr. hgl. nr. 19/1940, þykja ekki fyrir hendi nægar ástæður til að verða við kröfu verjanda um skilorðsbindingu refsingar. En vegna þeirrar röskunar, sem mál þetta hefur valdið á högum ákærða, er refsing, skv. heimild 204. gr. alm. hgl., færð niður. Dæmist ákærði til að sæta 1 mánaðar fangelsi, og komi 6 daga gæsluvarðhaldsvist til frádráttar með fullri dagatölu.

Ákærði greiði sakarkostnað, þ.m.t. saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 30.000. Þá greiði hann verjanda sínum í héraði, Erni Clausen hrl., kr. 60.000 í málsvarnarlaun.

Eðlilegt þykir hins vegar að leggja á ríkissjóð greiðslu á kr. 15.000 til verjanda vegna óhjákvæmilegrar endurtekningar á flutningi málsins, er dómari forfallaðist vegna umferðarslyss.

Dómsorð:

Ákærði, Donnie Stewart, f. 13. júní 1957, sæti 1 mánaðar fangelsi. Til frádráttar komi með fullri dagatölu 6 daga gæsluvarðhaldsvist. Ákærði greiði sakarkostnað, þ.m.t. saksóknarlaun, kr. 30.000, og málsvarnarlaun, kr. 60.000, skipuðum verjanda sínum, Erni Clausen hrl.

Ríkissjóður greiði verjanda kr. 15.000 vegna óhjákvæmilegs endurflutnings málsins.

Þriðjudaginn 16. október 1990.

Nr. 87/1990: **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Rósu Dröfn Sigurðardóttur
(Kristján Stefánsson hdl.).

Tilraun til manndráps. Sýkna. Rán. Skjalafals. Þjófnaður. Skilorðsrof.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari hefur samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 175. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 27. febrúar 1990. Hann krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, að því er varðar sakfellingu, þó þannig, að ákærða verði sakfelld að fullu samkvæmt II. kafla ákæru. Þá krefst hann þyngingar refsingar og staðfestingar á bótaákvæðum hins áfrýjaða dóms.

Verjandi krefst þess, að ákærða verði sýknuð af ákæruliðum í I. og II. kafla ákæru, en hljóti vægustu refsingu samkvæmt öðrum ákæruliðum, og verði refsingin skilorðsbundin, og komi gæsluvarðhald ákærðu í 381 dag til frádráttar dæmdri refsingu.

Auk þeirra misritana í IV. kafla ákæruskjals, sem leiðréttar eru í héraðsdómi, hefur misritast dagsetning á tékka nr. 2533996, sem um getur í 6. lið IV. kafla. Hann er sagður dagsettur 20. 5. 1989 í stað 29. 5. 1989.

I.

Ákærða hefur frá öndverðu neitað því að hafa stungið Sigurjón Þór Friðþjófsson með hnífi í veitingahúsinu Gullinu aðfaranótt 26. ágúst 1989. Upplýst er, að dyravörður veitingahússins, Hallgrímur Óli Björgvinsson, tók hníf úr hendi ákærðu, stuttu eftir að Sigurjón var stunginn. Dyravörðurinn taldi hnífinn hafa verið í slíðrum, er hann kom að ákærðu, og hún þá um leið dregið hann úr slíðrum. Ágúst Haraldsson, starfsmaður veitingahússins, sá dyravörðinn

taka hníf af ákærðu og sýndist það vera skátahnífur í slíðri. Jón Páll Haraldsson, sem einnig var starfsmaður í veitingahúsinu, sá dyravörðinn taka hnífinn af ákærðu, en tveir aðrir starfsmenn veitingahússins komu á vettvang, eftir að búið var að taka hnífinn af henni. Bróðir ákærðu, Jósep Hjálmar Sigurðsson, bar fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins, að hann hefði séð ákærðu stinga mann með hnífi í veitingahúsinu umrætt kvöld. Þennan framburð sinn dró hann til baka, er hann kom fyrir dóm. Vitnið Sigríður Bergdís Magnúsdóttir taldi sig hafa séð hníf í hendi ákærðu, stuttu áður en maðurinn hneig niður, en ekki kvað hún það hafa verið sama hníf og tekinn var af ákærðu. Sá, sem fyrir stungunni varð, vissi ekki, hver stakk hann, og hann þekkti ekki ákærðu aftur, þegar hann sá hana í réttarsalnum. Aðeins eitt vitni, Aldís Jónsdóttir, hefur fullyrt, að hún hafi séð ákærðu stinga mann með hnífi. Upplýst er, að hnífur sá, sem tekinn var af ákærðu, var í eigu Aldísar, og taldi hún, að hann hefði horfið úr jakkavasa sínum fyrr um kvöldið. Aldís var fyrst yfirheyrð þann 29. ágúst, þremur dögum eftir að atvik gerðust. Framburður vitna um atvikið er mjög á reiki. Áður en maðurinn fékk hnífstunguna, hafði hann blandast í stimpingar eða átök, sem urðu í veitingasalnum, og kveðst hafa viljað stilla til friðar. Ósannað er, að ákærða hafi átt þátt í átökunum, áður en til stungunnar kom, og er óljóst, hvað henni gat gengið til þess verks, sem hún er ákærð fyrir. Eins og í héraðsdómi greinir, hófst vettvangsrannsókn ekki fyrr en 14 klukkustundum eftir, að atvik gerðust. Er svo mikill vafi um sekt ákærðu, að sýkna ber hana af þessum ákærulið.

II.

Eins og lýst er í héraðsdómi, viðurkenndi ákærða fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins að hafa slegið Jóhann Borg Jónsson í höfuðið með steini í því skyni að hafa af honum áfengi. Þessa játningu sína dró hún til baka, er hún kom fyrir dóm. Jóhann Borg hefur frá upphafi haldið því fram, að ákærða hafi ekki slegið hann, en framburður hans er um margt ótrúverðugur. Framburður ákærðu og annarra um þetta ákæruatriði stangast á í veigamiklum atriðum, og er lítið á honum byggjandi. Sannað er, að Jóhann Borg var barinn með steini, sem ákærða hafði meðferðis, og teknar voru af honum áfengisflöskur. Verður að telja nægilega fram komið, að

ákærða hafi verið aðili að þessum átökum, og hefur héraðsdómari réttilega heimfært brotið undir 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

III.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og færslu hans til refsiákvæða á þeim brotum, sem um er fjallað í III. og IV. kafla ákæruskjals.

Aðilar hafa ekki óskað þess, að ákvæði héraðsdóms um skaðabætur verði tekið til endurskoðunar í Hæstarétti. Koma þær því ekki til álita, sbr. 1. mgr. 147. gr. laga nr. 74/1974.

IV.

Eins og lýst er í héraðsdómi, var ákærða dæmd í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi 2. nóvember 1988. Ber nú samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, að taka það mál einnig til meðferðar, að því er hina skilorðsbundnu refsingu varðar, og dæma refsingu í einu lagi fyrir öll brotin. Er refsingin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í 2 ár. Frá refsingunni ber að draga gæsluvarðhaldsvist ákærðu frá 13. til 17. ágúst 1989 og frá 27. ágúst 1989 til 6. september 1990, 381 dag.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabætur skal vera óraskað.

Ákærða greiði sakarkostnað í héraði og áfrýjunarkostnað málsins að hálfu, eins og í dómsorði segir. Að öðru leyti skal sakarkostnaður greiddur úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Ákærða, Rósa Dröfn Sigurðardóttir, sæti fangelsi í 2 ár. Frá refsingunni dregst gæsluvarðhaldsvist ákærðu, 381 dagur.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabætur skal vera óraskað.

Ákærða greiði sakarkostnað í héraði og áfrýjunarkostnað málsins að hálfu, þar með talin saksóknarlaun í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 200.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, Kristjáns Stefánssonar héraðsdómslögmanns, samtals 250.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 26. janúar 1990.

Ár 1990, föstudaginn 26. janúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Pétri Guðgeirssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 45/1990: Ákæruvaldið gegn Rósu Dröfn Sigurðardóttur, sem dómtekið var 17. sama mánaðar.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 20. nóvember 1989, á hendur ákærðu, Rósu Dröfn Sigurðardóttur, til lögheimilis í Unufelli 44 í Reykjavík, fæddri 24. ágúst 1967 á Blönduósi, kt. 5409, „fyrir eftirgreind brot á almennum hegningarlögum, framin í Reykjavík á árinu 1989, nema annað sé tekið fram:

I. Tilraun til manndráps.

Ákærðu er gefið að sök að hafa, aðfaranótt laugardagsins 26. ágúst, stungið Sigurjón Þór Friðþjófsson, kt. 25.03.62-2509, hnífstungu í vinstri síðu rétt undir rifjaboga í veitingahúsinu Gullinu við Austurvöll í Reykjavík, og gekk hnífurinn í miltað og olli lífshættulegum blæðingum í kviðarholi.

Í aðgerð, sem framkvæmd var á Sigurjóni Þór á Borgarspítalanum stuttu eftir atburðinn, var milta hans fjarlægt og blæðingar stöðvaðar.

Telst þetta varða við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II. Rán.

Ákærðu er gefið að sök að hafa, laugardaginn 29. apríl 1989, veist að Jóhanni Borg Jónssyni, Laugavegi 51 b, Reykjavík, á heimili Jóhanns í því skyni að hafa af honum áfengi og slegið hann í höfuðið með steini, sem ákærða hafði tekið með sér inn í íbúðina. Ákærða, Jósep Hjálmar Sigurðsson, kt. 05.08.61-5979, Kolbeinn Vopni Sigurðsson, kt. 06.06.72-4079, og Tyrfingur Arnar Kristjónsson, kt. 31.05.59-7769, slógu eign sinni á 2 áfengisflöskur, er þau tóku af Jóhanni Borg, sem við höggið hlaut skurð á hægri augabrún og mar við hægra auga. (RLR-mál nr. 1752/89.)

Telst þetta varða við 252. gr. almennra hegningarlaga.

III. Þjófnaður.

1.

Ákærðu er gefið að sök að hafa, mánudaginn 14. nóvember 1988, stolið seðlaveski Magnúsar Lárussonar, kt. 13.11.63-3129, í félagi við þá Kolbein Vopna Sigurðsson, kt. 06.06.72-4079, og Jósep Hjálmar Sigurðsson, kt. 05.08.61-5979, um borð í mb. Gulltoppi í bátahöfninni á Grandagarði, en í veskinu voru meðal annars um 1.000 krónur og tékkhefti frá Landsbanka Íslands, útibúinu í Þorlákshöfn. (RLR-mál nr. 4098/89.)

2.

Aðfaranótt laugardagsins 12. ágúst stolið seðlaveski af Þráni Birgi Meyer, kt. 24.02.56-3129, í Austurstræti, en í veskinu var meðal annars greiðslukort Þráins frá Vísa Ísland nr. 4507 4300 0009 0869 og 6.000 krónur. (RLR-mál nr. 3178/89.)

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

IV. Skjalafals.

1.

Í framhaldi af þjófnaðinum, sem lýst er í ákærulið III.1, greitt Ólafi H. Jakobssyni, kt. 10.10.29-4849, fyrir leiguakstur með tékka að fjárhæð kr. 5.000, sem ofangreindur Jósep Hjálmar falsaði, að fullri vitund ákærðu, með útgefandanafnrituninni Magnús Lárusson á eyðublað nr. 382746 frá Landsbanka Íslands í Þorlákshöfn, en tékkinn er gefinn út til handhafa á reikning nr. 1134 og dagsettur 15.11.1989. (RLR-mál nr. 4098/89.)

2.

Í mars framvísað á eftirgreindum stöðum í félagi við Jósep Hjálmar Sigurðsson, kt. 05.08.61-5979, og Charlottu Níelsdóttur, kt. 20.06.73-6039, greiðslukorti Kristins D. Gissurarsonar frá Visa Island nr. 4507 4100 0001 4085, sem ákærða hafði stolið og ofangreindur Jósep Hjálmar falsað með því að líma miða með sinni áritun á nafni korthafa yfir rithandarsýni korthafa, þar sem Jósep Hjálmar falsaði sölunótur, með fullri vitund ákærðu, fyrir úttekt ákærðu og ofangreindra á vörum og þjónustu, sem þau létu skuldfæra á viðkomandi reikning Kristins hjá greiðslukortafyrirtækinu og deildu með sér andvirðinu:

1) Í verslun Miklagarðs sf. við Holtaveg sölunótu nr. 4451958, dagsetta 25.3. 1989, fyrir andvirði kr. 16.710.

2) Í Næturgrillinu sölunótu nr. 2952360, dagsetta 18.4. 1989, fyrir andvirði kr. 3.000.

3) Hjá leigubifreiðarstjóra nr. 290 á bifreiðastöðinni Hreyfli sölunótu nr. 360474, dagsetta 24.3. 1989, fyrir andvirði kr. 300.

4) Hjá leigubifreiðarstjóra nr. 765 á Hreyfli sölunótu nr. 4041951, dagsetta 24.3. 1989, fyrir andvirði kr. 6.000.

5) Í Næturgrillinu sölunótu nr. 2952361, dagsetta 25.1. 1989, fyrir andvirði kr. 4.840. (RLR-mál nr. 1257/89.)

3.

Í mars og apríl notað í viðskiptum eftirgreinda tékka, sem Charlotta Níelsdóttir, kt. 26.06.73-6039, falsaði með fullri vitund ákærðu og afhenti

ákærðu til notkunar í viðskiptum. Tékkarnir eru allir gefnir út til handhafa á stolin eyðublöð frá Verslunarbankanum, Bankastræti 5, Reykjavík:

1) Tékki nr. 6150600, að fjárhæð kr. 12.000, dagsettur 3.4. 1989, með útgefandanafnrituninni Magnea Aradóttir. Ákærða framvísaði tékkanum til sölu í Landsbankanum, Laugavegi 77.

2) Tékki nr. 6150593, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 31.3 1989, með útgefandanafnrituninni Þorbjörg Helgadóttir. Seldur í verslun Pennans hf.

3) Tékki nr. 6150595, að fjárhæð kr. 4.500, dagsettur 1.4. 1989, með útgefandanafnrituninni Þorbjörg Helgadóttir. Óvíst um notkun.

4) Tékki nr. 6150597, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 1.4. 1989, með útgefandanafnrituninni Þorbjörg Helgadóttir. Óvíst um notkun. (RLR-mál nr. 1375/89.)

4.

Í apríl notað í viðskiptum eftirgreinda tékka, sem hún gaf út til handhafa á alreikning nr. 110519 hjá Iðnaðarbanka Íslands, Réttarholtsvegi 3, Reykjavík, og falsaði með útgefandanafnrituninni Guðni Ö.Þ. Guðnason:

1) Tékki nr. 324, að fjárhæð kr. 3.500, dagsettur 7.4. 1989. Ákærða seldi tékkann Sigurði Kr. Sigurðssyni, kt. 06.07.53-5719.

2) Tékki nr. 334, að fjárhæð kr. 6.100, dagsettur 13.4. 1989. Seldur í versluninni Domus, Laugavegi 91.

3) Tékki nr. 3336 (sic), að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 12.4. 1989. Seldur í Austurbæjarútibúi Búnaðarbanka Íslands, Reykjavík.

4) Tékki nr. 340, að fjárhæð kr. 7.000, dagsettur 12.4. 1989. Seldur í versluninni Skinn-gallerí, Laugavegi 66.

5) Tékki nr. 344, að fjárhæð kr. 6.000, dagsettur 11.4. 1989, með framsalsstimpli Bifreiðastöðvar Íslands hf., við Vatnsmýrarveg. Óvíst um notkun.

6) Tékki nr. 347, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 11.4. 1989. Seldur í versluninni Hygeu, Laugavegi 35.

7) Tékki nr. 350, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 12.4. 1989. Seldur í verslun Steina hf., Austurstræti 22. (RLR-mál nr. 1656/89.)

5.

Í maí selt í félagi við Tyrfing Arnar Kristjánsson, kt. 31.05.59-7769, á veitingastaðnum Adlon, Laugavegi 126, Reykjavík, tékka að andvirði kr. 10.000, sem hún gaf út til handhafa á eyðublað nr. 3740875 frá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, dagsettan 29.5. 1989, og falsaði með útgefandanafnrituninni Jón Hanson. (RLR-mál nr. 2265/89.)

6.

Í síðastgreindum mánuði notað í viðskiptum í félagi við Atla Jespersen, kt. 15.10.66-5859, eftirgreinda tékka, sem ákærða falsaði á eyðublöð úr tékkhefti frá Vegamótaútibúi Landsbanka Íslands, Reykjavík, gefna út til handhafa með útgefandanafnrituninni Guðmundur R. Guðmundsson:

1) Tékki nr. 2533996, að fjárhæð kr. 3.500, dagsettur 20.5. 1989. Ákærða falsaði efni tékkans og fékk annan mann til að framvísa tékkanum til sölu í versluninni Björk, Bankastræti 6.

2) Tékki nr. 2533989, að fjárhæð kr. 16.500, dagsettur 27.5. 1989. Seldur á veitingastaðnum Eldvagninum, Laugavegi 73.

3) Tékki nr. 2533990, að fjárhæð kr. 8.000, dagsettur 28.5. 1989. Ákærða notaði tékkann í viðskiptum við leigubifreiðarstjóra. (RLR-mál nr. 2203/89.)

7.

Í síðastgreinum mánuði notað í viðskiptum eftirgreinda tékka, sem hún gaf út til handhafa og falsaði með útgefandanafnrituninni Erla Líney Agnarsdóttir á eyðublöð úr tékkhefti frá Vesturbæjarútibúi Landsbanka Íslands, Reykjavík:

1) Tékki nr. 3621875, að fjárhæð kr. 15.000, dagsettur 25.5. 1989. Ákærða fékk annan mann til að selja fyrir sig tékkann í verslun Hans Petersens, Bankastræti 4.

2) Tékki nr. 3621874, að fjárhæð kr. 8.500, dagsettur 25.5. 1989. Seldur í verslun Hagkaupa, Skeifunni 15. Ákærða greiddi Birni Tómasi Sigurðssyni, kt. 05.08.60-4779, með tékkanum.

3) Tékki nr. 3621870, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 24.5. 1989. Ákærða fékk aðra konu til að selja fyrir sig tékkann í Gjafahúsinu, Skólavörðustíg 8. (RLR-mál nr. 1997/89.)

8.

Þann 31. júlí selt í afgreiðslu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, Borgartúni 7, í félagi við Jónas James Ásmundsson, kt. 23.07.62-5549, og fleiri, tékka að fjárhæð kr. 341.413, sem ákærða gaf út til ÁTVR á reikning nr. 1246, dagsetti 31.7. 1989 og falsaði með útgefandanafnrituninni Auðunn S. Hinriksson á eyðublað nr. 2163467 frá Breiðholtsútibúi Landsbanka Íslands.

9.

Í ágúst falsað og selt í félagi við Bjarna Leif Pétursson, kt. 15.06.58-2419, eftirgreinda tékka, sem ákærði Bjarni gaf út til handhafa á tékkhefti frá Breiðholtsútibúi Landsbanka Íslands og falsaði með útgefandanafnritun-

inni Magnús Gestsson. Tékkarnir eru framseldir af ákærðu, Rósu Dröfn:

1) Tékki nr. 2163468, að fjárhæð kr. 21.000, dagsettur 1.8. 1989. Seldur í versluninni Pennanum, Austurstræti 10.

2) Tékki nr. 2163471, að fjárhæð kr. 12.280, dagsettur 1.8. 1989. Seldur í Veitingahúsinu Duus-húsi, Aðalstræti 4b (RLR-mál nr. 3422/89.)

10.

Þann 12. ágúst framvísað á eftirgreindum stöðum í félagi við Tyrfing Arnar Kristjónsson, kt. 31.05.59-7769, ofangreindu greiðslukorti Þráins Birgis Meyers frá Visa Island, sem þau fölsuðu með því að setja á kortið ritun Tyrfings Arnar á nafni Þráins Birgis í stað rithandarsýnis korteigandans, og falsað jafnframt nafnritun Þráins á nótur til staðfestingar á úttekt, sem ákærða og Tyrfingur létu skuldfæra á viðkomandi reikning Þráins Birgis hjá greiðslukortafyrirtækinu:

1) Hjá bifreiðarstjóra á leigubifreiðastöðinni Hreyfli sölunótu nr. 6047041, dagsetta 12.8. 1989, fyrir andvirði leiguaksturs, kr. 3.620.

2) Á veitingastaðnum Hjá Kim, Ármúla 34, sölunótu nr. 5346794, dagsetta 12.8. 1989, fyrir andvirði veitinga, kr. 5.525.

3) Í söluturninum Toppnum, Síðumúla 8, sölunótu nr. 5608716, dagsetta 12.8. 1989, fyrir andvirði vöru, kr. 1.630.

4) Hjá bifreiðarstjóra á bifreið nr. 723 á leigubifreiðastöðinni Hreyfli sölunótu nr. 4837246, dagsetta 12.8. 1989, fyrir andvirði kr. 305.

5) Hjá bifreiðarstjóra á bifreið nr. 716 á Hreyfli sölunótu nr. 6047068, dagsetta 12.8. 1989, fyrir andvirði leiguaksturs, kr. 305.

6) Hjá bifreiðarstjóra á bifreið nr. 23 á Hreyfli sölunótu nr. 6852038, dagsetta 12.8. 1989, fyrir andvirði leiguaksturs, kr. 320. (RLR-mál nr. 3178/89.)

Telst háttsemi ákærðu samkvæmt IV. kafla ákærunnar varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Fallið hefur verið frá ákæru, að því er varðar sölunótur nr. 1, 4, 5 og 6 í 10. tl. IV. kafla ákærunnar.

Af hálfu ákærðu hefur þess verið krafist, að II., III. og IV. kafla ákærunnar verði vísað frá dómi. Krafan er rökstudd svo, að „það sé grundvallarregla í íslenskum rétti, að sækja beri menn sameiginlega til saka, sbr. 28. og 115. gr. laga um meðferð opinberra mála, nema brýnar ástæður séu til. Þær ástæður séu ekki fyrir hendi í málinu, að því er varði þessa kafla ákærunnar".

Ekki verður 28. gr. laganna um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974, skilin öðruvísi en svo, að ríkissaksóknari eigi alfarið (sic) mat á því, hvernig

hann hagar saksókn að þessu leyti, og sætir það mat ekki endurskoðun dómstóla. Ber því að synja kröfu ákærðu um það, að þessum hluta ákærunnar verði vísað frá dómi.

I.

Málavextir.

Aðfaranótt laugardagsins 26. ágúst sl. kl. 2.07 var tilkynnt til lögreglunnar í Reykjavík, að maður hefði verið stunginn með hnífi í veitingahúsinu Gullinu við Vallarstræti. Þegar lögreglumenn komu þar að, lá maður á gólfinu á 2. hæð hússins, særður á síðu. Dyraverðir hússins höfðu ákærðu í haldi og afhentu hana lögreglunni ásamt hnífi, sem hún var talin hafa stungið manninn með. Var ákærða færð í fangageymslu lögreglunnar. Var henni tekið blóð til rannsóknar kl. 3.05 um nóttina. Í blóði hennar greindust 1,99 ‰ af vínanda, en hvorki fundust í því benzodiazepín-sambönd né amfetamín. Í vottorði sínu um blóðrannsóknina segir Þorkell Jóhannesson prófessor, að rannsóknin bendi eindregið til þess, að hlutaðeigandi hafi verið mjög ölvaður, þegar blóð var tekið úr honum, en hún staðfesti ekki, að hann hafi tekið diazepam eða amfetamín skömmu áður.

Maður sá, sem stunginn var, Sigurjón Þór Friðþjófsson, var lagður inn á slysadeild Borgarspítalans kl. 2.20. Í vottorði Gunnars Gunnlaugssonar, yfirlæknis skurðlækningadeildar spítalans, segir svo: „Komið var með Sigurjón á móttöku Borgarspítalans þann 26.8. 1989 um kl. 2.20. Hafði neyðarbíll farið og sótt hann á skemmtistað þar sem hann hafði verið stunginn með hnífi í vinstri síðu. Vökvi hafði verið settur upp hjá sjúklingnum á staðnum og shock-meðferð þannig hafin og haldið áfram í neyðarbílnum.

Við komu á sjúkrahúsið var sjúklingurinn með fullri meðvitund, en fölur og kvartaði um verk í kvið og upp í vinstri öxl. Blóðþrýstingur var lækkaður, mældist lægst 90/50. Hann var með stungusár í vi. síðu og var gatið í húðinni vinkillaga. Það vætlaði úr því blóð. Kviður var aumur og sjúklingurinn augljóslega með blæðingu inn í kviðarholið. Auk vökva voru honum gefnir 500 ml. af ókrossprófuðu neyðarblóði og hann tekinn síðan strax inn á skurðstofu.

Við uppskurðinn fannst að á annan lítra af blóði var í kviðarholinu. Hnífurinn hafði skorið inn í miltað og var það allt stöðug blæðing. Hnífurinn hafði sneitt hjá öðrum líffærum. Gatið innan á kviðveggnum var úti í síðunni, rétt undir rifjaboganum. Miltað var fjarlægt og við það stöðvaðist öll blæðing. Sjúklingurinn fékk síðan tvær einingar af blóði til viðbótar til að bæta honum upp blóðmissinn.

Sjúklingnum heilsaðist vel eftir aðgerðina og útskrifaðist af sjúkrahúsinu þann 31.8. '89. Undirritaður sá hann á göngudeild þann 13.9. '89. Honum

hafði heilsast eðlilega heima og var ekki talið nauðsynlegt að hann kæmi í frekara eftirlit.

Telja verður afar líklegt, að Sigurjóni hefði blætt út af áverka þessum ef hann hefði ekki fengið viðeigandi læknismeðferð í tíma."

Að sögn yfirlæknisins var lögun stungugatsins þannig, að líklegt væri, að hnífnum hefði verið snúið í sárinu og hann skorið húðina aftur, þegar hann var dreginn úr sárinu. Ekki hefðu verið nein ummerki um það, að maðurinn hefði verið stunginn tvisvar. Þá sagði hann, að hugsanlega myndu blæðingar hafa hætt af sjálfu sér við það, að blóðþrýstingur hefði fallið, en þá myndi sjúklingurinn hafa verið í hættu vegna losts. Blæðingarnar myndu svo hafa hafist að nýju við blóðgjöf. Sjúklingurinn hefði verið kominn með losteinkenni, og myndi hann hafa fallið í dýpra og dýpra lost, ef ekki hefði verið að gert. Taldi yfirlæknirinn, að stungan hefði gengið um 15 cm á hol manninum og farið nálægt ýmsum mikilvægum líffærum, svo sem slagæð til miltans, brisi, ristli og vinstra nýra. Mætti telja manninn heppinn, að þessi líffæri hefðu sloppið við blaðið. Lagið hefði komið á hlið manninum og vísað inn og upp. Hefði honum virst, að hnífurinn hefði fyrst stungist í miltað, en síðan hefði skorist út úr því við öndunarhreyfingu, enda hreyfðist miltað eftir öndun og hreyfingum mannsins sjálfs.

Rannsóknarlögreglu ríkisins var ekki þegar gert viðvart um mál þetta, og gat vettvangsrannsókn ekki hafist fyrr en kl. 16.00 þennan laugardag. Hafði blóð þá verið þvegið úr gólfteppi á annarri hæð veitingahússins, og þegar rannsóknarlögreglan fékk fatnað Sigurjóns Þórs til rannsóknar, hafði hann verið þveginn. Þá gekk erfiðlega að ná til vitna í málinu.

Í skýrslu Hannesar Thorarensens rannsóknarlögreglumanns segir eftirfarandi um vettvang: „Barinn á 2. hæð hússins er í norðurhluta hæðarinnar en dansgólf í suðurhluta hennar. Stigar milli hæða eru sem næst miðju gólfflatar.

Barsalurinn er með gluggum á norðuhlið. Tveir leðurhornsófar sem tengjast saman, eru meðfram allri norðurhliðinni og hornin meðfram vestur- og austurhlið. Gengið er inn í þennan sal við vesturvegg. Til suðurs afmarkast salurinn af súlu við inngönguna og vegg sem jafnframt er bakgrunnur barsins.

Veggur þessi er áfastur austurvegg og nær ca. að afmarka til hálfs suðurhluta barsalarins. Framan við þennan vegg er síðan sjálft barborðið sem er á ská frá suð-austri til norð-vesturs miðað við áðurgreinda útveggi barsalarins.

Framan við leðursófana eru tvö sófaborð og lágir kollar barmegin við þau.

Tvö borð standa upp við vesturvegg og er annað inni í barsalnum en hitt þar hjá og inn á stigaganginn. Stólar eru við þessi borð."

Vettvangurinn var rækilega ljósmyndaður, en ekki var gerður uppdráttur af honum fyrr en að tilhlutan dómsins 5. desember sl.

Að sögn starfsmanna hússins munu hafa verið um 100-150 manns í húsinu í þetta sinn, flestir megi gestir vera 280 talsins.

Fatnaður ákærðu og Sigurjóns Þórs var tekinn til rannsóknar, en ekki kom neitt fram við hana um fatnað ákærðu, sem máli skiptir. Aftur á móti voru v-laga göt í síðu stað vinstra megin, bæði á skyrtu og peysu Sigurjóns Þórs. Daufir blettir niður af gatinu á peysunni gáfu daufa svörun við Hemastix-blóðprófi og eru taldir vera þvegið blóð.

Hnífur sá, sem talið var hafa verið beitt gegn Sigurjóni Þór, er svokallaður „skátahnífur". Fylgir honum slíður úr leðri. Hnífsblaðið er 9 sm á lengd og 2,5 sm á breidd og flugbeitt. Ofan við hjalt úr málmi er skefti úr ljósum viði.

Ákærða kom fyrir dóm að kvöldi laugardagsins 26. ágúst. Kvaðst hún muna eftir því að hafa verið í veitingahúsinu Gullinu um nóttina með Jósep Hjálmari, bróður sínum, Grétari Smára Hallbjörnssyni og stúlku að nafni Bergdís, en muna annars lítið eftir sér, enda hefði hún verið ofurölvi og undir áhrifum amfetamíns, diazepams og e.t.v. fleiri lyfja. Síðast myndi hún eftir sér á barnum á efstu hæðinni og þar næst, þegar hún var færð í lögreglubifreið.

Í skýrslu, sem ákærða gaf hjá rannsóknarlögreglu ríkisins í viðurvist réttargæslumanns síns, skýrði hún frá því, að hún hefði verið látin laus úr Síðumúlafangelsinu ásamt bróður sínum, Jósep Hjálmari, föstudaginn 25. ágúst. Hefðu þau gengið niður á Hlemmtorg og þaðan niður í miðbæ. Um daginn hefðu þau verið í félagsskap kunningja og drykkjufélaga, fleiri eða færri. Hefði áfengi verið keypt oft þennan dag og leikurinn borist víðs vegar um miðborgina. Hefði hún drukkið sterkan bjór um daginn og tekið inn smám saman samtals 6-7 töflur af lyfjum, mogadoni, og 6-7 töflur af diazepami. Um kl. 20.00 hefði hún komið á veitingastofuna Fógetann í fylgd Jóseps Hjálmars, Tyrfings Kristjánssonar, Friðriks Friðrikssonar og stúlku að nafni Bergdís. Hefði hún verið búin að drekka eina brennivínsblöndu og óblandað vodka af stút, áður en hún kom á Fógetann, og verið orðin talsvert ölvuð. Á Fógetanum hefði hún drukkið bjór og vodka.

Um kl. 22.00 taldi ákærða, að bæst hefðu í hópinn annar bróðir hennar, Hjörtur Þórarinn, og æskufélagi þeirra systkina, Grétar Smári Hallbjörnsson. Hefði Grétar Smári veitt ákærðu áfengi þarna, en auk þess hefði hún orðið sér þarna úti um og neytt ¼ úr grammi af amfetamíni.

Um klukkan tólf til hálfeitt um nóttina hefðu þau félagarnir haldið í veitingahúsið Gullið, en þó gæti verið, að Hjörtur hefði ekki farið með þeim þangað. Kvaðst ákærða hafa verið í svo mikili vímu, þegar hér var komið sögu, að hún hefði slagað. Hefðu þau haldið upp á aðra hæð, og

hefði Grétar Smári keypt áfengi á barnum handa henni og Bergdísi. Jósep Hjálmar hefði sest í eitthvert sætið þarna, og hefði hún sest hjá honum. Næst myndi hún eftir því, að dyraverðir hefðu haldið henni í anddyri hússins. Hefði hún verið færð í lögreglubifreið. Hún myndi ekkert eftir því að hafa stungið mann eða haldið á hnífi.

Í skýrslu, sem ákærða gaf 30. ágúst í viðurvist réttargæslumanns, sagðist hún muna eftir því að hafa haldið á hnífi í vinstri hendi og vera „99% viss" um, að hún hefði fengið hnífinn hjá stúlku að nafni Aldís. Ekki kvaðst ákærða muna, hvað orðið hefði af hnífnum. Hún kvaðst telja, að hún hefði stungið mann, en kvaðst ekki muna neitt eftir því.

Fyrir dómi 20. september sl. kvaðst ákærða „voðalega lítið" muna eftir því að hafa verið með hníf. Þá ítrekaði hún, að hún hefði neytt lyfjanna, sem áður getur, og áfengis, og hefði neysla alls þessa saman þau áhrif, að hún missti minnið.

Þegar ákærða kom fyrir dóm við þingfestingu málsins 22. nóvember, kvað hún ákæruna vera ranga að þessu leyti. Hún myndi ekki, hvað gerst hefði í veitingahúsinu, en hún þekkti sjálfa sig þannig, að hún myndi ekki hafa verið fær um að vinna svona verk.

Fyrir dómi við meðferð málsins skýrði ákærða annars frá því, að hún hefði sest hjá þeim Jósep Hjálmari og Grétari Smára í sófann í norðvesturhorni barrýmisins, og hefði Grétar keypt handa þeim áfengi. Kvaðst hún muna eftir því að hafa staðið upp og farið að barnum og eins muna til þess að hafa verið að dansa á dansgólfinu inn af barnum. Kvaðst hún ekki muna eftir því að hafa verið með hníf í höndunum eða að hafa stungið nein með hnífi. Hefði hún sagt þetta hjá rannsóknarlögreglu til þess að sleppa úr varðhaldi. Þá myndi hún ekki eftir að hafa séð hníf í fórum Aldísar eða að hafa séð hana þarna í húsinu, en hún kannaðist við hana frá því í Húnaveri um verslunarmannahelgina. Hún kvaðst næst muna eftir sér í lögreglubifreið fyrir utan veitingahúsið og að hún hafi verið færð í fangageymsluna. Hún hefði ekki heyrt af hnífstungunni fyrr en í Síðumúlafangelsinu daginn eftir. Þá staðhæfði ákærða, að hún hefði ekki átt í deilum við nokkurn mann þarna á veitingastaðnum. Undir lok málsmeðferðarinnar hér fyrir dóminum 15. janúar sl. kvaðst hún mikið hafa reynt að rifja upp atburðina í Gullinu. Kvað hún sig ráma í að hafa tekið upp hníf af gólfinu, en þá hefðu verið búin að vera einhver „læti", eins og hún orðaði það. Hefði hún verið nýbúin að taka upp hnífinn, þegar einhver tók hann af henni. Þetta sé þó allt í þoku fyrir henni.

Jósep Hjálmar Sigurðsson, bróðir ákærðu, gaf tvær skýrslur um málið hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 27. ágúst sl. Við fyrri yfirheyrsluna, sem stóð frá kl. 12.23 til 13.02, hafði hann réttarstöðu grunaðs manns, en við hina síðari, sem stóð frá kl. 22.45 til kl. 23.15, var hann vitni.

Var honum kynntur réttur hans til þess að skorast undan því að bera í málinu.

Hann skýrði frá því í fyrri skýrslunni, að hann hefði farið í veitingahúsið Gullið að kveldi föstudagsins ásamt Rósu Dröfn, Aldísi, Grétari Smára Hallbjörnssyni og Aldísi (sic). Hefðu þau öll setið í sófa í vínstúku á annarri hæð hússins. Sagðist hann hafa verið undir áhrifum áfengis, en þó ekki mjög. Þarna hefði komið að einhver maður og gefið sig á tal við þær Aldísi og Rósu, en hann vissi ekki, hvað þeim fór á milli. Þó hefði hann séð það á háttalagi Rósu, að hún var að rífast, og hefði hún verið mjög æst. Skyndilega hefði hún tekið upp hníf og stungið manninn í síðuna. Taldi hann sig muna, að það hefði verið í hægri síðu. Hefði maðurinn fallið í gólfið.

Vitnið kvaðst álíta, að hnífur sá, er Rósa Dröfn hefði notað, hefði verið eign Aldísar, en hann myndi það, að fyrr um kvöldið hefði Rósa Dröfn fengið hann að láni frá Aldísi. Taldi hann, að þetta hefði verið rauður vasahnífur, en hann væri þó ekki viss.

Í síðari skýrslu sinni skýrði hann svo frá, að hann hefði ekki séð hnífinn, sem systir hans stakk manninn með. Hann kvaðst nokkru áður hafa séð hana með rauðan vasahníf, en hvort hún notaði þennan hníf eða annan, kveðst hann ekki vita. Þá kvaðst hann ekki geta fullyrt, hvort hún stóð upp úr sófanum, um leið og hún stakk manninn, eða hvort hún var sitjandi í sófanum, þegar hún gerði það. Vitnið kvaðst hafa setið í leðursófanum við norðurhlið barherbergisins, en þó nær vesturvegg. Framan við vitnið hefði verið sófaborð, og hinum megin við það hefðu Rósa Dröfn og Aldís setið á kollunum og snúið að honum. Skyndilega hefði Rósa Dröfn stungið manninn, sem hún hefði verið að rífast við. Kvaðst hann hafa orðið skelfingu lostinn, þegar hann sá þetta, og ekki getað hindrað þessa hnífstungu, því að þetta hefði gerst svo snögglega og komið honum svo á óvart.

Þegar vitnið kom hér fyrir dóm, kvað hann mann hafa komið að þeim fjórum, þar sem þau sátu, og gefið sig á tal við stúlkurnar. Ekki kvaðst hann muna, hvort ákærða var æst eða hvort hún hefði verið að rífast við manninn. Hefði hann ekki séð ákærðu stinga manninn, en hann hefði séð manninn hníga niður. Gaf vitnið þá skýringu á framburði sínum hjá lögreglu um þetta, að þegar hann gaf fyrri skýrsluna, hefði hann ekki verið allsgáður og í miklu ójafnvægi (sic), en við hina síðari hefði hann verið búinn að „dópa sig upp".

Þeir Hannes Thorarensen og Þorsteinn G. Þ. Ragnarsson rannsóknarlögreglumenn, sem tóku skýrslurnar, voru spurðir um þessa viðbáru vitnisins. Minntust þeir þess ekki, að hann hefði verið miður sín eða illa haldinn, þegar hann gaf skýrsluna. Sagði Hannes, að vitnið hefði ekki verið látið gefa skýrslu, ef svo hefði staðið á fyrir honum, og Þorsteinn kvað skýrslu-

gerðina hafa gengið hnökralaust. Hefði Jósep Hjálmar örugglega lesið yfir það, sem hann skrifaði undir.

Vitnið kvað þau systkinin hafa verið í mikilli óreglu, þegar þetta varð, og hefði ákærða verið mjög spennt á taugum, eins og þau öll reyndar. Hann kvaðst hafa séð, að Aldís hefði lánað systur hans vasahníf eða skátahníf fyrr um kvöldið. Hefði það verið sjálfskeiðingur, og muni hann hafa verið með upptakara og einhverju fleira á. Væri það ekki hnífurinn, sem hald var lagt á í málinu. Vitnið kvað Aldísi hafa sagt sér eftir á, að Rósa hefði stungið mann þarna á Gullinu.

Vitnið Aldís Jónsdóttir skýrði frá því hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 29. ágúst, að hún hefði verið stödd í veitingahúsinu Gullinu þetta sinn. Hefði hún komið þar með vinkonu sinni, Önnu Rósu. Hún hefði haft meðferðis „skátahníf" eða dálk í ljósbrúnu leðurhulstri, og hefði hann verið í jakkavasa hennar. Hún hefði lagt frá sér jakkann, meðan hún var að dansa á annarri hæð hússins. Hún hefði séð ákærðu, sem hún kannaðist við í sjón, sitja við borð, ekki langt frá barnum, og hefði hún haldið á hnífnum í vinstri hendi. Vitnið kvaðst hafa vikið sér að ákærðu og beðið hana að láta sig fá hnífinn, og minnti vitnið, að hún hefði um leið lagt höndina á öxl ákærðu. Ákærða hefði þá í sömu andrá stungið mann, sem stóð við hliðina á henni, með hnífnum. Taldi vitnið, að ákærða hefði stungið með vinstri hendi og að lagið hefði komið í vinstri síðu mannsins. Vitnið kvað annan mann hafa staðið þarna hjá ákærðu og manninum, sem hún hefði stungið. Ekki kvaðst vitnið neitt vita um ástæðuna fyrir þessu verki ákærðu og ekki vita, hvort eða hvað þessu fólki hefði farið á milli. Vitnið kvaðst svo muna eftir því, að maðurinn lá á gólfinu og fjöldi fólks stumraði yfir honum.

Vitnið kvaðst hafa aðgætt, hvort hnífurinn væri horfinn úr jakkavasa hennar, og hefði það reynst vera. Vitnið bar kennsl á hnífinn, sem ákærða var talin hafa stungið Sigurjón Þór með.

Vitnið kvaðst hafa verið orðið mjög ölvað, þegar þetta gerðist.

Hér fyrir dómi skýrði vitnið frá því, að umræddur hnífur hefði verið í jakkavasa hennar, þegar hún kom í veitingahúsið. Hún hefði lagt frá sér jakkann á stólbak, þegar hún fór að dansa. Taldi vitnið, að hún hefði svo einhvern tíma aðgætt í jakkavasann og þá orðið þess áskynja, að hnífurinn var horfinn ásamt einhverju fleira. Ekki kvaðst vitnið muna, hvenær þetta var, en taldi þó, að það hlyti að hafa verið, áður en hún fór að dansa, því að hún hefði ekki séð jakkann eftir það. Þegar vitnið var að koma af dansgólfinu, hefði hún séð ákærðu standa með hníf hennar í hendinni í á a.g. 5 metra fjarlægð frá vitninu. Hefðu hún haldið á hnífnum í mittishæð og blaðið vísað fram. Hefði hún beðið ákærðu tvisvar að láta sig hafa hnífinn og lagt hönd á öxl hennar. Ákærða hefði þá stungið með hnífnum

mann, sem stóð hjá henni og hún virtist vera að deila við. Hefði lagið komið í vinstri síðu mannsins, og hefði hann hnigið niður.

Vitnið taldi, að ákærða og maðurinn hefðu staðið hvort andspænis öðru, en einhverju gæti skeikað um það.

Vitnið kvað lögregluna hafa tekið sig, og hefðu þau Jósep, bróðir ákærðu, orðið samferða á lögreglustöðina. Kvaðst hún hafa sagt við hann, að systir hans væri rugluð, en minnist þess ekki að hafa rætt frekar við hann um málið. Kvaðst vitnið muna mjög vel eftir því, þegar maðurinn var stunginn, enda sé atburðurinn henni mjög eftirminnilegur.

Vitnið kvaðst hafa verið mjög drukkið, þegar þetta varð, og hafa verið búið að drekka vodka og bjór, en hún noti ekki önnur vímuefni.

Vitnið Sigríður Bergdís Magnúsdóttir kvaðst muna eftir því að hafa staðið við barinn á annarri hæð, og hefðu Rósa og Aldís staðið við endann á barborðinu. Sagði vitnið, að ákærða hefði haldið á hnífi, og virtist vitninu blaðið snúa fram og niður, en handleggurinn verið sem næst beinn niður. Ekki kvaðst vitnið muna, í hvorri hendinni ákærða hafði hnífinn. Vitninu virtist hnífurinn vera venjulegur vasahnífur. Vitnið kvaðst svo hafa gengið að borði, sem þarna var. Næst mundi hún, að maður lá á gólfinu og Jósep og fleira fólk var að stumra yfir honum. Ekki kvaðst vitnið hafa séð ákærðu eftir þetta.

Vitnið taldi, að mjög stutt stund hefði liðið, frá því að hún sá hnífinn í höndum ákærðu og þar til hún vissi af manninum á gólfinu. Hana minnti, að hann hefði legið á svipuðum stað og stúlkurnar höfðu staðið. Ekki kvaðst hún hafa orðið vör við nein átök. Vitnið lýsti hnífnum þannig, að blaðið hefði verið frekar breitt, og minnti hana, að skeftið hefði verið fremur dökkbrúnt. Ekki hefði hún séð hnífinn brotinn saman. Vitnið sá ljósmyndir af hnífnum, sem tekinn var af ákærðu, og taldi hún, að það væri ekki hnífurinn, sem hún sá í höndum hennar. Eftir því sem hana minnti, hefði hann ekki litið þannig út.

Vitnið kvaðst hafa verið í langvarandi óreglu, þegar þetta varð, og hafa þá verið undir áhrifum áfengis, róandi lyfja og amfetamíns.

Hallgrímur Óli Björgvinsson, dyravörður í veitingahúsinu, kvaðst hafa verið staddur á þriðju hæð hússins, þegar honum var sagt frá því, að átök væru á annarri hæð. Hann hefði strax brugðið við og hraðað sér niður og séð tvo menn liggja á gólfinu og þvögu af fólki í kring. Kvaðst vitnið hafa reist annan manninn við, en þá hefði verið sagt, að hinn hefði verið stunginn. Hefði sér verið vísað á stúlku, sem stóð við enda sófans, sem þarna var, og sneri að manninum á gólfinu. Stúlkan hafði þá dregið skátahníf úr skeiðum og beint blaðinu fram og skáhalt upp. Hélt hún um skeftið á hnífnum með vinstri hendi, en á skeiðunum með hinni hægri. Vitnið kvaðst hafa gengið að stúlkunni og sagt henni að láta sig hafa hnífinn,

en hún hefði engu ansað, enda greinilega í vímu, sem vitnið taldi frekar vera af lyfjum en áfengi. Vitnið kvaðst þá hafa tekið um þá hönd stúlkunnar, sem hélt á hnífnum, og sveigt höndina aftur fyrir bak hennar. Hefði hann svo teygt sig yfir öxl hennar og þannig náð hnífnum úr hendi hennar. Einn af eigendum hússins, Haraldur Jónsson, hefði komið þarna að, og hefði hann beðið Harald að fara niður með stúlkuna, sem Haraldur hefði gert. Hefði hann fengið annan starfsmann hússins til að hringja á sjúkrabíl og lögreglu. Vitnið kvaðst hafa slíðrað hnífinn og stungið honum í vasa sinn. Hann hefði síðan farið út í lögreglubíl með hnífinn og afhent lögreglumönnum hann.

Jón Páll Haraldsson, einn af eigendum veitingahússins, kvaðst hafa verið staddur á þriðju hæð hússins við störf, þegar hann hefði heyrt, að slagsmál voru á annarri hæð. Hann hefði hraðað sér niður og þá séð, hvar tveir menn lágu á gólfinu. Maðurinn, sem hafði verið stunginn, hefði verið risinn upp við dogg. Þegar hann hefði séð, hvernig komið var fyrir honum, hefði hann sagt: „Hann hefur verið stunginn.“ Hefði stúlkurödd þá sagt: „Hún er með hníf.“ Vitnið kvaðst hafa litið í kringum sig og séð Hallgrím halda um hönd á stúlku, sem hélt á hnífi, og snúa höndina aftur fyrir bak. Ekki kvaðst vitnið hafa séð nákvæmlega, hvernig Hallgrímur náði hnífnum af henni. Meðan Hallgrímur hefði verið að þessu, hefði stúlkan sagt: „Láttu hnífinn vera, ég á hann.“ Vitnið kvaðst þá hafa hlaupið niður og hringt á sjúkrabíl. Þegar vitnð kom upp aftur, var Hallgrímur búinn að ná hnífnum af stúlkunni og faðir vitnisins, Haraldur Jónsson, farinn með hana niður. Vitnið kvað stúlkuna hafa spurt, af hverju henni væri haldið, og kvaðst hann þá hafa sagt: „Þú varst með hnífinn.“ Hefði hún þá sagt: „Já, en Aldís á hnífinn.“

Haraldur Hafsteinn Jónsson kvaðst hafa verið við dyravörslu á fyrstu hæð hússins, þegar hringt hefði verið ofan af annarri hæð. Hefði hann hlaupið upp og séð, að þrír eða fjórir menn voru í átökum á gólfinu. Neðst hefði legið sá, sem stungin var, og hinir hefðu verið í átökum, liggjandi eða krjúpandi yfir honum. Þeir Hallgrímur hefðu tekið tvo af mönnunum, og hefði annar þeirra verið Ellert Högni Jónsson. Hafði Hallgrímur þá kallað: „Hún er með hníf“ -og vitnið þá séð hann vera að taka hníf úr hendi stúlku, eða svo áleit vitnið. Kvaðst vitnið þó ekki alveg geta fullyrt, hvort hann hefði beinlínis séð Hallgrím taka hnífinn af stúlkunni eða hvort hann hefði aðeins séð hann með hnífinn eftir það. Ekki gæti hann sagt, hvort stúlkan hefði staðið eða setið. Hann fullyrti hins vegar, að hann hefði séð Hallgrím með hnífinn. Hann kvaðst hafa tekið við stúlkunni úr höndum Hallgríms og farið með hana niður á fyrstu hæð og beðið þar með hana og afhent hana lögreglunni, þegar hún kom á vettvang.

Kristján Haraldsson kvaðst hafa verið við störf á barnum á annarri hæð

þessa nótt. Hann hefði séð Ellert Jónsson í stimpingum við annan mann, en ekki vissi hann, út af hverju það var. Kvaðst hann þá hafa hringt bjöllu niður í anddyri, og hefði Haraldur, faðir hans, komið upp. Þegar vitnið sá, að faðir hans var einn síns liðs, hefði hann hlaupið eftir hjálp upp á næstu hæð og fengið þá Jón Pál, bróður sinn, og Hallgrím Óla Björgvinsson niður með sér. Þegar þeir komu niður, kvaðst hann hafa séð tvo menn liggja á gólfinu framan við barinn. Hann hefði ekkert skipt sér af mönnunum, heldur snúið sér að því að reka fólk út úr barnum, sem farið var að afgreiða sig sjálft. Hann hefði ekki séð, hver stakk manninn, og ekkert geta sagt um það.

Ágúst Haraldsson, einn eigenda veitingahússins, kvaðst hafa verið við störf í „plötubúri", sem er við dansgólf á annarri hæð hússins. Hefði hann séð, að einhver átök voru í barrýminu, en ekki kveðst hann hafa séð, hverjir þar áttust við. Þeir starfsmennirnir hefðu farið að huga að þessu, og kvaðst hann hafa séð, að maður lá í blóði sínu á gólfinu. Einn dyravarðanna, líklega Hallgrímur, hefði verið að fást við stúlku, sem vitnið þekkti ekki, og kvaðst vitnið hafa séð hann taka af henni skátahníf í slíðri. Hefðu dyraverðirnir farið niður með stúlkuna og afhent hana lögreglunni. Stúlkan hefði setið með öðru fólki í sófanum, þegar vitnið kom þarna að, en verið staðin upp, þegar hnífurinn var tekinn af henni.

Sigurjón Þór Friðþjófsson kvaðst hafa farið niður í miðbæ ásamt vini sínum, Sigurði Karli Linnet. Hefðu þeir þá verið búnir að drekka nokkrar áfengisblöndur. Þeir hefðu farið í veitingastaðinn Gullið upp úr miðnætti og haldið upp á þriðju hæð, en síðan niður á aðra hæð og sest í sófa í barrýminu. Tvær stúlkur hefðu setið þarna í sófanum, og hefðu einhver orð farið á milli þeirra og stúlknanna. Ekki hefði það þó verið mikið, og ekki mundi vitnið, um hvað. Meðan þeir sátu þarna, hefðu hafist þarna einhver átök. Kvaðst vitnið hafa gengið að tveimur mönnum, sem voru að tuskast, til þess að stilla til friðar og lagt hönd á öxl annars þeirra í þessu skyni. Kvaðst hann þá hafa fengið högg í vinstri síðu, líkast hnefahöggi. Hefði hann hnigið niður. Hann hefði tekið um síðu sér, en það hefði tekið hann nokkra stund að átta sig á því, að hann hafði verið stunginn. Fólk hefði þyrpst þarna að. Kvaðst vitnið ekki hafa séð eða vitað, hver stakk hann, og ekkert um það vita.

Sigurður Karl Linnet kvaðst hafa verið búinn að drekka nokkra bjóra og eina sterka blöndu af áfengi, þegar þeir Sigurjón Þór komu í Gullið, og hefði hann fundið aðeins á sér. Þeir hefðu sest í sófa á annarri hæð hússins. Kvaðst hann muna, að stúlkur hefðu setið stutta stund þarna í sófanum. Átök hefðu hafist þarna, og hefði Sigurjón staðið upp til þess að stilla til friðar. Fólk hefði drifið þarna að og skyggt á, svo að hann sá ekki til Sigurjóns. Dyraverðir hefðu komið þarna að og stillt til friðar. Kvaðst hann

þá hafa séð, hvar Sigurjón sat á gólfinu, og fólk að stumra yfir honum. Konurödd hefði sagt, að hann hefði verið stunginn. Hann hefði ekki séð, þegar Sigurjóni var veittur áverkinn, og ekki vitað, hver það gerði.

Grétar Smári Hallbjörnsson skýrði frá því, að hann hefði komið á veitingastaðinn Gullið ásamt ákærðu og bræðrum hennar, Hirti og Jósep. Hefði hann farið að dansa á annarri hæð ásamt þeim ákærðu og Jósep, og taldi hann, að þau hefðu hætt að dansa um líkt leyti, og hefði hann farið á barinn til þess að kaupa áfengi. Hefði hann verið orðinn mjög ölvaður. Hann kvaðst ekki muna eftir því, að hann hefði orðið var við neinn hávaða eða uppnám, meðan hann stóð þarna, fyrr en einhver, ef til vill Jósep, hefði sagt við hann, að Rósa hefði stungið mann. Kvaðst vitnið þá hafa snúið sér við og séð, að þvaga fólks var fyrir aftan hann. Hann hefði troðið sér í þvöguna og séð, hvar maður lá í gólfinu. Hefði Jósep verið þarna hjá manninum, en hann kvaðst ekki muna eftir að hafa séð ákærðu eða Hjört. Vitnið kvaðst ekki hafa séð ákærðu með hníf þarna í veitingahúsinu eða hníf í hendi nokkurs manns þarna, og gæti hann ekkert borið um hnífstunguna. Jósep Hjálmar hefði sagt sér þarna um nóttina eða undir morguninn, að maðurinn, sem stunginn var, hefði bankað í öxlina á ákærðu. Hún hefði þá snúið sér við og maðurinn þá skyndilega hnigið niður. Hefði honum skilist, að Jósep hefði séð þetta. Vitnið kvað Jósep einnig hafa sagt sér frá því, að Aldís hefði verið með hníf þarna inni og ákærða hefði tekið hnífinn af Aldísi, rétt áður en maðurinn hneig niður. Skildist vitninu á Jósep, að hann hefði séð þetta sjálfur.

Ellert Högni Jónsson skýrir frá því, að hann hafi setið við borð á annarri hæð hússins í barrýminu ásamt Aldísi Jónsdóttur, sem þarna var. Aldís hefði staðið upp og gengið inn með barnum á tal við fólk, sem stóð inni í horni. Hefði ákærða verið þar á meðal. Hann hefði sjálfur ætlað að barnum nokkru seinna, en þá hefði einn af fólkinu farið að abbast upp á sig, eins og hann væri að meina sér að komast að barnum. Hefðu orðið úr þessu stimpingar, sem enduðu með því, að þeir féllu á gólfið. Dyraverðir hefðu komið mjög fljótlega á vettvang, og hefði einn þeirra tekið sig upp af gólfinu og fært sig inn í horn að dyrum, sem þar væru. Ekki kvaðst vitnið hafa séð neinn stunginn, og ekki hefði hann heldur sé hníf þarna og ekki orðið þessa áskynja fyrr en nokkru seinna, þegar hann sá dyraverði stumra yfir manni á gólfinu. Hefði einhver hrópað, að maður hefði verið stunginn.

Anna Rósa Ingólfsdóttir kvaðst hafa farið í veitingahúsið Gullið ásamt vinkonu sinni, Aldísi Jónsdóttur. Hefði hún rekist þarna á ákærðu og bróður hennar, Jósep Hjálmar, sem hún kannast við bæði. Ekki hefði hún séð nein átök eða hníf þarna í húsinu, en kvaðst vita, að Aldís hefði átt skátahníf í slíðri. Hún kvað þær Aldísi hafa báðar farið úr jökkunum og

lagt þá frá sér þarna á annarri hæðinni, meðan þær voru að dansa. Hefðu þær orðið viðskila í dansinum. Hefði Aldís talað um það daginn eftir, þegar þær hittust, að jakka hennar með hnífnum í hefði verið stolið, og sagt, að hún hefði séð ákærðu stinga mann með hnífnum.

Vitnið kvaðst hafa verið talsvert ölvað og ekki muna allt, sem gerðist þarna.

Hjörtur Þórarinn Sigurðsson skýrði frá því, að hann hefði verið með þeim á Gullinu, Jósep Hjálmari og Rósu Dröfn, systkinum sínum, Grétari Smára Hallbjörnssyni og stúlku, sem myndi heita Aldís. Hann hefði staðið við barinn á annarri hæð, og sagðist hann muna, að systir hans stóð fyrir aftan hann. Honum hefði lent saman við mann þarna við barinn, og hefðu þeir tekist á og leikurinn borist fram á gólfið og þeir báðir fallið í gólfið. Næst myndi hann til þess, að einhver kallaði upp, að maður hefði verið stunginn. Þegar hann var staðinn á fætur, hefði hann séð mann liggja á gólfinu og lítils háttar blóðblett hjá honum. Ekki kvaðst hann vita, hver hefði stungið manninn. Hann hefði fljótlega farið út úr húsinu, en heyrt um leið sagt, að Rósa Dröfn hefði stungið manninn. Jósep, bróðir þeirra, hefði einnig sagt sér daginn eftir, að hann hefði séð hana stinga manninn.

Ómar Þorgils Pálsson lögregluþjónn var kvaddur að veitingahúsinu Gullinu. Kvaðst hann hafa ásamt starfsbróður sínum, Herði Þór Hafsteinssyni, ekið Jósep Hjálmari Sigurðssyni og Aldísi Jónsdóttur niður á lögreglustöð. Hefði Aldís sagt, áður en ekið var af stað, að hún hefði ekki séð, þegar maðurinn var stunginn, en hún ætti hnífinn. Jósep hefði hins vegar sagt í bifreiðinni, að ákærða hefði stungið manninn. Hefði Aldís virst töluvert ölvuð, en Jósep Hjálmar töluvert minna.

Hörður Þór Hafsteinsson, fv. lögregluþjónn, skýrði frá því, að Aldís Jónsdóttir hefði gefið sig fram við þá lögreglumennina og sagst eiga hnífinn, sem lögreglumennirnir tóku við úr hendi dyravarða. Hefði honum verið stolið frá henni ásamt jakkanum hennar. Hún hefði verið greinilega ölvuð, en kurteis og komið vel fyrir. Hefði Aldís, að því er hann minnti, sagst kannast við stúlkuna, sem þarna var í haldi. Ekki kvaðst hann þó muna til þess, að hún hefði talað um, að hún hefði séð stúlkuna stinga manninn. Aftur á móti rámaði hann í, að karlmaður, sem þeir fluttu á lögreglustöðina með Aldísi, hefði sagt, að stúlkan hefði stungið manninn.

Grímur Gunnarsson lögregluþjónn, sem var í stórri lögreglubifreið ásamt þremur starfsbræðrum sínum, var kallaður að veitingahúsinu Gullinu. Kvað hann ákærðu hafa virst vera ölvuð, en róleg. Hann kvaðst hafa farið með dyravörðunum upp á aðra hæð hússins, þar sem þeir hefðu bent vitninu á mann og konu. Hefðu það verið Aldís Jónsdóttir og Jósep Sigurðsson. Aldís hefði sagt, að Rósa hefði stolið nýlegum leðurjakka hennar, hefði skátahnífur í leðurhulstri verið í jakkavasanum. Hefði hún sagst vera

skáti og bera ávallt á sér skátahníf. Hún hefði ekkert frekar sagst vita um málið og talið það vera sér óviðkomandi. Jósep hefði sagst hafa verið í átökum við manninn, sem hefði verið stunginn. Hefði Rósa stungið manninn til þess að hjálpa sér.

Vitnið kvaðst hafa farið út úr húsinu með þau Aldísi og Jósep og sett þau inn í lögreglubifreið. Auk þeirra tveggja hefði Grétar Smári Hallbjörnsson, sem hefði verið ölvaður og með afskiptasemi þarna á vettvangi, verið tekinn með í lögreglubifreið.

Niðurstaða.

Ákærða sagði hjá rannsóknarlögreglu, að hún myndi eftir því að hafa verið með hníf í vinstri hendi og vera nærri fullviss, að hún hefði fengið hnífinn hjá stúlku að nafni Aldís. Taldi hún, að hún hefði stungið mann, en hún myndi ekkert eftir því. Annars hefur hún borið við minnisleysi, en þó sagt, að hún þekkti sjálfa sig þannig, að hún væri ekki fær um að vinna verk sem þetta. Síðbúin yfirlýsing hennar um, að hana rámaði í að hafa tekið upp hnífinn af gólfinu, eftir að „læti" hefðu orðið, getur ekki talist trúverðug.

Sigríður Bergdís Magnúsdóttir skýrði frá því, að mjög stuttu áður en maðurinn hneig niður, hefði hún séð hníf í hendi ákærðu. Að vísu minnti vitnið, að hann hefði litið öðruvísi út en hnífurinn, sem hald var lagt á.

Jósep Hjálmar Sigurðsson, bróðir ákærðu, skýrði frá því hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, að hann hefði séð systur sína stinga mann, sem stóð hjá henni og hún var að deila við. Hann hefur fyrir dómi breytt framburði sínum um þetta á þá lund, að hann hefði ekki séð hana stinga manninn, en einungis séð hann hníga niður. Vitnið hefur ekki gefið viðhlítandi skýringu á þessari breytingu, og verður um þetta að byggja á skýrslum hans hjá rannsóknarlögreglunni, sem eru ekki ótrúverðugar og styðjast við vætti þeirra Hjartar Þórarins Sigurðssonar og lögreglumannanna Ómars Þorgils Pálmasonar og Harðar Þórs Hafsteinssonar.

Vitnið Aldís Jónsdóttir bar staðfastlega, að hún hefði séð ákærðu stinga mann með hnífi hennar. Upplýst er, að hnífur þessi var ásamt skeiðum tekinn skömmu síðar blóðugur af ákærðu.

Telja verður sannað, að ákærða hafi stungið Sigurjón Þór Friðþjófsson með hnífi í vinstri síðu, eins og lýst er í ákærunni, og valdið honum þeim áverka, sem þar greinir. Verður og að telja upplýst með vætti Gunnars Gunnlaugssonar yfirlæknis, að atlagan og áverkinn hafi verið lífshættuleg. Þá verður að telja, að ákærðu hafi hlotið að vera ljóst, að langlíklegast væri, að maðurinn hlyti bana af henni. Hefur ákærða með þessu verki orðið sek um brot gegn 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

II.

Málavextir.

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar í Reykjavík var laugardaginn 29. apríl sl. kl. 13.00 lögreglan kvödd að Laugavegi 51 b. Var þar fyrir húsráðandinn, Jóhann Borg Jónsson, fæddur 14. maí 1938. Skýrði hann frá því, að fólk um tvítugt, þrír karlmenn og stúlka, hefðu ráðist á sig og rænt sig peningum. Kvað hann mann að nafni Finnbogi, sem byggi í kjallaraíbúð á Rauðarárstíg 7, hugsanlega vita deili á árásarfólkinu. Var Jóhann Borg bólginn og blóðugur í andliti.

Skýrsla lögreglunnar í Reykjavík barst rannsóknarlögreglu ríkisins daginn eftir. Næst gerðist það í málinu, að Jóhann Borg kom á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar 25. maí og áréttaði kæru sína. Kvaðst hann hafa haft samband við Finnboga, sem fyrr getur, en sá vissi ekkert um málið. Annars kvaðst Jóhann sjá einn af árásarmönnunum alloft á Hlemmi, en ekki vita deili á honum. Var honum bent á að kalla til lögreglu, næst þegar hann sæi hinn grunaða. Ekki er að sjá, að kærandanum hafi verið veittur kostur á því að skoða myndasafn rannsóknarlögreglunnar til þess að benda á hin grunuðu.

Þá samkvæmt skýrslu lögreglunnar í Reykjavík gerðist það næst í málinu 7. júní sl., að Jóhann Borg vísaði lögreglumönnum, sem fylgdu honum út í biðskýli strætisvagna á Hlemmi, á Tyrfing Kristjánsson, Hraunbæ 90 hér í borg, fæddan 31. maí 1959. Væri hann einn þeirra, sem ráðist hefðu á sig og rænt sig áfengi. Kvaðst Tyrfingur kannast við málið og viðurkenndi fyrir lögreglumönnunum, að hann hefði farið með manni, sem hann ekki þekkti, og Rósu Sigurðardóttur frá Skagaströnd heim til Jóhanns. Kvað Tyrfingur Rósu hafa slegið Jóhann með steini og tekið áfengið, en hann sjálfur staðið hjá, en drukkið áfengið á eftir. Var Tyrfingi sleppt eftir samtalið við lögreglumennina.

Í skýrslunni kemur fram, að Tyrfingur eigi líklega við ákærðu í máli þessu, Rósu Dröfn Sigurðardóttur, og eru sögð þar á henni deili. Skýrslu þessa fékk rannsóknarlögreglan í hendur tveimur dögum síðar.

Jóhann Borg Jónsson leitaði læknishjálpar á slysadeild Borgarspítalans. Í vottorði Þorvalds Ingvarssonar læknis segir svo:

„Þann 29.4. '89 kl. 13.24 kemur hingað á slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík maður er kvaðst heita ofanskráðu nafni. Honum segist svo frá að hann hafi verið laminn í hausinn með steini og tekinn kverkataki af pari sem hann ber ekki kennsl á, á Laugaveginum. Kvartanir við komu eru verkur aftan í hálsi og sár á höfði. Sjúklingurinn rotaðist ekki við höggið.

Skoðun: 1. Skurður á hægri augabrún og talsvert mar undir augabrúninni. 2. Eymsli aftan á hálsi vinstra megin, engin eymsli yfir barka.

Meðferð: 1. Sárið á augabrúninni er saumað með 4 sporum.

2. Leiðbeiningar vegna höfuðhöggs.

Sjúklingurinn er boðaður til endurkomu þann 5.5 '89 í saumatöku.

Skoðun þann 5.5. '89: Sárið er vel gróið. Saumar teknir. Eymsli í hálsinum eru horfin. Sjúklingurinn er því útskrifaður.

Meiðsli Jóhanns geta vel komið heim og saman við það að honum hafi verið veittur áverki."

Jóhann Borg Jónsson skýrði frá því í skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 23. október sl., að nokkru fyrir kl. 13.00 umræddan dag hefði verið knúið dyra hjá honum. Hann hefði litið út um glugga og séð unga konu við dyrnar og því opnað. Konan hefði spurt, hvort hann ætti nokkurt áfengi til að selja henni, og kvaðst hann hafa jánkað því. Í sömu svipan hefðu þrír karlmenn komið á eftir honum inn í eldhús, sem er til vinstri inn af forstofunni. Hefðu tveir mannanna haldið höndum hans, en sá þriðji hefði tekið hann hálstaki aftan frá. Þeir hefðu heimtað af honum tvær brennivínsflöskur, en hann hefði neitað því þverlega í fyrstu. Þá hefði annar þeirra, sem hélt höndum hans og hann benti síðar á á Hlemmtorgi, barið sig þrisvar í höfuðið með broti úr gangstéttarhellu og því næst fleygt steininum í gólfið. Kvaðst hann hafa staðið allan tímann þrátt fyrir þessar barsmíðar. Þegar hér var komið sögu, kvaðst hann hafa séð, að ráðlegast væri að láta áfengið af hendi, en hann kvaðst hafa átt tvær flöskur af brennivíni, tvær af vodka og einn kassa af bjór. Kveðst hann hafa farið fram í forstofuna og síðan inn í þvottahús, sem þarna er inn af, og þaðan inn í geymsluherbergi, þar sem áfengið var geymt í læstum skáp. Kvað hann fólkið hafa beðið frammi í forstofunni, á meðan hann náði í tvær brennivínsflöskur, sem hann síðan afhenti stúlkunni. Hún hefði beðið allan tímann frammi í forstofu og ekki veist að sér. Eftir að hann hafði látið áfengið af hendi, hefðu þau öll farið út, og hefði hann þá kallað á lögregluna, sem flutti hann á slysadeild, þar sem gert var að sárum hans.

Hér fyrir dómi skýrði vitnið svo frá, að stúlkan hefði barið að dyrum hjá honum, og þegar hann opnaði, hefði hún beðið hann um vín. Kvaðst hann hafa sagt, að hann ætti ekkert vín. Hefðu þá komið þrír piltar og ruðst inn í eldhúsið. Hefði einn þeirra tekið sig hálstaki, svo að sér hefði legið við köfnun og hnigið niður á gólfið. Hinir piltarnir hefðu ekkert tekið á sér, en einn þeirra hefði slegið sig með steini í andlitið rétt ofan við hægra augað. Hefði það verið pilturinn, sem hann vísaði á á Hlemmi. Stúlkan, sem vitnið kveðst ekki þekkja í sjón, hefði beðið frammi í forstofu, á meðan á þessu stóð, og hefði hún haldið sig þar allan tímann. Vitnið kvaðst hafa opnað skáp frammi í geymslu, þar sem hann geymi áfengi, og tekið þaðan 4 flöskur og rétt piltunum, en þeir hefðu allir komið inn í geymsluna á eftir honum. Ekki kvaðst hann muna, hvort hann sótti áfengið, áður en

hann var sleginn eða eftir að hann var sleginn. Vitnið taldi hugsanlegt, að hann hefði sótt vínið inn, áður en hann var tekinn hálstaki eða á milli þess og þess, að hann var sleginn.

Ákærða gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 13. júní. Kvaðst hún þá lítið muna eftir atvikinu, enda hefði hún verið búin að vera í langvarandi óreglu, þegar þetta varð. Þau Tyrfingur hefðu farið við þriðja mann, sem hún myndi ekki, hvað héti, niður á Laugaveg 51 b til þess að fá áfengi hjá manni, sem þar ætti heima. Áður en þau fóru þar inn, kvaðst hún hafa tekið með sér múrsteinsbrot, sem hún fann þar fyrir utan „til öryggis". Eftir að inn var komið, hefði hún slegið húsráðanda í höfuðið með steininum, svo að hann lá rotaður eftir. Ekki kvaðst hún muna, hvar hún hefði tekið áfengið eða hversu mikið það var. Þá kvaðst hún ekki muna, hversu mikla peninga þau hefðu tekið, en þau þrjú hefðu eflaust hagnýtt sér þá.

Ákærða var yfirheyrð að nýju hjá rannsóknarlögreglunni 23. október sl. Hélt hún þá fast við fyrri skýrslu sína og kvaðst hafa barið Jóhann Borg með múrsteinsbroti, en ekki Tyrfingur. Þá ítrekaði hún, að auk þeirra Tyrfings hefði aðeins verið einn maður með þeim. Þá kvaðst ákærða ekki muna, hvort hún eða annar mannanna hefðu náð í áfengið. Ekki kvaðst hún heldur muna, hvort það hefði verið ákveðið fyrir fram að ræna Jóhann, en eflaust hefðu þau farið til hans til þess að nálgast áfengi.

Þegar ákærða kom fyrir dóm við þingfestingu málsins 23. nóvember sl., neitaði hún að hafa slegið Jóhann Borg og kannaðist ekki við, að áfengisflöskur hefðu verið teknar af honum við þetta tækifæri. Ákærða hefur annars skýrt svo frá fyrir dóminum, að umræddan dag hefði hún verið í heimsókn á Rauðarárstíg hjá manni að nafi Finnbogi ásamt Jósep Hjálmari, bróður sínum, og Tyrfingi Arnari Kristjónssyni. Ekki kvaðst ákærða muna eftir því, að annar bróðir hennar hefði verið þarna með þeim. Þau hefðu ákveðið að fara niður á Laugaveg 51 til þess að fá þar vín hjá manni, Jóhanni Borg Jónssyni, sem ákærða kannaðist við. Þegar þangað kom, kvaðst hún hafa tekið múrsteinsbrot, sem lá þarna fyrir utan, og stungið upp í jakkaermi sína „til öryggis", enda hefðu piltarnir verið farnir að tala um, að til átaka gæti komið við manninn. Maðurinn hefði lokið upp fyrir þeim og þau gengið inn. Kvaðst ákærða hafa verið orðin mjög drukkin, þegar hér var komið sögu, og muna óljóst eftir atburðum inni hjá manninum. Ekki kvaðst hún vita, af hverju átökin hófust, en piltarnir hefðu eitthvað tuskast við manninn, og eins myndi hún eftir því, að annar hvor þeirra hefði hrundið honum niður í stól. Þegar maðurinn hefði verið að standa upp úr stólnum, hefði Tyrfingur Arnar slegið manninn eitt högg með steininum, sem hún kvaðst hafa verið búin að láta hann hafa. Hún hefði áður ætlað sér að henda steininum út, en hætt við það og látið

Tyrfing hafa hann orðalaust. Hún kvaðst hafa leitað að áfengi í íbúð mannsins, meðan þeir piltarnir voru að stimpast við hann. Ekki mundi hún eftir því að hafa fundið eða séð áfengi í íbúð mannsins og ekki muna eftir því, að þau hafi haft með sér áfengi þaðan eða að þau hafi drukkið áfengi eftir þessa heimsókn til mannsins.

Tyrfingur Arnar Kristjónsson skýrði frá því, að hann hefði hitt ákærðu og bræður hennar, Jósep og Kolbein, á Hlemmi, og hefðu þau farið að ræða um að útvega áfengi. Rósa hefði sagst geta útvegað það og hringt eitthvað í því skyni. Hefðu þau haldið niður Laugaveg, en ekki kvaðst hann muna til þess, að það hefði verið rætt á leiðinni, hvernig ætti að borga eða útvega áfengið. Honum hefði verið ljóst, að ferðinni var heitið til Jóhanns Borg Jónssonar, en þar hefði hann keypt áfengi áður. Taldi hann, að Rósa myndi gera upp við manninn, enda sjálfur verið félaus. Þegar þau voru komin að húsinu, hefði ákærða tekið eitthvað upp af jörðinni og stungið undir jakka sinn. Hefðu þau farið að ræða um það að borga manninum ekki fyrir áfengið, heldur taka það af honum með valdi. Ekki kvaðst hann muna, hvernig orð féllu, en þau hefðu öll rætt um þetta fyrir utan húsið. Ekki mundi hann, hvort þau hefðu rætt, hvernig þau ættu að fara að þessu. Þau hefðu knúið dyra hjá Jóhanni, sem hefði lokið upp fyrir þeim. Hefði Rósa spurt, hvort hann hefði áfengið. Maðurinn hefði spurt, hvort þau væru með peninga, og hefði Rósa játað því. Hefði hann snúist á hæli og farið inn til að sækja það. Þeir Tyrfingur og Kolbeinn Vopni hefðu farið inn á eftir honum og sest við eldhúsborðið, en ekki mundi hann, hvort Rósa kom með þeim inn í eldhúsið eða stóð í dyrunum, en hann minnti, að Jósep hefði staðið í útidyrunum. Ekki kvaðst hann geta gert sér grein fyrir því, hvort ákærða hefði farið inn í íbúðina með manninum. Maðurinn hefði svo komið fram með áfengisflöskur í poka, líklega tvær brennivínsflöskur, og krafið þau um greiðsluna. Hefði Kolbeinn Vopni flogið á hann, og hefðu orðið einhverjar stimpingar með þeim. Rósa hefði þá komið frá hlið og slegið Jóhann eitt högg í höfuðið með steini. Pokinn með flöskunum hefði þá verið þrifinn úr hendi Jóhanns. Taldi hann, að Jósep hefði gert það, en kvaðst e.t.v. hafa sjálfur eitthvað liðsinnt honum við það. Ekki kvaðst hann geta gert sér grein fyrir því, hvort maðurinn hefði misst fótanna í stimpingunum við Kolbein eða við höggið, en hann hefði fallið í gólfið, að því er hann minnti, og hefði pokinn þá verið hrifsaður af honum.

Þau fjögur hefðu drukkið áfengið, sem þau náðu af manninum.

Tyrfingur Arnar kvaðst hafa verið mjög illa á sig kominn af drykkju og vímuefnaneyslu, þegar þetta gerðist, og hafa þá verið búinn að vera í óreglu í sex til átta vikur. Taldi hann minni sitt frá þessum tíma vera heldur þokukennt.

Jósep Hjálmar Sigurðsson skýrði frá því, að ákærða og bróðir þeirra, Kolbeinn Vopni, svo og Tyrfingur Kristjónsson, hefðu verið stödd á Hlemmi, þegar þau afréðu að heimsækja Jóhann Borg Jónsson og kaupa af honum áfengi. Minnti hann, að Rósa hefði verið búin að hringja í manninn áður. Hefðu þau gengið heim til hans og barið að dyrum. Ekki kvaðst hann hafa orðið var við það, að ákærða hefði haft á sér stein, og ekki taldi hann, að neitt hefði verið búið að ræða það, að til átaka gæti komið við manninn. Jóhann Borg hefði lokið upp og þau gengið inn í anddyrið. Rósa hefði eitthvað skipt orðum við hann. Hann hefði farið inn í íbúðina, en þau beðið á meðan í eldhúsinu. Hugsanlega hefði Rósa þó farið inn með manninum. Maðurinn hafði komið fram með eitthvað í hvítum plastpoka. Kvaðst hann minnast þess, að Rósa og maðurinn hefðu eitthvað verið að rífast frammi í forstofu, en ekki muna, um hvað það snerist. Taldi hann, að Kolbeinn Vopni og Tyrfingur hefðu lent í átökum við manninn, og hefði það leitt til þess, að maðurinn datt á bekk við eldhúsborðið. Hefði Tyrfingur legið ofan á honum þarna á bekknum, en þeir bræðurnir hefðu hlaupið út. Kvaðst Jósep hafa hitt þau hin seinna um daginn eða um kvöldið, annaðhvort á Hlemmtorgi eða Laugavegi 86. Hefðu þau þá verið með áfengi. Kvaðst hann ekki hafa spurt þau, hvar þau hefðu fengið það. Hefði Tyrfingur sagt sér, að Rósa hefði barið húsráðandann með múrsteini. Hefðu þeir piltarnir náð steininum af henni og síðan hlaupið út frá manninum. Ekki hefði Tyrfingur nefnt, hvort þau hefðu náð áfengi frá manninum.

Jósep Hjálmar kvaðst hvorki hafa séð manninn barinn með steini þarna né séð nokkurn stein þarna. Ekki hefði hann heldur tekið pokann með áfenginu, en hann taldi sig muna, að það hefði verið Kolbeinn, sem hljóp út með pokann. Hann kvaðst hafa séð einhverja skeinu á enni Jóhanns, áður en hann fór út frá honum. Ekki kveðst hann hafa orðið var við, að Rósa ætti í neinum átökum við manninn, meðan þau voru þarna. Kvaðst hann ekki muna til þess, að hún hefði nokkru sinni komið inn í eldhúsið, heldur myndi hún hafa beðið frammi í forstofu allan tímann.

Kolbeinn Vopni Sigurðsson, bróðir ákærðu, kannaðist við hjá rannsóknarlögreglu ríkisins að hafa farið með henni, Jósep Hjálmari og Tyrfingi Kristjónssyni, að Laugavegi 51 b, Reykjavík, þeirra erinda að útvega áfengi. Hefði upphaflega verið ráðgert að kaupa áfengi af húsráðandanum, Jóhanni Borg, en þegar til kom, hefði þeim þótt hann setja upp of hátt verð. Hann kvaðst óljóst muna, hvað á eftir hefði farið, enda þá verið búinn að vera í mikilli óreglu. Hann myndi þó, að hann hefði tekið í aðra hönd Jóhanns Borg og Tyrfingur í hina. Hefði ætlunin verið, að Rósa tæki af Jóhanni plastpoka með áfengisflöskum, en hún hefði hins vegar tekið fram stein og slegið Jóhann með honum í andlitið. Hann kvaðst

hafa reynt að hindra systur sína í þessu athæfi, en hún hefði náð að slá Jóhann Borg nokkur högg í andlitið með steininum. Ekki kvaðst hann vita, hvar Rósa tók steininn. Meðan hann hefði reynt að halda aftur af henni, hefðu þeir Tyrfingur og Jósep hlaupið út og Jósep tekið plastpokann með áfenginu með sér. Rósa hefði farið að þurrka blóð úr andliti Jóhanns, sem hefði verið með fullri meðvitund og staðið á fótunum. Hann kvaðst þá hafa tekið á rás á eftir piltunum, en Rósa orðið ein eftir. Hún hefði svo komið stuttu síðar og hitt þá uppi á Laugavegi. Ekki kvaðst hann muna, hve mikið áfengi hefði verið í plastpokanum, sem tekinn var af Jóhanni Borg.

Kolbeinn Vopni kvaðst hér fyrir dómi lítið muna eftir atvikum. Taldi hann, að hann hefði farið með þeim ákærðu, Jósep Hjálmari og Tyrfingi Kristjónssyni, heim til manns á Laugavegi 51 b í apríllok. Hefðu þau ætlað að kaupa áfengi af manninum. Hefði hann lokið upp, og minnti hann, að þau öll hefðu farið inn, en var þó ekki viss. Maðurinn hefði sótt áfengið og sett upp verð, sem þeim hefði fundist vera of hátt. Eitthvað hefði verið tekið á honum, en ekki kvaðst hann muna, hver eða hverjir hefðu gert það. Gæti verið, að hann hefði sjálfur gert það. Kvaðst hann telja líklegt, að hann hefði snúið upp á handlegg mannsins og síðan tekið hann hálstaki og reynt að ,,svæfa" hann, eins og hann orðaði það. Ekki minntist hann þess, að neinn hefði verið með stein eða að maðurinn hefði verið sleginn með steini. Hefði maðurinn staðið á fótunum allan tímann, meðan þau voru hjá honum. Eitthvert þeirra hefði tekið pokann með áfengisflöskum, og hefðu þau öll hlaupið út frá manninum, þau Rósa síðust.

Þegar skýrsla hans hjá rannsóknarlögreglu var borin undir hann, kvað hann sig minna, að atvikin hefðu verið með þeim hætti, sem hann lýsti þar, en þetta væri þó óljóst í huga sér, og það, sem segir í skýrslunni um steinshögg Rósu Drafnar, gæti verið ,,della", eins og hann orðaði það.

Kolbeinn Vopni kvaðst hafa verið mjög ölvaður þegar þetta varð.

Niðurstaða.

Ákærða og piltarnir þrír báru, að þau hefðu farið til Jóhanns Borg Jónssonar til þess að fá hjá honum áfengi. Hafði ákærða frumkvæði að ferð þessari. Ákærða sagðist hafa tekið upp stein ,,til öryggis", áður en þau fóru inn, enda hefði verið farið að tala um, að til átaka gæti komið við manninn. Sagði Tyrfingur Arnar, að þau hefðu rætt það, áður en þau fóru inn til Jóhanns, að taka áfengi af honum með valdi. Fram er komið, að valdi var beitt við Jóhann, og játaði ákærða staðfastlega hjá rannsóknarlögreglu að hafa barið hann með steininum. Þeir Tyrfingur Arnar og Kolbeinn Vopni báru með ákærðu um það atriði, þótt Kolbeinn drægi nokkuð úr fyrir dóminum. Jóhann Borg sagði sjálfur aftur á móti staðfast-

lega, að Tyrfingur Arnar hefði barið sig, en ekki ákærða. Ákærða breytti framburði sínum um þetta hér fyrir dómi og sagði, að Tyrfingur Arnar hefði barið manninn. Samkvæmt gögnum málsins hlaut Jóhann skurð og mar á höfuðið við höggið. Þeim Jóhanni Borg, Tyrfingi Arnari, Jósep Hjálmari og Kolbeini Vopna bar saman um það, að poki með áfengisflöskum hefði verið tekinn af Jóhanni Borg eftir átök við hann, en ákærða kvaðst ekki muna eftir því. Hún bar þó, að hún hefði leitað að áfengi hjá Jóhanni, meðan piltarnir stimpuðust við hann.

Enda þótt það sé mjög líklegt, að ákærða hafi barið Jóhann Borg með steininum, þykir ekki vera unnt, vegna frásagnar Jóhanns, að telja það sannað. Aftur á móti er sannað, að Jóhann var barinn með steini, sem ákærða hafði með sér inn til hans, og verður að telja, með vísan til þess, sem segir hér að framan, að hún hafi átt þátt í að ræna hann tveimur áfengisflöskum. Hefur ákærða með þessu orðið sek um rán og brotið gegn 252. gr. almennra hegningarlaga.

III.

1. Ákærða viðurkenndi að hafa farið í þjófnaðarskyni með bræðrum sínum niður að mb. Gulltoppi, sem lá við Grandagarð, þar sem þeir hefðu farið um borð og stolið seðlaveski með peningum og tékkhefti. Beið ákærða átekta á bryggjunni á meðan, þar sem hún þorði ekki um borð. Hefur ákærða með þessu brotið gegn 244. gr., sbr. 22. gr. sömu laga.

2. Ákærða viðurkenndi að hafa stolið seðlaveski frá Þráni Birgi Meyer í Austurstræti. Hefur ákærða með þessu brotið gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

IV.

1. Ákærða viðurkenndi að hafa í félagi við Charlottu Níelsdóttur selt falsaðan tékka, sem lýst er í 1. tl. IV. kafla ákæru, og notað með þeim hætti, sem þar er lýst. Er tékkanum og notkun hans rétt lýst í ákærunni, en dagsetning tékkans er þó ranglega tilgreind. Varðar þetta atferli ákærðu við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Ólafur H. Jakobsson krefst bóta vegna tékka þessa. Ákærða er ekki ein um sök þessa. Ber að vísa kröfunni frá dómi.

2. Ákærða viðurkenndi að hafa í félagi við bróður sinn, Jósep Hjálmar, og Charlottu, sem áður er nefnd, staðið að því að framvísa stolnu greiðslukorti Kristins D. Gissurarsonar með falsaðri nafnritun og tekið út vörur og þjónustu, eins og í 2. tl. IV. kafla ákærunnar segir, þannig að Jósep Hjálmar falsaði nafn Kristins á skuldfærslunótur vegna viðskiptanna. Það athugast, að síðasta nótan er rangt dagsett. Varðar þetta atferli ákærðu við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Fyrirtækið Visa Ísland - Greiðslumiðlun hf. hefur krafist þess, að „hinum seka verði gert að endurgreiða" fyrirtækinu 14.140 krónur. Ákærða er ekki ein um sök þessa. Ber að vísa kröfunni frá dómi.

3. Ákærða viðurkenndi að hafa í félagi við Charlottu, sem áður er nefnd, notað í viðskiptum þá 4 falstékka, sem greinir í 3. tl. IV. kafla ákærunnar, og með þeim hætti, sem þar segir. Er tékkunum og notkun þeirra rétt lýst í ákæru. Varðar þetta atferli ákærðu við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

4. Ákærða viðurkenndi að hafa falsað og notað og afhent til notkunar í viðskiptum þá 7 tékka, sem greinir í 4. tl. IV. kafla ákærunnar. Er tékkunum og notkun þeirra þar rétt lýst að öðru leyti en því, að númer þriðja tékkans hefur misritast. Hefur ákærða með þessu orðið sek um brot gegn 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Eigendur tékkanna hafa krafist þess, að þeim verði bættur höfuðstóll tékkana ásamt vöxtum. Ákærða notaði tékka nr. 4 og 7 í félagi við annan, og ber að vísa frá dómi bótakröfum vegna þeirra. Ákærða hefur annars samþykkt bótakröfurnar, og ber að dæma hana til þess að greiða þær ásamt almennum innlánsvöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25, 1987, sbr. lög nr. 67, 1989, frá kröfudegi til greiðsludags, sem hér segir:

Sigurði Kr. Sigurðssyni, kt. 06.07.53-5719, 3.500 krónur frá 18. maí 1989,

Guðbjörgu Jónsdóttur, kt. 26.06.53-5209, 6.100 krónur frá 26. maí 1989,

Búnaðarbanka Íslands 5.000 krónur frá 25. apríl 1989,

Bifreiðastöð Íslands hf. 6.000 krónur frá 26. apríl 1989,

Hygeu hf. 5.000 krónur frá 8. maí 1989.

5. Ákærða viðurkenndi hjá rannsóknarlögreglu að hafa falsað og afhent Tyrfingi Arnari Kristjónssyni til notkunar tékka þann, sem ákært er fyrir í 5. tl. IV. kafla ákærunnar. Fyrir dómi neitaði hún að hafa skrifað tékkann, en hún hefði verið viðstödd ásamt fleirum, þegar það var gert, og hefði hún notið góðs af því, þegar hann var seldur á veitingastaðnum Adlon. Viðurkenndi Tyrfingur fyrir dóminum að hafa selt tékkann þarna, en kvaðst ekki vita, hver hefði skrifað hann, en það hefði gert einhver af því fólki, sem þarna var. Hefði fólkið og ákærða notið veitinga, sem keyptar voru fyrir tékkann. Hefur ákærða með þessu orðið sek um brot gegn 155. gr., sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga. Þykir ákæran ekki vera í vegi fyrir því að sakfella ákærðu fyrir hlutdeild í brotinu.

Bóta hefur verið krafist fyrir tékkann. Ákærða er ekki ein um sök þessa, og ber að vísa kröfunni frá dómi.

6. Ákærða viðurkenndi að hafa í félagi við Atla Jespersen, kt. 15.10.66-5859, notað í viðskiptum þá þrjá tékka, sem lýst er í 6. tl. IV. kafla ákærunnar og ákærða falsaði. Er tékkunum og notkun þeirra þar rétt lýst. Hefur

ákærða með þessu orðið brotleg við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Bóta hefur verið krafist fyrir tvo af tékkunum, en með vísan til þess, sem áður segir, ber að vísa kröfunum frá dómi.

7. Ákærða viðurkenndi að hafa notað og afhent til notkunar í viðskiptum þá þrjá tékka, sem lýst er í 7. tl. IV. kafla ákærunnar og ákærða falsaði. Er tékkunum og notkun þeirra rétt lýst í ákæru. Hefur ákærða með þessu orðið sek um brot gegn 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Bóta hefur verið krafist fyrir tékkana. Ákærða er ekki ein um sök varðandi 1. og 3. tékkann, og ber að vísa kröfum vegna þeirra frá dómi. Aftur á móti hefur ákærða mótmælt kröfu Hagkaupa. Ber að dæma ákærðu til þess að greiða Hagkaupum 8.500 krónur ásamt almennum innlánsvöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 25. maí 1989 til greiðsludags.

8. Ákærða viðurkenndi að hafa í félagi við aðra, aðallega Steinberg Finnbogason, kt. 30.07.73-4009, falsað og notað tékka þann, sem greinir í 8. tl. IV. kafla ákærunnar. Er tékkanum og notkun hans þar rétt lýst. Hefur ákærða með þessu orðið brotleg við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hefur krafist bóta fyrir tékkann. Ákærða er ekki ein um þessa sök, og ber að vísa kröfunni frá dómi.

9. Ákærða viðurkenndi að hafa í félagi við Bjarna Leif Pétursson, kt. 15.06.58-2419, selt þá tvo tékka, sem lýst er í 9. tl. IV. kafla ákærunnar og Bjarni Leifur hafði falsað. Er tékkunum og notkun þeirra þar rétt lýst. Hefur ákærða með þessu orðið sek um brot gegn 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Bóta hefur verið krafist fyrir tékka þessa. Ákærða er ekki ein um þessa sök, og ber að vísa kröfunum frá dómi.

10. Ákærða viðurkenndi að hafa í félagi við margnefndan Tyrfing Arnar Kristjónsson notað í viðskiptum stolið greiðslukort Þráins Birgis Meyers, sbr. 2. tl. III. kafla hér að framan, með falsaðri nafnritun Þráins, eins og lýst er varðandi 2. og 3. sölunótu undir 10. tl. IV. kafla ákærunnar, en Tyrfingur falsaði nafn Þráins á skuldfærslunótur þessar. Er nótunum tveimur og viðskiptum með þær rétt lýst í ákærunni. Hefur ákærða með þessu orðið brotleg við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Viðurlög, sakarkostnaður.

Ákærða sætti undir meðferð málsins geðrannsókn Hannesar Péturssonar yfirlæknis. Ályktun yfirlæknisins er svohljóðandi:

„Að mati undirritaðs er Rósa Dröfn Sigurðardóttir ekki haldin formlegri geðveiki (psychosis) né greindarskorti. Hins vegar greinast merki um persónuleikatruflanir, sem m.a. hafa komið fram í skapgerðarbrestum,

hegðunarvandkvæðum allt frá unglingsárum og óreglulegri skóla- og atvinnusókn. Rósa Dröfn hefur einnig misnotað áfengi og aðra vímugjafa og ítrekað (sic) komist í kast við lögin, allt frá fermingaraldri. Tilfinningalíf hennar virðist vanþroskað og sjálfmiðað. Hugsanlegt er að framangreindar persónuleikatruflanir séu að hluta orsakaðar af erfiðum uppeldisskilyrðum og neikvæðum félagslegum áhrifum á seinni árum.

Framangreindar persónuleikatruflanir eru ekki læknanlegar í eiginlegum skilningi þess orðs, en stundum dregur úr slíkum vandkvæðum með árunum, samfara auknum persónuleikaþroska. Í því sambandi er brýnast fyrir Rósu að hætta alfarið (sic) neyslu allra vímuefna og reyna að efla stöðugleika í lífi sínu, m.a. með því að reyna að bæta úr neikvæðum umhverfisþáttum, fá sér fasta búsetu og stöðuga atvinnu. Rósa Dröfn hefur ítrekað (sic) verið á meðferðarstofnunum fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga á undanförnum árum, en því miður, enn sem komið er, með takmörkuðum árangri.

Rósa Dröfn mun hafa játað nokkur þjófnaðar- og skjalafalsbrot, en neitað sök að því er varðar tilraun til manndráps og líkamsárás samfara ráni. Rósa Dröfn hefur, á meðan geðrannsóknin fór fram, haldið fram minnisleysi varðandi framangreinda atburði og borið fyrir sig að hún hafi verið í mikilli vímu þegar framangreind atvik gerðust. Verði Rósa Dröfn hins vegar fundin sek um verknaði þá er gerðust 26.8. og 29.4. sl., er líklegt að framangreindir skapgerðarbrestir samfara miklum áfengisáhrifum hafi leitt til skertrar sjálfsstjórnar og hvatvíslegra viðbragða af hennar hálfu. Hins vegar er erfitt með vissu að meta hvenær og með hvaða hætti ásetningur til verknaðarins kann að hafa myndast. Minnistruflanir þær er Rósa lýsir eru í samræmi við mikla neyslu áfengis á tiltölulegum (sic) stuttum tíma. Það verður því að telja líklegt að dómgreind Rósu hafi verið sljóvguð vegna mikilla áfengis- og vímuáhrifa þegar framangreindir atburðir áttu sér stað. Hins vegar verður þó að ályktа, að raunveruleikamat og dómgreind Rósu Drafnar Sigurðardóttur sé annars með þeim hætti að hún teljist sakhæf."

Ákærða, sem dómarinn telur vera sakhæfa, hlaut skilorðsbundna ákærufrestun 1986. Í ágúst 1988 var hún dæmd í 2ja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir fjársvik, og 2. nóvember sama ár var hún dæmd í 3ja mánaða fangelsi fyrir fjársvik. Var það hegningarauki við fyrri dóminn, sem nú var dæmdur upp. Auk þessa hefur ákærða verið sektuð sex sinnum, ýmist fyrir ölvunarakstur og réttindaleysi, eignaspjöll, fjársvik eða fíknilagabrot. Hún hefur nú rofið skilorðið, og ber að dæma upp síðari dóminn og gera henni refsingu í einu lagi. Telst hún vera hæfilega ákveðin fangelsi í 6 ár. Frá refsingunni ber að draga að fullri dagatölu gæsluvarðhaldsvist ákærðu frá 13. til 17. ágúst sl. og frá 27. sama mánaðar til dómsuppsögu, samtals 158 daga.

Dæma ber ákærðu til þess að greiða skaðabætur, eins og að framan er rakið.

Loks ber að dæma ákærðu til þess að greiða allan kostnað af málinu, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 180.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar héraðsdómslögmanns, 180.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærða, Rósa Dröfn Sigurðardóttir, sæti fangelsi í 6 ár. Frá refsingunni dregst gæsluvarðhaldsvist ákærðu, 158 dagar.

Ákærða greiði skaðabætur ásamt almennum innlánsvöxtum til greiðsludags, sem hér segir:

Sigurði Kr. Sigurðssyni, kt. 06.07.53-5719, 3.500 krónur frá 18. maí 1989,

Guðbjörgu Jónsdóttur, kt. 26.06.53-5209, 6.100 krónur frá 26. maí 1989,

Búnaðarbanka Íslands 5.000 krónur frá 25. apríl 1989,

Bifreiðastöð Íslands 6.000 krónur frá 26. apríl 1989,

Hygeu hf. 5.000 krónur frá 8. maí 1989,

Hagkaupum hf. 8.500 krónur frá 25. maí 1989.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 180.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar héraðsdómslögmanns, 180.000 krónur.

Miðvikudaginn 17. október 1990.

Nr. 369/1990. **Sigurður Tómasson**

gegn

Jóni Erlendssyni.

Kærumál. Frestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason.

Á bæjarþingi Kópavogs er nú rekið bæjarþingsmálið nr. 103/1989: Sigurður Tómasson gegn Jóni Erlendssyni. Hinn 25. september 1990 kvað Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari upp úrskurð í málinu. Úrskurðurinn, sem er án forsendna, hljóðar svo:

„Úrskurðarorð:

Frestbeiðni stefnda er tekin til greina."

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í j-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 4. október 1990. Hann gerir þær dómkröfur, „að ekki verði fallist á frestbeiðni stefnda". Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Héraðsdómarinn hefur með vísan til 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 23. gr. laga nr. 54/1988, sent Hæstarétti svofelldar forsendur og rökstuddar ástæður sínar fyrir úrlausninni:

„Í gögnum málsins kemur fram að stefndi kærði nafnfölsun á víxli þeim sem stefnandi byggir kröfur sínar á í máli þessu til rannsóknarlögreglu ríkisins þann 30. nóvember 1988. Í lögregluskýrslu kemur fram að hann hafi fengið innheimtubréf frá Jóni Egilssyni lögfræðingi sama dag og er hann þar krafinn um greiðslu samkvæmt víxlinum en gjalddagi hans var næsta dag. Málið sætti rannsókn hjá rannsóknarlögreglu ríkisins en í bréfi hennar til stefnda dags. 9. desember 1988 er honum tilkynnt að ekki hafi tekist að sanna sök í málinu og er í því sambandi vísað til samprófunar stefnda og útgefanda víxilsins. Að svo stöddu verði ekki um frekari rannsókn lögreglunnar að ræða en stefnda bent á að honum væri

frjálst að koma að frekari upplýsingum sem máli kunni að skipta.

Mál þetta var þingfest á bæjarþingi Kópavogs þann 9. febrúar 1989 með áskorunarstefnu útg. 23. janúar s.á. Af hálfu varnaraðila komu fram varnir og var málinu vikið til venjulegrar meðferðar en greinargerð hans var lögð fram þann 16. mars. s.á. Greinargerð var lögð fram af hálfu stefnanda þann 30. júní s.á. Dómarinn fékk málið til meðferðar þann 3. október 1989.

Af hálfu stefnda kom fram krafa um að málinu yrði vísað frá dómi en kröfunni var hrundið með úrskurði uppkveðnum á bæjarþinginu þann 13. mars 1990.

Þann 15. júní var ákveðinn lokafrestur til gagnaöflunar til 4. september 1990 og að aðalmeðferð færi fram 14. september 1990. Með samkomulagi beggja aðila var málinu enn frestað til 25. september s.á. til aðalmeðferðar. Í þinghaldinu þann dag fór stefndi fram á að dómarinn leitaði til rannsóknarlögreglu ríkisins varðandi sérfræðilega rannsókn á rithönd samþykkjanda víxilsins og vísaði hann í því sambandi til 2. mgr. 117. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936. Af hálfu stefnanda var því mótmælt að veittur yrði frestur til frekari gagnaöflunar. Þess var krafist að málflutningur færi þá þegar fram. Vísaði stefnandi til þess að stefndi hefði þegar fengið rúma fresti í máli þessu.

Niðurstaða í máli þessu hlýtur m.a. að velta á því hvort nafnritun stefnda á víxlinum er fölsuð. Ekki liggur fyrir í gögnum málsins að sérfræðileg athugun hafi farið fram á umræddri nafnritun eða hvers vegna slík rannsókn fór ekki fram. Fram hefur komið af hálfu stefnda að rannsóknarlögregla ríkisins hafi nú betri aðstæður en áður til að framkvæma sjálf skriftarathugun. Dómarinn hafði ekki ráðrúm til að ganga úr skugga um það í þinghaldinu hvort frekari rannsókn geti farið fram hjá rannsóknarlögreglu ríkisins varðandi meinta nafnfölsun. Þar sem mikilvægt hlýtur að teljast fyrir niðurstöðu málsins að fullnægjandi rannsókn fari fram á því hvort umrædd nafnritun er fölsuð þykir rétt að fresta málinu að sinni til þess að unnt verði að ganga úr skugga um hvort bæta megi úr því sem kann að hafa verið áfátt við rannsókn málsins varðandi meinta nafnfölsun."

Á dómþingi bæjarþings Kópavogs 25. september sl. bað lög-

maður varnaraðila um nýja rannsókn á því, hvort víxill sá, sem málið snýst um, geti verið falsaður. Ákvað héraðsdómari að fresta málinu, þó að meðferð þess hefði þá þegar tekið langan tíma. Þegar litið er til 2. mgr. 117. gr. og 155. gr. laga nr. 85/1936, verður ekki talið rétt að hnekkja niðurstöðu dómarans, en þó er rétt, að frestur sé tímabundinn og standi til 15. nóvember 1990.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Bæjarþingsmálinu nr. 103/1989 í Kópavogi er frestað til gagnaöflunar til 15. nóvember 1990.

Miðvikudaginn 17. október 1990.

Nr. 290/1989. **Hópsnes h/f**
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)
gegn
Birni H. Haraldssyni
(Jón G. Briem hdl.).

Kaupgjaldsmál. Vinnusamningur. Sjómenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 21. júlí 1989. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara, að hann verði einungis dæmdur til að greiða stefnda 106.486 krónur með vöxtum eins og í aðalkröfu og að málskostnaður verði þá látinn falla niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Óumdeilt er, að skipstjóri mb. Hópsness, GK-77, veitti stefnda áminningu um vanrækslu í starfi í marsmánuði 1988. Af hálfu áfrýjanda er því haldið fram, að áminning þessi hafi átt sér stað 16. mars, og ber að leggja það til grundvallar í málinu. Eigi er í ljós leitt, að stefndi hafi vanrækt störf sín á skipinu eftir það. Stefndi varð fyrir meiri háttar líkamsáverka 6. apríl 1988. Var áfrýjanda tilkynnt um atvikið strax sama dag. Ósannað er, að meiðsli þessi hafi stefndi bakað sér af ásetningi eða stórfelldu gáleysi, sbr. niðurlag 4. mgr. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Stefndi útskrifaðist af Borgarspítalanum 12. apríl 1988, og í vottorði Einars Ólafssonar læknis, dagsettu 15. apríl 1988, segir, að stefndi sé óvinnufær. Áætlar læknirinn, að stefndi verði óvinnufær út aprílmánuð. Stefnda var vikið úr skiprúmi 18. apríl 1988, áður en ráðningartími hans var liðinn og án þess að heimild hafi verið til þess samkvæmt 23. og 24. gr. sjómannalaga, eins og atvikum var háttað. Á stefndi því rétt á kaupi samkvæmt 9. gr. laganna. Með þessum athugasemdum ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Hópsnes h/f, greiði stefnda, Birni H. Haraldssyni, 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Grindavíkur 26. júní 1989.

I. Mál þetta, sem var dómtekið 9. þ.m., hefur Björn Haraldsson, Hamragarði 12, Keflavík, höfðað gegn Hópsnesi hf., Vesturbraut 3, Grindavík, með stefnu, birtri 1. febrúar 1989.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði dæmt að greiða sér kr. 240.571 auk 44,4% ársdráttarvaxta af kr. 67.026 frá 15.5.1988 til 15.6. 1988, af kr. 145.945 frá þeim degi til 15.7.1988, en 52,8% vaxta af kr. 227.429 frá þeim degi til 15.8.1988, 56,4% vaxta af kr. 240.571 frá þeim degi til 1.9.1988, 49,2% vaxta frá þeim degi til 1.10.1988, 33,6% vaxta frá þeim degi til 1.11.1988, 27,6% vaxta frá þeim degi til 1.1.1989 og 21,6% vaxta frá þeim degi til birtingardags stefnu, en frá þeim degi með vöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, þar með taldir vaxtavextir samkvæmt 12. gr. Enn fremur er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands auk dráttarvaxta samkvæmt vaxtalögum að liðnum 15 dögum frá dómsuppsögu. Þá er þess krafist, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í mb. Hópsnesi, GK-77, til tryggingar tildæmdum kröfum.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að sér verði dæmdur málskostnaður samkvæmt gjaldskrá LMFÍ auk 12% söluskatts úr hendi hans.

II. Stefnandi var yfirvélstjóri á mb. Hópsnesi, GK-77, eign stefnda, og hafði gegnt því starfi í um þrjá mánuði, er hann slasaðist þ. 6. apríl 1988 og þurfti að leggjast inn á sjúkrahús. Segir svo í áverkavottorði Borgarspítalans:

„Kemur með sjúkrabíl frá sjúkrahúsinu í Keflavík á slysadeild kl. 5.30 þann 6.4. sl. Hafði verið skorinn á háls með beittum hnífi. Áverkann veitti félagi hans og höfðu þeir drukkið lítils háttar vín um miðnætti og mun félaginn hafa neytt amfetamíns að sögn sjúklings. Sjúklingur hafði komist af eigin rammleik á sjúkrahúsið í Keflavík og eftir að bundið var um sár fluttur á slysadeild Borgarspítalans.

Næstu daga hesstist sjúklingur vel og var útskrifaður af spítalanum 12.4.88.

Álit.

Telja verður þetta meiri háttar sár á hálsi og litlu munaði að stóru æðarnar á hálsi hafi skorist í sundur og hefði þá sjúklingur fengið varanlegan skaða, ef ekki dauða.“

Móðir stefnanda og sjúkrahúslæknir tilkynntu skipstjóra mb. Hópsness þegar, hvað gerst hafði, og tveimur dögum síðar tjáði fósturfaðir hans skipstjóranum, að hann yrði óvinnufær um skeið, eigi skemur en hálfan mánuð, en stefnandi mun hafa verið óvinnufær í einn mánuð. Útgerðarstjóri stefnda sendi stefnanda þ. 18. apríl 1988 svohljóðandi bréf:

„Aðfaranótt 6. apríl 1988 barst skipstjóranum á m.b. Hópsnesi GK-77 í síma sú tilkynning, að þú hefðir slasast og gætir ekki mætt í róður. Ekki fékkst uppgefið hvernig slysið bar að eða hve mikið þú hefðir slasast.

Þar sem þú varst 1. vélstjóri á m.b. Hópsnesi GK-77 og þú hafðir *ekkert* samband haft við skipstjóra eða útgerðarmann höfum við orðið að ráða vélstjóra í þinn stað til að fylgja þeim lögum og reglum sem fara verður eftir.

Teljum við að ráðningu þinni sé þar með lokið.“

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að sér hafi verið sagt upp ólöglega, og eigi hann rétt á kaupi frá stefnda út uppsagnarfrestinn, sem sé þrír mánuðir samkvæmt kjarasamningi milli Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna og 2. mgr. 9. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Þá vísar hann kröfum sínum til stuðnings til 25. gr. sjómannalaga og 1. tl. 197. gr. siglingalaga nr. 34/1985.

Dómkrafa stefnanda er byggð á útreikningi Vélstjórafélags Suðurnesja að frádreginni greiðslu stefnda á hluta launa vegna aprílmánaðar, og er ekki um hana tölulegur ágreiningur.

III. Stefndi byggir kröfur sínar á 23. og 24. gr. sjómannalaga.

Samkvæmt 23. gr. nefndra laga getur skipstjóri vikið skipverja úr skiprúmi, ef: 1. skipverji verður lengur en um stundarsakir ófær til vinnu vegna veikinda eða slysa..... Á þá skipverji rétt til launa samkvæmt 36. gr. Samkvæmt 24. gr. laganna getur skipstjóri vikið skipverja úr skiprúmi, ef: 2. skipverji kemur ekki til skips á ákveðnum tíma og skipið á að láta úr höfn eða ráða verður annan mann í hans stað, 4. skipverji er ítrekað (sic) drukkinn um borð, nema brot sé því alvarlegra, eða er undir áhrifum fíkniefna um borð. Skipverji, sem vikið er úr skiprúmi samkvæmt þessari grein, á ekki rétt á kaupi lengur en hann gegndi starfi sínu. Ef skipverji gat ekki komið til skips vegna veikinda eða meiðsla, sem hann á ekki sök á, skal hann þó eiga rétt til kaups samkvæmt fyrirmælum 36. gr.

A. Með vísan til dómsgagna um tildrög þess atburðar, er stefnandi varð fyrir meiðslum aðfaranótt 6. apríl 1988, telur stefndi ljóst, að stefnandi hafi sjálfur átt sök á þeim.

Maður sá, sem veitti stefnanda áverka í umrætt sinn, var ákærður fyrir að hafa reynt að svipta stefnanda lífi í íbúð hans með því að skera hann með hnífi þvert á háls 15 sm langan skurð, sem náði í gegnum ystu vöðvalög framanvert á hálsi og inn í barkann. Var brotið talið varða við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með dómi sakadóms Keflavíkur 2. desember 1988 var ákærði fundinn sekur um brotið, en með skírskotun til 15. og/eða 16. gr. almennra hegningarlaga var honum eigi dæmd refsing, en gert að sæta öruggri gæslu á viðeigandi stofnun. Úr dóminum verður tilgreint eftirfarandi, sem dómari máls þessa gerir jafnframt að rökum sínum fyrir því, að eigi beri að fallast á þá málsástæðu stefnanda, sem hér um ræðir: „Í vætti sínu fyrir dóminum hefur vitnið Björn skýrt svo frá að þeir hafi þekkst, hann og Anton, í um það bil eitt og hálft ár. Hafi verið með þeim nokkur kunningsskapur og einhvers konar kynferðisleg samskipti, þó á þann hátt að ekki þykir ástæða til að fjalla um það að neinu leyti í málavaxtalýsingu, enda vart tilefni til þess þar sem ljóst virðist að atburður kvöldsins hafi ekki átt rót sína að rekja til kynferðislegrar áreitni, að minnsta kosti ekki þarna um kvöldið, en þrátt fyrir ítrekaðar spurningar hefur ekki tekist að fá neina skýra mynd af því hvernig sambandi þeirra Antons og Björns var háttað að þessu leyti, en eins og áður segir þá virðist það ekki hafa verið í neinum beinum tengslum við þann verknað, sem um er fjallað í máli þessu.“ „Ekki verður getum að því leitt, hvað vakað hafi fyrir ákærða, enda verður að hafa í huga geðheilbrigði hans er atburðurinn varð. Ekki virðist hægt að rekja nein tengsl milli verknaðarins og aðdragandans að honum.“ „Þá verður að telja allar líkur á því að það hafi verið fyrir tilverknað árásarþola að ekki fór verr en raun bar vitni.“

B. Samkvæmt skýrslu skipstjórans á mb. Hópsnesi, GK-77, dskj. nr. 16, sbr. skýrslu stýrimannsins, dskj. nr. 17, hafi stefnandi komið þrisvar drukkinn um borð eða undir áhrifum vímuefna. Oft hafi þurft að bíða eftir honum og þrisvar hafi hann ekki mætt, að öllum líkindum vegna áfengis- eða vímuefnaneyslu. Fram kom á dskj. nr. 17, að stefnandi hafi iðulega verið miður sín af völdum áfengis- eða vímuefnaneyslu um borð og þannig ófær um að gegna ábyrgðarstöðu, sbr. 1. tl. 1. mgr. 24. gr. sjómannalaga. Stefnandi hafi verið aðvaraður sérstaklega af skipstjóra, sbr. 2. mgr. 24. gr. tilvitnaðra laga.

Það er álit dómsins, að niðurstaða málsins verði ekki reist á þessari málsástæðu þegar af þeirri ástæðu, að þar er fjallað um önnur atriði en urðu tilefni brottrekstrar samkvæmt uppsagnarbréfi. Rétt er þó, að fram komi, að fyrir ætluðum ávirðingum hafa ekki verið færð fullnægjandi gögn við rekstur málsins.

IV. Niðurstaða málsins samkvæmt framangreindu er sú, að kröfur

stefnanda eru að öllu leyti teknar til greina, þó þannig, að málskostnaður ákveðst kr. 60.000.

Viðurkenndur er, sbr. 1. tl. 1. mgr. 197. gr. siglingalaga nr. 34/1985, sjóveðréttur í mb. Hópsnesi, GK-77, til tryggingar tildæmdum kröfum.

Aðfararfrestur samkvæmt 6. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 41. gr. laga nr. 28/1981 og 4. mgr. 194. gr. sömu laga, ákveðst 15 dagar.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kveður upp þennan dóm.

Dómsorð:

Stefnandi, Hópsnes hf., greiði stefnanda, Birni Haraldssyni, kr. 240.571 ásamt 44,4% dráttarvöxtum á ári af kr. 67.026 frá 15.5.1988 til 15.6.1988, en af kr. 145.945 frá þeim degi til 15.7.1988, síðan 52,8% vöxtum af kr. 227.429 til 15.8.1988, síðan 56,4% vöxtum af kr. 240.571 til 1.9.1988, en síðan 49,2% vöxtum til 1.10.1988, síðan 33,6% vöxtum til 1.11.1988, síðan 27,6% vöxtum til 1.12.1988, síðan 24% vöxtum til 1.1.1989 og 21,6% vöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1989, en síðan með vöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 til greiðsludags. Vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 15.5.1989.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað, kr. 60.000, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu.

Stefnandi á sjóveðrétt í mb. Hópsnesi, GK-77, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Aðfararfrestur er 15 dagar.

Miðvikudaginn 17. október 1990.

Nr. 373/1990. **F**

gegn

M.

Kærumál. Börn. Innsetning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 5. október 1990. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir fógeta að „framkvæma innsetninguna eftir því sem lög ákveða með eða án atbeina barnaverndarnefndar". Sóknaraðili vísar um kæruheimild til 3. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Telur hann, að fógetaréttur hafi með úrskurði 21. ágúst sl. tekið efnislega afstöðu til þess, hvort gerðin skuli fara fram, og að synjun sú, sem felst í hinum kærða úrskurði, sæti ekki áfrýjun, heldur kæru. Í úrskurði fógeta felst, að hann frestar innsetningargerð, sem ákveðin var 21. ágúst 1990. Er því kæra heimil samkvæmt nýnefndu lagaákvæði.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Í máli þessu fer sóknaraðili fram á, að hann fái með innsetningargerð forsjá barnsins B, dóttur hans og varnaraðila. Um ágreining foreldranna er fjallað í hæstaréttardómi 25. september sl. í máli nr. 330/1990.

Í máli því, sem nú er til úrlausnar, hefur verið lagt fram í Hæstarétti bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins frá 4. október 1990 til varnaraðila, þar sem segir meðal annars:

„Ráðuneytinu hefur borist bréf yðar, dags. 21. ágúst sl., þar sem fram kemur ósk yðar um að ákvörðun ráðuneytisins um forsjá dóttur yðar, B, f. 1981, og F verði breytt og yður falin forsjá barnsins, sbr. 2. mgr. 39. gr. barnalaga nr. 9/1981.

Af því tilefni tilkynnir ráðuneytið hér með að málið hefur verið sent til umsagnar þriggja sérfræðinga, þeirra Þorgeirs Magnússonar, sálfræðings, Páls Ásgeirssonar, sérfræðings í barna- og unglingageðlækningum og Sigurjóns Björnssonar prófessors."

Í ráðuneytisbréfinu felst ákvörðun um að verða við ósk varnaraðila um nýja athugun forræðismálsins. Meðan málið er á því stigi, sem í bréfinu greinir, er ekki rétt að verða við kröfu sóknaraðila.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 4. október 1990.

I.

Í fógetarétti Reykjavíkur var þann 21. ágúst sl. kveðinn upp úrskurður í málinu B-17/1990: F gegn M. Úrskurðarorð er svohljóðandi: „Krafa gerðarbeiðanda, F, um, að barnið, B, verði tekið úr umráðum gerðarþola, M, og umráðin fengin honum, er tekin til greina. Málskostnaður fellur niður."

Þann 8. september sl. gerði borgarfógeti misheppnaða tilraun til að framkvæma innsetningargerðina samkvæmt úrskurði þessum. Í kjölfarið ritaði hann dómsmálaráðherra bréf og taldi innsetninguna nánast óframkvæmanlega við þær aðstæður, að lögregluyfirvöld veittu fógeta ekki alla þá aðstoð, sem hann óskaði við gerðina. Lögreglustjóranum í Reykjavík var sent afrit bréfsins svo og gerðarbeiðanda. Gerðarbeiðandi kærði þessa afstöðu borgarfógeta til Hæstaréttar Íslands sem réttarneitun.

Þann 25. september sl. var kveðinn upp dómur í Hæstarétti í málinu nr. 330/1990: F gegn M og Valtý Sigurðssyni borgarfógeta, þar sem kærumálinu er vísað frá Hæstarétti. Í forsendum dómsins segir m.a., að í ummælum fógetans felist, að hann muni meta það, hvort innsetningargerðin verði reynd á ný. Í kjölfar uppkvaðningar dómsins hafði borgarfógeti samband við lögreglustjórann í Reykjavík vegna munnlegrar beiðni gerðarbeiðanda um framkvæmd gerðarinnar. Í samtalinu upplýsti lögreglustjórinn, að afstaða hans væri óbreytt frá því, sem fram kæmi í bréfi hans til dómsmálaráðuneytisins þann 12. september sl. vegna máls þessa. Lögreglustjóri hefur sent borgarfógeta afrit bréfsins, og hefur það verið lagt fram í málinu.

Fyrir fógetarétti þann 2. október sl. krafðist gerðarbeiðandi þess, að gerðin yrði reynd að nýju. Gerðarþoli, sem var mættur í réttinum, lýsti því yfir, að hún myndi ekki afhenda barnið. Þá neitaði hún að upplýsa, hvar það væri niður komið. Borgarfógeti tjáði gerðarbeiðanda, að gerðin yrði ekki reynd að nýju við þessar aðstæður. Af hálfu gerðarbeiðanda var krafist úrskurðar fógeta um þetta atriði.

II.

Afstaða borgarfógeta í málinu byggist á atvikum, er innsetningargerð var reynd þann 8. sl., og lýtur að túlkun lögreglunnar á starfssviði fógeta. Þetta kemur glögglega fram í áðurnefndu bréfi lögreglustjórans í Reykjavík, en þar segir m.a.: „Yfirlögregluþjónn hafði í beinu framhaldi af þessu samband við Signýju Sen, deildarlögfræðing embættisins, til að láta hana vita af aðgerðunum og ræða málið á faglegum grunni. Lagði hún áherslu á þá meginreglu, að við töku barns af heimili verði fulltrúi frá barnaverndarnefnd eða barnaverndarráði að vera viðstaddur til þess að gæta hagsmuna þess.....“ „Í framhaldi af þessu gaf yfirlögregluþjónninn fyrirmæli um, að ef til valdbeitingar lögreglu ætti að koma, yrði fulltrúi barnaverndaryfirvalda að vera á staðnum. Gerði hann það í krafti starfsskyldna sinna og starfsábyrgðar sem yfirstjórnandi aðgerða lögreglu og þeirrar starfsvenju, sem tíðkast hefur hjá lögreglunni við aðstæður sem þessar.“

Þá segir í bréfi þessu, að fógeti hafi lagt að lögreglumönnum að taka barnið úr vörslu gerðarþola, en til slíkra aðgerða hafi ekki komið, ... „enda komu fyrirmæli til lögreglumannanna um að fara ekki út í slíkar aðgerðir nema að viðstöddum fulltrúa barnaverndaryfirvalda“. Í bréfinu er síðan rakin túlkun lögreglustjóraembættisins á 3. mgr. 53. gr. laga nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna. Niðurstaða þeirrar túlkunar er, að ..... „sú aðgerð að taka barn af heimili gegn vilja þess, þ.e. með valdi, sé sambærileg aðgerð hvort heldur til grundvallar liggur úrskurður barnaverndaryfirvalda eða innsetningarúrskurður fógeta“, eins og segir í bréfinu.

Fram kemur í bréfi lögreglustjóra, að í aðfararlögum sé hvergi minnst á skyldu lögreglu til að aðstoða við fógetagerð, en síðan segir: „Fógeti hefur vald til að framfylgja úrskurðum þeim sem hann kveður upp. Það vald sitt er hæpið að hann geti framselt til lögreglu með þeim hætti sem Valtýr ætlaðist til að ..... síðastliðið laugardagskvöld er hann taldi það hlutverk lögreglu að taka barnið með valdi af heimilinu. Það er skoðun lögreglustjóra að það sé vald fógeta eins eða fulltrúa hans að framkvæma fógetagerð. Að sjálfsögðu getur lögregla verið fógeta til aðstoðar með öðrum hætti, svo sem með því að greiða götur (sic) fógeta á vettvangi og sjá svo um að utanaðkomandi aðilar hindri ekki störf fógeta. Ekki hefur staðið á lögreglu að veita fógeta slíka aðstoð.“

III.

Í forsendum úrskurðarins frá 21. ágúst sl. segir orðrétt: „Það er álit fógetaréttar þegar málið er skoðað í heild að barninu B sé ekki sérstök hætta búin við það að umráðin séu fengin réttum forsjáraðila, þ.e. gerðarbeiðanda, með beinni fógetagerð.“

Það er því mat fógeta, að í málinu geti gerðin náð fram að ganga, án

þess að fulltrúi barnaverndaryfirvalda sé viðstaddur framkvæmdina, enda til þess engin lagaskylda, hvorki skv. 3. mgr. 53. gr. laga nr. 53/1966 né öðrum lögum. Réttur gerðarbeiðanda í slíkum málum getur þannig ekki ráðist af því, hvort sá fulltrúi sjái ástæðu til að mæta við gerðina eða ekki. Fógeti telur því, að hann verði að hafa skýr lagafyrirmæli, ef úrskurðum dómsmálaráðuneytisins og/eða dómstóla verður ekki framfylgt nema með nærveru fulltrúa barnaverndaryfirvalda. Í þeim lagafyrirmælum verður einnig hlutverk og valdsvið þeirra fulltrúa að vera skilgreint. Slík lagafyrirmæli er ekki að finna í núgildandi lögum að mati fógeta. Fógeti getur hins vegar ávallt ákveðið að leita liðsinnis sérfræðinga við framkvæmd úrskurðar, ef hann telur það nauðsynlegt eða heppilegt í tilteknum málum.

Valdbeiting fógeta til að framkvæma innsetningu skv. 36. gr. aðfararlaga getur aðeins beinst að gerðarþola. Fógeti á því engin úrræði, ef gerðarþoli er búinn að koma barninu undan í vörslur annarra, eins og gerðist í máli þessu. Aðdragandi gerðarinnar getur þar af leiðandi verið mjög skammur og árangur gerðarinnar ráðist af því, að skjótt sé brugðist við. Það er ekki hlutverk fulltrúa lögreglustjóra eða lögregluyfirvalda að endurskoða ákvörðun fógeta við framkvæmd slíkra gerða, svo sem lögregluyfirvöld virðast álíta. Til þess er hvorki stoð í aðfararlögum né öðrum lögum. Það verður því að vera mat fógeta hverju sinni, hvernig að þessari valdbeitingu eigi að standa.

Það er grundvallarforsenda við innsetningargerð sem þessa, að lögregluyfirvöld veiti fógeta alla þá aðstoð, sem hann óskar. Nú er ljóst, að lögreglustjórinn í Reykjavík mun ekki liðsinna fógeta við gerðina nema með þeim fyrirvörum og með þeim hætti, sem fram koma í fyrrgreindu bréfi hans frá 12. september 1990 til dómsmálaráðuneytisins. Við þessar aðstæður og þar sem gera má ráð fyrir, að komið geti til valdbeitingar á vettvangi, telur fógeti gerðina óframkvæmanlega fyrir hann. Kröfu gerðarbeiðanda um, að fógeti reyni á ný innsetningargerð samkvæmt úrskurði fógetaréttar frá 21. ágúst sl., er því hafnað.

Málskostnaðarkröfur hafa ekki verið gerðar.

Valtýr Sigurðsson borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfu gerðarbeiðanda, F, um, að innsetning samkvæmt úrskurði frá 21. ágúst 1990 verði reynd á ný, er hafnað.

Fimmtudaginn 18. október 1990.

Nr. 218/1990. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Þorgeiri Brimi Hjaltasyni
(Arnmundur Backman hrl.).

Stjórnarskrá. Dómstólar. Mannréttindasáttmáli Evrópu. Lögskýring. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Benedikt Blöndal og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari hefur að ósk ákærða og einnig af hálfu ákæruvalds áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. maí 1990. Krefst hann þess, að hin áfrýjaði dómur og málsmeðferð fyrir sakadómi Þingeyjarsýslu verði úr gildi felld og málinu vísað heim í hérað til meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Verjandi ákærða fellst á kröfur ákæruvalds.

Ólafur Börkur Þorvaldsson fulltrúi, sem kvað upp hinn áfrýjaða dóm, starfar á ábyrgð sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, sem jafnframt fer með lögreglustjórn þar. Lögregluannsókn máls þessa hófst 31. maí 1988, er lögreglan í Þingeyjarsýslu tók skýrslu af ákærða.

Með vísan til dóms Hæstaréttar 9. janúar sl. í málinu nr. 120/1989 verður að telja, að sýslumanninum í Þingeyjarsýslu og fulltrúa hans hafi borið að víkja sæti við dómsmeðferð þessa máls. Ber því að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og alla meðferð málsins fyrir sakadómi Þingeyjarsýslu og vísa málinu heim í hérað til nýrrar dómsmeðferðar og dómsálagningar.

Áfallinn sakarkostnaður í héraði greiðist úr ríkissjóði.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi og öll meðferð málsins fyrir sakadómi Þingeyjarsýslu, og er málinu vísað

heim hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Áfallinn sakarkostnaður í héraði greiðist úr ríkissjóði.

Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Arnmundar Backmans hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur sakadóms Þingeyjarsýslu 9. desember 1989.

Ár 1989, laugardaginn 9. desember, er á dómþingi sakadóms Þingeyjarsýslu, sem haldið er á sýsluskrifstofunni á Húsavík af Ólafi Berki Þorvaldssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 880658.0: Ákæruvaldið gegn Þorgeiri Brimi Hjaltasyni, sem dómtekið var þann 22. nóvember sl.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali, dagsettu 28. júlí 1989, á hendur ákærða, Þorgeiri Brimi Hjaltasyni, Nónási 5, Raufarhöfn, fæddum 31. ágúst 1939, fæðingarnúmer 442, fyrir fiskveiðibrot, með því að hafa sem skipstjóri á vélbátnum Brimrúnu, ÞH-231, sem er 5 brúttórúmlestir og 7,80 lengdarmetrar, stundað netaveiðar frá Raufarhöfn með 3 menn í áhöfn og í 29 dagróðrum á tímabilinu 6. apríl til 13. maí 1988 jafnan lagt 84 net í sjó eða 30 net umfram leyfilegan netafjölda, miðað við, að um borð í bátnum hafi verið sjálfvirkur netaafdráttarbúnaður (dráttarkarl).

— — —

Dómsorð:

Ákærði, Þorgeir Brimir Hjaltason, greiði 75.000 krónur í sekt til Landhelgissjóðs Íslands innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en ella sæti ákærði varðhaldi í 20 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ásmundar S. Jóhannssonar, kr. 35.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 19. október 1990.

Nr. 379/1989. **Birgir Ásgeirsson**
(Jóhann Þórðarson hdl.)
gegn
Guðrúnu Maríu Samúelsdóttur,
Garðari Ingólfssyni og
Samvinnutryggingum g.t.
(Hákon Árnason hrl.).

Bifreiðar. Árekstur. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. september 1989. Gerir hann þær dómkröfur, að stefndu verði dæmd til að greiða honum in solidum skaðabætur að fjárhæð 78.000 krónur með ársvöxtum, sem nemi 40,5% frá 6. janúar 1988 til 1. febrúar s.á., 40,8% frá þeim degi til 1. mars s.á., 45,6% frá þeim degi til 1. maí s.á., 44,4% frá þeim degi til 1. júlí s.á., 52,8% frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 56,4% frá þeim degi til 1. september s.á., 49,2% frá þeim degi til 1. október s.á., 33,6% frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 27,6% frá þeim degi til 1. desember s.á., 24% frá þeim degi til 1. janúar 1989 og 21,6% frá þeim degi til 24. s.m., en síðan með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Krefst hann þess, að áfallnir vextir verði lagðir við höfuðstól í samræmi við 12. gr. laganna. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda gert að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Mál þetta er risið af árekstri tveggja fólksbifreiða á mótum Nýbýlavegar og Dalbrekku í Kópavogi, þaðan sem tengivegur liggur inn á Kringlumýrarbraut til Reykjavíkur. Eru gatnamótin við brekkufót, og hallar götunum niður að þeim frá austri og suðri. Gatnamót þessi eru fjölfarin, og varð slysið um annasamt leyti dagsins. Aðstæður voru og hættulegar að því leyti, að ísing og bleyta var á akbrautum, auk þess sem birtu var tekið að bregða.

Ljóst er, að stefndu bera ábyrgð á tjóni af árekstrinum, eins og

akstri bifreiðar stefnda Garðars var háttað. Viðurkenna þau ábyrgð að 3/4 hlutum og telja fullar bætur þegar greiddar áfrýjanda miðað við þá sakarskiptingu. Við málflutning fyrir Hæstarétti hafa þau fallið frá þeirri málsástæðu sinni, að áfrýjandi hafi fyrirgert rétti til frekari bóta með fyrirvaralausri viðtöku á bótagreiðslu og síðbúinni málshöfðun. Hins vegar halda þau fast við, að áfrýjandi sé einnig ábyrgur að árekstrinum.

Hvorugur ökumanna var kallaður til vitnisburðar um áreksturinn fyrir dómi. Í vettvangsskýrslu lögreglunnar er það haft eftir ökumanni bifreiðar áfrýjanda, að stefnda Guðrún María, sem var ökumaður hinnar bifreiðarinnar, hafi staðnæmst á miðjum gatnamótunum í stað þess að aka viðstöðulaust yfir á tengiveginn. Í skýrslu hans sjálfs fyrir lögreglu segir þó, að hann hafi ekki veitt hinni bifreiðinni athygli fyrr en í þann mund, sem henni var ekið í veg fyrir hann. Er ósannað, að stefnda Guðrún María hafi aukið á árekstrshættuna með mistökum að þessu leyti.

Bifreið áfrýjanda var á leið vestur yfir gatnamótin eftir nyrðri helmingi Nýbýlavegar, sem er með tveimur akreinum austan gatnamótanna og mjókkar í eina handan þeirra. Bifreiðin var á hægri akrein og naut aðalbrautarréttar gagnvart bifreið stefnda Garðars, sem auk þess var á vinstri hönd. Ökumaður bifreiðar áfrýjanda hafði ekki ekið henni áður, en var vanur akstri bifreiða af ýmsum gerðum vegna starfa síns. Við fyrrgreindar aðstæður bar honum að gæta sérstakrar varúðar við akstur yfir gatnamótin. Að eigin sögn var ökuhraði hans 40 km á klukkustund hið mesta. Hann beitti hemlum til að reyna að afstýra árekstri, þegar bifreið stefnda Garðars kom þvert yfir Nýbýlaveg framan við kyrrstæðar bifreiðar á vinstri akrein nyrðri vegarhelmings. Báðar bifreiðarnar voru búnar sumarhjólbörðum, gagnstætt ákvæðum g-liðar 1. mgr. 5. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sem þá voru í gildi, og 17. gr. reglugerðar nr. 51/1964 um gerð og búnað ökutækja o.fl., sbr. 1. gr. rgj. nr. 102/1973. Er ósannað, að þessi vanbúnaður á bifreið áfrýjanda hafi engu skipt um möguleika ökumannsins til að forðast árekstur, eins og aðstæður voru. Með tilliti til þess ber að fallast á það með héraðsdómara, að áfrýjandi eigi að bera ábyrgð á hinum umdeilda árekstri að 1/4 hluta.

Áfrýjandi hefur þegar fengið bætta 3/4 hluta af tjóninu á bifreið

hans, og fallast má á álit héraðsdómara um bætur til hans vegna missis afnota af bifreiðinni. Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
Bjarna K. Bjarnasonar hæstaréttardómara.

Óumdeilt er, að Nýbýlavegur naut aðalbrautarréttar gagnvart Dalbrekku, sbr. 2. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sem voru í gildi, þegar áreksturinn varð. Voru vegamótin samkvæmt því merkt með biðskyldumerki. Þar sem sett hefur verið biðskyldumerki, skal sá, sem kemur af hliðarvegi, skilyrðislaust víkja fyrir umferð þess vegar, sem hann ekur inn á eða yfir, sbr. 3. mgr. 48. gr. laganna.

Nýbýlaveginum, sem liggur frá austri til vesturs, var við gatnamótin skipt í tvær akbrautir með steyptri eyju á milli, og nyrðri akbrautinni var aftur skipt í tvær akreinar. Ökumaður R-70185 ók til vesturs eftir hægri akreininni, en á vinstri akreininni var röð bifreiða, sem munu hafa ætlað að beygja til vinstri upp Dalbrekkuna. Í nefnt sinn ók ökumaður Y-241 bifreiðinni yfir syðri akbraut Nýbýlavegar yfir á nyrðri akbrautina og þá þvert í veg fyrir bifreiðarnar, sem voru á syðri akreininni, og í veg fyrir bifreiðina R-70185 á nyrðri akreininni og braut þar með ofangreind ákvæði umferðarlaganna svo og 1. mgr. 49. gr. og c-, f- og i-liði 3. mgr. 49. gr. Ósannað er, að ökumaður R-70185 hefði getað afstýrt árekstri, þótt snjókeðjur eða snjóhjólbarðar hefðu verið á bifreiðinni. Ekki er heldur leitt í ljós, að ökumaður R-70185 hafi ekið of hratt miðað við hindrunarlausa akbraut fram undan. Ber því að leggja alla sök á árekstrinum á ökumann Y-241, sbr. og eftirgreinda dóma: H.1967,974, H.1968,194, H.1969,169, H.1972,938, H.1978,246, H.1978,309, H.1983,887, H.1985,444, H.1987,915 og H.1988,840.

Samkomulag var með aðilum, að verðgildi bifreiðarinnar næmi 260.000 krónum. Af þeirri fjárhæð greiddi vátryggingarfélagið 3/4 hluta eða 195.000 krónur og 5.000 krónur fyrir afnotamissi eða samtals 200.000 krónur. Eftir standa því 65.000 krónur af verðgildi bifreiðarinnar. Aðilar deila hins vegar um það, hve háum bótum áfrýjandi eigi rétt á vegna afnotamissis bifreiðarinnar í 10 daga. Þykja þær bætur að álitum hæfilega ákveðnar samtals 12.000 krónur. Ber þá að dæma stefndu óskipt til að greiða áfrýjanda 72.000 krónur (65.000 + 7.000) ásamt vöxtum svo og málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 40.000 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. júlí 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. júní 1989, er höfðað með stefnu, sem þingfest var 24. janúar 1989. af Birgi Ásgeirssyni, Lambhaga 24, Selfossi, kt. 030348-2499, á hendur Guðrúnu Maríu Samúelsdóttur, Þinghólsbraut 14, Kópavogi, kt. 060433-4299, Garðari Ingólfssyni, s.st., kt. 280131-2539, og Samvinnutryggingum g.t., Ármúla 3, Reykjavík, kt. 550269-0589, til greiðslu in solidum á skaðabótum að fjárhæð kr. 78.000 með 40,5% ársvöxtum frá 6. janúar 1988 til 1. febrúar s.á., með 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á., með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí s.á., með 44,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí s.á., með 52,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst s.á., með 56,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., með 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október s.á., með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember s.á., með 27,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s.á., með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1989, með 21,6% ársvöxtum frá þeim degi til þingfestingardags máls þessa, en síðan með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 til greiðsludags. Þess er og krafist, að áfallnir vextir verði lagðir við höfuðstól í samræmi við 12. gr. laga nr. 25/1987 og myndi þannig vaxtaberandi höfuðstól með sama vaxtafæti og að framan er krafist, í fyrsta sinn 6. janúar 1989, að stefndu verði dæmdir til að greiða málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ ásamt söluskatti af lögmannsþóknun skv. lögum nr. 68/1987.

Af hálfu stefndu er krafist sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómara.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að hinn 6. janúar 1988 hafi hann farið með bifreið sína, R-70185, á bifreiðasöluna Bílahöllina í Reykjavík, þar sem hún hafi átt að vera til sölu. Væntanlegur kaupandi, Benedikt

Olgeirsson að nafni, hafi haft áhuga á kaupum og fengið bifreiðina lánaða hjá bílasölunni til að kanna ástand hennar. Hafi hann fengið Guttorm Sigurðsson, Furugerði 50, Kópavogi, sem sé bifvélavirki, til að skoða bifreiðina. Í framhaldi af því hafi þeir farið í ökuferð, og hafi Guttormur ekið bifreiðinni. Ekið hafi verið vestur Nýbýlaveg í Kópavogi, og er komið var að gatnamótum Nýbýlavegar og Dalbrekku hafi bifreiðinni Y-241 verið ekið norður Dalbrekku með fyrirhugaða aksturssstefnu norður yfir Nýbýlaveg, og hafi hún lent á bifreiðinni R-70185 með þeim afleiðingum, að R-70185 hafi skemmst það mikið, að hún hafi ekki verið talin viðgerðarhæf. Bifreiðin Y-241 hafi verið tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá stefnda, Samvinnutryggingum g.t. Samkomulag hafi orðið um, að R-70185 væri að verðgildi fyrir árekstur þennan kr. 260.000, en þar sem ágreiningur hafi orðið um sakarskiptingu, hafi aðeins kr. 200.000 verið greiddar. Eftir standi því kr. 60.000 af tjóni stefnanda svo og kr. 18.000 vegna afnotamissis af bifreiðinni. Samvinnutryggingar g.t. hafi fengið afsal fyrir bifreiðinni 1. janúar 1988. Krafa vegna afnotamissis sé þannig fengin, að reiknað sé með missi á afnotum bifreiðarinnar í 10 daga kr. 1.800 á dag, og sé þá tekið mið af daggjaldi, sem bílaleigur taki, þegar þær leigi bíla án ökumanns. Bílaleigan Vík hafi á þessum tíma tekið kr. 2.100 fyrir Nissan Sunny, en bílaleigan Geysir kr. 1.980, þannig að hér sé farið vægt í sakirnar.

Ökumaður bifreiðarinnar Y-241 hafi í umrætt sinn verið stefnda Guðrún María Samúelsdóttir og skráður eigandi Garðar Ingólfsson, sem einnig sé stefnt.

Ágreiningur um skiptingu á sökinni hafi verið lagður fyrir lögmannanefnd vátryggingarfélaganna, og hafi niðurstaða meiri hluta nefndarinnar orðið sú, að Y-241 ætti að bera 3/4 hluta sakarinnar, en R-70185 1/4 hluta sakarinnar. Minni hluti nefndarinnar hafi talið bifreiðina Y-241 í 100% óréttri.

Stefnandi kveður ástæðu fyrir málsókn þessari vera þá, að stefnandi telji, að bifreiðarstjórinn á bifreiðinni Y-241 hafi einn valdið tjóninu með ólögmætum og gálauslegum akstri með því að aka inn á Nýbýlaveg í Kópavogi, sem sé aðalbraut, án þess að veita umferð eftir götunni nægilega athygli, og hafi hann ekki veitt bifreiðinni R-70185 athygli, fyrr en árekstur inn varð. Telur stefnandi það auka og á gáleysi bifreiðarstjórans, að hann hafi ekið fram úr kyrrstæðum bifreiðum, sem staðið hafi við gatnamótin og beðið eftir tækifæri til að komast yfir eða út á Nýbýlaveginn, svo sem ökumaður R-70185 hafi greint frá. Hálka hafi verið, og hafi ástand vegarins því gefið ítrasta tilefni til að sýna varkárni. Vegna þessa telji stefnandi, að stefndu eigi að greiða sér fullar bætur, en til þess hafi þeir eigi fengist.

Stefnandi kveðst einkum vísa til 68. gr., 69. gr., 70. gr. og 74. gr. um-

ferðarlaga nr. 40/1968 svo og 2. og 3. mgr. 48. gr. sömu laga, 1. mgr. 49. gr. og c-, f- og i-liða 3. mgr. 49. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Af hálfu stefnda er málavöxtum þannig lýst, að miðvikudaginn 6. janúar 1988 kl. rúmlega 5 síðdegis hafi orðið árekstur milli bifreiðanna Y-241 og R-70185 á Nýbýlavegi í Kópavogi gegnt Dalbrekku og tengivegi að Hafnarfjarðarvegi. Hafi tildrög að árekstrinum verið þau, að Y-241 hafi verið ekið norður Dalbrekku og áleiðis yfir Nýbýlaveg í sömu mund og R-70185 hafi verið ekið vestur Nýbýlaveg að gatnamótunum. Áreksturinn hafi orðið með þeim hætti, að framendi R-70185 hafi skollið á hægri hlið Y-241. Hafi áreksturinn orðið svo harður, að R-70185 hafi ekki verið talin viðgerðarhæf eftir.

Lögreglan hafi verið kvödd á vettvang, og hafi verið tekin skýrsla af bifreiðarstjórunum og vettvangsuppdráttur gerður.

Guðrún María hafi ekið Y-241 í umrætt sinn. Kveðst hún hafa stöðvað (sic) við gatnamótin, en biðskylda er á Dalbrekku við gatnamót þessi. Kveðst hún síðan hafa ekið af stað og ætlað norður yfir áðurnefndan tengiveg. Kveðst hún ekki hafa veitt R-70185 athygli fyrr en í þann mund, er árekstur varð milli bifreiðanna, en sér hafi fundist bifreiðinni ekið hratt. Í lögregluskýrslu sé ökuhraði Y-241 sagður hafa verið lítill. Garðar Ingólfsson hafði verið skráður eigandi Y-241, en bifreiðin verið tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá Samvinnutryggingum g.t.

Í lögregluskýrslu sé haft eftir Guttormi Sigurðssyni, er ekið hafi R-70185, að hann hafi veitt Y-241 athygli, er bifreiðinni hafi verið ekið norður yfir gatnamótin. Hann hafi tekið eftir því, að bifreiðarstjóri Y-241 hafi veitt sér athygli. Í stað þess að aka viðstöðulaust yfir gatnamótin hafi bifreiðin verið stöðvuð á gatnamótunum. Hann hafi hemlað, en það komið fyrir ekki. Ökuhraði R-70185 sé sagður hafa verið 40 km.

Hálfum mánuði eftir áreksturinn hafi Guttormur Sigurðsson gefið skýrslu hjá lögreglunni í Kópavogi. Í skýrslunni greini hann frá því, að hann hafi ekið á hægri akrein vestur Nýbýlaveg. Er hann hafi nálgast umrædd gatnamót, hafi hann veitt athygli nokkrum bifreiðum, er verið hafi á vinstri akrein með fyrirhugaða vinstri beygju suður Dalbrekku. Hafi bifreiðar þessar beðið færis að komast leiðar sinnar vegna umferðar úr gagnstæðri átt, þ.e. væntanlega á leið austur Nýbýlaveg. Hann kveðst ekki hafa veitt Y-241 athygli fyrr en í sama mund og bifreiðinni hafi verið ekið fram undan kyrrstæðu bifreiðunum og í veg fyrir sína bifreið. Allmikil umferð hafi verið og hálkublettir. Ökuhraði sinn hafi verið í mesta lagi 40 km m.v. klst.

Bifreiðarstjórinn á R-70185 veki athygli á því í skýrslu sinni, að snúist hafi við á vettvangsuppdrætti merkingar á bifreiðunum, er gefi til kynna ákomustaði. Skemmdir á Y-241 hafi verið á hægri hlið, hurð og frambretti, en á R-70185 hafi skemmdir verið á framenda.

Á vettvangsuppdrætti séu engin hemlaför sjáanleg eftir R-70185. Aftur á móti séu sýnd skrensför eftir bifreiðina, sem væntanlega hafi myndast, er bifreiðin hafi runnið til hliðar við áreksturinn.

Í lögregluskýrslu segi um færð, að blautt hafi verið, ísing og hálka. Bifreiðarnar hafi verið á sumarhjólbörðum.

Stefnandi hafi beint bótakröfum að Samvinnutryggingum g.t. vegna tjóns, er hann hafi talið sig hafa orðið fyrir af völdum umrædds bifreiðaáreksturs. Af hálfu félagsins hafi verið gengist við bótaábyrgð að 3/4. Samkomulag hafi orðið um, að verðmæti R-70185 fyrir tjónið hafi numið kr. 260.000. Hafi félagið greitt 3/4 þeirrar upphæðar, þ.e. kr. 195.000, og að auki kr. 5.000 í bætur vegna afnotamissis í 10 daga, eða samtals kr. 200.000.

Sýknukrafa stefndu sé reist á því, að árekstur bifreiðanna megi að nokkru rekja til vanbúnaðar R-70185 og ógætni bifreiðarstjórans, Guttorms Sigurðssonar, með tilliti til þess og aksturskilyrða. Færi hafi verið þannig háttað vegna ísingar, að hált hafi verið á Nýbýlavegi. R-70185 hafi verið á sumarhjólbörðum. Samt hafi ökuhraði verið a.m.k. 40 km. Auðsætt sé, að hemlun, þegar svona standi á, sé næsta gagnslítil, ef ekki beinlínis hættuleg, því að hætt sé við, að stjórnandi ökutækisins missi við snögghemlun vald á því, þannig að það renni áfram á lítt breyttum hraða, uns það hafni á því, sem fyrir verði. Við þessar aðstæður sé bifreið jafnilla á vegi stödd og hemlalaus væri.

R-70185 hafi verið ekið hægra megin fram með röð kyrrstæðra bifreiða, sem byrgt hafi mjög útsýn til þverumferðar frá vinstri. Bifreiðinni hafi verið ekið inn á gatnamót, þar sem mikil umferð hafi verið á þeim tíma dags, þegar umferð er hvað mest. Fram undan hafi verið þrenging akbrautar, þar sem ekki hafi verið akreinar. Sérstök varúðarskylda hafi hvílt á bifreiðarstjóranum vegna þessara aðstæðna, sbr. 6. mgr. 47. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Í stefnu segir orðrétt: „Ástand vegarins vegna hálku gaf og ítrasta tilefni til að sýna varkárni.“ Þessu er ekki hafnað af hálfu stefndu, en áhersla er á það lögð, að þessi málsástæða eigi ekki síst við bifreiðarstjóra R-70185.

Auk áður tilvitnaðs ákvæðis í umferðarlögum vísa stefndu til eftirfarandi ákvæða í umferðarlögunum varðandi vanbúnað R-70185 og ógætilegan akstur: 5. gr. g, 49. gr., 1. mgr., 2. mgr. og 3. mgr. c, f og i.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, telja stefndu einsætt, að meta verði áreksturinn ökumanni R-70185 til nokkurrar sakar. Að svo vöxnu máli sé fráleitt, að stefnandi eigi rétt til fullra bóta.

Kröfu stefnanda til frekari bóta vegna afnotamissis en miðað var við í bótauppgjöri því, sem fram fór 21. janúar 1988, sé mótmælt. Um sé að

ræða einkabifreið. Stefnanda hafi verið gert jafnhátt undir höfði og öðrum eigendum slíkra bifreiða við ákvörðun þessara bóta.

Að lokum sé sýknukrafan reist á því, að stefnandi hafi með fyrirvaralausu bótauppgjöri og aðgerðarleysi eftir það í heilt ár fyrirgert rétti til frekari bóta, yrði svo litið á, að tjón hans hafi á sínum tíma verið vanbætt.

Niðurstaða.

Lögmenn aðila hafa upplýst og eru sammála um, að hinar kyrrstæðu bifreiðar, sem getið er um í atvikalýsingu máls þessa, hafi staðið á vinstri akrein Nýbýlavegar með stefnu í vestur, og hafi þær ætlað að beygja í suður upp Dalbrekku. Bifreiðar þessar voru ekki skráðar á uppdrátt lögreglu. Ljóst er, að bifreið stefndu, Y-241, hafði biðskyldu gagnvart Nýbýlavegi. Lögmenn hafa ekki séð ástæðu til þess að reyna að upplýsa ástæðu þess, að Y-241 ók af stað yfir Nýbýlaveginn þrátt fyrir umferðarrétt hinna kyrrstæðu bifreiða, né annað, sem óljóst er um málsatvik. Snýst deila aðila í máli þessu um það, hvort eigandi bifreiðarinnar R-70185 hafi fyrirgert rétti sínum til fullra bóta með vanbúnaði bifreiðarinnar og gáleysislegum akstri ökumanns. Báðar bifreiðarnar voru á sumarhjólbörðum.

Samkvæmt g-lið 5. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sem í gildi voru, er umferðaróhapp þetta átti sér stað, skal, ef hált er, hafa snjókeðjur á hjólum eða annan búnað, er bifreiðaeftirlit ríkisins viðurkennir, sbr. og 3. mgr. 17. gr. reglugerðar um gerð og búnað ökutækja o.fl. nr. 51/1964 með síðari breytingum.

Þrátt fyrir það að ökumaður bifreiðar stefnanda átti ótvíræðan aðalbrautarrétt gagnvart bifreiðinni Y-241, þá er slíkur réttur ekki algildur, og hvíldi á honum bæði almenn og sérstök varúðarskylda. Sérstaklega ber að gæta að því, að hann var óvanur bifreiðinni, að hálkublettir voru á veginum og að hann ók á hægri akrein fram úr kyrrstæðum bifreiðum og á gatnamótum. Enn fremur verður að ætla, að hinar kyrrstæðu bifreiðar hafi að einhverju leyti byrgt ökumanninum sýn til vinstri.

Þegar málavextir, eins og þeir liggja hér fyrir, eru metnir í ljósi ofangreindra ákvæða umferðarlaga og reglugerðar og 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 6. mgr. 47. gr. og 1. mgr., 2. mgr. og c-, g- og i-liðar 3. mgr. 49. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, þykir stefnandi verða að bera hluta af tjóni því, er hlaust af árekstrinum, og þykir sakarskipting hæfilega ákveðin þannig, að hann beri 1/4 hluta tjónsins. Stefnandi þykir ekki hafa sannað, að greiddir hafi verið lægri dagpeningar en venja er til fyrir afnotamissi bifreiðarinnar.

Af ofangreindum ástæðum skulu stefndu vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu, en rétt þykir, að hvor aðila beri sinn kostnað af málinu.

Dóminn kvað upp Hjördís Hákonardóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefndu, Guðrún María Samúelsdóttir, Garðar Ingólfsson og Samvinnutryggingar g.t., skulu vera sýkn af dómkröfum stefnanda, Birgis Ásgeirssonar.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 19. október 1990.

Nr. 204/1990. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Ármanni Ármannssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með áfrýjunarstefnu 17. maí 1990. Hann krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur.

Verjandi krefst þess, að ákærði verði dæmdur í sektarrefsingu.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Ármann Ármannsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 15. mars 1990.

Ár 1990, fimmtudaginn 15. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 153/1990: Ákæruvaldið gegn Ármanni Ármannssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 6. þessa mánaðar, á hendur Ármanni Ármannssyni framkvæmdastjóra, Víðihlíð 6,

Reykjavík, fæddum 2. mars 1949 í Reykjavík, „fyrir að aka, miðvikudaginn 15. nóvember 1989, sviptur ökuréttindum, bifreiðinni R-9841 frá heimili sínu, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á afrein frá Bústaðavegi inn á Kringlumýrarbraut.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Niðurstaða.

Með afdráttarlausri játningu ákærða, sem studd er gögnum málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar er rétt færð til refsiákvæða.

Ákærði hefur samkvæmt sakavottorði sætt refsingum sem hér segir:

— — —

[Ákærði undirgekkst 1967, 1968 og 1985 sektargreiðslu og ökuleyfismissi tiltekinn tíma fyrir umferðarlagabrot, og 30. janúar 1989 var hann dæmdur í sekt og ökuleyfissviptingu 2 ár fyrir ölvunarakstur. Hann sættist 1985 tvisvar á sektargreiðslu fyrir að aka bifreið án ökuréttinda.]

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga. Þegar litið er til þess, að hann hefur tvívegis áður orðið uppvís að sams konar broti, sem hann gekkst undir dómsáttir fyrir, dagana 23. júlí og 19. nóvember 1985, þykir óhjákvæmilegt að gera ákærða varðhaldsrefsingu, sem þykir hæfilega ákveðin 30 dagar.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða sakarkostnaðinn.

Dómsorð:

Ákærði, Ármann Ármannsson, sæti varðhaldi 30 daga.

Ákærði greiði sakarkostnaðinn.

Föstudaginn 19. október 1990.

Nr. 265/1990. **Nikulás Friðrik Magnússon**
gegn
Hermundi J. Guðmundssyni og
Helga Friðriki Guðmundssyni.

Kærumál. Frávísun frá héraðsdómi. Umboð. Lögræði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili skaut frávísunardómi bæjarþings Reykjavíkur til Hæstaréttar með kæru 22. júní 1990. Krefst hann þess, að dóminum verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðilum hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Samkvæmt upplýsingum sóknaraðila er Magnús B. Pálsson nú látinn.

Sóknaraðili hefur ekki sýnt fram á, að hann hafi fengið þvílíkt umboð frá föður sínum til að annast um fasteign hans, að það geri honum kleift að höfða mál þetta í nafni föðurins vegna leigu á fasteigninni. Af þeim sökum og með vísan til þess, er í héraðsdómi segir um málatilbúnað sóknaraðila, ber samkvæmt 20. gr., sbr. 3. gr. lögræðislaga nr. 68/1984, og með hliðsjón af 5. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur, að staðfesta dóminn.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur er staðfestur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. júní 1990.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi um frávísunarkröfu stefndu 11. maí sl., höfðaði Nikulás Friðrik Magnússon, kt. 131045-3019, Háteigsvegi 24, Reykjavík, f.h. Magnúsar B. Pálssonar, kt. 191112-7099, Skipholti 9, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 20. júní 1989, gegn Hermundi J. Guðmundssyni, kt. 191258-3209, Álftamýri 23, Reykjavík, og Helga

Friðriki Guðmundssyni, kt. 250660-7749, Álftamýri 23, Reykjavík, báðum persónulega og f.h. óskráðs sameignarfélags þeirra, Rafeindavers, kt. 640984-0749, Álftamýri 23, Reykjavík (skráð einkafirma Hermundar J. Guðmundssonar).

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir in solidum til greiðslu húsaleiguskuldar, að fjárhæð kr. 228.000, með [nánar tilgreindum vöxtum]. Jafnframt er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, sbr. l. nr. 54/1988.

Stefndu krefjast aðallega frávísunar málsins, en til vara, að stefndu verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda, og þrautavara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega.

Þess er krafist, að Nikulás Friðrik Magnússon verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ, en til vara meintur stefnandi.

Leitað hefur verið um sáttir í málinu án árangurs.

Frávísunarkrafa stefndu er hér til úrlausnar.

— — —

Undir rekstri málsins hafa verið lagðar fram yfirlýsingar á dskj. 16, undirrituðu af Ragnheiði Þ. Nikulásdóttur, og dskj. 17, undirrituðu af Ragnheiði Þ. Nikulásdóttur, Rögnu Þyri Magnúsdóttur, Guðnýju Eddu Magnúsdóttur, Önnu Stefaníu Magnúsdóttur og Sigurði Péturssyni. Í þessum yfirlýsingum segir m.a., að húseignin Skipholt 9 í Reykjavík sé eign þeirra Magnúsar Pálssonar og konu hans, Ragnheiðar Þyri Nikulásdóttur. Ekki hefur þó verið lagt fram veðbókarvottorð varðandi húseignina, en samkvæmt málatilbúnaði stefnanda er Magnús B. Pálsson eigandi húsnæðisins.

Við flutning málsins var upplýst, að Magnús Pálsson væri sjúklingur, en hann hefði ekki verið sviptur lögræði. Veikindi Magnúsar veita ekki syni hans, Nikulási Magnússyni, aðildarhæfi eða umboð fyrir Magnús Pálsson, sbr. 20. gr. l. nr. 68/1984 og 3. gr. sömu laga. Sama er um eiginkonu og önnur börn Magnúsar.

Eftir atvikum þykir rétt að líta einnig til málatilbúnaðar af hálfu stefndu. Í greinargerð á dskj. 13 eru talin upp sem framlögð gögn greinargerðin, nr. 14, aðilaskýrsla og nr. 15, ljósrit úr ársreikningum Digitalvara hf. ásamt undirgögnum. Dómskjal 14 er skjal, sem er tæpar 4 blaðsíður, undirritað með fjórum nöfnum, en vélrituð eru nöfn sjö einstaklinga; af þeim geta einungis 2 verið aðilar. Dskj. 15 er þannig, að af því verður alls ekki séð, hvers konar skjal er um að ræða. Þarna er eitt ljósrit af útstrikaðri og undirstrikaðri síðu, sem gæti verið úr einhverju bókhaldi, annað ljósrit af, að því er virðist, samlagningarstrimli með niðurstöðutölunni 518.219.3 (sic), en

á fyrr talda ljósritinu voru sérstaklega merktar tölurnar 524.739 og 60.914. Þessu dómskjali fylgir svo samtals 51 nóta eða reikningar, allt sundurlaust.

Þegar allt það er virt, sem hér hefur verið rakið, þykir bera að vísa máli þessu frá dómi og fella málskostnað niður.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 19. október 1990.

Nr. 377/1990. **Valdstjórnin**

gegn

Inga Gunnari Benediktssyni.

Kærumál. Bráðabirgðasvipting ökuleyfis.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason.

Varnaraðili skaut hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar 17. október 1990 með heimild í 103. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Hann krefst þess, að felld verði úr gildi bráðabirgðaökuleyfissvipting sú, sem greind er í hinum kærða úrskurði. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Ríkissaksóknari hefur sent Hæstarétti greinargerð, þar sem hann krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Samkvæmt 2. mgr. 102. gr. umferðarlaga skal svipta stjórnanda ökutækis ökuréttindum í að minnsta kosti eitt ár, ef hann brýtur 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. laganna. Skýrslur varnaraðila og önnur gögn málsins benda til þess, að hann hafi brotið þessi ákvæði. Var lögreglustjóra rétt að telja, að honum bæri eftir 103. gr. laganna að svipta varnaraðila ökuréttindum til bráðabirgða. Verður því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 17. október 1990.

Ár 1990, miðvikudaginn 17. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jónasi Jóhannssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Kærði, Ingi Gunnar Benediktsson leigubifreiðarstjóri, Mánagötu 24, Reykjavík, kt. 300752-7219, hefur með skírskotan til 103. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, krafist þess, að felld verði úr gildi bráðabirgðaökuleyfissvipting ákveðin af lögreglustjóranum í Reykjavík hinn 17. september sl., á

grundvelli þess, að hann eigi við mikla vanheilsu að stríða og geti ekki stundað aðra atvinnu en leigubifreiðaakstur, svo sem hann nú gerir. Hafa verið lögð fram læknisvottorð til stuðnings þessu.

Kærði var þriðjudaginn 20. mars 1990 kl. 12.55 stöðvaður af lögreglunni í Reykjavík vegna grunar um ölvun við akstur og færður á slysadeild Borgarspítalans kl. 13.50 sama dag til töku blóðsýnis. Samkvæmt rannsókn á blóðsýni þessu reyndist magn alkólhóls í blóði kærða vera yfir 3 ‰. Hefur kærði ekki borið brigður á þessa niðurstöðu, en lýst undrun sinni yfir því, hve mikið magn áfengis mældist í blóði hans, þar sem hann hafi verið við drykkju kvöldið og nóttina áður.

Þegar gögn málsins eru virt í heild, verður ekki séð, að nokkur lagastoð sé fyrir hendi til þess, að unnt sé að fella bráðabirgðaökuleyfissviptingu kærða úr gildi, og ber því að staðfesta framangreinda ákvörðun lögreglustjóra skv. 103. gr. umferðarlaga.

Úrskurðarorð:

Synjað er kröfu Inga Gunnars Benediktssonar um niðurfellingu bráðabirgðaökuleyfissviptingar frá 17. september 1990.

Mánudaginn 22. október 1990.

Nr. 186/1989. **Vigfús Björnsson**
(Jón Kr. Sólnes hrl.)
gegn
Birgi Stefánssyni
f.h. Bifreiðastillinga Birgis
(Björgvin Þorsteinsson hrl.).

Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi. Áskorunarmál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason og Gunnar M. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. maí 1989. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur lagt fram nokkur ný gögn.

Lögmaður stefnda ritaði áfrýjanda innheimtubréf hinn 18. september 1984. Áfrýjandi svaraði því með bréfi 8. október s.á. Í bréfi þessu mótmælti áfrýjandi reikningum stefnda sem röngum og vísaði jafnframt til fyrri mótmæla sinna gegn reikningunum. Einnig taldi hann sig eiga gagnkröfur á stefnda, sem væru hærri en viðgerðarreikningarnir. Engu að síður höfðaði stefndi áskorunarmál fyrir bæjarþingi Akureyrar gegn áfrýjanda andstætt 1. gr. laga um áskorunarmál nr. 97/1978, sem þá voru í gildi. Hvorki var nefnt bréf lagt fram við þingfestingu málsins né mótmæla áfrýjanda við kröfum stefnda getið.

Mætt var í málinu af hálfu áfrýjanda, og skilaði hann greinargerð 16. janúar 1986. Ekki verður séð, að dómari málsins hafi getið þess í þingbók, að málið skyldi sæta almennri meðferð, sbr. 2. mgr. 9. gr. nefndra laga. Í greinargerðinni voru settar fram gagnkröfur, að fjárhæð 73.737 krónur, á hendur stefnda til skuldajafnaðar vegna kaupa á jörðinni Gilsá I.

Eftir að áskorunarmálinu hafði verið vikið til almennrar meðferðar, var ekki lögð fram greinargerð af hálfu stefnda, svo sem

skylt var samkvæmt 9. gr. laga nr. 97/1978, sbr. 105. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Mótmæli gegn skuldajafnaðarkröfu áfrýjanda virðast fyrst hafa komið fram við aðalflutning málsins.

Látið var hjá líða að kveðja fyrir dóm sem vitni í málinu Benedikt Ólafsson héraðsdómslögmann, sem sá um uppgjör milli málsaðila, eftir að kaupsamningur þeirra um jörðina féll úr gildi, sbr. héraðsdómsskjöl nr. 9 og 10, sem rakin eru í héraðsdómi.

Samkvæmt framansögðu er málið með slíkum annmörkum, að ekki verður hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Stefndi, Birgir Stefánsson, bifvélavirkjameistari á Akureyri, höfðaði mál þetta með áskorunarstefnu í nafni óskrásetts einkafirma síns til greiðslu á fjárkröfu vegna viðgerða á bifreið áfrýjanda, sem stefndi hafði framkvæmt á árunum 1982 og 1983. Auk viðgerðarvinnu hafði stefndi lagt til varahluti og viðgerðarefni, en að undirstöðu til stafaði fjárkrafa hans þó af verksamningi, en ekki af lausafjárkaupum, eins og til var ætlast samkvæmt 1. gr. laga nr. 97/1978, er þá giltu um áskorunarmál. Áður en málið var höfðað, hafði lögmaður stefnda ritað áfrýjanda innheimtubréf, sem getið var í stefnunni og lagt fram með henni. Svaraði áfrýjandi því um hæl með öðru bréfi, þar sem hann mótmælti reikningum stefnda og gaf til kynna, að hann ætti kröfur á móti þeim. Þetta bréf áfrýjanda var ekki lagt fram með stefnunni og mótmæla hans ekki getið.

Við þingfestingu málsins mætti áfrýjandi sjálfur og fékk frest til að halda uppi vörnum. Í framhaldi af því lagði lögmaður hans fram greinargerð ásamt fylgiskjölum varðandi kaup aðila um jörðina

Gilsá I í Saurbæjarhreppi svo og fyrrnefnt svarbréf áfrýjanda og ódagsettar athugasemdir frá honum um staðreyndir í málinu, er meta ber sem aðilaskýrslu. Með athugasemdunum setti áfrýjandi fram sundurliðaðar kröfur á hendur stefnda, að fjárhæð samtals 73.737 krónur, sem tengdar voru þessum kaupum, og var þeim lýst í greinargerðinni sem gagnkröfum til skuldajafnaðar einvörðungu.

Að svo komnu var málinu vikið til almennrar einkamálameðferðar á bæjarþinginu, en án bókunar í þá átt af hálfu dómara. Ekki er þess getið, að stefnda hafi verið bent á að leggja fram greinargerð í tilefni af mótmælum og gagnkröfum áfrýjanda, og sjálfur virðist hann ekki hafa talið ástæðu til þess. Við aðalflutning málsins mættu aðilar og gáfu skýrslur, sem raktar eru í hinum áfrýjaða dómi. Var stefndi þar ekki krafinn sagna um afstöðu sína til gagnkrafna áfrýjanda. Í munnlegum málflutningi var kröfunum mótmælt sem ósamrættum við stefnukröfur og sem órökstuddum og ósönnuðum. Hins vegar synjaði stefndi ekki fyrir þau afnot af jarðeign og búvélum áfrýjanda, sem meginhluti krafnanna er á reistur.

Við málflutninginn var ekki látið á það reyna að kalla Benedikt Ólafsson, héraðsdómslögmann á Akureyri, til vitnisburðar varðandi skipti áfrýjanda og Birgis Stefánssonar um jörðina Gilsá I, svo sem getið er í atkvæði meiri hluta dómenda.

Ljóst er af framansögðu, að nokkuð skorti á föst tök frá hendi aðila og dómara við flutning málsins í héraði og skýringu á málsatvikum. Þeir hnökrar á málsmeðferð, sem um er að ræða, leiða þó ekki óhjákvæmilega til þess, að hana þurfi að ómerkja og vísa málinu frá dómi, og hvorugur aðila hefur gert kröfu í þá átt fyrir Hæstarétti. Má og líta til þess, að málið er gamalt og beið lengi dómtöku í héraði.

Þegar stefndi sækir þing samkvæmt áskorunarstefnu við þingfestingu máls, leiðir það sjálfkrafa til þess, að málinu beri að víkja til almennrar eða sérstakrar einkamálameðferðar, sbr. 9. gr. laga nr. 97/1978 (nú 230. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 26. gr. laga nr. 54/1988). Virðist dómari ekki þurfa að kanna, áður en hann víkur málinu, hvort sakarefni eftir stefnunni hafi fullnægt skilyrðum áskorunarmeðferðar, þó að mælt sé um slíka könnun við útgáfu áskorunarstefnu, þegar dómari er beðinn að annast hana sjálfur.

Má ráða þetta af orðum 10.-12. gr. laganna (nú 231.-233. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 26. gr. laga nr. 54/1988), sem við eiga, þegar útivist verður af hálfu stefnda, og ekki var vikið að hinu gagnstæða, þegar utanréttarstefnur voru heimilaðar með 3. gr. laga nr. 97/1978. Með tilliti til þessa virðist ekki skilorðslaus nauðsyn að vísa áskorunarstefnu frá dómi, þegar stefndi sækir þing, þrátt fyrir galla á stefnunni að þessu leyti, heldur megi láta reyna á það við þá meðferð, sem málinu er vikið til, hvort stefndi krefjist frávísunar hans vegna. Vanræksla á bókun um ráðstöfun málsins varðar ekki ómerkingu, þegar málsaðilum er ljóst, hvaða farvegur því er ætlaður. Í lögum nr. 97/1978 voru ekki bein ákvæði þess efnis, að stefnanda áskorunarmáls bæri að leggja fram greinargerð af sinni hálfu, þegar lögvörnum væri haldið uppi (svo sem nú er í 2. mgr. 230. gr. laga nr. 85/1936, sbr. lög nr. 54/1988), heldur var á því byggt, að stefnur yrðu hafðar svo ítarlegar, að greinargerða yrði ekki þörf að öðru jöfnu. Með hliðsjón af því mátti líta svo á, að fyrirmæli 105. gr. laga nr. 85/1936 um greinargerð af hálfu stefnanda ættu ekki skilorðslaust við í þessum tilvikum, heldur gæti nægt, að hann ætti kost á að koma að greinargerð.

Í máli þessu var áfrýjanda ljóst frá upphafi, hvaða skuld var verið að krefja hann um, enda þótt hann deildi á kröfugerðina, og sérfróðir dómendur voru kvaddir til að fjalla um viðgerðarreikninga stefnda og mótmæli hans við þeim. Gagnkröfur áfrýjanda voru nægilega skýrar og sundurliðaðar til þess, að stefndi gæti tjáð sig um þær í efnisatriðum, enda þótt gagnafærsla áfrýjanda væri nokkuð af vanefnum. Virðist rétti stefnda ekki hallað, þótt þær væru teknar til efnisúrlausnar, en þær eru samkynja stefnukröfum og skyldar þeim að því leyti, að greiðslufrestur áfrýjanda vegna bifreiðarviðgerða stefnda var greinilega tengdur viðskiptum þeirra um jörðina Gilsá I.

Með vísan til þess, sem hér var rakið, virðist mér fært að leysa úr ágreiningi málsaðila, eins og hann horfir nú við fyrir Hæstarétti. Þar sem meiri hluti dómenda telur á hinn bóginn, að málinu beri að vísa frá héraðsdómi, verður ekki fjallað frekar um efnisþætti þess. Ég er samþykkur því, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Akureyrar 24. febrúar 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. þ.m. að undangengnum munnlegum málflutningi þann sama dag, er höfðað með áskorunarstefnu, útgefinni 17. september 1985, af stefnanda, Bifreiðastillingum Birgis, nnr. 1130-9992, Skála v/Kaldbaksgötu, Akureyri, og birtri stefnda, Vigfúsi Björnssyni, nnr. 9214-1527, Ásabyggð 10, Akureyri, 23. s.m. og þingfestri hér fyrir bæjarþinginu þann 26. september 1985.

Dómkrafa stefnanda er sú, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 44.143, með 5% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði af kr. 17.370 frá 1.2. 1983 til 1.9. s.á., en af kr. 44.143 frá þ.d. til 21.10 s.á., með 4,75% dráttarvöxtum frá þ.d. til 21.11. s.á., 4% dráttarvöxtum frá þ.d. til 21.12. s.á., 3,25% dráttarvöxtum frá þ.d. til 21.1. 1984, 2,5% dráttarvöxtum frá þ.d. til 1.9. s.á., 2,75% dráttarvöxtum frá þ.d. til 1.1. 1985, 3,75% dráttarvöxtum frá þ.d. til 1.3. s.á., 4% dráttarvöxtum frá þ.d. til 1.6. s.á., en með 3,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.9. s.á, en með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.3. 1986, en 2,7% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.4. s.á., 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.4. 1987, en 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.6. s.á., en 2,8% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.7. s.á., 3% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.8. s.á., en 3,4% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.9. s.á., 3,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.10. s.á., en 3,6% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.11. s.á., 3,8% dráttarvöxtum frá þ.d. til 1.12. s.á., með 4,1% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.1. 1988, en 4,3% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.3. s.á., en 3,8% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.5. s.á., 3,7% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.7. s.á., en 4,4% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.8. s.á., 4,7% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.9. s.á., 4,1% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.10. s.á., en 2,8% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.11. s.á., en 27,6% dráttarvöxtum á ári frá þ.d. til 1.12. s.á., en 24% dráttarvöxtum á ári frá þ.d. til 1.1. 1989, en 21,6% dráttarvöxtum á ári frá þ.d. til 6.2.1989, en með dráttarvöxtum samkv. 3. kafla laga nr. 25, 1987, frá þ.d. til greiðsludags auk málskostnaðar samkv. gjaldskrá LMFÍ eða málskostnaðarreikningi.

Stefndi, Vigfús Björnsson, gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og jafnframt verði stefnanda gert að greiða honum málskostnað eftir mati réttarins.

Hin umstefnda skuld er samkv. tveimur reikningum stefnanda, öðrum á dskj. nr. 2, dagsettum 1.2.1983, vegna vinnu við bifreið stefnda, A-3817, fyrir árið 1982, sundurliðaður með yfirreikningi niður í vinnu, efni, vélavinnu, tryggingu, suðu og söluskatt, samtals að fjárhæð kr. 17.370,

og hinum, sem lagður er fram á dskj. nr. 3, við sömu bifreið, en sá yfirreikningur er dagsettur 1.9.1983, vegna viðgerða á bifreið stefnda á því ári eða nánar tiltekið allt til 22.6. þ.á., og sundurliðast eins og hinn yfirreikningurinn og er samtals að fjárhæð kr. 26.773. Stefnufjárhæðin sé því samtals kr. 44.143. Hafi skuld þessi ekki fengist greidd þrátt fyrir greiðslutilmæli, og er því stefnandi knúinn til að innheimta hana með dómi.

Stefndi lýsir málavöxtum þannig, að stefnandi hafi ætlað að kaupa jörðina Gilsá I í Saurbæjarhreppi af stefnda árið 1983, og hafi Benedikt Ólafsson hdl. gert kaupsamning á milli aðilja um jörðina þann 16. júlí þ.á. Á fundi sínum 26. júlí það ár hafi hreppsnefnd Saurbæjarhrepps í Eyjafirði ákveðið að neyta forkaupsréttar og ganga inn í samning aðilja. Í framhaldi af nýtingu forkaupsréttarins af hálfu hreppsins hafi verið gengið frá uppgjöri aðilja, og þar með átti að vera lokið fyrir fullt og fast öllum viðskiptum þeirra á milli. En þar sem rætt er um stefnanda í þessu sambandi, er átt við Birgi Stefánsson, nnr. 1130-9992, Norðurbyggð 12, Akureyri, en Bifreiðastillingar Birgis munu vera einkafirma hans. Varðandi uppgjör stefnda og Birgis er vísað til dskj. nr. 9 og 10. Í þessu sambandi bendir stefndi á, að Birgir hafi fengið afnot af Gilsá I tímabilið 17.3. 1984 til 10.8. s.á. Á þessu tímabili hafi hann notað rafmagn á Gilsá I, haft þar hagagöngu fyrir 3 hross, reyndar um lengri tíma, þá hafi hann ekki greitt húsaleigu né fyrir aðstöðu og notkun á vélum og verkfærum, en stefndi telur, að hér sé um að ræða hagsmuni, sem nemi eigi lægri fjárhæð en kr. 58.687,00 án vaxtareiknings. Þá hafi á afnotatíma stefnanda glatast verkfæri og aðrar eigur, sem á þeim tíma námu að verðmæti ekki minni fjárhæð en kr. 15.050 án vaxta. Með þetta í huga telur stefndi fráleitt, og (sic) eftir að viðskiptum aðilja var lokið, sbr. dskj. nr. 9 og 10, geti stefnandi útbúið reikninga fyrir löngu liðnum viðgerðum og krafið sig greiðslu þeirra (sic).

Málsástæður og lagarök stefnda eru þau, að stefnandi hafi fengið fjárhagslega fullnægingu kröfu sinnar, þótt borgun hafi ekki átt sér stað. Þessi fullnægja felli kröfuna niður, eins og um greiðslu væri að ræða, og ríflega það, þar sem stefndi eigi í raun mun hærri kröfu á hendur stefndanda, þar sem hann hefði getað krafið um mismun auk vaxta og kostnaðar vegna viðskipta þeirra, og í því sambandi vísar hann til almennra reglna kröfuréttar.

Birgir Stefánsson bifvélavirkjameistari, stefnandi, kom hér fyrir dóm og kvaðst hafa gengið endanlega frá uppgjöri við stefnda vegna kaupa á Gilsá I hjá Benedikt Ólafssyni hdl. og vísaði til áðurnefndra dskj. nr. 9 og 10 og sagði, að viðgerðarskuldin á bifreiðinni A-3817 hefði algjörlega verið utan við skuldaskil þessi. Hann sagði, að endurbætur á jörðinni hefðu fyrst og fremst falist í viðgerð á húsum og girðingum og að greiðslan á dskj. nr. 9 hefði verið vegna peningagreiðslna hans svo og vegna útlagðs efnis

og vinnu, en um nánari sundurliðun þar mundi hann ekki. Hann sagði, að stefndi hefði ekki hreyft neinum athugasemdum við viðgerðir hans á bifreiðinni og athugasemdum hefði ekki verið hreyft fyrr en 8.10. 1984, og vísar þar til dskj. nr. 6, bls. 2. Hann sagði, að vinnukort hefði legið fyrir strax í upphafi viðgerða á bifreiðinni, en það hefði legið í loftinu, að skuld stefnda yrði tekin upp í sem greiðsla hans, þ.e.a.s. stefnanda, á jörðinni, en hann kveðst ekki hafa krafið hann um greiðslu eftir viðgerðirnar þá strax m.a. vegna þess.

Fyrir dóminn kom stefndi, Vigfús Björnsson bókbindarameistari. Hann kvaðst hafa farið með bifreið sína, A-3817, Range Rover, árgerð 1972, nokkrum sinnum til viðgerðar til stefnanda, og hefði hann litið svo á, að hann, þ.e.a.s stefndi, hefði greitt skuldina, þar með taldar þessar svokölluðu viðgerðir stefnanda á bifreiðinni, við skuldaskil þeirra, sbr. dskj. nr. 9 og 10. Varðandi meinbugi á viðgerðunum, er stefndi taldi vera, hefur hann lagt ítarlega greinargerð á dskj. nr. 6. Varðandi viðgerð stefnanda á stýri bifreiðarinnar vísar hann til dskj. nr. 12. Varðandi dskj. nr. 9 segir hann, að sú greiðsla hafi aðallega verið vegna peningagreiðslna stefnanda til hans, og dskj. nr. 10 hafi verið endanleg skuldaskil milli hans og stefnanda, Birgis, og hann fallið frá öllum hugsanlegum fjárkröfum á hendur sér, þ.m.t. vegna bílaviðgerðanna, sem koma hafi átt upp í kaupin. Svo og hafi hann fallið frá hugsanlegum endurkröfum á hendur stefnanda og þeir þá verið algjörlega kvittir vegna allra sinna samskipta. Sagði hann, að stefnandi hefði farið að krefja sig um viðgerðarkostnaðinn sumarið 1983, en hann hefði neitað, og hefði hann haldið, að stefnandi myndi láta kyrrt liggja, en eiginkona hans hefði komið til sín með reikningana og ætlað að fá hann til að setja samþykki sitt á þá, en hann neitað, þar sem hann hefði talið þetta mál út úr heiminum.

Ívitnað dskj. nr. 9 er svohljóðandi: „Ég hefi í dag móttekið tékka að fjárhæð kr. 160.689,00 —eitt hundrað og sextíu þúsund sex hundruð áttatíu og níu—. En hér er um að ræða þá fjármuni, sem ég hafði greitt og afhent Vigfúsi Björnssyni vegna væntanlegra kaupa á jörðinni Gilsá í Saurbæjarhreppi. Ak. 08.VIII.83. Birgir Stefánsson."

Dskj. nr. 10 hljóðar svo: „Benedikt Ólafsson hdl. hefur í dag afhent mér kr. 56.000,00 —fimmtíu og sex þúsund krónur— til lúkningar á skuld Vigfúsar Björnssonar, Ásabyggð 10, Ak., vegna endurbóta minna á fasteignum og mannvirkjum jarðarinnar Gilsár í Saurbæjarhreppi. Fjárhæð þessi er samkvæmt því sem um hefur samist okkar Vigfúsar í millum, að frádregnum kr. 4.000,00 vegna áburðarkaupa (60.000 - 4000 = 56.000). Með þessari greiðslu er lokið kröfum mínum á hendur Vigfúsi vegna fyrirhugaðra jarðakaupa og fjármuna sem ég hefi afhent honum. Akureyri, 10. ágúst 1983. Birgir Stefánsson."

Stefnandi mótmælir framkomnum skuldajöfnunarkröfum stefnda, þar sem kröfur hans séu ekki af sömu rót runnar og þeim hefði þurft að gagnstefna, en svo hafi ekki verið gert. Vekur hann sérstaka athygli á niðurlagsákvæðum dskj. nr. 10, þar sem eingöngu hafi verið um skuldaskil vegna endurbóta á fasteignum og mannvirkjum jarðarinnar Gilsár að ræða og að með þeirri greiðslu stefnda eingöngu verið lokið kröfum hans á hendur stefnda vegna fyrirhugaðra jarðakaupa og fjármuna, sem hann hafi afhent honum, enda hafi ekki verið haldið fram upphaflega, að reikningarnir hafi verið greiddir, heldur að viðgerðin hafi verið gölluð og illa unnin, en á þetta hafi ekki verið færðar neinar sönnur. Reikningar þessir séu ógreiddir ennþá, og stefndi geti ekki skuldajafnað kröfum þeim, sem hann hafi uppi, enda þær kröfur algjörlega órökstuddar og ósannaðar.

Stefndi heldur því fram, að stefnandi hafi borið það hér fyrir dóminum, að viðgerðin á bifreiðinni hafi átt að ganga upp í kaupin á Gilsá I og falli því undir lokaákvæði skuldaskila þeirra á dskj. nr. 10. Einnig telur hann reikningsgerð stefnanda vera með þeim hætti, að að réttu lagi ætti að vísa máli þessu frá dómi ex officio vegna vanreifunar þegar af þeirri ástæðu. Hafi stefnandi fengið kröfu sína að fullu greidda með fullnaðaruppgjöri þeirra, beri því að sýkna hann.

Álit dómsins.

Það er álit dómsins, að reikningar þeir, er stefnandi hefur lagt fram á dskj. nr. 2 og 3, séu þannig, að á þeim megi byggja efnisdóm, enda hefur stefndi viðurkennt, að stefnandi hafi gert við bifreið hans. Þá hnökra, er stefndi telur hafa verið á viðgerðunum, telur dómurinn ekki sannaða. Að því er varðar þá fullyrðingu stefnda, að viðgerðarskuldirnar hafi verið greiddar með skuldaskilum þeirra frá 8. og 10. ágúst 1983, sbr. dskj. nr. 9 og 10., þá þykir orðalag yfirlýsinga þessara svo og brýn neitun stefnanda, sem stefnda hefur að mati dómsins ekki tekist að hnekkja, standa í vegi þess, að hægt sé að fallast á þessa fullyrðingu stefnda. Hið sama telur dómurinn gilda að nokkru um gagnkröfu stefnda til skuldajafnaðar, annars vegar áðurnefndar yfirlýsingar og hins vegar vanreifun þeirra krafna, þannig að ekki er hægt að taka þær til greina. Samkvæmt þessari niðurstöðu eru kröfur stefnanda teknar til greina að fullu, en rétt þykir þó, eins og mál þetta er vaxið, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari ásamt meðdómsmönnum, bifvélavirkjameisturunum Jóhanni Kristinssyni og Svanlaugi Ólafssyni.

Dómsorð:

Stefndi, Vigfús Björnsson, greiði stefnanda, Bifreiðastillingum Birgis, kr. 44.143 með 5% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mán-

uði af kr. 17.370 frá 1.2. 1983 til 1.9. s.á., en af kr. 44.143 frá þ.d. til 21.10. s.á., 4,75% dráttarvöxtum frá þ.d. til 21.11. s.á., 4% dráttarvöxtum frá þ.d. til 21.12. sá., 3,25% dráttarvöxtum frá þ.d. til 21.1. 1984, 2,5% dráttarvöxtum frá þ.d. til 1.9. s.á., 2,75% dráttarvöxtum frá þ.d. til 1.2. 1985, 3,75% dráttarvöxtum frá þ.d. til 1.3. s.á., 4% dráttarvöxtum frá þ.d. til 1.6. s.á., 3,5% dráttarvöxtum frá þ.d. til 1.9. s.á., 3,75% dráttarvöxtum frá þ.d. til 1.3. 1986, en 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.4 s.á., en 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.4. 1987, en 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.6. s.á., en 2,8% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.7. s.á, 3% drátarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.8. s.á., en 3,4% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.9. s.á., en 3,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.10. s.á., en 3,6% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.11. s.á., en 3,8% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 11.12. s.á., en 4,1% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.1. 1988, en 4,3% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.3. s.á., en 3,8% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.5. s.á., en 3,7% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.7. s.á., en 4,4% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.8. s.á., en 4,7% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.9. s.á., en 4,1% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.10. s.á., en 2,8% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.11. s.á., en 27,6% dráttarvöxtum á ári frá þ.d. til 1.12. s.á., en 24% dráttarvöxtum á ári frá þ.d. til 1.1. 1989, en 21,6% dráttarvöxtum á ári frá þ.d. til 6.2. 1989, en með dráttarvöxtum skv. 3. kafla laga nr. 25, 1987, frá þ.d. til greiðsludags, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 22. október 1990.

Nr. 126/1989. **Sæberg hf.**
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)
gegn
Jóni Gunnari Guðmundssyni
(Ásmundur Jóhannsson hdl.).

Kaupgjaldsmál. Uppsagnarfrestur. Sjóveðréttur. Sjómannalög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Benedikt Blöndal, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður.

Freyr Ófeigsson héraðsdómari kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. apríl 1989. Hann gerir þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hnekkt og hann sýknaður af öllum kröfum stefnda. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Í máli þessu er deilt um það eitt, hvort stefndi eigi rétt á launum vegna þeirra tveggja veiðiferða, er hann átti að vera í launalausu leyfi.

Við uppsögn áfrýjanda á ráðningarsamningi stefnda og framkvæmd hennar féll úr gildi það samkomulag, sem gilt hafði um tilhögun á starfi stefnda. Ber því stefnda samkvæmt 1. mgr. 25. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, sbr. 2. mgr. 9. gr. sömu laga, að fá greidd full laun í þrjá mánuði frá uppsagnardegi. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Áfrýjandi, Sæberg hf., greiði stefnda, Jóni Gunnari Guðmundssyni, 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 15. mars 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. þ.m., hefur Jón Gunnar Guðmundsson, nnr. 5135-6977, Kleifargerði 3, Akureyri, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, útgefinni 17. október 1988, á hendur Sæbergi hf., nnr. 8801-1708, Aðalgötu 16, Ólafsfirði.

Eru dómkröfur stefnanda þær, að stefnda verði dæmt til að greiða honum kr. 753.919 með 19% ársvöxtum af kr. 399.524,67 frá 4. apríl 1988 til 11. júní s.á., 23% ársvöxtum frá þ.d. til 6.júlí s.á., en sömu vöxtum af kr. 753.919 frá þ.d. til 1. ágúst s.á., 26% ársvöxtum frá þ.d. til 1. september s.á., 12% ársvöxtum frá þ.d. til 1. október s.á., en 9% ársvöxtum frá þ.d. til þingfestingardags 27.október 1988, en eftir það með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25, 1987, til greiðsludags. Þess er jafnframt krafist, að dæmt verði, að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 4. apríl 1989, af kr. 399.524,67, en 7. júní af stefnukröfunni allri í samræmi við 12. gr. laga nr. 25, 1987. Þá er þess krafist, að staðfest verði lögveð í frystitogaranum Mánabergi, ÓF-42, samkvæmt siglingalögum nr. 34, 1985, 40. kafla. Að lokum krefst stefnandi málskostnaðar skv. framlögðum reikningi auk söluskatts á þóknunarliði málskostnaðar, auk þess sem hann krefst dráttarvaxta á málskostnað frá dómsuppsögu til greiðsludags, jafnhárra og Seðlabanki Íslands ákveður á skuldum utan innlánsstofnana á hverjum tíma.

Stefnda krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ auk söluskatts og dráttarvaxta á tildæmdan málskostnað frá dómsuppsögn til greiðsludags.

Málsatvik eru þau, að í ársbyrjun 1987 réðst stefnandi sem fyrsti stýrimaður á frystitogarann Mánaberg, ÓF-42, í eign stefnda. Var vinnu hans háttað þannig, að hann leysti skipstjóra af þriðju hverja veiðiferð, en var í launalausu leyfi þriðju hverja veiðiferð, þannig að hann var samfellt á sjó tvær veiðiferðir í senn, en þá þriðju í fríi. Hinn 10. mars 1988 sagði stefndi stefnanda upp störfum fyrirvaralaust og tilkynnti honum jafnframt, að hans væri ekki óskað meir til skips. Stefnandi greiddi stefnda laun í 3 mánuði miðað við aflahlut tveggja veiðiferða af hverjum þremur, sem farnar voru á því tímabili, en hefur neitað að greiða honum laun vegna þeirra veiðiferða, er hann skyldi vera í launalausu leyfi miðað við áframhaldandi vinnu á skipinu út uppsagnarfrestinn. Er hér um að ræða tvær veiðiferðir, og hefur stefnandi höfðað mál þetta til heimtu launa vegna þeirra. Telur stefnandi sig eiga óskert laun í 3 mánuði eða frá 10. mars 1988 til 10. júní s.á. Vísar hann í því efni til 9. gr. sjómannalaga nr. 35, 1985, en þar greindur þriggja mánaða uppsagnarfrestur nái einnig til eðlilegs fris, sem skipverjar eigi rétt á. Beri útgerðarmanni þannig að greiða þriggja

mánaða óskert laun. Þá bendir stefnandi einnig á ákvæði í kjarasamningi aðila, sem í gildi var á þessum tíma og lagður er fram í málinu, ákvæði 1.33, þar sem segir: „Uppsagnarfrestur yfirmanna skal vera þrír mánuðir og skal uppsögn vera skrifleg af beggja hálfu.“ Við munnlegan málflutning var af hálfu stefnanda einnig vitnað til greinar 5.25 í sama samningi, þar sem segir, að skipverjar á togurum, sem frysta aflann um borð, skuli eiga rétt á fríi þriðju hverja veiðiferð.

Stefndi telur, að krafa stefnanda fái ekki staðist, þ.e., að stefnandi eigi kaup í fulla þrjá mánuði þrátt fyrir þá viðurkenndu staðreynd, að hann hefði verið í fríi 3. og 6. veiðiferð skipsins og þar af leiðandi engar vinnutekjur haft, hefði hann starfað óslitið á skipinu út uppsagnarfrestinn. Samkv. 2. mgr. 9. gr. sjómannalaga nr. 35, 1985, sé uppsagnarfrestur yfirmanna 3 mánuðir. Samkv. 2. mgr. 27. gr.laganna taki skipverji kaup til þess dags, er ráðningu lýkur, sbr. og 1. mgr. 25. gr. Með hugtakinu kaup í lögunum sé átt við það kaup, sem viðkomandi sjálfur hefði haft í vinnutekjur, hefði hann starfað áfram óslitið á skipinu út uppsagnartímann, þ.e. hefði ekki hætt, áður en uppsagnarfresturinn var liðinn. Beri að miða við það, að bætur vegna uppsagnar verði þannig, að viðkomandi verði fjárhagslega eins settur og engin uppsögn hefði komið til. Þar sem stefnanda hafi verið greiddar bætur uppsagnartímann með því kaupi, sem hann sjálfur hefði haft, hefði hann starfað óslitið út uppsagnartímann, beri að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Eins og að framan greinir, er úrlausnarefni máls þessa að skera úr um það, hvort stefnda beri að greiða stefnanda laun á uppsagnartímanum að fullu eða hvort draga eigi þar frá laun vegna þeirra veiðiferða, er stefnandi skyldi vera í launalausu leyfi samkv. ráðningarsamningi eða starfstilhögun.

Fram er komið, að í samræmi við rétt stefnanda samkv. gr. 5.25 í kjarasamningi milli Landssambands íslenskra útvegsmanna og yfirmannafélaga innan Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, sem ágreiningslaust er, að eigi við um lögskipti aðila máls þessa, var ráð fyrir því gert í ráðningarsamningi stefnanda, að hann skyldi vera í launalausu leyfi þriðju hverja veiðiferð. Í samræmi við það má gera ráð fyrir, að sú tilhögun hefði orðið út ráðningartímann, hefði stefnandi unnið til loka hans.

Ágreiningslaust er, að stefnanda var vikið úr starfi á þann hátt, að hann öðlaðist rétt til kaups í 3 mánuði frá uppsagnardegi skv. 25. gr., sbr. 9. gr. sjómannalaga, nr. 35,1985. Stefnandi gat eigi, svo að gilt væri, rýrt þann rétt sinn í ráðningarsamningi, sbr. 4. gr. framangreindra laga. Með vísan til þessa lítur dómurinn svo á, að ákvæði framangreinds kjarasamnings og ráðningarsamnings stefnanda þess efnis, að stefnandi skyldi að hluta til vera í launalausu leyfi á uppsagnarfrestinum, skerði ekki rétt hans til launa skv. framangreindu lagaákvæði.

Samkvæmt framansögðu er niðurstaða dómsins sú, að taka beri kröfur stefnanda til greina að fullu, enda hafa þær ekki tölulega sætt andmælum af hálfu stefnda. Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 161.500, ásamt vöxtum, eins og krafist er, frá 15. degi eftir dómsuppsögu, sbr. 21. gr. laga nr. 54/198. Að lokum ber að staðfesta sjóveðrétt í Mánabergi, ÓF-42, til tryggingar tildæmdum fjárhæðum, sbr. 197. gr. laga nr. 34, 1985.

Dómsorð:

Stefnda, Sæberg hf., greiði stefnanda, Jóni Gunnari Guðmundssyni, kr. 753.919 ásamt 19% ársvöxtum af kr. 399.524,67 frá 4. apríl 1988 til 11. júní s.á., 23% ársvöxtum frá þ.d. til 6. júlí s.á., en af kr. 753.919 frá þ.d. til 1. ágúst s.á., 26% ársvöxtum frá þ.d. til 1. sept. s.á., 12% ársvöxtum frá þ.d. til 1. okt. s.á., 9% ársvöxtum frá þ.d. til 27. okt. s.á., en dráttarvöxtum samkv. 10. gr. l. 25/1987 frá þ.d. til greiðsludags, og leggist vextir við höfuðstól á 12 mánaða fresti af kr. 399.524.67, í fyrsta sinn 4. apríl 1989, en af höfuðstólnum öllum í fyrsta sinn 7. júlí 1989, og kr. 161.500 í málskostnað ásamt vöxtum samkv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Staðfestur er sjóveðréttur í Mánabergi, OF-42, til tryggingar framangreindum fjárhæðum.

Þriðjudaginn 23. október 1990.

Nr. 71/1989. **Íslandsbanki hf.**
(Sigurður Sigurjónsson hdl.)
gegn
þrotabúi Ingólfs Óskarssonar
(Hróbjartur Jónatansson hdl.).

Veðréttur. Handveð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Benedikt Blöndal, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason og Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Frá 1. janúar 1990 breyttist heiti áfrýjanda og varð Íslandsbanki hf.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. mars 1989. Hann gerir þær dómkröfur, að viðurkenndur verði handveðsréttur sinn í sparisjóðsbók nr. 70503 hjá sér, skráðri 20. júní 1986 á nafn Ingólfs Óskarssonar. Þá krefst hann þess, að viðurkenndur verði réttur sinn utan skuldaraðar til innstæðu bókarinnar 31. desember 1988, 819.631,79 krónu, ásamt áföllnum og áfallandi sparisjóðsvöxtum frá þeim tíma. Loks krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Í máli þessu krefst áfrýjandi handveðs í skuldbindingu sinni gagnvart veðþola. Hann hefur lagt fram óundirritað og ódagsett tryggingarbréf því til styrktar, að það hafi verið ætlun hans að öðlast handveð í sparisjóðsbók nr. 70503. Ekki hefur verið sýnt fram á, að neitt hafi verið því til fyrirstöðu, að gengið væri frá formlegum samningi um handveð, hafi um það tekist samningur við veðþola. Gera verður þá kröfu til innlánsstofnana, að eins og hér stendur á, tryggi þær sér skýrar og ótvíræðar sannanir fyrir veðréttindum. Að þessu athuguðu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er staðfestur.

Áfrýjandi, Íslandsbanki hf., greiði stefnda, þrotabúi Ingólfs Óskarssonar, 120.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 10. febrúar 1989.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi þann 13. janúar 1989.

Sóknaraðili, Útvegsbanki Íslands hf., gerir þær dómkröfur, að viðurkenndur verði handveðsréttur hans í sparisjóðsbók nr. 70503, sem skráð var þann 20. júní 1986 á nafn Ingólfs Óskarssonar hjá sóknaraðila, og jafnframt, að viðurkenndur verði réttur sóknaraðila utan skuldaraðar til innstæðu bókarinnar, kr. 703.546, ásamt áfallandi sparisjóðsvöxtum, nú 5% á ári. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðila skv. gjaldskrá LMFÍ.

Varnaraðili, þrotabú Ingólfs Óskarssonar, krefst þess, að kröfum sóknaraðila verði hafnað og að sóknaraðila verði gert skylt að afhenda varnaraðila sparisjóðsbók nr. 70503, sem skráð var þann 20. júní 1986 á nafn Ingólfs Óskarssonar, að fjárhæð kr. 703.546 [ásamt nánar tilgreindum vöxtum].

Enn fremur krefst varnaraðili málskostnaðar úr hendi sóknaraðila skv. gjaldskrá LMFÍ og tiltekið verði í úrskurðarorði, að málskostnaður beri dráttarvexti skv. 10. gr. laga nr. 25/1987, sbr. 12. gr. sömu laga, að liðnum 15 dögum frá uppkvaðningu úrskurðar til greiðsludags.

Á skiptafundi þann 21. október 1988 var samkomulag með aðilum um, að mál þetta yrði rekið fyrir skiptarétti Reykjavíkur.

Sáttaumleitanir dómara hafa ekki borið árangur.

II.

Aðdragandi máls þessa er sá, að þann 8. mars 1988 var bú Ingólfs Óskarssonar, Hjallavegi 7, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Þann 18. mars 1988 var Hróbjartur Jónatansson héraðsdómslögmaður ráðinn bústjóri til bráðabirgða að búinu, og á fyrsta skiptafundi í búinu þann 2. september 1988 var hann kosinn skiptastjóri þess.

Bústjóri að þrotabúinu ritaði sóknaraðila bréf 6. apríl 1988, dskj. nr. 2, þar sem óskað var upplýsinga um reikninga þrotamanns hjá sóknaraðila, auk þess sem krafist var, að allir fjármunir í eigu þrotamanns, sem væru í vörslum sóknaraðila, yrðu þegar í stað afhentir skiptaráðandanum í Reykjavík.

Þann 2. júní 1988, dskj. nr. 17, ritaði sóknaraðili bústjóra að búinu bréf, þar sem upplýst var, að þrotamaður ætti hjá sóknaraðila almenna sparisjóðsbók, nr. 70503, sem hefði verið handveðsett bankanum til tryggingar öllum skuldum og skuldbindingum hans við bankann.

Sóknaraðili lýsti kröfum sínum í þrotabúið með kröfulýsingu, dags. 4. júlí 1988, dskj. nr. 4, og tiltók í kröfulýsingunni, að bankanum hefði verið sett að handveði sparisjóðsbók nr. 70503 við bankann með þeirri innstæðu, sem í henni væri á hverjum tíma.

Þann 20. júlí 1988 ritaði bústjóri þrotabúsins sóknaraðila bréf, dskj. nr. 5, í samræmi við 108. gr. laga nr. 6/1978. Í því bréfi hafnar bústjóri þeirri staðhæfingu, að sparisjóðsbókin, sem í þessu máli er deilt um, sé handveðsett bankanum.

Með bréfi, dags. 1. september 1988, dskj. nr. 6, ítrekar sóknaraðili skoðun sína, að um handveðssamning milli þrotamanns og sóknaraðila hafi verið að ræða varðandi umrædda sparisjóðsbók.

III.

Að ósk lögmanns sóknaraðila kom fyrir réttinn vitnið Sigurður Valdimarsson, kennitala 170737-3699, Lynghaga 3, Reykjavík, forstöðumaður víxla- og verðbréfadeildar Útvegsbanka Íslands hf. Vitnið upplýsti, að sparisjóðsbók sú, sem um væri deilt í málinu, væri svokölluð „bindibók". Við stofnun slíkrar bókar væri gert samkomulag milli bankans og viðskiptamanns, að þegar bankinn keypti viðskiptavíxla, þá færi ákveðinn hundraðshluti af víxlakaupunum inn á „bindibókina", sem væri í vörslum bankans, og útilokað væri að taka út úr bókinni nema með samþykki bankans. Vitnið kvað, að 10% af víxilkaupum Ingólfs Óskarssonar hefðu farið inn á sparisjóðsbókina, sem deilt er um í máli þessu, og að það hefði verið til að lækka skuldir Ingólfs við bankann.

Aðspurt um hugsanlega annan tilgang með „bindibók" en sem tryggingu á skuldum viðskiptamanns við bankann taldi vitnið hugsanlegt, að bankinn liti svo á, að það væri eðlilegt, að aðili, sem sæktist eftir að fá lánafyrirgreiðslu, hefði einhverja innstæðu á móti. Vitnið taldi, að venjan væri sú, að 2% af víxlakaupum bankans lægju eftir á „bindibók", ef um iðnaðarfyrirtæki væri að ræða, en 5%, ef um verslunarfyrirtæki væri að ræða.

Aðspurður um tryggingar, sem bankinn bæði um vegna víxilkaupa, kvað mætti allan gang vera á því. Oft væru útbúin tryggingarbréf, en varðandi viðskipti Ingólfs hefði sparisjóðsbók nr. 70503 verið til tryggingar skuldum hans. Vitnið kvað Ingólf Óskarsson ekki hafa getað tekið út úr bókinni nema með samþykki bankans. Aðspurður um, hvort þessar „bindibækur" væru merktar sérstaklega, upplýsti vitnið, að þær væru tölvuskráðar sem

handveð, og einnig, að límdur væri á þær hvítur miði, sem á stæði „handveð".

IV.

Kröfur sóknaraðila eru á því byggðar samkvæmt greinargerð og munnlegum málflutningi, að í ljósi tilurðar, tilgangs og varslna sparisjóðsbókar nr. 70503 hjá sóknaraðila hafi hann handveðrétt eða handveðsígildi yfir bókinni og innstæðum á reikningi þeim, sem hún vísar til, og að um sé að ræða fullgild veðréttindi í skilningi 24. gr. laga nr. 6/1978 um gjaldþrotaskipti.

Sóknaraðili telur, að þó svo að (sic) formlegan handveðsgerning skorti á milli hans og Ingólfs Óskarssonar, svo sem tryggingarbréf undirritað af Ingólfi, þá sé það ljóst, að með því að gangast inn á stofnun umræddrar sparisjóðsbókar og viðtöku á andvirði keyptra víxla að frádregnum 10%, sem runnu inn á sparisjóðsreikninginn, sem var alfarið (sic) í vörslu sóknaraðila, þá hafi við það komist á fullgildur handveðssamningur. Til stuðnings kröfum telur sóknaraðili, að viðurkennt hafi verið af fræðimönnum, að fullgilt handveð stofnist í skriflegum kröfum, ef skuldari er sviptur umráðum skjala, sem krafa hefur verið fest á, og skuldara jafnframt tilkynnt um veðsetningu, og vitnar í þessu sambandi í Gauk Jörundsson: Um veðréttindi, bls. 36, útg. 1981. Sóknaraðili telur, að sparisjóðsbók sé í eðli sínu skilvís handhöfn fyrir kröfu á hendur vörslu- og ávöxtunaraðila (viðskiptabanka) til innstæðu þeirrar, sem er á hinum tilgreinda sparisjóðsreikningi hverju sinni og skráð er í bókina, þar sem hann hafi verið vörsluaðili umræddrar sparisjóðsbókar og einnig skuldari, þ.e. bókin vísaði á reikning í fórum hans sjálfs, telur sóknaraðili, að tilkynning um veðsetningu til Ingólfs væri óþörf.

Máli sínu til stuðnings vísar sóknaraðili til Hrd. 1969, 921, þar sem sá dómur sýni fram á, að í því tilviki hafi ekki verið nauðsyn á sérstökum handveðsgerningi til að sýna fram á handveðrétt.

Sóknaraðili styður einnig kröfur sínar með því, að allar skrár bankans hafi frá stofnun sparisjóðsreikningsins og löngu fyrir gjaldþrotaskiptin á búi Ingólfs sýnt, að um handveð sé að ræða og að sparisjóðsbókin hafi verið merkt með sérstöku tryggingarskrárnúmeri, þ.e. 27251, dags. 20.6.86, skammstafað „HAND", sem stendur fyrir handveð.

V.

Varnaraðili byggir kröfur sínar á því, að ekki hafi verið til að dreifa fullgildum veðsamningi á milli þrotamanns og sóknaraðila. Því hafi sóknaraðili ekki fengið handveðsréttindi yfir sparisjóðsbók þeirri, sem um væri deilt í þessu máli, og þeim innstæðum, sem hún vísaði til, þannig að bindandi

sé fyrir varnaraðila. Sparisjóðsbókin sé því eign varnaraðila, sem sóknaraðila beri að afhenda varnaraðila í samræmi við ákvæði laga nr. 6/1978.

Varnaraðili mótmælir því, að vörslur og hugleiðingar sóknaraðila um tilurð og tilgang sparisjóðsbókar nr. 70503 sé nægjanlegur grundvöllur um stofnun veðsamnings.

Af hálfu varnaraðila er því haldið fram, að til þess að unnt sé að viðurkenna stofnun veðsamnings, þurfi að hafa verið um skýrar og ótvíræðar viljayfirlýsingar að ræða af hálfu beggja aðila um gerð slíks samnings, en því hafi ekki verið til að dreifa í þessu máli. Vísar varnaraðili í því sambandi í endurrit úr skiptabók Reykjavíkur, dskj. nr. 18, þar sem þrotamaður sagðist við skýrslutöku ekki minnast þess að hafa gert veðsamning við sóknaraðila, en að hann útiloki það þó ekki.

Varnaraðili telur, að túlka verði þröngt öll sérréttindi einstakra kröfuhafa, er veiti þeim forgang til fullnustu krafna sinna umfram aðra, með hliðsjón af þeim meginsjónarmiðum, sem fram koma í gjaldþrotalögum nr. 6/1978 um jafnræði kröfuhafa, og því verði að krefjast þess, að slík réttindi séu óumdeilanlega stofnuð. Ef slíkt sé eigi um að ræða, verði kröfuhafi að láta sér lynda almenna stöðu í skuldaröð.

Varnaraðili telur því, að þar sem ekki sé um fullgildan veðrétt að ræða, þá eigi 24. gr., 2. mgr., laga nr. 6/1978 ekki við í þessu máli.

VI.

Ágreiningur í máli þessu er sá, hvort komist hafi á fullgildur samningur milli sóknaraðila og varnaraðila um handveðsrétt sóknaraðila að sparisjóðsbók nr. 70503. Það er enginn ágreiningur um það, að ekki var gerður formlegur samningur milli sóknaraðila og varnaraðila um handveðsrétt hins fyrrnefnda í umræddri sparisjóðsbók. Hins vegar greinir aðila á um það, hvort önnur atvik hafi leitt til þess, að fullgildur samningur um handveðsrétt sóknaraðila á sparisjóðsbókinni (sic).

Þar sem ekki var gerður formlegur veðsamningur milli sóknaraðila og Ingólfs Óskarssonar varðandi hina umdeildu sparisjóðsbók, verður að líta svo á, að sóknaraðili verði að sýna fram á, að fullgildur samningur hafi komist á milli aðila með öðrum hætti.

Ekki verður fallist á þau sjónarmið sóknaraðila í þessu máli, að vörslur, tilurð og tilgangur hinnar umdeildu sparisjóðsbókar sýni fram á stofnun veðsamnings. Varðandi vörslur á sparisjóðsbókinni er það alþekkt, að bankar geymi sparisjóðsbækur, og verður að teljast mjög varasamt að líta svo á, að vörslur þýði það, að bankar hafi þær að veði fyrir skuldum eiganda bókarinnar við bankann. Ekki verður heldur fallist á það í máli þessu, að tilurð og tilgangur ásamt vörslum sýni ótvírætt fram á handveðssamning milli sóknaraðila og Ingólfs Óskarssonar. Framburður vitnis-

ins bendir til, að stofnun „bindibókar" sé skilyrði fyrir víxlaviðskiptum af hálfu sóknaraðila, og skipti því ekki máli, þótt viðskiptamaðurinn hefði fullnægjandi tryggingar fyrir skuldum sínum.

Varðandi tilvitnun sóknaraðila í bók Gauks Jörundssonar, Um veðréttindi, þá verður ekki séð, að það, sem vitnað er í, eigi við um þann ágreining, sem er í þessu máli. Sama gildir um skírskotun sóknaraðila í Hrd. 1969,921. Sá dómur tekur á öðru atriði efnislega en hér er ágreiningur um.

Þrátt fyrir skráningarform sóknaraðila á sparisjóðsbókinni og það, að Ingólfur Óskarsson hafi gengist inn á stofnun umræddrar sparisjóðsbókar og viðtöku á andvirði keyptra víxa að frádregnum 10%, sem runnu inn á sparisjóðsbókina, verður það ekki talið bera með sér ótvíræða viljayfirlýsingu af hans hálfu til veðsetningar. Þar sem ekki var gerður formlegur gerningur, sem sýnir fram á handveðsrétt sóknaraðila, verður að gera strangar kröfur til veðsetningar vegna sérréttinda veðhafa gagnvart öðrum kröfuhöfum þrotamanns, og því verður ekki fallist á það sjónarmið sóknaraðila, að fullgildur handveðssamningur hafi komist á milli sóknaraðila og Ingólfs Óskarssonar. Þeim kröfum, sem sóknaraðili gerir í máli þessu, er því samkvæmt framansögðu hafnað.

Vegna kröfu varnaraðila um afhendingu sparisjóðsbókarinnar verður vaxtakrafa hans ekki tekin til greina, eins og hún er sett fram. Sóknaraðila er því aðeins gert skylt að afhenda varnaraðila sparisjóðsbókina með þeirri innstæðu, sem á henni er.

Eftir þessum úrslitum og með vísan til 177. gr. laga nr. 85/1936 er óhjákvæmilegt að leggja á sóknaraðila að greiða varnaraðila málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 80.000.

Úrskurður þessi hefur dregist vegna annríkis á embættinu.

Brynjar Níelsson, fulltrúi yfirborgarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Sóknaraðila, Útvegsbanka Íslands hf., er skylt að afhenda varnaraðila, þrotabúi Ingólfs Óskarssonar, sparisjóðsbók nr. 70503 við Útvegsbanka Íslands hf. með þeirri innstæðu, sem í henni er.

Sóknaraðili greiði varnaraðila, þrotabúi Ingólfs Óskarssonar, kr. 80.000 í málskostnað. Dráttarvextir falla á málskostnað 15 dögum eftir uppkvaðningu úrskurðar þessa til greiðsludags samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987, sbr. 12. gr. sömu laga.

Þriðjudaginn 23. október 1990.

Nr. 383/1990. **Ákæruvaldið**

gegn

Óskari Guðna Gunnarssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. 1. tl. 1. mgr. 67. gr. l. 74/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 19. október 1990. Skjöl málsins bárust Hæstarétti 22. október 1990.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, en til vara, að gæsluvarðhaldstíminn verði styttur verulega.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar þykir bera að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 19. október 1990.

Ár 1990, föstudaginn 19. október, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Bjarna Stefánssyni ftr. og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

Málsatvik.

Þann 12. október sl. var Óskar Guðni Gunnarsson, kt. 100463-5049, af embætti þessu úrskurðaður í vikulangt gæsluvarðhald. Tildrög þess voru þau, að fundist höfðu í tollpóststofu við Ármúla hér í borg tvær póstsendingar, önnur skráð á „Tölvusport" og hin á „Útisport". Báðar þessar sendingar reyndust innihalda ætlað hass og Útisportssendingin 95,8 g, en hin 194,2 g.

— — —

Verið er að rannsaka ætluð brot gegn lögum nr. 65, 1974, og reglugerð nr. 16, 1986.

Óskar Guðni Gunnarsson er grunaður um fíkniefnainnflutning, sem ætla má, ef sannaður teldist, að myndi varða hann fangelsisrefsingu. Þykir því 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 ekki til fyrirstöðu beitingu gæsluvarðhalds í þessu sambandi.

Frágangur á hinum ætluðu fíkniefnum í öllum sendingunum í fyrrnefnd þrjú pósthólf, er mjög svipaður, og skjalarannsókn lögreglu á merkingum, sem greina viðtakendur á umslögum, bendir til þess, að sama ritvél hafi verið notuð við merkingu á síðara umslaginu, merktu ‚Útisport", og umslögum, merktum „Tölvusport" og „Garðgrúsk".

Ofangreint bendir til tengsla þessara þriggja pósthólfa, og þarf það frekar rannsóknar við.

Með vísan til þess, annars ofanritaðs svo og 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, þykir í þágu rannsóknarhagsmuna rétt að verða við fram kominni kröfu lögregluyfirvalda og ákvarða, að Óskar Guðni Gunnarsson skuli sæta áfram gæsluvarðhaldi, en þó ekki lengur en til kl. 15.00 miðvikudaginn 31. október 1990.

Úrskurðarorð:

Óskar Guðni Gunnarsson, kt. 100463-5049, skal sæta framlengdu gæsluvarðhaldi og allt til kl. 15.00 miðvikudaginn 31. október 1990.

Miðvikudaginn 24. október 1990.

Nr. 355/1988. **Bæjarstjórinn á Seyðisfirði**
f.h. bæjarsjóðs og hafnarsjóðs
(Árni Halldórsson hrl.)
gegn
Bjarna Magnússyni
(Kjartan Ragnars hrl.).

Ómerking. Heimvísun. Meðdómendur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. nóvember 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 14. október sama ár samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Að ákvörðun Hæstaréttar var málið tekið til munnlegs flutnings um formhlið þess.

Afrýjandi krefst þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hann sýknaður af öllum kröfum stefnda. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess aðallega, að málið verði tekið til efnismeðferðar í Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að einungis aðalflutningur málsins í héraði verði ómerktur og að því verði vísað heim til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Mál þetta var þingfest á bæjarþingi Seyðisfjarðar 17. desember 1986, er haldið var af Pétri Gaut Kristjánssyni, fulltrúa bæjarfógeta. Við fyrirtekt málsins 1. apríl 1987 hafði hann kvatt tvo meðdómendur í málið, sem þá tóku sæti í dómi. Er munnlegar skýrslur voru teknar af aðilum máls þessa og vitnum 19. og 20. júní 1988, var bæjarþingið hins vegar haldið af Eyþóri Þorbergssyni, fulltrúa bæjarfógeta, einum. Annar meðdómenda kom síðan í dóm, áður en munnlegur málflutningur fór fram, og málið var dómtekið 20. júní. Þegar hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp 9. júlí 1988, skipuðu hins vegar dóm tveir meðdómendur ásamt dómsformanni. Þessi málsmeðferð brýtur gegn 1. mgr. 37. A gr. laga

nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, sbr. 9. gr. laga nr. 28/1981. Verður því eigi hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins í héraði frá 19. júní 1988. Verður málinu samkvæmt því vísað heim í hérað til löglegrar málsmeðferðar og dómsálagningar að nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá og með þinghaldi 19. júní 1988 eru ómerk og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Seyðisfjarðar 20. júlí 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 20. júlí sl., hefur Bjarni Magnússon, nnr. 1225-4202, Álfheimum 42, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Seyðisfjarðar með stefnu, útgefinni 6.12.'86, birtri 13.12.'86, á hendur bæjarstjóranum á Seyðisfirði, Þorvaldi Jóhannssyni, nnr. 9813-0101, Botnahlíð 23, Seyðisfirði, fyrir hönd Seyðisfjarðarkaupstaðar. Þann 4.2.'87 var með bókun í bæjarþingsbók staðfest aðild hafnarsjóðs Seyðisfjarðar.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefnda verði gert að greiða honum kr. 292.320 með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. mars '86 til 1. apríl '86, en með 2,25% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Þá er þess einnig krafist, að í dómsorði verði viðurkennt, að áfallnir dráttarvextir skuli leggjast við höfuðstól kröfu og nýir vextir reiknist af samanlagðri fjárhæð höfuðstóls og vaxta á 12 mánaða fresti.

Af hálfu stefnda eru gerðar þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og til dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi hans.

Til vara er krafist lækkunar á stefnunni, bæði höfuðstól og vöxtum, og málskostnaður verði látinn niður falla.

Málavextir.

Í mars 1983 bauð Seyðisfjarðarkaupstaður út verk við smábátahöfnina á Seyðisfirði, m.a. dýpkun hafnarinnar. Tvö tilboð bárust, m.a. frá stefn-

anda, að fjárhæð kr. 877.000 auk verðbóta. Tilboði stefnanda var tekið af hálfu bæjarins.

Við framkvæmd verksins taldi stefnandi, að komið hefði í ljós, að umfang þess var mun meira en ráð hafði verið fyrir gert í útboðsgögnum og gengið hafði verið út frá við tilboðsgerðina.

Stefnandi gerði viðbótarreikning fyrir kostnaðaraukanum, að fjárhæð kr. 18.000, og krafði bæinn um greiðslu á honum.

Þann 13.12. '85 var samþykkt á fundi hafnarnefndar Seyðisfjarðar að fela Verkfræðiskrifstofu Austurlands, Sveini Þórarinssyni, verkfræðingi bæjarins, „að skoða mál Bjarna Magnússonar. Bjarni tilnefndi annan mann, og þessir tveir aðilar leggi fram tillögu í málinu, sem síðar verður borin undir hafnarnefnd".

Daginn eftir þennan fund segist stefndi, Þorvaldur Jóhannsson, sem jafnframt er framkvæmdastjóri hafnarnefndar, hafa haft samband við Svein Þórarinsson í samræmi við fundargerð þessa og falið honum að ganga frá tillögu að samkomulagi við stefnanda um aukagreiðslur fyrir verk þetta.

Sveinn Þórarinsson taldi hins vegar, að honum væri falið umboð til að ganga endanlega frá samningi um lokauppgjör vegna þessa verks við stefnanda. Hann gerir þennan sama dag, þann 14.2.'85, samkomulag við stefnanda um lokauppgjör, um að Seyðisfjarðarkaupstaður greiði stefnanda kr. 120.000, sem verðbætist í samræmi við upphaflegan verðbótagrunn verksins til 14.2.'85 með 68% verðbótum.

Þann 18.2.'85 var haldinn fundur í hafnarnefnd Seyðisfjarðar og þessi samningur eða tillaga að samkomulagi samþykkt.

Þann 24.5.'85 felldi bæjarstjórn þetta samkomulag við stefnanda.

Niðurstöður.

Í skýrslu, er Sveinn Þórarinsson verkfræðingur gaf fyrir dómi þann 19. júní sl., segir hann, að þann 14.2.'85 hafi bæjarstjórinn á Seyðisfirði falið sér að ganga frá samkomulagi við stefnanda, Bjarna Magnússon, um lokauppgjör til hans, þar sem öll ágreiningsefni út af þessu verki yrðu felld niður.

Að sögn Sveins Þórarinssonar setti bæjarstjórinn ekki fyrirvara um gildi þessa samkomulags.

Að sögn stefnda fól hann Sveini að gera tillögu að samkomulagi við stefnanda, en ekki bindandi samning.

Stefnandi sat fund hafnarnefndar þann 13.2.'85, þegar viðbótarreikningur hans kom fyrst til athugunar hjá nefndinni, en hann var farinn af fundinum, þegar samþykkt var tillaga þess efnis, að hafnarnefnd skyldi óska eftir því við Verkfræðiskrifstofu Austurlands, Svein Þórarinsson, að taka að sér að skoða mál stefnanda og ganga frá tillögu í málinu ásamt manni, er stefnandi skyldi tilnefna.

Stefndi viðurkennir fyrir dómi þann 20. júní sl., að hann hafi ekki gert stefnanda grein fyrir því, að umboð það, sem hann gaf Sveini til að semja við hann, hafi verið bundið skilyrði um samþykki hafnarnefndar og bæjarstjórnar. Hins vegar er það viðurkennt, að stefndi lét skýrt í ljós við stefnanda, að Sveinn Þórarinsson hefði umboð til einhvers konar samninga við stefnanda um þennan reikning.

Hér er um umboð að ræða, sem komið er til vitundar stefnda með atbeina stefnanda með yfirlýsingu þess efnis til hans. Það telst sannað í málinu, að stefnanda var ekki gerð grein fyrir takmörkunum þeim, sem stefndi telur sig hafa sett fyrir umboðinu. Með vísun til 11. gr. laga nr. 7/1936 telur dómurinn, að þarna hafi stofnast gildur samningur milli stefnanda og stefnda, þar sem ekki hefur verið sannað af hálfu stefnda, að stefnanda hafi verið ljóst eða mátt vera ljóst, að umboð Sveins Þórarinssonar var bundið fyrirvörum.

Hafnarnefnd samþykkir á fundi þann 18.2.'85 þetta samkomulag að lokauppgjöri við Bjarna Magnússon. Þann 25.2.'85 samþykkir bæjarstjórn að fresta atkvæðagreiðslu um málið og óska eftir umsögn Sveins Þórarinssonar. Þann 22.4.'85 samþykkir hafnarnefnd þetta samkomulag aftur, en gerir breytingu á verðbótaþættinum. Þann 24.5.'85 fellir bæjarstjórn þetta samkomulag án þess að tilgreina forsendur þess. Þarna líða því rúmir 3 mánuðir, frá því að samningurinn er gerður, þar til bæjarstjórnin fellir hann endanlega. Einnig með vísun til þessarar meðferðar verður að telja, að samningur hafi stofnast, því að leggja varð þá skyldu á stefnda að tilkynna stefnanda um það, að hann telji samninginn ógildan vegna umboðsskorts.

Í samningi þessum er ekki samið um gjalddaga kröfunnar. Miða skal því gjalddagann við innheimtubréf lögmanns stefnda, sem dagsett er 13. ágúst 1985. Dráttarvextir skulu reiknast frá 13. september 1985.

Áfallna dráttarvexti skal leggja við höfuðstól og nýir dráttarvextir reiknaðir af samanlagðri fjárhæð, í fyrsta sinn þann 13. september 1986.

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefndi, Þorvaldur Jóhannsson, bæjarstjóri Seyðisfjarðarkaupstaðar, f.h. hafnarsjóðs og bæjarsjóðs, skal greiða stefnanda kr. 201.600 með 45% ársvöxtum frá 13.9.'85 til 1.3.'86, með 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1.4.'86, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1.3.'87, með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6.'87, með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1.7.'87, með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1.8.'87, með 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1.9.'87, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1.10.'87, með 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1.11.'87, með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1.12.'87 með 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1.1.'88, með 51,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1.3.'88, með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1.5.'88, með 44,4% árs-

vöxtum frá þeim degi til 1.7.'88, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Samkvæmt þessari niðurstöðu dæmist stefndi til að greiða stefnanda kr. 114.960 í málskostnað, þar með talinn söluskattur.

Dómsorð:

Stefndi, Þorvaldur Jóhannsson, bæjarstjóri Seyðisfjarðarkaupstaðar, f.h. hafnarsjóðs og bæjarsjóðs, skal greiða stefnanda, Bjarna Magnússyni, kr. 201.600 með 45% ársvöxtum frá 13.9.'85 til 1.3.'86, með 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1.4.'86, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1.3.'87, með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6.'87, með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1.7.'87, með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1.8. '87, með 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1.9.'87, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1.10.'87, með 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1.11.'87, með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1.12.'87, með 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1.1.'88 með 51,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1.3.'88, með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1.5.'88, með 44,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1.7.'88, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 114.960 í málskostnað. Áfallna dráttarvexti skal leggja við höfuðstól og nýir dráttarvextir reiknaðir af samanlagðri fjárhæð, í fyrsta sinn þann 13. september 1986. Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 24. október 1990.

Nr. 207/1990. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Ingimar Skúla Sævarssyni
(Kristján Stefánsson hdl.).

Líkamsmeiðing. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 3. maí 1990 að ósk ákærða og einnig af hálfu ákæruvalds til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu.

Verjandi krefst aðallega sýknu, en til vara, að ákærða verði ekki gerð sérstök refsing, og til þrautavara, að ákvörðun um refsingu verði frestað með skilyrðum.

Með vísan til 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981 og 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955 þykir með skírskotun til forsendna héraðsdóms bera að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Ingimar Skúli Sævarsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar héraðsdómslögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 27. mars 1990.

Ár 1990, þriðjudaginn 27. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni sakadómara, kveðinn

upp dómur í sakadómsmálinu nr. 186/1990: Ákæruvaldið gegn Ingimar Skúla Sævarssyni, sem tekið var til dóms þann 23. mars sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 16. febrúar sl., á hendur ákærða, „Ingimar Skúla Sævarssyni, Álakvísl 5, Reykjavík, fæddum 13. september 1962, fæðingarnúmer 246, fyrir líkamsárás, með því að hafa, aðfaranótt 5. júlí 1987, við veitingahúsið Þórscafé, Brautarholti 20, Reykjavík, slegið Sæmund Eiðsson, fæddan 16. júní 1961, í höfuðið með áfengisflösku með þeim afleiðingum að hann féll í götuna og síðan sparkað einu sinni í höfuð hans, þar sem hann lá í götunni. Afleiðingar þessarar árásar urðu þær, að Sæmundur kinnbeinsbrotnaði vinstra megin og bólgnaði mikið í andliti, í báðum augum blæddi undir sjónhimnu og 1½ sm skurður opnaðist á vinstri kinn.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar auk skaðabóta, verði þeirra krafist."

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 5. júlí 1987 kl. 3.17 var lögreglan í Reykjavík kvödd að skemmtistaðnum Þórscafé. Hittu lögreglumenn þar Kristin Pedersen aðstoðarvarðstjóra, sem þar var á vakt í þjófaeftirliti. Kvaðst hann hafa séð ákærða slá Sæmund Eiðsson með flösku, eftir að hann hafði dottið í götuna, og síðan sparkað í andlit hans. Kærandi var fluttur á slysadeild Borgarspítalans, og er áverkavottorð dagsett 15. nóvember 1989, svohljóðandi:

„Þann 05.07.87 kl. 3.35 leitaði á slysadeild Borgarspítalans maður er kvaðst heita Sæmundur Eiðsson, f. 16.06.61-4379 til heimilis að Smyrilshólum 4, Reykjavík. Sæmundur upplýsti að hann hefði verið sleginn í höfuðið með flösku og sparkað hefði verið í andlit sér. Hann kvartaði yfir eymslum yfir kjálka og kinnbeinum og kvartaði jafnframt yfir bitskekkju.

Við skoðun kom í ljós mikil bólga í andliti, bæði yfir hægra og vinstra kinnbeini, einnig var Sæmundur með glóðarauga á báðum augum. Hann var með um 1½ cm langan skurð á vinstri kinn. Veruleg bólga var á augnalokum báðum megin og átti Sæmundur erfitt með að opna augun. Jafnframt greindust blæðingar undir sjónhimnu í báðum augum. Við skoðun kom jafnframt í ljós að sjúklingur átti verulega erfitt með að opna munninn.

Fengin var röntgenrannsókn af andlitsbeinum og kjálka og *greindist kinnbeinsbrot vinstra megin.*

Sjúklingur var síðan lagður inn á háls-, nef- og eyrnadeild Borgarspítalans til meðferðar. Þann 07.07.87 var í svæfingu gert að kinnbeinsbroti vinstra megin. Sæmundur útskrifaðist síðan af háls-, nef- og eyrnadeild

Borgarspítalans þann 08.07.87 og var ráðgert að hann kæmi til eftirlits á göngudeild háls-, nef- og eyrnadeildar Borgarspítalans.

Það vottast að áverki sá er Sæmundur hefur orðið fyrir hefur getað hlotist á þann hátt sem hann hefur upplýst. Sæmundur varð fyrir verulegum áverka í andliti og kinnbeinsbroti vinstra megin, en áverkinn hefur ekki verið lífshættulegur.

Ólíklegt er að um varanleg mein af áverka þessum verði að ræða."

Ákærði var yfirheyrður hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þann 5. júlí 1987 og gaf skýrslu fyrir dómi þann 23. mars sl.

Kvaðst ákærði hafa verið á veitingastaðnum Þórscafé, en ekki lent í ryskingum þar inni, en maður hefði veist að sér, en ekki hefði komið til átaka. Ákærði kvaðst hafa farið út, eftir að dansleik lauk, og kvaðst hann hafa drukkið úr flösku, sem hann hafði meðferðis. Kvaðst ákærði allt í einu hafa verið sleginn í andlit, og kvaðst hann hafa vankast við það. Kvaðst ákærði hafa hálfvegis dottið, og sá, sem sló hann, hefði gert sig líklegan til að ráðast á ákærða. Kvaðst ákærði hafa slengt flöskunni frá sér, sem hefði lent á höfði mannsins. Kvaðst ákærði hafa verið hræddur og hafa gert þetta í varnarskyni. Ákærði kannaðist ekki við að hafa sparkað í manninn liggjandi.

Ákærði kvaðst ekki hafa þekkt manninn, og ekki kvaðst hann vera viss um, að þetta hefði verið sami maður og veittist að honum inni. Ákærði kvaðst hafa hlotið áverka, hefði kvarnast úr tönn og hann bólgnað á öðru eyra.

Kærandi, Sæmundur Eiðsson, kt. 160661-4379, gaf skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þann 13. júlí 1987 og kom fyrir dóm þann 23. mars sl. Vitnið kvaðst hafa setið við borð í Þórscafé, og hefði ákærði verið með ónæði. Að sögn vitnisins sló ákærði vitnið niður af stól með hnefahöggi í andlitið. Kvaðst vitnið hafa séð ákærða fyrir utan, eftir að dansleik lauk, og var vitnið visst um, að um sama mann var að ræða og sló vitnið inni á dansleiknum. Vitnið kvaðst hafa slegið ákærða eitt högg í andlitið. Vitnið kvað ákærða síðan hafa slegið sig með flösku í andlitið, og kvaðst vitnið síðan ekki muna neitt eftir það, fyrr en verið var að koma því inn í sjúkrabifreið. Vitnið mundi ekki eftir því, að sparkað hefði verið í andlit þess. Vitnið mundi ekki, hvort ákærði lá við höggið eða ekki. Vitnið var visst um, að það hefði einungis slegið ákærða eitt högg. Vitnið kvað, að verið gæti, að það hefði farið á eftir ákærða, er hann hrasaði við höggið. Þá kvað vitnið ekki útilokað, að það hefði ætlað að fylgja hnefahögginu eftir með frekari slagsmálum. Vitnið kvað, að allt hefði gerst mjög snöggt, þ.e.a.s., frá því að vitnið veittist að ákærða og ákærði sló vitnið. Vitnið kvaðst hafa verið vel undir áhrifum áfengis þetta kvöld. Vitnið kvaðst vera 180 cm á hæð og 85 kg að þyngd.

Vitnið hafði ekki tekið ákvörðun um, hvort það gerði skaðabótakröfu í málinu.

Vitnið Kristinn Pedersen, kt. 300548-7099, gaf ekki skýrslu hjá RLR fyrr en þann 4. janúar sl. og kom fyrir dóm þann 23. mars sl. Hjá RLR er bókað, að vitnið lesi yfir lögregluskýrslu. Kvaðst vitnið hafa séð þann atburð, sem skýrslan fjallar um. Kvaðst vitnið hafa verið í ómerktri lögreglubifreið við Þórscafé og veitt athygli tveimur ölvuðum mönnum og séð, hvar annar þeirra hefði slegið hinn með áfengisflösku í höfuðið. Hefði flaskan brotnað við höfuðhöggið og árásarþolinn hnigið niður. Kvaðst vitnið hafa farið út úr lögreglubifreiðinni og í áttina að árásarmanninum og þá séð, hvar hann sparkaði einu sinni í höfuð mannsins, sem lá á jörðinni.

Fyrir dómi skýrði vitnið hins vegar svo frá, að það myndi ekki vel eftir málsatvikum. Kvaðst vitnið, er það gaf skýrslu hjá RLR, rétt hafa rámað í málið, en það hefði rifjast upp fyrir sér, er það fékk að lesa lögregluskýrsluna. Vitnið kvaðst hafa séð átök fyrir utan Þórscafé, og virtist vitninu, að verið væri að kljást um áfengisflösku. Kvað vitnið annan manninn hafa fallið niður, en vitnið gat ekki fullyrt, hvort hann hefði verið sleginn með áfengisflösku í höfuðið. Hefði hinn maðurinn síðan sparkað í þann, er lá, föstu sparki, og virtist vitninu það koma við höfuð mannsins, en vitnið gat ekki alveg fullyrt, hvar sparkið lenti. Vitnið kvaðst hafa verið 2 til 3 metra frá átökunum og kvaðst hafa haft góða yfirsýn yfir svæðið. Vitnið kvað bifreiðina hafa snúið í austur og verið við hægri vegarbrún, og kvaðst vitnið hafa séð atburðinn úr ökumannssæti í gegnum hliðarrúðu hægra megin.

Vitnið Guðlaugur Jakob Ragnarsson, kt. 231162-3489, kom fyrir dóm þann 23. mars sl.

Vitnið kvaðst vera kunningi ákærða. Kvaðst vitnið ekki hafa verið undir miklum áfengisáhrifum og kvaðst hafa hitt ákærða af og til (sic) inni á dansleiknum og ekki hafa orðið vart við neitt rifrildi. Kvaðst vitnið, eftir að dansleik lauk, hafa staðið á tröppunum utan húss, en ákærði hefði verið aðeins neðar. Að sögn vitnisins ruddist einhver fram hjá vitninu að ákærða og sló hann 2 til 3 sinnum í höfuð. Kvað vitnið, að ákærði hefði fallið við og slengt hendinni frá sér með þeim afleiðingum, að áfengisflaska, sem hann hélt á, lenti á andliti mannsins. Vitnið varð ekki vart við, að sparkað hefði verið í höfuð mannsins. Vitnið kvað þetta allt hafa gerst mjög fljótt. Kveðst vitnið í beinu framhaldi af þessu hafa farið á lögreglustöðina til þess að gefa skýrslu, en því hefði ekki verið sinnt. Vitnið minnti, að nafn þess hefði verið skrifað niður.

Niðurstöður.

Í máli þessu er upplýst, að kærandi veittist að ákærða með hnefahöggi

í andlit fyrir utan umræddan veitingastað. Þá telst jafnframt með framburði ákærða og vitna í máli þessu sannað, að ákærði veitti kæranda áverka í andlit með því að brjóta áfengisflösku á höfði hans. Hins vegar þykir ekki fram komin næg sönnun þess, að ákærði hafi sparkað í andlit kæranda, og verður hann sýknaður af því ákæruatriði. Hins vegar urðu afleiðingar árásarinnar slíkar að brot ákærða varðar við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.

Ekki verður á það fallist, að um neyðarvörn af hálfu ákærða hafi verið að ræða, enda voru varnaraðgerðir ákærða augsýnilega hættulegri en árás kæranda gaf tilefni til. Hins vegar veittist kærandi að ákærða, að því er virtist, af tilefnislitlu, og verður við ákvörðun refsingar ákærða að hafa hliðsjón af því.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var hann árið 1983 sektaður fyrir ölvunarakstur og sviptur ökuleyfi í 3 mánuði, og árið 1985 var hann einnig sektaður fyrir sams konar brot og sviptur ökuleyfi ævilangt. Þann 14.4. 1988 var ákærða veitt heimild til ökuleyfis á ný.

Lögreglurannsókn máls þessa hefur dregist á langinn, og ber að átelja þann drátt.

Með hliðsjón af atvikum öllum þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 20 daga, en fullnustu refsingarinnar skal fresta og hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hdl., kr. 25.000.

Dómsorð:

Ákærði, Ingimar Skúli Sævarsson, sæti varðhaldi í 20 daga, en fullnustu refsingarinnar skal fresta og hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hdl., kr. 25.000.

Fimmtudaginn 25. október 1990.

Nr. 70/1988. **Emma Hólm**
(Páll Arnór Pálsson hrl.)
gegn
Walter Jónssyni
(Guðný Höskuldsdóttir hrl.).

Tékkamál. Fölsun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. mars 1988. Krefst hún sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandi lagt fram bréf rannsóknarlögreglu ríkisins 18. mars 1988 og meðfylgjandi rannsóknargögn lögreglunnar vegna fölsunarkæru áfrýjanda, sem um getur í héraðsdómi. Einnig hefur hún lagt fram álitsgerð Maríu Bergmann skriftarfræðings frá 18. október 1989 um samanburð á sýnum af rithönd áfrýjanda og nafnritun á hinum umstefnda tékka ásamt skriftarsýnum þeim, er notuð voru til samanburðarins.

Álitsgerð þessi hefur ekki verið staðfest fyrir dómi. Stefndi hefur ekki mótmælt henni á þeim grundvelli, en telur hana ranga og vilhalla og jafnframt þýðingarlausa af þeim sökum, að samanburðarsýni séu of fá og ekki valin af hliðstæðum skjölum.

Í héraði lét áfrýjandi þingsókn falla niður án þess að hafa kannað þá meðferð, sem kæra hennar hafði fengið, áður en lögregluransókn var hætt, en rannsóknarlögreglan hafði ekki talið ástæðu til að leita aðstoðar skriftarfræðings, eins og málið horfði þar við.

Í álitsgerð skriftarfræðingsins er bent á sex einkenni á nafnritun áfrýjanda á fyrrgreindum skriftarsýnum, sem hún telur frábrugðin rithöndinni á nafni áfrýjanda sem framseljanda á hinum umstefnda tékka. Telur hún sýnt, að hin síðarnefnda sé hönd annars aðila. Að virtu þessu áliti og þeim sýnum af rithönd áfrýjanda, sem lögð eru fram í málinu, þykir rökstudd ástæða til að ætla, að nafnritun

áfrýjanda á tékkanum kunni að vera fölsuð. Þau rök, sem stefndi hefur fært fram í gagnstæða átt, nægja ekki til að hnekkja þessum grun. Verður stefndi að bera hallann af sönnunarskorti í þessu efni samkvæmt ákvæðum 155. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Með vísan til þessa og til ákvæða c-liðar 1. mgr. 208. gr. sömu laga ber að fallast á kröfu áfrýjanda um sýknu í máli þessu.

Rétt er, að hvor aðili beri kostnað sinn af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Emma Hólm, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Walters Jónssonar, í máli þessu

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Seltjarnarness 20. janúar 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Walter Jónsson, nnr. 9141-8754, Miðbraut 5, Seltjarnarnesi, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 1. febrúar 1986, á hendur Emmu Hólm, nnr. 2130-8382, Nesbala 104, Seltjarnarnesi, til innheimtu neðangreindrar skuldakröfu, vaxta og málskostnaðar.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði dæmd til að greiða kr. 55.000 auk 3,75% mánaðarvaxta af stefnufjárhæð frá 23.9. 1985 til greiðsludags og málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ og aukatekjulögum, sbr. framlagðan málskostnaðarreikning.

Stefnandi kveður skuldina vera skv. innstæðulausri ávísun, útg. af Halldóri Óskarssyni hinn 20.9. 1985 til stefndu á ávísanareikning Halldórs nr. 9161 við Iðnaðarbanka Íslands, Reykjavík. Tékkinn hafði verið framseldur af stefndu og stefnanda. Tékkinn hafði verið sýndur í banka 23.9. 1985, en innstæða þá eigi reynst vera næg, og hafi stefnandi þá innleyst tékkann. Tékkinn hafði verið að fjárhæð 55.000, sem sé stefnufjárhæð. Stefnandi kveðst ekki gera kröfu á hendur útgefanda tékkans, þar sem hann sé látinn, en áskilur sér rétt til að lýsa kröfu þessari í dánarbú hans, þegar það verður tekið til skipta.

Stefnandi byggir kröfur sínar á reglum tékkalaga nr. 94, 1933, og kveðst hann reka málið skv. 17. kafla laga nr. 85, 1936, sbr. lög nr. 28, 1981.

Mál þetta var höfðað sem áskorunarmál, en því var vikið til venjulegrar meðferðar, er sótt var þing af hálfu stefndu við þingfestingu þess þann

11. febrúar 1986. Þann 11. febrúar 1986 var sótt þing af hálfu stefndu og lögð fram greinargerð. Í greinargerð stefndu er þess krafist, að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og henni til dæmdur málskostnaður.

Af hálfu stefndu er vakin athygli á því, að á bakhlið tékkans sé skráð nafnið Emma Hólm, en það sé eigi nafnritun stefndu. Útgefandi tékkans sé nú látinn, en hann hafi verið eiginmaður stefndu. Nú sé því ekki ljóst, hver hafi falsað nafn stefndu á ávísunina, en stefnda hafi nú kært málið til rannsóknarlögreglu ríkisins, og sé það nú hjá RLR til rannsóknar.

Málsástæður og lagarök stefndu eru þau, að hún hafi ekki ritað nafn sitt á tékkann, sem málið fjallar um, og geti því ekki talist aðili málsins. Hún beri því enga ábyrgð á greiðslu tékkans, þótt hann sé stílaður á hennar nafn, enda sé það skilyrði skv. 18. gr. tékkalaga nr. 94, 1933, að maður riti framsal á hann til að öðlast ábyrgð.

Eftir að greinargerð var lögð fram af hálfu stefndu, var málinu frestað ótiltekið til frekari gagnaöflunar og sáttaumleitana, og var beðið niðurstöðu rannsóknar RLR vegna fölsunarkærunnar. Með bréfi rannsóknarlögreglu ríkisins, dags. 6. janúar sl., var dómurum kynnt niðurstaða þeirrar rannsóknar, og segir þar eftirfarandi:

„Með rannsókn þeirri sem fram hefur farið hefur ekki tekist að sanna að um fals hafi verið að ræða, og tilkynnist yður hér með að rannsókn verður ekki haldið áfram."

Í ljósi þessarar niðurstöðu boðaði dómari til þinghalds í dag með ábyrgðarbréfi til lögmanna málsaðila, dags. 11. janúar sl. Í þinghaldinu í dag var eigi sótt þing af stefndu hálfu og málið því dómtekið að kröfu stefnanda.

Skv. 2. mgr. 118. gr. laga nr. 85, 1936, verður því að dæma mál þetta eftir framkomnum kröfum og skilríkjum stefnanda og með tilliti til þess, sem fram hefur komið af hálfu stefndu, og með hliðsjón af niðurstöðum rannsóknarlögreglu ríkisins varðandi ætlaða fölsun umræddrs tékka. Þar sem sú staðhæfing stefndu, að umræddur tékki sé falsaður, að því er framsal hennar varðar, þykir ósönnuð, með vísan til bréfs RLR, dómskjal 5, og þar sem dómkröfur stefnanda eru í samræmi við framlögð skjöl og skilríki hans, verða dómkröfur hans teknar til greina að öðru leyti en því, er vexti áhrærir, en þeir ákveðast þannig af stefnufjárhæð: Frá 23.9. 1985 til 1.3. 1986 3,75% mánaðarlegir dráttarvextir, frá þeim degi til 1.4. 1986 2,75% mánaðarlegir dráttarvextir, frá þeim degi til 1.4. 1987 2,25% mánaðarlegir dráttarvextir, frá þeim degi til 1.5. 1987 2,5% mánaðarlegir dráttarvextir, en frá þeim degi til greiðsludags ársvextir skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25, 1987.

Málskostnaður ákvarðast kr. 12.512, þar með talinn söluskattur, kr. 1.180.

Finnbogi H. Alexandersson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefnda, Emma Hólm, greiði stefnanda, Walter Jónssyni, kr. 55.000 með 3,75% mánaðarlegum dráttarvöxtum frá 23.9. 1985 til 1.3. 1986, með 2,25% mánaðarlegum dráttarvöxtum frá þ.d. til 1.4. 1986, með 2,25% mánaðarlegum dráttarvöxtum frá þ.d. til 1.4. 1987, með 2,5% mánaðarlegum dráttarvöxtum frá þ.d. til 1.5. 1987, en frá þeim degi til greiðsludags með ársvöxtum skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25, 1987, og kr. 12.512 í málskostnað, þar með talinn söluskattur kr. 1.180.

Fimmtudaginn 25. október 1990.

Nr. 71/1988. **Emma Hólm**
(Páll Arnór Pálsson hrl.)
gegn
Róbert Árna Hreiðarssyni
(Guðný Höskuldsdóttir hrl.).

Tékkamál. Fölsun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. mars 1988. Krefst hún sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandi lagt fram bréf rannsóknarlögreglu ríkisins 18. mars 1988 og meðfylgjandi rannsóknargögn lögreglunnar vegna fölsunarkæru áfrýjanda, sem um getur í héraðsdómi. Einnig hefur hún lagt fram álitsgerð Maríu Bergmann skriftarfræðings frá 18. október 1989 um samanburð á sýnum af rithönd áfrýjanda og nafnritun á hinum umstefnda tékka ásamt skriftarsýnum þeim, er notuð voru til samanburðarins.

Álitsgerð þessi hefur ekki verið staðfest fyrir dómi. Stefndi hefur ekki mótmælt henni á þeim grundvelli, en telur hana ranga og vilhalla og jafnframt þýðingarlausa af þeim sökum, að samanburðarsýni séu of fá og ekki valin af hliðstæðum skjölum.

Í héraði lét áfrýjandi þingsókn falla niður án þess að hafa kannað þá meðferð, sem kæra hennar hafði fengið, áður en lögregluransókn var hætt, en rannsóknarlögreglan hafði ekki talið ástæðu til að leita aðstoðar skriftarfræðings, eins og málið horfði þar við.

Í álitsgerð skriftarfræðingsins er bent á sex einkenni á nafnritun áfrýjanda á fyrrgreindum skriftarsýnum, sem hún telur frábrugðin rithöndinni á nafni áfrýjanda sem framseljanda á hinum umstefnda tékka. Telur hún sýnt, að hin síðarnefnda sé hönd annars aðila. Að virtu þessu áliti og þeim sýnum af rithönd áfrýjanda, sem lögð eru fram í málinu, þykir rökstudd ástæða til að ætla, að nafnritun áfrýjanda á tékkanum kunni að vera fölsuð. Þau rök, sem stefndi

hefur fært fram í gagnstæða átt, nægja ekki til að hnekkja þessum grun. Verður stefndi að bera hallann af sönnunarskorti í þessu efni samkvæmt ákvæðum 155. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Með vísan til þessa og til ákvæða c-liðar 1. mgr. 208. gr. sömu laga ber að fallast á kröfu áfrýjanda um sýknu í máli þessu.

Rétt er, að hvor aðili beri kostnað sinn af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Emma Hólm, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Róberts Árna Hreiðarssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Seltjarnarness 20. janúar 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Jón Egilsson lögfræðingur f.h. Róberts Árna Hreiðarssonar hdl., nnr. 7355-1773, Túngötu 5, Reykjavík, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 23. janúar 1986, á hendur Emmu Hólm, nnr. 2130-8382, Nesbala 104, Seltjarnarnesi, til innheimtu neðangreindrar skuldakröfu, vaxta og málskostnaðar.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði dæmd til að greiða kr. 55.000 auk 3,75% mánaðarvaxta af stefnufjárhæð frá 20.10. 1985 til greiðsludags og málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ og aukatekjulögum skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Stefnandi kveður skuldina vera samkvæmt innstæðulausri ávísun, útgefinni af Halldóri Óskarssyni, nnr. 3595-6867, til stefndu hinn 20.10. 1985, á ávísanareikning Halldórs, nr. 9161 við Iðnaðarbanka Íslands hf., Reykjavík. Númer tékkans sé 1860078. Tékkinn sé að fjárhæð kr. 55.000, sem sé stefnufjárhæð. Hann hafi verið sýndur í banka 22.10. 1985, en innstæða þá eigi reynst vera næg. Tékkinn hafi og verið framseldur af stefndu. Ekki sé í máli þessu gerð krafa á hendur útgefanda tékkans, sem nú sé látinn, en réttur áskilinn til þess að lýsa kröfu þessari í dánarbú hans, þegar það verður tekið til skipta.

Stefnandi reisir kröfugerð sína á reglum tékkalaga nr. 94/1933, og rekur hann málið skv. 17. kafla laga nr. 85/1936.

Mál þetta var höfðað sem áskorunarmál, en því var vikið til venjulegrar meðferðar, er sótt var þing af stefndu hálfu við þingfestingu málsins 14. janúar 1986. Þann 11. febrúar 1986 var sótt þing af hálfu stefndu og lögð

fram greinargerð. Í greinargerð stefndu er þess krafist, að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og henni til dæmdur málskostnaður. Af hálfu stefndu er vakin athygli á því, að á bakhlið tékkans sé skráð nafnið M. Hólm, en það sé eigi nafnritun stefndu. Útgefandi tékkans sé nú látinn, hann hafi verið eiginmaður stefndu. Nú sé því ekki ljóst, hver hafi falsað nafn stefndu á ávísunina, en stefnda hafi nú kært málið til rannsóknarlögreglu ríkisins, og sé það nú hjá RLR til rannsóknar.

Málsástæður og lagarök stefndu eru þau, að hún hafi ekki ritað nafn sitt á tékkann, sem málið fjallar um, og geti því ekki talist aðili málsins. Hún beri því enga ábyrgð á greiðslu tékkans, þótt hann sé stílaður á hennar nafn, enda sé það skilyrði skv. 18. gr. tékkalaga nr. 94, 1933, að maður riti framsal á hann til að öðlast ábyrgð.

Eftir að greinargerð var lögð fram af hálfu stefndu, var málinu frestað ótiltekið til frekari gagnaöflunar og sáttaumleitana, og var beðið niðurstöðu rannsóknar RLR vegna fölsunarkærunnar. Með bréfi rannsóknarlögreglu ríkisins, dags. 6. janúar sl., var dóminum kynnt niðurstaða þeirrar rannsóknar, og segir þar eftirfarandi:

„Með rannsókn þeirri sem fram hefur farið hefur ekki tekist að sanna að um fals hafi verið að ræða, og tilkynnist yður hér með að rannsókn verður ekki fram haldið."

Í ljósi þessarar niðurstöðu boðaði dómari til þinghalds í dag með ábyrgðarbréfi til lögmanna málsaðila, dags. 11. janúar sl. Í þinghaldinu í dag var eigi sótt þing af stefndu hálfu og málið því dómtekið af hálfu stefnanda (sic).

Skv. 2. mgr. 118. gr. laga nr. 85, 1936, verður því að dæma mál þetta eftir framkomnum kröfum og skilríkjum stefnanda og með tilliti til þess, sem komið hefur fram af hálfu stefndu, og með hliðsjón af niðurstöðum rannsóknarlögreglu ríkisins varðandi ætlaða fölsun umrædds tékka. Þar sem sú staðhæfing stefndu, að umræddur tékki sé falsaður, að því er framsal hennar varðar, þykir ósönnuð með vísan til bréfs RLR, dómskjal 5, og þar sem dómkröfur stefnanda eru í samræmi við framlögð skjöl og skilríki hans, verða dómkröfur hans teknar til greina að öðru leyti en því, er vexti áhrærir, en þeir ákvarðast þannig af stefnufjárhæð: Frá 20.10 1985 til 1.3. 1986 3,75% mánaðarlegir dráttarvextir, frá þeim degi til 1.4. 1986 2,75% mánaðarlegir dráttarvextir, frá þeim degi til 1.4.1987 2,25% mánaðarlegir dráttarvextir og frá þeim degi til 1.5. 1987 2,5% mánaðarlegir dráttarvextir, en frá þeim degi til greiðsludags ársvextir skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25, 1987.

Málskostnaður ákvarðast kr. 12.251, þar með talinn söluskattur kr. 1.156.

Finnbogi H. Aðalsteinsson kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefnda, Emma Hólm, greiði stefnanda, Róbert Árna Hreiðarssyni hdl., kr. 55.000 með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá 20.10. 1985 til 1.3. 1986, með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1.4. 1986, með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1.4. 1987, með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1.5. 1987, en frá þeim degi til greiðsludags með ársvöxtum skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25, 1987, og kr. 12.251 í málskostnað, þar með talinn söluskattur, kr. 1.156.

Föstudaginn 26. október 1990.

Nr. 251/1989. **Sigurborg h/f**
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)
gegn
Jóhannesi Halldórssyni
(Hjalti Steinþórsson hrl.).

Vinnusamningur. Sjómenn. Uppsögn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Benedikt Blöndal og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 26. júní 1989. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti auk virðisaukaskatts.

Í máli þessu er ekki tölulegur ágreiningur.

Við hinn munnlega málflutning fyrir Hæstarétti var upplýst af hálfu áfrýjanda, að öllum skipverjum á m/b Sigurborgu hefði verið sagt upp störfum á skipinu. Óumdeilt er, að uppsagnarbréf áfrýjanda til stefnda, sem dagsett var 31. júlí 1986, hafi verið svohljóðandi: „Vegna kvótavandamála hefur verið ákveðið að leigja mb. Sigurborgu til rækjuveiða.

Af þeim sökum sjáum við oss (sic) tilneydda að segja yður upp störfum frá og með deginum í dag að telja.

Uppsagnarfrestur er þrír mánuðir."

Áfrýjandi hefur ekki lagt fram leigusamning við Söltunarstöð Dalvíkur h/f um skipið, en við hinn munnlega málflutning fyrir Hæstarétti var staðfest af hálfu áfrýjanda, að leigutími skipsins hefði verið frá byrjun ágústmánaðar 1986 til 1. desember sama ár og skipið verið leigt án áhafnar. Þá má ráða af málflutningi aðila, að stefndi hefði orðið að gera ráðningarsamning við leigutaka skipsins, hefði hann haldið áfram störfum á skipinu á leigutímanum.

Með ofangreindum athugasemdum ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt þykir að áfrýjandi greiði stefnda 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, og er þar með talinn virðisaukaskattur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sigurborg h/f, greiði stefnda, Jóhannesi Halldórssyni, 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur borgardóms Reykjavíkur 24. maí 1989.

1.0. Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi fimmtudaginn 11. maí sl., hefur Jóhannes Halldórsson,kt. 211146-4279, Suðurvöllum 18, Keflavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, þingfestri 28. febrúar 1989, á hendur Sigurborgu hf., kt. 570986-1129, Langholti 9, Keflavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum skuld að fjárhæð kr. 93.791 ásamt 27% ársvöxtum frá 1. desember 1986 til 1. mars 1987, 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1987, 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí 1987, 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1987, 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1987, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október 1987, 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1987, 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1987, 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1988, 51,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1988, 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí 1988, 44,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí 1988, 52,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1988, 56,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1988, 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október 1988, 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1988, 27,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1988, 24% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1989, 21,6% ársvöxtum frá þeim degi til 28. febrúar 1989 og loks með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands auk 12% söluskatts samkvæmt lögum þar um.

Stefnandi sundurliðar höfuðstól dómkröfu sinnar þannig:

Kauptrygging 15. september til 1. nóvember 1986 kr. 55.624 x 1,5	kr.	83.436
Fast kaup kr. 1.135 x 1,5	kr.	1.697
10,17% orlof	kr.	8.658
Samtals	kr.	93.791

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum dómkröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands auk 12% söluskatts samkvæmt lögum þar um.

Með yfirlýsingu, dagsettri 20. febrúar 1989, lýstu málsaðilar því yfir, að samkvæmt heimild í 81. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði hefðu þeir samið um að reka mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

2.0. Stefnandi segir málavexti vera þá, að með bréfi, dagsettu 31. júlí 1986, hafi honum verið sagt upp störfum af hálfu stefnda, en stefnandi hafi verið yfirvélstjóri á mb. Sigurborgu, AK-375. Uppsagnarbréfið hafi kveðið á um, að vegna kvótavandamála hafi verið ákveðið að leigja skipið til rækjuveiða og af þeim sökum sé stefndi tilneyddur að segja stefnanda upp störfum með þriggja mánaða uppsagnarfresti.

Þegar síðar hafi í ljós komið, að stefndi teldi sér ekki skylt að greiða stefnanda kaup nema í 6 vikur þrátt fyrir þriggja mánaða uppsagnarfrest, hafi stefnandi leitað til Vísis, félags skipstjórnarmanna á Suðurnesjum. Félagið hafi ritað stefnda bréf, dagsett 28. ágúst 1986, þar sem stefnda hafi verið tilkynnt, að stefnandi ætti rétt til fullra launa, staðgengilslauna, í 3 mánuði, sbr. ákvæði sjómannalaga og fjölda dóma Hæstaréttar þar um. Bréf þetta hafi engin áhrif haft og hafi þá lögmanni Farmanna- og fiskimannasambands Íslands verið falið að krefja um greiðslu launa í fulla 3 mánuði. Þann 2. október 1986 hafi fulltrúi lögmanns sambandsins ritað Stokkavör hf. bréf, en Stokkavör hf. hafi haft með skrifstofuhald fyrir stefnda að gera, þar sem krafist hafi verið rétts uppgjörs í fulla 3 mánuði. Bréfi þessu hafi í engu verið svarað, en Jónas Haraldsson, lögmaður Landssambands íslenskra útvegsmanna, hafi haft samband við lögmann stefnanda og hafi málið verið í nokkurri umræðu og ágreiningi fram eftir árinu 1987, þar til í janúar 1988, að leigutaka Sigurborgar, AK-375, Söltunarfélagi Dalvíkur hf., hafi verið ritað bréf, þar sem óskað hafi verið uppýsinga um það, hvort stefnanda hafi verið boðið áframhaldandi starf á bátnum á þeim tíma, sem hann hafi verið leigður til Söltunarfélagsins. Engin svör hafi borist við fyrirspurn þessari, og hafi því verið ákveðið að höfða mál á hendur stefnda til heimtu launanna á grundvelli kauptryggingar, sem sé lágmarkskaup á hverjum tíma. Málshöfðun hafi dregist allnokkuð vegna anna lögmanns stefnanda.

3.0. Um málsástæður og lagarök vísar stefnandi til 2. mgr. 9. gr., sbr. 2. mgr. 27. gr., sbr. 1. mgr. 25. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, sbr. og annarra ákvæða þeirra laga, auk eftirfarandi sjónarmiða:

Stefnandi byggir kröfu sína á því, að með bréfi, dagsettu 31. júlí 1986, hafi honum verið sagt upp störfum með þriggja mánaða uppsagnarfresti

og með því hafi stefndi bundið sig við að greiða sér laun í 3 mánuði, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands í málinu nr. 36/1988: Jörundur Bjarnason gegn Rækjuveri hf., en þar segi meðal annars: „Með uppsagnarbréfi sínu 5. janúar 1987, sem kvað á um þriggja mánaða uppsagnarfrest, skuldbatt stefndi sig til að greiða áfrýjanda laun í 3 mánuði."

Þá byggir stefnandi á því, að þar sem mb. Sigurborg, AK-375, hafi verið leigð til Söltunarfélags Dalvíkur hf., hljóti ráðningarsamband hans við stefnda að hafa rofnað þegar í stað. Hér sé átt við, að í leigunni hafi falist fyrirvaralaus uppsögn með þriggja mánaða fyrirvara, hvað svo sem í uppsagnarbréfi hafi sagt, þannig að stefnandi hafi verið laus allra mála eftir afhendingu skipsins til leigutaka. Þetta sé í samræmi við óslitna og óumdeilda dómvenju í gildistíð eldri sjómannalaga frá 1966, þegar um sölu á skipi hafi verið að ræða. Að mati stefnanda verði ekki séð, að neinn eðlismunur sé á sölu og leigu, að því er þetta varði. Ljóst sé, að nýr útgerðaraðili hafi tekið við bátnum, og óumdeilanlegt sé, að stefndi hafi ekki getað framselt ráðningarsamning sinn við stefnanda. Þar sem hin nýju sjómannalög nr. 35/1985 hafi í engu breytt ákvæðum eldri sjómannalaga um leigu, hljóti að verða að telja, að almennar reglur um þriggja mánaða uppsagnarfrest eigi við. Þar sem afhending bátsins hafi farið fram, áður en 3 mánuðir hafi verið liðnir, hljóti stefnandi að eiga laun í fulla 3 mánuði, þótt hann hafi samt sem áður ekki haft vinnuskyldu nema fram að afhendingu skipsins.

Stefnandi leggur áherslu á, að við gerð leigusamningsins hafi verið um að ræða nýjan útgerðaraðila að bátnum, og sé fráleitt hægt að telja, að stefnanda hafi borið að fara með bátnum til nýs útgerðaraðila, enda væri þá um að ræða framsal vinnuréttarsambands hans við stefnda, en samkvæmt almennum reglum vinnuréttarins geti slíkt aldrei komið til. Þar sem báturinn hafi verið leigður, hljóti að verða að telja, að í því hafi falist uppsögn, eins og raunar uppsagnarbréfið beri með sér. Verði því að telja ekkert annað en almennar reglur um þriggja mánaða uppsagnarfrest koma til.

Krafan um greiðslu launa í þriggja mánaða uppsagnarfresti sé byggð á 2. mgr. 9. gr., sbr. og 2. mgr. 27. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, sbr. og önnur ákvæði þeirra laga. Ótvírætt hafi verið, að við sölu á skipi til annars innlends útgerðarmanns eigi vélstjórar þriggja mánaða uppsagnarfrest eða þar til að lög nr. 35/1985 hafi tekið gildi, en þá hafi komið inn nýtt ákvæði, 22. gr., sem hafi kveðið á um sérstakan uppsagnarfrest við sölu. Ákvæði þetta geti ekki átt við hér, þar sem um sé að ræða leigu á bátnum, og verði því að ætla, að almenn ákvæði sjómannalaganna, sem séu hliðstæð ákvæðum fyrri sjómannalaga, eigi við hér, og af því leiði, að stefnandi eigi laun í þriggja mánaða uppsagnarfresti.

Þá tekur stefnandi fram, að uppsagnarbréf til Magnúsar Bjarnasonar skipstjóra sé lagt fram í málinu, en stefnandi hafi fengið samhljóða bréf, sem nú sé glatað.

Krafan um greiðslu málskostnaðar byggist á því, að tilurð máls þessa sé alfarið orðin (sic) vegna vanefnda stefnda á greiðsluskyldu sinni samkvæmt lögum.

4.0. Stefndi lýsir málavöxtum þannig, að stefnandi hafi verið ráðinn yfirvélstjóri þann 1. júní 1986 á skip stefnda, mb. Sigurborgu, AK-375, frá Keflavík. Í júlímánuði 1986 hafi verið ljóst, að aflakvóti skipsins væri að verða búinn. Hafi þá verið ákveðið til þess að geta haldið skipinu í rekstri að stunda dragnótaveiðar, þar sem meginhluti veidds afla á slíkum veiðum sé flatfiskur, koli, sem sé utan kvóta.

Þrátt fyrir þá kunnu staðreynd, að aðeins væru þá eftir 20 tonn af þorskkvóta skipsins, sem treina átti og nota sem aukaafla með kolanum, hafi verið lagst í þorsk og kvótanum strax lokið og þar með skipið gert verkefnalaust. Hafi þá ekki annað legið fyrir en að leggja skipinu út árið eða freista þess að leigja það, svo að bæði skip og mannskapur hefðu einhverjar tekjur.

Vegna þessarar óvissu um framhaldið á rekstri skipsins hafi yfirmönnum skipsins verið sagt upp störfum með þriggja mánaða fyrirvara, þ.e. með bréfi, dagsettu 31. júlí 1986, enda allt í óvissu með framhaldið. Óvíst hafi verið, hvort skipinu yrði lagt eða það leigt, og þá, ef svo færi, hvort leigutakinn væri með sína eigin áhöfn, þannig að yfirmönnum skipsins yrði gert að víkja úr skiprúminu, eða hvort hann vildi hafa yfirmennina áfram í starfa, eins og venja væri.

Í byrjun ágúst 1986 hafi verið afráðið að leigja Söltunarstöð Dalvíkur hf. skipið til rækjuveiða. Stefnandi hafi engan áhuga haft á að vera á skipinu á rækjuveiðum fyrir Norðurlandi, en hafi þó siglt skipinu til Akureyrar, þar sem það hafi verið sett í slipp. Ítrekuð hafi verið sú ósk, að stefnandi héldi áfram störfum, en stefnandi hafi þverneitað. Hafi stefnandi að því búnu horfið úr skiprúminu, en ekki unnið út sinn uppsagnartíma, sem hafi verið til 31. október 1986.

Þrátt fyrir þetta og til þess að ljúka þessu máli hafi stefndi greitt stefnanda kauptryggingu í sex vikur umfram skyldu. Ekki hafi þó tekist að upplýsa það, hvers vegna greitt hafi verið í raun, þar sem svo langt sé um liðið, síðan þetta hafi gerst, tvö og hálft ár.

5.0. Málsástæður og lagarök stefnda eru eftirgreind:

5.1. *Tómlæti.*

Stefndi telur, að stefnandi hafi með aðgerðaleysi sínu fyrirgert hugsanlegum rétti sínum til bóta vegna tómlætis síns og/eða lögmanns hans (identifikation).

Stefndi segir, að með bréfi, dagsettu 2. október 1986, krefji lögmaður stefnanda stefnda um bætur vegna leigu skipsins og meintra ráðningarslita. Með stefnu, dagsettri 20. febrúar 1989, eða rétt tæpum tveimur og hálfu ári seinna hreyfi lögmaður stefnanda við málinu aftur, hvað stefnda snerti.

Fram að stefnubirtingardegi eða einhverjum degi áður, er lögmanni stefnda hafi verið falið af stefnda að fara með málið fyrir hans hönd sem málsverjanda, hafi afskipti lögmannsins af sakarefninu aðeins verið fólgin í því að spjalla við lögmann stefnanda um ágreiningsefnið og önnur slík nokkrum sinnum og þá oftast að fyrra bragði. Hafi þessi mál, sem og önnur mál, þá verið rædd af honum sem lögmanni Landssambands íslenskra útvegsmanna og áhugamanni um mannskapsrétt og lögmanni stefnanda sem lögmanni Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Geti þau samtöl í engu skert réttarstöðu stefnda, þótt hann fæli síðan þessum lögmanni að halda uppi vörnum fyrir sig, þegar loks hafi verið stefnt í málinu.

Bréf lögmanns stefnanda til Söltunarfélags Dalvíkur hf., leigutaka skipsins, dagsett 25. janúar 1988, sé stefnda með öllum óviðkomandi og sent án hans vitundar.

Stefndi telur með vísan til þessa, að sýkna beri sig af kröfum stefnanda þegar af þeirri ástæðu, að dregist hafi úr hömlu af hálfu stefnanda og/eða lögmanns hans að gera reka að þessu máli, eða í rétt tvö og hálft ár. Hafi hann með slíku tómlæti firrt sig öllum rétti til hugsanlegra bóta.

5.2. Riftun ráðningarsamnings af hálfu stefnanda.

Stefndi byggir sýknukröfu sína í öðru lagi á því, að stefnandi hafi sjálfur rift ráðningarsamningi sínum við stefnda, er hann hafi horfið fyrirvaralaust úr skiprúmi, er skipið hafi verið leigt.

Með uppsagnarbréfi, dagsettu 31. júlí 1986, hafi stefndi skuldbundið sig til að greiða stefnanda laun í þrjá mánuði, þótt hann hefði hugsanlega getað slitið ráðningunni við stefnanda með skemmri uppsagnarfresti, t.d. samkvæmt 27. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, sbr. dóm Hæstaréttar í málinu nr. 36/1988, er stefnandi vitnar til. Samkvæmt þessu uppsagnarbréfi hafi stefnandi átt rétt á launum til 31. október 1986, enda innti hann af hendi sín störf út uppsagnarfrestinn í samræmi við viðurkennda grundvallarreglu vinnuréttarins.

Stefndi vísar til þess, að stefnandi telji, að sér hafi verið heimilt að rifta ráðningarsamningi sínum við stefnda, þegar skipið hafi verið leigt, þar sem jafna megi saman leigu á skipi og sölu þess, sbr. 24. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Þessum skilningi stefnanda mótmælir stefndi sem röngum og telur þvert á móti, að leiga á skipi heimili ekki riftun ráðningarsamnings, gagnstætt því sem gildi um sölu skips. Þar sem stefnandi hafi horfið úr skiprúminu fyrirvaralaust og án þess að starfa út uppsagnarfrestinn, hafi hann

sjálfur rift ráðningu sinni án lögmætra ástæðna og eigi þar af leiðandi engan kröfurétt á hendur stefnda.

Fullyrðingu sína, að leiga skips ein og sér heimili skipverjum ekki riftingu ráðningarsamnings, byggir stefndi á eftirgreindu:

2. mgr. 40. gr. sjómannalaga nr. 41/1930 hafi orðast svo: „Eigi heimilar það skipverja að krefjast lausnar úr skiprúmi, þó skipstjóraskipti verði á skipinu eða skipti á útgerðarmanni." Samkvæmt orðalagi þessa lagaákvæðis hafi skipverjum verið óheimilt að rifta ráðningarsamningi, hvort heldur skip hafi verið selt eða leigt, þ.e. skipt á útgerðarmanni.

Með lögum nr. 67/1963 hafi sjómannalögin verið endurskoðuð. Meðal þeirra breytinga, sem gerðar hafi verið, hafi verið sú, að orðin „eða skipti á útgerðarmanni" hafi verið felld út úr lagatexta 40. gr. sjómannalaganna. Í greinargerð með lögunum hafi sagt um þetta: „Með því að fella burt orð þau úr 40. gr. laganna, sem hér ræðir um, er ætlast til þess, að um rétt skipverja til að krefjast lausnar úr skiprúmi, þegar skipt er um útgerðarmann, fari eftir almennum réttarreglum um aðalskipti að starfssamningum."

Á gildistíma sjómannalaga nr. 67/1963 hafi Hæstiréttur túlkað þetta svo, þegar um sölu á skipi hafi verið að ræða, að skipverjar ættu í slíkum tilfellum rétt á að rifta ráðningarsamningi og ættu jafnframt rétt á kaupi, er næmi uppsagnarfrestinum. Aldrei hafi á gildistíma laga nr. 67/1963 reynt á það, hvort sama gilti varðandi leigu skipa.

Á ný hafi sjómannalögin verið endurskoðuð og gefin út sem lög nr. 35/1985. Í 2. gr. 3. mgr. 22. gr. laganna sé nú fjallað um skipti á útgerðarmanni, þó þannig að í lagatextanum sé núna skýrt tekið fram, að skipverja sé eingöngu heimilt að rifta ráðningarsamningnum við sölu á skipi. Segi í 2. mgr. 22. gr. laganna orðrétt: „Sé skip selt öðrum innlendum útgerðarmanni, er skipverja heimilt að krefjast lausnar úr skiprúmi..." Komi með þessu orðalagi skýrt fram, að leiga skips falli ekki undir ákvæðið, þ.e. veiti ekki skipverja heimild til riftunar á ráðningarsamningi, og þar af leiðandi komi bótaréttur ekki til, enda skýr greinarmunur á varanlegri yfirtöku skips, þ.e. sölu þess, eða tímabundnum afnotum þriðja aðila, þ.e. leigu á því.

Lögmaður stefnda hafi átt sæti sem fulltrúi útgerðarmanna í nefnd þeirri, er endurskoðaði siglinga- og sjómannalögin, sbr. siglingalög nr. 34/1985 og sjómannalög nr. 35/1985. Eins og fram komi í gögnum um gang mála í nefndinni varðandi þessi ákvæði, sbr. 22. gr. sjómannalaga, þá hafi í upphafi átt að styðjast við núgildandi dönsk sjómannalög sem grunn við endurskoðun íslensku sjómannalaganna. Hafi verið gert ráð fyrir, að tæki nýr innlendur útgerðarmaður við rekstri skips (overtages skibet af anden reder), þ.e. sala og leiga, þá væri skipverjanum heimilt að rifta ráðningarsamningi, en án bóta.

Af hálfu fulltrúa sjómanna í siglingalaganefnd hafi verið gerð sú tillaga (krafa), að einnig skipti á innlendum útgerðaraðila heimilaði bætur til skipverja á sama hátt og um erlendan útgerðaraðila væri að ræða, sbr. 1. mgr. 22. gr.

Af hálfu fulltrúa útgerðarmanna hafi þá verið lögð fram sú tillaga (krafa) í nefndinni, að bótarétturinn yrði að hálfu, sem byggðist á sanngirnissjónarmiðum, með vísan til þess, að Danir heimiluðu engar bætur vegna sölu skips innan lands. Skýrt sé tekið fram í lagatextanum, sem fulltrúi útgerðarmanna hafi samið, að eingöngu sé um sölu að ræða. Hafi það verið ósk hans, að sama gilti hérlendis og í Noregi í gildistíð norskra sjómannalaga frá árinu 1953, er hafi gilt til 1975, en í 2.mgr. 40. gr. þeirra laga sagði: „Blir eiendomsretten til skipet overført til annen norsk reder, kan en sjömann kreve avskjed." Eins og þarna komi fram, sé ákvæðið bundið við sölu skips alfarið (sic).

Eins og komi fram af texta 2. mgr. 22. gr. sjómannalaga, hafi það orðið niðurstaðan, að heimild til handa skipverjum til að rifta ráðningarsamningi og fá bætur sé alfarið (sic) og eingöngu bundin við sölu skips. Leiga á skipi skapi ekki skipverjum þennan rétt, gagnstætt sölu.

6.0. Stefndi telur, að stefnandi hafi með aðgerðarleysi sínu fyrirgert hugsanlegum rétti sínum til bóta vegna tómlætis síns eða lögmanns hans. Stefndi segir, að með bréfi, dagsettu 2. október 1986, krefji lögmaður stefnanda stefnda um bætur vegna leigu skipsins og meintra ráðningarslita. Með stefnu, dagsettri 20. febrúar 1989, eða rétt tæpu tveimur og hálfu ári seinna, hreyfi lögmaður stefnanda við málinu aftur, hvað stefnda snerti. Hafi hann með slíku tómlæti firrt sig öllum rétti til hugsanlegra bóta.

Þótt stefnandi hafi seint hafist handa um heimtu kröfu sinnar, verður ekki talið, að tómlæti hans feli í sér viðurkenningu af hans hálfu um það, að svo hafi um samist með aðilum, að krafan yrði ekki innheimt, eða að hann hafi með tómlæti sínu afsalað sér kröfunni með öðrum hætti, enda er krafan ekki fyrnd.

Er því rétt að víkja að þeirri sýknuástæðu stefnda, að stefnandi hafi sjálfur rift ráðningarsamningi sínum við stefnda án lögmætra ástæðna, er hann hafi horfið fyrirvaralaust úr skiprúmi, er skipið var leigt. Stefndi telur, að með uppsagnarbréfi, dagsettu 31. júlí 1986, hafi hann skuldbundið sig til að greiða stefnanda laun í þrjá mánuði, enda innti stefnandi af hendi sín störf út uppsagnarfrestinn í samræmi við viðurkennda grundvallarreglu vinnuréttarins. Í máli þessu er lagt fram uppsagnarbréf stefnda til Magnúsar Bjarnasonar skipstjóra, dagsett 31. júlí 1986, sem málsaðilar eru sammála um, að sé samhljóða greindu uppsagnarbréfi til stefnanda, en það bréf er nú glatað.

Stefnandi telur á hinn bóginn, að falist hafi í því fyrirvaralaus uppsögn,

þegar skipið hafi verið leigt. Þeim skilningi stefnanda mótmælir stefndi sem röngum og telur þvert á móti, að leiga á skipi heimili ekki riftun ráðningarsamnings með rétti til bóta, gagnstætt því sem gildi um sölu skips. Þar sem stefnandi hafi horfið úr skipúminu fyrirvaralaust og án þess að starfa út uppsagnarfrestinn, hafi hann sjálfur rift ráðningu sinni án lögmætra ástæðna og eigi þar af leiðandi engan kröfurétt á hendur stefnda.

Skal því vikið að þeim ákvæðum sjómannalaga, er fjalla um þetta efni. Í 2. mgr. 40. gr. sjómannalaga nr. 41/1930 sagði svo: „Eigi heimilar það skipverja að krefjast lausnar úr skiprúmi, þó skipstjóraskipti verði á skipinu eða skipti á útgerðarmanni." Samkvæmt orðalagi þessa lagaákvæðis virðist skipverjum hafa verið óheimilt að rifta ráðningarsamningi, hvort heldur skip hafi verið selt eða leigt, þ.e. þótt skipt væri á útgerðarmanni.

Með sjómannalögum nr. 67/1963 var ákvæði þessu breytt þannig, að orðin „eða skipti á útgerðarmanni" voru felld út. 2. mgr. 40. gr. laganna hljóðaði þá svo: „Eigi heimilar það skipverja að krefjast lausnar úr skiprúmi, þó skipstjóraskipti verði á skipinu." Í greinargerð með lögunum var um þetta ákvæði sagt: „Með því að fella burt orð þau úr 40. gr. laganna, sem hér ræðir um, er ætlast til þess, að um rétt skipverja til að krefjast lausnar úr skiprúmi, þegar skipt er um útgerðarmann, fari eftir almennum réttarreglum um aðilaskipti að starfssamningum."

Á ný voru sjómannalögin endurskoðuð og gefin út sem lög nr. 35/1985. Segir í 2. mgr. 22. gr. laganna orðrétt: „Sé skip selt öðrum innlendum útgerðarmanni, er skipverja heimilt að krefjast lausnar úr skiprúmi, en segja verður þá skipverji skiprúmi sínu lausu þegar eftir að hann fær vitneskju um þetta." Í 3. mgr. sömu greinar laganna er fjallað um kjör þess, er rétt á lausn úr skiprúmi samkvæmt 2. mgr. greinarinnar. 4. mgr. 22. gr. laganna hljóðar svo: „Eigi heimilar það skipverja að krefjast lausnar úr skiprúmi þótt skipstjóraskipti verði á skipinu." Í 22. gr. er því ekkert beinlínis tekið fram um rétt skipverja vegna leigu á skipi.

Stefndi telur, að gagnálykta verði frá orðalagi 2. mgr. 22. gr. Telur hann, að afgreiðsla málsins í nefnd þeirri, er endurskoðaði sjómannalögin, styðji þessa niðurstöðu sína. Eins og komi fram af texta 2. mgr. 22. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, hafi það orðið niðurstaðan, að heimild til handa skipverjum til að rifta ráðningarsamningi og fá bætur sé alfarið (sic) og eingöngu bundin við sölu skips. Leiga á skipi skapi því skipverjum ekki heimild til riftunar á ráðningarsamningi, og þar af leiðandi komi bótaréttur ekki til.

Stefnandi telur á hinn bóginn, að ákvæði 22. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 eigi ekki við og að almenn ákvæði sjómannalaganna, sem séu hliðstæð ákvæðum eldri sjómannalaga, eigi við um rétt skipverja vegna leigu skips, og eigi stefnandi því rétt á launum í þrjá mánuði. Hann bendir

jafnframt á, að í uppsagnarbréfi hafi verið kveðið á um þriggja mánaða uppsagnarfrest, og verði því að telja, að stefndi hafi með því bundið sig til að greiða stefnanda laun í þrjá mánuði. Einnig komi fram þegar í umræddu uppsagnarbréfi, að uppsögnin sé vegna væntanlegrar leigu skipsins. Við munnlegan flutning málsins kom fram, að stefndi telur, að ákvæði 2. og 3. mgr. 22. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 hafi verið sett til að auka svigrúm skipverja til að komast í annað starf, t.d. til að stytta uppsagnarfrestinn, ef afhending skips verði eftir 6 vikur, frá því að leigusamningur var gerður, þ.e. hér sé um að ræða einhliða og aukinn rétt skipverja við sölu skips. Ákvæðið breyti í engu aðalreglunni um þriggja mánaða uppsagnarfrest skipverja við leigu á skipi.

Það er meginregla íslensks réttar, að framselja megi kröfuréttindi og að kröfuhafaskipti geti orðið án samþykkis skuldara, en sú regla er ýmsum undantekningum háð, t.d., ef skuldara stendur ekki á sama um það, hver kröfuhafi er. Skyldan getur orðið honum þungbærari, þannig að verulegur munur verði á; svo er t.d. um starfssamninga, sem eru persónulegs eðlis. Til dæmis skiptir það þá máli fyrir starfsmanninn, hver á að greiða honum kaup samkvæmt vinnusamningi, en mikilvægt er fyrir hann að ráða aflahæfi sínu. Það leiðir beint af þessu persónulega eðli starfssamninga, að um framsal réttinda samkvæmt þeim hljóta að gilda aðrar reglur en um framsal fjárkrafna eða annarra slíkra réttinda. Getur kröfuhafi almennt ekki framselt rétt sinn samkvæmt starfssamningnum, nema samningurinn eða lög heimili það sérstaklega. Það er því meginregla í íslenskum rétti, að aðilar starfssamnings geti ekki sett aðra í sinn stað án samþykkis gagnaðila síns. Við túlkun áðurgreindra lagaákvæða verður því að hafa í huga meginreglur laga um aðilaskipti að starfssamningum, en við umræddan leigusamning skipsins fékk stefndi nýjan vinnuveitanda, og útgerðarstaður skipsins breyttist.

Þá verður að líta til þeirrar sögubrounar, sem áður er rakin, en í almennum athugasemdum í frumvarpi til sjómannalaga nr. 35/1985 sagði svo um breytingar á 16. til 22. gr.: „Um þetta efni eru nú ákvæði í 35. - 40. gr. l. 67/1963, og er hér byggt á sömu grundvallarreglum, þótt gert sé ráð fyrir nokkrum breytingum og nýmælum, sem fela í sér kjarabætur handa sjómönnum."

Vegna fyrrgreindra sjónarmiða er það skoðun dómsins, að þögn gildandi laga um rétt skipverja til lausnar úr skiprúmi vegna leigu á skipi, þ.e. sú staðreynd, að ekki er kveðið skýrt á um þetta tilvik, heimili ekki gagnályktun frá 2. eða 3. mgr. 22. gr. laganna. Verður að líta svo á, að lögin hefðu tekið það skýrt fram, ef ætlun hefði verið að taka af sjómönnum þegar fengin réttindi. Því verður að „telja, að nýmæli þessi feli í sér kjarabætur sjómönnum til handa", eins og segir í forsendum Hæstaréttardóms í mál-

inu nr. 36/1988: Jörundur Bjarnason gegn Rækjuveri hf. Samkvæmt því var stefnanda heimilt að hverfa úr skiprúmi með rétti til bóta, er skipið var afhent stefnda samkvæmt leigusamningnum.

Kemur því til úrlausnar réttur stefnanda til kaups, svo sem hann krefst, en 3. mgr. 22. gr. laganna verður ekki beitt samkvæmt framansögðu um þetta efni. Með hliðsjón af almennum réttarreglum um aðilaskipti að starfssamningum, 2. mgr. 9. gr., 1. mgr. 25. gr. og 2. mgr. 27. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, svo og orðalagi uppsagnarbréfsins sjálfs, þar sem stefndi skuldbatt sig til að greiða stefnanda laun í þrjá mánuði, ber að fallast á kröfu stefnanda í þessu efni.

Samkvæmt úrslitum málsins þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 50.000 í málskostnað, þ.m.t. söluskatt.

Lögmaður stefnanda var Elvar Örn Unnsteinsson hdl., og lögmaður stefnda var Jónas Haraldsson hdl.

Jón L. Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Sigurborg hf., greiði stefnanda, Jóhannesi Halldórssyni, kr. 93.791 ásamt 27% ársvöxtum frá 1. desember 1986 til 1. mars 1987, með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1987, með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí 1987, með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1987, með 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1987, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október 1987, með 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1987, með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1987, með 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1988, með 51,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1.mars 1988, með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí 1988, með 44,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí 1988, með 52,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1988, með 56,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1988, með 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október 1988, með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1988, með 27,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1988, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1989, með 21,6% ársvöxtum frá þeim degi til 28. febrúar 1989, svo og með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 50.000 í málskostnað, þ.m.t. söluskatt.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 26. október 1990.

Nr. 266/1990. **Þórólfur Kristján Beck vegna þrotabús Byggingarfélagsins Reynis hf.**

gegn

menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Kærumál. Frávísunarkröfu hafnað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hjörtur Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili kærði hinn 1. júní 1990 til Hæstaréttar frávísunardóm bæjarþings Reykjavíkur. Hafði dómurinn verið kveðinn upp 16. maí, en vitneskja um hann borist sóknaraðila 23. maí. Kæruheimild er b-liður 1. töluliðar 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Kröfum sínum í kærumálinu lýsir sóknaraðili þannig:

„Aðallega að frávísunardóminum verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómarann að leggja efnisdóm á aðalkröfu sóknaraðila að fjárhæð kr. 9.803.298,81 og síðan á aðrar kröfur sóknaraðila í þeirri röð, sem þær eru fram bornar í stefnu.

Til vara að frávísunardóminum verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómarann að leggja efnisdóm á aðalkröfur sóknaraðila samtals að fjárhæð kr. 8.194.120,80.

Til þrautavara er þess krafist að frávísunardóminum verði hrundið og breytt á þá lund að lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á varakröfu sóknaraðila að fjárhæð kr. 8.169.165,31 samkvæmt stefnu og á þrautavarakröfu sóknaraðila að fjárhæð kr. 4.457.048,81 samkvæmt stefnu.

Krafist er hæfilegs kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila."

Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar.

Það leiðir ekki eitt sér til frávísunar máls þessa í heild, að kröfur í bæjarþingsmálinu 6187/1987, sem var vísað frá bæjarþinginu með hinum kærða dómi, eru hærri en var í máli nr. 3932/1982. Ef annað kemur ekki til, verður dómari að taka afstöðu til þess sérstaklega,

hvort hækkunin fái komist að, og leggja síðan dóm á dómtækar kröfur eftir efni þeirra. Ekki leiðir það heldur eitt sér til frávísunar málsins alls, þó að málsástæður hafi tekið breytingum. Verður dómari að kveða á um áhrif þess á efnisniðurstöðu.

Kemur þá til skoðunar, hvort ofantalin atriði og svo það, sem rakið er í síðasta hluta forsendna héraðsdómara, verði talið fela í sér, að málatilbúnaður sé svo óskýr, að málið sé ekki dómtækt og að vísa beri því frá eftir þeim lagaákvæðum, sem nefnd eru í héraðsdómi. Í því sambandi er þess að geta, að mál út af efniságreiningi aðila var fyrst höfðað 1982, og hefur síðan á ýmsu gengið. Þegar það er haft í huga, hve lengi málareksturinn hefur staðið, er rétt að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar. Er það þá á áhættu sóknaraðila og getur leitt til sýknu að einhverju eða öllu leyti, ef málatilbúnaður hans er enn talinn ófullnægjandi.

Efni eru ekki til að kveða nú á um það, hvaða kröfur héraðsdómari skuli fjalla um. Er þess og að geta, að ekki eru heldur efni til að taka í þessum hæstaréttardómi afstöðu til þess, hvort og þá í hvaða mæli aðilar kunni í sambandi við ákvarðanir um málsmeðferð að hafa skuldbundið sig varðandi efni málsins.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur er felldur úr gildi, og er lagt fyrir héraðsdómarann að taka málið til efnismeðferðar.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. maí 1990.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 18. apríl sl. að afloknum munnlegum málflutningi um frávísunarkröfu stefndu, höfðaði Þórólfur Kristján Beck hrl., nú með starfsstofu að Suðurlandsbraut 22, Reykjavík, vegna þrotabús Byggingarfélagsins Reynis hf., nnr. 7312-7025, áður til heimilis að Bolholti 6, Reykjavík, gegn menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs með þingfestingu málsins fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 8. október 1987. Lögmaðurinn kveðst höfða mál þetta samkvæmt 114. gr. laga nr. 6/1978 um gjaldþrotaskipti.

Dómkröfur stefnanda eru aðallega þær, að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda kr. 9.803.298,81 eða lægri fjárhæð samkvæmt mati dómsins.

Til vara, að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda kr. 8.169.165,31 eða lægri fjárhæð samkvæmt mati dómsins.

Til þrautavara, að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda kr. 4.457.048,81 eða lægri fjárhæð samkvæmt mati dómsins.

Þá krefst stefnandi þess, að stefndu verði dæmdir til þess að greiða honum vexti og vaxtavexti af umkröfðum fjárhæðum, en ekki þykir ástæða til að rekja þann þátt kröfugerðar stefnanda lið fyrir lið í dómi þessum.

Stefnandi krefst þess, að stefndu verði dæmdir til þess að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að málinu verði vísað frá héraðsdómi og stefndu tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Til vara, að stefndu verði algerlega sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Til þrautavara, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður í því tilviki felldur niður.

Stefnandi krefst þess, að synjað verði þeirri kröfu stefndu, að málinu verði frávísað, og krefst þess, að stefndu verði dæmdir til þess að greiða sér málskostnað í þessum þætti málsins.

— — —

Forsendur dómsins.

Óumdeilt er, að Þórólfur Kristján Beck hrl. er kröfuhafi í þrotabú Byggingarfélagsins Reynis hf. Lögmaðurinn byggir aðild sína í þessu máli á því, að hann hafi ákveðið sem kröfuhafi í þrotabúið að neyta réttar til málsóknar í eigin nafni vegna þrotabúsins samkvæmt ákvæðum í 114. gr. laga nr. 6/1978.

Á skiptafundi í þrotabúinu, sem haldinn var 5. september 1984, lýsti lögmaðurinn vilja sínum til þess að taka við rekstri bæjarþingsmálsins nr. 3932/1982. Komu ekki fram andmæli gegn því eða aðrar tillögur varðandi rekstur málsins. Á skiptafundinum var síðan bókað, að Þórólfi Kristjáni Beck veittist „heimild til þess að halda áfram rekstri þessa bæjarþingsmáls, sem er nr. 3932/1982, á eigin kostnað og áhættu ef málið tapast". Á framangreindum skiptafundi lýsti skiptaráðandi því, að hann sæi ekki fram á, að þrotabúið gæti staðið undir kostnaði við áframhaldandi rekstur málsins.

Líta verður svo á, að skiptaráðandi hafi með þessum hætti lýst því yfir, að kröfu þrotabúsins yrði ekki haldið til laga, sbr. 1. mgr. 114. gr. laga nr. 6/1978. Verður að telja, að með framangreindum yfirlýsingum lögmannsins og skiptaráðanda og óbeinu samþykki annarra kröfuhafa hafi verið fullnægt skilyrðum 114. gr. laga nr. 6/1978 fyrir því, að Þórólfur

Kristján Beck hrl. öðlaðist aðild þess sakarefnis, sem um var deilt í bæjarþingsmálinu nr. 3239/1982. Verður að líta svo á, að sakaraðild Þórólfs Kristjáns Beck hrl. sé tilkomin með þeim hætti, sem að framan er lýst, og því hafi ekki orðið til ný eða önnur sakaraðild, eftir að skiptaréttarmálinu hafði verið vísað tvívegis frá dómi, eins og helst verður þó að skilja á málflutningi lögmannsins, að hann telji. Þykir hér ekki skipta máli, þótt skiptafundur í þrotabúi Byggingarfélagsins Reynis hf. hafi hinn 3. júlí 1986, þ.e. eftir að fyrri úrskurður skiptaráðanda um frávísun var kveðinn upp, en áður en byrjað var á skiptaréttarmáli á nýjan leik, samþykkt „að veita Þórólfi Kristjáni Beck hæstaréttarlögmanni heimild til að reka þetta nýtt (sic) mál gegn varnaraðiljum vegna umræddra lögskipta, og jafnframt samþykkt að það yrði rekið fyrir skiptarétti á sama hátt og með sömu skilyrðum og hið fyrra mál", en tilvitnun þessa er að finna í síðari úrskurði skiptaráðanda, sem kveðinn var upp 5. janúar 1987.

Af sakaraðild Þórólfs Kristjáns Beck hrl. leiddi sjálfkrafa, að hann öðlaðist bæði málsforræði og sakarforræði hinna umdeildu krafna auk annarra heimilda, sem sakaraðild hefur í för með sér. Af sakarforræðisreglunni leiddi það, að aðilar bæjarþingsmálsins gátu gert þann samning, sem gerður var í skiptarétti 5. september 1984, sbr. og 112. gr. og 4. mgr. 118. gr. laga nr. 6/1978, um að fella bæjarþingsmálið nr. 3932/1982 niður og reka þess í stað skiptaréttarmál um sama deiluefni. Þessi samningur er bindandi eftir efnisrétti, enda verður ekki séð, að hann brjóti í bág við opinbera hagsmuni. Því var að vísu haldið fram af stefnanda, að samningur þessi væri fallinn niður, þar sem skiptaréttarmálinu hefði verið vísað frá dómi, og enn fremur, að hann sé ógildur samkvæmt 33. og 36. gr. samningalaga, en á hvorugt er hægt að fallast.

Óumdeilt er í málinu, að höfðun þess á sér þann aðdraganda, að Þórólfur Kristján Beck hrl. fór þess á leit við lögmann stefndu, Gunnlaug Claessen hrl., eftir að skiptaréttarmálinu hafði verið vísað frá dómi í síðara skiptið, að færa málið í bæjarþing Reykjavíkur. Það samþykkti Gunnlaugur Claessen hrl., og því er ómótmælt af hálfu stefnanda, að Gunnlaugur hafi sett þau skilyrði, sem hann lýsir í greinargerð sinni með eftirfarandi hætti:

„Skilyrðin voru þau, að samkomulag aðila frá 5. september 1984 stæði að öllu öðru leyti en því, að mál þrotabúsins færi nú fyrir bæjarþing Reykjavíkur í stað skiptaréttar Reykjavíkur. Þannig yrði ekki raskað með neinum hætti þeim grundvelli, sem lagður var fyrir málatilbúnaði sóknaraðila með stefnunni árið 1982 og framhaldsstefnunni árið 1983. Kröfur yrðu þannig algerlega þær sömu og í því máli, svo og málsástæður allar. Réttarfarsannmarkar yrðu lagfærðir, en í engu yrði farið út fyrir þær kröfur og málsástæður, sem hafðar voru uppi í málinu í upphafi."

Ein af málsástæðum stefndu fyrir frávísunarkröfu þeirra er sú, að stefn-

andi hafi ekki staðið við þetta samkomulag, sem hann sé bundinn af.

Telja verður, að það samkomulag, sem aðilar þessa máls gerðu í skiptarétti Reykjavíkur 5. september 1984, sé bindandi fyrir þá báða, nema þeir verði ásáttir um breytingar á því eða til komi önnur atvik, sem hnekkja því að hluta eða öllu. Ekki verður séð, að slík atvik séu fyrir hendi. Hins vegar samþykkti lögmaður stefndu að tilmælum stefnanda, að mál yrði höfðað fyrir bæjarþinginu að öðrum skilyrðum samkomulagsins uppfylltum. Verður því að taka afstöðu til þess, hvort þau samkomulagsatriði hafa verið virt.

Í bæjarþingsmálinu nr. 3932/1982 námu kröfur stefnanda alls kr. 7.994.120,80. Til vara var gerð krafa um aðra lægri fjárhæð.

Í þessu máli er gerð krafa aðallega um greiðslu á kr. 9.803.298,81 eða lægri fjárhæð að mati réttarins, til vara á kr. 8.169.165,31 eða lægri fjárhæð að mati réttarins og til þrautavara á kr. 4.457.048,81 eða lægri fjárhæð að mati réttarins. Kröfur stefnanda í þessu máli eru því aðrar og hærri en kröfur stefnanda í bæjarþingsmálinu nr. 3932/1982. Málskostnaðarkrafa er þó hin sama, og vaxtakrafa tekur ekki öðrum breytingum en leiðir af nýjum vaxtafæti og vaxtalögum.

Telja verður, að stefnandi hafi ekki haldið samkomulagið frá 5. september 1984, að því er kröfugerð varðar, og þykir engu breyta um það, þótt í stefnu bæjarþingsmálsins nr. 3932/1982 hafi verið áskilinn réttur til þess að hækka og breyta kröfugerð.

Stærsti hluti kröfu stefnanda í báðum bæjarþingsmálunum er vegna aukakostnaðar, sem Byggingarfélagið Reynir hf. hafi orðið fyrir, þegar það var verktaki við byggingu Hugvísindahúss Háskóla Íslands, kr. 5.045.997 í fyrra málinu, en kr. 7.862.512 í síðara málinu, eftir því sem best verður séð. Í fyrra málinu kveðst stefnandi reisa málatilbúnað sinn vegna kröfunnar um aukakostnað á réttarreglum um skaðabætur innan samninga og einnig á sömu lagasjónarmiðum og gildi, er kaupandi valdi seljanda aukakostnaði vegna dráttar á að taka við söluhlut, sbr. reglur laga um lausafjárkaup nr. 39/1922, einkum 36. gr. Í síðara málinu segir stefnandi, að aðalkrafan, sem sé krafa um nýtt og leiðrétt verð fyrir verkið, sé á því reist, að verktakinn sé eigi lengur bundinn af upphaflegu tilboði sínu vegna rangra og brostinna forsendna, og beri honum greiðsla fyrir verkið samkvæmt reikningi. Fyrra réttarsamband aðila sé fallið niður með riftun verkkaupa á verksamningnum, og nýtt réttarsamband hafi orðið til á grundvelli réttarreglna þeirra, sem m.a. komi fram í 5. gr. kaupalaga. Verður ekki betur séð en hér byggi stefnandi á því, að um almenna fjárkröfu sé að ræða. En stefnandi heldur áfram og segir, að krafan sé og reist á reglum um fébótaábyrgð innan samninga og ólögmætri riftun gagnaðila á verksamningi. Enn tekur stefnandi fram, að verkkaupa beri að greiða fyrir

verkið samkvæmt reikningi verktaka, og segir kröfuna reista á ákvæðum kaupalaga og vísar sérstaklega til 5., 6. og 36. gr. kaupalaga og til ÍST 30, 14.4., 16.3. og 25.6. Þá kveðst stefnandi byggja á því, að kröfur þær, er verktaki gerði varðandi hvelfdar súlur og gluggabönd, séu í sjálfu sér saknæm vanefnd af hans hálfu.

Þótt hér komi saman málsástæður og lagarök, þá er augljóst af þessu dæmi einu af málatilbúnaði stefnanda, að hann byggir nú á því, að um reikningskröfu sé að ræða, sem hann gerði ekki í fyrra málinu, enda þótt hann virðist einnig byggja á því, að um skaðabótakröfu sé að ræða. Verður að telja, að hér sé um nýjar málsástæður að ræða og það feli í sér brot á samningnum frá 5. september 1984. Það, sem að framan er rakið, þykir eitt sér eiga að leiða til þess, að vísa beri málinu frá dómi.

En fleira kemur til. Stefnan í málinu er 28 síður á lengd, þéttvélritaðar. Stór hluti hennar er skriflegur málflutningur. Framsetning á málsástæðum og lagarökum er að verulegu leyti ómarkviss og óskýr, og eins og að framan er rakið, er óljóst, á hvaða grundvelli stærsti hluti krafna stefnanda er reistur, því ekki verður betur séð en að hann geri hvort tveggja í senn að krefjast greiðslu á reikningskröfu og skaðabótakröfu, þótt um einu og sömu fjárkröfuna sé að ræða. Víða í gögnum málsins er að finna skriflegan málflutning, og ýmis skjöl hafa að þarflausu verið lögð fram. Þessa annmarka á málatilbúnaði stefnanda verður að telja brjóta gegn 88. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 22. gr. laga nr. 28/1981, og 1. mgr. 105. gr. laga nr. 85/1936. Þessir annmarkar þykja einnig eiga að leiða til þess, að vísa verði málinu frá dómi, sbr. 116. gr. laga nr. 85/1936.

Málskostnaður, sem stefnandi greiði stefnda, þykir hæfilega ákveðinn kr. 21.000.

Friðgeir Björnsson yfirborgardómari kvað upp þennan dóm.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Þórólfur Kristján Beck hrl. vegna þrotabús Byggingarfélagsins Reynis hf., greiði stefndu, menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, kr. 21.000 í málskostnað.

Mánudaginn 29. október 1990.

Nr. 222/1988. **Jón Þórðarson**
(Gestur Jónsson hrl.)
gegn
Ragnari Bernburg
(Árni Grétar Finnsson hrl.).

Áfrýjunarfrestur. Uppboð. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. júlí 1988. Hinn áfrýjaði úrskurður var kveðinn upp 9. júní 1988.

Að ákvörðun Hæstaréttar var mál þetta munnlega flutt um formhlið, sbr. 48. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Áfrýjandi krefst þess, að málið verði tekið til efnislegrar meðferðar og hinum áfrýjaða úrskurði hrundið.

Stefndi krefst þess, að málinu verði vísað frá Hæstarétti og sér dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda.

Í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð er svo kveðið á, að áfrýjunarfrestur skuli vera 4 vikur frá lokum dómsathafnar. Í 1. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 segir, að haldast skuli sérákvæði í ýmsum lögum um áfrýjunarfrest, og er þar tilgreint ofannefnt ákvæði. Enda þótt lög nr. 57/1949 taki ekki samkvæmt orðanna hljóðan til uppboða til slita á sameign, hefur ákvæðum þeirra verið beitt, eftir því sem við á um slík uppboð, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar 1952, bls. 162.

Samkvæmt framansögðu ber að líta svo á, að áfrýjunarfrestur samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949 eigi við í máli þessu. Áfrýjunarstefna var gefin út, eftir að fjórar vikur voru liðnar frá hinni áfrýjuðu dómsathöfn. Verður því að vísa málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Eftir þessum úrslitum þykir bera að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 25.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Jón Þórðarson, greiði stefnda, Ragnari Bernburg, 25.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur 9, júní 1988.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi þann 2. júní sl.

Sóknaraðili er Jón Þórðarson, Álfhólsvegi 38, Kópavogi, nnr. 5203-5228.

Varnaraðili er Ragnar Bernburg, Háaleitisbraut 45, Reykjavík, nnr. 7157-5292.

Sóknaraðili gerir þær kröfur, að hluti fasteignarinnar að Skúlatúni 6, hér í borg, sem aðilar málsins eiga saman í óskiptri sameign, verði seld á uppboði til slita á sameign.

Varnaraðili mótmælir því, að umbeðið uppboð nái fram að ganga. Þá krefst varnaraðili málskostnaðar úr hendi sóknaraðila að skaðlausu.

II.

Með uppboðsbeiðni, dags. 20. september 1987, fór sóknaraðili fram á uppboð til slita á sameign á eign þeirri, er hér um ræðir. Varnaraðili mótmælti með bréfi, dags. 25. apríl sl., að uppboðið næði fram að ganga. Mótmælin voru tekin fyrir í uppboðsrétti 17. maí sl., og var þá ákveðið að reka um ágreining aðila sérstakt uppboðsréttarmál.

Samkvæmt uppboðsbeiðni er hér um að ræða 1. hæð fasteignarinnar að Skúlatúni 6, sem telst vera 43,9% alls hússins, einnig 2. hæð sama húss, sem telst 30,7% allrar eignarinnar, svo og geymsluskúr og byggingarrétt.

Sóknaraðili byggir kröfugerð sína á því, að eignarhlutar þessir séu ekki jafnstórir. Þá séu óviss þau verðmæti, er felist í byggingarrétti, þar sem þak efri hæðar sé illa fallið til að byggja ofan á það. Þar að auki séu skúrbyggingar tilheyrandi húsinu háðar þeirri kvöð, að þær skuli rífa borgarsjóði Reykjavíkur að skaðlausu. Skúrbyggingar þessar séu talsvert verðmætar, á meðan þær fái að standa. Þær tengist hins vegar óhjákvæmilega byggingarréttinum, þar sem skúrana skuli rífa, ef byggt verði ofan á húsið. Skúrarnir séu því verðmætari en byggingarrétturinn, á meðan þeir eru nýttir.

Sóknaraðili telur eignina óskiptilega án greiðslu frá öðrum hvorum eigenda hennar vegna þeirra aðstæðna, er hér hafa verið raktar. Hafi varnaraðili sönnunarbyrðina fyrir hinu gagnstæða. Milli eigenda hafi farið

fram umleitanir um skiptingu, en án árangurs, og sé sóknaraðili nú orðinn afhuga öðrum leiðum en uppboði.

Varnaraðili byggir mótmæli sín gegn uppboðsmeðferð á því, að eignin sé skiptileg. Bendir hann á, að umræður hafi farið fram milli aðila um skiptingu eignarinnar, þannig að ákveðinn hluti hennar kæmi í hlut hvors þeirra um sig. Í framhaldi þeirra umræðna hafi aðilar ræðst við ásamt lögmönnum og fleiri tengdum aðilum. Þar hafi aldrei komið annað fram en að eignin væri skiptileg, en hins vegar hafi skipting ekki tekist. Af hálfu sóknaraðila hafi þá verið ákveðið að óska eftir dómkvaðningu matsmanna til að framkvæma skiptingu eignarhlutans, og hafi tillögur að matsbeiðnum verið gerðar í þessu skyni. Af þessu hafi ekki orðið, og hafi nú verið beðið um uppboð á eigninni. Með hliðsjón af 20. kafla Jónsbókar, kaupabálki, skorti því skilyrði til uppboðs til slita á sameign.

III.

Aðilar málsins eru eigendur að hluta fasteignarinnar Skúlatúns 6, Reykjavík, í óskiptri sameign. Af gögnum málsins má sjá, að aðilar eru sameigendur eignarinnar að jöfnu. Sóknaraðili hefur óskað uppboðs til slita á þeirri sameign. Með uppboð til sameignarslita skal fara eftir lögum nr. 57/1949 um nauðungaruppboð, eftir því sem við á. Meginskilyrði þeirrar málsmeðferðar eru hins vegar þau, að eign verði ekki skipt þannig, að hver sameigenda fái sinn hluta eignarinnar í samræmi við eignarhlutföll sín og án þess að verulegt tjón hljótist af skiptingu hennar. Byggjast skilyrði þessi á almennum reglum um uppboð til sameignarslita.

Í málinu liggja frammi afrit matsbeiðna, þar sem bent er á ákveðnar leiðir til skipta á eign þeirri, er hér um ræðir. Dómkvaðning matsmanna hefur hins vegar ekki farið fram.

Sóknaraðila hefur ekki tekist að sanna, hvorki með matsgerð né öðrum hætti, að umræddum eignarhluta verði ekki skipt í samræmi við eignarhlutföll eða að skipti hafi í för með sér tjón fyrir hann. Ber því að taka andmæli varnaraðila til greina og synja um framgang uppboðsins.

Eftir þessum úrslitum ber að úrskurða sóknaraðila til að greiða varnaraðila málskostnað, sem hæfilegur er talinn kr. 20.000.

Valtýr Sigurðsson borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfu sóknaraðila, Jóns Þórðarsonar, um uppboð á hluta fasteignarinnar Skúlatúns 6, Reykjavík, til slita á sameign er hafnað.

Sóknaraðili greiði varnaraðila, Ragnari Bernburg, kr. 20.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðarins að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 30. október 1990.

Nr. 149/1990. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Ólafi Grétari Aðalsteinssyni
(Örn Clausen hrl.).

Líkamsárás.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. mars 1990 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvalds til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu. Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti var af hálfu ákæruvalds krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó þannig, að refsing ákærða yrði þyngd.

Af hálfu ákærða er aðallega krafist sýknu, en til vara, að ákærði verði dæmdur í vægustu refsingu, sem lög leyfa, og refsivist, ef dæmd verður, höfð skilorðsbundin.

Ákærði hefur ítarlega lýst átökum sínum við Kristin Þorsteinsson. Þegar litið er til framburðar hans og höfð hliðsjón af lýsingu í krufningarskýrslu á áverkum Kristins og öðru því, sem fram er komið í málinu, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um brot gegn 2. mgr. 218. gr. (ekki 2. mgr. 118. gr., eins og misritast hefur í héraðsdómi) almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981. Fallist er á ákvörðun héraðsdóms um refsingu ákærða, en eins og hér stendur á, þykir tilvísun til 4. töluliðar 74. gr. almennra hegningarlaga ekki eiga við. Staðfesta ber málskostnaðarákvæði héraðsdóms.

Samkvæmt þessu verður ákærði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Ólafur Grétar Aðalsteinsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000

krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Dómur sakadóms Ísafjarðarsýslna 20. desember 1989.

Ár 1989, miðvikudaginn 20. desember, er í sakadómi ísafjarðarsýslna, sem haldinn er í dómsalnum Strandgötu 31, Hafnarfirði, kveðinn upp dómur í máli nr. 170/1987: Ákæruvaldið gegn Ólafi Grétari Aðalsteinssyni, sem tekið var til dóms þ. 6. sama mánaðar.

Með ákæru ríkissaksóknara, dags. 28. dags. (sic) 1988, var opinbert mál höfðað fyrir sakadómi Ísafjarðarsýslu á hendur Olafi Grétari Aðalsteinssyni sjómanni, Vesturgötu 25, Akranesi, fæddum á Flateyri 2. maí 1960, „fyrir stórfellda líkamsárás með því að hafa, laust eftir kl. 3.00 aðfaranótt sunnudagsins 28. september 1986, ráðist á Kristin Þorsteinsson, fæddan 18.3. 1928, í íbúð hans á efri hæð hússins nr. 9 við Grundarstíg á Flateyri, fellt hann ofan í rúm og slegið hann þar margsinnis í höfuð, brjóst og síðu með krepptum hnefum og jafnframt með olnboga í vinstri síðuna, með þeim afleiðingum, að Kristinn hlaut áverka á höfuð og vinstra megin á brjóst og brot á 3 rifbeinum í vinstri síðu.

Ákærða er jafnframt gefið að sök að hafa yfirgefið Kristin með framangreinda áverka án þess að gera nokkrar ráðstafanir til þess að honum bærist hjálp en er ákærði kom á vettvang næsta mánudag um kl. 7.30 var Kristinn látinn af völdum loftbrjósts með samfalli á vinstra lunga og blæðingu undir mjúku heilahimnuna.

Telst atferli ákærða varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981, og 1. mgr. 220. gr. sömu laga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

— — —

II.

Ákærði og eiginkona hans, Martha E. K. Lund, áttu heima á neðri hæð gamals timburhúss að Grundarstíg 9, Flateyri við Önundarfjörð, ásamt 8 ára gamalli dóttur konunnar. Á efri hæð átti Kristinn Þorsteinsson heima. Hafði sambýlið varað í um 3 ár, er atvik máls þessa urðu, en ákærði og fjölskylda hans verið þar nokkru lengur til heimilis. Ákærði var fæddur á Flateyri og uppalinn, að mestu af föður sínum og ráðskonum, en móður sína missti hann á barnsaldri. Voru ákærði og Kristinn Þorsteinsson eigendur hvor sinnar íbúðar. Húsið Grundarstígur 9 er sambyggt húsinu nr. 11 við sömu götu, þar sem er ein íbúð á tveim hæðum.

Íbúðirnar að Grundarstíg 9 hafa hvor sinn inngang. Brattur tréstigi liggur

frá anddyri upp á efri hæðina. Af stigagangi er gengið til hægri inn í eldhús, en til vinstri er gengið meðfram stigauppgangi að baðherbergi. Gengið er til stofu úr eldhúsi. Inn af stofunni er svefnherbergi. Inn af eldhúsi er herbergi og gengið í það frá eldhúsinu; milli þessa herbergis og svefnherbergis eru dyr, sem ekki hafa verið í notkun. Inn af eldhúsi er einnig geymsla (búr). Lögreglumaður tók ljósmyndir og gerði uppdrátt af vettvangi. Stærð íbúðar 51 m^2.

Sambýlið var erfitt á ýmsan hátt vegna skorts á umhirðu og tillitssemi af hálfu Kristins, eins og nánar verður síðar frá greint. Kristinn Þorsteinsson var 58 ára og einstæðingur, að því er séð verður. Sonarsonur hans, Egill Egilsson, f. 10.11. 1969, kom til Flateyrar í mars 1986 og hélt til hjá afa sínum fram til síðari hluta ágústmánaðar, er rafmagn til íbúðarinnar, bæði til ljósa og hitunar, var tekið af vegna vanskila. Um þessar mundir var að ljúka með skilnaði eins árs hjónabandi Kristins heitins og konu hans, sem virðist einnig hafa átt við áfengisvanda að etja. Síðustu tvær vikurnar var Egill einn, eftir að afi hans fór suður á stofnun fyrir áfengissjúka. Þaðan kom hann laugardaginn 27. september 1986, drukkinn.

Ákærði hefur lengstum stundað sjómennsku. Hann hætti á togaranum Gylli um mánuði eftir atburð þann, sem varð tilefni máls þessa, að sumu leyti vegna hans, en einkum þó þess, að ekki tókst að finna aðra íbúð í stað þeirrar gömlu, sem orðin var ónothæf vegna vatnsaga. Fram kemur, að hann hafi ekki orðið fyrir aðkasti í kauptúninu eða á togaranum, heldur þvert á móti haft samúð fólks. Frá Flateyri lá leiðin til Grindavíkur, þar sem fjölskyldan átti heima í leiguíbúð í eitt ár. Hjónunum fæddist barn, og ákærði aflaði sér vélavarðarréttinda með námi samhliða vinnu. Á Akranesi hafa þau síðan átt heima í eigin íbúð, og starfar ákærði sem 2. vélstjóri á skipi frá Hafnarfirði. Íbúðin á Flateyri var seld nauðungarsölu fyrir 15.000 krónur, en sumarið 1986 varði ákærði 200.000 krónum til endurbóta hennar.

III.

Tilgreint verður í meginatriðum efni skýrslu Óskars Sigurðssonar, rannsóknarlögreglumanns á Ísafirði og í Ísafjarðarsýslum, um fyrstu aðgerðir lögreglu og frumrannsókn málsins:

„Mánudaginn 29.9. '86 kl. 7.56 hringdi Páll Þorgeirsson heilsugæslulæknir á Flateyri á lögreglustöð og tilkynnti um mannslát í heimahúsi að Grundarstíg 9, Flateyri.

Undirrituðum var tilkynnt þetta skömmu síðar, undirritaður ásamt lögreglumanni nr. 5, Arnari Þ.Stefánssyni, fór nokkru síðar til Flateyrar, þar sem haft var tal af Páli Þorsteinssyni kl. 8.55.

Páll skýrði frá því, að kl. 7.35 - 7.40 hefði Ólafur Aðalsteinsson, til

heimilis að Grundarstíg 9, neðri hæð, hringt til sín og sagt, að eitthvað hefði skeð á efri hæð hússins, og beðið sig að koma á staðinn.

Páll kvaðst hafa farið þangið og hitt Ólaf þar fyrir utan; þar hafði Ólafur skýrt Páli frá því að skömmu áður hefði hann farið á efri hæð hússins þar sem Kristinn Þorsteinsson býr og fundið hann liggjandi á eldhúsgólfinu. Ólafur taldi að Kristinn væri látinn.

Páll skýrir frá því að hann hafi þá farið í íbúð Kristins, fundið hann þar á eldhúsgólfi og Kristinn hafi þá verið látinn. Páll sagðist síðan hafa farið á neðri hæð hússins og efnið þar að komast í síma þar sem hann tilkynnti til lögreglu um andlátið.

Nánar aðspurður skýrði Páll síðan frá því að honum hefði verið kunnugt um að Kristinn hefði þá sex vikum áður farið, fyrir m.a. hans tilstuðlan, í áfengismeðferð til Reykjavíkur. Páll kvaðst síðan ekki hafa vitað um heimkomu Kristins fyrr en aðfaranótt sunnudagsins 28.9. sl. um kl. 4.26, að Ólafur Aðalsteinsson hringdi og óskaði læknisaðstoðar vegna áverka sem hann kvaðst hafa hlotið þá skömmu áður er hann lenti í átökum við Kristin.

Vettvangur.

Er undirritaður kom að dyrum íbúðar annarrar hæðar, voru þær lokaðar en ólæstar, þar innandyra í anddyri var megn sorplykt af sorpi og öðrum úrgangi í anddyri.

Eldhús.

Í eldhúsi voru á eldavél og föstu eldhúsborði matarílát og áhöld ásamt nokkru af matarleifum, skúffur í eldhúsborði útdregnar og þrjár alveg, sem lágu á gólfinu til hliðar. Vatn var til hálfs í tveim neðstu skúffunum, bakarofn í eldavél opinn. Þá var einnig í eldhúsi laust eldhúsborð þar sem á voru ýmsar matvörur, gaseldunarprímus, ýmislegt rusl ásamt karlmannsnærbuxum með saur í.

Á gólfi eldhússins var nokkuð um drasl, fatnaður, plastpokar, plastbali o.fl. Tveir tré-eldhússtólar með baki og einn eldhúskollur stóðu við glugga á austurhlið hússins, hinn bakstóllinn lá á hlið á gólfinu. Lík Kristins Þorsteinssonar lá á gólfinu með herðar og höfuð á baki þess stóls sem var á hliðinni. Höfuð Kristins framan við eldavél.

Kristinn var allsnakinn, vinstri hönd hans hvíldi á kynfærum en í greip þeirrar hægri var matardiskur þannig að hann hvíldi á milli löngutangar og vísifingurs. Matardiskurinn lá ofan á stærra matarfati úr gleri sem lá á gólfi og að hluta ofan á hægra hné Kristins. Bæði matardiskurinn og fatið var óbrotið, framan við brjóst Kristins var annar matardiskur sömu gerð (sic) einnig óbrotinn. Undir hægri öxl Kristins að hluta til ofan á baki stólsins var hvítur rósóttur borðdúkur.

Á gólfinu við (sic) þar sem matardiskarnir voru voru nokkrar steiktar franskar kartöflur.

Á setu stólsins sem líkið lá á (sic) voru leifar á (sic) brunnum vaxkertum, sem sýnilega höfðu verið fest á stólinn (brædd) og brunnin niður.

Líkami Kristins var talsvert þaninn (blásinn) sérstaklega andlit og kynfæri. Dökkt glóðarauga undir vinstra auga, dökkur marblettur aftan við vinstra eyra sem náði frá eyrnasnepli að framan aftur fyrir eyra og upp í hársvörð. Einnig nokkurt mar framan við sama eyra.

Á efri búk voru víða marblettir og áverkar, á báðum fótum voru rispur og hrufl ásamt saurkámi.

Hvergi á líkamanum var að sjá blóðrennsli, hvorki frá áverkum eða (sic) vitum.

Líkblettir varla greinanlegir.

Eftir skoðun á vettvangi var líkið sett í líkpoka og flutt með lögreglubifreið. Farið var að heilsugæslustöðinni á Flateyri þar sem gerð var tilraun til mælingar á líkamshita með endaþarmsmæli, mælir sá sem tiltækur var fór niður fyrir lágmark 35.5° og mælingin því ómarktæk.

Líkið var því flutt til Ísafjarðar og þar í líkhús Fjórðungssjúkrahússins. Eftir komu þangað kl. 11.15 framkvæmdi Hörður Högnason hjúkrunarfræðingur mælingu á líkamshita með endarþarmsmæli, sýndi sú mæling 33.3 - 4°. Staðfesting Harðar á mælingunni fylgir málinu. Lík Kristins var síðan flutt til Reykjavíkur með flugvél þennan sama dag til krufningar hjá rannsóknarstofnun Háskóla Íslands.

Kl. 12.55 var síðan framkvæmd mæling á hita í íbúð Kristins að Grundarstíg 9, þá mældist hiti í íbúðinni: Við gólf í eldhúsi 14.9°, í ca. eins metra hæð frá gólfi 15.7° hvort tveggja miðað við celsíus.

Stofa.

Í stofunni er einnig fataskápur innbyggður, hurðir skápsins voru opnar og fatnaður í óreiðu framan við skápinn. Fatnaður, blöð og tímarit ásamt ýmsu öðru drasli á gólfi.

Svefnherbergi.

Á gólfi svefnherbergisins var talsverð óreiða, blöð og tímarit ásamt ýmsu öðru drasli.

Á rúminu var svampdýna klædd bláu áklæði og önnur minni óklædd þar við hlið hinnar, einn svæfill í rósóttu veri var í rúminu og annar án vers á gólfi. Fiðursæng án vers var í rúminu.

Á áklæði rúmdýnunnar nálægt höfðalagi mátti sjá um lófastóran blóðblett, sem virtist ekki mjög gamall en þó þurr. Þá voru á dýnunni nokkrir blettir sem virtust vera saurblettir.

Ekki var að sjá neitt blóð eða blóðbletti á svæflinum sem var á rúminu en nokkrir blóðblettir að sjá svipað gamlir (sic) og á dýnunni voru á svæflinum sem var á gólfinu.

Á fiðursænginni voru víða blettir sem virtust vera saurblettir og nokkrir smáir blóðblettir áþekkir hinum blóðblettunum.

Á gólfinu við höfðalag rúmsins voru karlmannsnærbuxur, bláar, með saur í. Þá var á svipuðum stað flaska undan brennivíni með ca. ⅓ í af einhverjum vökva sem sennilega er bjórbrugg. Einnig voru tvær 1,5 l plastflöskur með samskonar vökva í, lítið í hvorri.

Herbergi inn af eldhúsi.

Allar skúffur kommóðunnar nema sú efsta voru útdregnar, og föt og annað í mikilli óreiðu bæði í skúffunum sjálfum og á gólfi herbergisins. Ofan á kommóðunni voru nokkrar flöskur undan gosdrykkjum og í þeim vökvi sem sennilega er bjórbrugg.

Eldhúskollurinn var á gólfinu og gólfið þakið ýmsu drasli s.s. blöðum og tímaritum, ýmsum matarílátum, fatnaði o.fl. Svartur stór ruslapoki var við kommóðuna og í honum ýmislegt drasl.

Á sjálfu rúminu var nokkuð af drasli s.s. fatnaði matardisk (sic), mjólkurfernu (sic) og ölflöskum (tómum), þá voru einnig ölflöskur á gólfi bæði litlar og 1,5 l. Ein 1,5 l flaska með samskonar vökva og flöskur á kommóðu, var á gólfinu.

Þá var á rúminu m.a. ein brotin ölflaska undan appelsíni, flöskustúturinn um sex cm langur lá á rúminu, glerbrot sennilega úr þessari flösku voru dreifð um rúmið. Á gólfinu framan við rúmið var einnig brotið glas, glas þetta er frekar stórt vínglas á háum fæti.

Geymsla.

..... í geymslu þessari var mikil óreiða af allskonar drasli, fatnaði og ýmsu geymsludóti, og sorpi.

Tekin voru sýni af vökvum úr tveim flöskum í svefnherbergi og send ásamt líki Kristins til rannsóknar.

Ráðstafanir.

Að lokinni frumrannsókn á vettvangi ræddi undirritaður við Ólaf Aðalsteinsson og Mörthu Lund á heimili þeirra.

Þar kom fram að ástæða þess að Ólafur fór upp í íbúð Kristins í það skipti sem hann kom að honum látnum, hafi verið sú að vatn lak frá íbúðinni á efri hæðinni og niður um milliloft og í stofu í íbúð þeirra Ólafs og Mörthu.

Einnig kom fram hjá Ólafi að hann hefði farið til Kristins aðfaranótt

sunnudagsins og Kristinn þá slegið Ólaf í höfuðið með flösku þannig að hann hafi hlotið sár af sem Páll Þorsteinsson læknir gerði að þá um nóttina.

Ekki vildi Ólafur þá gera mikið úr átökum við Kristin.

Sama dag kl. 14.30, eftir að hafa flutt lík Kristins Þorsteinssonar til Ísafjarðar, fór undirritaður ásamt Jónasi Eyjólfssyni yfirlögregluþjóni til Flateyrar aftur.

Unnið var þar að frekari rannsókn á vettvangi ásamt eftirgrennslunum um ferðir Kristins og mannaferðum til og frá íbúð hans.

Kl. 16.05 mætti til yfirheyrslu á Flateyri Egill Egilsson sonarsonur hins látna. Egill skýrði frá því að á sunnudag milli kl. 16 og 17, hefði hann komið í íbúð Kristins. Þá hefði Kristinn legið fyrir en sest upp og fengið sér að reykja. Agli fannst undarlegt að Kristinn virtist þá ekki vilja tala neitt þrátt fyrir að Egill spyrði um líðan o.fl.

Egill skýrði einnig frá því að þá hefði Kristinn verið með glóðarauga á öðru auganu og mjög bólginn í andliti, eins og hann hefði verið laminn illa í andlitið.

Kl. 17.15, mætti Ólafur Aðalsteinsson til yfirheyrslu, samkvæmt boðun, á lögreglustöð á Flateyri.

Þar var Ólafi tilkynnt að rannsóknarlögregla óskaði eftir að frekari yfirheyrsla færi fram á Ísafirði og var Ólafur fluttur þangað.

Við yfirheyrslu þar sem hófst kl. 18.30, viðurkenndi Ólafur að hafa farið í íbúð Kristins á laugardagskvöld um kl. 23 og síðan aftur aðfaranótt sunnudagsins um kl. 3 og að hafa í seinna sinnið lent í miklum átökum við Kristin, m.a. slegið hann oft og illa í höfuð og efri búk.

Að lokinni yfirheyrslu var Ólafi síðan tilkynnt að hann væri handtekinn, vegna grunar um að hafa valdið Kristni Þorsteinssyni áverkum sem hugsanlega leiddu hann síðar til dauða. Ólafur var að þessu loknu færður í fangahús kl. 23.35.

Á þriðjudagsmorgun voru vitni að málinu, þær Martha Lund eiginkona Ólafs og Sigríður Benjamínsdóttir, sóttar til Flateyrar og færðar til yfirheyrslu á lögreglustöðinni á Ísafirði.

Einnig voru sama dag yfirheyrð vitnin Egill Egilsson og Guðbjörg A. Matthíasdóttir.

Um kl. 11.15 sama dag hringdi Gunnlaugur Geirsson læknir hjá rannsóknarstofnun Háskóla Íslands. Gunnlaugur skýrði undirrituðum frá því að við krufningu líks Kristins Þorsteinssonar hefði komið í ljós að áverkar þeir sem á líkinu voru hafi leitt til dauða. Formlega niðurstöðu kvað Gunnlaugur ekki liggja fyrir en þetta væri álit hans á þeirri stundu.

Kl. 14.00 sama dag fór undirritaður á fund Péturs Kr. Hafsteins sýslumanns Ísafjarðarsýslu og Ólafs K. Ólafssonar aðalfulltrúa hans.

Var þar rætt um ástæðu til gæsluvarðhalds Ólafs Aðalsteinssonar í þágu rannsóknar málsins, þar sem frumrannsókn væri ekki lokið.

Skilyrði til gæsluvarðhalds voru ekki talin fyrir hendi og fyrir lagt að Ólafi skyldi sleppt úr haldi eigi síðar en 24 klst. frá þeim tíma er hann mætti til fyrstu yfirheyrslu, eða fyrir kl. 17.15 þriðjudaginn 30. september, ef ekki kæmi fyrir þann tíma ný vitneskja sem hugsanlega gæti breytt þeirri afstöðu.

Kl. 15.10, mætti Ólafur Aðalsteinsson enn til yfirheyrslu, eftir setu í fangahúsi. Var Ólafur þar yfirheyrður nánar um atburði; ekki komu þar fram nein ný atriði sem breytt gátu fyrri afstöðu til gæsluvarðhalds.

Að lokinni yfirheyrslu kl. 16.55, var Ólafi tilkynnt að hann væri laus úr haldi en honum gert að mæta til frekari yfirheyrslu síðar samkvæmt boðun þar um.

Jafnframt var lagt fyrir Ólaf að fara ekki úr umdæminu án samráðs við rannsóknarlögreglu.

Fimmtudaginn 2. október fór fram í íbúð Kristins Þorsteinssonar að Grundarstíg 9, efri hæð, sviðsetning atburða aðfaranætur sunnudagsins 28. september.

Sviðsetningin var framkvæmd eftir fyrirsögn Ólafs, með þátttöku hans og Gísla B. Árnasonar lögregluvarðstjóra, sem var staðgengill hins látna. Sviðsetningin var ljósmynduð af undirrituðum, sem einnig stjórnaði sviðsetningunni.

Föstudaginn 3. október kl. 13.50 mætti Ólafur Aðalsteinsson síðan til yfirheyrslu á skrifstofu rannsóknardeildar á Ísafirði. Var þar skrásett lýsing Ólafs á atburðum þeim sem ljósmyndir frá sviðsetningunni sýna og frásögn hans á (sic) atburðarásinni.

Sama dag kl. 16.00 var Ólafi gerð grein fyrir því að nauðsynlegt væri talið að hann sætti geðrannsókn vegna rannsóknar málsins. Ólafur lýsti sig reiðubúinn til að sæta slíkri rannsókn þegar boð þar um kæmi fram.

Mánudaginn 6. október er Ólafur enn mættur til yfirheyrslu; hann er þá beðinn að gera nánari grein fyrir tíma þeim sem hann fór í íbúð Kristins Þorsteinssonar, aðfaranótt sunnudagsins 28. sept. sl. Við fyrri yfirheyrslur hefur Ólafur skýrt frá því að þá hafi klukkan verið um eða eftir 3.00.

Ólafur kvaðst ekki geta gert sér grein fyrir nákvæmari tímasetningu á þessu atriði. Hann kvaðst hafa horft á dagskrá sjónvarpsins til dagskrárloka og síðan á eina mynd á myndbandsspólu, en einhver hlé hefðu orðið á milli þess að dagskrá sjónvarps lauk og þar til hann fór að horfa á myndbandsspóluna, einnig hafi einhver tími liðið frá því að myndinni lauk þar til hann fór í íbúð Kristins.

Samkvæmt upplýsingum sem aflað hefur verið þá lauk dagskrá sjónvarps kl. 23.57 laugardaginn 27. september 1986.

Þá hefur verið aflað upplýsinga um að mynd sú sem Ólafur kvaðst hafa horft á og ber heitið „Lady Hawk" tekur 117 mínútur í sýningu."

Með bréfi, dags. 23. júní 1987, til bæjarfógetans í Grindavík óskaði sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslum eftir, að ákærði yrði látinn undirgangast geðrannsókn. Kveðinn var upp úrskurður í sakadómi Grindavíkur þ. 20. júlí 1987 þess efnis, að ákærði skyldi sæta því, að sérfræðingur í geðsjúkdómum rannsakaði geðheilbrigði og sakhæfi hans. Við birtingu úrskurðarins 14. ágúst s.á. lýsti ákærði yfir, að hann vildi ekki sætta sig við hann, kvaðst samt ekki vilja skjóta honum til Hæstaréttar.

Dómsrannsókn hófst þ. 10. júlí 1989 og fór fram við embætti sýslumannsins í Ísafjarðarsýslum og einnig í sakadómi Reykjavíkur. Með bréfi til dómsmálaráðuneytisins, dags. 13. september 1989, vékst sýslumaður undan meðför málsins með hliðsjón af ákvæðum 30. gr. laga nr. 85/1936 um embættisannir dómara, auk þess sem ákærði hafði flust úr umdæminu að Vesturgötu 25 á Akranesi. Þá höfðu gefið skýrslur fyrir dómi: Hörður Högnason hjúkrunarforstjóri, Hlynur Snorrason rannsóknarlögreglumaður, Gísli B. Árnason lögregluvarðstjóri, Páll Níels Þorsteinsson heilsugæslulæknir, Óskar Þór Sigurðsson rannsóknarlögreglumaður, Egill Egilsson verkamaður, Arnar Þór Stefánsson lögregluvarðstjóri, Jónas Helgi Eyjólfsson yfirlögregluþjónn, Hafliði Alfreð Karlsson sjómaður, Guðbjörg Arnberg Matthíasdóttir húsmóðir og Héðinn Kristinsson leigubifreiðarstjóri.

Með umboðsskrá dómsmálaráðuneytis, dags. 22. september 1989, var þeim dómara, er kveður upp dóm þennan, falið að fara með málið. Á dómþingi 6. desember voru skýrslur teknar af ákærða og eiginkonu hans, málið var sótt og varið í beinu framhaldi og þá tekið til dóms.

IV.

Gunnlaugur Geirsson prófessor, rannsóknarstofu Háskólans í meinafræði, framkvæmdi þ. 30.9. 1986 réttarkrufningu á líki Kristins Þorsteinssonar. Ályktarorð skýrslu hans, dags. 24. nóvember 1986, eru svohljóðandi:

„Samkvæmt því sem fannst við krufninguna má ályktа að maðurinn hafi látist af völdum loftbrjósts með samfallið vinstra lunga.

Maðurinn hefur hlotið áverka á vinstra brjósthelming og brot á þrem rifbeinum í vinstri síðu. Einn brotendinn hafði stungist í vinstra lunga og náði loft að fleygast út í vefi líkamans og olli loftbrjóstinu og þenslu þeirri er sást á líkinu. Auk rifbrotsins hafði maðurinn áverka á höfði ásamt blæðingu undir mjúku heilaheimnuna. Má telja að síðastnefnda blæðingin hafi verið meðverkandi að dauða mannsins. Hitamælingar sem gerðar voru á líkinu benda til þess að andlát mannsins hafi borið að skömmu áður en hann fannst.

Sneið frá áverkasvæði umhverfis rifbrot sýndi drep í vöðva og íferð hvítra blóðkorna. Nákvæm tímasetning er ekki möguleg en líkleg tímasetning þykir að áverkinn hafi orðið 12-48 klukkustundum fyrir dauða.

Ekki verður ráðið af eðli eða útliti áverkanna af hverju þeir hafa hlotist."

Í skýrslu Þorkels Jóhannessonar prófessors f.h. rannsóknarstofu Háskólans í lyfjafræði, dags. 9. október 1986, um réttarefnafræðilegt mat stendur:

„Etanól var ekki í mælanlegu magni í blóði eða þvagi hins látna. Í þvaginu var vottur af acetóni. Í meðfylgjandi glösum var ekki brugg heldur þvag."

Gísli Á. Þosteinsson, sérfræðingur í geðlækningum, framkvæmdi geðheilbrigðisrannsókn á ákærða. Lokakaflar (Álit og Lokaorð) skýrslu hans, dags. 10. desember 1987, eru svohljóðandi:

„Álit:

Ólafur er tuttugu og sjö ára gamall fjölskyldumaður sem hefur greind í háu meðallagi. Yrt greind er í háu meðallagi en verkleg greind fyrir ofan meðallag og er munurinn eðlilegur. Ólafur er athugull og hefur góða almenna þekkingu og mjög gott minni. Honum gekk þó hlutfallslega illa þar sem reynir á hæfni til að læra ný verkefni á stuttum tíma, en líklegt er að depurð (sic) hans og kvíði hafi áhrif á getu hans. Stoðþættir greindar, athygli, einbeiting og rökræn hugsun eru í háu meðallagi. Sjónrænt skammtímaminni Ólafs er eðlilegt og formskyn mjög gott. Engar vísbendingar koma fram um vitræna skerðingu. Ólafur er félagslega aðlagaður og hefur góða dómgreind og skilning.

Samkvæmt þeirri mynd sem Ólafur gefur af sér á persónuleikaprófum er hann frekar dapur, áhyggjufullur og kjarklítill. Depurð hans má að sjálfsögðu skýra með því að líta til aðstæðna, þ.e. yfirvofandi dóms og afplánunar. Ólafur er hlédrægur og á erfitt með að tjá tilfinningar sínar. Hann virðist frekar umbera óþægindi en bregðast beint við þeim, en verður þess í stað spenntur og dapur. Þetta kemur fram í prófniðurstöðum, en einnig í tali hans um málsmeðferðina. Hann hefur ekkert kynnt sér hver afgreiðsla málsins geti hugsanlega orðið, heldur gerir einfaldlega ráð fyrir hinu versta.

Lokaorð:

Niðurstaða þessarar geðheilbrigðisrannsóknar er í stuttu máli á þá leið að Ólafur er hvorki haldinn meiri háttar geðsjúkdómi né heldur áberandi taugaveiklunareinkennum. Hann er hvorki vitsmunalega þroskaheftur né greindarskertur. Samkvæmt sálfræðiprófum er eðlisgreind hans í háu meðallagi. Þrátt fyrir stutta skólagöngu hefur Ólafur góða almenna þekkingu og mjög gott minni, hann er félagslega meðvitaður, hagsýnn og vel fær um að hugsa fram í tímann. Ólafur virðist vera dulur, innhverfur og

viðkvæmur maður sem á erfitt með að tjá tilfinningar sínar, dálítið skapmikill og þykkjuþungur, en hefur áður yfirleitt átt gott með að stjórna skapi sínu. Persónuleikapróf sýna eðlilegan og heilsteyptan persónuleika og ekki koma fram nein þau frávik sem einkum einkenna afbrotamenn og andfélagslega einstaklinga. Ekkert í sálfræðiprófunum bendir þannig til afbrotahneigðar. Hins vegar geta persónuleikaprófin bent til þess að Ólafur sé hlédrægur og eigi erfitt með að sýna tilfinningar sínar en langar þó til þess að eiga auðveldara með að tjá þær. Ennfremur ber að leggja áherslu á að Ólafur hefur þótt duglegur til vinnu, samviskusamur og vel látinn af ættingjum, skólafélögum og vinnufélögum. Hann mun alls staðar hafa þótt góður starfsmaður, unnið hörðum höndum og aldrei legið á liði sínu.

Undirrituðum virðist Ólafur ekki vera í þörf fyrir neina sérhæfða geðlæknismeðferð eða sálfræðimeðferð. Þó kann hann að þurfa á vissum stuðningi að halda á þessu erfiða tímabili í lífi hans meðan hann bíður yfirvofandi réttarhalda og ef til vill dóms og afplánunar."

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði ekki sætt refsingum að undanskildu því, að á árinu 1979 gekkst hann með dómsátt undir sektargreiðslu vegna brots á umferðarlögum og áfengislögum.

V.

Martha Edvarda Kristín Lund kaus ekki að neyta heimildar sinnar til að skorast undan vitnisburði, sbr. 1. tl. 89. gr. laga nr. 74,1974. Hún kvað sambýlið við Kristin Þorsteinsson hafa verið gott í fyrstu, en af ýmsum ástæðum hefði umgengni hans verið orðin illþolanleg. Það hefði verið farið að bera á vatnsleka frá íbúð hans eins og í tíð fyrri eiganda. Kristinn hefði geymt 3 - 4 sorppoka inni hjá sér, og kettir hans, kettlingar og hamstrar hefðu komist milli þilja og þau hjónin þurft að ná þeim þaðan. Eftir að lokað hefði verið fyrir rafmagn til efri hæðarinnar, hefði kulda lagt frá henni, ,,og það sem ég var hrædd við og bað Óla að tala um við hann, —við vorum þarna þrjár fjölskyldur í húsinu og erum báðar sjómannskonur með krakka—. Við vissum að hann var oft á fylliríi, hann var orðinn einn og það var ekkert ljós hjá honum og á næturnar varð hann að nota eitthvað til að lýsa sér, kerti eða annað. Við vissum að stólar voru farnir að brenna út frá þessu og vaskurinn hafði verið notaður til að kveikja upp í. Það náttúrulega stíflast og ég held meira að segja að hann hafi ekki alltaf notað klósett." Hún kvað þau hjónin hafa áður reynt að tala við Kristin um vandann og enn ætlað að reyna, en ákveðið að bíða, er hann kom fullur til Flateyrar nýkominn út af Vogi.

Laugardagskvöldið 27. september 1986 sagði Martha, að vatn hefði farið að leka niður í stofu þeirra hjóna frá efri hæðinni. Þá hefði ákærði farið upp til að tala við Kristin, en komið aftur niður og horft á sjónvarp. Hann

hefði síðan farið aftur upp þá um nóttina. Kvaðst hún hafa heyrt eins og stimpingar og nokkurn skarkala og farið til að kalla í ákærða, en ekki komist lengra en í ganginn vegna ólyktar. Ákærði hefði neitað að koma og sagst „ætla að tala við hann". Kvaðst hún hafa farið inn til sín, en á nýjan leik heyrt lík hljóð og fyrr, farið og kallað í ákærða, sem hefði ekki samþykkt að koma og tala við hana, heldur sagt: „Nei, ég ætla að tala við Kristin." Marta kvaðst hafa ákveðið, þar sem „karlinn" væri þunnur eða hálffullur og ákærði „undir víni", að „þetta hefði ekkert upp á sig" og ákveðið að hringja í vinkonu sína, Sigríði Benjamínsdóttur, sem átti heima skammt frá, en síðan afráðið að hlaupa til hennar. Er þangað kom, hefði hún knúið dyra, en hætt síðan við, hlaupið heim og kallað í ákærða. Hann hefði komið fram á stigaskörina og sýnt henni, með því að beina vasaljósi að andliti sér, að það var útatað í blóði; hún hefði heyrt í Kristni allan tímann. Þá hefði hún hlaupið aftur til Sigríðar að Hafnarstræti 23 (um 90 metra vegalengd), sem hefði brugðist fljótt við og þær síðan hlaupið aftur til baka. Sigríður hefði kallað í ákærða og hefðu þær þá heyrt, að Kristinn var kominn fram á klósett, og segir hann: „Þetta er allt í lagi, Martha, Óli er farinn heim." Þar, í íbúð þeirra hjóna, hefði ákærði setið með handklæði við höfuð sér og verið búinn að hringja í lækninn. Kvað hún þetta hafa verið um þrjú- til fjögurleytið.

Á sunnudeginum kvað Martha þau síðan hafa heyrt í Kristni og séð afabarn hans fara í heimsókn til hans. Um kvöldið hefði kunningjakona hennar, sem var í heimsókn, haft orð á því, að mjög hljóðbært væri milli íbúðanna, en þá hefði Kristinn greinilega verið á ferli; þau hefðu öll heyrt hann ganga um. Hún skýrði svo frá, að sér hefði fundist hún heyra einhverja stunu aðfaranótt mánudagsins, en samt ekki verið vissari en svo, að hún hefði ekki nefnt það við ákærða fyrr en eftir á. Hið næsta, sem hún mundi, var, að hún vaknaði milli kl. 7 og 7.30 við, að flóðlak niður í stofu. Ákærði fór upp, en kom niður hálfstjarfur og sagði: „Karlinn er dauður." Martha kveðst þá hafa spurt: „Hvað segirðu, er hann ennþá að drekka?" Og ákærði: „Nei, hann er kaldur. Hann er dáinn." Hún kvað ákærða hafa hringt í lækninn, sem hefði komið á vettvang og eftir það lögregla.

Martha kvað hafa komið í ljós, er leið að hádegi, að ákærði, öndvert við ætlan sjálfrar hennar, hefði sett andlát Kristins í samband við það, sem gerst hafði þeirra á milli. Hann hefði þá haft á orði, að trúlega yrði sér um kennt, þar sem hann hefði farið til Kristins, „verið í því" og þeir hefðu skipst á höggum.

Vitnið Páll Níels Þorsteinsson heilsugæslulæknir skýrði svo frá, að aðfaranótt sunnudagsins 29. september 1986 hefði maður, sem síðar reyndist vera ákærði í máli þessu, hringt og beðið um, að litið yrði á höfuð

sitt vegna þess, að hann hefði verið sleginn með brennivínsflösku. Að símtalinu loknu kvaðst vitnið hafa klætt sig, litið á klukku og séð, að hún var 4.26. Sárið hefði ekki reynst vera mikið, efstu lög húðarinnar hefðu verið í sundur á stjörnulöguðum bletti og laus flipi um 5 mm á kant. Eitt lítið glerkorn hefði verið í sárinu. Ekki hefði blætt mikið úr því, þótt svo hefði sennilega verið í fyrstu. Vitnið kvað ákærða hafa sagt, að sér hefði brugðið mjög, þegar hann fékk flöskuna í höfuðið, hann hefði orðið reiður og „látið hann hafa það". Kvað vitnið lýsingu átakanna ekki hafa verið þannig, að því hefði skilist, að það þyrfti að hafa áhyggjur sem læknir. Vitnið kvað ákærða hafa verið snyrtilegan til fara, komið vel fyrir og áfengisáhrif vart eða ekki merkjanleg. Hins vegar hefði hann verið æstur og órólegur í samræmi við það, sem á undan var gengið. Vitnið kvaðst síðan ekki hafa haft nein afskipti af ákærða eða öðrum í húsinu Grundarstíg 9 fyrr en að morgni mánudagsins, kl. um 7.35 - 7.40, er ákærði hringdi, kynnti sig og bað það að koma vegna þess, sem gerst hafði.

Vitnið Egill Egilsson kvaðst hafa komið heim til afa síns, Kristins Þorsteinssonar, kl. um 23 laugardaginn 27. september. Útidyr hefðu verið lokaðar. Kristinn hefði legið sofandi í rúmi sínu og snúið baki að vitninu, þannig að það sá ekki framan í hann. Vitnið kvaðst hafa komið aftur milli kl. 16 og 17 daginn eftir. Kristinn hefði verið í sama rúmi og daginn áður, legið og horft á vitnið, risið upp við dogg og fengið sér vindling.

Vætti Egils að öðru leyti:

„Ég reyndi að tala við hann þarna, en það var eins og hann vildi ekki tala við mig, horfði bara á mig.

Mér leist mjög illa á hann þarna, hann var allur bólginn í framan, með glóðarauga vinstra megin. Ég spurði, hvernig honum liði, en hann horfði bara á mig. Hann reykti þarna heila sígarettu, á meðan ég dvaldist þarna.

Mér fannst óeðlilegt, að hann vildi ekki tala við mig þarna, því að hann er vanur því, þegar hann er fullur. Mér fannst hann vera eins og hann væri þunnur eða þess háttar.

Þegar ég hafði spurt afa, hvernig honum liði, þá sagði ég bara bless og labbaði út. Ekki kallaði hann neitt á eftir mér, og ég held, að hann hafi ekki verið búinn að drepa í sígarettunni.

Þegar ég fór út, var ég búinn að dveljast þarna í mesta lagi í fimm mínútur. Ég náði ekki að tala neitt við afa, eftir að hann kom nú að sunnan.

Í fyrra skiptið, sem ég kom þarna, sá ég ekki framan í afa og veit því ekki, hvort hann var þá með áverkana, sem ég sá framan í honum daginn eftir.

Þegar ég kom til afa í fyrra skiptið, fannst mér eins og hann ætti erfitt með andardrátt, því það korraði svolítið í honum. Þegar ég kom í seinna

skiptið, hóstaði hann nokkrum sinnum, á meðan hann var að reykja. Ekki tók ég eftir því þarna í seinna skiptið, hvort hann ætti erfitt með að anda.

Þegar ég fór frá afa þarna í seinna skiptið, þá geng ég niður stigann og út. Ég man, að ég lokaði innri hurðinni í ganginum niðri, en ég man ekki, hvort ég lokaði ytri hurðinni. Ég fór ekki þarna (sic) síðan.

Ekki get ég sagt, að ég hafi séð nein sérstök ummerki eftir átök þarna heima hjá afa, nema að stofuborð var á hliðinni."

Vitnið Guðbjörg Arnberg Matthíasdóttir kvaðst vera visst um að hafa heyrt umgang af efri hæðinni sunnudagskvöldið 28. september, er það var í heimsókn hjá ákærða og eiginkonu hans. Kvaðst vitnið hafa haft á orði við hjónin, að mikið heyrðist á milli hæða.

Vitnið Sigríður Kristín Benjamínsdóttir staðfesti með vætti sínu fyrrgreinda frásögn Mörthu Lund um atvik þess, er hún sótti vitnið til hjálpar aðfaranótt sunnudagsins 28. september, að það kallaði á ákærða, svar Kristins Þorsteinssonar svo og, að ákærði var þá kominn niður í íbúð sína. Vitnið kvað ákærða hafa verið blóðugan í andliti og lítil glerbrot í hári hans. Hann hefði talað um það, sem gerst hefði, þ.e., að hann hefði ekki „hjólað í Kidda" að fyrra bragði, en eftir að Kiddi hefði slegið hann með flösku „þá brjálaðist ég og lamdi karlinn í klessu". Hefði hann sagst hafa lamið Kidda í andlitið. Hann hefði borið hendur fyrir sig, og þegar hendur hans hefðu verið fyrir andlitinu, þá hefði hann lamið hann í síðuna. Þetta hefði hann ekki sagt með orðum, heldur sýnt með látbragði. Hjónin Martha og ákærði hefðu síðan sagt vitninu frá því, sem gerst hefði fyrr um kvöldið, þ.e. að ákærði hefði farið upp til Kidda til að tala við hann vegna vatnsleka og sóðaskapar. Kiddi hefði verið sofandi, er ákærði kom upp til hans, aðeins svarað aðfinnslum með því að segja: „Nú jæja" og spurt ákærða, hvort hann vildi ekki koma tveim tímum síðar. Vitnið kvað ákærða hafa farið til læknis, en komið aftur eftir skamma stund og sofnað fljótlega í stól í stofunni. Vitnið og Martha hefðu síðan talað saman nokkra stund, og á meðan hefði það heyrt umgang á efri hæðinni.

Vitnið kvaðst hafa komið í heimsókn til ákærða og konu hans um miðjan dag á sunnudeginum og þá heyrt, að gengið var um á hæðinni fyrir ofan.

Vitnið Héðinn Kristinsson kvaðst hafa sótt Kristin Þorsteinsson samkvæmt beiðni laugardaginn 27. september 1986 í afgreiðslusal Flugfélagsins Arna á Ísafirði og ekið honum til Flateyrar, að Grundarstíg 9. Hann hefði verið fremur illa til fara og mjög drukkinn. Meðferðis hefði hann haft áfengisflösku í plastpoka, en ekki annan farangur. Hann hefði slagað sakir ölvunar, þegar hann gekk frá leigubifreiðinni að heimili sínu.

Ákærði lýsti sambýli við Kristin Þorsteinsson og örðugleikum því samfara mjög á sama veg og gert hafði Martha, kona hans, sbr. hér að framan. Hann sagði, að tillitsleysið hefði verið orðið algjört og ekki unnt

að eiga heima í húsinu. Kristinn heitinn hefði verið óvirkur alkóhólisti og allt í lagi, meðan hann var ófullur, en hann hefði verið búinn að vera fullur í nokkra mánuði, er atvik málsins gerðust. Kvaðst hann hafa kvartað við Kristin og strákinn (Egil) eða réttara sagt talað við þá og beðið þá að hreinsa til. Einnig hefði hann snúið sér til yfirvalda á staðnum til að reyna að fá þau til aðstoðar, þótt ekki væri til annars en að hreinsa hæðina, sem hefði verið eins og ruslahaugur. Svarið hefði verið: „Við getum ekkert gert."

Ákærði skýrði svo frá, að hann hefði farið laugardagskvöldið 27. september upp til Kristins vegna þess, að vatn flæddi niður í íbúð þeirra hjóna. Ekki hefði verið hægt að tala við manninn, en hann hefði beðið ákærða að koma aftur eftir 2 - 3 tíma. Hann kvaðst, er hann fór upp öðru sinni, hafa vakið Kristin, sem var sofandi í rúmi sínu í svefnherberginu, og þeir hefðu lent í rifrildi og áflogum „út af þessu". Nánar lýst, hefði Kristinn orðið kolvitlaus, er ákærði fór að tala við hann, og hrint sér í stofunni. Þeir hefðu lent í áflogum, sem enduðu í rúminu og þaðan (sic) niður á gólf, en Kristinn hafnaði undir þar. Síðan fóru þeir fram í eldhús og rifust þar. Minnti ákærða, að kona hans hefði kallað til sín, meðan þeir voru þar. Kristinn fór síðan í herbergi inn af eldhúsinu, settist á rúmið þar og ákærði við hliða hans. Hann kvaðst hafa spurt Kristin, hvort hann væri með timburmenn eða hvort hann væri þunnur, og gefið honum selbita í höfuðið. Kristinn hefði þá gefið sér á kjaftinn og hann þá orðið mjög illur, stokkið á hann og keyrt hann niður í rúmið. „Þetta gerði ég á þann hátt að ég tók um axlir Kristins og ýtti honum niður í rúmið. Ég hélt honum á rúminu á þennan hátt. Hann hefur þá náð að teygja sig í flösku, sem hefur annaðhvort verið á gólfinu eða rúminu, og sló mig í höfuðið þannig, að flaskan brotnaði." Kvaðst hann hafa orðið foxandi illur, blóðillur. Hann kvað Kristin hafa legið upp við dogg aftur á bak í rúminu, en sjálfur hefði hann setið ofan á honum og lamið hann margsinnis með báðum höndum, en Kristin hefði reynt að verja sig. Höggin kvað hann hafa lent á andliti og brjóstkassa, og olnboga hefði hann rekið í síðu. Hann kvað sig minna, að hann hefði hætt átökunum, þegar eða um það bil er Martha kallaði til hans öðru sinni. Hann kvaðst hafa farið fram í eldhús, en síðan aftur inn í herbergið og viðhaft einhverja hótun, svo sem að réttast væri „að ganga frá þér" eða „lemja þig í klessu". Kristinn hefði svarað eitthvað á þá leið, að ákærði ætti eftir að sjá eftir þessu. Ákærði kvaðst þá hafa farið út. Hann kvaðst ekki hafa tekið eftir því, hvernig ástand Kristins var, enda myrkur í íbúðinni, og vasaljós, sem hann var með, hefði legið á gólfi herbergisins. Hann kvað ekki hafa hvarflað að sér, að Kristinn þyrfti á læknishjálp að halda.

Á sunnudeginum og um kvöldið fram yfir miðnætti kvaðst ákærði hafa

heyrt umgang uppi á lofti. Að morgni mánudagsins hefði vatn flætt niður í stofuna. Kvaðst hann hafa farið upp og komið að Kristni látnum, liggjandi á eldhúsgólfinu. Ákærði kvað orsök vatnsleka niður í íbúð hans á laugardagskvöldi og mánudagskvöldi hafa verið þá, að vatn hefði streymt úr krana í eldhúsvask, sem hefði verið fullur af brunaleifum, drasli, sem kveikt hefði verið í. Kvaðst hann ekki hafa tekið ruslið upp úr vaskinum á laugardagskvöldinu, aðeins hreinsað frá niðurfallinu.

VI.

Sannað er með framburði ákærða, vætti vitna og öðrum gögnum málsins, að ákærði réðst á Kristin Þorsteinsson í íbúð hans á efri hæð húss nr. 9 við Grundarstíg á Flateyri við Önundarfjörð laust eftir klukkan 3 aðfaranótt sunnudagsins 28. september 1986. Ákærði felldi Kristin niður í rúm og lamdi hann margsinnis í höfuð, brjóstkassa og síðu og sló hann jafnframt með olnboga í vinstri síðu með þeim afleiðingum, að Kristinn hlaut áverka á höfði og vinstri brjósthelmingi og brot á 3 rifbeinum í vinstri síðu. Næsta mánudag, klukkan um 7.30, er ákærði kom á vettvang, var Kristinn Þorsteinsson látinn af völdum loftbrjósts með samfalli vinstra lunga.

Ákærði hefur með þessu unnið til refsingar samkvæmt 2. mgr. 118. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981.

Framangreint ákvæði tæmir sök gagnvart 1. mgr. 220. gr. laga nr. 19, 1940. Ber að sýkna ákærða af því ákæruatriði.

Dómarinn lítur svo á, að með hliðsjón af aðdraganda beri að varast að leggja áherslu á vægi grófyrtrar hótunar ákærða, er hann viðhafði að atlögu lokinni. Ber í því efni einnig að hafa í huga, að ákærði greindi frá ummælunum, án þess að til þess ræki nauður og þrátt fyrir það að hann, eins og skýrlega kom fram í dómþingi, gerði sér þess ljósa grein, að hreinskilnin kynni að reynast sér þung í skauti.

Ákærði sagði af sjálfsdáðum til brots síns og skýrði hreinskilninslega frá öllum atvikum að því.

Gögn málsins benda til þess, að eftirfarandi ummæli ákærða séu raunsönn lýsing hugarástands hans á verknaðarstundu: „Ég varð vondur, það var það eina. Ég varð blóðillur, svipað og menn verða, þegar búið er að ergja þá lengi, þá getur mælirinn fyllst einhvern tímann."

Ákærði hefur ekki áður gerst sekur um neitt brot, sem til álita kemur í máli þessu. Hegðun hans fyrir framningu brotsins var góð svo og framferði hans eftir það. Þá beinist athyglin við ákvörðun refsingar að ummælum í skýrslu um geðheilbrigðisrannsókn: „Persónuleikapróf sýna eðlilegan og heilsteyptan persónuleika, og ekki koma fram nein þau frávik, sem einkum einkenna afbrotamenn og andfélagslega einstaklinga. Ekkert í sálfræðiprófununum bendir þannig til afbrotahneigðar."

Refsing ákærða þykir með vísan til 4. og 9. tl. 1. mgr. 74. gr. laga nr. 19, 1940, sbr. og 5., 6. og 8.tl. 1. mgr. 70. gr. sömu laga, hæfilega ákveðin fangelsi í 18 mánuði.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun (og kostnað) skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, kr. 120.000, og saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 60.000, en sækjandi var Björn Helgason saksóknari.

Sigurður Hallur Stefánsson, dómari samkvæmt umboðsskrá, kveður upp dóminn.

Dómsorð:

Ákærði, Ólafur Grétar Aðalsteinsson, sæti fangelsi í 18 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 60.000, og málsvarnarlaun (og -kostnað) skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, kr. 120.000.

Þriðjudaginn 30. október 1990.

Nr. 419/1989. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Birni Guðmundssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
og Guðmundi Jakobssyni Richter
(Sigurður H. Guðjónsson hrl.).

Flugumferð. Brot í opinberu starfi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. október 1989 að ósk ákærðu, en einnig af hálfu ákæruvaldsins til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu og til réttindasviptingar eins og krafist er í ákæru.

Endanlegar kröfur ákæruvaldsins voru þessar: „Krafist er sakfellingar samkvæmt ákæru, að því er ákærða Björn varðar, fyrir brot á 1. mgr. 168. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en að því er ákærða Guðmund varðar, fyrir brot á 141. gr. almennra hegningarlaga, en að öðru leyti staðfestingar hins áfrýjaða dóms, að því er báða ákærðu varðar, að niðurstöðu til og um heimfærslur til refsiákvæða og greiðslu sakarkostnaðar í héraði, þó þannig, að refsingar beggja verði þyngdar og ákærðu verði dæmdir til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, þ.m.t. saksóknarlaun til ríkissjóðs."

Af hálfu beggja ákærðu eru þær kröfur gerðar aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum ákæruvaldsins, en til vara er krafist vægustu refsingar, sem lög leyfa.

I.

Ákærðu mótmæla því, að litlu hafi munað, að flugvélarnar TF-FLB og TF-FLI rækjust á. Þeir hafa þó fyrir dómi ekki rengt skýrslur flugliða FI-614 (TF-FLB), sem raktar eru í héraðsdómi, en skýrslur þessar hafa stoð í öðrum gögnum málsins, svo sem þar

getur. Ber því að fallast á það með héraðsdómi, að flugvélarnar hafi farið svo nærri hvor annarri, að öryggi þeirra hafi verið raskað.

II.

Ákærði Guðmundur Jakobsson Richter tók við umsjón brottflugs flugvélanna, er þær voru komnar á loft. Samkvæmt gögnum málsins fékk hann tilkynningu um brottflugsheimildir þeirra og átti því að vera ljóst, að heimildirnar voru áþekkar. Með skírskotun til raka héraðsdóms þykir sannað, að ákærði Guðmundur hafi ekki gætt þess að halda nægilegum aðskilnaði milli flugvélanna í brottflugi þeirra frá flugvellinum, eftir að þær voru komnar í umsjón hans, og ekki gripið nægilega skjótt til takmarkana á hraða og klifri FI-232 (TF-FLI). Var með því raskað öryggi beggja flugvélanna. Flugstjórar þeirra höfðu fengið líkar brottflugsheimildir, ákærði Guðmundur fékk sérstaka athugasemd frá ákærða Birni um brottflugsheimild FI-232, og honum var ljóst, að radarinn virkaði ekki fullkomlega. Ber því að meta honum hegðun hans til stórfellds hirðuleysis í starfi. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um heimfærslu háttsemi hans til refsiákvæða, sem auk þess þykir varða við 141. gr. almennra hegningarlaga, en hann er opinber starfsmaður.

Staðfesta ber ákvörðun héraðsdóms um refsingu ákærða Guðmundar. Fullnustu refsingar skal þó fresta og hún falla niður á þann hátt, sem í dómsorði greinir.

III.

Fram er komið, að ákærði Björn Guðmundsson gerði athugasemd við brottflugsheimildina án þess þó að biðja um nýja heimild. Ákærði flaug þá við sjónflugsskilyrði og sá til hinnar flugvélarinnar. Honum mátti vera ljóst, að saman dró með flugvélunum, ekki síst eftir að hann jók klifur flugvélar sinnar á ný með óbreyttri stefnu, eftir að hafa dregið úr klifri um sinn. Á meðan á þessu stóð, hélt hann áfram að ýfast við flugumferðarstjórann. Verður að telja viðbrögð hans meðorsök þeirrar hættu, sem skapaðist, og meta þau honum til verulegs gáleysis. En við mat á sök hans er litið til þess, að flugumferðarstjórinn margfullvissaði hann um, að radaraðskilnaður flugvélanna væri fullnægjandi. Þegar metin eru viðbrögð ákærða Björns við hinum síðbúnu fyrirmælum flugumferðarstjórans um hæðaraðskilnað flugvélanna, ber að líta til þess, að þau voru

ekki nægilega skýr. Þrátt fyrir það ber að fallast á heimfærslu héraðsdóms á háttsemi hans til refsiákvæða, en eins og þar greinir, takmarkast hún við ónákvæmni í ákæru.

Ákærði Björn hefur látið af störfum vegna aldurs hjá Flugleiðum hf. Við ákvörðun refsingar hans ber að hafa í huga, að hann fékk villandi og óskýrar upplýsingar og leiðbeiningar um framvindu flugsins. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin 5 mánaða varðhald. Fullnustu refsingar skal fresta og hún falla niður á þann hátt, sem í dómsorði greinir.

IV.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Dæma ber ákærðu til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar málsins, svo sem í dómsorði greinir.

Eins og mál þetta er vaxið, var ríkissaksóknara rétt skv. b-lið 2. tl. 1. mgr. 130. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála að láta sækja þing í máli þessu í héraði. Þótt það færist fyrir, verður ekki séð, að það hafi hamlað vörn ákærðu.

Dómsorð:

Ákærði Björn Guðmundsson sæti varðhaldi í fimm mánuði.

Ákærði Guðmundur Jakobsson Richter sæti varðhaldi í sjö mánuði.

Fullnustu refsingar ákærðu skal fresta og hún niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi þeir almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærðu greiði hvor um sig skipuðum verjanda sínum fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmönnunum Guðmundi Ingva Sigurðssyni og Sigurði Helga Guðjónssyni, málsvarnarlaun fyrir Hæstarétti, 80.000 krónur til hvors. Annan áfrýjunarkostnað greiði ákærðu óskipt, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 80.000 krónur.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Guðmundar Jónssonar og Benedikts Blöndals.

Við erum sammála meiri hluta dómara Hæstaréttar um sakfellingu og refsingu ákærða Guðmundar Jakobssonar Richter.

Við teljum fyrirmæli ákærða Guðmundar um takmörkun flughæðar hafa verið svo síðbúin og ófullkomin, að refsiábyrgð verði ekki lögð á ákærða Björn Guðmundsson og sýkna beri hann í máli þessu.

Við erum samþykkir atkvæði meiri hluta dómara um sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, þó þannig, að ákærði Guðmundur greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, en málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða Björns greiðist úr ríkissjóði, og annan sakarkostnað greiði ákærði Guðmundur að hálfu og ríkissjóður að hálfu.

Við erum samþykkir athugasemd meiri hluta dómara um málsmeðferð.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. júlí 1989.

Ár 1989, föstudaginn 7. júlí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartúni 7 í Reykjavík af Ármanni Kristinssyni sakadómara, Sigurði Líndal prófessor og Þorsteini E. Jónssyni flugstjóra, kveðinn upp dómur í máli nr. 323-324/1989: Ákæruvaldið gegn Birni Guðmundssyni og Guðmundi Jakobssyni Richter, sem tekið var til dóms 13. mars síðastliðinn.

Málið er höfðað fyrir sakadómi með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 2. apríl 1987, „á hendur Birni Guðmundssyni flugstjóra, Karfavogi 20, Reykjavík, fæddum 16. júní 1926 í Grjótnesi, Presthólahreppi, Norður-Þingeyjarsýslu, og Guðmundi Jakobssyni Richter flugumferðarstjóra, Fagrabergi 26, Hafnarfirði, fæddum 1. desember 1941 í Reykjavík, fyrir að hafa að morgni fimmtudagsins 6. september 1984, ákærður Guðmundur við flugumferðarstjórn í aðflugsstjórn Keflavíkurvallar í Keflavík og ákærður Björn sem flugstjóri flugvélarinnar TF-FLI, Boeing 727-200, með 145 manns innan borðs, eigi sýnt nægjanlega aðgæslu við brottflug flugvélarinnar frá Keflavíkurflugvelli áleiðis til Glasgow, þannig að mjög litlu munaði, að flugvélin rækist á flugvélina TF-FLB, Douglas DC-8-63, með 258 manns innan borðs, sem fengið hafði áþekka brottflugsheimild frá Keflavíkurflugvelli stuttu á undan TF-FLI, yfir eða nálægt Herdísarvík, á 140 gráðu ferli, um 24 NM frá Keflavík VOR, um 6348 N, 02147 V, um það bil í fluglagi 110, svo sem hér er nánar rakið:

1. Gegn ákærðum Guðmundi fyrir að hafa eigi gætt þess að halda nægjanlegum aðskilnaði á milli flugvélanna í brottflugi þeirra frá flugvellinum, en flugtak TF-FLB var kl. 7.31 og TF-FLI kl. 7.32, og fyrir að hafa eigi gripið nægjanlega fljótt til takmarkana á hraða og klifri flugvélarinnar TF-FLI, sem flaug og klifraði hraðar en TF-FLB, þannig að flugvélin TF-FLI klifraði í gegnum fluglag flugvélarinnar TF-FLB rétt framan og vinstra megin við hana um kl. 7.38.
2. Gegn ákærðum Birni fyrir að hafa sem flugstjóri flugvélarinnar TF-FLI haldið óbreyttri stefnu og klifri flugvélarinnar, eftir að honum var ljóst, að flugvélarnar höfðu fengið áþekka brottflugsheimild frá flugvellinum og að flugvél hans nálgaðist mjög flugvélina TF-FLB, og fyrir að hafa ekki sinnt síðbúnum fyrirmælum meðákærðs um að halda sig 1000 fetum neðan við TF-FLB, en í þess stað flogið flugvélinni undir flugvélina TF-FLB og síðan upp í gegnum fluglag hennar rétt fyrir framan hana, þrátt fyrir það að hann hefði misst sjónar á TF-FLB, sem þá bar við sólu, og munaði mjög litlu, að flugvélarnar rækjust saman.

Telst brot ákærðs Guðmundar varða við 1. mgr. 168. gr. og 141. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og 1. mgr. 163. gr. laga um loftferðir nr. 34, 1964, sbr. greinar 2.2 og 3.3 í Annex 11, Air traffic services, grein 3.1 í III. kafla og greinar 2.7.9 og 2.8.1 í X. kafla í ICAO Doc 4444-RAC, Rules of the air and air traffic services, og grein 3.5.2 í starfsreglum flugmálastjórnar, nr. 2.5.15, frá 24. janúar 1980, Radar Operations in Iceland, sbr. 28. og 37. gr. samþykktar um alþjóðaflugmál, sbr. auglýsingu nr. 45, 1947, um staðfestingu flugsamninga og grein 2.4 í RAC-4.1 í Flugmálahandbók, útgefinni af flugmálastjórn, sbr. reglugerð nr. 415, 1975, sbr. 89. gr. loftferðalaga, en brot ákærðs Björns við 1. mgr. 168. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 163. gr. og 1. mgr. 164. gr. laga um loftferðir og greinar 3.1.1, 3.2.1.1, 3.2.2, 3.2.2.3, 3.2.5.1, 3.6.1.1 og 3.6.2.1 í flugreglum, sbr. reglugerð nr. 415, 1975, um setningu flugreglna, sbr. 89. gr. laga um loftferðir.

Þess krafist, að ákærðir verði dæmdir til refsingar og til greiðslu sakarkostnaðar, og enn fremur, að ákærður Björn verði sviptur rétti til að starfa í loftfari samkvæmt 184. gr. laga um loftferðir og ákærður Guðmundur Richter verði sviptur flugumferðarstjóraréttindum samkvæmt sama lagaákvæði, sbr. 68. gr. almennra hegningarlaga."

Samkvæmt sakavottorðum ákærðra hefur hvorugur þeirra sætt refsingu, sem áhrif getur haft á refsimat í máli þessu.

I.

Málavextir eru þessir:

Fimmtudaginn 6. september 1984, laust eftir kl. 7.00 að morgni, var

áætlunarflug Flugleiða hf. frá Keflavíkurflugvelli undirbúið, svo sem venja er. Tvær flugvélar voru búnar til brottfarar, og voru þær þessar:

Flugvél með skrásetningarmerkinu TF-FLB af gerðinni Douglas DC-8-63 F, flugnúmer var FI-614. Flugliðar voru 9, en farþegar 249. Flugstjóri var Magnús Norðdahl (nafnnr. 6276-0257), til heimilis að Holtagerði 58, Kópavogi. Aðstoðarflugmaður var Hallgrímur Jónsson (nafnnr. 3671-0012), til heimilis að Úthlíð 16, Reykjavík. Flugvélstjóri var Búi Snæbjörnsson (nafnnr. 1488-9256), til heimilis að Goðalandi 8, Reykjavík.

Flugvél með skrásetningarmerkinu TF-FLI af gerðinni Boeing 727-208. Flugnúmer var FI-232. Flugliðar voru 9, en farþegar 136. Flugstjóri var ákærður Björn Guðmundsson (nafnnr. 1331-5051), til heimilis að Karfavogi 20, Reykjavík. Aðstoðarflugmaður var Kristján Harðarson (nafnnr. 5859-3753), til heimilis að Túngötu 5, Hafnarfirði. Vélstjóri var Oddur A. Pálsson (nafnnr. 6700-8138), til heimilis að Álfhólsvegi 96, Kópavogi.

Hér á eftir verða flugvélarnar auðkenndar framangreindum flugnúmerum.

Flugumferðarstjórn (turn (TWR) og aðflugsstjórn (APP)) stjórnaði brottflugi flugvélanna; aðflugsstjórn annaðist þjónustu við þær eftir flugtak. Þessir flugumferðarstjórar voru þar á vakt daginn, sem flugumferðaratvikið varð: Kristinn Sigurðsson varðstjóri (nafnnr. 5828-3339), til heimilis að Svalbarða 8, Hafnarfirði, og ákærður Guðmundur Richter. Í flugturni Keflavíkurflugvallar (TWR) voru þessir flugumferðarstjórar á vakt: Bjarni Jón Nikulásson (nafnnr. 1226-4011), til heimilis að Heiðvangi 80, Hafnarfirði, Haraldur Ólafsson (nafnnr. 3787-9141), til heimilis að Hegranesi 13, Garðabæ, og Jón Óskarsson (nafnnr. 5175-2538), til heimilis að Engjaseli 1, Reykjavík.

Samkvæmt bréfi Skúla Jóns Sigurðarsonar, deildarstjóra rannsóknardeildar loftferðaeftirlitsins, til ríkissaksóknara, dags. 20. desember 1984, og minnisblaði um flugrita FI-232 voru eftir flugumferðaratvikið gerðar ráðstafanir til að geyma öll segulbönd til væntanlegrar rannsóknar. Föstudaginn 14. september tóku þeir Valdimar Ólafsson yfirflugumferðarstjóri, Magnús Guðmundsson flugstjóri og Grétar H. Óskarsson, yfirmaður loftferðaeftirlits, afrit hljóðbanda flugstjórnar á Keflavíkurflugvelli, en Skúli Jón Sigurðarson skráði og leiðrétti afritið 17. og 18. september. Afrit ratsjárbands gerðu þeir Skúli Jón Sigurðarson, Magnús Guðmundsson og Hörður Sveinsson, deildarstjóri kortagerðardeildar flugmálastjórnar, þann 25. september. Á segulböndum fjarskipta og ratsjár er klukka, sem sýnir klukkustundir, mínútur og sekúndur, í glugga á afspilunartæki, þegar böndin eru spiluð. Þann 17. eða 18. september var skipuð þriggja manna rannsóknarnefnd „samkvæmt starfsreglum flugmálastjórnar", sbr. 145. gr. l. nr. 34/1964 um loftferðir, sem hér á eftir verður kölluð rannsóknarnefnd

flugmálastjórnar. Nefndina skipuðu: Skúli Jón Sigurðarson, Magnús Guðmundsson og Þórir Magnússon flugumferðarstjóri. Líklega þann 19. september fór rannsóknarnefndin til Keflavíkur og hóf störf. Kom þá í ljós, að hljóðbandið var horfið; hafði það verið notað aftur. Myndbandið var hins vegar spilað nokkrum sinnum, og síðan skráði Hörður Sveinsson það vandlega og teiknaði. Fyrir misskilning var myndbandið tekið aftur í notkun þann 22. nóvember 1984 og þannig afmáð það, sem fyrir var. Af hljóðbandinu er til afrit það, sem upphaflega var tekið og liggur fyrir í málinu auk hljóðafrits, en á það vantar tímasetningar. Til er uppdráttur Harðar Sveinssonar, gerður eftir myndbandinu og dagsettur 30. september 1984, þar sem ferlar flugvélanna eru dregnir upp. Skýrsla nefndarinnar er dagsett 15. október 1984, og samkvæmt henni voru atvik að brottför flugvélanna sem hér segir:

„Laust eftir kl. 7.00 að morgni fimmtud. 6. sept. 1984 voru áætlunarflug Flugleiða hf. undirbúin til brottfarar frá Keflavíkurflugvelli, svo sem venja er.

Flug FI-614 var DC-8-63F á leið til Luxembourg og FI-232 var B-727-208 á leið til Glasgow og Kaupmannahafnar.

Flugstjórnarmiðstöðin í Reykjavík sendi blindflugsheimildir fyrir bæði flugin til flugturnsins í Keflavík.

Heimildin fyrir FI-614 hljóðaði svo:

„Heimilt Luxembourg, Lima, 60 norður, 10 vestur, Stornoway, Fluglag 290, Mach 0.80, squawk 1514."

Heimildin fyrir FI-232 hljóðaði svo:

„Heimilt á Glasgow, Lima, 59 norður, 10 vestur, Benbecula, Fluglag 270, Mach 0.80, squawk 1532."

Báðar flugvélarnar voru tilbúnar til flugs á sama tíma og óku út, FI-614 á undan.

Flugtaksheimild FI-614 var svohljóðandi:

„Iceair six one four, ... cleared for takeoff, runway two zero, wind one eight zero at one zero."

Flugtak FI-614 var kl. 7.31.

Flugtaksheimild FI-232 var svohljóðandi:

„Two three two, wind one eight zero at one zero, cleared for take-off and contact one one nine decimal three when airborne."

Flugtak FI-232 var skráð kl. 7.32.

Báðar flugvélarnar voru í sambandi við flugturninn, fengu „Lima departure" og klifruðu samkvæmt því inn á stefnu Lima, sem er 142 gráðu geislinn út frá Keflavík VOR.

Aðflugsstjórn Keflavíkurflugvallar tók við flugvélunum frá flugturninum og stjórnaði brottflugi þeirra.

FI-614 kallaði aðflugsstjórn kl. 7.31.57, sem tilkynnti FI-614 kl. 7.32.03: „Iceair six fourteen, departure, radar contact, cleared on course."

FI-232 kallaði aðflugsstjórn kl. 7.33.52, sem tilkynnti FI-232 kl. 7.34.00: „Two three two, good morning, radar contact, cleared on course."

Til skýringar á framangreindum texta skal þetta tekið fram:

LIMA er stöðumið. Við það er kenndur ferill, sem stefnir á það og fylgir geisla 142° út frá fjölstefnuvita Keflavíkurflugvallar.

MACH NO: hljóðhraði. Hraði flugvéla er vanalega gefinn í hundraðshlutum af hljóðhraða, svo sem t.d. Mach 81 er 81% af hljóðhraða.

SQUAWK: ratsjársvarmerki. Flugmenn velja ákveðin númer á ratsjársvara sinn eftir fyrirsögn flugumferðarstjórnar, og kemur það nánar fram á ratsjárskjá í flugstjórn.

VOR: Fjölstefnuviti. Hann sendir geisla í segulstefnu, þannig er t.d. geisli 174° misvísandi frá vitanum, sem er á miðjum vellinum.

DME: Fjarlægðarmælir í flugvélinni, sem sýnir, hve margar sjómílur flugvélin er frá VOR-stöðinni.

RADARCONTACT: Með þessari setningu staðfestir flugumferðarstjórn, að flugvél sjáist.

FI-614 var samkvæmt framanskráðu á leið til Lúxemborgar, en FI-232 á leið til Glasgow og Kaupmannahafnar. Flugstjórnarmiðstöðin í Reykjavík veitti báðum flugvélunum blindflugsheimildir. Heimildin handa FI-614 til Lúxemborgar var á þá leið, að hún skyldi fljúga feril að Lima, síðan að 60° N og 10° V og þaðan að Stornoway. Flogið skyldi í fluglagi 290, — 29.000 feta hæð, — á hraða, sem næmi 80% af hljóðhraða, og ratsjársvarmerki var gefið 1514.

Heimildin handa FI-232 til Glasgow og Kaupmannahafnar var á þá leið, að floginn skyldi ferill að Lima, þaðan að 59° N og 10° V og þaðan að Benbecula í fluglagi 270, — 27.000 feta hæð, — á hraða, sem næmi 80% af hljóðhraða, og ratsjársvarmerkið var gefið 1532.

Báðar flugvélarnar voru tilbúnar til flugs á sama tíma, og ók FI-614 út á undan. Hún fékk flugtaksheimild á braut 20, og vindátt var upp gefin 180° til 10, sem merkir, að vindur stefni í 180 gráður og sé 10 hnútar. Flugtak var kl. 7.31. FI-232 fékk síðan flugtaksheimild, og vindátt var gefin upp 180° til 10; flugtaksheimildinni fylgdu fyrirmæli um að hafa samband á bylgju 119,3, þegar flugvélin væri komin á loft. Flugtak var skráð kl. 7.32.

Báðar flugvélarnar voru í sambandi við flugturninn og fengu brottfararheimild á Lima-ferilinn, sem er 142°-geislinn frá fjölstefnuvita Keflavíkurflugvallar. Aðflugsstjórn Keflavíkurflugvallar tók síðan við flugvélunum frá flugturninum og stjórnaði brottflugi þeirra.

Kl. 7.31.57 tilkynnti FI-614 aðflugsstjórn brottför, sem kl. 7.32.03 stað-

festi móttöku, lýsti því, að fylgst yrði með flugvélinni í ratsjá og hún hefði heimild til flugs í þá stefnu, sem ákveðin hefði verið. Kl. 7.34.00 staðfesti aðflugsstjórn brottför FI-232 með efnislega sömu ummælum og fylgt höfðu staðfestingunni til FI-614.

Það, sem næst gerist, er þetta samkvæmt afritum af segulbandsupptöku af fjarskiptum á bylgju aðflugsstjórnar í Keflavík:

Kl. 7.35.35. Ákærður Björn, flugstjóri FI-232, kvartar yfir flugheimildinni og vekur athygli á því, að hann telji hugsanlega árekstrarhættu við FI-614 (að hann sjái ekki betur en þeir séu svona á „converging course" við DC-8).

Kl. 7.36.00 svarar ákærður Guðmundur úr aðflugsstjórn, að flugvélarnar sjáist báðar í ratsjá og hann sjái hæð FI-232.

Kl. 7.36.16 svarar ákærður Björn, að hann sjái FI-614, en lýsir jafnframt óánægju með flugheimildina. Hann vekur athygli á því, að engin takmörkun hafi verið sett á klifurhraða.

Kl. 7.36.34 svarar ákærður Guðmundur úr aðflugsstjórn, að flugvélarnar sjáist báðar í ratsjá; hefði hann sagt þegar eftir flugtak, að fylgst yrði með þeim í ratsjá.

Kl. 7.36.42 svarar ákærður Björn, að hann viti, að fylgst sé með þeim í ratsjá, en spyr ákærðan Guðmund, hvað hann ætli að gera, ef ratsjáin bili.

Kl. 7.36.49 biður ákærður Guðmundur flugstjóra FI-614 að greina frá flughæð.

Kl. 7.36.51 svarar flugstjóri FI-614, að flugvélin sé að fara gegnum fluglag 95 (9.500 feta hæð) og sé í 17 mílna fjarlægð frá fjölstefnuvita Keflavíkurflugvallar.

Kl. 7.36.55 gefur ákærður Guðmundur ákærðum Birni fyrirmæli um að haga klifri svo, að FI-232 sé a.m.k. 1.000 fetum undir FI-614.

Kl. 7.37.24 kallar ákærður Björn til flugstjóra FI-614, að hann verði að láta sig vita hver 1.000 fet, því að hann eigi að vera 1.000 fetum fyrir neðan.

Kl. 7.37.40 svarar flugstjóri FI-614 játandi og tekur fram, að flugvél hans hafi klifrað á 250 hnútum upp í 10.000 fet og nú fari hún upp í 300 hnúta.

Kl. 7.37.48 lætur ákærður Björn orð falla á þá leið við flugstjóra FI-614, að engu sé líkara en flugumferðarstjórarnir ætlist til, að flugstjórarnir sjái sjálfir um aðskilnað flugvélanna.

Kl. 7.37.50 andmælir ákærður Guðmundur þessum ummælum og vekur athygli á því, að ratsjáraðskilnaður sé á flugvélunum, sem þeir flugstjórarnir geti að vísu ekki fylgst með.

Kl. 7.38.13 tilkynnir flugstjóri FI-614 flug í gegnum fluglag 110 og lætur þess getið, að FI-232 sé allnærri FI-614 („OK ... 614, passing 110, 23 and pretty, pretty close to company 727").

Kl. 7.38.26 tilkynnir ákærður Björn, að hann hafi misst sjónar af FI-614, af því að hann fljúgi á móti sólu.

Kl. 7.38.26 tilkynnir flugstjóri FI-614 flug í gegnum fluglag 110 (11.000 feta hæð).

Kl. 7.38.37 tilkynnir ákærður Björn, að hann sé að fara gegnum fluglag 130 (13.000 feta hæð).

Kl. 7.38.45 tilkynnir flugstjóri FI-614 flugumferðaratvik („almost a near-miss") 25 mílur frá fjölstefnuvita Keflavíkurflugvallar, og hafi flugvél farið gegnum fluglag FI-614.

Kl. 7.39.00 gefur ákærður Guðmundur ákærðum Birni fyrirmæli um að klifra fyrir neðan FI-614.

Kl. 7.39.07 vekur ákærður Björn athygli ákærðs Guðmundar á því, að hann viti ekki, hvað FI-614 klifri. Hann verði að upplýsa, í hvaða hæð FI-614 sé; hann haldi, að flugvél sín, FI-232, sé komin upp fyrir FI-614.

Kl. 7.39.11 svarar ákærður Guðmundur, að flugstjóri FI-614 hafi átt að skýra ákærðum Birni frá því, í hvaða hæð FI-614 flygi.

Kl. 7.39.13 segist ákærður Björn ekki hafa heyrt ákærðan Guðmund segja flugstjóra FI-614 að gera þetta. Hann hafi reyndar sjálfur sagt þetta við flugstjóra FI-614.

Kl. 7.39.20 tilkynnir flugstjóri FI-614, að flugvél hafi verið þeim á vinstri hönd, þegar þeir hafi verið að fara í gegnum fluglag 110 (11.000 feta hæð). Nú séu þeir að fara gegnum fluglag 130 (13.000 feta hæð).

Kl. 7.39.36 gefur ákærður Guðmundur ákærðum Birni fyrirmæli um að klifra fyrir neðan FI-614 og flugstjóri FI-614 tilkynni honum hæðir.

Kl. 7.39.41 vekur ákærður Björn athygli ákærðs Guðmundar á því, að FI-232 sé komin í fluglag 140 (14.000 feta hæð), og spyr, hvort hann eigi að bíða, þangað til FI-614 sé komin upp fyrir FI-232 aftur.

Kl. 7.39.48-53. Ákærður Guðmundur fær þau svör, að FI-232 sé í fluglagi 145 (14.500 feta hæð), en FI-614 í fluglagi 135 (13.500 feta hæð).

Kl. 7.39.57 gefur ákærður Guðmundur ákærðum Birni fyrirmæli um að halda áfram klifri í fluglag 270 (27.000 feta hæð) og flugstjóra FI-614 að klifra a.m.k. 1.000 fetum undir FI-232 og ákærðum Birni að tilkynna flugstjóra FI-614 um fluglög, sem hann færi gegnum.

II.

Ákærður Guðmundur Richter gaf yfirflugumferðarstjóra skriflega skýrslu um atvikið, dagsetta 6. september 1984. Hann átti síðan viðtöl við rannsóknarnefnd flugmálastjórnar og gaf rannsóknarlögreglu ríkisins skýrslu 2. nóvember 1985. Loks kom hann fyrir sakadóm Reykjavíkur 13. september 1988.

Í skýrslu sinni 6. september 1984 lýsir ákærður flugtaki beggja flugvél-

anna í samræmi við það, sem þegar hefur verið greint, og tók fram, að ratsjáraðskilnaður hafi verið viðhafður þegar við flugtak. Nokkru eftir flugtakið hafi FI-232 farið að draga á FI-614, og þá hafi verið ljóst, að hæðaraðskilnaður væri nauðsynlegur. Því hafi FI-232 fengið fyrirmæli um að klifra a.m.k. 1.000 fetum undir FI-614. Síðar hefði komið í ljós, að FI-232 hefði ekki farið eftir hindruninni, heldur klifrað upp fyrir og fram fyrir FI-614 og stjórnendur hennar þá tilkynnt um flugumferðaratvik (near miss). Fyrirmælum um hæðaraðskilnað hafi seinkað nokkuð vegna þess, hversu mikið ákærður Björn hafi þurft að tjá sig á íslensku á aðflugsbylgjunni. Einnig hafi það truflað sig við stjórnina. Hann tók að lokum fram, að ratsjáin í Keflavík hefði ekki „virkað" á þessari stundu, þannig að hæð flugvéla hefði ekki sést.

Í skýrslu til rannsóknarnefndarinnar skýrði ákærður svo frá, að hann hefði áður talið sig hafa upplýsingar um, að flugvélar af gerðinni DC-8 (FI-614) klifruðu hraðar en B-727 (FI-232), og fengið þessar upplýsingar hjá Flugleiðum hf. Hann hefði fengið þetta staðfest eftir atvikið hjá flugumsjón Flugleiða hf. í Keflavík. Sig minnti, að klifurhraði DC-8 (FI-614) hefði verið gefinn upp 364 hnútar, en klifurhraði B-727 (FI-232) 330 hnútar.

Ákærður taldi í alla staði eðlilegt, að báðar flugvélarnar fengju flugheimild á sama ferli, þótt með stuttu millibili væri, þar sem þær hefðu verið aðskildar með ratsjá, eftir að þær fóru undir stjórn aðflugsstjórnar í Keflavík. Fram að þeim tíma hefði flugturninn séð um aðskilnað.

Frummerki („primary" merki) ratsjárinnar kvað ákærður hafa verið í lagi, en hins vegar ekki fylgimerki („secondary" merki). Hæðartölur hefðu ekki sést. Frummerkið dugi til ratsjárstjórnar, og í þessu tilfelli hafi verið stuðst við það.

Ákærður taldi í alla staði eðlilegt, að báðar flugvélarnar fengu flugheimild flugtak, reyndar mun meira, rétt undir 10 sjómílum. Hann áleit, að tæpar 2 mínútur hefðu liðið milli þess, að flugvélarnar fóru í loftið. Örugglega mun meira en 5 sjómílur hefðu verið milli þeirra, þegar ákærður Björn fór að kvarta, og nokkra stund áfram eftir það. FI-232 hefði hins vegar farið að draga á FI-614, þegar báðar flugvélarnar voru komnar á Limaferilinn.

Þá hefði hann gefið ákærðum Birni fyrirmæli um að klifra a.m.k. 1.000 fetum undir FI-614. Ekki hefði verið nauðsynlegt að gefa þessi fyrirmæli fyrir flugtak, þarna hefði hæðaraðskilnaður með ratsjá dugað. Sama ástæða hefði verið til þess, að hann hefði ekki talið ástæðu til að gefa annarri eða báðum flugvélunum fyrirmæli um að beygja af stefnu. Fyrirmælin um 1.000 feta aðskilnað hefði átt að skilja þannig, að fluginu skyldi hagað svo, frá því að fyrirmælin væru gefin.

Ákærður áleit, að ákærður Björn hefði átt að vita, í hvaða hæð FI-614

væri. Hann hefði átt að heyra það, þegar hann spurði flugstjóra FI-614 um það, en síðan hefði flugstjóri FI-614 átt að tilkynna ákærðum Birni hæðartölur.

Ekki kvaðst ákærður muna, hversu langt út FI-614 var komin, þegar tilkynnt var um flugumferðaratvikið. Hann kvaðst hafa séð ratsjármerkin („targetin") hlið við hlið. Hann taldi, að flugvélarnar hefðu ekki farið mjög nálægt hvor annarri, ferlarnir ekki runnið saman. Svo hefði verið að sjá sem FI-232 yki mjög ferðina, eftir að hún var komin á Lima-ferilinn. Að áliti ákærðs var útilokað, að mislesið yrði af skjánum. Þegar hann hefði spurt flugstjóra FI-614 um, í hvaða hæð hann væri, hefði verið 5 sjómílna aðskilnaður, en ört minnkandi hæð. Væri hann viss um, að ratsjáraðskilnaður hefði verið á flugvélunum fram til þess tíma. Hann kvaðst ekki hafa neina skýringu á því, hve stuttu eftir þetta flugvélarnar hittust. Þegar hann hefði gefið ákærðum Birni fyrirmæli um að fljúga 1.000 fetum undir FI-614, hefði hann verið að enda við að fá upplýsingar um hæð FI-614 og talið, að ákærður Björn hefði heyrt það. Hann hefði heyrt flugstjórana segja: „Við verðum að kalla hæðir." Ákærður tók fram aðspurður, að umferð hefði ekki verið mikil, þegar flugumferðaratvikið varð, og hann ekki illa fyrirkallaður, en þó orðinn langþreyttur og leiður á löngum og samfelldum vöktum.

Í skýrslu sinni til rannsóknarlögreglu ríkisins gerði ákærður grein fyrir því, að hann hefði starfað við flugumferðarstjórn á Keflavíkurflugvelli í 26 ár og gegnt stöðu varðstjóra í forföllum.

Þegar hann hefði tekið við aðflugsstjórn Keflavíkurflugvallar, hefði sér verið skýrt frá því, að ratsjáin væri að nokkru leyti biluð, þ.e. sá hluti hennar, sem sýndi tölur um stöðu flugvélanna og hæð þeirra. Sá hluti ratsjárinnar, sem var í lagi, hefði sýnt svokallað frummerki, en þar sjáist fjarlægð flugvélanna frá Keflavíkurflugvelli. Hringir gangi út frá ratsjárskjánum miðjum, og hvert bil milli þeirra sýni 10 sjómílur. Megi þannig marka fjarlægðina. Frummerkið sé nægjanlegt til þess að halda aðskilnaði milli flugvéla í að- og brottflugi frá flugvellinum.

Eftir að FI-614 hafi verið komin í loftið, kveðst ákærður hafa tekið við umferðarstjórn. Þetta sé allajafna gert mjög fljótlega eftir flugtak, en í þessu tilfelli kvaðst ákærður ekki muna, hversu fljótt það var. Þegar flugvélin fór í loftið, hefði hún verið með heimild til að fljúga á stefnu 142° á Lima-ferli án takmarkana.

Nálægt 2 mínútum seinna hafi FI-232 farið í loftið og þá fljótlega skipt yfir á aðflugsstjórn í Keflavík og farið undir umferðarstjórn hennar.

Eftir flugtak kveðst ákærður hafa séð flugvélarnar í ratsjánni, þ.e. frummerkið, og fjarlægðin milli þeirra hafi verið nær 10 mílum en 5. Fljótlega hafi ákærður Björn kallað og gert athugasemd við flugheimildina. Ákærður

kvaðst hafa svarað honum og sagt, að hann fylgdist með flugvélinni í ratsjá, og með því átt við, að fimm mílna löglegur aðskilnaður væri milli flugvélanna. Flugstjóri hafi þá kallað aftur og haldið áfram að kvarta, og kvaðst ákærður þá hafa ítrekað, að fylgst hefði verið með báðum flugvélunum í ratsjá, frá því að þær fóru í loftið. Um þetta leyti hafi sér virst sem bilið milli flugvélanna hefði tekið að minnka, með því að hraði FI-232 hefði aukist. Hafi hann þá séð, að aðskilja yrði flugvélarnar með öðrum hætti en hann hefði gert. Þá hafi hann beðið stjórnendur FI-614 um að gefa sér upp hæð, sem þeir hefðu gert, og minnti sig, að hæðin hefði verið 9.500 fet. Þá hafi hann kallað til FI-232 og gefið flugstjóra, ákærðum Birni, fyrirmæli um að klifra 1.000 fetum undir FI-614. Smáhlé hafi orðið á fjarskiptum, en þegar hann hafi ætlað að kalla til FI-614 og biðja stjórnendur hennar kalla hæð til FI-232, hafi ákærður Björn kallað í FI-614 og sagt, að þeir ættu að gefa upp hæð, því að FI-232 ætti að vera í 1.000 fetum undir FI-614. Kveðst ákærður hafa skilið þetta svo, að flugstjórarnir hefðu tekið af sér ómakið, skilið þá takmörkun, sem hann hefði þá sett. Hann hafi verið í góðri trú, þegar FI-232 hafi farið fram úr og upp fyrir FI-614, og haldið, að flugstjóri FI-232 hefði hlýtt þeim takmörkunum, sem hann hefði sett á klifur flugvélar hans, þ.e. að vera 1.000 fetum undir FI-614. Hann kvaðst allan tímann hafa séð frummerki beggja flugvélanna á ratsjárskjánum og þær nálgast, en þar sem hann hefði ekki séð, hversu hátt þær flugu, hefði hann talið víst, að FI-232 væri 1.000 fetum undir FI-614. Þegar FI-614 tilkynnti, að FI-232 hefði farið mjög nálægt fram úr og upp fyrir FI-614, kveðst ákærður hafa áttað sig á því, að ákærður Björn hefði ekki farið eftir fyrirmælum sínum að fljúga 1000 fetum undir FI-614. Hann hefði þá snúið takmörkuninni við og gefið FI-614 þau fyrirmæli að vera 1.000 fetum undir FI-232. Aðskilnaður hafi virst vera nægur, þar til FI-232 hefði aukið mjög hraðann. Þá hefði hann gefið framangreind fyrirmæli um hæðaraðskilnað. Eftir þeim fyrirmælum hefði flugstjórinn ekki farið, og sé það ástæðan fyrir því, hversu mikil hættan varð.

Ákærðum var kynnt niðurstaða rannsóknarnefndar flugmálastjórnar á þessu atviki og eftirfarandi ummæli borin undir hann: „Til þess að draga FI-614 (DC-8) uppi á þessum tíma og vinna upp 5 sjóm. radaraðskilnað hefur FI-232 þurft að hafa svo miklu meiri hraða/klst. heldur en FI-614, að það verður að teljast fráleitt. Aðskilnaðurinn var því að líkindum mun minni en 5 sjóm., líklega 1 - 2 sjóm."

Ákærður svaraði á þessa leið: „Mér virtist þetta vera svona, þ.e., að aðskilnaðurinn væri 5 mílur, en mér virtist hraði B-727 flugvélarinnar (FI-232) aukast talsvert um það leyti, sem ég gaf hindrunina, eða skömmu áður. Ég tel því, að ályktun loftferðaeftirlitsins um, að 1 - 2 sjóm. hafi verið milli flugvélanna, þegar ég gaf hindrunina, sé ekki rétt.

Ég hef hér heyrt hljóðritun af samtölum nefndra flugvéla við Keflavíkuraðflug í umrætt sinn. Ég kannast við mína rödd á þessu bandi, og svara ég fyrir Keflavíkuraðflug. Afritun samtalanna er rétt, og hef ég enga athugasemd við þetta."

Ákærður skoðaði uppdrátt af ratsjármynd, þar sem dreginn er upp („plottaður") ferill tveggja flugvéla, tími tilgreindur og fjarlægð frá Keflavík. Hann taldi, að verið gæti, að uppdrátturinn gæfi rétta mynd af flugleið vélanna FI-614 og FI-232, en hann gæti þó ekki staðfest, að hún hefði verið nákvæmlega eins og uppdrátturinn sýnir. Hann ætti þess engan kost að svara spurningunni nákvæmlega, því að uppdrátturinn væri miklu nákvæmari en tækin sýndu hverju sinni. Um fjarlægðartölur og tímaskráningu gæti hann ekkert sagt.

Hann kvaðst hafa tekið við aðflugsstjórn flugvélanna skömmu eftir flugtak. Þetta gengi þannig fyrir sig (sic), að flugturn gæfi flugvélum flugtaksheimild og segði þeim að skipta yfir til aðflugsstjórnar eftir flugtak. Algengast væri, að flugvélarnar skiptu yfir á aðflug innan mínútu frá flugtaki, en þetta væri þó dálítið breytilegt. Hann gæti ekki tímasett þetta nánar.

Samkvæmt segulbandsafriti af fjarskiptum milli aðflugsstjórnar og FI-232 klukkan 7.36.00 sagði ákærður það, sem hér segir: „Ég sé ykkur báða á radar, og það er nú bilaður hérna ... altso stafirnir, sem koma inn á, þannig að ég sé ekki hæðina á ykkur ennþá, en þegar þið nálgist, mun ég tékka hæðarskilnaðinn af, er tölurnar koma inn líka núna ... altso innan 10 mílna ... ég sé hæðina á þér núna." Með orðunum „...en þegar þið nálgist ..." hafi hann átt við, að hann sæi afstöðuna betur, þegar flugvélarnar væru komnar á Lima-ferilinn, því að fyrst eftir flugtak væru flugvélarnar í beygjum til þess að komast inn á stefnu. Flugmenn gerðu þetta með misjöfnum hætti, þannig að fjarlægðir breyttust, en hann fylgdist allan tímann með, þannig að aðskilnaður héldist. Orðin: „...mun ég tékka hæðaraðskilnaðinn af ..." bæri að skilja svo, að hann myndi gera það, ef með þyrfti. Setningin, þar sem komi fyrir orðin: „...innan 10 mílna ...", sé sögð, þegar hann sé truflaður vegna þess, að hæðartölur væru að koma inn og detta út af ratsjánni á þessum tíma.

Ákærður kveðst ekki hafa séð klukkan 7.36.55, að láréttur aðskilnaður væri minni en 5 mílur. Hann hafi gefið ákærðum Birni fyrirmælin um 1000 feta lóðréttan aðskilnað vegna hraðaaukningar hennar og minnkandi bils milli flugvélanna. Hann hafi ekki talið hæðaraðskilnað nauðsynlegan í upphafi, heldur ætlað að sjá, hvort lengdaraðskilnaður dygði ekki.

Ákærður kvaðst ekki hafa talið þörf á að leita staðfestingar á því, að ákærður Björn hefði heyrt fyrirmælin um 1000 feta aðskilnað, vegna samtals hans við flugstjóra FI-614 kl. 7.37.24, sem bæri með sér, að ákærður Björn hefði heyrt fyrirmæli sín um takmörkun, þegar hann hefði

sagt: „...nú verður þú, Magnús, að kalla hver þúsund, því við eigum að vera 1000 fet fyrir neðan þig". Ákærður Björn hefði ekki svarað sér, þegar hann gaf fyrirmælin um takmörkunina, en þegar á eftir hefði hann talað við Magnús flugstjóra á FI-614 og staðfest þar, að hann hefði heyrt.

Ákærður taldi víst, að ákærður Björn hefði heyrt, þegar flugstjóri FI-614 hefði aðspurður gefið upp flughæð skömmu áður, og þess vegna hefði hann ekki fullvissað sig um, að ákærður Björn hefði vitneskju um flughæð FI-614, þegar hann gaf fyrirmæli um hæðaraðskilnað, sbr. fjarskipti kl. 7.36.49, kl. 7.36.51 og 7.36.55. Eftir að ákærður Björn hefði sagt við flugstjóra FI-614, að hann yrði að gefa sér hæð hver 1000 fet, kvaðst ákærður hafa talið, að stjórnendur FI-614 myndu kalla hæð, því að FI-232 hefði ekki mátt fara í þá flughæð, sem ekki hefði verið tilkynnt laus. Ákærður kvaðst aðspurður muna eftir því, að flugstjóri FI-614 hefði gefið upp hæðina 95, 9500 fet, og síðan hefði hann gefið upp einhverja aðra hæð, sem hann [myndi] nú ekki, hver væri. Ekki mundi ákærði, hvort hann hefði heyrt flugstjóra FI-614 gefa upp hæðir, eftir að hann hafði sett takmörkun á FI-232. Ákærður vildi og taka fram, að ákærður Björn hefði enga athugasemd gert, þegar hann setti takmörkunina, t.d., að hann gæti ekki farið eftir henni, vegna þess að hann væri að nálgast þá hæð, sem FI-614 hefði tilkynnt skömmu áður. Hann hefði ekki spurst fyrir um hæð.

Ákærður kvaðst hafa fengið upplýsingar frá flugumsjón Flugleiða hf. í Keflavík nokkru fyrir þetta atvik, að flugvél af gerðinni DC-8 (FI-614) klifraði hraðar en B-727 (FI-232), og eftir flugumferðaratvikið hefðu þeir flugumferðarstjórar leitað eftir staðfestingu á því hjá flugumsjón og fengið staðfest.

Ákærður kvað varðstjórann Kristin ekki hafa verið inni hjá sér, þegar þetta var að gerast. Hann hefði ekki komið fyrr en eftir atburðina. Síðar þennan sama dag hefði ákærður Björn hringt í sig, eftir að hann kom úr ferðinni, og látið í ljós þá von, að ekki yrðu eftirmál. Hefði hann sagst hafa misst sjónar á FI-614 í sólskininu. Kveðst ákærðum hafa fundist sem ákærður Björn segði þetta í afsökunartón, og hefði ákærður sagt honum, að hann hefði engan áhuga á að kæra þetta, en víst yrði þetta rannsakað, þar sem flugstjóri FI-614 hefði kært þetta.

Í skýrslu sinni hér fyrir dómi mótmælti ákærður því, að hann hefði ekki sýnt nægilega aðgæslu við brottflug FI-232, þar á meðal, að hann hefði ekki haldið nægilegum aðskilnaði og hann hefði ekki gripið í tíma til takmarkana á hraða og klifri FI-232. Enn fremur mótmælti hann því, að mjög litlu hefði munað, að flugvélarnar rækjust á. Ekki vildi hann rengja framburð flugliða FI-614 um nálægð flugvélanna. Að öðru leyti vísaði hann til skýrslna sinna hjá rannsóknarnefnd flugmálastjórnar og rannsóknarlögreglu ríkisins.

Vegna framburðar Kristins Jóhanns Sigurðssonar tók ákærður fram, að hann væri því ekki samþykkur, að frummerkið á ratsjánni hefði verið lélegt.

Vegna framburðar Einars Róberts Árnasonar og Markúsar Þórhallssonar tók ákærður fram, að fylgimerkið hefði verið að koma og fara, en það eigi að vera stöðugt. Ekki mundi hann, hvort fylgimerkið hefði verið á skjánum, þegar atvikið varð, en frummerkin hefðu verið á hlið, nálægt hvort öðru, en ekki runnið saman. Önnur umferð hefði ekki verið í næstu grennd við flugvélarnar.

Ekki vissi ákærður, hvort tilkynnt hefði verið um bilanir. Slíkt sé í verkahring varðstjóra, en hann hafi vitað, að bilun væri í tækinu. Þá kvaðst ákærður hafa hringt í flugumsjón Flugleiða hf. á Keflavíkurflugvelli, en fengið þar rangar upplýsingar um hraða flugvélanna í klifri.

Ákærður tók fram, að hann hefði verið leystur frá störfum um tíma, gengið til sálfræðings, farið í læknisskoðun og staðist hæfnispróf, en eftir það og fram til þessa dags hefði hann starfað sem flugumferðarstjóri. Vera megi, að leiði vegna of mikils vinnuálags hafi haft einhver áhrif á störf hans, þótt hann geri sér ekki grein fyrir því.

Kristinn Jóhann Sigurðsson varðstjóri gaf rannsóknarlögreglu ríkisins skýrslu 30. október 1985.

Hann kveðst hafa komið á dagvakt kl. 7.30 og skipað mönnum til starfa. Ákærðan Guðmund Richter setti hann til starfa við aðflugsratsjá í Keflavík, Jón Óskarsson við aðflugsratsjá fyrir Reykjavík, og í flugturninn skipaði hann til starfa Bjarna Nikulásson, Harald Ólafsson og Ólaf Guðjónsson. Sjálfur hafi hann fyrst verið frammi í setustofu við störf sín.

Um flugumferðaratvikið kvaðst hann ekki hafa vitað, fyrr en hringt var í innanhússíma frá flugturninum, og minnti hann, að Bjarni Nikulásson hefði hringt og sagt sér, að eitthvað væri að gerast í Keflavíkuraðflugi. Hann hefði þá farið til ákærðs Guðmundar og séð, hvað var á seyði, en atburðir voru þá afstaðnir og FI-232 komin fram úr. Þegar hann kom inn til ákærðs, hefði hann séð í ratsjánni, að FI-232 hefði verið að fara fram úr og upp fyrir FI-614, sem þó hefði farið fyrr í loftið. Hann hefði ekkert getað aðhafst, þar sem atvikið hafði þegar orðið og hætta liðin hjá.

Ratsjáin hefði verið léleg þennan morgun, ratsjársvarinn óvirkur að mestu innan 20 mílna. Frummerkið á ratstjánni lélegt, en þó ekki svo slæmt, að ekki hefði verið hægt að nota það til ratsjáraðskilnaðar á flugvélum. Hann kvað þá flugumferðarstjórana hafa vitað, þegar þeir komu á vaktina, að fylgimerkið á ratsjánni, þ.e. ratsjársvarinn, hefði verið bilað og ekki virkað innan 20 mílna frá Keflavík. Merkið hefði sést öðru hverju, en ekki verið hægt að byggja neitt á því.

Hann kvað ekki hafa verið þörf á að gefa nein fyrirmæli til aðflugsstjórn-

ar um takmarkanir á heimildum í brottflugi, þótt fylgimerkið væri ekki marktækt. Flugumferðarstjóri með réttindi vissi, hvað hann ætti að gera. Þegar hann hefði talað við ákærðan Guðmund, hefði hann sagst hafa ratsjáraðskilnað á flugvélnum og notast við frummerkið, þó svo að það hafi verið lélegt. Þannig hefði hann getað haldið nægilegu bili milli flugvélanna, en orðið að gera sérstakar ráðstafanir til að tryggja hæðarmun. Þegar hann hefði orðið var við, að saman dró með flugvélunum, hefði hann orðið að grípa til annarra aðgerða, svo sem að halda hæðaraðskilnaði.

Bjarni Jón Nikulásson flugumferðarstjóri gaf rannsóknarlögreglu ríkisins skýrslu 29. október 1985.

Hann kvaðst hafa starfað sem flugumferðarstjóri í 20 ár og alltaf verið á Keflavíkurflugvelli.

Daginn, sem flugumferðaratvikið varð, hefði hann byrjað á dagvakt kl. 7.30 og unnið í flugturni ásamt Ólafi Guðjónssyni og Haraldi Ólafssyni. Í aðflugsstjórn í Keflavík hefði verið ákærður Guðmundur Richter, en Jón Óskarsson í aðflugsstjórn Reykjavíkur. Varðstjóri hefði verið Kristinn Sigurðsson.

Eftir að hafa fengið heimild til að leyfa FI-614 að fara í loftið, hefði hann gefið flugtaksleyfi, og því hefðu fylgt fyrirmæli um að skipta yfir til aðflugsstjórnar í Keflavík eftir flugtak.

Nokkru eftir að flugvélarnar voru komnar í loftið, hefði hann heyrt í hátölurum í turninum samtal ákærðs Björns við ákærðan Guðmund í aðflugsstjórn í Keflavík. Hefði ákærður Björn kvartað yfir heimildinni, sem hann hefði fengið til að klifra í þá stefnu, sem honum var ætluð. Ákærður Guðmundur hafi þá sagt, að flugvélarnar væru aðskildar ratsjáraðskilnaði. Síðan hefðu orðið umræður um þetta og þar á meðal um ratsjána og nokkurt þvarg í ákærðum Birni. Hefði honum virst sem ákærður Guðmundur kæmist ekki að til að gera breytingar og talsverður tími farið þar forgörðum. Hefði ákærður Björn sagt við flugstjóra FI-614, að þeir yrðu að gera þetta sjálfir, og spurt, í hvaða hæð hann væri. Flugstjóri FI-614 hefði svarað og sagst vera að fara í gegnum fluglag 95 (9.500 feta hæð), en ekki kvaðst vitnið muna til þess, að ákærður Björn hefði svarað.

Eftir þetta hefði ákærður Guðmundur komist að í talstöðinni og ætlað að grípa til þess ráðs að halda FI-232 1.000 fetum undir FI-614. Hefði ákærður Guðmundur verið að tala við flugstjóra FI-614 og fá hæð hjá honum, þegar ákærður Björn hefði komið inn í talviðskipti þeirra og skýrt svo frá, að hann væri að fara gegnum fluglagið, sem flugstjóri FI-614 hefði sagst vera að fara í gegnum, og spurt, hvort hann ætti aftur að lækka flugið niður í þá hæð. Fljótlega upp úr þessu hefði flugstjóri FI-614 kallað og sagst sjá FI-232 koma upp fyrir framan flugvél sína og kallað „near miss".

Eftir þetta hefði orðið smáhlé, og minnti sig, að talviðskiptum hefði þá

verið beint til flugstjórnar í Reykjavík. Hann kveðst þó muna eftir því, að skömmu seinna hafi flugstjóri FI-614 komið inn á bylgju hjá aðflugsstjórn í Keflavík og beðið um, að menn rituðu minnispunkta um atvikið.

Mat vitnisins á atburðum var það, að ákærður Björn hefði komið auga á eitthvað, sem betur hefði mátt fara úr hendi ákærðs Guðmundar um brottflugið. Hann hefði þá brugðið á leik til þess að valda flugumferðarstjóranum gremju að ástæðulausu, eins og hann sé þekktur fyrir að gera. Hann hefði þó í þetta sinn misst tökin á leiknum og sett 403 menn í verulega hættu.

Aðspurt taldi vitnið, að tíminn, sem leið, frá því að fyrri flugvélin fór í loftið, nánar tiltekið, frá því að hún sleppti flugbrautinni, og þar til seinni flugvélin sleppti brautinni, hefði verið um 2 mínútur. Flugtaksbrunið taki fyrri flugvélina um það bil eina mínútu, og þá fyrst hefði seinni flugvélinni verið veitt heimild til þess að aka í brautarstöðu. Þessu til viðbótar komi, að tími í flugi sé gefinn í mínútum, þannig að það, sem sé umfram hálfa mínútu, verði að heilli.

Jón Óskarsson flugumferðarstjóri gaf rannsóknarlögreglu ríkisins skýrslu 29. október 1985.

Hann kvaðst hafa heyrt, þegar ákærður Björn kallaði og talaði við ákærðan Guðmund Richter og lét í ljós óánægju með þá flugheimild, sem hann hefði. Meðan á þessum orðaskiptum stóð, hefðu flugvélarnar nálgast hratt hvor aðra, þannig að hætta hefði vofað yfir. Hann kvaðst sjálfur hafa heyrt orðaskipti milli ákærðra, Guðmundar og Björns, en ekki hafa haft nein afskipti af málum, fyrr en allt var um garð gengið. Hann hefði þá hringt í flugumsjón Flugleiða hf. á Keflavíkurflugvelli og fengið þær upplýsingar, að DC-8 (FI-614) ætti að fljúga hraðar í klifri en B-727 flugvélin (FI-232). Hann kvaðst hafa leitað eftir þessum upplýsingum til þess að geta gert sér betur grein fyrir því, hvers vegna þetta hefði gerst.

Hann kvað ákærðan Guðmund enga takmörkun hafa sett á flug FI-232, þegar hann gaf heimild til flugtaks frá Keflavík. Hefði ákærður Guðmundur líklega álitið tímann milli flugtaks flugvélanna nægja, til þess að ekki yrði hætta á árekstri, að auki myndi hann hafa ratsjársamband við flugvélarnar þegar eftir flugtak. Einnig mætti telja fullvíst, að flugvélarnar hefðu verið aðskildar hæðaraðskilnaði og hann haldist um hríð, eftir að seinni flugvélin, FI-232, hóf flug.

Aðflugsratsjáin hefði ekki verið í fullkomnu lagi þennan dag, en það hefði ekki komið í ljós, fyrr en farið var að leiðbeina þessum tveimur flugvélum með ratsjánni, hversu léleg hún var, því að viðmiðun hefði ekki fengist áður á þessari vakt. Ekki kvaðst hann muna eftir því, að á vaktaskiptum hefði verið sagt frá því, að ratsjáin væri ekki í lagi. Hann telur þó fullvíst, að svo hafi verið gert, þótt hann hafi ekki heyrt það.

Ólafur Þórir Guðjónsson flugumferðarstjóri gaf rannsóknarlögreglu ríkisins skýrslu 29. október 1985.

Hann kvaðst hafa starfað sem flugumferðarstjóri og tæknilegur ráðunautur í flugöryggis-, fjarskipta- og björgunarmálum frá árinu 1946 til þessa dags. Á þessu tímabili hefði hann starfað hjá íslensku flugmálastjórninni, Sameinuðu þjóðunum og í Saudi-Arabíu. Hann hefði komið á dagvakt fimmtudaginn 6. september 1984 kl. 7.30 og mönnum þá verið skipað til starfa. Venjan sé að kanna, hvort eitthvað sé bilað, einhverjar framkvæmdir í gangi eða viðgerðir, og svo sé að sjálfsögðu hugað að umferð flugvéla. Þetta sé allt athugað í flugturni, og kvaðst hann ekki minnast þess, að neitt sérstakt hefði verið að þennan morgun og ekkert bilað. Ekki kvaðst hann vita, hvort tilkynnt hefði verið um einhverja bilun hjá aðflugsstjórn í Keflavík.

Hann kvaðst vel muna eftir þessum tveimur flugvélum, sem málið snýst um. Í flugturninum séu hátalarar, og sé hægt að hlusta, t.d. á aðflug í Keflavík, flugturn í Reykjavík, aðflug í Reykjavík og flugstjórn í Reykjavík. Í flestum tilfellum hlusti þeir einungis á fjarskipti í Keflavík.

Hann kvaðst hafa fylgst með flugtaki flugvélanna og allt farið eðlilega fram. Fyrst hefði FI-614 farið í loftið og flugstjóra verið sagt í flugtaksheimild að hafa talsamband við aðflugsstjórn í Keflavík eftir flugtak. Skömmu síðar hefði ákærður Björn tilkynnt FI-232 tilbúna til flugtaks. Bjarni Nikulásson hefði þá haft samband við aðflugsstjórn í Keflavík og talað við ákærðan Guðmund og fengið brottflugsleyfi handa flugvélinni án athugasemda. Bjarni hefði síðan gefið FI-232 heimild til flugtaks og jafnframt mælt svo fyrir, að eftir flugtak skyldi skipt til aðflugsstjórnar í Keflavík.

Eftir að FI-232 hefði verið komin í loftið og skipt yfir til aðflugsstjórnar í Keflavík, kveðst vitnið fljótlega hafa heyrt í hátalara, að flugstjórinn væri að tala við aðflugsstjórn í Keflavík. Vegna þess að ákærður Björn hafi oft áður verið með óþarfar og miður kurteislegar athugasemdir og orðræður við flugumferðarstjóra í talstöð, hafi hann tekið að hlusta betur eftir samtalinu, enda heyrt, að eitthvað meira en venjulegt var á seyði. Hann hafi bent Bjarna á að hlusta einnig og hann gert það. Hann kvaðst strax hafa orðið var við, að eitthvað væri athugavert, að flugstjórinn væri að gera athugasemd við aðskilnað flugvélanna. Kvaðst hann muna, að flugstjórinn segðist vera að stefna á aðra flugvél og spurðist fyrir um það, hvað hann ætti að gera. Ákærður Guðmundur, sem var við aðflugsstjórn í Keflavík, hefði varla komist að vegna málgleði flugstjórans.

Hann kvaðst ekki hafa getað skipt sér af þessu, en þó haft samband við Kristin varðstjóra og sagt honum, að eitthvað væri að gerast, og mælst til, að hann færi inn ákærðum Guðmundi til aðstoðar, ef ástæða væri til. Ekki vissi hann síðan, hvað hann hefði aðhafst.

Einhvern tímann um þetta leyti hefði hann heyrt tilkynnt frá FI-614, að orðið hefði flugumferðaratvik (near miss). Eitthvað hefði verið talað áfram, sem hann hefði ekki heyrt, en síðan hefði fjarskiptum verið skipt yfir á 120,7 mhz, sem væri flugstjórn í Reykjavík. Hann hefði síðan stillt á aukahlustunartæki á 120 mhz og heyrt, að eitthvað hefði verið rætt um atburðinn. M.a. hefði hann heyrt, að flugstjóri FI-614 vildi draga í land og sagt, að atvikið væri ekki eins alvarlegt og hann hefði talið í fyrstu.

Síðar þennan sama dag, þegar ákærður Björn hefði komið heim úr flugi-nu, kveðst hann hafa vitað, að hann hefði hringt í turninn í Keflavík og spurt, hvort ekki væri hægt að draga kæruna til baka, ef hann hefði verið kærður. Hann hélt, að ákærður Björn hefði talað við ákærðan Guðmund um þetta.

Haraldur Ólafsson flugumferðarstjóri, sem var að störfum þennan morgun, kom ekki til að gefa skýrslu, þar sem hann var við framhaldsnám í Bandaríkjunum og ekki væntanlegur fyrr en nk. áramót, 1985 - 1986.

Sigurjón Friðþjófur Jónsson flugumsjónarmaður gaf rannsóknarlögreglu ríkisins skýrslu 4. nóvember 1985.

Hann kvaðst umræddan fimmtudagsmorgun, 6. september 1984, hafa verið á vakt. Þá hafi verið hringt frá flugturninum og spurst fyrir um flughraða DC-8 (FI-614) og B-727 (FI-232) flugvéla í klifri. Hann kvaðst ekki hafa haft handbæra skrá yfir hraða flugvélanna og því hringt í flugumsjón Flugleiða hf. í Reykjavík, en þar væru gerðar flugáætlanir þessara flugvéla. Fyrir svörum hefði orðið Gunnar Skaftason, sem hefði gefið sér upp tölur um þetta, en hann skrifað þær á blað samkvæmt fyrirsögn Gunnars og látið flugumferðarstjóra í flugturninum á Keflavíkurflugvelli hafa. Hann kvaðst muna eftir þessu símtali, en ekki geta fullyrt um, hvort það hefði farið fram fimmtudaginn 6. september 1984. Ekki myndi hann heldur eftir neinum tölum í þessu sambandi og geti því ekkert tjáð sig í þeim efnum.

Gunnar Ólafur Skaftason flugumsjónarmaður gaf rannsóknarlögreglu ríkisins skýrslu 6. nóvember 1985.

Hann kvaðst hafa starfað sem flugumsjónarmaður hjá Flugleiðum hf. frá því árið 1968, en þar áður verið siglingafræðingur. Hann hefði gegnt stöðu varðstjóra í flugumsjón Flugleiða hf. í Reykjavík frá árinu 1968.

Hann kveðst muna eftir því, að umræddan dag, 6. september 1984, hafi verið hringt til sín frá Keflavík, og minnti sig, að það hefði verið frá aðflugsstjórn í Keflavík. Hefði verið spurst fyrir um klifurhraða DC-8 (FI-614) og B-727 (FI-232) flugvéla og hann gefið þær upplýsingar, að B-727 (FI-232) flugvélin klifraði hraðar en DC-8 flugvélin (FI-614), hún væri fljótari í hæð, en eftir að þangað væri komið, væri flughraði þeirra sá sami. Ekki kvaðst hann muna til þess að hafa gefið upp tölur í þessu sambandi. Hann kvaðst muna eftir þessu samtali vegna þess, að síðar

þennan sama dag hefði hann frétt af árekstrarhættu í lofti eftir flugtak frá Keflavík um morguninn.

Vegna þess, sem Sigurjón Friðþjófur Jónsson sagði í skýrslu sinni hjá rannsóknarlögreglu ríkisins um samtal við vitnið um klifurhraða áðurgreindra flugvéla, sagði hann, að hringt hefði verið frá flugumsjón Flugleiða hf. í Keflavík til að spyrjast fyrir um þetta. Hann héldi, að hringt hefði verið frá aðflugsstjórn í Keflavík. Það væri einnig hugsanlegt, að hann hefði farið í flugáætlun flugvélanna og athugað áætlaðan klifurhraða, en þar væri hann skráður. Flughraði DC-8 flugvélar (FI-614) í klifri væru röskir 380 hnútar, en B-727 (FI-232) flugvélar 433 hnútar. Þetta færi að sjálfsögðu eftir þyngd flugvélanna hverju sinni, hitastigi o.fl. Hann kvaðst hafa haldið, að flugumferðarstjórar hefðu það á blaði hjá sér, hver klifurhraði flugvéla væri eftir tegundum. Enginn hefði spurt sig fyrir þessi flug, hver væri klifurhraði þessara flugvéla, en þegar hann var spurður, hefði hann gefið þær upplýsingar, að B-727 (FI-232) klifraði töluvert hraðar en DC-8 (FI-614).

Ákærður Björn Guðmundsson gaf rannsóknarnefnd flugmálastjórnar skýrslu eftir atvikið og síðan rannsóknarlögreglu ríkisins 15. nóvember 1985. Loks kom hann fyrir dóm 13. september 1988 og gaf þar skýrslu.

Í skýrslu sinni til rannsóknarnefndar flugmálastjórnar kvaðst ákærði hafa kallað, þegar hann var í vinstri beygju á brautarstefnu í 2000 feta hæð, og flugturninn hefði þá veitt heimild til þess að stýra flugvélinni inn á Lima-ferilinn. Hann kvað FI-614 hafa verið fyrir ofan og vinstra megin við sig, og hefði hann gert þá athugasemd, að árekstrarhætta væri hugsanleg, „... taldi, að við værum á converging course", eins og segir í skýrslunni, en verið svarað, að þeir væru undir ratsjárstjórn. Flugumferðarstjóri hefði þá getið þess, að hann sæi ekki, hversu hátt flugvélarar væru. Ákærður hélt, að hann hefði ekki fengið svar við þeirri spurningu, hvort hraðatakmörkun hefði verið sett á. Síðar hefðu komið þau fyrirmæli frá turni, að FI-232 ætti að fljúga 1.000 fetum undir FI-614, en hann hefði þá spurt, hvernig þeir ættu að sjá, í hvaða hæð FI-614 væri. Um þessar mundir hefði hann kallað og sagst vera hættur að sjá FI-614. Ákærður Guðmundur hefði, að hann hélt, tvítekið það fram, að þeir væru undir ratsjárstjórn. Eftir þetta hefði flugumferðarstjórinn spurt flugstjóra FI-614, í hvaða hæð flugvélin væri, og kvaðst ákærði ekki muna glöggt eftir að hafa heyrt svarið. Aðspurður um það, hvort hann hefði heyrt tilkynningu frá FI-614 í fluglagi 95 (9.500 feta hæð), svaraði ákærður, að hann teldi sig ekki hafa tekið þetta sem viðmiðun og ekki geta staðsett hæð flugvélar sinnar þarna.

Meðan á þessu stóð, hefðu báðar flugvélarnar haldið áfram að klifra og engin ákveðin fyrirmæli borist um það, í hvaða hæð hann ætti að fljúga.

Kvaðst hann hafa staðnæmst í fluglagi 140 (14.000 feta hæð), því að þá hefði hann viljað vita, hvar hann væri staddur. Hann hefði séð FI-614 hverfa í sólina u.þ.b. 30° vinstra megin við flugvél sína og ekki séð FI-614, þegar hann hefði farið fram úr.

Ekki kvaðst ákærður geta svarað því, hversu langt FI-614 hefði verið á undan FI-232, þegar hann beygði undan eftir flugtak og sá hana. Hann kvaðst álíta, að það, sem gerst hefði, væri, að FI-614 klifraði á 250 hnútum upp í 10.000 fet, en FI-232 klifri á 310 hnútum, þegar ekki séu settar hraðatakmarkanir. Þá taldi ákærður trúlegt, að FI-614 hægði á klifrinu við 10.000 fetin, þegar hún yki hraðann upp í 300 hnúta.

Að lokum óskaði ákærður að taka fram, að ekki yrði tveimur flugvélum gefin sama brottfararheimild, þegar þær flygju á sama ferli á svipuðum hraða. Í þess stað yrði þess gætt að halda hliðaraðskilnaði, svo að slíkt gerðist ekki aftur.

Í skýrslu sinni til rannsóknarlögreglu ríksins kvað ákærður allan undirbúning flugsins hafa verið eðlilegan, og hefði hann fengið leyfi til flugtaks og flugheimild á Lima-feril án takmarkana, nema ákveðið hefði verið, að FI-232 skyldi fara í fluglag 270 (27.000 feta hæð). Eftir flugtak hefði hann beygt inn á Lima-ferilinn, þegar flugvélin hefði náð 1.500 feta hæð. Klifurhraðinn hefði verið samkvæmt flugtölvu, og gerði hann ráð fyrir u.þ.b. 310 - 320 hnútum. Í þann mund, sem hann hefði verið að beygja inn á stefnu, —að hann minnti,— hefði hann kallað í aðflugsstjórn í Keflavík og gert athugasemd við flugheimildina. Hefði hann vakið athygli á því, að ferlar flugvélanna FI-614 og FI-232 kynnu að skerast, en FI-614 hefði verið á undan. Frá aðflugsstjórn hefði verið svarað, að fylgst væri með flugvélunum í ratsjá og aðskilnaður tryggður. Meðan hann hefði verið að tala við ákærðan Guðmund, hefði hann dregið úr klifri vélarinnar og hraði hennar þá aukist. Þegar hann hefði síðan byrjað að klifra aftur, hefði hann notað þennan hraða og klifrið því verið nokkuð bratt. Um sömu mundir hefði FI-614 horfið sjónum hans í sólskinið. Nokkru seinna hefði flugstjórinn á FI-614 gefið upp hæðina 110 (11.000 fet), en þá hefði hann verið kominn í fluglag 130 (13.000 feta hæð).

Ákærður hlustaði á hljóðupptöku á samtölum flugliða við aðflugsstjórn í Keflavík, og einnig sá hann afrit hljóðupptökunnar. Kvaðst hann gera ráð fyrir, að það væri hann, sem talaði, og afrit væri rétt, og hefði hann engar athugasemdir að gera. Einnig sá ákærður uppdrátt af ferlum tveggja flugvéla, sem markaðir voru eftir ratsjá í Keflavík umrætt sinn. Ekki treysti hann sér til þess að staðfesta uppdráttinn, en sýndist þó stefna flugvélanna vera nálægt lagi.

Ákærðum var kynnt niðurstaða og efni skýrslu rannsóknarnefndar flugmálastjórnar og spurður, hvað hann hefði um hana að segja. Ákærður

kveðst ekki kannast við, að til þess sé ætlast, að flugmenn breyti klifurhraða, nema um það komi bein fyrirmæli frá flugmálastjórn. Hann kvaðst mótmæla niðurstöðu Þóris Magnússonar flugumferðarstjóra, þar sem hann hefði eftir sér, að flugvélin væri á stefnu, sem valdið gæti árekstri milli flugvélanna. Þetta væri röng þýðing á orðunum „converging course", sem hann hefði notað. Með þeim hefði hann átt við, að árekstrarhætta væri hugsanleg, ef ekki yrði breytt út af heimild. Flugumferðarstjórinn hefði hins vegar sannfært sig um, að slík hætta væri ekki fyrir hendi, með því að segja, að flugvélarnar væru undir ratsjárstjórn. Þess vegna hafi hann farið eftir þeim fyrirmælum, sem sér hefðu verið gefin.

Hann kvaðst aðspurður ekki hafa mátt ætla, að FI-232 drægi FI-614 uppi vegna meiri hraða og klifurgetu, þar sem hann þekkti ekki flugeiginleika hinnar flugvélarinnar og vissi ekki, á hvaða hraða flugvélar af þeirri tegund klifruðu. Hann þekkti lítið til flugvéla af þessari gerð, þar sem hann hefði aldrei flogið þeim.

Ekki kvaðst ákærður treysta sér til þess að dæma um fjarlægð milli flugvélanna, þegar hann kvartaði yfir flugheimildinni. Hann hefði talið á því andartaki, að ekki væri nein hætta. Ekki treysti hann sér heldur til þess að staðsetja flugvélarnar á uppdrátt, sem fyrir lá.

Ákærður var spurður að því, „hvers vegna hann hefði látið FI-232 (TF-FLI) halda óbreyttri stefnu í u.þ.b. tvær og hálfa mínútu, eftir að hann varð þess var, að flugleiðir vélanna skærust". Ákærður kvaðst ekki geta svarað þessu, því að spurningin væri ekki rétt fram borin. Hann hefði aldrei sagt, að ferlar flugvélanna skærust, og vissi ekki fyrr en eftir atvikið, að ferlarnir hefðu skorist. Ástæðan fyrir því, að hann hefði ekki beygt af leið, eftir að hafa misst sjónar á FI-614 vegna sólarljóss, væri sú, að hann hefði treyst ákærðum Guðmundi, og hann hefði engin fyrirmæli gefið um breytingu. Ákærður kvað sér kunnar flugreglur frá 11. september 1975 með síðari breytingum, en athygli hans var vakin á greinum 3.2.2, um leiðarrétt, og grein 3.2.3.2, um framúrflug. Hann kvaðst þekkja þessar reglur, en ekki talið sig vera að brjóta þær.

Aðspurður um það, hvort honum hefði ekki borið skylda til að breyta út af flugáætlun, þar sem hann hefði flogið við sjónflugsskilyrði, til þess að ekki yrði stofnað til hættu, svaraði hann því til, að hann hefði breytt út af, ef hann hefði talið, að hætta væri í aðsigi. Hann hefði vakið athygli á hugsanlegri hættu, en hún hefði ekki verið fyrir hendi.

Aðspurður um flughæð og fjarlægð FI-614 frá Keflavík kvaðst ákærður muna að hafa heyrt áhöfn flugvélarinnar tala um 11.500 fet og taldi sig einnig hafa heyrt fyrirmæli aðflugsstjórnar í Keflavík um, að hann skyldi klifra 1.000 fet undir FI-614. Hann hefði hins vegar aldrei fengið neinar hæðartölur til þess að geta farið eftir þessum fyrirmælum flugumferðarstjóra.

Þau hefðu borist svo seint, að hann hefði verið kominn upp fyrir hina vélina, þegar hann ætlaði að fara að fylgja þeim.

Honum þótti trúlegt, að hann hefði heyrt, að flugstjóri FI-614 hefi sagt kl. 7.37.40: „Já, já, og við höfum verið á tvö hundruð og fimmtíu upp í tíu og förum upp í þrjú hundruð núna.“ Úr því að hann teldi mjög trúlegt, að hann hefði heyrt þetta, var ákærður spurður, hvers vegna hann hefði ekki haldið sig 1.000 fetum undir FI-614. Svaraði ákærður því til, að hann hefði ekki álitið, að FI-614 hefði verið að fara yfir 10.000 fetin.

Ákærður var spurður að því, hvort honum hefði ekki borið skylda til að hætta klifri, þar til hann vissi, í hvaða hæð sú flugvél var, sem hann átti að halda sig 1.000 fetum undir. Hann svaraði því til, að hann áliti það ekki vera. Hann hefði engar upplýsingar fengið um það, í hvaða hæð flugvélin væri, og ekki heldur nein fyrirmæli frá ákærðum Guðmundi um að hætta klifri.

Þá var ákærður spurður að því, hvort flugstjórum, sem fengið hefðu takmarkaða heimild, svo sem að klifra 1.000 fetum undir annarri flugvél, væri ekki óheimilt að klifra í tiltekna hæð, ef hún hefði ekki verið tilkynnt laus, þ.e., að flugvélin, sem á undan færi, hefði tilkynnt sig þá 1.000 fetum ofar. Ákærður svaraði því, að almennt væri það svo, að flugvélum væri gefin heimild til klifurs í ákveðna hæð og þá stundum sett sú takmörkun að fljúga 1.000 fetum undir annarri flugvél. Í þessu tilfelli hefði vantað hluta af fyrirmælunum, upplýsingar um, í hvaða hæð flugvélin var, sem á undan fór. Ákærður kvaðst hafa treyst ákærðum Guðmundi, og athugasemdir sínar um það, hvað hann ætlaði að gera, ef ratsjáin bilaði, hefðu verið gerðar í þeim tilgangi að koma í veg fyrir hættu, en til þess hefði getað komið, ef tækjabúnaður bilaði.

Ekki hafði ákærður neitt við aflestur á flugrita FI-232 að athuga.

Ákærður tók fram, að hann hefði tilkynnt, þegar hann sá ekki lengur til FI-614, enda hefði hann þá talið, að hann væri ekki lengur í sjónflugsskilyrðum með sólina beint fram undan. Þegar hann kom til Íslands, kveðst hann hafa rætt við ákærðan Guðmund í bróðerni fram og aftur, en ekki muna orðaskipti. Hann taldi öruggt, að ákærður Guðmundur hefði þá sagt sér, að hann hefði haldið, að FI-614 klifraði hraðar en FI-232, og hann hefði fengið þær upplýsingar hjá Flugleiðum hf., án þess þó að nefna heimildarmann. Hann taldi hins vegar mjög ólíklegt, að hann hefði gefið í skyn við ákærðan Guðmund, að einhverjum yrði refsað fyrir þetta atvik.

Í skýrslu sinni hér fyrir dómi kvaðst ákærður ekkert hafa við efnislýsingu ákæru að athuga, nema hvað hann teldi, að ekki hefði munað litlu, að flugvélarnar rækjust á; að hans mati hefði aldrei verið nein árekstrarhætta. Hann kvaðst í sjálfu sér ekki rengja framburð flugliða hinnar flugvélarinnar um nálægð vélanna, en tók fram, að mjög erfitt væri að áætla slíkt með

nákvæmni. Að öðru leyti vísaði hann til skýrslna, sem hann hafði gefið rannsóknarnefnd flugmálastjórnar og rannsóknarlögreglu ríkisins. Eftir atvikið hefði hann farið í flugferð með eftirlitsmanni, svonefnt „route check", og síðan verið flugstjóri hjá Flugleiðum hf.

Kristján Harðarson flugmaður, aðstoðarflugmaður FI-232 gaf rannsóknarnefnd flugmálastjórnar skýrslu eftir atvikið og síðan rannsóknarlögreglu ríkisins 1. nóvember 1985.

Í skýrslu sinni til rannsóknarnefndarinnar kvaðst flugmaðurinn hafa séð FI-614, þegar flugvél hans, FI-232, var komin á stefnu, og þeir hefðu nálgast hana nokkuð hratt. Þó hefði honum aldrei fundist árekstrarhætta. Sjónflugsaðskilnaður hefði verið, en ekki ratsjáraðskilnaður. FI-614 hefði verið stutt frá. Skýjatoppar hefðu verið lágt og flugskilyrði góð. Hann hefði séð FI-614 vinstra megin við flugvélina, u.þ.b. 1.000 fetum ofar og u.þ.b. 4 mílur frá. Hann hefði verið að grúfa sig eitthvað niður í flugáætlunina og ekki fylgst með FI-614. Næst hefði hann séð hana hægra megin fyrir neðan og aftan. FI-232 hefði flogið á u.þ.b. 310 - 320 hnútum samkvæmt flugtölvunni. Þetta sé algengur hraði, ef ekki sé takmörkun í klifri. Hann kvaðst hafa náð því, að flugstjóri FI-614 segðist vera í fluglagi 95 (9.500 feta hæð) og flygi með sjálfstýringu. Meðan ákærður Guðmundur hefði sagt þeim að vera 1.000 fetum undir FI-614, hefðu þeir verið komnir fram úr og upp fyrir. Enginn tími hefði verið til að gera neitt. Flugmaðurinn taldi, að flugvélin hefði verið nærri full, klifurhraði örugglega 4.000 fet á mínútu, þegar þeir hefðu farið upp fyrir FI-614 og upp í 14.000 fet.

Í skýrslu til rannsóknarlögreglu ríkisins lýsti flugmaðurinn undirbúningi flugsins, sem hefði verið eðlilegur, og FI-232 hefði verið komin í flugtaksstöðu, þegar FI-614 hefði verið að beygja af brautarstefnu inn á stefnu, og hefði FI-232 þá verið gefin heimild til flugtaks. Eftir flugtak hefðu þeir klifrað á brautarstefnu upp í 1.500 fet, en þá beygt á stefnu. Jafnframt hefði verið skipt yfir á aðflugsstjórn samkvæmt fyrirmælum frá flugturni. Þá hefðu þeir fengið hindrunarlausa heimild til að klifra á stefnu, sem var 142° á Lima-ferli. Flugmaðurinn kvað sér hafa þótt það einkennilegt, að klifur þeirra var ekki takmarkað, þar sem hann hefði heyrt, að FI-614 væri á sömu stefnu.

Þegar þeir hefðu beygt á stefnu, hefðu þeir farið í gegnum smá-skýjaslæðu og séð FI-614 fyrir framan, þegar þeir komu út úr henni. Þeir hefðu þá verið komnir á fullan klifurhraða samkvæmt flugtölvunni og hann verið 320 hnútar. Þeir hefðu séð, að FI-232 klifraði miklu hraðar en FI-614 og ört dregið saman. Ákærður Björn hefði flogið flugvélinni, en sjálfur hefði hann séð um fjarskiptin í flugtakinu. Þegar þeir hefðu séð FI-614 fyrir framan, hefði ákærður Björn tekið fjarskiptin af sér, kallað í aðflugsstjórnina í Keflavík og gert athugasemd við heimildina. Hann hefði átt í nokkru

orðaskaki við ákærðan Guðmund, sem hefði sagt honum, að flugvél þeirra væri á ratsjáraðskilnaði, en ákærður Björn hefði samt ekki verið ánægður. Þeir hefðu svo stöðugt nálgast FI-614, meðan á þessu stóð, enda þótt dregið hefði verið úr klifurhraða, meðan á orðaskiptum ákærðu hefði staðið, en að þeim loknum hefði klifurhraði verið aukinn.

Þeir hefðu flogið þarna móti sól, og kvaðst flugmaðurinn ekki hafa viljað taka fram fyrir hendur flugstjórans, ákærðs Björns, við stjórn flugvélarinnar. FI-614 hefði svo horfið sjónum þeirra í sólskininu, og þeir hefðu þá verið talsvert fyrir aftan hana og neðan. Á því andartaki hefði hann ekki séð neina árekstrarhættu. Hann kvaðst muna eftir því, að FI-614 hefði gefið upp hæðina 9.500 fet, þegar hann hafði misst sjónar á henni, en þá hefðu þeir klifrað bratt, þ.e. 4 - 5.000 fet á mínútu, og hefði sér þá fundist sem þeir væru að fara gegnum sömu hæð og FI-614 hefði gefið upp. Örstuttu síðar hefði hann séð FI-614 fyrir aftan þá og neðar til hægri. Hann hefði heyrt, þegar FI-614 tilkynnti, að þeir væru komnir upp fyrir hana, og þegar flugstjóri hennar tilkynnti flugumferðaratvik (near miss). Ekki kvaðst flugmaðurinn minnast þess að hafa heyrt frá FI-614, að þeir væru að fara upp í 10.000 feta hæð og að þeir væru að auka hraðann úr 250 í 300 hnúta. Hann hefði heyrt, að þeir væru komnir upp fyrir flugvélina, og hefði hann þá litið aftur og niður með hægri vængnum. Hann hefði þá séð FI-614 fyrir aftan og neðan, og hefði hana borið í vængendann hægra megin. Eftir þetta hefði ákærður Björn hætt klifrinu um tíma, en síðan fengið heimild til að halda áfram.

Flugmaðurinn var nánar inntur eftir því, hvað hann ætti við með þessum ummælum: „Við flugum þarna á móti sól, og vildi ég ekki taka fram fyrir hendur flugstjórans í stjórnun flugvélarinnar." Þessu svaraði flugmaðurinn: „Ég sá, þegar við vorum að klifra á eftir DC-8 flugvélinni [FI-614], að við drógum á hana í hraða. Ég hafði þá áhyggjur af stefnu þeirri, sem við fengum heimild til þess að klifra á, þar sem við fengum sömu heimild og DC-8 flugvélin [FI-614] án hindrunar. Það var þó ekki, fyrr en ég heyrði DC-8 [FI-614] tilkynna hæðina 9.500 (95), að ég gerði mér grein fyrir, að raunverulegt hættuástand væri að skapast, en ég mat stöðuna þá þannig, að ekki væri ástæða til að yfirtaka stjórnun flugvélarinnar. Það, sem [ég] lagði til grundvallar þessari ákvörðun minni, var, að ég taldi mig eiga að sjá DC-8 flugvélina [FI-614], ef raunveruleg árekstrarhætta væri."

Flugmanninum var kynnt hljóðupptaka frá samtölum flugáhafna, sem hér eiga hlut að máli, við aðflugsstjórn Keflavíkurflugvallar umræddan morgun, og honum voru sýnd afrit af flugrita flugvélarinnar FI-232 í þessu flugtaki og klifri, og einnig var honum sýnd teikning frá flugmálastjórn (uppdráttur Harðar Sveinssonar frá 30. september 1984), þar sem ferlar

flugvélanna væru dregnir upp („plottaðir") eftir ratsjá í Keflavík umrætt sinn. Hafði hann ekkert við þessi gögn að athuga.

Oddur Ármann Pálsson flugvélstjóri gaf rannsóknarlögreglu ríkisins skýrslu 1. nóvember 1985.

Hann kvað allan undirbúning flugsins hafa verið með eðlilegum hætti. Flugvélinni hefði verið ekið í flugtaksstöðu, um leið og hin flugvélin, FI-614, var farin í loftið. Síðan hefði liðið mjög stutt stund, þar til FI-232 fékk heimild til flugtaks. Hefði sér fundist þetta óeðlilega stuttur tími milli flugtaka með það í huga, að þær voru að fara í sömu stefnu.

Fyrst eftir flugtak hefði verið klifrað í brautarstefnu, en síðan beygt til austurs. Eftir að klifur var byrjað á stefnu, hefði hann heyrt flugstjóra beina athugasemd til aðflugsstjórnar í Keflavík út af heimildinni. Hefði sér fundist flugstjóri vera dálítið hvassyrtur við flugumferðarstjórann, ákærðan Guðmund, en fengið það svar, að flugvélin væri undir ratsjárstjórn. Þegar hann hefði heyrt flugstjórann gera athugasemdina, hefði hann litið út og séð FI-614 á undan og ekki fundist neitt óeðlilegt við fjarlægð milli flugvélanna, ef þeir hefðu átt að vera fyrir neðan, en þá hefðu þeir fljótlega farið fram úr henni.

Þegar ákærður Björn fór að skipta orðum við ákærðan Guðmund um heimildina, hefði hann dregið úr klifri flugvélarinnar, og við það hefði hraðinn aukist verulega. Sjálfur hefði hann þá orðið að snúa sér að stjórnborði og draga úr afli hreyflanna til þess að halda niðri hraða. Eðlilegur klifurhraði væri 310 - 340 hnútar, en hér hefði klifurhraðinn farið upp fyrir, og gæti hann trúað, að hann hefði farið nálægt 350 hnútum um tíma.

Meðan á þessu stóð, hefði hann heyrt flugstjórann spyrjast fyrir um það hjá aðflugsstjórn, hvort ekki væri rétt, að klifur hefði ekki verið takmarkað, og fengið það svar, að hann væri á ratsjáraðskilnaði. Þeir hefðu flogið í bjartviðri og haft sólina beint fyrir augum. Hann hefði ekki getað fylgst með FI-614, þar sem hann hefði verið önnum kafinn við stjórntæki sín, og reyndar ekki vitað það, fyrr en ákærður Björn neitaði aðflugsstjórn um að lækka flugið aftur, að þeir hefðu þá verið komnir upp fyrir FI-614.

Hann kvaðst ekki gera neina athugasemd við hljóðupptöku af samtölum flugvélanna og aðflugsstjórnar í Keflavík umrætt sinn, né heldur hefði hann neitt út á afrit af flugrita flugvélarinnar FI-232 í flugtakinu og klifrinu að setja. Uppdrátt Harðar Sveinssonar frá 30. september 1984 taldi hann sýna, hvernig flugið gekk fyrir sig (sic).

Magnús Norðdahl flugstjóri gaf rannsóknarnefnd flugmálastjórnar skýrslu eftir atburðinn og síðan rannsóknarlögreglu ríkisins 31. október 1985.

Í skýrslu sinni til rannsóknarnefndarinnar kvaðst hann hafa fengið venjulega flugheimild á Lima-feril og þeir haldið sig við hann. Hann hafi

síðan heyrt, að ákærður Björn og aðflugsstjórnin væru að ræða saman, vegna þess að ákærður Björn væri ekki ánægður með heimildina. Þegar flugstjóri FI-232 hefði farið að ræða um, að hann teldi sig vera á árekstrarstefnu við flugvél sína, hefðu þeir farið að gefa þessu gaum, en hann kvað sér ekki hafa dottið í hug, að annarri vél væri veitt flugheimild í sömu hæð (radial) svo stuttu á eftir, án þess að venjuleg takmörkun væri sett eða fyrirmæli gefin um aðskilnað. Þetta hefðu þeir þó talið í lagi, þar sem ákærður Guðmundur hefði sagt, að þeir væru undir ratsjárstjórn.

FI-232 hefði komið eins og upp undan vinstri væng 100 - 200 fet í burtu að hans mati eftir á. Hann taldi, að þarna hefði verið meira en lítil hætta á ferðum, og taldi sig ekki hafa séð tvær stórar flugvélar svo nálægt hvora annarri. Síðan hefði FI-232 horfið þeim sjónum í sólskinið, eftir að hún fór fram úr.

Þeir hafi gefið upp hæðina 95 (9.500 feta hæð), og ekki hafi liðið nema andartak, að FI-232 hafi komið undan FI-614.

Þeir hafi byrjað að auka hraðann í 300 hnúta í 10.000 feta hæð, og örskömmu síðar, eða í 10.500 fetum, hafi FI-232 farið fram úr.

Flugstjórinn taldi, að það hlyti að vera hægt að skilja betur að til hliðar inn á stefnuna, þannig að atvik sem þetta kæmi ekki fyrir. Þarna hefði átt að leysa vandann strax, en ekki halda áfram og láta hann vinda upp á sig. Hann kveðst hafa fleiri dæmi um svipaðar heimildir, þar sem önnur flugvél hefði fengið lækkun niður í gegnum þá hæð, sem þeir hefðu flogið í, en slíkar heimildir bjóði vandanum heim.

Í skýrslu sinni til rannsóknarlögreglu ríkisins lýsti flugstjórinn undirbúningi flugsins, sem hefði verið eðlilegur og flugheimild án takmarkana. Eftir flugtak hefðu þeir haldið brautarstefnu þar til í 1.500 feta hæð; þá hafi þeir tekið vinstri beygju með 45° horni inn á fjölstefnuvita 142° til Lima. Flugvélin hefði eftir 3.000 fet klifrað 250 hnúta, en fram að því hefði hraðinn verið heldur minni, eða um 170 hnútar.

Eftir að þeir hefðu verið komnir á stefnu í klifri, hefði allt gengið eðlilega og talviðskipti verið flutt til aðflugsstjórnar í Keflavík þegar eftir flugtak samkvæmt fyrirmælum frá flugturni. Meðan þeir voru að klifra, hefðu þeir heyrt, að ákærður Björn kvartaði yfir flugheimildinni, sem hann hefði fengið, og kvaðst telja eða ekki sjá betur en hann væri á stefnu, sem valdið gæti hættu á árekstri. Hann hefði síðan heyrt, að ákærðu hefðu farið að karpa um þetta. Þeir hefðu ekki vitað, hversu langt FI-232 var á eftir þeim, en trúað og treyst ákærðum til að gera þær ráðstafanir, sem þyrfti, ef eitthvað færi úrskeiðis. Þeir hefðu ekki haft aðstöðu til að meta aðstæður, þar sem þeir hefðu ekki séð FI-232.

Skömmu síðar hefði aðflugsstjórn kallað til þeirra og beðið um flughæð. Þeir hefðu gefið upp 9.500 fet og 17 mílna fjarlægð frá Keflavík. Rétt á

eftir hefði ákærður Björn kallað til þeirra og spurst fyrir um hæð og þeir sagt honum, að þeir væru á 250 hnúta hraða í 10.000 feta hæð og ykju hraðann. Kvaðst flugstjórinn vilja taka fram, að meðan þeir væru að auka hraðann úr 250 hnútum í 300, klifraði flugvélin mjög hægt, eða um 500 fet á mínútu.

Næst hefði það gerst, að skyndilega hefði FI-232 komið upp fyrir FI-614 framan við neftrjónuna vinstra megin og hreyfil nr. 2. FI-232 hefði komið á ská á stefnu, sem hefði verið aðeins til vinstri frá stefnu FI-614, og klifrað miklu hraðar. Flugvélin hefði skotist fram úr þeim og upp fyrir, þegar þeir tilkynntu, að þeir væru í 11.000 feta hæð, og örstuttu síðar hefði ákærður Björn tilkynnt, að hann væri í 13.000 feta hæð.

Um fjarlægð milli flugvélanna, þegar þetta gerðist, giskaði flugstjórinn á u.þ.b. 200 fet, en eitt væri þó víst, að hún hefði verið mjög nálægt (sic), og kvaðst hann aldrei hafa fengið flugvél svo nærri á 38 ára flugmannsferli. Eftir þetta hefði flugheimild verið breytt og þeir verið látnir vera 1.000 fetum undir FI-232.

Við komu til Lúxemborgar hefði hann tilkynnt flugumsjón Flugleiða hf. í Reykjavík um atvikið, og þeir (sic) hefðu komið því á framfæri við loftferðaeftirlit.

Ekki kvaðst hann gera neina athugasemd við hljóðupptöku af fjarskiptum flugvélanna og aðflugsstjórnar í Keflavík þann morgun, sem flugumferðaratvikið varð. Ekki hafði hann heldur neitt við uppdrátt Harðar Sveinssonar, dags. 20. september 1984, að athuga, þar sem ferlar flugvélanna væru dregnir upp („plottaðir") eftir ratsjá í Keflavík umrætt sinn. Hann tók fram, að þeir hefðu haft sólskinið beint í augun, eins og teikningin sýndi, og virtist sér ferill FI-614, tími og fjarlægð frá Keflavík vera í samræmi við það, sem hann hefði gert ráð fyrir.

Hann kvaðst vilja gera athugasemd við það, sem kæmi fram í hljóðupptökunni hjá aðflugsstjórn við kl. 7.39.11 og hjá ákærðum Birni kl. 7.39.13, þar sem þeir tala um, að stjórnendur FI-614 hefðu átt að gefa upp hæð. Á þessum samtölum mætti skilja, að það hefði ekki verið gert, en því vildi hann mótmæla. Eins og afrit hljóðbandsins sýndi, hefðu þeir tilkynnt hæð og staðsetningu FI-614 kl. 7.36.51, þ.e. 9.500 fet og 17 sjómílur frá Keflavík; aftur hefðu þeir tilkynnt hæð kl. 7.37.40, að þeir væru í 10.000 feta hæð og væru að auka hraðann úr 250 í 300 hnúta; enn hefðu þeir tilkynnt hæð við 11.000 fet (kl. 7.38.13), en þá hefi FI-232 verið komin fram fyrir og upp fyrir.

Hallgrímur Jónsson flugstjóri gaf rannsóknarnefnd flugmálastjórnar skýrslu eftir atburðinn og síðar, nánar tiltekið 31. október 1985, rannsóknarlögreglu ríkisins skýrslu.

Í skýrslu rannsóknarnefndar flugmálastjóra er haft eftir honum, að að-

dragandi hafi verið nokkuð langur, en greinilega stefnt í árekstrarhættu og þeir farið að hlusta. Báðar flugvélarnar hafi fengið flugtaksheimild án takmarkana, en ekki fyrirmæli um það, hvernig þær ættu að fara í loftið að öðru leyti.

Ýmsar aðferðir væru til þess að aðskilja, en í stað þess að grípa til einhverrar þeirra hefðu menn farið að deila.

Hann kvaðst hafa séð út undan sér, að ljós kom á radíóhæðarmælinn, en hann var stilltur á 2.500 fet. Nálin hefði farið, að hann hélt, niður í 500 - 1.000 fet. Ljósið hefði verið nokkuð lengi á. Þetta gerðist, ef flugvél færi undir flugvél þeirra. Geislinn væri nokkuð mjór á hæðarmælinum.

Hann taldi, að FI-232 hefði komið undan hreyfli nr. 2 og skrokknum. Hann hefði séð hana út undan sér fyrir framan glugga flugstjórans hans megin, og kvaðst hann ekki hafa séð flugvél svona nálægt á flugi. Hliðaraðskilnaður hefði ekki verið nægur til þess að koma í veg fyrir árekstur. Hann treysti sér ekki til að segja til um fjarlægðina, en vildi giska á 2 - 300 fet. Mikil bylgja hefði komið af henni, þegar hún flaug fram hjá í bröttu klifri og mjög hratt. Flugvélin hefði svo farið í lárétt flug vinstra megin við þá og ofan við, og mál hefðu skýrst. Hann dró í efa, að FI-232 hefði haft nokkurt svigrúm til þess að staðnæmast við 1.000 fet fyrir neðan þá, áður en hann hefði farið fram úr. Hann hefði skýrt frá flugumferðaratvikinu u.þ.b. 30 sekúndum, eftir að það gerðist.

Í skýrslu fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins greindi hann frá undirbúningi flugsins, sem hefði verið á allan hátt eðlilegt, og flugheimild, sem hefði verið án takmarkana. Eftir flugtak hefðu þeir klifrað á brautarstefnu samkvæmt brottflugsreglum, sem gilda um Keflavíkurflugvöll. Þeir hefðu klifrað á brautarstefnu í 1500 fet, en síðan beygt inn á stefnuferil 142° Lima. Eftir að vængbörð hefðu verið tekin upp, hefði klifurhraði verið aukinn í 250 hnúta og þeim hraða haldið upp í 10.000 fet. Þetta væri klifurhraði DC-8 63 flugvéla (FI-614) samkvæmt flughandbók Flugleiða.

Þegar eftir flugtak hefðu þeir skipt af turni yfir til aðflugsstjórnar í Keflavík samkvæmt fyrirmælum frá flugturni. Þegar þeir hefðu verið að klifra á stefnu, hefði hann fyrst heyrt í FI-232, en þá hefði hann heyrt ákærðan Björn kalla í aðflugsstjórn og kvarta yfir heimildinni. Hefði ákærður Björn sagst ekki sjá betur en hætta væri á, að hann rækist á flugvél, sem á undan færi.

Hann kvaðst vilja taka fram, að þeir hefðu vitað af FI-232, þegar þeir voru að undirbúa flug í Keflavík. Þeir hefðu hins vegar ekki heyrt í henni í talstöð. Þegar þeir hefðu verið að aka í brautarstöðu, hefði FI-232 verið að fá heimild til gangsetningar. Þeir hefðu þá skipt yfir á flugturn og síðan eftir flugtak yfir til aðflugsstjórnar, en ekki heyrt, hvaða heimild FI-232 hefði fengið, og ekki vitað, hvenær hún fór í loftið.

Þegar hann hefði heyrt kvörtun ákærðs Björns, hefði hann farið að hlusta betur og heyrt ákærðu þjarka um heimildina. Ákærður Guðmundur hefði sagt, að flugvélarnar væru aðskildar með ratsjá og þetta væri í lagi, en ákærður Björn hefði ekki verið sáttur við þetta. Meðan á orðræðum þeirra hefði staðið, hefði hann, —að sig minni,— kallað upp staðsetningu FI-614 og gefið upp flughæð 9.500 fet og fjarlægð frá Keflavík 17 mílur.

Þegar eftir þetta hefði aðflugsstjórn kallað í FI-232 og sagt ákærðum Birni, að hann ætti að vera 1.000 fetum undir FI-614. Eftir þetta hefði ákærður Björn kallað í þá og sagt, að sér skildist, að hann ætti að vera 1.000 fetum neðar. Þeir hefðu þá gefið upp 10.000 feta hæð, þar sem þeir hefðu verið, og væru þeir að auka ferðina í 300 hnúta.

Eftir þetta hefðu ákærðir deilt í talstöðinni, og næst hefði hann orðið þess áskynja, að radíóhæðarmælir í flugvél þeirra, sem stilltur var eftir flugtak frá Keflavík á 2.500 fet, hefði slegist til beint niður og sýnt 500 fet. Örskömmu síðar hefði hann séð FI-232 koma upp fyrir framan FI-614, örlítið til vinstri, nánar tiltekið undan búk flugvélarinnar og hreyfli nr. 2. Flugvélin hefði verið það nálægt, að hann gæti giskað á um það bil tvær lengdir DC-8 flugvéla, eða u.þ.b. 150 metra. Hann hefði séð flugvélina fyrst í gegnum vinstri framrúðuna. Hann hefði þá þegar kallað í aðflugsstjórn og tilkynnt, að FI-232 hefði farið fram hjá FI-614 mjög nálægt. Einnig hefði hann tilkynnt, að þeir hættu klifri í 11.000 fetum, og rétt á eftir tilkynnti FI-232, að hann (sic) hefði hætt klifri í 13.000 fetum. Hann taldi, að FI-232 hefði farið fram úr flugvél þeirra og upp fyrir, þegar þeir hefðu verið í u.þ.b. 10.500 feta hæð.

Eftir að hann hefði tilkynnt aðflugsstjórn, að FI-232 hefði farið fram úr þeim og mjög nálægt, þá hefðu þeir rætt þetta, hann og flugstjórinn. Hefðu þeir ákveðið að tilkynna aðflugsstjórn flugumferðaratvik (near miss).

Síðan hefði FI-232 verið gefin heimild til að klifra í 27.000 fet, en FI-614 veitt heimild til þess að klifra og vera 1.000 fetum undir.

Flugstjórinn gerði ekki athugasemd við hljóðupptöku á samtölum flugliða FI-232 og FI-614 við aðflugsstjórn í Keflavík. Ekki gerði hann heldur athugasemd við uppdrátt Harðar Sveinssonar frá 30. september 1984, þar sem ferlar flugvélanna væru dregnir upp eftir ratsjá í Keflavík umrætt sinn.

Hann kvaðst hins vegar gera athugasemdir við eftirtalin tvö atriði, sem fram kæmu í afritun samtalanna á hljóðbandinu: „73911, þá segir APP: „Hann átti að gefa hæðir til þín“, og síðan „73913, þá segir flugstjórinn á B-727: „Átti hann að gera það?““ Þarna sé verið að tala um, að þeir á FI-614 hefðu átt að gefa upp hæð, en ekki sé hægt að skilja annað en það hafi ekki verið gert. Hann kvaðst vilja benda á, að kl. 7.36.51 hefðu þeir gefið upp hæðina 9.500 fet og fjarlægð frá Keflavík 17 sjómílur og síðan aftur kl. 7.37.40, en þá hefðu þeir gefið upp 10.000 fet og hraðaaukn-

ingu upp í 300 hnúta. Þegar þeir hefðu síðan gefið upp, að þeir væru í 11.000 feta hæð (kl. 7.38.13), hefði FI-232 verið komin fram úr og upp fyrir.

Búi Snæbjörnsson gaf rannsóknarlögreglu ríkisins skýrslu 31. október 1985.

Hann kvaðst hafa verið flugvélstjóri um borð í flugvél Flugleiða FI-614. Þegar þeir hefðu verið í klifri eftir flugtak, þá kvaðst hann hafa heyrt í fjarskiptakerfinu, að ákærður Björn, sem hefði farið í loftið frá Keflavík á eftir þeim, væri að kvarta við aðflugsstjórn í Keflavík yfir stefnunni, sem hann hefði fengið. Hann kvaðst ekki hafa mikið fylgst með þessum fjarskiptum, þar sem hann hefði átt annríkt við starf sitt í flugvélinni og myndi ekki frekar, hver orðaskipti hefðu orðið.

Það hefði svo gerst, þegar þeir hefðu verið komnir í 10 - 11.000 feta hæð, að flugstjórinn hefði sagst sjá FI-232 koma upp við hlið þeirra. Hann hefði þá litið út og séð flugvélina vinstra megin við þá og hana í klifri. Honum hefði fundist fjarlægðin vera mjög lítil, og hann hefði ekki áður séð flugvél svo nærri. FI-232 hefði flogið, að því er sér virtist, í sömu stefnu og FI-614, og hann myndi eftir því, að þeir hefðu verið að giska á fjarlægðina milli flugvélanna og fundist hún vera u.þ.b. 50 - 100 metrar.

Eftir að hann hefði séð FI-232, hefði hann snúið sér aftur að þeim stjórntækjum, sem hann hefði átt að annast, og ekki hugsað neitt frekar um þetta. Veður hefði verið gott, heiðskírt, en sól á móti.

Einar Róbert Árnason yfirverkstjóri (nafnnr. 1789-8426), til heimilis að Viðjugerði 1, Reykjavík, gaf rannsóknarlögreglu ríksins skýrslu 20. nóvember 1985 um vörslu á ratsjárbandi (myndbandsupptöku af ratsjá), sem láðist að varðveita, svo sem áður er greint. Ekki þykir ástæða til að rekja framburð hans þar að lútandi, en um myndbandsupptökuna tók hann fram, að hann hefði verið viðstaddur, þegar starfsmenn loftferðaeftirlitsins skoðuðu myndbandið nokkrum sinnum og hlustuðu á hljóðupptöku af samtölum. Ekkert hefði verið athugavert við myndbandsupptökur af ratsjánni, og myndi hann eftir, að fylgimerkið hefði verið inni á ratsjárbandinu lengi áður en seinni flugvélin hefði náð að draga hina fyrri uppi. Í þessu tilfelli væri hann ekki að tala um tíma, heldur það, sem hann hefði séð, — aðdraganda atviksins. Hann kvaðst ekki hafa fengið neina kvörtun um, að ratsjáin væri biluð, og ekki séð neitt athugavert við ratsjármerkin á myndbandinu, þegar starfsmenn loftferðaeftirlitsins hefðu verið að skoða það.

Honum var kynnt bókun í dagbók vakthafandi varðstjóra (flugumferðarstjóra), þar sem greint er kl. 7.05, að fylgimerkið komi ekki inn á ratsjána fyrr en 10 mílur frá stöð. Þetta taldi hann geta staðist, en fylgimerkið hefði verið inni á ratsjánni (myndbandinu), talsverðu áður en flugvélarnar runnu

saman. Ekki kvaðst hann minnast þess að hafa tekið eftir hæðartölum flugvélanna á ratsjárbandinu. þegar þær nálguðust.

Markús Þórhallsson verkfræðingur (nafnnr. 6492-9712), til heimilis að Nesbala 17, Seltjarnarneskaupstað, gaf rannsóknarlögreglu ríkisins skýrslu 21. nóvember 1985, m.a. um vörslu á framangreindu ratsjárbandi, sem ekki þykir ástæða til að rekja hér. Hann kvaðst hafa tekið böndin frá til geymslu, en þau hefðu síðan verið spiluð nokkrum sinnum fyrir starfsmenn loftferðaeftirlitsins, og hefðu þeir flutt af hljóðbandinu yfir á annað band. Sjálfur hefði hann horft á myndbandið, þegar starfsmenn loftferðaeftirlitsins hefðu skoðað það. Upptakan hefði verið góð og hann ekkert séð athugavert við fylgimerkið, sem væri hringur, punktalína, fjögurra stafa tala, sem væri númer flugvélarinnar, og síðan flughæð hennar. Þessi merki hefðu verið mjög góð og greinilega sést, þegar flugvélarnar hefðu runnið saman á skjánum.

Ekki minntist hann þess, að tilkynnt hefði verið bilun á fylgimerkinu þennan dag, en það væri skráð í dagbók, ef svo hefði verið gert.

Truflun geti verið á fylgimerkinu næst ratsjánni, oftast vegna of mikils sendistyrks frá ratsjársvara flugvélanna. Flestar flugvélar væru með ratsjársvara, sem mætti stilla á mismunandi sendistyrk. Ættu flugmenn að stilla á lítinn styrk í flugtaki og aðflugi, þegar þeir væru nálægt ratsjánni, en setja síðan á meiri styrk, þegar fjær drægi. Ef truflun yrði á fylgimerkinu næst ratsjánni, ætti flugumferðarstjóri að kalla upp flugvélina og biðja um að draga úr styrk. Ef ratsjársvarinn væri rétt stilltur, kæmi hann þegar í stað greinilega inn, en venjulega kveiktu flugmenn á honum, þegar þeir ækju í flugtaksstöðu.

Ekki mundi hann hæðartölur flugvélanna, en mundi, að þær hefðu verið á skjánum.

III.

Samkvæmt skýrslum rannsóknarnefndar flugmálastjórnar og því, sem hér hefur verið rakið, hafa atburðir orðið sem hér segir:

Flugtak FI-614 hefur verið kl. 7.31.00 og flugtak FI-232 kl. 7.32.00. Er svo skráð í dagbók (daily log) flugturns Keflavíkurflugvallar og einnig í skýrslu ákærðs Guðmundar til yfirflugumferðarstjóra, dags. 6. september 1984. Ákærður Guðmundur hefur þó haldið því fram, að liðið hafi tæpar tvær mínútur milli flugtaka, og það er einnig álit Bjarna Nikulássonar flugumferðarstjóra í skýrslu hans til rannsóknarlögreglu ríkisins. Í upplýsingaskýrslu Sigurbjörns Víðis Eggertssonar lögreglufulltrúa frá 18. nóvember 1984 er tekið fram, að flugtakstími sé gefinn í heilum mínútum, þannig að það, sem sé fram yfir 30 sekúndur, sé gefið upp sem næsta heila mínúta. Samkvæmt þessu hefðu getað liðið tæplega tvær mínútur milli flugtaka. Ekki voru settar neinar takmarkanir á flug vélanna.

Báðum flugvélunum var flogið í samræmi við gefnar flugheimildir til kl. 7.36.55.

Um það, hvenær flugumferðaratvikið varð, er þetta leitt í ljós: Samkvæmt skýrslu Hallgríms Jónssonar aðstoðarflugmanns FI-614 var radíóhæðarmælir í flugvél þeirra stilltur á 2.500 fet. Eftir að þeir höfðu tilkynnt hraðaaukningu úr 250 hnútum í 300 hnúta í fluglagi 10 (10.000 fetum) kl. 7.37.40, höfðu ákærðir deilt í talstöðinni, og hafa þau orðaskipti þá staðið frá kl. 7.37.48 til kl. 7.38.05 miðað við tímasetningar á segulbandsafriti. Næst hefði hann orðið þess áskynja, að radíóhæðarmælirinn hefði slegist niður og sýnt 500 fet (500 - 1000 fet sagðist hann hafa álitið í skýrslu til rannsóknarnefndar flugmálastjórnar). Örskömmu síðar hefði hann séð FI-232 koma upp fyrir framan FI-614. Af þessu sýnist mega álykta, að FI-232 hafi flogið beint undir FI-614 og rétt á eftir fram fyrir og upp fyrir hana. Þetta hafi þá gerst um kl. 7.38.00 eða örfáum sekúndum síðar.

Í skýrslu rannsóknarnefndar flugmálastjórnar, þar sem lögð eru til grundvallar afrit hljóðbanda og ratsjármynd, segir, að flugstjóri FI-614 hafi kl. 7.38.13 tilkynnt flug gegnum fluglag 110 og látið þess jafnframt getið, að flugvél hans væri allnærri („pretty close") FI-232. Eftir þessu að dæma hefur FI-232 þá verið að fara fram úr FI-614 eða komin fram úr henni, þannig að álykta má, að atvikið hafi orðið um kl. 7.38.00, þegar flugvélarnar voru 24 sjómílur frá fjölstefnuvita Keflavíkurflugvallar (VOR).

Af uppdrætti Harðar Sveinssonar, dags. 30. september 1984, má einnig ráða, að atvikið hafi orðið um kl. 7.38.00.

Samkvæmt segulbandsafriti aðflugsstjórnar í Keflavík er FI-614 að fara í gegnum fluglag 100 (10.000 feta hæð) kl. 7.37.40, og kl. 7.38.13 er hún að fara í gegnum fluglag 110 (11.000 feta hæð), en þá er FI-232 að fara eða komin fram úr. Stjórnendur FI-614 töldu, að FI-232 hefði farið fram úr í 10.500 feta hæð, og það er einnig mat Harðar Sveinssonar, sbr. uppdrátt hans, dags. 30. september 1984. Sýnist mega leggja það til grundvallar, að FI-614 hafi verið í um 10.500 feta hæð, þegar FI-232 fór fram úr og upp fyrir hana.

Ákærður Guðmundur taldi sig hafa upplýsingar um, að DC-8 (FI-614) klifraði hraðar en B-727 (FI-232); minnti sig, að klifurhraði hinnar fyrrnefndu hefði verið gefinn upp 364 hnútar, en hinnar síðarnefndu 330 hnútar. Gögn málsins og framburður vitna sýna hið gagnstæða, B-727 (FI-232) klifrar hraðar en DC-8 (FI-614). Stjórnendur FI-232 hafa skýrt frá því, að klifurhraði samkvæmt flugtölvu sé 310 -340 hnútar, en flugstjóri FI-614 segir, að hún hafi klifrað á 170 hnúta hraða í 3.000 feta hæð, en síðan á 250 hnúta hraða í 10.000 feta hæð, þegar hraðinn hafi verið aukinn í 300 hnúta. Þetta hefur aðstoðarflugmaður FI-614 í aðalatriðum staðfest.

Ákærður Guðmundur hafði 26 ára starfsreynslu sem flugumferðarstjóri,

og verður að telja með ólíkindum, að honum hafi verið ókunnugt um klifurgetu og klifurhraða framangreindra flugvélategunda, sem hafa verið í notkun hér á landi um margra ára skeið. Ef honum hefur verið þetta ókunnugt, bar honum að afla sér áreiðanlegrar vitneskju.

Þá hefur ákærður Guðmundur eindregið haldið því fram, að hann hafi haldið lágmarksaðskilnaði — eða 5 sjómílum — milli flugvélanna, þar til hann greip til þeirra aðgerða kl. 7.36.55 að gefa ákærðum Birni fyrirmæli um að fljúga 1.000 fetum fyrir neðan FI-614, en þá hefði flughraði FI-232 aukist mjög skyndilega.

Rannsóknarnefnd flugmálastjórnar telur fráleitt, að FI-232 flygi svo miklu hraðar en FI-614, að hún hefði dregið hana uppi og unnið upp 5 sjómílna ratsjáraðskilnað á þeim tíma, sem leið frá flugtaki og þangað til ákærður greip til framangreindra aðgerða. Aðskilnaður milli flugvélanna hafi því að líkindum verið mun minni en 5 sjómílur, líklega 1 - 2.

Síðan segir í skýrslu rannsóknarnefndar flugmálastjórnar:

„Ef reiknað er með því, að FI-614 hafi verið á flugi í 7 mínútur og FI-232 í 6 mínútur, er atvikið skeði, er líklegt, að fjarlægðin milli þeirra hafi verið minni en 5 sjómílur fljótlega eftir flugtak FI-232.

Telja verður fullvíst, að þegar flugumferðarstjórinn kl. 7.36.00 og kl. 7.37.34 fullvissaði flugmennina um, að hann hefði þá á radar og þar með væri lágmarksaðskilnaði haldið, hafi þær verið mjög nálægt hvor annarri og hættuástand fyrirsjáanlegt."

Ákærður Guðmundur hefur skýrt svo frá, að bilið milli flugvélanna hafi verið meira en 5 sjómílur, þegar ákærður Björn tók að kvarta kl. 7.35.35. FI-232 hafi hins vegar tekið að draga á FI-614, þegar báðar flugvélarnar hefðu verið komnar á Lima-feril. Þegar ákærður Guðmundur hafði kl. 7.36.34 ítrekað ummælin um, að fylgst væri með flugvélunum í ratsjá, virtist honum bilið vera að minnka, því að þá hefði hraði aukist. Þegar hann hefði sett á takmörkun kl. 7.36.55 eða skömmu áður, hefði hraði FI-232 virst aukast talsvert. Hann hefði spurt flugstjóra FI-614 kl. 7.36.49, í hvaða hæð hann flygi, og hefði þá verið 5 sjómílna aðskilnaður, en ört minnkandi hæð. Ekki hafði ákærður Guðmundur neina skýringu á því, hve stuttu eftir þetta flugvélarnar hittust, en það var um kl. 7.38.00, eins og fyrr segir, eða rúmlega einni mínútu síðar.

Ákærður Björn vakti athygli ákærðs Guðmundar á því kl. 7.35.35, að ferlar flugvélanna kynnu að skerast, og áttu þeir samræður um það þangað til kl. 7.36.42. Meðan á þessum samræðum stóð, kvaðst ákærður Björn hafa dregið úr klifri, og þá hefði hraði aukist. Þegar hann síðan byrjaði að klifra aftur, hefði hann notað þennan hraða og klifrið þá orðið nokkuð bratt. Þessi ummæli ákærðs Björns skilur dómurinn svo, að ákærður hafi, þegar hann hóf klifur að nýju, notað þann aukna hraða, sem flugvélin hafi

komist á, meðan hann dró úr klifri, svo sem að framan greinir. Um sömu mundir hafi FI-614 horfið sjónum hans í sólskinið.

Kristján Harðarson aðstoðarflugmaður kvaðst hafa séð, að FI-232 klifraði brattar og hraðar en FI-614, og hefði ört dregið saman með þeim. Hefði ákærður Björn gert athugasemd kl. 7.35.35, eins og fyrr segir, og átt orðræður við ákærðan Guðmund. Meðan á þeim stóð, hafi FI-232 stöðugt nálgast FI-614, en dregið hefði verið úr klifri. Að orðaskiptum loknum (kl. 7.36.42) hefði klifur verið aukið. Aðstoðarflugmaðurinn kvaðst hafa misst sjónar af FI-614 í sólskinið um það leyti, sem flugstjóri hennar gaf upp flughæðina 9.500 fet, en það var kl. 7.36.51.

Oddur A. Pálsson flugvélstjóri á FI-232 staðfesti, að dregið hefði verið úr klifri og hraði aukist, meðan ákærðir skiptust á orðum frá kl. 7.35.35 til kl. 7.36.42.

Engir viðhlítandi útreikningar liggja fyrir í málinu, sem taki af tvímæli um fjarlægð milli flugvélana eftir flugtak. Þykir því óvarlegt að staðhæfa, að fjarlægðin hafi verið minni en 5 sjómílur, enda hugsanlegt samkvæmt því, sem áður er rakið, að næstum 2 mínútur hafi liðið milli flugtaka. Það þykir á hinn bóginn leitt í ljós, að FI-232 hafi snemma tekið að draga á FI-614. Á tímabilinu frá kl. 7.35.35 til kl. 7.36.42 eða þar um bil hefur ákærður Björn dregið úr klifri og um leið aukið hraðann, en síðan klifrað nokkuð bratt, — um 4 - 5.000 fet á mínútu að sögn aðstoðarflugmanns FI-232, — uns FI-232 fór fram úr og upp fyrir FI-614 um kl. 7.38.00. Kl. 7.37.40 var FI-614 að fara í gegnum fluglag 100 (10.000 feta hæð) á 250 hnúta hraða og auka hann í 300 hnúta. Klifraði hún þá mjög hægt eða um 500 fet á mínútu að sögn flugstjóra hennar.

Rannsóknarnefnd flugmálastjórnar telur fullvíst, að flugvélarnar hafi verið mjög nálægt hvor annarri og hættuástand fyrirsjáanlegt kl. 7.36.00 og kl. 7.36.34, þegar ákærður Guðmundur fullvissaði flugmennina um, að hann fylgdist með þeim í ratsjá og þar með væri 5 sjómílna lágmarksaðskilnaði haldið.

Eins og áður er rakið, virtist ákærðum Guðmundi hraði FI-232 aukast og bil minnka milli flugvélanna kl. 7.36.34 og hraði FI-232 aukast talsvert kl. 7.36.55 eða skömmu áður. Hann hélt því að vísu fram, að 5 sjómílna aðskilnaður hefði verið kl. 7.36.49, en ört minnkandi hæðarmunur; á hinn bóginn hafði hann ekki skýringu á því, hversu skömmu eftir þetta flugvélarnar hittust — eða um kl. 7.38.00.

Af þessu virðist mega ályktа, að bilið milli flugvélanna hafi verið minna en 5 sjómílur að minnsta kosti kl. 7.36.34, án þess að ákærður Guðmundur hafi gert sér grein fyrir því. Síðan hafi FI-232 dregið FI-614 uppi, uns hún fór fram úr og upp fyrir hana um kl. 7.38.00.

Eins og þegar hefur verið tekið fram, var flogið við sjónflugsskilyrði,

þar til sólskin blindaði stjórnendur FI-232. Frá því að FI-232 var komin á Lima-feril, sáu stjórnendur hennar, ákærður Björn og aðstoðarflugmaður hans, FI-614. Þetta ítrekaði ákærður Björn kl. 7.36.16, eða um 1 mínútu og 45 sekúndum fyrir atvikið, og lét þess raunar getið, að þeir sæju vel til FI-614. Var því flogið við sjónflugsskilyrði líklega fram til kl. 7.36.51, en þá kvaðst aðstoðarflugmaður FI-232 hafa misst sjónar af FI-614, þar sem hún hefði horfið í sólskinið. Þá var rúmlega ein mínúta, þangað til atvikið varð (um kl. 07.38.00). Af því, sem rakið hefur verið úr framburði ákærðs Björns, má ráða, að hann hafi misst sjónar af FI-614 um svipað leyti — eða þegar hann var fullvissaður um ratsjáraðskilnað í síðara skiptið.

Samkvæmt uppdrætti Harðar Sveinssonar frá 30. september 1984 eftir ratsjárbandinu nálgaðist FI-232 FI-614 aftan frá til hægri. Þegar flugvélarnar voru komnar mjög nærri hvor annarri, virtist FI-614, sem bar nálægt sólu séð frá FI-232, sveigja örlítið til hægri í veg fyrir FI-232. Er þá líklegt, að flugstjóri FI-232 hafi misst sjónar af FI-614 og flogið nálægt henni gegnum hæð hennar.

Þegar meta á, hvort árekstrarhætta hafi verið fyrir hendi, ber að hafa í huga það, sem hér fer á eftir:

Magnús Norðdahl flugstjóri FI-614 taldi, að FI-232 hefði komið eins og upp undan vinstri væng, nánar tiltekið fyrir framan neftrjónu vinstra megin og hreyfil nr. 2, um það bil 200 fet í burtu að hans mati eftir á. Þarna hefði verið meiri en lítil hætta á ferðum. Hefði hann ekki séð tvær stórar flugvélar svo nærri hvora annarri og sjálfur aldrei fengið flugvél svo nærri á 38 ára flugmannsferli. Í skýrslu til rannsóknarlögreglu ríkisins 29. október 1985 kvaðst Ólafur Þórir Guðjónsson flugumferðarstjóri hafa heyrt í fjarskiptatækjum sama dag og atvikið varð, að flugstjóri FI-614 vildi draga í land og sagt, að atvikið væri ekki eins alvarlegt og hann hefði talið í fyrstu. Ekki dró flugstjórinn þó neitt úr ummælum sínum í skýrslu til rannsóknarlögreglu ríkisins 31. október 1985.

Hallgrímur Jónsson aðstoðarflugmaður FI-614 taldi, að aðdragandi atviksins hefði verið nokkuð langur og greinilega stefnt í árekstrarhættu. Í skýrslu til rannsóknarnefndar flugmálastjórnar sagði hann, að nálin á radíóhæðarmæli, sem stilltur hefði verið á 2.500 fet, hefði farið, að hann hélt, niður í 500 - 1.000 fet, sem sýndi, að FI-232 hefði farið undir FI-614. Í skýrslu sinni til rannsóknarlögreglu ríkisins sagði hann hins vegar án alls fyrirvara: „...radíóhæðarmælirinn ... slóst til beint niður og sýndi 500 fet". Samkvæmt þessu má telja líklegt, að hæðarmunur milli flugvélanna hafi verið um 500 fet. Í skýrslu til rannsóknarnefndar flugmálastjórnar taldi hann, að FI-232 hefði komið undan skrokki FI-614 og hreyfli nr. 2. Hann hefði séð hana út undan sér fyrir framan glugga flugstjórans hans megin. Hefði hann ekki séð flugvél svona nálægt á flugi. Síðan sagði hann:

„Hliðaraðskilnaður var ekki nægur til þess að koma í veg fyrir árekstur.“ Giskaði hann á, að 2 - 300 fet hefðu verið milli flugvélanna. Mikil bylgja hefði komið af henni, þegar hún flaug fram hjá í bröttu klifri og á miklum hraða. Í skýrslu til rannsóknarlögreglu ríksins giskaði hann á tvær lengdir DC-8 flugvéla eða um það bil 150 metra.

Búi Snæbjörnsson flugvélstjóri kvaðst hafa litið út og séð flugvélina vinstra megin við þá og í klifri. Honum hefði fundist fjarlægð vera mjög lítil, og hefði hann ekki séð flugvél jafnnærri.

Flugumferðarstjórarnir Bjarni Jón Nikulásson og Jón Óskarsson telja, að flugvélarnar hafi farið svo nærri hvor annarri, að hætta hafi vofað yfir.

Ákærður Björn kvartaði kl. 7.35.35 og vakti athygli á, að árekstrarhætta væri hugsanleg. Hann kvaðst í skýrslu sinni til rannsóknarlögreglu ríkisins í sjálfu sér ekki rengja framburð flugliða hinnar flugvélarinnar (FI-614) um nálægð vélanna, en tók fram, að erfitt væri að áætla slíkt með nákvæmni.

Aðstoðarflugmaður ákærðs Björns, Kristján Harðarson, sagði í skýrslu sinni til rannsóknarlögreglu ríkisins, að hann hefði ekki viljað taka fram fyrir hendur ákærðs Björns, þegar þeir hefðu flogið móti sólu og FI-614 horfið sjónum þeirra. Á því andartaki hefði hann ekki séð neina árekstrarhættu. Nánar aðspurður kvaðst aðstoðarflugmaðurinn hafa haft áhyggjur af stefnu þeirri, sem þeim var heimilað að klifra, þar sem þeir hefðu fengið sömu heimild og FI-614 án hindrunar. Hann hefði þó fyrst gert sér grein fyrir, að raunverulegt hættuástand væri að skapast, þegar FI-614 tilkynnti hæðina 9.500 fet, en hann hefði þó metið stöðuna þannig, að ekki væri ástæða til að yfirtaka stjórn flugvélarinnar, þar sem hann hefði talið, að hann ætti að sjá FI-614, ef raunveruleg árekstrarhætta yrði.

Rannsóknarnefnd flugmálastjórnar taldi, að veruleg hætta hefði verið á árekstri, eins og þegar hefur verið getið. Undir þetta álit er tekið í bréfi Flugleiða hf., dags. 22. nóvember 1984, sem þeir undirrita, Jón Óttar Ólafsson, deildarstjóri flugleiðsögu- og öryggisdeildar, og Jón R. Steindórsson yfirflugstjóri. Segir þar, að ljóst sé af niðurstöðum skýrslu rannsóknarnefndar flugmálastjórnar, að hér hefðu átt sér stað hættuleg mistök.

Samkvæmt skýrslu rannsóknarnefndar flugmálastjórnar var ratsjármynd aðflugsratsjárinnar tekin upp á segulband. Flugumferðarstjórinn hafði þó einungis frummerkið á. Í dagbók flugumferðarstjórnar Keflavíkurflugvallar 6. september 1984 var bilun skráð kl. 7.05 í ratsjárkerfi, þar sem „Alpha numerics readout“ sást ekki innan 10 sjómílna og var óreglulegt utan 10 sjómílna. Þegar bandið var skoðað, kom í ljós, að einungis fylgimerkið skráðist á segulbandið, þannig að einungis fékkst mynd af hluta atburðarásarinnar.

Fylgimerki FI-232 kom á skjáinn um 9 sjómílur frá Keflavík kl. 7.35.45, en hæðartala ekki fyrr en kl. 7.36.12, og þá var flugvélin í fluglagi 075

(7.500 feta hæð). Merki FI-614 kom á skjáinn kl. 7.37.10 um 18 sjómílur frá Keflavík, en fram yfir atvikið kom aðeins ein flughæðartala FI-614 á skjáinn, en það var kl. 7.38.02, og var flugvélin þá í fluglagi 105 (10.500 feta hæð).

Eins og fyrr hefur verið getið, gerði Hörður Sveinsson uppdrátt eftir ratsjárbandinu, dags. 30. september 1984. Samkvæmt því virðast ferlar beggja flugvélanna vera inni á 140° geislanum til hliðar við Lima-ferilinn, sem er 142°. Höfundur uppdráttarins virðist telja, að FI-232 hafi verið 370 metrum aftan við og 717 metrum til hliðar við FI-614, þegar FI-614 (kl. 7.38.02) tók hægri beygju inn á 140° ferilinn eða í veg fyrir FI-232, sem þá klifraði gegnum flughæð FI-614.

Fylgimerki ratsjárinnar gengur lítillega til og frá, til hliðar og fram og aftur. Verður því að taka nákvæmni merkjanna með fyrirvara. Frummerkið er stöðugt, og er flugvélunum stjórnað með því. Samkvæmt uppdrættinum virðast flugvélarnar farast á mis á tímabilinu 7.38.00 til kl. 7.38.15 og virðast hafa verið í sömu hæð kl. 7.38.02, nánar tiltekið í 10.500 fetum. Liggja ferlarnir þá þétt saman.

Ákærður Guðmundur sagðist í skýrslu til rannsóknarnefndar flugmálastjórnar hafa séð ratsjármerkin hlið við hlið, flugvélarnar hefðu ekki farið mjög nálægt hvor annarri, ferlarnir ekki runnið saman. Í skýrslu sinni til rannsóknarlögreglu ríkisins sagði ákærður, að verið gæti, að uppdrátturinn gæfi rétta mynd af leið flugvélanna, en gæti þó ekki staðfest, að hún hafi verið nákvæmlega eins og uppdrátturinn sýni. Hann væri miklu nákvæmari en tækin sýndu hverju sinni, og um fjarlægðartölur og tímaskráningu gæti hann ekkert sagt. Í skýrslu hér fyrir dómi sagði ákærður, að hann myndi ekki, hvort fylgimerkið hefði verið á skjánum, þegar atvikið varð, en frummerkin hefðu verið hlið við hlið, nálægt hvort öðru, en ekki runnið saman.

Kristinn Jóhann Sigurðsson tók fram í skýrslu sinni til rannsóknarlögreglu ríkisins, að fylgimerkið á ratsjánni hefði verið bilað og ekki virkað innan 20 mílna frá Keflavík. Merkið hefði sést öðru hverju, en ekki verið hægt að byggja neitt á því. Frummerkið hefði verið lélegt, en þó ekki svo, að ekki hefði mátt notast við það til ratsjáraðskilnaðar.

Ákærður Björn Guðmundsson kvaðst í skýrslu sinni til rannsóknarlögreglu ríkisins ekki treysta sér til að staðsetja flugvélarnar á uppdrátt, sem fyrir lá, en það var uppdráttur Harðar Sveinssonar.

Magnús Norðdahl flugstjóri FI-614 lýsti því í skýrslu sinni til rannsóknarlögreglu ríkisins, að hann hefði ekki neitt við uppdrátt Harðar Sveinssonar að athuga. Virtist honum ferill FI-614, tími og fjarlægð frá Keflavík vera í samræmi við það, sem hann hefði gert ráð fyrir.

Einar Róbert Árnason greindi frá því í skýrslu sinni til rannsóknarlögreglu ríkisins, að ekkert hefði verið athugavert við myndbandsupptöku

af ratsjánni, fylgimerkið hefði verið inni á ratsjárbandinu lengi, áður en seinni flugvélin dró hina fyrri uppi. Ekki hefði hann séð neitt athugavert við ratsjármerkin á myndbandinu, þegar starfsmenn loftferðaeftirlitsins hefðu verið að skoða það. Staðist gæti, að fylgimerkið kæmi ekki inn á ratsjána fyrr en 10 sjómílur frá stöð, en það hefði verið inni á myndbandinu, talsverðu áður en flugvélarnar runnu saman.

Markús Þórhallsson sagði einnig í skýrslu sinni til rannsóknarlögreglu ríkisins, að upptakan hefði verið góð og hann ekkert séð athugavert við fylgimerkið. Bæði merkin hefðu verið góð og greinilega sést, þegar flugvélarnar runnu saman á skjánum.

Í vörn sinni kveður verjandi ákærðs Guðmundar hann draga í efa, að tímasetningar, sem skráðar séu eftir segulbandsupptökum, séu réttar. Ákærður Guðmundur hefur þó lýst því í skýrslu til rannsóknarlögreglu ríkisins, sem hann hefur einnig staðfest hér fyrir dómi, að afritun samtalanna sé rétt og geri hann enga athugasemd. Þegar þetta er haft í huga og það, að verjandi hefur ekki sýnt fram á það með neinum rökum, að afritunum megi ekki treysta, þykir mega styðjast við þau sem sönnunargögn í þessu máli.

Í starfsreglum flugmálastjórnar (Operations Manual), sem lúta að meðferð flugumferðaratvika (AIG nr. 5.4.1), segir svo í gr. 1.2.:

„Flugumferðaratvik flokkast á eftirfarandi hátt:

a) Árekstrarhætta (near collision), sem skilgreind er nánar sem:

i) Raunveruleg árekstrarhætta, þ.e., þegar árekstri var því aðeins forðað (sic), að annar eða báðir flugmennirnir, sem í hlut áttu, viku, eða loftförin komu það nálægt hvort öðru, að það hefði verið gert, ef tími hefði verið til og flugmennirnir hefðu séð hvor til annars í tæka tíð. (Viðmiðunarfjarlægð innan við 50 metrar (150 fet) milli loftfara.)

ii) Hugsanleg árekstrarhætta, þ.e., þegar a.m.k. annar flugmannanna gerði eða hefði gert fyrirbyggjandi ráðstafanir, ef hættan var fyrirsjáanleg, í tíma til þess að koma í veg fyrir hugsanlegan árekstur. (Viðmiðunarfjarlægð innan við 150 metra (500 fet) milli loftfara.)

iii) Ekki veruleg hætta á árekstri. Flugmenn viku ekki eða hefðu ekki vikið, ef þeir hefðu séð hvor til annars. Gróft brot á aðskilnaðarreglum, þar sem fjarlægð milli loftfaranna var innan við 20% af aðskilnaði (1 sjómíla á ratsjá).“

Ljóst er, að hvorki uppdráttur Harðar Sveinssonar né vitnisburður um ratsjármynd taka af tvímæli um það, hversu nálægar flugvélarnar hafi verið, en styrkja þó mat þeirra flugliða, sem hafa tjáð sig um það.

Þegar það er metið, sem nú hefur verið rakið, og þá sérstaklega framburður Magnúsar Norðdahls og Hallgríms Jónssonar, stjórnenda FI-614,

og Kristjáns Harðarsonar, aðstoðarflugmanns ákærðs Björns, og jafnframt hafður í huga vitnisburður um ratsjármerkin og uppdráttur Harðar Sveinssonar, verður niðurstaðan sú, að hér hafi orðið flugumferðaratvik og hugsanleg árekstrarhætta.

IV.

Ákærður Björn Guðmundsson hafði orð á því kl. 7.35.35, eða um 2 ½ mínútu áður en flugumferðaratvikið varð, að hann væri ekki sáttur við flugheimildina og hann sæi ekki betur en árekstrarhætta væri hugsanleg. Eigi að síður hélt hann óbreyttri flugstefnu. Ákærður flaug um þessar mundir við sjónflugsskilyrði. Hefði hann þó átt að draga úr klifri eða klifra á öðrum ferli og tilkynna flugumferðarstjóra það. Hér verður að vísu að hafa í huga, að ákærður Guðmundur fullvissaði hann tvívegis, — kl. 7.36.00 og kl. 7.36.34, — um, að fimm mílna lágmarksaðskilnaði væri haldið, en þetta leysir þó ákærða Björn ekki undan ábyrgð.

Þá bar ákærðum Birni að draga úr klifri flugvélar sinnar og ganga úr skugga um flughæð FI-614, þegar fyrirmæli komu kl. 7.36.55 um að halda FI-232 að minnsta kosti 1.000 fetum undir FI-614. Samt sem áður dró hann ekki úr klifri, sem hann hafði aukið um kl. 7.36.42, og fór rúmlega einni mínútu síðar, — um kl. 7.38.00, — fram úr og upp fyrir FI-614, að öllum líkindum blindaður af skini sólar.

Af hálfu ákærðs Björns hefur því verið haldið fram, að flugumferðarþjónusta hafi verið í ólestri, þegar flugumferðaratvikið varð, og vísað til skýrslu um úttekt á íslenskri flugumferðarþjónustu, sem gerð var á vegum samgönguráðuneytis Bandaríkjanna, flugmálastjórn, og dagsett í desember 1985. Þá hefur einnig verið bent á, að varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytisins hafi lagt til við ríkissaksóknara, að málið yrði fellt niður, og Flugleiðir hf. hafi ekki séð ástæðu til aðgerða gagnvart ákærðum Birni, enda hafi hann verið beittur þeim viðurlögum, sem séu inni í starfskerfi flugmálastjórnar, svo sem það að vera látinn gangast undir hæfnispróf, en þessi viðurlög miði að því að betrumbæta kerfið. Loks hefur verjandi bent á, að flugumferðaratvikið hafi orðið vegna mistaka ákærðs Guðmundar Richters.

Ekkert af þessu firrir þó ákærðan Björn ábyrgð.

Í ákæruskjali er atferli ákærðs Björns heimfært undir 1. mgr. 168. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en þar er áskilið, að verknaður sé framinn af ásetningi. Það telst þó ósannað. Með vísan til 3. mgr. i.f. 118. gr. laga nr. 74, 1974, um meðferð opinberra mála þykir í þessu máli mega dæma eftir 2. mgr. 168. gr., enda hefur verjanda ákærðs verið gefinn kostur á að reifa málið að þessu leyti.

Sannað þykir í málinu samkvæmt því, sem áður er rakið, að flugvélarnar

hafi fengið áþekka brottflugsheimild frá flugvellinum og ákærðum Birni verið um það kunnugt. Hann hélt þó óbreyttri stefnu og klifri, þótt flugvél hans nálgaðist mjög FI-614. Einnig þykir sannað, að ákærður Björn hafi ekki sinnt síðbúnum fyrirmælum ákærðs Guðmundar um að halda FI-232 1.000 fetum neðan við FI-614, en í þess stað flogið flugvélinni undir hana og síðan upp í gegnum fluglag hennar fyrir framan hana, þrátt fyrir það að hann hefði misst sjónar af henni, þar sem hana bar þá fyrir sólu. Telst framangreind háttsemi ákærðs varða við 2. mgr., sbr. 1. mgr. 168. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Í ákæruskjali er háttsemi ákærðs Björns einnig talin varða við 1. mgr. 163. gr., sbr. 1. mgr. 164. gr. laga um loftferðir nr. 34, 1964, og greinar 3.1.1, 3.2.1.1, 3.2.2, 3.2.2.3, 3.2.5.1, 3.6.1.1 og 3.6.2.1 í auglýsingu nr. 415, 1975, um setningu flugreglna, sbr. 89. gr. laga um loftferðir. Hér ber einnig að hafa í huga 181. gr. loftferðalaganna, þótt hennar sé ekki getið í ákæruskjali, sbr. áðurgreint ákvæði 118. gr. laga nr. 74,1974.

Með háttsemi sinni, sem áður er lýst, þykir ákærður einnig hafa brotið framangreind ákvæði að undanskildum greinum 3.6.1.1 og 3.6.2.1 í auglýsingu nr. 415, 1975, sem ekki verður séð, að eigi hér við.

Við refsimat ber að hafa í huga, að ákærður Björn fékk villandi upplýsingar frá ákærðum Guðmundi, svo sem að framan greinir.

Refsing ákærðs þykir hæfilega ákveðin varðhald í sjö mánuði. Fullnustu refsingar skal þó fresta og hún niður falla að liðnum 5 árum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærður almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærður Guðmundur Richter heimilaði framangreindum flugvélum flugtak með einnar mínútu millibili samkvæmt dagbók flugturns Keflavíkurflugvallar. Hugsanlegt er þó, að liðið hafi hátt í 2 mínútur milli flugtaka samkvæmt því, sem áður hefur verið rakið. Ákærður Guðmundur taldi sig hafa upplýsingar um, að FI-614 klifraði hraðar en FI-232, eða minnti, að svo væri. Hann mátti þó vita hið gagnstæða. Eins og hér stóð á, var ástæðulaust að heimila flugvélunum flugtak með svo skömmu millibili á sama ferli.

Kl. 7.36.00 og kl. 7.36.34 fullvissaði hann ákærðan Björn um, að 5 sjómílna aðskilnaður væri milli flugvélanna, þótt hann með eðlilegri árvekni og aðgæslu hefði mátt ætla, að bilið væri minna, og sérstakt tilefni hefði gefist vegna kvartana ákærðs Björns.

Frá því að ákærður Björn tók að kvarta kl. 7.35.35 og þangað til ákærður Guðmundur greip til aðgerða kl. 7.36.55, leið ein mínúta og tuttugu sekúndur. Á þessu tímabili tvítók hann fullyrðingu sína um ratsjáraðskilnað og gaf því ákærðum Birni tilefni til að ætla, að uggur hans væri ástæðulaus.

Ákærður Guðmundur gaf ákærðum Birni fyrirmæli kl. 7.36.55 um að klifra a.m.k. 1.000 fetum undir FI-614 um það bil einni mínútu fyrir atvikið, sem varð um kl. 7.38.00. Ákærður Guðmundur hefði átt að láta fylgja fyrirmælum sínum upplýsingar um, í hvaða hæð FI-614 flygi, og þá þegar á eftir að gefa flugstjóra FI-614 fyrirmæli að kalla í gegnum hver 1.000 fet. Ákærður Guðmundur taldi hins vegar, að ákærður Björn hefði heyrt hæðartilkynningu flugstjóra FI-614, og lét hjá líða að fá það staðfest og fullvissa sig þannig um, að ákærður Björn hefði heyrt tilkynninguna.

Af hálfu ákærðs Guðmundar hefur því verið haldið fram, að hafi einhver hætta verið á árekstri, þá sé eingöngu við ákærðan Björn að sakast vegna ámælisverðrar háttsemi hans. Þá tíðkist ekki neins staðar að ákæra menn fyrir mistök, sem valdi flugumferðaratviki, án þess að tjón verði, enda hafi varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytisins lagt til við ríkissaksóknara, að málið yrði fellt niður. Flugmálayfirvöld meðhöndli mál af þessu tagi í þeim tilgangi að koma í veg fyrir endurtekningu og til að stuðla að flugöryggi. Hafi ákærður vegna þessa atburðar verið leystur frá störfum um tíma, sviptur flugumferðarskírteini sínu til bráðabirgða og gert að gangast undir læknisrannsókn, geðrannsókn og hæfnispróf.

Ekkert af þessu firrir ákærðan Guðmund þó ábyrgð.

Í ákæruskjali er atferli ákærðs Guðmundar talið varða við 1. mgr. 168. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en þar er gert ráð fyrir, að verknaður sé framinn af ásetningi. Er verknaðarlýsing í ákæruskjali ekki ótvíræð að þessu leyti. Með vísan til 3. mgr. i.f. 118. gr. laga nr. 74, 1974, um meðferð opinberra mála þykir í þessu máli mega dæma eftir 2. mgr. 168. gr., enda hefur verjendum verið gefinn kostur á að reifa málið að þessu leyti.

Sannað þykir í málinu, að ákærður Guðmundur hafi ekki gætt þess að halda nægjanlegum aðskilnaði milli flugvélanna í brottflugi þeirra frá flugvellinum og hafa ekki gripið nægilega skjótt til takmarkana á hraða og klifri flugvélanna, þannig að FI-232 klifraði í gegnum fluglag FI-614 framan við og vinstra megin við hana um kl. 7.38.00, þannig að árekstur var hugsanlegur. Telst þessi háttsemi ákærðs varða við 2. mgr., sbr. 1. mgr. 168. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Í ákæruskjali er háttsemi ákærðs Guðmundar einnig talin varða við 141. gr. almennra hegningarlaga. Eins og nánar verður vikið að hér á eftir og með skírskotun til atvika málsins, sem þegar hefur verið lýst, verður ekki talið, að ákærður hafi gerst sekur um stórfellda eða ítrekaða vanrækslu eða hirðuleysi í starfi sínu, þannig að sýkna ber ákærðan fyrir brot á þessu ákvæði.

Þá er háttsemi ákærðs Guðmundar í ákæruskjali einnig talin varða við 1. mgr. 163. gr. laga um loftferðir nr. 34, 1964. Ber að hafa í huga 181.

gr. loftferðalaganna, þótt hennar sé ekki getið í ákæruskjali, sbr. áðurgreint ákv. 118. gr. laga nr. 74, 1974.

Af hálfu ákæruvalds hefur ekki verið sýnt fram á í máli þessu, að brotnar hafi verið neinar þær reglur, sem áskilið er, að flugmálaráðherra hafi sett, svo sem gert er ráð fyrir í framangreindu ákvæði loftferðalaganna. Í ákæru er vísað til ýmissa ákvæða á ensku, sem engan veginn geta verið refsiheimildir. Einnig er þar vísað til reglna á íslensku, sem ýmist eiga ekki við, svo sem 28. og 37. gr. samþykktar um alþjóðaflugmál, sbr. auglýsingu nr. 45, 1947, eða eru ekki settar með þeim hætti, sem áskilið er í 1. mgr. 163. gr. loftferðalaganna, ellegar vísað er til í heild, svo sem auglýsingar nr. 415, 1975, um setningu flugreglna, andstætt fyrirmælum 3. tl. 2. mgr. 115. gr. laga nr. 74, 1974, um meðferð opinberra mála.

Ber því að sýkna ákærðan Guðmund fyrir brot á framangreindu ákvæði loftferðalaga nr. 34, 1964.

Við refsimat ber að hafa í huga, að starfsaðstöðu ákærðs var á ýmsan hátt ábótavant, vaktaskipan óheppileg og vinnuálag úr hófi. Er líklegt, að uppsöfnuð þreyta (sic) hafi að einhverju leyti ráðið viðbrögðum hans.

Refsing ákærðs þykir hæfilega ákveðin varðhald í sjö mánuði. Fullnustu refsingar skal þó fresta og hún niður falla að liðnum 5 árum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærður almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Af hálfu ákæruvalds hefur þess verið krafist, að ákærður Björn verði sviptur rétti til að starfa í loftfari, skv. 184. gr. laga um loftferðir, og ákærður Guðmundur sviptur flugumferðarstjóraréttindum skv. sama lagaákvæði, sbr. 68. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Ákærður Björn framkvæmdi æfingar í „Procedure Trainer" 10. október 1984, tók hæfnispróf á „Simulator" 11. október, fór síðan í eftirlitsflug og stóðst allar prófraunir. Ekki er annað vitað en hann hafi starfað áfallalaust síðan. Ákærður Guðmundur var leystur frá störfum um tíma, sviptur flugumferðarstjóraskírteini sínu til bráðabirgða, gert að gangast undir læknis- og sálfræðingsrannsókn og hæfnispróf, sem hann stóðst, og ekki er annað vitað en hann hafi síðan gegnt starfi sínu áfallalaust. Þykir samkvæmt þessu og eftir atvikum í þessu máli ekki rétt að svipta ákærðu starfsréttindum, svo sem krafist er.

Dæma ber ákærðan Björn Guðmundsson til greiðslu málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 150.000,00, og ákærðan Guðmund Richter til greiðslu málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Sigurðar Helga Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 150.000,00. Allan annan sakarkostnað greiði ákærðir in solidum.

Verjandi ákærðs Björns Guðmundssonar skilaði skriflegri vörn 16.

janúar 1989 og verjandi ákærðs Guðmundar Richters hinn 7. febrúar. Síðan fór fram munnleg vörn 13. mars, svo sem getið er hér að framan, og málið þá dómtekið. Hið sama gerðist í öðru áþekku máli, sem einnig var dómtekið fyrrgreindan dag. Dómur í því gekk 5. maí 1989. Bæði þessi mál eru allumfangsmikil og hin fyrstu sinnar tegundar hér á landi. Dómarar þurftu einnig að sinna öðrum brýnum og aðkallandi skyldum. Reyndist því ekki unnt að ljúka þessu máli fyrr en nú.

Dómsorð:

Ákærðir, Björn Guðmundsson og Guðmundur Jakobsson Richter, sæti hvor um sig varðhaldi 7 mánuði, en fullnustu refsingar skal fresta og niður falla að liðnum 5 árum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi þeir almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærður Björn greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, krónur 150.000,00, og ákærður Guðmundur greiði málsvarnarlaun Sigurðar Helga Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda síns, krónur 150.000,00, en allan annan sakarkostnað greiði ákærðir in solidum.

Dómi ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 2. nóvember 1990.

Nr. 402/1990. **Ákæruvaldið**

gegn

Sverri Róbert Guðmundssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason.

Varnaraðili er skírður Sverrir Róbert Guðmundsson, en er nú skráður í þjóðskrá Róbert Guðmundsson, kt. 261168-5459. Hann hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinbera mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 30. október 1990. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr ríkissjóði.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 30. október 1990.

Ár 1990, þriðjudaginn 30. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi:

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Sverri Róbert Guðmundssyni, kt. 261168-5459, Bergþórugötu 41, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 7. nóvember nk. kl. 16.00. Kærði mótmælir kröfunni.

RLR vinnur nú að rannsókn innbrotsþjófnaðar, sem framinn var í mars sl. að Strýtuseli 13 hér í borg, og í því sambandi viðskipta með verðmæti, sem aflað var með innbrotinu. Í þágu rannsóknar hafa tveir menn verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald til 7. nóvember nk. Hafa þegar nokkrir menn til viðbótar verið handteknir og yfirheyrðir. Við þessar yfirheyrslur beindist grunur að aðild kærða að málinu. Leiddi það til þess, að um hádegisbilið í gær var kærði handtekinn og færður til yfirheyrslu hjá RLR.

Framburður kærða varðandi það, með hvaða hætti þýfi úr innbroti þessu komst í hans hendur og með hvaða hætti því hefur verið ráðstafað af hans hálfu, sýnist bæði óljós og ófullnægjandi. Hann hefur þó greint frá því, að maður að nafni Héðinn hafi falið honum að selja 4 byssur sl. vetur, og kveðst hann hafa selt þær öðrum mannanna, sem nú sætir gæsluvarðhaldi. Hann hefur einnig greint frá því, að sér hafi verið kunnugt um, að um hafi verið að ræða stolnar byssur, en hann viti ekki, hvar þeim var stolið.

Eins og rannsóknargögn málsins bera með sér, er rannsókn þess enn á frumstigi. Með vísan til þess og skírskotun til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, þykir rétt að taka kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins til greina. Skal kærði samkvæmt því sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 7. nóvember nk. kl. 16.00.

Brot þau, sem kærði er hér sakaður um, geta varðað hann fangelsisrefsingu skv. XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og einnig skv. lögum nr. 46, 1977, um skotvopn, sprengiefni og skotelda.

Úrskurðarorð:

Kærði, Sverrir Róbert Guðmundsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 7. nóvember nk. kl. 16.00.

Föstudaginn 2. nóvember 1990.

Nr. 236/1990. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Birgi Ólafssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlagabrot. Akstur án ökuleyfis. Skilorðsrof. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari hefur að ósk ákærða áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. maí 1990 og jafnframt af hálfu ákæruvalds til þyngingar á refsingu.

Verjandi krefst þess, að ákærða verði ákveðin sekt í stað fangelsis.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann með þeirri breytingu, að refsing ákærða þykir hæfilega metin 6 mánaða fangelsi.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Birgir Ólafsson, sæti fangelsi 6 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Ákærði var staðinn að akstri bifreiðar án ökuréttinda 8. mars sl. og hefur viðurkennt sekt sína þess vegna. Er brotið rétt fært til refsiákvæða í héraðsdómi. Ekkert var saknæmt við aksturinn

annað en réttindaleysi ákærða, sem var fyrst sviptur ökuréttindum 17 ára að aldri og hefur verið án ökuréttinda allt frá árinu 1980 vegna ítrekaðrar sviptingar þeirra. Á þeim tíma hefur hann þrívegis verið vistaður í fangelsi samkvæmt dómum vegna ölvunaraksturs-brota.

Ákærði hafði 12. apríl 1989 fengið lausn til reynslu frá afplánun á hálfum refsivistartíma, 5 mánuðum, samkvæmt dómum saka-dóms Reykjavíkur frá 20. október 1988 og 3. mars 1989. Var hún veitt á grundvelli 2. mgr. 40. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 16/1976. Sama úrræðis hafði tvisvar áður verið neytt gagnvart ákærða, án þess að bót yrði á ráði hans, að því er varðaði akstur undir áhrifum áfengis. Með broti sínu nú hefur ákærði rofið skilorð þessarar síðustu reynslulausnar. Hins vegar hefur hann að öðru leyti haldið almenn skilyrði lausnarinnar, og ekki er kunnugt um aðrar sakir á hendur honum, síðan hún var veitt. Jafnframt hefur hann haldið það sérstaka skilyrði, sem honum var sett við lausnina varðandi meðferð áfengis og var ætlað til að sporna við ítrekun á fyrri brotum hans. Eftir að lausnin var veitt og brotið framið, hefur orðið breyting á hjúskaparstöðu ákærða, og upplýsingar um hagi hans gefa til kynna, að hann sé í þetta sinn að leitast við að ná þeim árangri, sem að var stefnt með lausninni.

Eins og málið horfir við, verður samkvæmt 42. gr., sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga að ákveða refsingu fyrir brot ákærða í einu lagi með ólokinni refsingu hans samkvæmt fyrrgreindum dómum og með hliðsjón af henni, eins og gert er í héraðsdómi. Er ég sam-þykkur því áliti meiri hluta dómenda, að refsingin sé hæfilega metin 6 mánaða fangelsi. Með tilliti til þess, sem fyrr var rakið um hið nýja brot og hagi ákærða, tel ég hins vegar rétt að neyta heimildar 60. gr. til að fresta fullnustu refsingarinnar, þannig að hún falli niður að 3 árum liðnum frá uppsögu dóms í Hæstarétti, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Ég er samþykkur atkvæði meiri hlutans um sakarkostnað.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 4. maí 1990.

Ár 1990, föstudaginn 4. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Birnu Björnsdóttur fulltrúa, kveðinn upp dómur

í sakadómsmálinu nr. 250/1990: Ákæruvaldið gegn Birgi Ólafssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, útgefnu 3. apríl 1990, á hendur Birgi Ólafssyni, Næfurási 10, Reykjavík, kt. 300761-2759, fyrir „að aka fimmtudaginn 8. mars 1990, sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni MS-476 frá heimili sínu og um götur í borginni, uns lögreglan stöðvaði akstur hans á Skúlagötu.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir.

— — —

Niðurstaða.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali. Varðar atferli ákærða við 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Samkvæmt vottorði ákærða hefur hann sætt refsingum sem hér segir:

[1979 300.000 kr. sekt, ökuleyfissvipting 12 mánuði, fyrir nytjastuld og umferðarlagabrot.

1979 60.000 kr. sekt, ökuleyfissvipting 4 mánuði, fyrir ölvunarakstur.

1980 500.000 kr. sekt, ökuleyfissvipting 12 mánuði, fyrir nytjastuld og ölvunarakstur.

1981 30 daga varðhald, skilorðsbundið, fyrir nytjastuld og ölvunarakstur. Sviptur ökuleyfi 1 ár.

1981 3 mánaða fangelsi fyrir nytjastuld og umferðarlagabrot. Sviptur ökuleyfi ævilangt.

1984 24.000 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot. Sviptur rétti til ökuleyfis ævilangt.

1985 20.000 kr. sekt fyrir akstur bifreiðar án ökuleyfis.

1985 60 daga varðhald fyrir ölvunarakstur og akstur án ökuleyfis. Sviptur rétti til ökuleyfis ævilangt.

1986 8 mánaða fangelsi fyrir skjalafals, fjárdrátt, svik, nytjastuld og umferðarlagabrot. Sviptur ökuleyfi ævilangt.

1987 30.000 kr. sekt fyrir bifreiðarakstur án ökuréttinda.

1988 9 mánaða fangelsi fyrir umferðarlagabrot. Sviptur ökuleyfi ævilangt.

Hinn 12. apríl 1989 var honum veitt reynslulausn á eftirstöðvum refsivistar, 150 dögum.]

— — —

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Ákærða var þann 12. apríl 1989 veitt reynslulausn í 2 ár á 150 daga eftirstöðvum refsinga samkvæmt eldri dómum.

Með broti því, sem hér er til meðferðar, hefur ákærði rofið skilorð reynslulausnar, og ber því samkvæmt 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 3. gr. laga nr. 16, 1976, að dæma ákærða refsingu fyrir það brot, sem nú er til meðferðar, jafnframt því að taka upp reynslulausnina eftir reglum 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22, 1955.

Með hliðsjón af framangreindu og með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 5 mánaða fangelsi.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Birgir Ólafsson, sæti fangelsi í 5 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Föstudaginn 2. nóvember 1990.

Nr. 407/1989. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Kristófer Þorleifssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Fjársvik. Brot í opinberu starfi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson, Arnljótur Björnsson prófessor og Gunnar M. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. september 1989. Hann gerir þessar dómkröfur: „Til viðbótar sakfellingu í héraðsdómi er krafist sakfellingar samkvæmt I. kafla ákæru og 2. og 4. tölul. II. kafla, þannig að summa í II. kafla, sem sakfellt er fyrir, hækki um kr. 2.322,85, þyngingar á refsingu og niðurfellingar á skilorði, — ennfremur, að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar í héraði, þ.á m. til greiðslu saksóknar- og málsvarnarlauna, sem ákvörðuð verði jöfn, svo og alls áfrýjunarkostnaðar, þ.m.t. saksóknarlaun til ríkissjóðs hér fyrir rétti."

Ákærði krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvalds og allur kostnaður sakarinnar felldur á ríkissjóð. Til vara krefst hann vægustu refsingar, sem lög frekast leyfa, að refsing verði ákveðin skilorðsbundin og sakarkostnaði skipt.

I.

Eftir að mál þetta var flutt fyrir Hæstarétti fyrra sinni, var með úrskurði 29. júní 1990 fyrirskipuð framhaldsrannsókn, sem fram fór í júlí 1990. Fram kom, að á þeim tíma, sem atvik máls þessa gerðust, voru eyðublöð þau, sem notuð voru við skráningu læknisverka, í tvíriti: reikningur og samskiptaseðill. Á samskiptaseðil ber lækni að rita fyllri upplýsingar en fram koma á reikningi, en sjúkraskrár voru færðar af ritara eftir samskiptaseðlum. Reikningar þeir, sem ákæra tekur til, hafa verið lagðir fram í málinu, en eru víða í gögnum þess ranglega nefndir samskiptaseðlar. Samskiptaseðlar

voru geymdir í heilsugæslustöðinni í Ólafsvík. Við rannsókn þar fundust 274 samskiptaseðlar frá janúar 1987 og 280 frá september 1987, en reikningar ákærða þessa mánuði voru samkvæmt úttekt ríkisendurskoðunar 449 og 404.

Samskiptaseðlar vegna reikninga þeirra, er eftirtaldir liðir II. kafla ákæru taka til, fundust ekki: 2., 5., 6., 8., 10. (reikningur 20. janúar), 11., 12., 13., 15. (reikningur 20. janúar), 19., 20., 21., 23., 25., 29., 31., 33., 34. (reikningur 29. september), 37. (reikningur 22. september) og 42.

Ákærði fór yfir samskiptaseðla þá, sem fundust, ásamt Jóni K. Jóhannssyni, trúnaðarlækni Tryggingastofnunar ríkisins. Við athugun þeirra kom fram ósamræmi í sjúkraskrám, er varðar eftirtalda liði í II. kafla ákæru:

22. Læknisverk, er svarar til gjaldskrárliðar 105, er skráð á seðil. Nafnritun sjúklings er á seðlinum.

24. Röntgenmyndataka er skráð á seðil.

27. Læknisverk, er svarar til gjaldskrárliðar 105, er skráð á seðil.

30. Læknisverk, er svarar til gjaldskrárliðar 294, er skráð á seðil.

32. Nafnritun vitnis er á samskiptaseðli, en ekki reikningi. Á seðilinn er skráð læknisverk, er svarar til gjaldskrárliðar 105.

39. Röntgenmyndataka er skráð á seðil.

41. Staðfest af móður sjúklings er viðtal á stofu 6. september og svarar til gjaldskrárliðar 103. Fyrst hefur verið ritað á seðilinn 5. september, en dagsetningu breytt í 6. september.

Sjúkraskrár reyndust í samræmi við aðra samskiptaseðla, er fundust og skoðaðir voru.

Ákærði heldur við fyrri framburð sinn um að hafa unnið öll þau læknisverk, er hann gerði reikning fyrir, þó að ekki komi fram upplýsingar um það á samskiptaseðlunum, enda að hans sögn ekki alltaf tími til að skrá allt.

II.

Í I. kafla ákæru er ákærða gefið að sök að hafa brotið gegn 139. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 2. gr. reglugerðar um skýrslugerðir varðandi heilbrigðismál nr. 34/1964.

Á grundvelli verknaðarlýsingar í ákæru verður ákærði ekki sakfelldur fyrir brot gegn þessum ákvæðum. Ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms að því leyti.

III.

Í II. kafla ákæru er ákært fyrir fjársvik og ákærði talinn hafa brotið gegn 248. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði heldur því eindregið fram, að hann hafi unnið öll þau læknisverk, er hann gerði reikning fyrir og ákæra í máli þessu tekur til. Gagnstæður framburður vitna fær stoð í samskiptaseðlum, sem fundist hafa, og færslum í sjúkraskrár. Þar sem svo stendur á, þykir fram komin lögfull sönnun þess, að ákærði hafi gerst sekur um fjársvik. Þar sem hins vegar samskiptaseðlar hafa ekki fundist, þykir varhugavert að telja sjúkraskrá eina veita framburði vitna þá stoð, að nægi til sakfellingar. Samkvæmt þessu verður niðurstaða héraðsdóms um sekt ákærða staðfest, hvað varðar 1., 3., 7., 9., 16., 17., 18., 22., 24., 26., 28., 29.A, 30., 35., 38., 39. og 40. lið II. kafla ákæru, svo og hvað varðar 10. ákærulið um reikning frá 8. janúar 1987, 15. lið um reikning 21. janúar, 32. lið um gjaldskrárliði 272 og 301, 34. lið um reikninga frá 11. og 21. september, 37. lið um reikning 19. september og 41. lið um reikninga frá 4., 5. og 8. september og gjaldskrárlið 273 í reikningi, þar sem dagsetningu hefur verið breytt úr 5. í 6. september 1987. Fjárhæð sú, sem ákærði samkvæmt þessu verður sakfelldur fyrir að hafa svikið sér, nemur samtals 15.358,15 krónum. Af öðrum ákæruliðum II. kafla verður ákærði sýknaður.

IV.

Ákærði var skipaður heilsugæslulæknir við heilsugæslustöðina í Ólafsvík frá 1. júní 1975. Hann var jafnframt skipaður héraðslæknir Vesturlandslæknishéraðs frá 1. júlí 1978 til fjögurra ára og endurskipaður til þess starfs, uns sú skipun hans var felld niður frá og með 1. mars 1988. Hann var leystur frá störfum heilsugæslulæknis frá og með 7. september 1988.

Við ákvörðun refsingar er haft í huga, að fjárhæðin, sem ákærði er sakfelldur fyrir að hafa svikið sér, er ekki há. Hins vegar ber að líta til þess, að með rangri reikningsgerð brást ákærði trausti, sem hann naut vegna náins trúnaðarsambands við þá, sem til hans leituðu um læknisþjónustu, en það setti því skorður, að komið yrði við hefðbundinni endurskoðun. Verður niðurstaða héraðsdóms um refsingu ákærða og skilorðsbindingu hennar staðfest, en upphaf skilorðstíma miðast við uppsögu þessa dóms.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um fjárhæð saksóknar- og málsvarnarlauna. Sakarkostnað í héraði greiði ákærði að hálfu, en ríkissjóður að hálfu. Ákærði verður dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Kristófer Þorleifsson, sæti fangelsi fjóra mánuði. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum þremur árum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um fjárhæð saksóknar- og málsvarnarlauna er staðfest. Sakarkostnað í héraði greiði ákærði að hálfu, en ríkissjóður að hálfu.

Ákærði greiði 60.000 krónur í saksóknarlaun fyrir Hæstarétti í ríkissjóð og hálf málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, sem ákveðast alls 120.000 krónur. Annan áfrýjunarkostnað sakarinnar greiði ákærði að hálfu, en ríkissjóður að hálfu.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 8. september 1989.

Ár 1989, föstudaginn 8. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómara og Gísla G. Auðunssyni lækni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 407/1989: Ákæruvaldið gegn Kristófer Þorleifssyni, sem tekið var til dóms 18. ágúst sl.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 28. september 1988, á hendur ákærða, Kristófer Þorleifssyni lækni, til lögheimilis að Birkigrund 49, Kópavogi, búsettum að Nya Kärnssjukhuset, Skövde, Skaraborgslän, Svíþjóð, fæddum 15. júlí 1946 í Vogum, Garðahreppi, fyrir fjársvik og brot í opinberu starfi sem heilsugæslulæknir við heilsugæslustöðina í Ólafsvík og héraðslæknir í Ólafsvíkurumdæmi í Vesturlandshéraði.

I.

Fyrir stórfellda vanrækslu við að halda lögboðnar sjúkraskrár (journala) yfir þá sjúklinga, sem til ákærða leituðu, og þau læknisverk, röntgengrein-

ingar og niðurstöður rannsókna, sem ákærði telur sig hafa unnið og ákærða var þá jafnframt skylt að skrá í sjúkraskrár, þannig að á tveimur afmörkuðum tímabilum, sem athuguð voru, janúar og september 1987, var um að ræða, eins og síðar greinir, ýmist engar færslur í sjúkraskrá viðkomandi sjúklings eða stórfellt misræmi var á milli færslna í sjúkraskrár og reikningsgerðar ákærða til viðkomandi sjúkrasamlaga, sjúkrasamlags Ólafsvíkur og sýslusamlags Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, á þann veg, að í sjúkraskrár viðkomandi sjúklinga voru færð önnur og minni háttar læknisverk en þau, sem ákærði sjálfum sér til ávinnings gerði áðurnefndum sjúkrasamlögum reikning fyrir.

Samanburður á færslum í sjúkraskrár og reikningum frá ákærða til sjúkrasamlaganna leiddi í ljós eftirfarandi misræmi:

1987:	*Fjöldi reikninga:*	*Engar færslur í sjúkraskrár:*	*Misræmi í færslum:*
janúar	449	52	289
september	404	80	193
	853	132	482
Til frádráttar reikningar, „samskiptaseðlar", sem í II. lið getur.	55	17	38
	798	115	444

Telst þetta varða við 139. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og 2. gr., sbr. 9. gr. reglugerðar um skýrslugerðir varðandi heilbrigðismál nr. 34, 1964.

II.

Fyrir fjársvik með því að hafa með röngum og tilbúnum reikningum fyrir læknisverk, röntgengreiningar og rannsóknir í sömu mánuðum 1987 orðið sér úti um greiðslur frá sjúkrasamlagi Ólafsvíkur með reikningum fyrir janúar, kr. 14.876,25, og fyrir september, kr. 18.007,50, og frá sýslusamlagi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu með reikningum fyrir janúar, kr. 4.698,65, og fyrir september, kr. 4.942,50, eða samtals frá báðum sjúkrasamlögunum kr. 42.524,90.

Verða hér á eftir tilgreindir reikningar, „samskiptaseðlar", ákærða og nafngreindra sjúklinga ásamt kennitölum, dagsetningum, þeir röngu gjaldskrárliðir og þær fjárhæðir, sem ákærði hafði frá fyrrgreindum sjúkrasamlögum vegna hvers sjúklings.

Við meðferð málsins voru nokkrar tölur í ákæru vegna gjaldtöku fyrir röntgengreiningu lækkaðar, og verður ákæran nú rakin í endanlegri mynd sinni, en í upprunalegri ákæru var ákærði ákærður fyrir fjársvik, samtals að fjárhæð kr. 42.524,90.

I. *Nafn sjúklings: Kennitala*	II. *Dag-setning:*	III. *Gjaldskrá:*	IV. *Sjúkra-samlag Ólafsvíkur:*	V. *Sýslusamlag Snæfellsness- og Hnappadalssýslu:*
1. A	19.01	204, 301	309,75	
2. B	20.01	204, 301	744,15	
3. C	09.01	203, 301		
3 seðlar	13.01	203, 301		
	30.01	203, 301	929,25	
4. D	21.01	401, 402, 403, 407, 432, RTG 6	1.578,00	
5. E	20.01	410, 411, 412	392,35	
6. F	06.01	203, 301	309,75	
7. H	09.01	204, 301		309,75
8. J	21.01	203, 301	309,75	
9. K	09.01	203, 301	309,75	
10. L	08.01	401, 402, 403, 407, 432		
	20.01	401, 402, 403, 407, 432	1.404,20	
11. M	11.01	104, 204, 301	722,75	
12. Sama	10.01	104, 204, 301, RTG 3	1.157,75	
13. O	10.01	104, 204, 301	722,75	
14. P	16.01	503		185,85
15. Q	20.01	104, 204, 301		
	21.01	211	1.094,45	
16. S	23.01	203, 301		309,75
17. T	09.01	401, 402, 403, 407, 410, 411, 412, 432	929,25	
18. U	09.01	401, 402, 403, 407, 410, 411, 412	805,35	
19. V	10.01	104, 209, 301	867,30	

20. X	10.01	104, 204, 301, RTG 3		1.151,15
21. Y	11.01	103, 104, 211, RTG 3		1.635,25
		Kr.	12.587.25	3.616,45
22. Z	05.09	105, 301, 273	871,50	
23. Þ	20.09	105, 301, 272	871,50	
24. Æ	07.09	273, 301,		
	08.09	RTG 6		1.592,00
25. Ö	03.09	153, 401, 402, 404,		
		405, 410, 421	546,00	
26. AA	07.09	245, 401, 402,		
		404, 405	336,00	
27. BB	05.09	105, 273, 301	357,00	
28. CC	25.09	103, 410, 421		210,00
29. DD	23.09	301, 243	126,00	
29.A EE	09.09	401, 402, 404, 405,		
	23.09	273, 301		693,00
30. FF	11.09	294, 401, 402,		
		404, 405		
	17.09	273, 301	693,00	
31. GG	07.09	105, 272, 301		871,50
32. HH	01.09	105, 272, 301	871,50	
33. JJ	05.09	273, 301	357,00	
34. LL	11.09	273, 301		
	21.09	273, 301		
	29.09	273, 301	1.071,00	
35. NN	22.09	278, RTG 3	1.061,00	
36. OO	07.09	243, 301	294,00	
37. PP	19.09	283, 304, RTG 3		
	22.09	103, RTG 3	3.098,50	
38. RR	23.09	103, 410, 421,	514,50	
39. SS	24.09	401, 402, 404,		
		405	336,00	
40. TT	01.09	401, 402, 404,		
		405, RTG 6	1.571,00	
41. UU	04.09	410, 421		
	05.09	273		
	05.09	103, 273		

	08.09	273, 301	1.029,00	
42. XX	22.09	272, 301	357,00	
			Kr. 14.025.50	3.702,50

Framanlýst atferli ákærða telst varða við 248. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

III. Dómkröfur.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, ef krafist verður, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Áður en ákæra þessi var gefin út, óskaði ríkissaksóknari með bréfi, dagsettu 12. apríl 1988, með vísan til 2. mgr. 21. gr. laga nr. 74, 1974, um meðferð opinberra mála, eftir rökstuddri umsögn og tillögum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins varðandi mál þetta, og samkvæmt svarbréfi ráðuneytisins, dagsettu 26. sama mánaðar, er niðurstaða þess, að óhjákvæmilegt sé, að málið hljóti umfjöllun á dómstólastigi.

Með bréfi, dagsettu 7. september 1988, var ákærði leystur frá störfum sem heilsugæslulæknir í Ólafsvík frá og með sama degi að telja.

Sakadómarinn fékk málið til meðferðar 24. janúar sl.

Málavextir.

Með bréfi, dagsettu 23. nóvember 1987, fór ríkisendurskoðun þess á leit við ríkissaksóknara, að fram færi opinber rannsókn á reikningsgerð ákærða í máli þessu á hendur sjúkrasamlagi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu. Kemur fram í bréfinu, að ríkisendurskoðun hafi haft reikningsgerðina til athugunar og auk þeirrar stofnunar hafi unnið að athuguninni fulltrúar Tryggingastofnunar ríkisins og Læknafélags Íslands. Hafi allir reikningar fyrir janúar- og septembermánuð 1987 verið bornir saman við sjúkraskrár viðkomandi sjúklinga, og hafi komið í ljós verulegt misræmi milli reikningsgerðar og sjúkraskrár og reikningar sýnt í mörgum tilvikum mun meiri þjónustu en skráð hafi verið í sjúkraskrár. Þá hafi komið í ljós, að ákærði hafi innheimt með reikningum fyrir ýmsa þjónustu, sem honum sé greitt fyrir sem heilsugæslulækni og hann eigi því ekki að krefja sjúkrasamlag um greiðslu fyrir. Einnig kom oft fram, að miðað við sjúkraskrár séu reikningar í engu samræmi við unnin verk, og sýni þeir t.d. allt önnur verk en lýsing læknis í sjúkraskrá segi til um.

Með bréfi þessu fylgdi skýrsla ríkisendurskoðunar um skoðun í heilsugæslustöð Ólafsvíkur dagana 18. til 20. nóvember sama ár.

Í skýrslu þessari segir, að ofangreinda daga hafi samskiptaseðlar (reikningar) frá ákærða verið bornir saman við sjúkraskrá sjúklinga í heilsu-

gæslustöðinni, og hafi verkið verið unnið af Jóni K. Jóhannssyni tryggingalækni, Sigurði Hermundssyni, deildarstjóra hjá ríkisendurskoðun, og Einari Jónssyni, fulltrúa við sömu stofnun. Hafi verkið verið unnið þannig, að Sigurður hafi lesið upp gjaldskrárliði af reikningum, Einar hafi merkt við á listum, en Jón staðfest, játandi eða neitandi, hvort sjúkraskrár sýndu sömu niðurstöður. Ákærði hafi farið yfir niðurstöður Jóns í hverju tilviki. Hafi verið bornir saman allir reikningar í janúar og september 1987, sem greiddir höfðu verið af sjúkrasamlagi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, og niðurstöður orðið sem hér segir:

Mánuðir	*Heildarfjöldi reikn.*	*Spjaldskrá vantar*	*Samræmi*	*Ósamræmi*
Janúar	449	52	108	289
September	404	80	131	193
Alls	853	132	239	482

Algengt sé, að reikningur sýni stutta vitjun til sjúklings, en sjúkraskrá skýri frá komu til læknis (viðtali á stofu). Telji ákærði í þessum tilvikum, að um sé að ræða mistök læknaritara.

Þá sé algengt, að samskiptaseðlar sýni gjaldtöku fyrir verk, sem sjúkraskrá læknis gefi ekki tilefni til. Sérstaklega eigi þetta við eftirtalda liði:

Gjaldskrárliðir	*Aðgerð*	*Einingar*
203	Skorið í djúpa ígerð	11
204	Smásár hreinsuð	11
210	Tekin útvortis æxli	11
301	Staðdeyfing	4
503	Ástunga	9

Verk þessi eiga við um janúar 1987.

Enn fremur sé algengt, að reikningur sé gerður fyrir hjartarit, án þess að niðurstöður af línuriti séu fyrir hendi í skrá læknis. Mikið ósamræmi sé milli reikninga fyrir liðstungur og sjúkraskrár. Séu reikningar yfirleitt fyrir liðstungur í mjaðmarlið, en sjúkraskrá greini aðra liði, sem færri einingar fáist fyrir. Varðandi röntgenmyndatökur segir í skýrslunni, að flestir reikningar fyrir þær séu með hærri gjaldskrárliðum en sjúkraskrárlýsing segi til um. Þá er í skýrslunni fjallað sérstaklega um ónæmisaðgerðir, mæðravernd, ungbarnavernd og útgáfu vottorða vegna veikinda, ökuréttinda, atvinnuréttinda og örorku og slysavottorð. Segir í henni, að ónæmisaðgerðir, mæðravernd og ungbarnavernd séu hluti af fastastarfi heilsugæslulæknis, sem ekki eigi að innheimta sérstaklega fyrir. Séu þess nokkur dæmi, að sjúkraskrá greini frá þessum læknisverkum, en reikningar sýni

önnur læknisverk, oftast vegna viðtals á stofu. Varðandi útgáfu vottorða segir, að gjald vegna þeirra sé greitt beint af atvinnurekanda vegna veikinda, af umsækjanda vegna ökuréttinda- og atvinnuréttindavottorða og af Tryggingastofnun ríkisins vegna örorku- og slysavottorða. Eru tekin 22 dæmi, þar sem sjúkraskrá segir til um, að ofangreind vottorð hafi verið gefin út, en sjúkrasamlag krafið greiðslu vegna annarra læknisverka.

Þann 12. febrúar 1988 fór Egill Bjarnason rannsóknarlögreglumaður ásamt þeim Jóni K. Jóhannssyni tryggingalækni og Grétari N. Nikulássyni, fulltrúa hjá ríkisendurskoðun, í heilsugæslustöðina í Ólafsvík til þess að gera úrtak úr framangreindri skoðun ríkisendurskoðunar. Fór athugunin þannig fram, að Sigurður Baldursson, heilsugæslulæknir í Ólafsvík, og Jón K. Jóhannsson voru með sjúkraskrár undir höndum. Voru samskiptaseðlarnir og sjúkraskrárnar bornar saman með því, að læknarnir svöruðu fyrirspurnum um, hvort dagsetning komu á stofu og læknisverk samkvæmt gjaldskrárnúmerum á samskiptaseðli stemmdu við sjúkraskrár, játandi eða neitandi. Segir í skýrslunni, að nokkurs misræmis hafi gætt í þessum samanburði, og t.d. hafi læknisverk ekki verið skráð í sjúkraskrá samkvæmt því, sem fram kom á samskiptaseðli, eða önnur læknisverk höfðu verið unnin samkvæmt sjúkraskrá en samskiptaseðill gaf til kynna.

Í tilefni af rannsókn á þessu úrtaki var 61 sjúklingur yfirheyrður af hálfu rannsóknarlögreglu ríkisins dagana 24. og 25. febrúar 1988. Staðfestu 19 samskiptaseðlana rétta, en 42 staðfestu ekki þau læknisverk, sem skráð voru á seðlana, 20 í janúar og 22 í september. Er II. kafli ákærunnar reistur m.a. á yfirheyrslum þessum.

Allir þeir, sem upp eru taldir hér að framan og unnu að rannsókn málsins, hafa komið fyrir dóminn sem vitni, staðfest skýrslur sínar og gefið sjálfstæða skýrslu um verk sín.

I. kafli.

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins gefið þá skýringu á því, að allar færslur á samskiptaseðlum hafi ekki verið færðar í sjúkraskrár, að annir hans hafi verið það miklar, að hann hafi ekki komist yfir færslurnar. Ákærði kveðst á þessum tíma hafa verið einn í tveggja lækna héraði. Tíð mannaskipti hafi verið á heilsugæslustöðinni og það tekið flesta ritarana, sem þar unnu, um eitt ár að lesa skrift ákærða, en samskiptaseðlarnir séu handskrifaðir. Þá hafi það verið þannig, ef um tíðar komur eða vitjanir til sjúklings var að ræða, jafnvel oftar en einu sinni á sólarhring, að þá hafi jafnvel ein færsla verið látin duga, þar sem annað þjóni engum tilgangi vegna upplýsinga í sjúkraskrá, sem ákærði kveðst fyrst og fremst hafa fært sem heilsufarsskrá, en ekki bókhaldsgagn vegna læknisverka.

Varðandi skýringu á því, að reikningar sýni oft meiri þjónustu við sjúkl-

ing en skráð er í sjúkraskrá eða rannsóknarbækur heilsugæslustöðvarinnar, segir ákærði færslur oft hafa fallið niður vegna gleymsku, enda komið í ljós við athugun, að færslur, sem voru í rannsóknarbók, hafi ekki verið í sjúkraskrá, og auk þess hafi töluverður hluti samskiptaseðla verið ófrágenginn og þar af leiðandi aldrei komist inn í sjúkraskrá.

Að því er varðaði skýringu á því, að sjúkraskrá vanti alveg um suma sjúklinga, en reikningar samkvæmt samskiptaseðli verið gerðir fyrir unnin læknisverk, kveður ákærði ákveðið hlutfall sjúkraskráa ávallt vera í umferð og að stórum hluta vegna þeirra, sem leita oft og þétt til læknis. Því takist ekki á stuttum tíma að tína til allar sjúkraskrár, þar sem þær geti verið í fórum annarra lækna heilsugæslustöðvarinnar, ritara eða annarra starfsmanna hennar.

Ákærði kveður það lengi hafa verið álitamál, hvaða störf væru fólgin í föstum launum heilsugæslulækna. Hafi það verið skoðun Tryggingastofnunar ríkisins, að allt heilsuverndarstarf væri innifalið í föstum launum. Verði þá að líta til þess, að við þessi störf fái heilsugæslulæknar yfirleitt dygga aðstoð hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra og hlutverk lækna aðeins fólgið í yfirumsjón með starfinu. Á síðustu misserum hafi heilsugæslulæknar í Ólafsvík orðið að vinna þessi störf algjörlega einir, þar sem ekki hafi verið til taks hjúkrunarfræðingar eða ljósmæður. Af þessum ástæðum kveður ákærði, að hann hafi talið sér heimilt að gera sjúkrasamlaginu reikninga fyrir mæðraskoðun og þær rannsóknir, sem henni tengist, svo og fyrir ungbarnaeftirlit, enda í báðum tilvikum oftast samhliða verið að gefa ráð eða veita meðferð við sjúkdómum. Víða sé mæðravernd og ungbarnavernd ekki í höndum heilsugæslulækna á viðkomandi heilsugæslustöðvum, heldur unnin af barnalæknum og kvensjúkdómafræðingum og þeim greitt sérstaklega fyrir þetta af sjúkrasamlaginu, án þess að föst laun viðkomandi heilsugæslulæknis séu skert. Með slíkri framkvæmd kveðst ákærði telja, að Tryggingastofnun ríkisins sé að viðurkenna greiðsluskyldu viðkomandi sjúkrasamlaga í umræddum tilvikum.

Ákærði hefur borið, að hann hafi unnið öll þau verk, sem á samskiptaseðlum greinir og hann hefur gert sjúkrasamlögum reikning fyrir.

Ákærði kveðst, jafnframt því að hafa verið heilsugæslulæknir, hafa verið héraðslæknir í Vesturlandshéraði. Kveður ákærði það hafa verið tímafrekt og varðandi laun verið metið sem 20% af launaflokki, sem sé 6 flokkum fyrir ofan launaflokk þann, sem heilsugæslulæknar taka laun samkvæmt.

Ákærði kveðst hafa farið í launalaust leyfi hinn 1. mars 1988, þ.e. eftir að mál þetta kom upp, og verið í því til 7. september sama ár, er honum hafi verið vikið úr starfi fyrirvaralaust.

Með bréfi dómsins, dagsettu 16. júní sl., var þess farið á leit við embætti landlæknis, að það upplýsti, eftir því sem tök væru á, hvernig mannahaldi

á heilsugæslustöðinni í Ólafsvík hafi verið háttað í janúar 1987 og misserið þar á undan svo og í september 1987. Enn fremur var óskað svars við því, hvort það væri venja við héraðslæknisembætti að færa allar skráningar á samskiptaseðla í sjúkraskrár, og að lokum, hvort annir hefðu verið það miklar í Ólafsvík á framangreindu tímabili, að ekki hefðu verið tök á því að halda sjúkraskrár með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir í 2. gr. reglugerðar nr. 34, 1964.

Í svarbréfi landlæknis, dagsettu 15. ágúst sl., segir m.a., að það sé venja að færa færslur á samskiptaseðlum inn á sjúkraskrár, nema þar sem vinnufyrirkomulag sé með þeim hætti, að slíks gerist ekki þörf, t.d., ef læknir les ritara fyrir á segulband eða færir sjálfur upplýsingar beint inn á sjúkraskrá eða tölvu. Þá kemur fram, að miklar annir heilsugæslulækna geti tímabundið haft þau áhrif, að erfitt sé að færa skýrslur, svo að fullnægjandi sé. Ætla verði þó, að lækni sé nauðsynlegt engu að síður að færa sér til minnis með einhverjum hætti helstu atriði varðandi skoðun, greiningu og meðferð, þar sem oft sé um endurteknar komur sama sjúklings að ræða og því tímasparnaður og hagræði að því að halda skrá. Verði ekki séð af gögnum embættisins, að hægt sé að réttlæta stórfellda vanrækslu við að halda lögboðnar sjúkraskrár yfir þá sjúklinga, sem til ákærða leituðu í janúar og september 1987, en vert sé að benda á, að í janúar hafi um langt skeið verið læknar í starfi, skamman tíma í senn, í hinni stöðu heilsugæslulæknis og því ljóst, að meginþungi starfsins hafi hvílt á ákærða.

Niðurstaða.

Ákærði er í ákærukafla þessum ákærður fyrir brot gegn 139. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en þar er það atferli opinbers starfsmanns lýst refsivert að misnota stöðu sína sér eða öðrum til ávinnings eða til þess að gera nokkuð það, sem hallar réttindum einstakra manna eða hins opinbera.

Ekkert er fjallað um það í ákæru eða öðrum gögnum málsins, hvern ávinning ákærði á að hafa haft af þessari háttsemi sinni. Ákærði hefur haldið því fram, að hann hafi unnið öll þau verk, sem hann hefur gert reikninga fyrir, samkvæmt samskiptaseðlum, en ekki voru færð í sjúkraskrá, og gefið ýmsar skýringar á ósamræmi milli færslna á samskiptaseðla og í sjúkraskrár.

Þar sem ekki hefur verið sýnt fram á, hvern ávinning ákærði á að hafa haft af atferli því, sem hann er ákærður út af, þykir gegn neitun hans eigi komin fram lögfull sönnun um, að hann hafi gerst brotlegur við 139. gr. almennra hegningarlaga. Ber því að sýkna ákærða af broti gegn þeirri lagagrein.

Samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 34, 1964, um skýrslugerðir varðandi

heilbrigðismál, sem sett var samkvæmt heimild í 14. gr. laga nr. 47, 1932, um lækningaleyfi og hafði stoð í 13. gr. læknalaga nr. 80, 1969, sem í gildi voru á þeim tíma, sem sakarefni það, sem hér er til umfjöllunar, tekur til, sbr. nú læknalög nr. 53, 1988, er skylt að halda dagbók (journal) við hvert sjúkrahús og sjúkraskýli eða aðra heilbrigðisstofnun yfir alla sjúklinga, er þar dveljast eða þangað leita, og skal þar skrá nafn hvers sjúklings, aldur, stöðu, heimilisfang, komudag og brottfarardag, heilsufars- og sjúkrasögu, niðurstöður læknisskoðunar og rannsókna, sjúkdómsgreiningu, meðferð, bæði lyflæknis- og handlæknismeðferð, og afdrif við burtför.

Samkvæmt skýrslu Jóns K. Jóhannssonar tryggingalæknis, Sigurðar Hermundssonar, deildarstjóra hjá ríkisendurskoðun, og Einars Jónssonar, fulltrúa við sömu stofnun, var heildarfjöldi reikninga ákærða til sjúkrasamlaga í janúar og september 1987 853. Samræmi var milli reikninga (samskiptaseðla) og sjúkraskráa í 239 tilvikum, en ósamræmi í 482 tilvikum. Þá vantaði í sjúkraskrár 132 færslur, sem voru á samskiptaseðlum. Samkvæmt þessu er misræmi milli færslna á samskiptaseðla og í sjúkraskrá, eða færslur vantar í sjúkraskrár í samtals 614 tilvikum af þeim 853 tilvikum, sem könnuð voru, en til frádráttar koma þau 55 tilvik, sem II. kafli ákærunnar snýst um, þannig að eftir standa 529 tilvik, þar sem um misræmi milli færslna eða vöntun er að ræða. Verk þetta hafa framangreindir menn, sem unnu að rannsókn málsins, staðfest við meðferð málsins, en ákærði var viðstaddur skoðunina og fór yfir niðurstöður hennar með Jóni K. Jóhannssyni tryggingalækni.

Ákærði er í ákærukafla þessum ákærður fyrir stórfellda vanrækslu við að halda lögboðnar sjúkraskrár (journala), svo að ýmist hafi um engar færslur í sjúkraskrá viðkomandi sjúklings verið að ræða eða stórfellt misræmi hafi verið á milli færslna í sjúkraskrár og reikningsgerðar ákærða til viðkomandi sjúkrasamlaga, á þann veg, að í sjúkraskrár viðkomandi sjúklinga hafi verið færð önnur og minni háttar læknisverk en þau, sem ákærði, sjálfum sér til ávinnings, hafi gert sjúkrasamlögunum reikning fyrir. Verður ákæran, að því er varðar framangreint reglugerðarbrot, eigi skilin á annan veg en þann, að verið sé að saka ákærða um að hafa eigi framið lögbrot með því að færa inn í sjúkraskrár verk, sem hann hafi eigi unnið. Þykir þar af leiðandi, eins og ákæru er háttað, einnig bera að sýkna ákærða af því að hafa brotið gegn 2. gr. reglugerðar nr. 34, 1964, með háttsemi þeirri, sem lýst er í ákærukafla þessum.

II. kafli.

Verður nú gerð grein fyrir hverjum einstökum lið ákærukafla þessa. Ákærði hefur í öllum tilvikum borið, að hann hafi unnið þau læknisverk,

sem greinir á samskiptaseðlum og hann hefur gert sjúkrasamlögum reikning fyrir.

1. Samkvæmt samskiptaseðli ákærða hefur hann í þessu tilviki hreinsað smásár á sjúklingnum og saumað og jafnframt staðdeyft hann. Í sjúkraskrá er ekkert getið um þessi læknisverk. Vitnið A hefur borið, að það hafi einu sinni verið deyft, og hafi það verið í kringum árið 1980, en það hafi hins vegar aldrei verið saumað. Kveðst vitnið því ekki hafa verið deyft eða saumað hinn 19. janúar 1987.

2. Samskiptaseðill ber með sér í þessu tilviki, að smásár hafi verið hreinsað og saumað og einnig hafi verið framkvæmd staðdeyfing og röntgenmynd tekin. Í sjúkraskrá er aðeins getið um, að sjúklingurinn hafi komið í viðtal á stofu. Vitnið B kveðst greint sinn hafa farið til ákærða vegna verkja fyrir brjósti. Hafi stúlka tekið af honum hjartalínurit, og þá hafi einnig verið tekið blóð úr vitninu til rannsóknar. Kannast vitnið alls ekki við að hafa verið deyft umrætt sinn eða smásár á því verið hreinsað og saumað. Þá kannast vitnið ekki heldur við, að tekin hafi verið af því röntgenmynd.

3. Allir þrír samskiptaseðlarnir í þessum lið greina frá því, að skorið hafi verið í djúpa ígerð og að í öllum tilvikum hafi einnig verið framkvæmd staðdeyfing. Í sjúkraskrá eru einungis viðtöl á stofu skráð. Vitnið C kveðst á þessum tíma hafa leitað til ákærða vegna eyrnabólgu. Í fyrsta skiptið hafi ákærði skoðað vitnið, en ekkert frekar unnt að gera, nema ef vera kynni, að hann hafi gefið vitninu lyfseðil fyrir einhverju smyrsli í eyrun. Í annað skiptið hafi ákærði skolað út eyrnamerg með sogröri, og í þriðja skiptið kveðst vitnið hafa komið í eftirlit út af þessu að beiðni ákærða. Kveðst vitnið aldrei hafa verið deyft greind sinn, og þá hafi heldur aldrei verið skorið í ígerð.

4. Samskiptaseðill greinir frá því í þessu tilviki, að blóðsýni hafi verið tekið til rannsóknar, hjartalínurit hafi verið tekið og einnig tekin röntgenmynd. Ekkert er getið um þessi læknisverk í sjúkraskrá. Vitnið D kveðst greint sinn hafa farið til ákærða til þess að fá læknisvottorð vegna skipstjórnarréttinda og minnist þess ekki, að þau læknisverk, sem á samskiptaseðli greinir, hafi verið unnin. Við yfirheyrslu hjá lögreglu treysti vitnið sér ekki til að fullyrða um þetta, þótt það myndi ekki eftir, að þessi læknisverk hefðu verið unnin.

5. Hér greinir frá því á samskiptaseðli, að fram hafi farið almenn þvagrannsókn, þvagsmásjárskoðun og þvagræktun. Ákærði segir móður sjúklings hafa komið með þvagsýnið daginn eftir. Í sjúkraskrá er ekkert getið um þetta tilvik. Vitnið E kveðst hafa leitað til ákærða í janúar 1987 til að fá augnvottorð vegna ökuprófs og kveðst alls ekki hafa látið ákærða í té þvag til rannsóknar á þessum tíma og reyndar hvorki fyrr né síðar.

Þá kveður vitnið útilokað, að móðir þess hafi komið þvagsýni fyrir sig til ákærða.

6. Samskiptaseðill greinir frá viðtali á stofu, staðdeyfingu og skurði í djúpa ígerð. Sjúkraskrá getur ekkert um þessi verk. Vitnið F kveðst greint sinn hafa farið með son sinn, G, ..., í venjulegt ungbarnaeftirlit til ákærða, og hafi sonur sinn hvorki verið deyfður né heldur skorið í djúpa ígerð á honum, og hafi það reyndar ekki verið gert hvorki fyrr né síðar.

7. Samkvæmt samskiptaseðli hefur verið framkvæmd staðdeyfing og smásár hreinsuð og saumuð. Ákærði kveður sár á höfði sjúklingsins eftir fall hafa verið saumað. Sjúkraskrá varðandi sjúkling þennan fannst ekki á heilsugæslustöðinni. Vitnið H kannast við að hafa farið með fósturson sinn, I, ..., til ákærða umræddan dag, en mundi ekki nákvæmlega, af hvaða tilefni það var. Kveðst vitnið visst um, að I hafi aldrei verið saumaður á höfði eða deyfður vegna sárs þar. Jafnframt kveðst vitnið ekki vita til þess, að drengurinn hafi nokkurn tímann verið saumaður.

8. Á samskiptaseðli greinir, að fram hafi farið viðtal á stofu, staðdeyft hafi verið og skorið í djúpa ígerð. Sjúkraskrá varðandi sjúkling þann, sem um er að ræða í þessu tilviki, fannst ekki á heilsugæslustöðinni. Við yfirheyrslu hjá lögreglu lá einnig frammi samskiptaseðill frá 20. janúar 1987, en hann fylgdi ekki gögnum málsins, þannig að ekki er ljóst í máli þessu, hvaða læknisverk voru skráð á þann seðil. Vitnið J kannast við að hafa leitað tvisvar til ákærða í janúar 1987 vegna tvíburabróður. Í fyrra skiptið hafi vitnið verið deyft og stungið hafi verið á ígerðinni, en í hið seinna hafi eingöngu verið skipt um umbúðir. Staðfestir vitnið því fyrri samskiptaseðilinn, en ekki þann, sem ákært er út af í þessum lið.

9. Samkvæmt samskiptaseðli hefur í þessu tilviki verið farið í stutta vitjun og staðdeyft og skorið í djúpa ígerð. Undirskrift sjúklings vantar á þennan samskiptaseðil. Í sjúkraskrá er skráð stutt vitjun. Vitnið K kveðst hafa fengið öngul í fingurinn í róðri þann 9. janúar 1987. Kveðst vitnið hafa farið til ákærða á heilsugæslustöðina um kvöldið sama dag, eftir að hafa náð símasambandi við ákærða þar. Vitnið kveðst sjálft hafa náð önglinum úr fingrinum. Ákærði hafi skoðað fingurinn og látið vitnið hafa einhver fúkkalyf í töfluformi. Er vitnið visst um, að þetta hafi verið það eina, sem ákærði gerði, og jafnframt er það öruggt um, að hann hafi hvorki staðdeyft sig né skorið í sárið.

10. Á samskiptaseðlum þessum eru skráðar ýmsar blóðrannsóknir og einnig hjartalínurit í báðum tilvikum. Í sjúkraskrá eru einungis skráð viðtöl á stofu. Vitnið L kveðst hafa leitað tvisvar til ákærða í janúar 1987. Er vitnið visst um, að ákærði hafi ekki tekið hjartalínurit af vitninu greind skipti og þá hafi hann ekki heldur tekið því blóð til rannsókna í þeim mánuði. Vitnið hafði hjá lögreglu kannast við nafnritun sína á

þrjá samskiptaseðla, en einungis er ákært út af tveimur þeirra í máli þessu.

11. Samkvæmt samskiptaseðli þessum hefur verið farið í stutta vitjun og smásár hreinsað og saumað og jafnframt staðdeyft. Á samskiptaseðil þennan vantar undirskrift sjúklings. Ekkert er skráð um þetta í sjúkraskrá. Vitnið M kveður ákærða hvorki hafa deyft sig né saumað á sér sár, og sé reikningurinn tilbúningur ákærða.

12. Á samskiptaseðli þessum er skráð, að farið hafi verið í stutta vitjun til sjúklings, smásár verið hreinsað og saumað og jafnframt staðdeyft og auk þess hafi röntgenmynd verið tekin. Undirskrift sjúklings eða forsjármanns hans vantar á seðil þennan. Í sjúkraskrá er ekkert skráð um þessi læknisverk. Vitnið M kveður, að ákærði hafi hvorki komið heim til vitnisins né það farið með dóttur sína, N, ..., til ákærða og ákærði deyft hana, saumað sár á henni eða röntgenmynd verið tekin af henni í janúar 1987. Kveður vitnið, að síðast hafi verið saumað sár á dóttur þess, er hún hafi verið rúmlega fjögurra ára, og hafi það verið gert í Stykkishólmi.

13. Samskiptaseðill greinir frá stuttri vitjun, þar sem smásár hafi verið hreinsað og saumað og jafnframt staðdeyft. Undirskrift sjúklings vantar á samskiptaseðilinn. Í sjúkraskrá er ekkert skráð um þetta. Vitnið O kveðst ekki hafa leitað til læknis í janúar 1987, og hafi því ekki verið búið um sár á því, það hreinsað eða saumað eða vitnið deyft af því tilefni. Hafi vitnið reyndar ekki sætt slíkri læknismeðferð það ár, hvorki heima hjá sér né í heilsugæslustöðinni í Ólafsvík.

14. Samkvæmt samskiptaseðli þessum hefur m.a. verið stungið á brjósthol sjúklings. Í sjúkraskrá er skráð viðtal á stofu. Ákærði kveður, að í þessu tilviki hafi sér orðið á mistök með því að merkja við á röngum stað. Hafi verið um að ræða liðástungu í axlarlið, en ekki brjóstholsástungu. Vitnið P kannast við að hafa farið til ákærða hinn 16. janúar 1987 vegna ígerðar undir nögl á stóru tá hægri fótar. Kveðst vitnið hafa verið staðdeyft og nöglin fjarlægð að því loknu. Kannast vitnið ekki við, að stungið hafi verið á brjósthol þess greint sinn. Vitnið man til þess, að stungið hafi verið á hnjálið þess áður, en það hafi ekki verið í þetta skipti.

15. Á samskiptaseðlinum frá 20. janúar 1987 greinir frá stuttri vitjun kl. 23.20, hreinsun og saumi smásárs og staðdeyfingu, og samskiptaseðillinn frá 21. janúar sama ár ber með sér, að búið hafi verið um brot á frameða upphandlegg. Undirskrift sjúklings vantar á samskiptaseðil þennan. Ekkert er skráð í sjúkraskrá varðandi samskiptaseðilinn frá 20. janúar 1987, en viðtal á stofu varðandi samskiptaseðilinn frá 21. sama mánaðar. Vitnið Q kannast við að hafa farið með son sinn, R, ..., til ákærða einu sinni í janúarmánuði vegna meiðsla á fæti. Kveður vitnið ákærða hafa tekið röntgenmynd af fætinum, en ekki framkvæmt nein önnur læknisverk.

Kveður vitnið engan umbúnað hafa verið settan á fótinn, enda sonur sinn aldrei brotnað. Hann hafi einu sinni verið deyfður og saumaður, og hafi hann þá verið þriggja eða fjögurra ára. Vitnið kannast alls ekki við að hafa leitað til ákærða með son sinn seint að kvöldi 20. janúar 1987.

16. Samskiptaseðill greinir hér frá staðdeyfingu og að skorið hafi verið í djúpa ígerð. Í sjúkraskrá er skráð viðtal á stofu. Vitnið S kveðst hafa slasast um borð í bát hinn 20. janúar 1987. Kveðst vitnið hafa farið til ákærða, sem hafi saumað saman skurð á hægra hné vitnisins og jafnframt sett gips utan um fótinn. Kveðst vitnið hafa farið til ákærða þremur dögum seinna og hann þá skipt um umbúðir á sárinu, en ekki gert neitt annað.

17. Samkvæmt samskiptaseðli þessum hafa verið framkvæmdar ýmsar blóðrannsóknir og þvagrannsóknir og hjartalínurit tekið. Ekkert er skráð um þetta í sjúkraskrá. Vitnið T kveðst hafa leitað til ákærða 9. janúar 1987 til að fá læknisvottorð vegna skipstjórnarréttinda. Hafi ákærði mælt blóðþrýsting, sjón og litarskynjun og þetta verið hið eina, sem ákærði gerði. Kveður vitnið alls ekki hafa verið tekið úr sér blóðsýni eða það látið í té þvagsýni eða þá tekið af því hjartalínurit.

18. Samkvæmt samskiptaseðli þeim, er þennan ákærulið varðar, voru unnin sömu læknisverk og í ákærulið 17 greinir, að því undanskildu, að í þessu tilviki hefur hjartalínurit ekki verið tekið. Í sjúkraskrá er ekkert getið um þessi læknisverk. Vitnið U kannast við að hafa farið til ákærða umræddan dag til að fá læknisvottorð vegna skipstjórnarréttinda. Hafi ákærði prófað sjón, heyrn og litarskynjun. Kannast vitnið alls ekki við að hafa látið í té blóð- eða þvagsýni til rannsókna greint sinn. Kveðst vitnið hafa greitt fyrir vottorð þetta.

19. Samskiptaseðill í þessu tilviki ber með sér, að farið hafi verið í stutta vitjun, þar sem aðskotahlutir hafi verið teknir djúpt úr holdi og jafnframt staðdeyft. Undirskrift sjúklings vantar á samskiptaseðilinn. Ekkert er skráð um þetta í sjúkraskrá. Vitnið V kveður, að aðskotahlutir hafi aldrei verið teknir úr holdi sínu, og kannast því ekki við, að slíkt hafi verið gert hinn 10. janúar 1987. Vitnið kveður það geta verið, að það hafi leitað til ákærða þennan dag vegna baðmullar, sem farið hafi af eyrnapinna og orðið eftir í eyra vitnisins. Hafi ákærði þá verið staddur á heilsugæslustöðinni og kippt baðmullinni út með töng, en ekki gert neitt annað.

20. Samkvæmt samskiptaseðli í þessu tilviki hefur verið farið í stutta vitjun, smásár hreinsuð og saumuð og jafnframt staðdeyft og einnig tekin röntgenmynd. Undirskrift sjúklings vantar á samskiptaseðil þennan. Ekkert er skráð um þessi verk í sjúkraskrá. Vitnið X kannast ekki við að hafa komið til Ólafsvíkur hinn 10. janúar 1987 og kvatt ákærða á heilsugæslustöðina þar í bæ vegna sárs og að ákærði hafi þar deyft sig, búið um og saumað sár á vitninu. Þá kannast vitnið ekki heldur við, að röntgenmynd

hafi verið tekin af því greint sinn. Vitnið tók fram, að það hefði aldrei verið saumað vegna sárs.

21. Á samskiptaseðli er skráð viðtal á stofu, stutt vitjun, búið hafi verið um brot á fram- eða upphandlegg, plexusdeyfing og röntgenmynd. Undirskrift sjúklings vantar á seðilinn. Ekkert er skráð í sjúkraskrá um þetta. Vitnið Y kannast ekki við að hafa leitað til læknis hinn 11. janúar 1987 og neitar því alfarið (sic), að umrædd læknisverk hafi verið unnin. Vitnið kveðst hafa handarbrotnað um sumarið 1987, og hafi ungur læknir þá tekið á móti vitninu og sett á það gipsumbúðir.

22. Samskiptaseðill í þessu tilviki greinir frá stuttri vitjun, minni háttar staðdeyfingu og skurði í ígerðir. Undirskrift sjúklings vantar á seðilinn. Í sjúkraskrá er einungis getið um stutta vitjun. Vitnið Z kveður ákærða hvorki fyrr né síðar hafa deyft sig eða skorið í ígerð á vitninu í framhaldi af deyfingu.

23. Samkvæmt samskiptaseðlinum í þessu tilviki hefur verið farið í stutta vitjun kl. 2.30 aðfaranótt 20. september 1987, minni háttar staðdeyfing verið framkvæmd og saumað minni háttar sár. Undirskrift sjúklings vantar á samskiptaseðilinn. Ekkert af þessu er skráð í sjúkraskrá. Vitnið Þ kannast hvorki við það að hafa leitað til ákærða á heilsugæslustöðina í Ólafsvík eða að ákærði hafi komið heim til vitnisins kl. 2.30 aðfaranótt 20. september 1987. Kveður vitnið ákærða aldrei hafa saumað það eða deyft, og minnir vitnið reyndar, að það hafi ekki verið í Ólafsvík í september 1987.

24. Fyrri samskiptaseðillinn greinir frá því, að skorið hafi verið í ígerðir, minni háttar staðdeyfing verið framkvæmd og röntgenmynd verið tekin. Á hinum síðari er getið um röntgenmyndatöku. Auk þess er viðtal tilgreint á báðum seðlunum. Í sjúkraskrá er viðtal skráð í bæði skiptin, en annað ekki. Vitnið Æ kveðst hafa verið skorið upp á fótum í lok ágúst 1987. Kannast vitnið við að hafa komið tvo daga í röð til ákærða í næsta mánuði á eftir. Í fyrra skiptið hafi ákærði skoðað vitnið á Hellissandi, en hið síðara í Ólafsvík samkvæmt boðun ákærða. Kveður vitnið ákærða hafa tekið sauminn úr skurðinum í fyrra skiptið, og í síðara skiptið hafi hann tekið röntgenmynd af vitninu. Ákærði hafi í hvorugt skiptið deyft vitnið eða skorið í ígerð á því.

25. Samkvæmt samskiptaseðli hefur farið fram viðtal á stofu, ýmsar blóðmeinarannsóknir verið framkvæmdar, þvag skoðað í smásjá og bakteríuræktun og næmispróf gert. Ekkert er skráð um þetta í sjúkraskrá. Vitnið Ö kveðst umrætt skipti hafa farið til ákærða til að fá augnvottorð vegna endurnýjunar ökuskírteinis. Enn fremur hafi ákærði mælt blóðþrýsting að beiðni vitnisins. Er vitnið visst um, að því hafi ekki verið tekið blóð greint sinn, og þá hafi það ekki heldur látið í té þvag til rannsókna.

26. Samskiptaseðill ber með sér, að viðtal hafi farið fram, hjartarit hafi verið tekið og ýmsar blóðmeinarannsóknir verið framkvæmdar. Í sjúkraskrá er viðtal skráð, en annað ekki. Vitnið AA kannast ekki við, að ákærði hafi tekið því blóð til rannsókna árið 1987, og minnist þess reyndar ekki, að hann hafi nokkurn tímann gert slíkt. Vitnið þorir ekki að fullyrða um, hvort ákærði hafi einhvern tímann tekið af sér hjartalínurit, en man þó ekki til þess, að hann hafi gert það hinn 7. september 1987.

27. Á samskiptaseðli greinir frá stuttri vitjun, skurði í ígerðir og minni háttar staðdeyfingu. Á samskiptaseðilinn vantar undirskrift sjúklings. Í sjúkraskrá er einungis skráð viðtal. Vitnið BB kannast við að hafa farið á heilsugæslustöðina í Ólafsvík hinn 5. september 1987 vegna kýlis á hálsi. Hafi ákærði verið staddur þar og skorið í kýlið og tekið sýni. Í framhaldi af því hafi ákærði ákveðið að senda vitnið til Reykjavíkur til frekari meðferðar. Minnir vitnið, að ákærði hafi deyft sig, áður en hann skar í kýlið, en man ekki, hvort það hafi kallað ákærða út vegna þessa eða farið beint á heilsugæslustöðina.

28. Á samskiptaseðli er skráð viðtal, smásjárskoðun á þvagi og bakteríurannsókn og næmispróf. Ekkert er skráð um þetta í sjúkraskrá. Vitnið CC kveðst hafa leitað til ákærða greint sinn til að fá augnvottorð vegna ökuskírteinis. Vitnið kveður ákærða hafa prófað sjón sína með því að láta það lesa bókstafi af spjaldi. Kannast vitnið alls ekki við að hafa látið í té þvag til rannsóknar umrætt sinn og kannast ekki við að hafa nokkurn tímann haft óþægindi í þvagfærum.

29. Samkvæmt samskiptaseðli þeim, er hér um ræðir, hefur verið framkvæmd minni háttar staðdeyfing og inndæling í sina- og vöðvafestur verið gerð auk viðtals. Í sjúkraskrá er einungis skráð viðtal. Vitnið DD kveðst umrætt sinn hafa farið til ákærða, og hafi hann sprautað það í vöðva yfir mjöðm. Kveður vitnið, að um hafi verið að ræða getnaðarvarnasprautu, sem vitnið fari í á þriggja mánaða fresti. Vitnið kveðst ekki hafa verið deyft greint sinn. Vitnið kveðst tvisvar eða þrisvar hafa fengið töflur vegna vöðvabólgu, en aldrei verið sprautað vegna hennar.

29 A. Á samskiptaseðilinn frá 9. september 1987 er skráð viðtal og ýmsar blóðmeinarannsóknir auk röntgenmyndatöku, en á seðilinn frá 23. sama mánaðar er skráð viðtal, minni háttar staðdeyfing og skurður í minni háttar ígerðir. Í sjúkraskrá er í báðum tilfellum einungis skráð viðtal. Vitnið EE staðfestir, að það hafi komið til ákærða hinn 9. september 1987 vegna tognunar í öxl. Hafi ákærði sprautað inn í liðinn og tekið röntgenmynd. Engin blóðrannsókn hafi á hinn bóginn átt sér stað. Varðandi tilvikið þann 23. september staðfestir vitnið viðtal við ákærða þann dag, en kannast ekki við að hafa þá verið deyft eða skorið hafi verið í ígerð á vitninu.

Í ákæru eru tilgreindir tveir samskiptaseðlar hinn 9. september 1987 og

þrír þann 23. sama mánaðar, en í málinu liggja einungis frammi tveir samskiptaseðlar, einn í hvoru tilviki.

30. Samkvæmt samskiptaseðlinum frá 11. september 1987 hefur sjúklingurinn komið í viðtal, framkvæmd hefur verið gyn. skoðun og ýmsar blóðmeinarannsóknir verið gerðar. Á samskiptaseðilinn frá 17. september sama ár er skráð viðtal, minni háttar staðdeyfing og skurður í minni háttar ígerð. Í sjúkraskrá er einungis viðtal skráð í báðum tilvikum. Varðandi fyrra tilvikið kannast vitnið FF við að hafa greint sinn komið til ákærða, sem hafi gert á því gyn. skoðun. Hins vegar fullyrðir vitnið, að engin blóðrannsókn hafi verið gerð. Að því er varðar síðari seðilinn, kveður vitnið, að í það skipti hafi ákærði einungis tekið saum úr frekar litlum skurði, en ekki gert annað. Hann hafi því ekki deyft vitnið eða skorið í ígerð á því.

31. Samskiptaseðill í þessu tilviki sýnir stutta vitjun, minni háttar staðdeyfingu og að saumað hafi verið minni háttar sár. Undirskrift sjúklings vantar á seðilinn. Í sjúkraskrá er ekkert skráð. Vitnið GG kannast alls ekki við að hafa verið deyft eða saumað þann 7. september 1987 og kveðst reyndar ekki hafa verið saumað, síðan það var sex ára gamalt.

32. Samkvæmt samskiptaseðli þeim, sem hér um ræðir, hefur ákærði farið í stutta vitjun og saumað minni háttar sár og jafnframt framkvæmt minni háttar staðdeyfingu. Á samskiptaseðilinn vantar undirskrift sjúklings. Í sjúkraskrá er skráð stutt vitjun. Vitnið HH kannast hvorki við að hafa kvatt ákærða til starfa og farið með dóttur sína, II, ..., á heilsugæslustöðina í Ólafsvík þann 1. september 1987 né að ákærði hafi komið heim til vitnisins vegna hennar þann dag og að hann hafi þá deyft stúlkuna eða saumað á henni sár. Kveður vitnið umrædda dóttur sína einu sinni hafa verið saumaða, en þá hafi hún verið tveggja ára.

33. Samskiptaseðillinn í þessu tilviki ber með sér, að farið hafi verið í stutta vitjun, saumuð minni háttar sár, jafnframt því að framkvæmd hafi verið staðdeyfing. Í sjúkraskrá er einungis skráð viðtal. Vitnið JJ kannast við að hafa farið með son sinn, KK, ..., á heilsugæslustöðina í Ólafsvík hinn 5. september 1987, en kveður nefndan son sinn aldrei hafa verið deyfðan eða skorið í ígerð á honum. Vitnið rekur minni til þess að hafa farið einu sinni með umræddan son sinn til ákærða vegna skurðar í augabrún, og hafi það líklega verið í október 1987. Kveður vitnið ákærða hafa klemmt skurðinn saman með sérstökum plástri.

34. Á öllum þremur samskiptaseðlunum í þessum lið er skráð viðtal, minni háttar staðdeyfing og skurður í ígerðir. Í sjúkraskrá er í tveimur fyrri tilvikunum skráð viðtal, en ekkert er skráð um þriðja tilvikið. Ákærði kvaðst við meðferð málsins vilja leiðrétta gjaldskrárliði á samskiptaseðlum þessum og kvað í stað gjaldskrárliðar 273 eiga að koma gjaldskrárlið 294. Vitnið LL kannast við að hafa leitað til ákærða í umrædd þrjú skipti.

Í öllum tilvikum kveður vitnið, að ákærði hafi borið á sig krem vegna vírusar, en ekki gert annað. Kannast vitnið alls ekki við, að ákærði hafi deyft það í greind skipti eða skorið í ígerðir á vitninu.

35. Samkvæmt samskiptaseðli í þessu tilviki hefur sjúklingur komið í viðtal, settar hafa verið á hann gifsumbúðir og röntgenmynd tekin. Í sjúkraskrá er viðtal einungis skráð. Vitnið MM kveðst hafa leitað til ákærða með son sinn, N, ..., vegna eymsla í hálsi. Kveður vitnið ákærða hafa skoðað drenginn og sett á hann hálskraga, en ekkert annað gert. Kveður vitnið drenginn aldrei hafa verið settan í gifs. Vitnið kveður röntgenmynd aldrei hafa verið tekna af drengnum í viðurvist vitnisins. Kveðst vitnið ekki þora að fullyrða um, hvort það hafi einhvern tímann verið gert, en það hafi þó örugglega ekki verið gert á árinu 1987.

36. Samskiptaseðill í þessu tilviki sýnir viðtal, minni háttar staðdeyfingu og inndælingu í sina- og vöðvafestur. Í sjúkraskrá er viðtal einungis skráð. Vitnið OO staðfesti umrætt viðtal hjá lögreglu, en ekki annað á seðlinum. Kvað vitnið ekki hafa verið framkvæmda inndælingu í sina- og vöðvafestur og vitnið ekki verið deyft í þessu viðtali. Vitnið lést, áður en dómsmeðferð máls þessa hófst.

37. Á samskiptaseðilinn frá 19. september 1987 er skráð viðtal, intravenös deyfing, að brot hafi verið sett án skurðar og gifsað og röntgenmynd verið tekin. Á seðilinn frá 22. sama mánaðar er skráð viðtal og taka röntgenmyndar. Á báða seðla vantar undirskrift sjúklings eða forsjáraðila hans. Í sjúkraskrá er skráð viðtal varðandi fyrra tilvikið, en ekkert skráð varðandi hið síðara. Vitnið PP kannast við að hafa farið með son sinn, QQ, ..., á heilsugæslustöðina í Ólafsvík að kvöldi hins 19. september 1987, eftir að hafa hringt í ákærða, sem hafi sagt vitninu að koma með drenginn á heilsugæslustöðina. Kveður vitnið son sinn hafa kvartað undan verk í hálslið og ákærði sett hann í hálskraga, en ekki gert neitt annað. Varðandi síðari samskiptaseðilinn man vitnið ekki til þess að hafa farið aftur með drenginn til ákærða út af þessu sama, en kveður það geta verið. Vitnið er þó visst um, að engin röntgenmynd hafi verið tekin af drengnum í greint skipti.

38. Samkvæmt samskiptaseðli þeim, er hér um ræðir, hefur átt sér stað viðtal, smásjárskoðun á þvagi og bakt. almenn ræktun og næmispróf. Á samskiptaseðilinn vantar undirskrift sjúklings. Í sjúkraskrá er skráð viðtal og gravindex (vegna lækninga). Vitnið RR kveður ekkert af þeim verkum, sem á samskiptaseðli greinir, hafa verið unnið. Kannast vitnið ekki við að hafa látið ákærða í té þvagsýni greint sinn og kveðst ekki hafa farið með slíkt í neinum tilgangi á þessu tímabili. Kveðst vitnið aldrei hafa leitað til ákærða vegna óþæginda í þvagfærum og man ekki heldur til þess að hafa farið í þungunarpróf á þessu tímabili.

39. Samskiptaseðill í þessu tilviki sýnir viðtal, ýmsar blóðmeinarann-

sóknir og röntgenmyndatöku 6. fl. Í sjúkraskrá er skráð viðtal og röntgenmyndataka 5. fl. Vitnið SS staðfestir, að þau læknisverk, sem á samskiptaseðli greinir, hafi verið unnin að undanskildum blóðrannsóknum. Kveður vitnið sér aldrei hafa verið tekið blóð til rannsóknar.

40. Í þessu tilviki sýnir samskiptaseðill viðtal, ýmsar blóðmeinarannsóknir og röntgenmyndatöku. Í sjúkraskrá er viðtal einungis skráð. Vitnið TT man eftir að hafa leitað til ákærða í byrjun september 1987. Kveður vitnið ákærða einungis hafa skoðað fætur sína og ætlað að panta tíma fyrir vitnið hjá sérfræðingi í Reykjavík. Vitnið er öruggt um, að ákærði hafi ekki tekið því blóð til rannsókna og þá hafi hann ekki heldur tekið röntgenmynd af vitninu.

41. Samkvæmt samskiptaseðlinum frá 4. september 1987 hefur átt sér stað viðtal, smásjárskoðun á þvagi og bakt. almenn ræktun og næmispróf. Þá liggja frammi í málinu tveir samskiptaseðlar frá 5. september sama ár og einn frá 8. sama mánaðar. Samskiptaseðlarnir frá 5. september sýna báðir viðtal og skurð í ígerðir. Samskiptaseðillinn frá 8. sama mánaðar sýnir einnig viðtal og skurð í ígerðir, en að auki minni háttar staðdeyfingu. Í sjúkraskrá er einungis viðtal skráð í öllum tilvikum. Vitnið UU kveðst hafa farið með dóttur sína, VV, ..., til ákærða á hverjum degi í hálfan mánuð í september 1987 til eyrnaskoðunar í framhaldi af aðgerð í Reykjavík. Kveður vitnið, að í þessi skipti hafi verið skolað úr eyrum dóttur sinnar og húðin stundum skoðuð, en aldrei hafi verið tekið þvag til ræktunar úr stúlkunni, skorið í ígerð á henni eða hún verið staðdeyfð. Kveður vitnið ákærða reyndar aldrei hafa unnið þau læknisverk, sem á samskiptaseðlum greinir, vegna nefndrar dóttur vitnisins.

42. Samskiptaseðill í þessu tilviki sýnir viðtal, minni háttar staðdeyfingu og að minni háttar sár hafi verið saumuð. Í sjúkraskrá er skráð viðtal, en ekki annað. Vitnið XX kveður, að greint sinn hafi dóttir sín, YY, ..., dottið aftur fyrir sig á stein í skólanum og fengið smáskurð á höfuðið. Kveður vitnið yfirkennarann hafa farið með stúlkuna á heilsugæslustöðina. Hafi vitnið komið þar í þann mund, að verið var að fara með stúlkuna inn á læknastofu til ákærða. Hafi ákærði haft tilburði í þá átt að raka hárið í kringum skurðinn, en þá hafi stúlkan ókyrrst mjög og ákærði þá sagt henni, að hann yrði að deyfa hana og sauma, ef hún yrði ekki þæg. Við þetta hafi hún tekið þann kost að leyfa ákærða að raka sig og ákærði gert það og lokað sárinu með sérstökum plástri til að klemma saman sár. Er vitnið alveg visst um, að ákærði hafi hvorki deyft stúlkuna né saumað sárið greint sinn.

Niðurstaða.

Sannað er í eftirtöldum ákæruliðum gegn framburði ákærða með afdráttarlausum framburði vitna, sem fær stoð í misræmi milli færslna læknis-

verka á samskiptaseðla og í sjúkraskrár, að hann hefur í janúar og september árið 1987 sem opinber starfsmaður með röngum og tilbúnum reikningum hagnýtt sér ranga hugmynd starfsmanna sjúkrasamlags Ólafsvíkur og sýslusamlags Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um, að reikningar ákærða væru réttir, og þannig svikið út fé sem hér segir:

Ákæruliður nr.	*Dagsetning samskiptaseðils*	*Gjaldskrá*	*Fjárhæð*
1.	19.1	204, 301	309,00
3.	9.1	203, 301	309,75
	13.1	203, 301	309,75
	30.1	203, 301	309,75
5.	20.1	410, 411, 412	392,35
6.	6.1	203, 301	309,75
7.	9.1	204, 301	309,75
8.	21.1	203, 301	309,75
9.	9.1	203, 301	309,75
10.	8.1	401, 402, 403, 407, 432	702,10
	20.1	401, 402, 403, 407, 432	702,10
11.	11.1	104, 204, 301	722,75
12.	10.1	104, 204, 301, RTG 3	1.157,75
13.	10.1	104, 204, 301	722,75
15.	20.1	104, 204, 301	722,75
	21.1	211	371,70
16.	23.1	203, 301	309,75
17.	9.1	401, 402, 403, 407	
		410, 411, 412, 432	929,25
18.	9.1	401, 402, 403, 407	
		410, 411, 412	805,35
19.	10.1	209, 301	454,30
20.	10.1	104, 204, 301, RTG 3	1.157,75
21.	11.1	103, 104, 211, 302, RTG 3	1.635,35
22.	5.9	301, 273	357,00
23.	20.9	105, 301, 272	871,50
24.	7.9	273, 301	357,00
25.	3.9	153, 401, 402, 404,	
		405, 410, 421	546,00
26.	7.9	401, 402, 404, 405	336,00
28.	25.9	103, 410, 421	210,00
29.	23.9	301, 243	126,00
29.A	9.9	401, 402, 404, 405	336,00

	23.9	273, 301	357,00
30.	11.9	401, 402, 404, 405	336,00
	17.9	273, 301	357,00
31.	7.9	105, 272, 301	871,50
32.	1.9	105, 272, 301	871,50
33.	5.9	273, 301	357,00
34.	11.9	273, 301	357,00
	21.9	273, 301	357,00
	29.9	273, 301	357,00
35.	22.9	278, RTG 3	1.061,00
37.	19.9	283, 304, RTG 3	2.153,00
	22.9	RTG 3	641,00
38.	23.9	103, 410, 421	514,50
39.	24.9	401, 402, 404, 405	336,00
40.	1.9	401, 402, 404, 405	
		RTG 6	1.571,00
41.	4.9	410, 421	210,00
	5.9	273	231,00
	5.9	103, 273	535,50
	8.9	273, 301	357,00
42.	22.9	272, 301	357,00
			Samtals kr. 28.591,25

Með hliðsjón af framburði vitna ber að sýkna ákærða að hluta til af eftirtöldum ákæruliðum:

Ákæruliður nr.	*Dagsetning samskiptaseðils*	*Gjaldskrá*	*Fjárhæð*
19.	10.1	104	413,00
22.	5.9	105	514,50
24.	8.9	RTG 6	876,00
26.	7.9	245	210,00
30.	11.9	294	210,00
37.	22.9	103	304,50

Sýkna ber ákærða að öllu leyti af eftirtöldum ákæruliðum:

2. Samkvæmt framburði vitnisins Adolfs Steinssonar framkvæmdi ákærði ýmis önnur læknisverk, sem ekki er krafist greiðslu fyrir samkvæmt samskiptaseðli. Er ósannað, að ákærði hafi orðið sér úti um meiri greiðslu með reikningsgerð samkvæmt samskiptaseðli þessum en honum hefði ella borið fyrir þau læknisverk, sem vitnið kveður hann hafa unnið.

4. Ákærði er sýknaður af þessum ákærulið með tilliti til óglöggs framburðar vitnisins Björns Erlings Jónssonar.

14. Með tilliti til þeirra læknisverka, sem vitnið Jóhannes Matthías Guðjónsson segir ákærða hafa unnið fyrir sig umrætt sinn, verður eigi talið sannað, að hann hafi með reikningsgerð sinni haft meiri ávinning með henni en honum hefði ella borið fyrir þau læknisverk, sem vitnið kveður hann hafa unnið.

27. Vitnið Elín Björk Guðmundsdóttir kveður ákærða hafa unnið þau verk, sem á samskiptaseðli greinir, og man ekki, hvort það kallaði ákærða út vegna þeirra eður ei. Er ákærði sýknaður af ákærulið þessum með vísan til framburðar vitnisins.

36. Vitnið Magnús Þórarinn Guðmundsson lést, áður en dómsmeðferð máls þessa hófst. Þykir verða að sýkna ákærða af ákærulið þessum, þar sem hann kveðst hafa unnið þau læknisverk, sem í ákæru greinir, og ekki hefur verið unnt að staðreyna framburð ofangreinds vitnis fyrir dómi.

Samkvæmt framansögðu er sannað, að ákærði hefur svikið út 28.591,25 krónur hjá sjúkrasamlagi Ólafsvíkur og sýslusamlagi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu í janúar og september árið 1987. Telst þessi háttsemi ákærða varða við 248. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 138. gr. sömu laga.

Sakaferill.

Samkvæmt sakavottorði ákærða, sem er sakhæfur, var hann dæmdur fyrir umferðarlagabrot árið 1983, en hefur eigi sætt annarri refsingu.

Refsing.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuði. Með hliðsjón af því, að ákærði hefur eigi fyrr sætt neinni refsingu að frátöldum dóminum frá 1983, þykir mega fresta fullnustu refsingarinnar og ákveða, að hún skuli niður falla að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Skaðabætur.

Eigi hafa verið hafðar uppi bótakröfur í máli þessu.

Sakarkostnaður.

Með vísan til 2. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974, um meðferð opinberra mála þykir rétt að dæma ákærða til greiðslu 2/3 hluta alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 150.000 krónur, og saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð og þykja hæfileg 110.000 krónur, en ríkissjóð að 1/3.

Dómsorð:

Ákærði, Kristófer Þorleifsson, sæti fangelsi 4 mánuði. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærði greiði sakarkostnað að 2/3 hlutum, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur, og saksóknarlaun, 110.000 krónur, er renni í ríkissjóð, en ríkissjóður að 1/3 hluta.

Föstudaginn 2. nóvember 1990.

Nr. 79/1990. **Guðmundur Axelsson**
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík,
Íslandsbanka hf.,
tollstjóraembættinu í Reykjavík,
Nýborg hf.,
Guðrúnu Láru Guðmundsdóttur,
Lilju Finnbogadóttur,
Verðbréfamarkaðnum hf.,
Laufeyju Kolbeinsdóttur og
Frjálsa lífeyrissjóðnum.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur Axelsson, greiði stefndu Gjaldheimtunni, í Reykjavík, Íslandsbanka hf. og Verðbréfamarkaðnum hf., sem sótt hafa dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 5.000 krónur í ómaksbætur hverjum um sig að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 2. nóvember 1990.

Nr. 80/1990. **Guðmundur Axelsson**
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík,
Íslandsbanka hf.,
tollstjóraembættinu í Reykjavík,
Nýborg hf. og
Guðrúnu Láru Guðmundsdóttur.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur Axelsson, greiði stefndu Gjaldheimtunni í Reykjavík og Íslandsbanka hf., sem sótt hafa dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 5.000 krónur í ómaksbætur hverjum um sig að viðlagðri aðför að lögum

---

Föstudaginn 2. nóvember 1990.

Nr. 81/1990. **Guðmundur Axelsson**
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík,
Íslandsbanka hf.,
tollstjóraembættinu í Reykjavík,
Nýborg hf.,
Guðrúnu Láru Guðmundsdóttur,
Verðbréfamarkaði
Fjárfestingarfélagsins hf. og
Brynjólfi Kjartanssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur Axelsson, greiði stefndu Gjaldheimtunni í Reykjavík, Íslandsbanka hf. og Verðbréfamarkaði Fjárfestingarfélagsins hf., sem sótt hafa dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 5.000 krónur í ómaksbætur hverjum um sig að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 2. nóvember 1990.

Nr. 94/1990. **Hjólbarðasólun Hafnarfjarðar**
gegn
Iðnlánasjóði,
Gjaldheimtunni í Hafnarfirði,
Sambandi almennra lífeyrissjóða,
Bæjarsjóði Hafnarfjarðar,
Sparisjóði Hafnarfjarðar,
Hf. Eimskipafélagi Íslands,
Sambandi íslenskra samvinnufélaga,
Sölu varnarliðseigna,
Hljóðvarpi hf.,
Austurbakka hf. og
Lífeyrissjóði Hlífar.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hjólbarðasólun Hafnarfjarðar, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði áfrýjandi stefnda Iðnlánasjóði, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 5.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 2. nóvember 1990.

Nr. 299/1990. **Matthías Einarsson,**
Ingibjörg Matthíasdóttir og
Ragnhildur Matthíasdóttir

gegn

Arnmundi Backman hrl.,
Matthíasi Matthíassyni,
Brynjólfi Kjartanssyni hrl.,
Hf. Eimskipafélagi Íslands,
Gísla Baldri Garðarssyni hrl.
f.h. Sparkassen SDS,
Helga Aðalsteinssyni,
Jónasi Björnssyni,
Ragnari Hall skiptaráðanda
f.h. þb. versl. Víðis sf.,
Póst- og símamálstofnun,
Rafmagnsveitu Reykjavíkur.
Sjóvá-Almennum tryggingum hf.,
Flugleiðum hf.,
Agnari Gústafssyni hrl.
f.h. A.G. Broone Camp. Inc.,
Íslandsbanka hf.,
Gjaldheimtunni í Garðabæ,
Landsbanka Íslands,
Kaupfélagi Berufjarðar,
Gjaldheimtunni í Reykjavík,
bæjarsjóði Keflavíkur,
Þorbirni Einarssyni,
Pétri Péturssyni,
Helgu Rósantsson,
Markaðssjóðnúm hf.,
Prentsmiðjunni Odda hf.,
Skuldaskilum hf.,
tollstjóraembættinu í Reykjavík,
Sambandi íslenskra samvinnufélaga
og Útilífi hf.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Matthías Einarsson, Ingibjörg Matthíasdóttir og Ragnhildur Matthíasdóttir, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef þau vilja fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 2. nóvember 1990.

Nr. 300/1990. **Kristján Eiríksson og**
Þórarinn Jónsson
gegn
Jóhanni Kiernan.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Kristján Eiríksson og Þórarinn Jónsson, er eigi sækja dómþingi í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 2. nóvember 1990.

Nr. 304/1990. **Sigrún Daníelsdóttir og**
Ólafur H. Sigtryggsson
gegn
Búnaðarbanka Íslands,
Stofnlánadeild landbúnaðarins,
Landsbanka Íslands,
Íslandsbanka hf.,
Sigfúsi Guðmundssyni,
Kreditkortum hf.,
Sparisjóði Reykdæla,
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og
Olíuverslun Íslands hf.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Sigrún Daníelsdóttir og Ólafur H. Sigtryggsson, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef þau vilja fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Þriðjudaginn 6. nóvember 1990.

Nr. 85/1990. **Landbúnaðarráðherra og sauðfjársjúkdómanefnd**
(Gunnlaugur Claessen hrl.)
gegn
Gunnari Oddssyni
(Haraldur Blöndal hrl.)
og gagnsök.

Stjórnvaldsákvörðun. Sauðfé.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. mars í ár. Hann krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur um annað en málskostnað og gagnáfrýjandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. mars í ár og krefst þess, að ógilt verði með dómi ákvörðun landbúnaðarráðherra frá 11. október 1989, sbr. bréf hans 27. október s.á., um að skera niður sauðfé í eigu og umráðum gagnáfrýjanda. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Kemur þar m.a. fram, á hve mörgum bæjum á landinu hefur greinst riðuveiki í fé árin 1983 - 1990 og hvar hefur verið skorið niður vegna riðuveiki frá árinu 1983. Ómótmælt er, að fé hefur verið skorið niður á öllum bæjum, þar sem riðuveiki hefur greinst frá 1983 til og með 1989, nema hjá gagnáfrýjanda og tveimur öðrum fjáreigendum, sem hafa neitað niðurskurði.

Þá kemur fram af þessum nýju gögnum, að 15. október sl. sendi Einar Otti Guðmundsson héraðsdýralæknir rannsóknarbeiðni til Tilraunastöðvar háskólans í meinafræði að Keldum. Send voru sýni úr 26 gömlum ám og 2 fullorðnum hrútum, sem tekin voru við lógun fjárins að Flatatungu. Páll A. Pálsson, fyrrverandi yfir-

dýralæknir, skoðaði vefjasneiðar úr kindunum. Í vottorði hans frá 24. október sl. segir:

„... Vefjasneiðar þessar voru merktar 622/1-28. Þær voru úr mænukólfi kinda og höfðu verið litaðar með venjulegri Haematoxylin-Eosin-aðferð. Vefurinn var vel varðveittur og litun jöfn og góð.

Við skoðun fundust ekki bólgubreytingar í sýnunum. Hinsvegar fundust í sumum þeirra (7 alls) greinilegar hrörnunarbreytingar með hringlaga holrúmum í taugafrumum, en slíkar breytingar eru almennt taldar sérkennandi fyrir riðuveiki. Í öðrum sneiðum fundust þessar breytingar ekki. ...“

II.

Í 4. mgr. 1. gr. laga nr. 23/1956 um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, eins og ákvæðinu var breytt með lögum nr. 12/1967, er svo mælt fyrir, að ef riðuveiki veldur eða er líkleg til að valda stórfelldu tjóni á sauðfé, geti landbúnaðarráðherra ákveðið, að fyrirmæli laganna nái einnig til þess sjúkdóms, eftir því sem við eigi. Samkvæmt ákvæðinu er niðurskurður ein þeirra ráðstafana, sem hann getur þá gripið til. Nánari tilhögun þessara ráðstafana skal ákveða með reglugerð. Um riðuveiki gildir nú reglugerð nr. 556/1982. Samkvæmt 2. gr. þessara sömu laga er markmið framkvæmda þeirra, sem lögin fjalla um, að hindra útbreiðslu sjúkdóma og vinna að útrýmingu þeirra. Í 42. gr. laga nr. 23/1956 eru nánari fyrirmæli um niðurskurð sauðfjár. Þar segir: „Nú telur sauðfjársjúkdómanefnd nauðsynlegt að útrýma sauðfjársjúkdómi með niðurskurði á sýktu eða grunuðu svæði, og skal hún þá senda landbúnaðarráðherra rökstuddar tillögur þar um. Getur ráðherra þá fyrirskipað niðurskurð, hvort sem atkvæðagreiðsla hefur farið fram á svæðinu eða ekki. ...“ Samkvæmt ákvæðinu metur sauðfjársjúkdómanefnd, hvort nauðsyn er niðurskurðar á sýktu eða grunuðu svæði. Með hliðsjón af ákvæðum 4. mgr. 1. gr. og 2. gr. laganna á sauðfjársjúkdómanefnd því að meta, hvort riðuveiki veldur eða er líkleg til að valda stórfelldu tjóni og hverjar af heimiluðum framkvæmdum séu best til þess fallnar að hindra útbreiðslu eða vinna að útrýmingu sjúkdómsins. Mat nefndarinnar nær þannig m.a. til þess, hve niðurskurður þarf að ná til stórs svæðis. Ákvæði reglugerðar nr. 556/1982 mæla fyrir

um nánari framkvæmd niðurskurðar, en verða ekki skilin svo, að þau þrengi heimildir laganna. Fallast ber því á það með aðaláfrýjanda, að lagaheimild hafi verið fyrir niðurskurði fjár á jörð gagnáfrýjanda.

III.

Riða greindist í tveimur kindum gagnáfrýjanda haustið 1987 og einni í janúar 1988. Hann gaf kost á því strax haustið 1987, að fé hans yrði fargað. Ekki var gengið til samninga við hann það haust, þar sem greiðslur vegna niðurskurðar voru komnar fram úr fjárveitingu. Til að draga úr smithættu fargaði hann þó í samráði við sérfræðing sauðfjársjúkdómanefndar og héraðsdýralækni 21 kind. Riðueinkenni fundust ekki í þeim. Í lok maí 1988 var gagnáfrýjanda sent samningseyðublað vegna væntanlegs niðurskurðar haustið 1988. Fram að þeim tíma hafði hann í samtölum við sérfræðing sauðfjársjúkdómanefndar talið sig reiðubúinn til að skera fé sitt. Ekkert varð hins vegar úr því, að hann undirritaði samningseyðublaðið. Segir hann, að það hafi hann ekki gert, þar sem því hafi ekki fylgt neitt bréf og enginn, sem heimild hafði til samninga, hafi haft samband við sig.

Í héraðsdómi eru rakin samskipti gagnáfrýjanda og sauðfjársjúkdómanefndar síðan. Kemur þar fram m.a., að um miðjan apríl 1989 var honum skýrt frá samþykkt nefndarinnar frá 5. september 1988 um, að mælt sé með því, að öllum hjörðum, þar sem riða hafi verið staðfest 1983 eða síðar, verði fargað í síðasta lagi haustið 1989. Þá var honum með bréfi 25. apríl 1989 sent nýtt samningseyðublað til undirritunar. Hinn 2. júlí 1989 ritaði hann nefndinni bréf, þar sem fram kemur, að hann er ekki lengur reiðubúinn til að farga fé sínu og óskar eftir afriti af samþykktinni 5. september 1988 og rökstuðningi nefndarinnar um málið við ráðherra. Þá héldu sérfræðingur og framkvæmdastjóri sauðfjársjúkdómanefndar fund með gagnáfrýjanda og oddvita Akrahrepps 2. september 1989, án þess að samkomulag yrði. Loks var haldinn fundur 26. september 1989 með gagnáfrýjanda og landbúnaðarráðherra. Fundinn sátu einnig aðstoðarmaður ráðherra og lögfræðingur ráðuneytisins svo og formaður, framkvæmdastjóri og sérfræðingur sauðfjársjúkdómanefndar.

Með bréfi 11. október 1989 fór sauðfjársjúkdómanefnd þess á

leit við landbúnaðarráðherra með vísan til samþykktarinnar frá 5. september 1988, að hann fyrirskipaði niðurskurð á öllu sauðfé í eigu og umráðum gagnáfrýjanda. Sama dag staðfesti ráðherra tillögu nefndarinnar með vísan til 42. gr. laga nr. 23/1956 og reglugerðar nr. 556/1982. Gagnáfrýjanda var tilkynnt þessi ákvörðun ráðherra með bréfi 27. október 1989. Í bréfinu er vitnað til fundar ráðherra með gagnáfrýjanda.

Með tilliti til þess, að hér var um að ræða aðgerðir, sem miða áttu að því að hindra útbreiðslu smitsjúkdóms og vinna að útrýmingu hans, verður að fallast á það með gagnáfrýjanda, að aðgerðir sauðfjársjúkdómanefndar varðandi fjárstofn hans hafi í byrjun verið ómarkvissar og rökstuðningur fyrir niðurskurði hjarðar hans mátt vera skýrari í bréfi ráðherra til hans. Þegar hins vegar er litið til endurtekinna tilkynninga og funda með honum, áður en til ákvörðunar ráðherra kom, verður ekki annað sagt en honum hafi verið kynntar skoðanir sauðfjársjúkdómanefndar og hann átt þess kost að koma sínum sjónarmiðum á framfæri við nefndina og ráðherra.

Að ofangreindum sjónarmiðum athuguðum verður að fallast á það með aðaláfrýjanda, að gagnáfrýjandi hafi ekki sýnt fram á neina þá annmarka á ákvörðun ráðherra frá 11. október 1989, sem geti varðað því, að hún sé ekki gild gagnvart honum. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Rétt er, að hver aðili beri sinn kostnað af málinu.

IV.

Í þinghaldi 9. janúar 1990, við upphaf aðalflutnings, var af hálfu beggja aðila lagður fram fjöldi nýrra skjala. Kemur ekki fram, að dómarar og gagnaðilar hafi áður haft færi á að kynna sér þessi skjöl. Þá var í lok þessa þinghalds bókað, að því væri frestað til kl. 18.45 til munnlegs málflutnings. Munnlegur flutningur málsins fór þó ekki fram fyrr en 30. janúar 1990, og voru þá enn lögð fram nokkur skjöl í upphafi þinghalds. Þessi málsmeðferð er í andstöðu við þá meginreglu, að aðalflutningur fari fram samfellt og að skjöl séu lögð fram svo snemma, að dómarar og gagnaðilar geti kynnt sér þau áður. Þessi málsmeðferð hefur ekki verið réttlætt.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Skagafjarðarsýslu 1. mars 1990.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 30. janúar sl., er höfðað fyrir aukadómþinginu 9. nóvember 1989 með kröfu stefnanda, Gunnars Oddssonar, Flatatungu, Akrahreppi, Skagafjarðarsýslu, um fyrirtöku málsins, og mættu umboðsmenn varnaraðila, landbúnaðarráðherra og sauðfjársjúkdómanefndar, Reykjavík, óstefndir og samþykktu þá kröfu.

Stefnandi gerir þá dómkröfu, að ógilt verði með dómi sú ákvörðun landbúnaðarráðherra frá 11. október 1989, sbr. bréf hans, dags. 27. október 1989, að skera eigi niður sauðfé í eigu og umráðum stefnanda. Jafnframt krefst hann málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, og beri málskostnaður dráttarvexti frá aðfararhæfi dóms til greiðsludags.

Stefndu krefjast sýknu af kröfum stefnanda og að þeim verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins. Til vara er þess krafist, að málskostnaður verði felldur niður.

Þann 9. janúar sl. komu fyrir dóminn og gáfu skýrslu vitnin Páll A. Pálsson, fyrrv. yfirdýralæknir, Sigurður Sigurðarson dýralæknir, sérfræðingur sauðfjársjúkdómanefndar; Steinn Steinsson dýralæknir og Kjartan Blöndal, framkvæmdastjóri sauðfjárveikivarna og sauðfjársjúkdómanefndar, auk þess sem stefnandi gaf aðilaskýrslu.

Málsatvik.

Stefnandi er sauðfjárbóndi í Flatatungu í Skagafirði. Að hans frumkvæði voru send þrjú sýni úr sauðfjárstofni hans til greiningar að Keldum. Tilraunastöð háskólans í meinafræði, vegna grunar um riðu, hið fyrsta 27. október 1987, og var það úr tveggja vetra gömlum hrút, annað var innfært á Keldum 10. nóvember s.á. og hið þriðja 24. febrúar 1988 úr kind, sem slátrað var í lok janúar 1988. Tvö síðustu sýnin voru úr tveggja vetra gömlum kindum. Fyrsta og annað sýnið voru úr skepnum undan sama hrútnum. Greinileg riðueinkenni fundust í öllum sýnunum.

Stefnandi gaf kost á því, að fé hans yrði fargað strax haustið 1987, er riða hafði greinst, með því skilyrði, að honum yrðu bætt hey að hálfu. Formaður sauðfjársjúkdómanefndar tjáði stefnanda, að ekki væri fallist á heybætur. Ekki var gengið til samninga við stefnanda árið 1987, þar sem greiðslur vegna niðurskurðar voru komnar fram úr fjárhagsáætlun.

Til að draga úr hugsanlegri smithættu, á meðan beðið var allsherjarniðurskurðar, ákvað stefnandi í samráði við Sigurð Sigurðarson, sérfræðing sauðfjársjúkdómanefndar, og Stein Steinsson, þáverandi héraðsdýralækni, að lóga 21 kind. Þær tvær kindur, sem sýktust fyrst, voru undan sama hrút, og var honum nú fargað ásamt 20 afkvæmum hans, tvævetrum. Ekki greindust riðueinkenni í sýnum úr þessum kindum, og ekki hefur borist tilkynning frá stefnanda um grun um riðuveiki í einstökum kindum frá janúarlokum 1988.

Í lok maí 1988 var stefnanda sendur samningur til undirritunar vegna væntanlegs niðurskurðar á sauðfé hans það haust. Í þeim samningi er m.a. kveðið á um bætur vegna niðurskurðar sökum riðu og fjárleysis í framhaldi af niðurskurði í tiltekinn tíma auk fyrirmæla um sótthreinsun, banns við sölu á heyi o.fl. Fram að þessum tíma hafði stefnandi tjáð sig reiðubúinn til niðurskurðar hið fyrsta, og kom sá vilji hans einkum fram í samtölum við Sigurð Sigurðarson, sérfræðing sauðfjársjúkdómanefndar, sem var helsti tengiliður nefndarinnar við stefnanda án þess þó að hafa umboð til samninga. Ekkert varð hins vegar úr því, að stefnandi undirritaði hina stöðluðu samningsskilmála sauðfjárveikivarna varðandi niðurskurð á sauðfé í Flatatungu haustið 1988.

Um miðjan apríl 1989 hafði Kjartan Blöndal, framkvæmdastjóri sauðfjársjúkdómanefndar, samband við stefnanda og skýrði honum frá samþykkt nefndarinnar frá 5. september 1988, þar sem nefndin mælir með því, að öllum hjörðum, þar sem riða hafi verið staðfest 1983 eða síðar, verði fargað í síðasta lagi haustið 1989.

Með vísan til fyrra samtals sendir Kjartan stefnanda nýjan samning til undirritunar með bréfi, dags. 25. apríl 1989, þar sem fram kemur m.a., að sauðfjársjúkdómanefnd hafi með hliðsjón af samþykktinni frá 5. september 1988 falið framkvæmdastjóra sínum að óska eftir fyrirskipun landbúnaðarráðherra um niðurskurð, þar sem þörf krefji, ef samningar náist ekki. Síðan segir í bréfinu: „Samkvæmt fyrirmælum sauðfjársjúkdómanefndar verður ekki komist hjá því að farga fjárstofni yðar nú í haust, og er það von okkar, að frjálsir samningar takist, svo að ekki þurfi að koma til fyrirskipun um niðurskurð."

Þann 2. júlí 1989 ritar stefnandi sauðfjársjúkdómanefnd bréf, þar sem fram kemur m.a., að hann sé ekki lengur reiðubúinn til samninga um förgun fjár síns og óski eftir afriti af samþykktinni frá 5. september 1988 ásamt rökstuðningi nefndarinnar varðandi „túlkun málsins við ráðherra". Enn fremur óskar hann samkomulags við nefndina um eftirlit sérfræðings með hjörð sinni og kveðst reiðubúinn til samninga um förgun fjárins, haldi veikin áfram, en gerir fyrirvara um ákvæði slíks samnings.

Nefndin tekur erindi stefnanda fyrir á fundi sínum 30. ágúst 1989, þar

sem áhersla er lögð á að ná samningum um niðurskurð á fjárbúi stefnanda það haust, og er sérfræðingi og framkvæmdastjóra nefndarinnar falið að sjá um framkvæmdina. Héldu þeir fund með stefnanda og oddvita Akrahrepps 2. september s.á., þar sem fram kom, að hreppsnefnd Akrahrepps óskaði ekki eftir, að fjárbúi stefnanda yrði fargað um haustið. Ekki tókust samningar á fundinum.

Þann 26. september 1989 er haldinn fundur með stefnanda ásamt ráðherra, aðstoðarmanni hans, Jóni Höskuldssyni, lögfræðingi ráðuneytisins; og formanni, framkvæmdastjóra og sérfræðingi sauðfjársjúkdómanefndar. Ekki náðust samningar.

Með bréfi, dags. 11. október 1989, fer sauðfjársjúkdómanefnd þess á leit við landbúnaðarráðherra með vísan til samþykktarinnar frá 5. september 1988, að hann fyrirskipi niðurskurð sauðfjár í eigu og umráðum stefnanda. Sama dag staðfestir ráðherra tillögu nefndarinnar um niðurskurð á öllu sauðfé stefnanda og fleiri aðila fyrir 1. nóvember 1989 með vísan til 42. gr. laga nr. 23/1956 um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, sbr. reglugerð nr. 556/1982 um varnir gegn útbreiðslu riðuveiki og kýlapestar í sauðfé og geitum.

Með bréfi, dags. 27. október 1989, er stefnanda tilkynnt um þá ákvörðun ráðherra, að öllu sauðfé í hans eigu verði fargað með niðurskurði eigi síðar en 21. nóvember 1989, en fresturinn hafði verið framlengdur með bréfi, rituðu sama dag.

Málsástæður og lagarök.

Málsóknarheimild sína byggir stefnandi á 60. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33 frá 17. júní 1944, þar sem kveðið er á um, að dómarar skeri úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Telur stefnandi, að ekki skipti máli samkvæmt ákvæðinu, hvort ágreiningur er lagður fyrir dómstóla, fyrir eða eftir að ákvörðun yfirvalds er framfylgt.

Þá heldur stefnandi því fram, að 42. gr. laga nr. 23 frá 10. mars 1956 um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, sbr. reglugerð nr. 556/1982, veiti ekki heimild til þeirra þvingunaraðgerða, sem ráðherra hafi ákveðið að beita. Slíkri aðgerð skuli því aðeins beita, að hætta sé á, að sjúkdómurinn valdi stórfelldu tjóni, sbr. 1. gr. áðurnefndra laga, en því sé ekki til að dreifa hjá stefnanda, enda engin merki þess, að riða sé nú í fé hans. Lög nr. 23/1956 eigi einungis við, ef veikin er komin á hættulegt stig. Þeim hafi aldrei verið ætlað að taka til þess, er riðuveiki stingi sér niður, eins og hún hafi gert sl. 100 ár.

Einnig vill stefnandi halda því fram, að ráðherra hafi ekki heimild, hvorki í lögum nr. 23/1956 né öðrum settum lögum eða réttarheimildum, til þess að fyrirskipa og láta framkvæma þá athöfn, er krafist er ógildingar á.

Ákvörðun ráðherra um niðurskurð hjá stefnanda hafi ekki verið birt með formlega réttum hætti, þar eð telja verði nauðsynlegt, að ákvarðanir ráðherra um niðurskurð á tilteknum svæðum verði að birta í Stjórnartíðindum eða Lögbirtingablaði eins og aðrar stjórnvaldsákvarðanir, er eigi að hafa almennt gildi, eða a.m.k. með stefnuvottum eða öðrum formlegum hætti gagnvart viðkomandi.

Stefnandi bendir á, að riðuveiki sé hæggengur sjúkdómur og ekki bráðsmitandi. Meðgöngutími sjúkdómsins geti verið 1/2 til 10 ár. Ekki hafi sjúkdómsins orðið vart í fé stefnanda, ef undan séu skildar þær þrjár kindur, sem voru með einkennin á sínum tíma, þrátt fyrir það að tekin hafi verið sýni úr fleiri kindum.

Stefnandi telur fé sitt ekki hafa samgang við annað fé en féð á nágrannajörðinni Keldulandi. Varðandi samgang fjár að öðru leyti bendir stefnandi á, að ekki sé sameiginlegur afréttur við aðrar jarðir í Skagafirði, þar sem fé hans gangi í heimalandi, afgirtu með girðingu eða af náttúrunnar hendi, og heimaafrétt. Aðstæður séu því þannig, að smit geti ekki átt sér stað með samgangi búfjár.

Stefndu hafi aldrei gefið stefnanda nein fyrirmæli um meðferð fjár síns og ekki bannað honum sölu á líflömbum eða öðru fé á fæti og ekki sett fé hans í sóttkví, heldur þvert á móti neitað að taka þátt í sóttvarnaraðgerðum, sem þó sé skylt að lögum, ef um farsótt sé að ræða. Stefnanda hafi ekki heldur verið bannað að selja hey af jörð sinni.

Stefndu byggja málsvörn sína einkum á 42. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 23/1956. Stefndu halda því fram, að riðuveiki sé ólæknandi veirusjúkdómur og að eina ráðið í baráttunni gegn henni sé niðurskurður. Riðuveiki í fjárstofni stefnanda sé líkleg til að valda stórfelldu tjóni, sbr. 1. gr. i.f., og því sé ráðherra heimilt skv. 42. gr. sömu laga að fyrirskipa niðurskurð.

Stefndu telja augljósa hættu á stórfelldu tjóni felast í því, ef riðuveiki haldist við á ákveðnum stað með tilheyrandi smithættu, þegar litið sé til þess, að á síðustu árum hafi gífurlegri fyrirhöfn og fjármunum verið varið í baráttuna gegn riðuveiki. Sérhagsmunir stefnanda ráði því ekki, hvort líkur séu á stórfelldu tjóni. Ef svo færi, að veikin bærist aftur til svæða, þar sem fjárskipti hafi verið framkvæmd eða sýkin hafi ekki fundist á, fælist í því stórfellt tjón.

Við munnlegan flutning málsins var lögð áhersla á það af hálfu hinna stefndu, að þegar hefðu 600 bændur samþykkt niðurskurð og að ef einn skærist úr leik, gæti hann eyðilagt þann árangur, sem aðrir hefðu lagt svo mikið í sölurnar fyrir.

Stefndu telja allar líkur benda til þess, að veikina sé enn að finna í hjörð stefnanda, enda sé það í samræmi við reynslu þeirra, er gerst þekkja. Bent er á, að kind sé smitberi, áður en einkenni komi fram, og að meðgöngutími

sjúkdómsins geti verið mörg ár. Þess beri sérstaklega að gæta, að mótstaða einstakra kinda og ætta sé mismikil.

Telja megi víst, að í hjörð stefnanda hafi verið kind, sem smitað hafi hinar þrjár, sem greindust með riðu, og allt bendi til, að hún hafi smitað fleiri kindur. Einnig er bent á, að síðasta riðuveika kindin, sem fannst hjá stefnanda, hafi verið á húsi í nokkrar vikur, og því hafi hún augljóslega verið smitberi við þær aðstæður, er smithættan er talin vera mest.

Niðurstöðuna af framansögðu telja stefndu vera þá, að heimildir ráðherra til að ákveða niðurskurð á fé stefnanda á grundvelli laga nr. 23/1956 svo og almennra stjórnvaldsfyrirmæla, sem sett séu með heimild í þeim lögum, séu ótvírætt fyrir hendi. Eins og mál þetta sé vaxið, geti dómstóll ekki ónýtt þá ákvörðun. Við aðalflutning málsins var því haldið fram af hálfu stefndu, að ákvörðun ráðherra byggðist á teygjanlegu lagaatriði, sem stjórnvöld hefðu fullnaðarmat um.

Varðandi fullyrðingu stefnanda um hverfandi samgang fjár hans við annað fé í Skagafirði telja stefndu ljóst af lýsingum á aðstæðum, að fé stefnanda geti gengið saman við fé nágrannabæja á Kjálka. Alls ekki sé heldur útilokað, að fé stefnanda komist út fyrir það svæði og þar með, að fé annars staðar frá geti gengið saman við fé stefnanda. Við aðalflutning málsins kom fram af hálfu stefnanda, að kindur úr hjörð hans hefðu komist vestur yfir Jökulsá síðastliðinn vetur, að þrjár af kindum hans hefðu komið fram í Silfrastaðarétt síðastliðið haust og að kindur frá Flatatungu geti komist norður í Öxnadal. Til þessa framburðar var vitnað í málflutningi stefndu.

Varðandi þá málsástæðu stefnanda, að birta hefði þurft ákvörðun ráðherra um niðurskurð hjá stefnanda í Lögbirtingablaði eða Stjórnartíðindum, benda stefndu á, að hér sé um stjórnarathöfn að ræða, sem beint sé að stefnanda sérstaklega, og að hún sé sannanlega komin til vitundar hans, enda hafi öðru ekki verið haldið fram. Sjónarmið um birtingu almennra stjórnvaldsfyrirmæla eigi því ekki við hér.

Varðandi þá staðhæfingu stefnanda, að honum hafi ekki verið gefin fyrirmæli um meðferð fjár síns og ekki bannað að selja hey sitt, benda stefndu á, að um þessi efni séu fyrir hendi almenn, birt stjórnvaldsfyrirmæli, auk þess sem stefnanda hafi verið sendur samningur frá sauðfjárveikivörnum, þar sem þessi atriði séu tíunduð.

Réttarheimildir og lögskýringargögn.

Lög nr. 23 frá 1956 eiga rót sína að rekja til laga nr. 75 frá 1941 um varnir gegn útbreiðslu nokkurra næmra sauðfjársjúkdóma og stuðning til bænda, er bíða tjón af þeim. Þau lög áttu að sínu leyti rót að rekja til eldri löggjafar um varnir gegn útbreiðslu mæðiveiki og garnaveiki og voru

leyst af hólmi með lögum nr. 44/1947 um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra. Tilefni þeirrar lagasetningar var einkum hinar skæðu fjárpestir, mæðiveiki og garnaveiki, sem mjög herjuðu á íslenskt sauðfé. Markmið laganna var því fyrst og fremst að hindra útbreiðslu og vinna að útrýmingu þeirra sjúkdóma með fjárskiptum innan lands, eins og fram kemur í 2. gr. laga 44/1947. Sú aðferð gafst vel í baráttunni við mæðiveikina, og tókst að útrýma henni með niðurskurði og fjárskiptum, sem lauk árið 1952.

Lög nr. 44/1947 voru felld úr gildi með lögum nr. 23 10. mars 1956, sem eru núgildandi lög um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, en þeim hefur verið breytt með lögum nr. 12 frá 28. mars 1967, nr. 75 frá 13. maí 1982 og nr. 108 frá 29. desember 1988. Í 1. gr. laga 23/1956, sbr. l. 2/1967, segir, að ef aðrir næmir áður óþekktir sauðfjársjúkdómar komi upp hér á landi, geti landbúnaðarráðherra ákveðið, að ákvæði laganna nái einnig til þeirra, eftir því sem við eigi. Í 2. mgr. 1. gr. er nýmæli, þar sem riðuveiki er sérstaklega nefnd. Ef riðuveiki (neurotrop virus) veldur eða er talin líkleg til að valda stórfelldu tjóni á sauðfé, er landbúnaðarráðherra heimilað að ákveða með reglugerð, að fyrirmæli laganna nái til hennar, eftir því sem við eigi, þar á meðal um niðurskurð.

Í lögskýringargögnum er að finna nokkrar upplýsingar um tilurð þessara ákvæða. Þannig kemur fram í málflutningi eins af flutningsmönnum frumvarpsins, að ekki eigi það sama við um ráðstafanir til að hefta útbreiðslu þessara sjúkdóma nema að nokkru leyti og um ráðstafanir til að hefta útbreiðslu garnaveiki og mæðiveiki (Alþt. B 1955, bls. 746). Í greinargerð með frumvarpinu segir m.a.: „Riðuveiki og jafnvel kýlapest hafa á sumum stöðum gert bændum stórtjón, en auk þess eru þær oft mjög smitandi og geta breiðst út. Má fullyrða, að nauðsynlegt sé, að ráðherra hefði heimild til að láta framkvæma niðurskurð á einstökum bæjum gegn uppeldisstyrk eða einhvers konar aðstoð til þess að draga úr útbreiðsluhættu, en jafnframt styrkja þá, er verða fyrir tjóni af völdum þessara sjúkdóma." (Alþt. A 1955, bls. 554).

Núgildandi reglugerð um varnir gegn útbreiðslu riðuveiki og kýlapestar í sauðfé og geitum er nr. 556 24. september 1982, og leysti hún af hólmi reglugerð nr. 110 18. júlí 1957. Í fyrrnefndu reglugerðinni var ákvæði í 5. gr., sem heimilaði sauðfjársjúkdómanefnd að fyrirskipa niðurskurð alls sauðfjár á einstökum bæjum í þeim tilvikum, er veikinnar yrði vart í héraði, þar sem hún hefði ekki verið kunn áður, eða ef veikin ylli sérstaklega stórfelldu tjóni á einstöku bæ eða bæjum. Í 6. gr. núgildandi reglugerðar er hliðstætt ákvæði með nokkrum orðalagsbreytingum, en nú er það ráðherra, sem fyrirskipar niðurskurðinn í áðurgreindum tilvikum að fengnum tillög-

um sauðfjársjúkdómanefndar, og í stað orðalagsins: „... veldur sérstaklega stórfelldu tjóni á einstöku bæ eða bæjum“ — er komið orðalagið: „...veldur verulegu tjóni á einstökum bæjum ...“. Þá eru og fyrirmæli um tímabundið fjárleysi nýmæli í 6. gr. gildandi reglugerðar.

Baráttan við riðuveikina.

Meðal málsgagna eru athugasemdir Sigurðar Sigurðarsonar dýralæknis, dags. 26. október 1989 og 1. desember 1989, og bréf landbúnaðarráðuneytisins til ríkislögmanns, dags. 27. nóvember 1989. Í gögnum þessum er rakin þróun þeirra aðgerða, sem beitt hefur verið í þeim tilgangi að útrýma riðuveiki, en sú þróun helst í hendur við stefnubreytingar stjórnvalda og aukna þekkingu manna á sjúkdómnum. Þar kemur fram, að árið 1978 verða afgerandi þáttaskil í stefnu stjórnvalda og þá um leið stefnubreyting í baráttunni gegn riðuveiki. Ákveðið var að lóga, í samráði við bændur, þeim fjárhópum, þar sem veikin kæmi upp í áður ósýktum varnarhólfum. Jafnframt var ákveðið að halda veikinni í skefjum á sýktum svæðum með ýmsum öðrum aðferðum en niðurskurði.

Nýr áfangi hófst árið 1986, og var stefnan þá sú að vinna markvisst að því að fækka riðuhjörðum á landinu öllu. Teknir skyldu fyrir allir sýktir bæir, en ósýktir skildir eftir á svæðum, sem unnt væri að afmarka á einhvern hátt. Ekki var um það að ræða að lóga öllu fé í heilum varnarhólfum, eins og gert var til útrýmingar mæðiveikinni.

Á fundi sauðfjársjúkdómanefndar hinn 25. mars 1987 samþykkti nefndin tillögu um niðurskurð sauðfjár á öllum bæjum, þar sem riða hefði verið staðfest síðustu árin. Gert var ráð fyrir, að þessu átaki myndi ljúka á tveimur árum, þ.e. 1987 og 1988. Af ýmsum ástæðum tókst ekki að framfylgja þessari stefnumörkun á tilsettum tíma, og má þar nefna, að ekki náðist samkomulag við einstaka fjáreigendur og ekki heldur nægilega víðtæk samstaða með bændum á einstökum svæðum.

Aftur á móti taldi nefndin, að nægilega víðtæk samstaða hefði náðst með bændum um land allt árið 1988 til að fylgja aðgerðunum eftir, og var samþykkt nefndarinnar frá 5. september 1988 í samræmi við það. Mælt var með því, að förgun allra hjarða, þar sem riða hefði verið staðfest 1983 eða síðar, yrði lokið í síðasta lagi haustið 1989. Næðist ekki samkomulag við einstaka bændur, yrði skorið niður að fyrirskipun landbúnaðarráðherra. Samkomulag náðist ekki við stefnanda, eins og fram hefur komið, og ráðherra fyrirskipaði því niðurskurð á sauðfjárstofni hans.

Álit dómsins.

Samkvæmt 60. gr. stjórnarskrár hafa dómstólar heimild til að skera úr um lögmæti hinnar umdeildu ákvörðunar.

Ljóst er af framansögðu, að ráðherra hefur ótvíræða heimild til að kveða á um það í reglugerð, að ákvæðum laga nr. 23/1956 um niðurskurð sauðfjár megi beita gegn riðuveiki. Skilyrði þess er, að riðuveiki valdi eða sé líkleg til að valda stórfelldu tjóni á sauðfé.

Eins og ástatt var við setningu reglugerðarinnar og er enn, þykir enginn efi á, að skilyrði voru til að neyta þessarar heimildar, eftir því sem við átti og með hliðsjón af þeim mun, sem er á riðu annars vegar og þeim sjúkdómum, sem taldir eru í 1. mgr. 1. gr. laganna, þurramæði og garnaveiki. Ekki virðist hafa þótt eiga við að láta ákvæði 42. gr. laganna óbreytt ná til riðuveiki, heldur var sá kostur valinn að kveða sérstaklega á um þrengri skilyrði niðurskurðar vegna riðu í 6. gr. reglugerðarinnar, en ákvæði hennar er sú réttarheimild, sem ráðherra má byggja á ákvörðun sína um niðurskurð á sauðfé stefnanda, og verður ekki talið, að í 42. gr. laganna felist víðtækari heimild til handa ráðherra til að fyrirskipa niðurskurð vegna riðuveiki.

Bú stefnanda er á áður staðfestu riðusvæði. Líta verður því til þess áskilnaðar 6. gr. rgl. nr. 556/1982, að riðuveiki valdi verulegu tjóni á einstökum bæjum. Veikin hefur verið staðfest í þrem kindum stefnanda, og hann hefur að auki lógað 21 kind, sem riða greindist ekki í. Það tjón, sem þannig er fram komið, verður tæpast talið verulegt. Þess ber þó að gæta, að með þeim aðferðum, sem notaðar eru við greininguna, er ekki hægt að greina smit fyrr en á lokastigum sjúkdómsins. Hins vegar er álitamál, hvort allar afleiðingar sjúkdómsins í hjörð stefnanda eru komnar fram og hvort tjón af hans völdum verður talið verulegt, þegar allar afleiðingar liggja fyrir.

Þegar reglugerð nr. 556/1982 var sett, höfðu bændasamtökin og yfirvöld landbúnaðarmála ekki tekið upp þá stefnu að útrýma riðuveiki á landinu öllu með niðurskurði fjár, þar sem veikinnar yrði vart. Stefna stjórnvalda var á þessum tíma að halda sýkinni í skefjum með því að lóga í samráði við bændur fjárhópum, þar sem veikin kæmi upp í áður ósýktum varnarhólfum, en halda henni í skefjum, svo sem unnt væri, á sýktum svæðum og búa undir allsherjaraðgerðir. Hinni nýju stefnu, sem tekin var upp árið 1986, hefur ekki verið fylgt eftir með breytingum á almennum fyrirmælum. Ákvæði 6. gr. rgl. 556/1982 þykir bera að skýra með þetta í huga.

Riðuveiki er hæggengur smitsjúkdómur í sauðfé. Orsök riðu er smitefni, sem ekki hefur tekist að einangra þrátt fyrir miklar tilraunir. Helstu einkenni smitefnisins eru, að það þolir margs konar sótthreinsiefni og áreiti, sem fæstar bakteríur og veirur þola. Ekki hefur tekist að rækta smitefnið í vefjarækt, svo að vel sé, eins og hægt er með flestar veirur, og ekki hefur heldur tekist að sýna fram á, að í því sé kjarnsýra. Ónæmissvar eða bólgusvar gegn smitefninu er ekki til staðar í sýktum dýrum. Smitefnið

veldur einkennandi skemmdum í taugafrumum, en ekki í öðrum líffærum, þótt það margfaldist víða í líkamanum. Vegna þessa eru einkenni riðu frá miðtaugakerfi, þ.e. skjálfti (riða), kláði, lömun o.s.frv. Eitt aðaleinkenni riðu er hinn langi meðgöngutími, þ.e. sá tími, sem líður frá sýkingu, þar til sjúkdómseinkenni birtast. Er þessi tími oft nokkur ár, en getur orðið vel á annan áratug. Á þessum tíma getur sýktur einstaklingur smitað aðra, þótt engin sjúkdómseinkenni séu komin fram. Smitleiðir riðu eru ekki þekktar nema að hluta. Vitað er, að sýking getur átt sér stað kringum burð frá sýktri á til lambs. Einnig er ljóst, að smitefnið er í munnvatni og slími frá meltingarvegi, sem berst frá dýrum með saur. Getur því smitefnið auðveldlega borist í skrámur og rispur á húð og einnig í vatn og fæðu, einkum ef um sameiginleg vatns- og fóðurílát er að ræða. Kemur þetta vel heim og saman við, að í húsum er miklu meiri smithætta en í haga. Einnig er ljóst, að menn geta borið smit á milli, t.d. á skófatnaði, hönskum eða verkfærum.

Þótt riða sé algengust í sauðfé, er sjúkdómurinn einnig til í geitum og hefur borist fyrir slysni í minka og nautgripi, þar sem þau dýr átu úrgang úr riðusjúku fé, að því er talið er. Í tilraunum hefur tekist að sýkja ýmsar aðrar dýrategundir, svo sem hamstra og mýs. Í mönnum eru til sjúkdómar, sem líkjast mjög riðu. Er það kuru, sem aðeins hefur fundist í einum ættbálki á Nýju-Gíneu, og Creutzfeldt-Jakob- og Gerstmann-Sträussler-syndróm, sem eru til í hinum vestræna heimi. Er talið, að kuru hafi smitast milli manna vegna mannáts, en ekki er vitað um smitleiðir hinna. Ekki er ljóst, hvort samband er milli riðu og þessara mannasjúkdóma, en sjúkdóms- og meinafræðileg mynd er mjög lík.

Á Bretlandseyjum kom fyrir nokkrum árum upp riðufaraldur í nautgripum, sem talið er, að hafi stafað af riðumenguðu fóðri, unnu úr líffærum sauðfjár. Hafa verið miklar umræður um, hvort afurðir nautgripanna séu hættulegar mönnum, þar sem vitað er, að riða getur borist með fæðu í aðrar dýrategundir en sauðfé, eins og fyrr segir. Ekki hefur neysla kjöts verið bönnuð, en strangar reglur eru um meðferð þess, og ekki er heimilt að nota til matargerðar ýmsa vefi, svo sem blóðmyndandi vefi, eitilvef, heila og bein, þar sem vitað er, að mikið er af smitefninu. Margir eru samt hræddir við neyslu nautgripaafurða, og eru dæmi um sérfræðinga, sem hafa með öllu hætt neyslu slíkra afurða og jafnvel hika við að leyfa börnum sínum að drekka kúamjólk. Einnig hefur fólk verið varað við að fást við sýkt dýr vegna hugsanlegrar smithættu. Á þetta einkum við um bændur, dýralækna og ekki síst slátrara. Vegna þessa dæmis um, að riða barst í nautgripi, hafa mörg ríki sett strangar reglur um innflutning hugsanlega riðusýktra afurða. Ljóst er, að takist ekki að uppræta riðu úr íslensku sauðfé, rýrir það söluverðmæti afurðanna verulega, einkum á erlendum markaði.

Líklega barst riðuveiki til Íslands fyrir aldamót, þrátt fyrir það að sjúkdómurinn hafi ekki verið staðfestur með vefjagreiningu fyrr en eftir síðari heimsstyrjöld. Lengst af virtist riðan bundin við frekar afmörkuð svæði, einkum norðan lands. Fyrir um 10-20 árum fór svo sjúkdómurinn að stinga sér niður víða á landinu og breiddist hratt út. Á sumum bæjum urðu allt að 25% afföll árlega af sauðfé vegna riðu. Nauðsynlegt var því að grípa til ráðstafana til að hefta útbreiðslu veikinnar, og 1986 var ákveðið að skera niður allar riðusýktar hjarðir á landinu, og markmiðið var að gera landið riðulaust. Hefur fé því verið skorið niður á um 600 bæjum, og eru aðeins örfáir eftir.

Aðferðir í baráttu við riðuveiki eru einkum niðurskurður á hjörðum, þar sem riðusmit hefur verið staðfest. Niðurskurðinum er svo fylgt eftir með hreinsun á húsum og umhverfi. Þetta hefur verið gert í nokkrum löndum með fullnægjandi árangri. Önnur aðferð er að slátra eingöngu veikum kindum og náskyldu fé, svo sem afkvæmum. Þessi takmarkaða niðurskurðaraðferð var notuð hérlendis þar til fyrir nokkrum árum, þegar tekin var ákvörðun um allsherjarátak gegn riðu. Sú aðferð að farga aðeins veiku fé og náskyldu reyndist illa. Sést það best á, að riðusjúkdómurinn hefur breiðst hratt út á síðustu áratugum. Hugsanlegt er, að þessi takmarkaða niðurskurðaraðferð reynist betur erlendis, þar sem fé er ekki haft á húsi á veturna, en þar er smithætta vafalaust miklu meiri en í haga. Einnig hafa verið gerðar tilraunir með að ala upp fjárstofna, sem hafa langan ættlægan meðgöngutíma riðu. Er þetta gert í von um, að féð hafi gert sitt gagn, áður en einkenni koma fram, þótt það sé sýkt. Augljóst er, að a.m.k. hluti af íslenska fjárstofninum hefur lítið þol gegn riðu, þar sem einkenni koma oft fremur fljótt fram, 2-4 árum eftir smit, og afföll eru mikil. Einnig er þekkt hérlendis, að sum fjárkyn eða ættir hafa meira þol gegn veikinni, en þess ber og að gæta, að lengri meðgöngutími hefur í för með sér smithættu í lengri tíma. Er því afar vafasamt, að þessi aðferð sé nothæf hér á landi nema með því að flytja til landsins erlent fé með meira riðuþol. Slíkur aðflutningur á fé er mjög vafasamur, og þess ber að gæta, að fjöldi sjúkdóma, svo sem riða, mæðiveiki, garnaveiki, votamæði o.fl., sem hafa haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir íslenskan landbúnað, komu einmitt hingað með erlendu fé.

Vegna þessara atriða er ljóst, að eina raunhæfa aðgerðin í baráttunni gegn riðu á Íslandi er niðurskurður á öllum riðusýktum hjörðum.

Á bæ stefnanda, Flatatungu í Skagafirði, hafa komið upp þrjú riðutilfelli, sem staðfest hafa verið með vefjagreiningu að Keldum. Hið fyrsta var innfært að Keldum 27. október 1987, það næsta 10. nóvember 1987 og hið síðasta 24. febrúar 1988, en þeirri kind mun hafa verið slátrað í lok janúar. Allar kindurnar þrjár voru jafngamlar, tveggja vetra, og tvær

fyrstu undan sama hrútnum. Síðasta kindin hafði verið á húsi í nokkrar vikur veturinn 1987-1988, áður en henni var slátrað, en hinar ekki komið í hús þann vetur.

Líklegast er, að smitberi hafi leynst í stofninum að Flatatungu fyrsta veturinn, sem kindurnar þrjár voru á húsi, og þær smitast þá. Ólíklegra er, að þær hafi smitast næsta vetur, þar sem meðgöngutími riðu er sjaldan minni en ár. Hafa þessar þrjár sýktu kindur þá verið næsta vetur (1986-1987) á húsi og ein þeirra einnig nokkrar vikur veturinn 1987-1988, áður en henni var slátrað. Ljóst er, að á þessum tíma eru miklar líkur á, að kindurnar þrjár hafi sýkt út frá sér. Einnig kynni upphaflegi smitberinn að hafa sýkt mun fleira fé. Mörg dæmi eru um, að riðutilfelli hafi komið upp í hjörð og síðan legið niðri í mörg ár, jafnvel allt að því áratug, en sjúkdómurinn svo blossað upp á ný. Eru hverfandi líkur á, að hjörð stefnanda sé riðulaus, eins og hann heldur fram, heldur eru yfirgnæfandi líkur á, að þar sé enn riðusmit að finna, og getur veikin komið fram hvenær sem er á næstu árum.

Samkvæmt þessu þykir bera að leggja til grundvallar, að smit leynist í fé stefnanda. Vegna hins sérstaka eðlis sjúkdómsins þykir bera að telja, að orðið hafi verulegt tjón á búi hans, þótt allar afleiðingar séu enn ekki komnar fram, og að skilyrði 6. gr. reglugerðar nr. 556/1982 séu fyrir hendi.

Ákvörðun um niðurskurð og fjárleysi á einstökum bæ felur ekki í sér almenn fyrirmæli stjórnvalda, og þykir því verða að fallast á það með stefndu, að hin umdeilda ákvörðun sé ekki háð opinberri birtingu. Ekki hefur annað komið fram en stefnandi hafi fengið vitneskju um ákvörðun ráðherra fyrir tilverknað ráðuneytisins, en engar sérstakar reglur gilda um birtingu slíkra ákvarðana. Verður því ekki á það fallist, að ógilda beri ákvörðunina vegna ónógrar birtingar fyrir stefnanda.

Í málflutningsskjölum stefnanda er ekki á því byggt, að undirbúningi ákvörðunarinnar eða formi hennar hafi verið áfátt, og ekki er þar áskilnaður um nýjar málsástæður. Hins vegar kemur fram í sakargögnum, sem stefnandi lagði fram við þingfestingu, að hann hafði borið sig upp við umboðsmann Alþingis út af því, að ekki væri uppfyllt skilyrði 42. gr. laga nr. 23/1956 um rökstudda tillögu sauðfjársjúkdómanefndar. Í munnlegum málflutningi var því haldið fram af hálfu stefnanda, að ógilda bæri ákvörðun ráðherra, sökum þess að hún væri órökstudd og tekin á grundvelli órökstuddra tillagna sauðfjársjúkdómanefndar. Af hálfu hinna stefndu var þessum málsástæðum mótmælt aðallega sem of seint fram komnum, en því haldið fram til vara, að af hálfu nefndarinnar hefði komið fram nægur rökstuðningur, og að jafnvel þótt svo væri ekki, ætti formlegur skortur rökstuðnings ekki að leiða til ógildingar á ákvörðuninni.

Hvorki í lögum nr. 23/1956 né í reglugerðinni er mælt fyrir um, að

ákvörðun ráðherra skuli fylgja rökstuðningur. Af almennum heimildum stjórnsýsluréttar verður eigi heldur dregin sú ályktun, að ógilda beri ákvörðunina vegna skorts á rökstuðningi, enda er hin umdeilda ákvörðun raunar ekki án rökstuðnings.

Samkvæmt 88. gr. laga 85/1936 áttu allar málsástæður og lagarök, sem stefnandi hugðist bera fram, að koma fram við upphaf málsóknar. Sérstök ástæða var til, að stefnandi gerði ljóst, að hann byggði á því, að tillaga nefndarinnar hefði verið órökstudd, þar sem sú röksemd hafði verið borin fram við umboðsmann Alþingis.

Samkvæmt 42. gr. laga 23/1956 skal sauðfjársjúkdómanefnd rökstyðja tillögur sínar um niðurskurð. Ákvæði reglugerðarinnar verða ekki skilin svo, að þau heimili frávik frá þessari reglu. Eins og fram kemur í rökstuðningi dómsins hér að framan, lágu veigamikil rök til hinnar umdeildu ákvörðunar. Nokkur rökstuðningur kemur fram í tillögu nefndarinnar í bréfi til ráðuneytisins, dags. 11. október 1989, þar sem nefndin fer þess á leit, að ráðherra fyrirskipi niðurskurð sauðfjár í eigu og umráðum stefnanda, og í bréfi nefndarinnar til ráðuneytisins, dags. 7. september 1988, felast rökstudd meðmæli með því, að öllum hjörðum, þar sem riða hefur verið staðfest 1983 eða síðar, — þar með hjörð stefnanda, — verði fargað í síðasta lagi haustið 1989. Samkvæmt þessu verður ekki talið, að ógilda beri ákvörðun ráðherra, sökum þess að hún sé byggð á ónógum rökstuðningi af hálfu meðstefnda.

Af framanskráðu leiðir, að hrinda ber kröfu stefnanda, en eftir atvikum þykir mega láta málskostnað falla niður.

Dóm þennan kváðu upp Sigríður J. Friðjónsdóttir, fulltrúi sýslumanns, dr. Arthur Löve dósent og Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari. Dómurinn er fjölskipaður samkvæmt heimild í 2. mgr. 37. gr. A laga 85/1936, sbr. 9. gr. laga 28/1981. Skilyrði 2. ml. 2. mgr. er fullnægt.

Dómsorð:

Stefndu, landbúnaðarráðherra og sauðfjársjúkdómanefnd, skulu vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Gunnars Oddssonar.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 6. nóvember 1990.

Nr. 407/1990. **Ákæruvaldið**

gegn

Birni Björnssyni Blöndal.

Kærumál. Hæfi dómara. Frávísunardómur felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason.

Hinn 30. október 1990 kærði ríkissaksóknari til Hæstaréttar með heimild í 3. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála frávísunardóm, sem Sigurður Hallur Stefánsson, héraðsdómari í Keflavík, kvað upp í sakadómi kaupstaðarins 17. s.m. Gerir ríkissaksóknari þá kröfu, að dómurinn „verði úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað á ný til dómsmeðferðar og uppkvaðningar efnisdóms samkvæmt ákæru útgefinni 18. október 1989".

Frá ákærða hafa borist athugasemdir, en þar er ekki tekin afstaða til þess atriðis, sem hér er til úrlausnar.

Frumrannsókn máls þessa hafði með höndum lögreglan í Keflavík, Njarðvík, Grindavík og Gullbringusýslu, en lögreglustjóri er Jón Eysteinsson, bæjarfógeti og sýslumaður. Málið var tekið fyrir til rannsóknar í sakadómi Keflavíkur 26. september 1989. Dómari var þá Ásgeir Eiríksson, fulltrúi bæjarfógetans. Ákærði kvaðst hafna dómsátt, en gaf skýrslu um málsatvik, eftir að hafa ráðfært sig við réttargæslumann, sem honum var skipaður í þinghaldinu. Ákæra í málinu var gefin út 18. október 1989. Var síðan haldið dómþing í sakadómi Keflavíkur 13. nóvember, þar sem ákæra var birt ákærða og málið þingfest. Ásgeir Eiríksson var einnig dómari í það sinn, og frestaði hann málinu til skipunar verjanda. Næst kom málið fyrir í sakadómi 16. nóvember, og var ákærða þá skipaður verjandi. Það þing hélt Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari, og hefur hann verið dómari málsins í þau sex skipti, sem það hefur verið tekið fyrir eftir þetta í sakadómi.

Hvað sem líður þinghöldunum 26. september og 13. nóvember 1989, verður ekki séð af gögnum málsins, að héraðsdómarinn, sem nú fer með mál þetta, sé til þess vanhæfur eða að ákærði hafi ástæður til að ætla, að hann verði hlutdrægur í málinu. Fer héraðs-

dómarinn með málið sjálfstætt og á eigin ábyrgð, sbr. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 74/1972 um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o.fl. Það athugast, að rétt er, að dómarinn birti ákærða ákæruna að nýju og taki af honum skýrslu um málsatvik að verjanda viðstöddum.

Samkvæmt framansögðu ber að fella hinn kærða dóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómarann að halda áfram dómsmeðferð fyrrgreinds sakadómsmáls.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er felldur úr gildi, og er lagt fyrir héraðsdómarann að halda áfram dómsmeðferð málsins nr. 88.2548 í sakadómi Keflavíkur.

Dómur sakadóms Keflavíkur 17. október 1990.

Ár 1990, miðvikudaginn 17. október, er á dómþingi sakadóms Keflavíkur, sem háð er að Vatnsnesvegi 33, Keflavík, af Sigurði Halli Stefánssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 88.2548:Ákæruvaldið gegn Birni Björnssyni Blöndal, sem var dómtekið samdægurs.

Mál þetta er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 19. október 1989, á hendur Birni Björnssyni Blöndal, Freyjuvöllum 10, Keflavík, kt. 140546-3999, „fyrir að aka fimmtudaginn 15. september 1988 bifreiðinni R-31418 suður Víknaveg í Ytri-Njarðvík með allt að 90 kílómetra hraða miðað við klukkustund eftir vegarkafla á móts við Grænásvegaraflleggjara".

Telst þetta varða við 1. mgr. 37. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Verjandi krefst þess aðallega, að máli þessu verði vísað frá dómi og ákærði sýknaður af kröfu um greiðslu sakarkostnaðar. Krafa um frávísun málsins byggist á því, að fulltrúi bæjarfógeta og lögreglustjóra í Keflavík hafi stýrt dómsrannsókn þann 26.9. 1989 og 13.11. 1989, og sé því ekki gætt ákvæða 36. gr. 7. tl. laga nr. 74, 1974. Meðferð málsins fyrir sakadómi Keflavíkur sé þannig ómerk. Varakrafa: Að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins. Þrautavarakrafa: Að refsingu ákærða verði stillt í hóf. Þá er í öllum tilfellum krafist, að dómurinn ákveði málsvarnarlaun skipaðs verjanda, sbr. 2. mgr. 87. gr. laga nr. 74, 1974. Ríkissaksóknara var samkvæmt 2. mgr. 124. gr. laga nr. 74, 1974, veittur kostur

á að tjá sig um frávísunarkröfuna. Hann lýsti því yfir með bréfi, dagsettu 11. okt. 1990, að af hálfu ákæruvaldsins væri ítrekuð fyrri krafa um dómsálagningu.

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar í Keflavík mældist hraði bifreiðarinnar R-31418 með hraðamælingum á ratsjá á vegarkafla á móts við Grænásafleggjara á Víknavegi í Njarðvík 90 km/klst., en hámarkshraði á vegi 50 km/klst. Ökumaðurinn, ákærði í máli þessu, mótmælti því við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu, að hann hefði ekið á svæði með 50 km/klst. hámarkshraða, heldur hefði hann verið kominn á svæði með 60 km/klst. hámarkshraða. Kvaðst hann ekki hafa ekið hraðar en aðstæður leyfðu.

Á dómþingi 26. september 1989 var ákærða boðið að ljúka málinu með dómsátt, sem hann hafnaði. Var jafnframt tekin af honum skýrsla um málsatvik. Málið var þingfest 13. nóvember 1989. Er bókað, að hann óski, að sér verði skipaður verjandi, og feli dómaranum að ákveða, hver það verði. Tók dómarinn sér frest í því skyni til 16. nóvember, og var ákærði kvaddur til þess þinghalds. Á dómþingi þann dag var ákærði ekki mættur og enginn fyrir hann. Ákvað dómarinn að skipa Vilhjálm Þórhallsson hrl. verjanda ákærða. Þann 15. desember fór fram dómsrannsókn í málinu, og voru teknar skýrslur af lögreglumönnum. Þann 7. febrúar var Vilhjálmur Þórhallsson hrl. leystur undan vörn málsins að eindreginni ósk hans og ákærða. Jón Steinar Gunnlaugsson hrl. var skipaður verjandi ákærða að ósk hans þ. 12. febrúar 1990.

Með bréfi til dómsins, dags. 14. febrúar 1990, vékst lögmaðurinn undan starfa verjanda, sbr. 2. mgr. 84. gr. laga nr. 74, 1974. Þann 27. febrúar 1990 var Svala Thorlacius hrl. skipuð verjandi ákærða að ósk hans. Lögmaðurinn tjáði sér ekki vera fært að taka við skipun þessari með bréfi, dags. 16. maí 1990. Ásgeir Jónsson hdl. var skipaður verjandi ákærða þann 29. ágúst 1990. Með bréfi verjandans, dags. 19. sept. 1990, var óskað upplýsinga og gagna varðandi ratsjá. Var upplýsingaskýrsla lögreglu lögð fram þann 24. sept. 1990.

Dómþing 26. sept. 1989 og 13. nóv. s.á. voru háð af fulltrúa bæjarfógetans í Keflavík, sem er jafnframt lögreglustjóri, og var þá lagður grundvöllur að frekari meðferð málsins.

Með vísan til dóms Hæstaréttar 9. janúar sl. í málinu nr. 120/1989 verður talið, að bæjarfógetanum í Keflavík og fulltrúa hans hafi borið að víkja sæti við dómsmeðferð málsins. Ber því að vísa málinu frá dómi.

Áfallinn sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun Ásgeirs Jónssonar hdl., kr. 25.000.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Áfallinn sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun Ásgeirs Jónssonar hdl., kr. 25.000, greiðist úr ríkissjóði.

Þriðjudaginn 6. nóvember 1990.

Nr. 399/1990. **Örn Felixson**

gegn

Skúla Ólafs.

Kærumál. Frávísunardómur felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili hefur skotið héraðsdómi til Hæstaréttar samkvæmt heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands með ódagsettri kæru, sem barst héraðsdómara 16. október 1990. Sóknaraðili fékk vitneskju um dóminn 8. sama mánaðar. Hefur kæran því borist héraðsdómara innan lögmælts frests samkvæmt 22. gr. nefndra laga. Skjöl málsins bárust Hæstarétti 30. sama mánaðar.

Sóknaraðili krefst þess, að frávísunardóminum verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Á árinu 1987 var keyptur til landsins valtari frá Ítalíu. Tækið var selt á nauðungaruppboði í Reykjavík 23. september 1989 vegna vanskila á aðflutningsgjöldum. Málsaðilar áttu hlut að kaupunum frá Ítalíu og deila nú um uppgjör sín á milli. Sóknaraðili, stefnandi í héraði, krefur varnaraðila um 1.800.000 krónur auk vaxta og málskostnaðar. Kveðst hann hafa greitt varnaraðila þessa upphæð. Deilt er um, hvor aðila beri tjón af því, að til nauðungarsölu kom.

Eins og í hinum kærða dómi segir, er málatilbúnaði sóknaraðila ábótavant. Þó er málavöxtum lýst í stefnu og greinargerðum, og lögð hafa verið fram alls 17 skjöl. Af hálfu sóknaraðila er fram komið, að hann hafi ekki tiltæk önnur gögn. Eins og á stendur, á hann rétt á efnisdómi, eins og hann krefst. Gögn þau, sem fram eru komin með texta á erlendum málum, varða ekki sakarefnið með þeim hætti, að það leiði til frávísunar, að þýðing fylgir ekki.

Samkvæmt framansögðu ber að fella hinn kærða frávísunardóm

úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar á ný. Málskostnaður verður ekki dæmdur í héraði.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er felldur úr gildi, og ber héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar á ný.

Dómur bæjarþings Seltjarnarness 28. september 1990.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar að loknum munnlegum flutningi um frávísunarkröfu stefnda þann 25. september, er höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, birtri 17. mars 1990.

Stefnandi er Örn Felixson, Hofgörðum 23, Seltjarnarnesi, kt. 131256-4699, og stefndi er Skúli Ólafs, Vesturströnd 31, Seltjarnarnesi, kt. 210140-2719.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 1.800.000 auk hæstu lögleyfðu dráttarvaxta samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 21. desember 1987. Stefnandi krefst þess einnig, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn þann 21. desember 1988. Jafnframt er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands og að málskostnaðarfjárhæðin beri hæstu lögleyfðu dráttarvexti að liðnum 15 dögum frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að máli þessu verði vísað frá dómi, en til vara er krafist sýknu. Málskostnaðar er krafist, hver sem úrslit málsins kunna að verða, og að málskostnaðurinn beri dráttarvexti að liðnum 15 dögum frá dómsuppsögu til greiðsludags.

— — —

II.

Fallast verður á með stefnda, að lýsing málsástæðna og málavaxta stefnanda sé ábótavant.

Eins og mál þetta er lagt fyrir dóminn af hálfu stefnanda, þykir nokkuð skorta á, að málatilbúnaður stefnanda sé það ljós, að unnt sé að leggja efnisdóm á málið.

Einnig þykir nokkuð skorta á, að lögð hafi verið fram þau gögn, sem máli skipta, eða greint frá atvikum á þann veg, að samhengi málsástæðna sé ljóst, svo að unnt sé að taka efnislega afstöðu til málsins.

Stefnandi hefur lagt fram tvö skjöl á ensku og eitt skjal, sem er á ensku

og að hluta til á ítölsku. Samkvæmt 40. gr. laga nr. 85/1936 verður þegar af þeirri ástæðu að vísa máli þessu frá dómi.

Málskostnaður ákveðst kr. 25.000, sem beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Örn Felixson, greiði stefnda, Skúla Ólafs, kr. 25.000 í málskostnað, sem beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Þriðjudaginn 6. nóvember 1990.

Nr. 262/1990. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Reyni Haraldssyni
(Kristján Stefánsson hdl.).

Umferðarlög. Bifreiðar. Ökuhraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari hefur að ósk ákærða áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. júní 1990 og jafnframt af hálfu ákæruvalds til þyngingar á refsingu, en staðfestingar á öðrum viðurlögum.

Ákærði krefst aðallega sýknu í málinu, en til vara, að hann verði einvörðungu dæmdur til fésektar og svipting ökuréttinda til bráðabirgða metin ógild.

Fyrir Hæstarétti hefur það verið upplýst um beitingu ratsjártækja við mælingu á ökuhraða, þegar mælt er úr lögreglubifreið á ferð, svo sem hér var, að ratsjá eigi þá að vera stillt á mælingu að hreyfihætti (moving mode) með hnappi, er greinir á milli hennar og mælingar úr kyrrstöðu (stationary mode). Eigi ökuhraði þeirrar bifreiðar, sem mæling beinist að, þá að koma fram á vinstri skjá ratsjárinnar, en hraði lögreglubifreiðarinnar sjálfrar á hægri skjánum. Ef svo fari vegna mistaka, að umræddur hnappur sé stilltur á mælingu úr kyrrstöðu, muni vinstri skjárinn sýna samanlagðan ökuhraða lögreglubifreiðarinnar og þeirrar bifreiðar, sem á móti komi og mælingin beinist að. Hægri skjár ratsjárinnar eigi þá að vera auður, ef hún starfi eðlilega.

Þegar ákærði var stöðvaður á Stekkjarbakka eftir akstur yfir Höfðabakkabrú, var hann kvaddur yfir í bifreið lögreglunnar, þar sem hraði bifreiðar hans hafði verið mældur. Segir hann, að talan 107 hafi þá staðið á öðrum skjá ratsjárinnar, en 41 á hinum. Miðað við fyrrgreindar upplýsingar ætti hærri talan að tákna hraða bifreiðar ákærða í kílómetrum á klukkustund, en lægri talan hraða lögreglubifreiðarinnar. Kemur það heim við frásagnir lögreglumanna af mælingunni og akstri bifreiðanna, að svo hafi verið.

Með vísan til þessa og til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað málsins svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar héraðsdómslögmanns, 35.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 29. maí 1990.

Ár 1990, þriðjudaginn 29. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Birnu Björnsdóttur fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 281/1990: Ákæruvaldið gegn Reyni Haraldssyni, sem tekið var til dóms 14. maí sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, útgefnu 13. mars sl., á hendur Reyni Haraldssyni, Tunguseli 7, Reykjavík, fæddum 3. júní 1942, „fyrir að aka aðfaranótt laugardagsins 13. janúar 1990 bifreiðinni R-4981 suður Höfðabakka í Reykjavík með allt að 107 kílómetra hraða miðað við klukkustund eftir vegarkafla að Höfðabakkabrú.

Telst þetta varða við 1. mgr. 37. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og 23. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 625/1989.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir

Laugardaginn 13. janúar sl. voru lögreglumennirnir Birgir Hilmarsson og Jónas H. Þorgrímsson í umferðareftirliti á lögreglubifreiðinni KS-895. Veittu þeir athygli bifreiðinni R-4981, þar sem henni var ekið suður Höfðabakka, og sýndi ratsjártæki töluna 107 km/klst, en hámarkshraði á þessum vegarkafla er 60 km/klst. Lögreglumenn stöðvuðu akstur bifreiðarinnar við Stekkjarbakka og höfðu tal af ökumanni, ákærða í máli þessu, Reyni Haraldssyni. Ákærði kvaðst telja, að hann hefði ekið á 50 til 60 km/klst. Sagði ákærði ekki mögulegt, að bifreið sín næði mældum hraða.

Ákærða var boðið að ljúka málinu með dómsátt, sektargreiðslu og 1

mánaðar ökuleyfissviptingu þann 18. janúar sl., en því boði hafnaði hann. Dómari felldi úr gildi bráðabirgðaökuleyfissviptingu, sem ákærða var gert að sæta frá 13. janúar sl.

Ákærði gaf skýrslu fyrir dómi 23. apríl sl.

Ákærði viðurkenndi að hafa ekið bifreiðinni R-4981 aðfaranótt laugardagsins 13. janúar sl. um Vesturlandsveg og suður Höfðabakka, uns lögreglan stöðvaði akstur hans við Stekkjarbakka. Bar ákærði, að hann hefði ekið á 50-60 km hraða m/v klst., enda hefði hann verið að tala í talstöð, meðan á akstri stóð. Ákærði kvaðst ekki hafa orðið var við akstur annarra bifreiða suður Höfðabakka, en hafa veitt athygli tveimur bifreiðum, er óku brúna á Höfðabakka til norðurs, og hafi aftari bifreiðin verið lögreglubifreið.

Ákærði kvaðst hafa séð niðurstöðu mælingar, og hafi talan 107 verið í öðrum glugga ratsjárinnar, en talan 41 í hinum glugganum.

Vitnið Birgir Hilmarsson lögreglumaður kom fyrir dóm vegna rannsóknar málsins þann 23. apríl sl. og 27. apríl sl.

Vitnið bar, að það hefði verið í eftirliti á Höfðabakka 13. janúar sl. Kvaðst vitnið hafa séð bifreið ákærða, er hún kom upp á hæðina, og hefði hún komið inn í radarinn skömmu síðar. Vitnið bar, að bifreið ákærða hefði verið eina bifreiðin, sem kom á móti lögreglubifreiðinni. Það kvaðst ekki minnast þess, að önnur bifreið hefði ekið norður Höfðabakka á undan lögreglubifreiðinni. Vitnið bar, að kærð tala, 107 km/klst., hefði verið læst, þegar eftir að hún var lesin af ratsjánni. Vitnið kvaðst ekki hafa orðið vart við, að ákærði hefði hægt á sér, er hann mætti lögreglubifreiðinni. Hefði lögreglubifreiðinni verið snúið við og bifreið ákærða veitt eftirför. Vitnið kvaðst ekki treysta sér til þess að staðsetja nákvæmlega á uppdrætti, hvar bifreið ákærða var, þegar hún var mæld, hvar lögreglubifreiðin var, né heldur, hvar bifreiðarnar mættust. Vitnið bar, að það hefði ásamt Jónasi lesið af ratsjánni, þegar ákærði var hraðamældur. Vitnið kvaðst muna, að ákærði hefði tjáð sér, að bifreið hans kæmist ekki upp í mældan hraða.

Vitnið Jónas H. Þorgrímsson lögreglumaður kom fyrir dóm vegna rannsóknar málsins 23. og 27. apríl sl.

Vitnið bar, að það hefði verið ökumaður bifreiðarinnar KS-895, er hraðamæling varðandi hraða bifreiðarinnar R-4981 var gerð. Vitnið kvað lögreglubifreiðina hafa mætt bifreið ákærða neðarlega í brekkunni, rétt ofan við mörkin, sem markast við Árbæjarsafn, og hefði mæling átt sér stað skömmu áður. Vitnið bar, að ratsjá lögreglubifreiðarinnar hefði þá sýnt 107 km/klst. Kvaðst vitnið hafa sett viðvörunarljós lögreglubifreiðarinnar á og hafið eftirför. Vitnið bar, að bifreið ákærða hefði verið eina bifreiðin, sem var ekið á móti lögreglubifreiðinni, og hefði það ekki stöðvað akstur annarra bifreiða það kvöld vegna grunar um of hraðan akstur.

Kvaðst vitnið ekki minnast þess, að önnur bifreið hefði ekið á undan lögreglubifreiðinni norður Höfðabakka. Vitnið kvaðst muna nokkurn veginn, að hraði lögreglubifreiðarinnar við mælingu hefði verið u.þ.b. 50 km m/v klst.

Vitnið skýrði svo frá, að það hefði ekki fylgst með hraða lögreglubifreiðarinnar í upphafi eftirfarar, en er það nálgaðist Stekkjarbakkann, hefði verið jafnt bil á milli bifreiðanna, og hefði hraðamælir lögrelubifreiðarinnar þá sýnt 90-100 km/klst.

Vitnið kvaðst ekki hafa veitt athygli, að ákærði hefði dregið úr hraða bifreiðar sinnar, er hann mætti lögreglubifreiðinni.

Vitnið kvaðst ásamt Birgi hafa lesið af ratsjánni, þegar ákærði var hraðamældur. Ekki kvaðst vitnið muna sérstaklega eftir prófun ratsjárinnar. Það kvaðst ekki geta fullyrt, hvort báðar tónkvíslar hefðu verið notaðar við prófun eftir mælingu. Vitnið ber, að það treysti sér ekki til að staðfesta á uppdrætti, hvar bifreið ákærða var, þegar hún var mæld, hvar lögreglubifreiðin hefði verið, né heldur, hvar bifreiðarnar hefðu verið, þegar þær mættust. Kvað vitnið það hugsanlega hafa verið 50 m milli lögreglubifreiðarinnar og bifreiðar ákærða, er mæling fór fram og tölunni læst.

Vitnið Ólafur Gunnarsson gaf skýrslu við meðferð málsins fyrir dómi. Kvaðst vitnið minnast þess að hafa ekið norður Höfðabakka þann 13. janúar sl.

Vitnið bar, að það hefði mætt bifreið ákærða ofan til við miðja brekkuna, milli ljósanna á Bæjarhálsi annars vegar og Vesturlandsvegar hins vegar. Vitnið bar, að þegar það hefði séð, hver var á ferð, hefði það kallað á ákærða í talstöð og þeir tekið tal saman. Bar vitnið, að sambandið hefði slitnað, er komið var niður á Vesturlandsveg yfir ljósin þar. Vitnið bar, að ákærði hefði ekið á frekar hægri ferð, er þeir mættust, á u.þ.b. 40 - 50 km m/v klst. Vitnið kvað umferð hafa verið mjög litla á þessum slóðum.

Vitnið Dagbjartur Sigurbrandsson, umsjónarmaður umferðarljósa Reykjavíkurborgar, kom fyrir dóminn og skýrði svo frá, að umferðarljós á Bæjarhálsi væru alumferðarstýrð. Væru málmskynjarar u.þ.b. 5 og 30 m frá götuvita norðan við Bæjarhálsinn og u.þ.b. 5 m frá götuvita sunnan megin. Bar vitnið, að væri engin umferð, loguðu rauð ljós. Væri ekið yfir skynjara, kviknaði rauðgult ljós í tvær sekúndur og síðan grænt.

Að beiðni dómara framkvæmdi lögreglan hraðamælingu á bifreið ákærða, R-4981, þann 26. apríl sl. vegna fullyrðingar ákærða um, að bifreið hans nái ekki 107 km hraða miðað við klukkustund. Prófun stjórnaði Guðmundur Ingi Sigurðsson, varðstjóri í umferðardeild. Lögreglumaðurinn Ásmundur K. Ásmundsson ók bifreiðinni. Bifreiðinni var ekið af stað á gatnamótum Vesturlandsvegar og Höfðabakka, og var hraði hennar mældur tvisvar sem næst þeim stað, sem ætlað er, að hún hafi verið

hraðamæld á þann 13. janúar sl. Fyrra skiptið mældist hraði hennar 109 km m/v klst. og hið síðara 111 km m/v klst.

Ákærði gerði þær athugasemdir við prófunina, að ekki hefðu verið sambærilegar aðstæður á vettvangi og voru þann 13. janúar sl., er verið hafi myrkur og hálka, og að mæling hefði farið fram sunnar í brekkunni þann 26. apríl.

Ásmundur K. Ásmundsson lögreglumaður kom fyrir dóminn og skýrði svo frá, að við prófunina hefði hann ekið með olíugjöfina í botni í fyrra skiptið, en ekki í það síðara. Kvaðst hann ekki hafa fylgst eins nákvæmlega með hraðamæli R-4981 í fyrra skiptið, en hann hefði farið yfir 100 km/klst., en ekki náð 107 km hraða. Í síðara skiptið hefði hraðamælir sýnt 118 km/klst.

Niðurstaða.

Þrátt fyrir neitun ákærða þykir, þegar gögn málsins eru virt, einkum niðurstaða ratsjármælingar, sem færð var í dagbók, og framburður þeirra tveggja lögreglumanna, sem að mælingu stóðu, vera sannað, að ákærði hefur gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali, enda ekkert komið fram við rannsókn málsins um, að ekki hafi verið rétt staðið að mælingu. Þykir ekki skipta máli í því sambandi, að eingöngu önnur tónkvíslin hafi verið notuð við prófun eftir mælingu.

Varðar brot ákærða við 1. mgr. 37. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, og 23. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 625/1987.

Ákærði hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1966 13/10 Sakadómur Rvík. Nr. 6461. Sátt: 300 kr. sekt f. brot g. 21. gr. áfl.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 10.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 4 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Í ákæruskjali er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. umferðarlaga. Þykir hæfilegt að svipta ákærða ökuréttindum í 1 mánuð frá birtingu dómsins að telja, en frá dregst bráðabirgðasvipting ökuréttinda frá 13. janúar til 18. janúar sl., samtals 6 dagar. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hdl., sem þykja hæfilega ákveðin kr. 25.000.

Dómsorð:

Ákærði, Reynir Haraldsson, greiði 10.000 kr. í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 4 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 1 mánuð frá birtingu dóms þessa, en til frádráttar komi bráðabirgðasvipting ökuréttinda frá 13. janúar til 18. janúar sl., samtals 6 dagar. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun Kristjáns Stefánssonar hdl., skipaðs verjanda síns, kr. 25.000.

Miðvikudaginn 7. nóvember 1990.

Nr. 153/1988. **Steintak h/f**
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
Jóni M. Ívarssyni
(Guðný Höskuldsdóttir hrl.)
og gagnsök.

Vinnusamningur. Uppsögn. Vinnuslys. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 25. maí 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 19. sama mánaðar samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 3. ágúst 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 14. júlí sama ár samkvæmt sömu lagaheimild.

Aðaláfrýjandi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda, en til vara, að kröfur gagnáfrýjanda verði verulega færðar niður. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi krefst þess aðallega, að öllum kröfum aðaláfrýjanda verði hrundið og honum dæmt að greiða sér 606.084,30 krónur með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði af 203.330,30 krónum frá 24. mars 1987 til 6. maí sama ár, en með 30% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. júní sama ár, en með 33,6% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. júlí 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum af 606.084,30 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, er beri dráttarvexti, auk lögmælts söluskatts og virðisaukaskatts. Til vara krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms og á sama hátt málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjun máls þessa nær einungis til aðalsakar í héraði.

I.

Gagnáfrýjandi hófst óbeðið handa um að bæta loftræstingu í vinnuskúr aðaláfrýjanda með þeirri aðferð, sem lýst er í héraðsdómi. Við þetta gerðist hann offari og olli á ámælisverðan hátt skemmdum á eign aðaláfrýjanda. Ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um sýknu aðaláfrýjanda af kröfu gagnáfrýjanda um laun, meðan hann var óvinnufær vegna þeirra meiðsla, er hann þarna varð fyrir.

II.

Ekki er sannað, að aðaláfrýjandi hafi veitt gagnáfrýjanda áminningu að viðlögðum starfsmissi, eftir að gagnáfrýjandi sumarið 1986 kastaði nöglum þangað, sem aðrir starfsmenn aðaláfrýjanda voru að starfi.

Aðaláfrýjandi sagði gagnáfrýjanda ekki upp starfi strax eftir atvikið 19. janúar 1987, heldur þá fyrst, er gagnáfrýjandi sneri aftur til vinnu 23. mars 1987, eftir að hafa fengið bót meiðsla sinna. Kemur þó fram, að gagnáfrýjandi hafði á þessum tíma nokkrum sinnum rætt við framkvæmdastjóra aðaláfrýjanda, en ósannað er, að þær viðræður hafi snúist um annað en kröfu gagnáfrýjanda um laun, meðan hann væri óvinnufær vegna meiðsla sinna. Ber að staðfesta þá niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, að atferli gagnáfrýjanda 19. janúar 1987 réttlæti ekki fyrirvaralausa uppsögn hans án launa á uppsagnarfresti, liðlega tveimur mánuðum eftir að atburðurinn gerðist. Á hann því rétt til bóta úr hendi aðaláfrýjanda. Aðaláfrýjandi hefur gert sennilegt, að á þessum tíma hafi verið mikil eftirspurn eftir trésmiðum til starfa. Þegar það er virt, þykja bætur til gagnáfrýjanda hæfilega ákveðnar 250.000 krónur. Verður aðaláfrýjandi dæmdur til greiðslu þeirrar fjárhæðar með vöxtum svo sem í dómsorði greinir.

Aðaláfrýjanda verður dæmt að greiða gagnáfrýjanda 120.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Steintak h/f, greiði gagnáfrýjanda, Jóni M. Ívarssyni, 250.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. júlí 1987 til greiðsludags og 120.000 krónur í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. janúar 1988.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. janúar sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu af Jóni M. Ívarssyni, nnr. 5152-1226, Blikahólum 4, Reykjavík, með stefnu, birtri 9. júní 1987, á hendur Steintaki hf., nnr. 8463-0462, Bíldshöfða 16, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda í aðalsök eru þær, að stefnda verði gert að greiða stefnanda kr. 606.084,30 ásamt 2,5% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði af kr. 203.330,30 frá 24.3. 1987 til 6.5. 1987, en með 30% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1.6. 1987, en með 33,6% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1.7. 1987, en með 36% dráttarvöxtum á ári af kr. 606.084,30 frá þeim degi til 1.8. 1987, en með 40,8% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1.9. 1987, en með 42% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1.10. 1987, en með 43,2% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1.11. 1987, en með 45,6% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1.12. 1987, en með 49,2 dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1.1. 1988, en með 51,6% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Kröfur stefnda í aðalsök eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum aðalstefnanda og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi hans skv. málskostnaðarreikningi, sbr. gjaldskrá LMFÍ.

Til vara krefst aðalstefndi þess, að bætur verði dæmdar verulega lægri en stefnandi gerir kröfu um í stefnu.

Með stefnu, þingfestri þann 1. september sl., höfðaði aðalstefndi sérstakt gagnsakarmál á hendur aðalstefnanda til greiðslu á kr. 3.980 með 3,4% mánaðarlegum dráttarvöxtum frá 1. september 1987 til stefnubirtingardags (sic), en með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum skv. l. nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól skuldarinnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 28. ágúst 1988. Þá krefst aðalstefndi málskostnaðar úr hendi aðalstefnanda skv. gjaldskrá LMFÍ. Mál þetta var sameinað aðalmálinu þann 22. september s.á., og er krafa aðalstefnda gagnsök í því máli.

Aðalstefnandi gerir þær kröfur í gagnsök, að hann verði alfarið (sic) sýknaður af kröfum gagnstefnanda og gagnstefnanda verði gert að greiða honum málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust í aðalsök og gagnsök.

II.

Málavexti kveður aðalstefnandi vera þá, að hann sé trésmiður og hafi starfað sem slíkur síðan 1971. Hann hafi verið ráðinn til starfa hjá aðalstefnda þann 19. desember 1985. Þann 19. janúar 1987 hafi aðalstefnandi slas-

ast við vinnu sína hjá aðalstefnda. Slysið hafi orðið með þeim hætti, að aðalstefnandi, sem hafi verið ásamt öðrum smiðum í vinnuskúr á vinnusvæði aðalstefnda að Frostafold 10 - 12, Reykjavík, hafi skorið sig illa á hendi við að losa lausafag úr falsi úr glugga á vinnskúrnum. Aðalstefnandi hafi notað kúbein, er hann bankaði í gluggafagið, en svo slysalega vildi til, að kúbeinið fór í rúðuna og höndin með, og skaddaðist aðalstefnandi við það á hægri hendi, og skárust sinar sundur.

Ástæða þess, að aðalstefnandi vildi opna gluggann, hafi verið sú, að loftræstingu hafi verið mjög ábótavant í vinnuskúrnum. Vinnuskúr þessi hafi verið afdrep starfsmanna aðalstefnda á vinnustað.

Aðalstefnandi hafi af þessum sökum verið frá vinnu frá slysdegi 19. janúar til 23. mars 1987.

Þegar aðalstefnandi mætti síðan aftur til vinnu sinnar hjá aðalstefnda eftir veikindi sín þann 23. mars 1987, hafi honum verið sagt upp störfum fyrirvaralaust samdægurs.

Aðalstefnandi byggi kröfur sínar í fyrsta lagi á þeim staðreyndum, að hann hafi slasast við vinnu sína hjá aðalstefnda og hafi af þeim sökum verið frá vinnu frá 19. janúar 1987 til 23. mars s.á. Þá hafi aðalstefnanda verið sagt upp með ólögmætum hætti. Honum hafi verið sagt upp fyrirvaralaust. En samkvæmt lögum nr. 19/1979 og kjarasamningi byggingamanna hafi borið að segja aðalstefnanda upp störfum með 3ja mánaða uppsagnarfresti og miða uppsögnina við mánaðamót.

Aðalstefnandi hafi orðið fyrir tjóni, þar sem hann var atvinnulaus frá 23. mars 1987, og sé því gerð krafa um greiðslu bóta á þeim forsendum.

Bótakrafa miðist við þær áætluðu tekjur, sem aðalstefnandi hafði haft á uppsagnartímanum, eða frá 1. apríl 1987 til 1. júlí 1987, ef hann hefði fengið að starfa áfram í uppsagnarfrestinum, eins og lög og kjarasamningar geri ráð fyrir.

Innheimtutilraunir hafi ekki borið árangur.

Kröfur sínar sundurliðar aðalstefnandi þannig:

A.	Staðgengilslaun 19.1. - 19.2. 1987, dskj. nr. 10 - 14 og 15 - 17	kr.	159.701,25
	Orlof af tímavinnu, dskj. 10 - 14	"	6.677,25
B.	Dagvinnulaun 19.2. - 23.3. 1987 (209,63 x 160),	"	33.540,80
	10,17% orlof	"	3.411,09
C.	Staðgengilslaun 23.3. - 1.7. 1987, dskj. 32	"	391.059,00
	Orlof af tímavinnu, dskj. 32	"	11.695,00
	Samtals	kr.	606.084,39

Orlof staðgengilslauna komi af tímavinnu eingöngu, þar sem uppmæling sé reiknuð út með orlofi.

Um lagarök vísar aðalstefnandi til l. nr. 19/1979. Þá vísar hann til kjarasamnings byggingamanna, sem að stofni til hafi verið gerður 27. október 1980, gr. 12 og gr. 7.

Um vexti vísar aðalstefnandi til l. nr. 58/1960 og l. nr. 25/1987 og auglýsinga Seðlabanka Íslands um vaxtafót á hverjum tíma.

Orlofskrafan byggist á 4. kafla í áðurnefndum kjarasamningi svo og l. nr. 87/1971 með síðari breytingum.

Þá vísar aðalstefnandi til meginreglna kröfuréttarins um greiðslu skaðabóta vegna vanefnda á samningum. Um málskostnað vísar hann til 12. kafla l. nr. 85/1936.

Aðalstefndi og gagnstefnandi kveður málavexti vera þá, að þann 19. janúar 1987 hafi aðalstefnandi, sem var í vinnu hjá aðalstefnda, unnið tjón á eignum aðalstefnda á vinnusvæði hans að Frostafold 10 - 12, Reykjavík. Aðalstefndi hafi verið ásamt vinnufélögum sínum í matartíma í vinnuskúr á byggingasvæði aðalstefnda, og hafi hann í æðiskasti brotið rúðu í vinnuskúrnum. Hann hafi skyndilega tekið æðiskast, eftir að menn höfðu matast, og kvartað yfir ólofti í vinnuskúrnum. Í því skyni að bæta loftið í vinnuskúrnum hafi aðalstefnandi gripið til kúbeins og reynt að losa gluggann úr vinnuskúrnum, og er það hafi ekki tekist, hafi hann í æði sínu slegið kúbeininu gegnum rúðuna. Aðalstefnandi hafi við það slasast á hendi, og hafi hann verið frá vinnu í liðlega 2 mánuði eða til 23. mars 1987.

Sýknukröfu í aðalsök byggir aðalstefndi á því, að ekki hafi verið um vinnuslys að ræða, heldur hafi aðalstefnandi á saknæman og ólögmætan hátt brotið rúðu í vinnuskúrnum og valdið aðalstefnda og sjálfum sér tjóni með þeirri háttsemi. Vegna þessarar hegðunar aðalstefnanda eigi krafa hans um laun frá 19. janúar 1987 til 23. mars s.á. ekki rétt á sér, hvorki skv. l. nr. 19/1979 né kjarasamningi byggingamanna frá 27. október 1980, en þeim reglum sé ekki ætlað að bæta starfsmanni vinnutap, er verði fyrir slysi við það að vinna tjón á eignum vinnuveitanda síns.

Þá mótmælir aðalstefndi því, að um ólögmæta uppsögn hafi verið að ræða af hans hálfu, er aðalstefnanda var sagt upp störfum fyrirvaralaust með bréfi, dags. 23. mars 1987. Með tilliti til þeirrar hegðunar aðalstefnanda að valda með saknæmum og ólögmætum hætti tjóni á eignum aðalstefnda og þess, að hann hafi vegna þeirrar hegðunar ekki getað mætt til vinnu á annan mánuð, auk þess sem aðalstefnandi hafi áður verið áminntur fyrir að ráðast að samstarfsmönnum sínum sumarið 1986 og kasta í þá þriggja tommu nöglum, svo að þeim stafaði stórhætta af (sic). Hafi aðalstefnandi þá fyrirgert rétti til uppsagnarfrests skv. lögum og kjarasamningum. Styðji aðalstefndi kröfu sína um sýknu í aðalsök við reglur skaðabóta-

réttar og reglur vinnuréttar. Þá sé því mótmælt, að loftræstingu hafi verið ábótavant í vinnuskúr aðalstefnda. Vinnuskúrinn hafi verið byggður í samræmi við lög um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum nr. 46/1980 og reglugerð um húsnæði vinnustaða nr. 255/1975, og hafi Vinnueftirlit ríkisins engar athugasemdir gert við vinnuskúrinn.

Varakröfu sína byggir aðalstefndi í aðalsök á eftirfarandi atriðum:

a) Að ekki sé rétt að miða kröfu aðalstefnanda um staðgengilskaup 19. janúar til 19. febrúar við laun Hauks Sigurðssonar fyrir þann tíma, því að vegna fjarveru aðalstefnanda frá vinnu þann tíma hafi vinnuálag aukist til mikilla muna hjá Hauki Sigurðssyni. Ákvæði laga nr. 19/1979 og kjarasamnings byggingamanna frá 27. október 1980 um staðgengilskaup sé ætlað að tryggja þeim, er slasist við vinnu, fullt kaup í einn mánuð, meðan veikindi vari, en sé ekki ætlað að gera hann betur settan en hann hefði verið, ef hann hefði verið við vinnu þann tíma. Því sé rétt við útreikning staðgengilskaups aðalstefnanda að miða við laun aðalstefnanda og Hauks Sigurðssonar, áður en aðalstefnandi varð fyrir slysi, og vísist til dskj. nr. 26 - 28 í því sambandi.

b) Með þeirri háttsemi sinni að brjóta rúðu í vinnuskúr aðalstefnda hafi aðalstefnandi sjálfur átt stærstan þátt í því vinnutapi, er hann varð fyrir 19. janúar 1987 - 23. mars s.á. Með hliðsjón af eigin sök aðalstefnanda á slysi því, er hann varð fyrir, beri að lækka bótaábyrgð aðalstefnda verulega. Byggi aðalstefndi þessa kröfu sína á reglum skaðabótaréttar og kröfuréttar.

c) Aðalstefnandi hafi ekki sinnt þeirri skyldu, sem á tjónþola hvíli skv. almennum reglum kröfuréttar, að draga, svo sem kostur sé, úr tjóni sínu. Aðalstefnandi hafi orðið vinnufær að nýju þann 23. mars 1987, er honum var sagt upp störfum af aðalstefnda. Frá þeim tíma hafi aðalstefnandi engri vinnu sinnt og krefji aðalstefnda um áætluð laun til 1. júlí s.á. Á þeim tíma hafi verið mikil þensla í byggingariðnaði á Reykjavíkursvæðinu, einkum með tilkomu byggingar nýrrar verslunarmiðstöðvar í Kringlunni í Reykjavík. Aðalstefnandi hefði því hæglega getað komið í veg fyrir tekjutap frá 23. mars 1987 til 1. júní s.á. og unnið við iðn sína.

Krafa um málskostnað byggist á l. nr. 85/1936.

Málsástæður gagnstefnanda í gagnsök eru þær, að gagnstefndi hafi með ólögmætri og saknæmri háttsemi valdið gagnstefnanda tjóni á eignum hans, þar sem gagnstefndi hafi með ásetningi brotið rúðuna í vinnuskúr gagnstefnanda. Gagnstefnandi styðjist við reglur skaðabótaréttar, að því er varði bótaskyldu gagnstefnda, en við lög nr. 25/1987 varðandi vaxtakröfuna og lög nr. 85/1936 varðandi málskostnaðarkröfuna. Heimild til gagnstefnu byggist á 49. gr. l. nr. 85/1936.

Gagnstefndi kveður málavexti vera með öðrum hætti en fram komi í

gagnstefnu. Hafi verið um opnanlegan glugga að ræða, sem stóð fastur. Hafi gagnstefndi haft í hyggju að opna þennan glugga, þar sem hér hafi verið um eina opnanlega gluggann að ræða í vinnuskúrnum, og hafi hann notað til þess kúbein, sem hann beindi að gluggaumgjörðinni. Þar sem glugginn var fastur og opnaðist ekki, hafi gagnstefndi beint kúbeininu nokkrum sinnum að gluggafaginu, en með þeim afleiðingum, að í síðustu atlögunni hafi kúbeinið lent af tilviljun í glerinu, sem hafi orðið til þess, að gagnstefndi meiddist töluvert á hendi.

Því sé algerlega mótmælt, að um ásetningsverk hafi verið að ræða, heldur óhappatilviljun, sem sé á ábyrgð gagnstefnanda, þar sem honum beri að sjá um, að eini opnanlegi glugginn á vinnuskúrnum sé opnanlegur. Það geti því varla talist ásetningsverk, þótt glugginn hafi brotnað við tilraunir gagnstefnda til að opna hann.

Megi benda á 43. gr. l. nr. 46/1980, hvað varði loftræstingu o.fl. á vinnustöðum, og setji stjórn vinnueftirlitsins reglur þar að lútandi, og sé skylt að hafa vinnuskúr loftræstan með opnanlegum glugga eða einhverjum öðrum hætti, sem teldist fullnægjandi. Þar sem slíku hafi ekki verið fyrir að fara, hafi gagnstefnda verið heimilt að opna gluggann með þeim hætti, sem hann gerði, þrátt fyrir það að svo slysalega vildi til, að glugginn brotnaði við tilraunir hans.

III.

Vitnin Ívar Már Arnbjörnsson, Haukur Sigurðsson og Örn Hauksson, sem allir voru inni í vinnuskúrnum, þegar aðalstefnandi slasaðist, hafa komið fyrir dóm og gefið skýrslu. Samkvæmt framburði þeirra svo og með hliðsjón af framburði aðalstefnanda sjálfs fyrir dómi má telja upplýst, að atvik hafi orðið með þeim hætti, að aðalstefnanda rann í skap vegna reykjarsvælu og ónógrar loftræstingar í vinnuskúrnum í umrætt sinn, og tók hann í skaphita kúbein og réðst með það á gluggann í því skyni að spenna hann úr falsinum. Ekkert vitnanna gat tjáð sig um það, hvort aðalstefnandi braut rúðuna vísvitandi, og er það því ósannað, en sönnunarbyrði um það atriði hvílir á aðalstefnda. Umræddur gluggi var þannig úr garði gerður, að hann var festur í gluggafalsinn og ekki gert ráð fyrir því, að hann væri opnanlegur. Hann var t.d. ekki á hjörum. Hins vegar þurfti tiltölulega litlar aðgerðir til þess að losa hann og breyta þannig, að hægt væri að hafa hann opnanlegan. Þá er upplýst, að aðalstefnandi hafði enga heimild aðalstefnda til að breyta glugga þessum, svo að hann yrði opnanlegur. Verður því að telja, að aðalstefnandi hafi gerst offari, er hann réðst að glugganum með þessum hætti í matartíma starfsmanna. Þá liggur fyrir, að unnt var að opna útihurð og fá þannig loft inn. Þá var í skúrnum langur, mjór, opnanlegur gluggi, og liggur ekki fyrir, að

athugasemdir hafi verið gerðar við loftræstingu í skúrnum af hálfu vinnueftirlitsins.

Vegna meiðsla, sem aðalstefnandi hlaut á hendi, er rúðan brotnaði, varð hann frá vinnu í liðlega tvo mánuði. Er fyrri hluti kröfu aðalstefnanda launakrafa í forföllum vegna slyssins.

Samkvæmt 5. gr. l. nr. 19/1979 skal allt fastráðið verkafólk, sem ráðið hefur verið hjá sama atvinnurekanda í eitt ár samfellt, er það forfallast frá vinnu vegna sjúkdóma eða slysa, eigi missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd, í einn mánuð. Þá skal það, hafi það verið ráðið hjá sama atvinnurekanda í samfellt þrjú ár, halda daglaunum í einn mánuð, en tvo mánuði eftir fimm ára samfellda ráðningu hjá sama atvinnurekanda. Í greinargerð, sem fylgdi frumvarpi til laga þessara, segir svo í athugasemdum um 5. grein: „....Allar þessar greiðslur skal atvinnurekandi inna af hendi, þótt veikindi séu óviðkomandi þeirri vinnu, sem launþeginn stundar, og þótt slys sé ekki í tengslum við vinnuna, svo fremi að ekki sé til að dreifa ásetningi eða gáleysi launþegans sjálfs." Ákvæði 5. greinar laganna ber að túlka með hliðsjón af þessum athugasemdum, enda er sýnt, að það hefur ekki verið tilgangur með lagasetningunni að skapa verkafólki skýlausan rétt til launa, ef um ásetning eða gáleysi hefur verið að ræða. Í þessu sambandi ber þó að líta svo á, að gáleysi þurfi að vera verulegt, ef viðkomandi á að missa réttindi vegna þess.

Í kjarasamningum byggingamanna frá 27. október 1980, grein 7.3., segir, að allir, sem unnið hafa í iðngreininni í eitt ár samfellt, skuli, er þeir forfallast frá vinnu vegna sjúkdóms eða slysa, eigi missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd, í einn mánuð auk dagvinnulauna í næstu 3 vikur, og hafi hann unnið í 3 ár samfellt í starfsgreininni, skal hann að auki halda dagvinnulaunum í eina viku og í fjórar vikur að auki eftir 5 ár í starfsgreininni.

Ákvæði þetta í kjarasamningnum er að mestu leyti sniðið eftir áðurnefndri 5. gr. l. nr. 19/1979, nema hvað ákvæðið um veikindadaga er rýmra samkvæmt ákvæðum samningsins. Hins vegar verður ákvæði þetta ekki túlkað rýmra en lagaákvæðið varðandi réttinn til launagreiðslunnar, þannig að verði starfsmaður fjarverandi frá vinnu vegna slyss eða veikinda, sem stafa af ásetningi eða stórfelldu gáleysi starfsmannsins, þá þykir hann hafa glatað rétti til launa á forfallatímanum.

Eins og atvikum var háttað, er aðalstefnandi slasaðist, og að framan er rakið, verður að telja, að aðalstefnandi hafi með vítaverðu gáleysi sínu og yfirgangi valdið tjóni sínu, og ber því að sýkna aðalstefnda af kröfum aðalstefnanda um laun á tímabilinu 19. janúar - 23. mars 1987.

Síðari hluti kröfugerðar aðalstefnanda er um staðgengilslaun í uppsagnarfresti.

Samkvæmt framburði aðilja fyrir dómi er upplýst, að aðalstefnandi fékk enga viðvörun um, að honum yrði sagt upp störfum án uppsagnarfrests, er hann sneri aftur til vinnu, og hitti hann þó fyrirsvarsmann aðalstefnda, Vigni H. Benediktsson, öðru hverju á þessu tímabili, er hann kom vikulega til að krefja um laun, sem hann taldi sig eiga rétt til í slysaforföllum sínum.

Þá er ósannað, að tiltal það, er aðalstefnanda var veitt sumarið 1986, er hann kastaði nöglum að starfsmönnum á vinnusvæði aðalstefnda, hafi verið í formi áminningar um brot í starfi.

Telja verður, að atburður sá, er varð tilefni uppsagnarinnar, geti ekki verið grundvöllur fyrirvaralausrar uppsagnar án launa í uppsagnarfresti líðlega tveimur mánuðum eftir, að atburðurinn gerðist. Ber því að taka kröfur aðalstefnanda um laun í uppsagnarfresti til greina.

Krafa stefnanda í þessum þætti málsins sundurliðast þannig:

Staðgengilslaun 23.3. - 1.7. 1987	kr.	391.059,00
Orlof af tímavinnu	"	11.695,00
Samtals	kr.	402.754,00

Krafa þessi miðast við staðgengilslaun Hauks Sigurðssonar, og er launaútreikningi ekki mótmælt.

Samkvæmt 3. og 5. mgr. 1. gr. l. nr. 19/1979, sbr. og kjarasamning byggingamanna, gr. 12.1. og 12.1.1., á aðalstefnandi rétt til þriggja mánaða uppsagnarfrests, og miðast laun við mánaðamót.

Af hálfu aðalstefnda hefur því ekki verið andmælt, að greiðslur í uppsagnarfresti miðist við staðgengilslaun, en einungis haldið fram, að aðalstefnanda hafi borið að draga úr tjóni sínu, með því að nóg framboð hafi verið á vinnu í starfsgreininni á þessum tíma, og hafi aðalstefnandi hæglega getað aflað sér tekna á tímabilinu.

Ekki verður fallist á þessa mótbáru aðalstefnda, og verður þessi hluti kröfu aðalstefnanda tekinn til greina að fullu.

Eftir þessum úrslitum í aðalsök ber að dæma aðalstefnda til að greiða aðalstefnanda kr. 95.700 í málskostnað, þar með talinn söluskattur kr. 8.700.

Í gagnsök krefur aðalstefndi aðalstefnanda um greiðslur vegna skemmda á rúðu í vinnuskúr aðalstefnda.

Eins og að framan hefur verið rakið um tjónsatburðinn, verður að telja, að aðalstefnandi hafi með athæfi sínu bakað sér bótaábyrgð vegna skemmda á eignum aðalstefnda, og þar sem fjárhæð í gagnsök er óumdeild, ber að taka kröfur gagnstefnanda í gagnsök til greina að fullu, þó þannig, að vextir dæmast eins og greinir í dómsorði.

Þar sem ekki liggur fyrir, að krafa þessi hafi verið innheimt fyrr en með gagnstefnu í máli þessu, þykir rétt að taka tillit til þess við ákvörðun málskostnaðar, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 16.500, þar með talinn söluskattur, kr. 1.500.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Aðalstefndi, Steintak hf., Bíldshöfða 16, Reykjavík, greiði aðalstefnanda, Jóni M. Ívarssyni, Blikahólum 4, Reykjavík, kr. 402.754 ásamt 36% dráttarvöxtum á ári frá 1.7. 1987 til 1.8. 1987, en með 40,8% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1.9. 1987, en með 42% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1.10. 1987, en með 43,2% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1.11. 1987, en með 45,6% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1.12. 1987, en með 49,2% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1.1. 1988, en með 51,6% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til greiðsludags og kr. 95.700 í málskostnað.

Aðalstefnandi, Jón M. Ívarsson, greiði aðalstefnda, Steintaki hf., kr. 3.980 ásamt dráttarvöxtum skv. l. nr. 25/1987 frá 1. september 1987 til greiðsludags, og skulu dráttarvextir leggjast við höfuðstól skuldarinnar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. september 1988. Þá greiði aðalstefnandi, Jón M. Ívarsson, aðalstefnda, Steintaki hf., kr. 16.500 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 8. nóvember 1990.

Nr. 273/1988. **Aðalstöðin hf.**
(Eiríkur Tómasson hrl.)
gegn
Landeigendum Ytra-Njarðvíkurhverfis með Vatnsnesi
(Hákon Árnason hrl.).

Lóðarleiga. Mat. Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. september 1988. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum stefnda. Til vara krefst hann þess að verða aðeins dæmdur til að greiða 45.780,78 krónur ásamt dráttarvöxtum svo sem í héraðsdómi greinir, þó þannig, að dráttarvextir verði reiknaðir af 20.926,85 krónum frá 1. janúar 1987 til 1. janúar 1988, en af 45.780,78 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Til þrautavara krefst áfrýjandi þess að verða aðeins dæmdur til að greiða 66.693,77 krónur með dráttarvöxtum svo sem í héraðsdómi greinir, þó þannig, að dráttarvextir verði reiknaðir af 30.748,62 krónum frá 1. janúar 1987 til 1. janúar 1988, en af 66.693,77 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi krefst málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara, að málskostnaður verði látinn niður falla bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms auk málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Varakröfu sína miðar áfrýjandi við breytingar, sem orðið hafa á vísitölu framfærslukostnaðar á árunum 1953 til 1986 og 1987, en þrautavarakrafan er miðuð við breytingar, sem orðið hafa á vísitölu byggingarkostnaðar á sama tíma.

Ákvæði samningsins frá 22. nóvember 1953 um leigugjald fyrir lóðina nr. 86 við Hafnargötu í Keflavík, nú 33,83 krónur á ári, var orðið bersýnilega ósanngjarnt. Var stefnda heimilt að leita endurskoðunar á því með vísan til ákvæðis 36. gr. laga nr. 7/1936 um

samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sbr. 6. gr. laga nr. 11/1986 um breyting á þeim lögum, sem stefndi byggir kröfu sína á. Er ákvæði þetta svohljóðandi:

„Samningi má víkja til hliðar í heild eða að hluta, eða breyta, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig. Hið sama á við um aðra löggerninga.

Við mat skv. 1. mgr. skal líta til efnis samnings, stöðu samningsaðilja, atvika við samningsgerðina og atvika sem síðar komu til."

Í hinum áfrýjaða dómi er gerð grein fyrir mati hinna dómkvöddu matsmanna og atriðum þeim, sem fram koma í matsgerð þeirra um grundvöll matsins. Þá er í héraðsdómi greint frá því, sem fram kom í framburði matsmannanna, er þeir staðfestu matsgerð sína fyrir dómi, þ.e., að við matið hafi þeir ekki litið til þeirra samninga, sem gerðir voru um leigu á þeim lóðum, sem matið náði til, eða þeirra forsendna, sem samningarnir voru byggðir á. Matsgerðin er því ekki í samræmi við þær reglur um framkvæmd mats, sem framangreint lagaákvæði áskilur. Auk þess er sá galli á matinu, að þar koma ekki fram upplýsingar um leigugjald fyrir þær lóðir á Suðurnesjum, sem matsmenn höfðu til viðmiðunar. Með hliðsjón af þessu er ekki unnt að leggja umrædda matsgerð til grundvallar dómi í málinu.

Stefndi hefur ekki uppi varakröfu í málinu, en mótmælir því, að hækkun leigu fyrir lóðina ráðist af opinberum vísitölum, sem ætlað er að mæla breytingar á verðlagi í landinu.

Að svo vöxnu máli skortir lagaforsendur til þess, að fjallað verði efnislega um fjárkröfu stefnda. Verður því ekki hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum málsúrslitum þykir málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti eiga að falla niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Keflavíkur 9. júní 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. maí sl., höfðaði félagið Landeigendur Ytra-Njarðvíkurhverfis með Vatnsnesi, nnr. 5978-6857, Ytri-Njarðvík, gegn

Aðalstöðinni hf., nnr. 0078-9525, Hafnargötu 86, Keflavík, með þingfestingu málsins 27. janúar 1988.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 148.820 með [nánar tilgreindum vöxtum] auk málskostnaðar að skaðlausu.

Þá krefst stefnandi þess, að heimilað verði að færa höfuðstól skuldarinnar upp um áfallna dráttarvexti á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 1. janúar 1988.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði algjörlega sýknaður af kröfum stefnanda í málinu, en til vara, að kröfurnar verði lækkaðar.

Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Með úrskurði, sem kveðinn var upp í bæjarþingi Keflavíkur 3. mars 1988, vék hinn reglulegi héraðsdómari, Jón Eysteinsson bæjarfógeti, sæti í málinu með vísan til 7. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936.

Friðgeir Björnsson yfirborgardómari var skipaður setudómari í þessu máli með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 5. apríl 1988.

— — —

Niðurstaða dómsins.

Eigi verður á það fallist, að líta beri fram hjá matsgerð dómkvaddra matsmanna, sem stefnandi byggir m.a. kröfur sínar á í þessu máli, af þeim sökum, að stefnda hafi eigi verið tilkynnt um fyrirhugaða dómkvaðningu, eins og stefndi heldur fram. Ekki er upplýst, að af hálfu stefnda hafi verið hreyft nokkrum athugasemdum við dómkvaðninguna, er forsvarsmaður hans, að sögn lögmanns stefnda, mætti á fundi, sem matsmenn boðuðu til, með aðilum matsins, en gera verður ráð fyrir, að stefndi hafi þá eða með fundarboðinu fengið í síðasta lagi vitneskju um, að dómkvaðningin hefði farið fram. Ekki er annað upplýst en að athugasemdir stefnda um þetta atriði hafi fyrst komið fram í greinargerð hans í máli þessu. Vildi stefndi eigi una aðferðinni við dómkvaðninguna, bar honum að kæra hana til Hæstaréttar samkvæmt heimild í niðurlagsákvæði 21. gr. laga nr. 75/1973 innan þess tveggja vikna frests, sem tilskilinn er í 22. gr. sömu laga. Það gerði stefndi eigi, og hefur sú staðreynd, að stefndi var ekki boðaður til dómkvaðningarinnar, engar réttarverkanir í þessu máli.

Eins og að framan er rakið, sömdu aðilar þessa máls árið 1953 um leigu fyrir lóðina að Hafnarstræti 86, sem nemur nýjum kr. 33,83. Það er án alls vafa, að samkvæmt 1. mgr. 36. gr. samningalaganna er það ósanngjarnt af stefnda að bera nú samninginn fyrir sig að þessu leyti. Verður fallist á það með stefnanda, að hann geti samkvæmt framangreindri lagagrein krafist hærri leigu af stefnda.

Umkrafið leigugjald fyrir árið 1986, kr. 60.460, er byggt á niðurstöðum hina dómkvöddu matsmanna frá 17. desember 1985, en þeir voru dómkvaddir til þess að meta hæfilega leigu fyrir ákveðnar lóðir í Keflavík og Njarðvík, þ. á m. lóðina að Hafnargötu 86. Var í matsbeiðni vísað til 2. mgr. 2. gr. laga nr. 75/1917 um útmælingar lóða í kaupstöðum, löggiltum kauptúnum o.fl., sem í gildi var, þegar matið fór fram. Umkrafin leiga fyrir árið 1987, kr. 88.360, er fundin með sömu aðferð og matsmennirnir beittu, þ.e. að reikna hana 2% af gildandi fasteignamati.

Þegar leigusamningurinn var gerður, var lóðin mæld út úr ræktuðu túni, og ekki hefur tekist að upplýsa þrátt fyrir tilraunir í þá átt, hvort hún var þá metin til sérstaks fasteignaverðs eða hvenær það var fyrst gert.

Eins og að framan er rakið, öðlaðist stefndi samkvæmt leigusamningnum svo ríkan rétt yfir lóðinni, að jafna má til beins eignarréttar, þegar frá er talið, að hann má ekki selja eða veðsetja hluta af lóðinni, heldur aðeins lóðina í heild. Ekki er upplýst, með hvaða hætti leigufjárhæðin var fundin, nema vitnið Haukur Hersir Magnússon kveður forsvarsmenn stefnanda hafa sett upp ákveðið leigugjald, sem stefndi hafi gengið að. Ekkert er upplýst um það, hvort sýnilegar eða hugsanlegar breytingar á verðgildi íslenskrar krónu hafi haft áhrif á fjárhæð leigugjaldsins. Ekkert sérstakt er upplýst um stöðu samningsaðila, en ekki verður betur séð en hún hafi verið bærilega jöfn.

Þannig er fáu til að dreifa varðandi stöðu aðila eða atvik við samningsgerðina, sem hægt er að styðjast við, þegar meta skal, hver sanngjörn leiga sé fyrir lóðina að Hafnarstræti 86.

Þau atvik, er síðar komu til, eru mjög miklar breytingar á verðgildi íslenskrar krónu, og óumdeilt verður að telja, að lóðin að Hafnarstræti 86 hafi orðið verðmætari en í upphafi, bæði vegna þróunar í bæjarfélaginu og væntanlega einnig vegna framkvæmda stefnda. Matsmenn kváðust hafa metið lægri leigu vegna þess, að verðmæti lóðarinnar hefði ekki aukist fyrir tilstilli stefnanda. Eigi þykir unnt að fallast á þá málsástæðu stefnda, að hækkun á leigugjaldi fyrir lóðina eigi að miðast við framreikning á upphaflegu leigugjaldi eftir vísitölum. Þykir óhjákvæmilegt, eins og atvikum og upplýsingum í þessu máli er háttað, að miða hækkun á leigugjaldinu við niðurstöðu hinna dómkvöddu matsmanna, en mati þeirra hefur út af fyrir sig ekki verið hnekkt. Samkvæmt þessu ber að taka kröfur stefnanda til greina.

Málskostnaður, sem stefndi greiði stefnanda, þykir hæfilega ákveðinn kr. 50.000.

Friðgeir Björnsson setudómari kvað upp þennan dóm.

Dómsorð:

Stefndi, Aðalstöðin hf., greiði stefnanda, Landeigendum Ytri-Njarðvíkurhverfis með Vatnsnesi, kr. 148.820 með [nánar tilgreindum vöxtum] og kr. 50.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Stefnanda er heimilt að bæta árlega áföllnum dráttarvöxtum við höfuðstól dómkröfunnar, í fyrsta sinn 1. janúar 1988.

Fimmtudaginn 8. nóvember 1990.

Nr. 82/1990. **Skúli Jónsson**
(Kristinn Sigurjónsson hrl.)
gegn
Brynhildi Jensdóttur
(Guðmundur Pétursson hrl.)
og gagnsök.

Óvígð sambúð. Skipti. Úthlutunargerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Aðaláfrýjandi skaut hinum áfrýjaða úrskurði til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 2. mars 1990. Dómkröfur aðaláfrýjanda eru þær, að gagnáfrýjanda verði aðallega gert að greiða dráttarvexti af 150.134 krónum frá 1. mars 1987 til greiðsludags, en til vara af 96.130,80 krónum frá sama tíma og til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 19. mars 1990. Hún krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Í skiptarétti Kópavogs mótmælti aðaláfrýjandi frumvarpi skiptaráðanda að úthlutunargerð í heild sem röngu. Hann gerði þar þá aðalkröfu að fá sinn hluta af 1.250.000 krónum verðbættan og með vöxtum frá 1. mars 1987. Þá fjárhæð hafði gagnáfrýjandi móttekið á árinu 1986, en aðaláfrýjandi taldi, að gagnáfrýjandi hefði tekið peningafjárhæð þessa ólöglega í sína vörslu. Varakrafa aðaláfrýjanda var miðuð við þá fjárhæð, sem honum var ætluð í frumvarpi skiptaráðanda að úthlutunargerð, þ.e. 150.134 krónur. Krafðist hann þess, að við þá fjárhæð bættust verðbætur samkvæmt lánskjaravísitölu frá 1. mars 1987 og 5% ársvextir. Loks gerði aðaláfrýjandi þá þrautavarakröfu, að dráttarvextir yrðu reiknaðir af 150.134 krónum frá 1. mars 1987 til greiðsludags. Skiptaráðandi hafnaði kröfum þessum.

Hér fyrir dómi hefur aðaláfrýjandi fallið frá kröfum, sem svara

til aðalkröfu og varakröfu í héraði, en haldið fast við þrautavarakröfu, sem hann gerir nú að aðalkröfu sinni.

Eins og kröfugerð áfrýjanda er háttað, þykja ekki vera lagaforsendur til þess að taka til greina kröfur hans um dráttarvexti af fyrrgreindum fjárhæðum. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Kópavogs 16. febrúar 1990.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi þann 12. febrúar sl., var þingfest hér fyrir réttinum þann 9. febrúar sl., er sóknaraðili lagði fram greinargerð og krafðist úrskurðar skiptaréttarins varðandi fyrirhugaða úthlutun úr búi málsaðila.

Kröfur.

Sóknaraðili gerir þær kröfur, að honum verði greiddur hlutur hans af þeim kr. 1.250.000, sem búið var að greiða 1. mars 1987, en sóknaraðili kveður varnaraðila hafa tekið þessa fjármuni í sína vörslu ólöglega. Við munnlegan flutning málsins kom fram, að lögmaður sóknaraðila telur hlut hans af þessari fjárhæð vera 38% hennar. Þá gerir sóknaraðili þá kröfu, að á fjárhæðina verði greidd lánskjaravísitöluuppbót frá 1. mars 1987, 173,85%, þannig að krafan sé þá 1.200.787. Þá gerir sóknaraðili einnig kröfu um, að á þessa fjárhæð verði greiddir 5% ársvextir frá 1. mars 1987, kr. 175.115. Alls nemi því krafa þessi kr. 1.375.902.

Sóknaraðili gerir þá varakröfu, að við þá fjárhæð, sem honum var ætluð við fyrirhugaða úthlutun, kr. 150.134, verði bætt lánskjaravísitölu miðað við 1. mars 1987, kr. 210.007, og 5% ársvöxtum frá sama tíma, alls kr. 397.792.

Til þrautavara gerir sóknaraðili þá kröfu, að dráttarvextir reiknist á kr. 150.134 frá 1. mars 1987 til greiðsludags. Þá gerir sóknaraðili kröfu um málskostnað að mati réttarins.

Varnaraðili gerir þá kröfu, að söluandvirði fasteignarinnar að Tunguheiði 6 í Kópavogi verði skipt milli málsaðila á grundvelli dóms Hæstaréttar í málinu nr. 360/1987, dags. 12.5.1989.

Varnaraðili kveðst sætta sig við úthlutun á grundvelli frumvarps á dskj. nr. 19.

Varnaraðili gerir kröfu um málskostnað að mati réttarins úr hendi sóknaraðila og vísar í því sambandi til 177. gr. og 182. gr. eml.

Málavextir.

Málsaðilar áttu saman fasteignina að Tunguheiði 6 í Kópavogi, en seldu hana með kaupsamningi, dags. 5. maí 1986. Deildu aðilar um það, í hvaða hlutföllum söluverðið skyldi skiptast milli þeirra, og um það, hvort þeirra bæri ábyrgð á áhvílandi skuldum. Sumar þeirra yfirtóku kaupendur, en seljendur tóku að sér að létta öðrum af eigninni. Var úr þessum deilumálum ekki skorið fyrr en með dómi Hæstaréttar 12. maí 1989, en dómsorð hans hljóðar svo:

„Við skipti á búi áfrýjanda, Brynhildar Jensdóttur, og stefnda, Skúla Jónssonar, vegna sambúðarslita þeirra skal reikna henni 62 hundraðshluta og honum 38 hundraðshluta í eigninni að Tunguheiði 6 í Kópavogi. Til skulda stefnda teljast lán frá Lífeyrissjóði verkstjóra, upphaflega samtals 99.000,00 krónur, og lán frá Byggingarsjóði ríkisins, upphaflega að fjárhæð 65.000,00 krónur, og beri hann ábyrgð á eftirstöðvum þeirra lána. Lán frá Byggingarsjóði ríkisins, upphaflega að fjárhæð 33.000,00 krónur, skal vera á ábyrgð þeirra að jöfnu.

Hvor aðili skal bera sinn kostnað af málinu."

Var málið að þessum úrslitum fengnum tekið til meðferðar í skiptarétti Kópavogs á ný, og skyldi söluandvirði eignarinnar nú skipt með málsaðilum.

Söluandvirðið reyndist þá að nokkru leyti ógreitt, því að vegna vanefnda seljenda á því að létta af eigninni láni frá Lífeyrissjóði verkstjóra höfðu kaupendur stöðvað greiðslur umsamins kaupverðs, eftir að hafa greitt kr. 1.250.000 af útborgun, auk þess að hafa yfirtekið lán frá Byggingarsjóði ríkisins, að fjárhæð kr. 304.503,88, samtals kr. 1.554.503,88, en umsamið verð var kr. 2.575.000.

Um síðir náðust sættir með kaupendum og seljendum um uppgjör vegna kaupanna, m.a. með yfirtöku kaupenda að fyrrnefndu lífeyrissjóðsláni, en af því höfðu þau borið kostnað frá árinu 1987, og var til þess tekið tillit við uppgjör.

Er skemmst frá því að segja, að greiðslur kaupenda samkvæmt samkomulaginu, sem voru teknar í vörslur skiptaréttarins, voru kr. 212.832 í reiðufé og tvö skuldabréf, sem gefin voru út af kaupendum til handhafa þann 17. nóvember 1989, að fjárhæð kr. 331.562 hvort bréf. Bréfunum var þinglýst, og var kostnaður vegna þess tekinn af eign búsins, kr. 10.520. Bréfin eru nú til innheimtu í Sparisjóði Kópavogs, og eru kaupendur þegar farnir að greiða af þeim.

Að margreyndum sáttatilraunum með málsaðilum um skiptingu þess, sem til er í búinu, milli þeirra var þann 24. janúar sl. lagt fram frumvarp að úthlutunargerð í búinu.

Eins og fyrr segir, sætti sóknaraðili sig ekki við þá skiptingu eigna, sem frumvarpið gerði ráð fyrir, mótmælti því í heild sinni og gerði ofanritaðar kröfur.

Frumvarp það, sem frammi liggur, dskj. nr. 19, byggist á því, að andvirði hins upphaflega kaupsámnings er skipt milli aðila, svo sem dómur Hæstaréttar mælir fyrir um. Frá hluta hvors aðila er svo dregið það, sem þau hafa notið, eftir því sem kaupsamningurinn varð efndur. Sóknaraðila bar 59% þess, sem ógreitt var, en varnaraðila 41%.

Við uppgjör við kaupendur á árinu 1989 varð samkomulag með öllum aðilum um, að kaupendur ættu ógreitt að núvirði kr. 1.736.250 eða að frádregnu gjaldi vegna þinglýsingar og skiptagjaldi í ríkissjóð kr. 1.712.590. Af þeirri fjárhæð bar sóknaraðila 59%, kr. 1.010.428, en varnaraðila 41%, kr. 702.162. Framangreind fjárhæð var þó ekki greidd, vegna þess að samkomulag var um það að draga frá henni þann kostnað, sem kaupendur höfðu af vanskilum og að lokum yfirtöku lánsins frá Lífeyrissjóði verkstjóra, samtals kr. 860.294, þannig að í búinu eru nú til skipta kr. 852.296. Þar sem lífeyrissjóðslánið var á ábyrgð sóknaraðila, þykir eðlilegt að draga lækkun endanlegrar greiðslu kaupenda vegna þess eingöngu frá hans hluta eftirstöðvanna.

Samkvæmt frumvarpinu skiptast fjármunir búsins því þannig á milli aðila, að varnaraðila beri kr. 702.162, en sóknaraðila kr. 150.134 í reiðufé.

Niðurstöður.

Kröfur sóknaraðila byggjast á því, að 38% þess hluta, sem greiddur var af útborgun samkvæmt kaupsamningnum, hafi verið eign hans, og beri varnaraðila, sem tók við þessum fjármunum, að skila honum hans hluta, verðtryggðum og með vöxtum. Á þessa skoðun sóknaraðila verður ekki fallist, enda bar varnaraðila 62% kaupverðsins, og fjármunir þeir, sem hún móttók, fóru ekki fram úr því marki. Það, að kaupsamningurinn varð ekki efndur samkvæmt efni sínu, verður að teljast á ábyrgð sóknaraðila. Aðalkröfu sóknaraðila er því hafnað.

Varakröfu sóknaraðila er einnig hafnað, þar sem skuld kaupenda við seljendur var reiknuð til núvirðis við uppgjör miðað við nóvember 1989, og er fjárhæðin, sem sóknaraðila er ætluð í frumvarpinu, miðuð við það uppgjör.

Þrautavarakröfu sóknaraðila er hafnað á sömu forsendum.

Sóknaraðili skal sjálfur bera sinn kostnað af málinu.

Krafa varnaraðila um úthlutun á grundvelli dóms Hæstaréttar er tekin til greina.

Krafa varnaraðila um málskostnað úr hendi sóknaraðila er tekin til greina og ákveðst kr. 55.000.

Síðastgreint úrskurðaratriði sé aðfararhæft.

Rétt þykir, að úthlutun fari fram í samræmi við frumvarp að úthlutunargerð, sem fram var lagt þann 24. janúar sl., og eignum búsins verði skipt þannig á milli aðila, að sóknaraðili fái kr. 150.134 í reiðufé, en varnaraðili fái kr. 702.162 í skuldabréfum og reiðufé.

Úrskurð þennan kvað upp Kristrún Kristinsdóttir fulltrúi.

Úrskurðarorð:

Úthlutun úr búi Brynhildar Jensdóttur og Skúla Jónssonar verði þannig, að Skúli Jónsson fái í sinn hlut kr. 150.134 í reiðufé, en Brynhildur Jensdóttir fái kr. 702.162 í sinn hlut, að hluta í reiðufé og að hluta í skuldabréfum.

Sóknaraðili, Skúli Jónsson, greiði varnaraðila kr. 55.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 9. nóvember 1990.

Nr. 114/1990. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Stefáni Brynjari Óskarssyni
(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.).

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. febrúar 1990 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar refsingar.

Refsingu ákærða ber að ákveða með hliðsjón af 255. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 auk þeirra greina, sem í héraðsdómi eru nefndar. Með þessari athugasemd ber með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms að staðfesta hann.

Það athugast, að rétt var að taka í sakadómi skýrslu af Bergþóri Elí Sveinssyni.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Stefán Brynjar Óskarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jónasar A. Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 2. febrúar 1990.

Ár 1990, föstudaginn 2. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 61-63/1990: Ákæruvaldið gegn X, Y og Stefáni Brynjari Óskarssyni, sem tekið var til dóms 30. f.m.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 23. október sl., á hendur ákærðu, ,,X,..., Y,..., og Stefáni Brynjari Óskarssyni, Suðurhólum 18, kennitala 18.09.67-3709, öllum til heimilis í Reykjavík, fyrir eftirgreinda þjófnaði á árinu 1989:

I.

Ákærðu er öllum gefið að sök að hafa aðfaranótt föstudagsins 30. júní brotist í félagi inn í Grillskálann á Hellu og stolið þar og (sic) um 125.000 krónum í tékkum og reiðufé og áfengisflösku.

— — —

Telst ofangreind háttsemi ákærðu varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og háttsemi ákærða X samkvæmt ákærulið II.3 jafnframt, sbr. 20. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

I.

Aðfaranótt föstudagsins 30. júní sl. var brotist inn í Grillskálann á Hellu og stolið um 125.000 krónum í tékkum og reiðufé og áfengisflösku. Höfðu horfið úr peningakassa á skrifstofu kr. 35.200 í peningaseðlum, kr. 7.500 í 50 kr. mynt, kr. 8.000 í 10 kr. mynt og kr. 300 í 5 kr. mynt. Tveir peningakassar voru í afgreiðslu, og hafði verið stolið úr öðrum þeirra um 4.000 - 5.000 kr. í skiptimynt og hinum kr. 56.695 í mynt, ávísunum og greiðslukortanótum og kr. 14.000, sem áttu að vera þar í skiptimynt.

Ákærði X hefur við rannsókn og meðferð málsins skýlaust játað að hafa verið þarna að verki ásamt meðákærðu. Hefur ákærði skýrt svo frá, að hann hafi ætlað að fara með ákærða Stefáni Brynjari til Amsterdam, og hafi þeir ætlað að fara eitthvað út á land í innbrot til að afla fjár fyrir ferðinni. Hafi ákærði Y síðan allt í einu slegist í hópinn. Hafi þeir allir farið austur fyrir fjall, en ekkert verið búið að ákveða, hvert ferðinni væri heitið. Kveðst ákærði hafa stungið upp á því að brjótast inn í Esso-skálann í Hveragerði, þar sem hann þekkti til þar, en hinir ekki viljað það og þeir haldið áfram austur á Hellu og komið þangað um k. 2.00. Hafi ákærði og Stefán Brynjar brotist saman inn í Grillskálann þar, en Y beðið í bifreið ákærðu á meðan. Kveðst ákærði hafa spennt upp aðaldyrnar með járni, sem hafi verið í bifreiðinni. Hafi þeir stolið þarna peningum og ávísunum úr afgreiðslukössum, 6 bjórum og einni flösku af áfengi. Eftir þetta hafi þeir farið til Reykjavíkur og Stefán Brynjar ekið bifreiðinni. Hafi þeir farið beint í Jórufell, þar sem Stefán Brynjar hafi greitt strák kr. 4.000 skuld

með skiptimynt. Þaðan hafi ákærðu haldið til Keflavíkurflugvallar, þar sem þeir hafi keypt sér farseðla til Amsterdam fyrir peningana, sem þeir höfðu stolið í Grillskálanum. Að svo búnu hafi ákærði keypt sér gjaldeyri og haldið ásamt meðákærðu til Amsterdam.

Ákærði Y hefur einnig við rannsókn og dómsmeðferð málsins afdráttarlaust játað að hafa verið þarna að verki ásamt meðákærðu. Kveður ákærði, að ákærðu hafi allir ákveðið að fara greint sinn austur fyrir fjall í innbrot, og kveðst ákærði hafa ekið þangað bifreið af gerðinni Daihatsu, sem ákærði Stefán Brynjar hafi sagst eiga. Áður en haldið hafi verið af stað, kveður ákærði, að komið hafi verið við í skemmu, þar sem vinnuveitandi Stefáns Brynjars hafi aðstöðu, og þar hafi Stefán Brynjar tekið verkfæri, m.a. felgujárn, rörtöng, hamar og meitil. Hafi síðan verið ekið á Hellu og þar ákveðið að brjótast inn í Grillskálann. Hafi X og Stefán Brynjar farið þar inn um kl. 1.55 um nóttina og komið til baka eftir um 15 - 20 mínútur með þýfið, um 125.000 krónur í tékkum og reiðufé og áfengisflösku. Hafi ákærðu skipt peningunum á leiðinni til Reykjavíkur og ákærði fengið um kr. 30.000 í seðlum og kr. 1.050 í mynt og X og Stefán Brynjar sagt, að þetta væri jöfn skipting. Í Reykjavík hafi Stefán Brynjar greitt einhverjum Bergþóri skuld með skiptimynt úr innbrotinu á Hellu. Að svo búnu hafi ákærðu haldið út á Keflavíkurflugvöll. Þar hafi ákærði keypt sér gjaldeyri og ákærðu haldið við svo búið til Amsterdam.

Ákærði Stefán Brynjar Óskarsson hefur bæði við rannsókn og meðferð málsins neitað sök í máli þessu, en kannast við að hafa farið ásamt meðákærðu til Amsterdam að morgni 30. júní sl.

Bergþór Elí Sveinsson, fæddur 7. janúar 1971, hefur greint frá því, að ákærðu hafi komið til sín aðfaranótt 30. júní sl. milli kl. 3.00 og 4.00. Þar hafi Stefán Brynjar greitt sér skuld, að fjárhæð kr. 4.000, með smámynt. Um kl. 5.00 hafi hann farið ásamt ákærðu og öðrum strák til Keflavíkurflugvallar í bifreið af tegundinni Daihatsu Charmant, sem Stefán Brynjar eigi, og hafi bifreiðinni verið lagt fyrir framan flugstöðina þar. Vísaði Bergþór Elí rannsóknarlögreglu ríkisins á umrædda bifreið hinn 1. júlí sl., þar sem hún stóð á bifreiðastæði fyrir utan Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli.

Þá liggur frammi í málinu ljósrit af gjaldeyrisumsókn ákærða Stefáns Brynjars, dagsett 30. júní 1989, fyrir 475 hollenskum gyllinum. Hefur ákærði kannast við að hafa sótt um gjaldeyri þennan og fengið greint sinn.

Niðurstöður.

Sannað er með skýlausum játningum ákærðu X og Y, sem eru í samræmi við annað það, sem fram er komið í málinu, að þeir hafa gerst sekir um háttsemi þá, sem þeim er gefin að sök í ákæru.

Þá er sannað með framburði ákærðu X og Y, sem studdur er öðrum gögnum málsins, að ákærði Stefán Brynjar Óskarsson hefur gerst sekur um það atferli, sem honum er gefið að sök í ákæru.

Varðar háttsemi ákærðu við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

— — —

Ákærði Stefán Brynjar hefur 7 sinnum sæst á sektargreiðslu í dómi vegna umferðarlagabrota, fíkniefnabrota og brots gegn lögum um lax- og silungsveiði. Þá hefur hann sætt eftirtöldum refsidómum:

1986 9/9 Dómur: Fangelsi 2 mán., skb. 3 ár, 10.000 kr. sekt f. brot g. 244. gr. alm. hgl.
1986 26/9 Dómur: 2.000 kr. sekt f. brot g. 1.mgr. 37. gr. umfl.
1988 21/9 Dómur: Fangelsi 3 mán. f. brot g. 244. gr. alm. hgl. Dómur frá 9.9. '86 dæmdur með.
1989 18/7 Dómur: Fangelsi 2 mán., hegningarauki, f. brot g. 244. gr. alm. hgl.

Refsingar.

Ákærðu hafa unnið sér til refsingar samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga.

— — —

Brot það, sem ákærði Stefán Brynjar er sakfelldur fyrir í máli þessu, er ítrekun við dóminn frá 21. september 1988, sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga, en hegningarauki við dóminn frá 18. júlí 1989, sbr. 78. gr. sömu laga. Með hliðsjón af framansögðu þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuði.

— — —

Dæma ber ákærða X til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 35.000, og ákærða Stefán Brynjar til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigmundar Hannessonar héraðsdómslögmanns, sem teljast hæfileg kr. 30.000, en annan sakarkostnað greiði ákærði X að 1/6 hluta, en ákærðu allir óskipt að 5/6 hlutum.

Dómsorð:

Ákærði X sæti fangelsi 4 mánuði.
Ákærði Y sæti fangelsi 10 mánuði.

Ákærði Stefán Brynjar Óskarsson sæti fangelsi 4 mánuði.

Fresta skal fullnustu refsingar ákærða X og 7 mánaða af refsingu ákærða Y, og skulu refsingarnar niður falla að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærðu hvor um sig almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærði X greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur, og ákærði Stefán Brynjar greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigmundar Hannessonar héraðsdómslögmanns, 30.000 krónur. Annan sakarkostnað greiði ákærði X að 1/6 hluta, en ákærðu allir óskipt að 5/6 hlutum.

Miðvikudaginn 14. nóvember 1990.

Nr. 154/1990. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Jóni Karli Kristjánssyni
(Jón Oddsson hrl.).

Líkamsárás.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. mars 1990 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar á refsingu.

Verjandi krefst þess aðallega, að ákærði verði sýknaður, en til vara, að honum verði einvörðungu gerð vægasta refsing, er lög leyfa, og að refsing verði þá skilorðsbundin.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar eins og nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Jón Karl Kristjánsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 15. mars 1990.

Ár 1990, fimmtudaginn 15. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 154/1990: Ákæruvaldið gegn Jóni Karli Kristjánssyni, sem tekið var til dóms þann 27. febrúar sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 27. júní sl., á hendur ákærða, „Jóni Karli Kristjánssyni, Fjarðarseli 6, Reykjavík,

kennitala 23.09.48-7399, fyrir líkamsárás með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 15. janúar 1989 í íbúð að Njarðarholti 2, Mosfellsbæ, veist að Elíasi Guðvarðarsyni, fæddum 18. maí 1950, þar sem Elías lá í rúmi í íbúðinni, þrifið í vinstri handlegg hans og kastað honum í vegg og svipt honum síðan til nokkrum sinnum í þeim tökum með þeim afleiðingum, að Elías hlaut liðhlaup á ytri enda vinstra viðbeins og slit á liðböndum í vinstri axlarlið.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir eru þessir:

Þann 24. janúar 1989 sneri Elías Guðvarðarson, kt. 18.05.50-2169, sér til RLR í þeim tilgangi að kæra líkamsárás, er hann kvaðst hafa orðið fyrir sunnudaginn 15. janúar sama ár að Njarðarholti 2, Mosfellsbæ, af hálfu ákærða. Skýrði kærandi svo frá fyrir dómi þann 9. janúar sl., að hann hefði farið ásamt tveimur stúlkum á heimili Þórhalls Kárasonar í Mosfellsbæ. Hefði ákærði skömmu síðar komið á vettvang undir áhrifum áfengis og heimtað, að gestirnir yrðu reknir út. Kvað kærandi, að önnur stúlkan hefði verið orðin ölvuð, og hefði hún farið inn í rúm. Kvað kærandi, að ráðgert hefði verið að fara á dansleik, og kvaðst hann hafa farið inn í herbergi til stúlkunnar til þess að athuga, hvort hún vildi ekki koma með. Kvaðst kærandi hafa sest á rúmið og legið fram á vinstri handlegg og rætt við stúlkuna. Kvaðst hann hafa legið ofan á sænginni. Að sögn kæranda kallaði ákærði inn í herbergið, og sagði hann kæranda að láta stúlkuna í friði. Kvaðst kærandi engu hafa svarað, og hefði ákærði þá komið inn og það engum togum skipt, að ákærði hefði gripið með báðum höndum í vinstri handlegg kæranda og sveiflað honum þannig, að fætur hans lentu á veggnum. Kvað kærandi Þórhall hafa komið inn og stöðvað ákærða. Þá hafi Súsanna einnig komið inn í herbergið. Kærandi kvað ákærða eftir þetta hafa hamast á handlegg hans og sagt, að ekkert væri að honum. Kvaðst kærandi síðan hafa farið af staðnum ásamt ákærða og Þórhalli.

Kærandi kvaðst hafa verið frá vinnu í 9 mánuði eftir þetta, þó ekki samfellt, og kvaðst kærandi hafa unnið í júlí, en þá hafa orðið að hætta. Kvaðst kærandi aka greiðabíl, en ekki geta stundað erfiðisvinnu. Kærandi hafði í hyggju að höfða einkamál til greiðslu skaðabóta á hendur ákærða.

Kærandi leitaði samdægurs til slysadeildar Borgarspítalans, en þaðan var hann fluttur á Landakotsspítala. Vottorð Höskulds Baldurssonar læknis, sérfræðings í bæklunarlækningum, dagsett 18/3 1989, er svohljóðandi:

„Sjúkl. var lagður inn á Landakotsspítala akút af læknum slysadeildar Borgarspítalans þ. 15.1.'89. Í sjúkrasögu kemur fram að sjúkl. hafi kvöldið

fyrir innlögn verið staddur í samkvæmi, undir áhrifum áfengis, og lent þar í stimpingum við kunningja sinn. Sjúkl. segir að kunninginn hafi ráðizt á sig og kastað sér með miklu offorsi utan í vegg. Í sjúkraskýrslunni segir að sjúkl. muni lítið eftir það, en þegar hann vaknaði að morgni, var hann mjög aumur í vinstri öxl, bólginn og með mikla verki. Leitaði þá til slysadeildar þar sem fyrsta skoðun og myndataka fór fram, en sjúkl. var síðan lagður á Landakotsspítala til frekari meðferðar.

Í heilsufarssögu kemur fram að sjúkl. hafi almennt verið hraustur en það er saga um mikla áfengis- og lyfjanotkun og mun sjúkl. hafa verið í meðferð vegna þessa.

Skoðun við komu á Landakotsspítala leiðir ekki í ljós nein áverkamerki annars staðar en um vinstri öxl. Skoðun á öxlinni leiðir í ljós greinilegt liðhlaup í acromioclavicular-lið ofan á vi. öxl. Sjúkl. getur nánast ekkert hreyft í öxlinni vegna sársauka og hann er hvellaumur við þreifingu yfir liðbilinu og bólginn þar um. Rtg-myndir sem teknar voru á slysadeild sýna að ytri endinn á viðbeininu er genginn upp og úr acromial-liðnum. Sé mæld fjarlægðin frá processus coracoideus og upp að neðri flöt viðbeins, mælist hæ.megin 8 mm en vi.megin 16-17 mm, bæði á liggjandi myndum og myndum með þungaálagi. Það er þannig greinilegt að sjúkl. er með 3. stigs liðhlaup í acromioclavicular-lið með sliti á trapezium og conoid ligamentum.

Sjúkl. er tekinn til aðgerðar þ. 16.1.'89. Í svæfingu er acromioclavicular-liðurinn færður í réttar skorður og þetta fest með skrúfu sem gengur úr viðbeini niður í precessus coracoideus scapulae. Sjúkl. er síðan settur í „collar and cuff"-umbúðir.

Sjúkl. var töluvert slæmur af verkjum eftir aðgerðina og þar sem hann býr einn var hann nokkuð lengur á spítalanum en almennt gerist eftir þessar aðgerðir, en þ. 23.1.'89 útskrifast sjúkl. heim.

Sjúkl. kemur til saumatöku þ. 30.1.'89 en þá eru tvær vikur liðnar frá aðgerð. Saumar eru þá teknir úr skurði og er skurður vel gróinn, ekkert er að sjá athugavert við ac-liðinn en sjúkl. er verulega aumur og kvartar mikið um verki. Ákveðið er að hann haldi áfram að hafa hendina (sic) í „collar and cuff"-umbúðum, en hann er hvattur til að æfa og hreyfa í axlarlið eins mikið og umbúðir leyfa. Hann fær leiðbeiningar um æfingar sem hann á að gera heima.

Sjúkl. kemur til ambulant-aðgerðar þ. 27.2.'89, en þá hefur verið ákveðið að fjarlægja skrúfu þá sem heldur viðbeininu niðri. Sjúkl. hefur haldið áfram að hafa slæma verki og óþægindi frá öxlinni, mest segir sjúkl. óþægindin vera á nóttunni en miklu minni óþægindi að deginum þegar hann sitji uppi eða sé á hreyfingu. Rtg-myndir sem voru nýteknar sýna að skrúfa lá óbreytt, það var spurning hvort ytri endi viðbeins hefði aðeins hreyfzt til gagnvart acromion, en það var talið að liðbönd væru nú gróin auk þess

sem maður sá töluverða kalkmyndun í liðböndum milli viðbeins og processus coracoidei, þannig að talið var að ekki væri þörf á skrúfunni lengur. Hún var því fjarlægð í staðdeyfingu þennan dag. Jafnframt var haft samband við sjúkraþjálfara í Hafnarfirði þar sem sjúkl. dvelur núna og voru lögð drög að því að sjúkl. færi þangað og hæfi sjúkraþjálfun til þess að ná upp krafti og hreyfiferli í vi. axlarlið. Sjúkl. mun nú vera í þessari meðferð.

Álit: Sjúklingur fær acromioclavicular luxatio, þ.e. liðhlaup á ytri enda viðbeins þannig að viðbeinsendinn gengur upp á við og liðbönd slitna. Þetta er fært í réttar skorður, fest með skrúfu. Skrúfa hefur nú verið fjarlægð og sjúkl. hefur hafið sjúkraþjálfunarmeðferð til að ná upp afli í axlarvöðva og ná upp hreyfiferli í axlarlið. Búast má við að það taki sjúkl. þó nokkrar vikur að ná upp þeim styrk í öxlinni og þeirri hreyfingu sem nægir til að hann geti unnið störf sín, en sjúkl. starfar sem sendibifreiðarstjóri og þarf því að geta borið og lyft með höndunum. Maður gerir sér vonir um að þegar sjúkraþjálfunarmeðferð lýkur, verði sjúkl. jafngóður og einkennalaus frá öxlinni, en því er ekki að leyna að stundum kemur það fyrir að sjúklingar hafa áframhaldandi verki frá acromioclavicular-liðnum, og ef svo færi, væri hugsanlegt að gera þyrfti aðra aðgerð á lið þessum til að sjúkl. yrði óþægindalaus. Hvort til slíks kemur er ómögulegt að segja á þessu stigi málsins.“

Ákærði skýrði svo frá fyrir dómi þann 5. febrúar sl., að hann hefði komið á vettvang um kl. 22.30, og kvaðst hann hafa verið undir litlum áfengisáhrifum. Hafi þarna verið fyrir Þórhallur Kárason, sem ekki var undir miklum áfengisáhrifum, Elías, Súsanna og Jóhanna, og voru stúlkurnar dauðadrukknar að sögn ákærða og Elli mikið ölvaður. Kvaðst ákærði kannast við Ella og talað (sic) við hann. Kvaðst ákærði hafa farið í sturtu og síðan farið fram. Að sögn ákærða fór yngri stúlkan inn í svefnherbergið u.þ.b. einni klst. eftir, að ákærði kom á staðinn. Eftir smástund hafi Elli farið inn á svefnherbergisganginn. Kvaðst ákærði hafa ætlað á salernið, og á leið þangað kvaðst hann hafa séð inn í herbergið, og var Elli þá kominn upp í rúm hjá stúlkunni. Að sögn ákærða var Elli kominn undir sæng, en stúlkan hafi snúið frá honum. Kvaðst ákærði hafa kallað á Ella, sem hafi beðið ákærða að skipta sér ekki af þessu. Kvað ákærði Ella hafa staðið upp, og kvaðst ákærði hafa snúið sér við og farið fram. Kvaðst ákærði hafa heyrt skruðninga og séð Ella á fjórum fótum á gólfinu. Ákærði kvaðst ekki vita ástæðu þess, að Elli datt. Kvað ákærði Þórhall hafa komið inn ganginn um þetta leyti, en Súsanna hafi verið steinsofandi inni í stofu, þegar ákærði kom þangað. Ákærði neitaði því, að áverkar á Ella væru af sínum völdum. Þá neitaði ákærði að hafa togað í handlegg Ella inni í stofu, en kvað Ella hafa kvartað um meiðsli í öxl. Hafi þeir þrír tekið leigubifreið

saman og þeir Þórhallur farið í Hollywood, en Elli sennilega farið heim til sín. Ákærði kvað Ella hafa hringt heim til sín daginn eftir þetta, og varð sonur ákærða fyrir svörum. Hafi Elli borið á ákærða, að hann hafi meitt sig. Ákærði taldi mikil tengsl milli vitna í máli þessu, og kvað hann þau hafa sammælst um framburð sinn gegn ákærða. Kvaðst ákærði vera kunningi Þórhalls, og hefðu þeir kynnst í Danmörku.

Vitnið Jóhanna Guðmundsdóttir, kt. 200770-5959, kom fyrir dóm þann 9. janúar sl. Kvaðst vitnið hafa verið undir áhrifum áfengis og hafa farið inn í herbergi og kvaðst hafa verið búin að vera þar dálitla stund, er Elías kom inn. Hafi hann setið á rúmstokknum og spurt vitnið, hvort það ætlaði með á dansleik. Kvað vitnið ákærða hafa komið inn, og hafi hann þrifið í Elías um axlir, að því er vitninu fannst, og slengt honum utan í skáp. Kvaðst vitnið hafa grúft sig niður og ekki fylgst með því, sem gerðist eftir það. Vitnið kvað hafa verið dimmt þarna inni og ítrekaði, að það hefði séð ákærða rífa í Elías, og kvað vitnið þetta hafa rifjast betur upp fyrir sér eftir skýrslutöku hjá RLR, en þar skýrði vitnið svo frá þann 7. mars sl., að það hefði ekki séð ákærða rífa Elías upp, en fundið það. Fyrir dómi kvaðst vitnið hafa heyrt fleiri dynki, eftir að það grúfði sig niður, og fannst vitninu það vera ákærði að tukta Elías til. Vitnið kvaðst hafa farið inn í stofu eftir þetta, en mundi ekki, hvort karlmennirnir voru farnir. Ítrekað (sic) aðspurt kvaðst vitnið aðeins hafa séð ákærða rífa í Elías, en þá kvaðst vitnið hafa grúft sig niður og því ekki séð framhaldið. Að sögn vitnisins var á þessum tíma kunningsskapur milli vitnisins og Súsönnu, en vitnið kvaðst hafa kannast við Elías.

Vitnið Þórhallur Kárason, kt. 200652-3399, kom fyrir dóm sama dag. Kvaðst vitnið vera kunningi ákærða. Hafi Súsanna, Jóhanna og Elías komið í heimsókn til vitnisins, og hafi klukkan þá verið um 21.00. Um kl. 23.00 hafi ákærði komið, og var hann ekki áberandi ölvaður, en eitthvað undir áhrifum áfengis. Um kl. 23.30 hafi Jóhanna farið inn í herbergi, og u.þ.b. 10 mínútum síðar hafi Elías farið á eftir henni. Skömmu síðar hafi ákærði farið inn á salerni, að því er vitnið taldi, og eftir það kvaðst vitnið hafa heyrt rifrildi milli ákærða og Elíasar. Kvaðst vitnið hafa farið fram að athuga þetta, og kvaðst vitnið þá hafa séð ákærða og Elías, þar sem þeir stóðu fyrir framan herbergisdyrnar og rifust. Vitnið kvaðst engin átök hafa séð milli þeirra. Hafi þeir síðan sest inn í stofu, setið saman í sófa og þrátt að eitthvað. Vitnið varð ekki vart við, að ákærði togaði í handlegg Elíasar, meðan þeir sátu í sófanum. Vitnið kvað Elías ekki hafa kvartað um meiðsli, og hafi þeir þrír farið saman í leigubifreið á dansleik, en Elías hafi hins vegar haldið áfram með leigubifreiðinni. Vitnið kvað Súsönnu ekki hafa farið inn á gang, er vitnið fór að athuga með ákærða og Elías.

Vitnið Súsanna Regína Gunnarsdóttir, kt. 300354-5139, kom fyrir dóm

þann 24. janúar sl. Kvað vitnið, að sér hefði verið boðið ásamt Jóhönnu og Ella heim til Þórhalls. Hafi ákærði komið á vettvang um miðnætti, og var hann mjög leiðinlegur og reyndi að fá fólkið út. Hafi Jóhanna farið inn í herbergi og lagt sig. Vitnið kvað Ella skömmu síðar hafa farið inn í herbergi að tala við Jóhönnu, og skömmu síðar kvaðst vitnið hafa heyrt dynk, og kvaðst vitnið ásamt Þórhalli hafa farið að kanna þetta. Vitnið kvað Ella hafa legið á gólfinu, en Jóhanna lá í rúminu, en ákærði stóð við hurðina. Vitnið kvað Jóhönnu hafa sagt, að ákærði hefði grýtt Ella í vegginn. Þegar komið var fram í stofu, kvað vitnið, að ákærði hefði togað í handlegg Ella, sem hafi kvartað sáran. Vitnið kvaðst ekki hafa séð ákærða grýta Ella í vegginn, en vitnið kvað ekkert fara á milli mála, hvað gerst hafði, slíkur var hávaðinn. Við yfirheyrslur hjá RLR þann 7. febrúar 1989 skýrði vitnið svo frá, að það hefði séð ákærða grýta Elíasi í hraunaðan vegg í herberginu, en fyrir dómi kvað vitnið þetta ekki rétt, það hefði einungis heyrt dynk.

Niðurstöður.

Ákærði hefur þráfaldlega haldið fram sakleysi sínu og neitað því, að áverkar á Elíasi Guðvarðarsyni séu af sínum völdum, heldur hljóti hann að hafa dottið. Þegar virtur er framburður vitnanna Elíasar og Jóhönnu og litið er til áverka þeirra, er Elías hlaut, þykir ekki varhugavert að telja sannað, að ákærði eigi sök á áverkum þessum. Þá hefur vitnið Súsanna stutt þá frásögn Elíasar, að ákærði hafi eftir þetta togað í handlegg Elíasar í stofunni.

Varðar þessi háttsemi ákærða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann árin 1966-1968 þrívegis sæst á sektargreiðslur fyrir brot gegn almennum hegningarlögum, áfengislögum og umferðarlögum, og 1976 hlaut hann 10 daga varðhald fyrir ölvunarakstur.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin varðhald í 45 daga, en fullnustu refsingarinnar þykir mega fresta, og skal hún niður falla að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun Jón Oddssonar hrl., skipaðs verjanda síns, kr. 30.000.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Karl Kristjánsson, sæti varðhaldi í 45 daga, en fullnustu refsingarinnar skal fresta og hún niður falla að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hrl., kr. 30.000.

Fimmtudaginn 15. nóvember 1990.

Nr. 363/1988. **Valgarð Briem hrl. f.h.**
Nedlloyd Lijnen B.V.
(Garðar Briem hdl.)
gegn
Hf. Eimskipafélagi Íslands
(Sigfús Gauti Þórðarson hdl.).

Farmflutningur. Farmskírteini. Aðild. Fyrning. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. nóvember 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 25. október 1988 samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Gerir hann þá kröfu aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 27.372.135 japönsk jen með 11,5% ársvöxtum frá 1. febrúar 1987 til greiðsludags, en til vara aðra lægri fjárhæð, þó ekki lægri en helming af aðalkröfu, eða 13.686.067 japönsk jen, með sömu vöxtum og greinir í aðalkröfu. Í báðum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess aðallega, að héraðsdómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi, til vara, að héraðsdómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar að nýju, og til þrautavara, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum áfrýjanda. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þar á meðal kröfuframsal lögfræðiskrifstofunnar Clyde & Co í Englandi f.h. Chiyoda Fire & Marine Insurance Company Limited í Tókýó, til áfrýjanda, dagsett 14. október 1988, vegna kröfu þeirrar, er mál þetta snýst um.

I.

Stefndi byggir kröfu sína um ómerkingu og frávísun frá héraðsdómi á því, að áfrýjandi sé bundinn við sátt þá, sem gerð var í bæjarþingi Reykjavíkur 18. desember 1988 í málinu nr. 15026/1986:

Hákon Árnason hrl. f.h. Chiyoda Fire & Marine Insurance Company Limited gegn Hf. Eimskipafélagi Íslands og Nedlloyd Lijnen B.V. Hafi málinu þar með lokið, sbr. 107. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Kröfunni hafi ekki verið vísað frá dómi í hinu fyrra máli, og hafi það í för með sér samkvæmt 3. mgr. 104. gr. sömu laga, að vísa beri málinu frá dómi.

Umrædd sátt var gerð milli áfrýjanda, sem var annar stefndra í fyrrgreindu bæjarþingsmáli, og stefnanda þess. Samkvæmt sáttinni tók The Standard Steamship Owners' Protection and Indemnity Association (Bermuda) Ltd. fyrir hönd áfrýjanda að sér að greiða stefnandanum 27.372.135 japönsk jen og 434.681 krónu í málskostnað. Meðstefndi í bæjarþingsmálinu, þ.e. stefndi, var ekki aðili að sáttinni, og af hálfu áfrýjanda voru við sáttargerðina bókuð mótmæli gegn þeim skilningi, að með sáttinni féllu niður allar kröfur á hendur stefnda. Með hliðsjón af þessu verður ekki á það fallist með stefnda, að sáttargerðin hafi falið í sér bindandi úrslit um bótaábyrgð hans.

Varakrafa stefnda um ómerkingu og heimvísun málsins er byggð á því, að um framangreint framsal hafi ekki verið fjallað í héraði.

Svo sem fram kemur af því, sem segir í II. hér á eftir, þykir umrætt skjal ekki hafa þýðingu varðandi aðild málsins, og eru því ekki efni til að verða við þessari kröfu stefnda.

II.

Sýknukröfu sína byggir stefndi í fyrsta lagi á aðildarskorti áfrýjanda, í öðru lagi á því, að krafan í málinu sé fyrnd, og í þriðja lagi á því, að stefndi hafi undanþegið sig ábyrgð á umræddu tjóni. Eru málsástæður hans raktar nánar í hinum áfrýjaða dómi.

Þegar áfrýjandi höfðaði mál þetta, lá fyrir bréf, „Form of Receipt and Release", frá lögfræðiskrifstofunni Clyde & Co, dagsett 29. janúar 1987, þar sem viðurkennd er móttaka á greiðslu á 27.372.135 japönskum jenum. Áður er fram komið, að umrædd lögfræðiskrifstofa kom fram fyrir hönd Chiyoda Fire & Marine Insurance Company Limited í Tókýó. Í bréfinu er vísað til kröfu vegna skemmda, er urðu á rækjufarmi í flutningi milli Reykjavíkur og Tókýó samkvæmt farmbréfi nr. C 301, útgefnu í Reykjavík 21. nóvember 1984. Bréfið er stílað til Charles Taylor & Co í London, en samkvæmt gögnum málsins er það fyrirtæki umboðsaðili The

Standard Steamship Owners' Protection and Indemnity Association (Bermuda) Limited. Í bréfinu er því lýst yfir, að niður séu fallnar allar kröfur á hendur viðtakanda bréfsins og áfrýjanda vegna umræddra farmskemmda, þegar greiddur hafi verið lögfræðikostnaður hins japanska aðila og Hf. Eimskipafélags Íslands vegna fyrrgreinds bæjarþingsmáls. Ómótmælt er, að áfrýjandi greiddi umgetinn lögfræðikostnað.

Fyrir liggur og í málinu bréf fyrrgreinds Charles Taylor & Co, dagsett 1. október 1987, þar sem segir, að greiðsla The Standard Steamship Owners' Protection and Indemnity Association (Bermuda) Limited á 27.362.135 japönskum jenum og 434.681 krónu hafi verið innt af hendi fyrir hönd og af hálfu („was effected for and on behalf of") áfrýjanda.

Þegar litið er til þess, sem hér hefur verið rakið, og höfð hliðsjón af almennum reglum um skaðabótakröfur, þykir áfrýjandi hafa sýnt fram á, að hann sé rétt kominn að kröfu þeirri, sem hér er til meðferðar, og verður sýknukröfu stefnda, sem byggð er á aðildarskorti, því hafnað.

III.

Sem fyrr segir, byggir stefndi sýknukröfu sína í öðru lagi á fyrningu.

Mál Chiyoda Fire and Marine Insurance Company Limited gegn áfrýjanda og stefnda var höfðað 7. janúar 1986. Þar með var rofinn eins árs fyrningarfrestur gagnvart stefnda, sem fyrir var mælt um í 3. tl. 1. mgr. 233. gr. siglingalaga nr. 66/1963, sem giltu, er umræddur flutningur átti sér stað. Sátt í málinu var, sem fyrr segir, gerð 18. desember 1986. Áfrýjandi höfðaði mál þetta gegn stefnda með stefnu, birtri 23. mars 1987. Var honum þessi málshöfðun heimil, sbr. 4. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda. Krafa stefnda um sýknu vegna fyrningar er því ekki tekin til greina.

IV.

Í þriðja lagi byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að hann hafi í farmskírteini undanþegið sig ábyrgð á tjóni því, sem mál þetta snýst um.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, gaf stefndi út gagnfært farmskírteini hinn 21. nóvember 1984 vegna flutnings rækjusendingar þeirrar, er hér um ræðir, frá Reykjavík til Tókýó. Varan var flutt með skipi stefnda, m/s Eyrarfossi, frá Reykjavík til Rotterdam, en þaðan til Tókýó með skipi áfrýjanda, m/s Nedlloyd Delft, en bæði skipin voru tilgreind í farmskírteini. Rækjan var flutt í gámi, auðkenndum KNLU 470174-0, er stefndi lagði til. Samkvæmt farmskírteininu var gámurinn með innsigli nr. 10761, og staðhæfir áfrýjandi, að ekki hafi mátt rjúfa innsiglið fyrr en í Tókýó, og hefur því ekki verið mótmælt af stefnda. Farmurinn var því ekki skoðaður í Rotterdam.

Tvö löggilt japönsk skoðunarfyrirtæki skoðuðu rækjufarminn, eftir að gámurinn var opnaður í Tókýó 16. janúar 1985. Niðurstaða þeirra beggja var, að rækjan væri með öllu ónýt, þar sem hún hefði þiðnað sökum einhverra bilana eða truflana í kælikerfi gámsins, á meðan á flutningi stóð. Samkvæmt tjónsskýrslum lá engin einhlít skýring fyrir um það, hvenær tjónið varð.

Niðurstöðum hinna japönsku skoðunarfyrirtækja hefur ekki verið mótmælt, og verða þær því lagðar til grundvallar.

Í héraðsdómi eru raktar athugasemdir áfrýjanda um hleðslu og flutning stefnda á rækjunni til Rotterdam. Stefndi telur sig á hinn bóginn hafa sannað, að tjónið hafi ekki orðið, á meðan varan var í umsjón hans.

Samkvæmt 5. gr. farmskírteinis undanskildi stefndi sig ábyrgð á tjóni, sem kynni að verða á vörunni í framhaldsflutningi hennar. Var honum þetta heimilt, sbr. 104. gr. þágildandi siglingalaga. Þegar hins vegar er virt það, sem fram hefur komið í málinu um flutning vörunnar, verður ekki talið, að ótvíræð gögn hafi komið fram um það, hvenær á flutningstímanum tjónið hafi orðið. Hefur stefnda ekki tekist sönnun þess, að tjónið hafi ekki orðið, á meðan farmurinn var í umsjón hans. Er þá einkum litið til þess, að nokkuð skortir á gögn og upplýsingar um hitastig í umræddum gámi fyrst eftir hleðslu hans og þar til hann var kominn um borð í m/s Eyrarfoss rúmlega 30 klukkustundum síðar, svo og, að ekki liggur fyrir síritaspjald gámsins á leiðinni frá Reykjavík til Rotterdam.

Á sama hátt hefur áfrýjanda ekki tekist óyggjandi að sýna fram á, að tjónið hafi ekki orðið á þeim tíma, sem farmurinn var í umsjá

hans, og er þá meðal annars haft í huga það, sem fram kemur í gögnum málsins um truflanir í hitaskráningu fyrstu dagana um borð í m/s Nedlloyd Delft.

Ómótmælt er, að áfrýjandi tók að sér flutning vörunnar frá Rotterdam til Tókýó og undirgekkst þá skilmála, er fólust í hinu gagnfæra farmskírteini. Verður því með hliðsjón af framansögðu ekki fallist á aðalkröfu áfrýjanda um, að stefndi verði dæmdur til greiðslu alls tjónsins, heldur beri að skipta því, og þykir eðlilegt, að hvor aðili um sig beri helming tjónsins.

Samkvæmt þessu verður stefndi dæmdur til að greiða áfrýjanda 13.686.067 japönsk jen. Áfrýjandi krefst 11,5% ársvaxta af fjárhæðinni frá 1. febrúar 1987 til greiðsludags, en fyrir liggur, að greiðsla samkvæmt áðurnefndri sátt var innt af hendi 29. janúar 1987. Stefndi hefur mótmælt vaxtakröfunni sem of hárri. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem lagðar hafa verið fram í málinu frá Seðlabanka Íslands um dráttarvexti af kröfum í japönskum jenum, þykir rétt að ákveða ársvexti af framangreindri fjárhæð sem hér segir: Frá 1. febrúar til 14. apríl 1987 skal greiða 5,26%, frá þeim degi til 19. júní 1989 7,8%, frá þeim degi til 6. nóvember 1989 7,9%, frá þeim degi til 1. janúar 1990 8,0%, en frá þeim degi til greiðsludags eins og þeir eru tilkynntir í auglýsingum Seðlabanka Íslands, þó aldrei hærri en 11,5% ársvextir.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals 700.000 krónur.

Dómsorð:

Stefndi, Hf. Eimskipafélag Íslands, greiði áfrýjanda, Valgarð Briem hrl. f.h. Nedlloyd Lijnen B.V., 13.686.067 japönsk jen með 5,26% ársvöxtum frá 1. febrúar 1987 til 14. apríl sama ár, með 7,8% ársvöxtum frá þeim degi til 19. júní 1989, með 7,9% ársvöxtum frá þeim degi til 6. nóvember 1989, með 8,0% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1990, en frá þeim degi til greiðsludags með ársvöxtum samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands um dráttarvexti af kröfum í japönskum jenum, þó aldrei hærri en 11,5% ársvexti.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 700.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. mars 1988.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 17. þ.m., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 23. mars 1987.

Stefnandi er Valgarð Briem hrl. f.h. Nedlloyd Lijnen B.V., Houllaan 21, 3016DA Rotterdam, Hollandi.

Stefndi er Hf. Eimskipafélag Íslands, Pósthússtræti 2, Reykjavík.

Stefndi krafðist upphaflega frávísunar málsins, en frávísunarkröfunni var hrundið með úrskurði dómsins 10. nóvember 1987.

Dómkröfur stefnanda eru nú þessar:

Aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum japönsk jen 27.372.135,00 ásamt 11,5% ársvöxtum frá 1. febrúar 1987 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ. Til vara, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum lægri fjárhæð, en þó aldrei lægri en helming aðalkröfu, japönsk jen 13.386.067,00, með vöxtum og málskostnaði, sbr. aðalkröfu.

Dómkröfur stefnda eru um sýknu af kröfum stefnanda og málskostnað úr hans hendi að mati dómsins. Hann heldur fast við kröfu sína um frávísun, sem enn sé fyrir hendi.

I.

Stefnandi kveður málavexti þá, að haustið 1984 hafi stefndi tekið að sér flutning á 1596 kössum af frystri rækju frá firmanu Seifi hf., Reykjavík, til firmans C. Itoh & Co Ltd., Tókýó, en endanlegur kaupandi var C.I. Seafoods Ltd., sama stað, er fengið hafði rækjuna framselda og flutningstryggði hana hjá Chiyoda Fire and Marine Insurance Company Ltd. Gaf Eimskip þ. 21. nóvember 1984 út farmskírteini fyrir flutningi rækjunnar alla leið, en rækjan var flutt frá Reykjavík til Rotterdam með skipi Eimskips, m/s Eyrarfossi, og þaðan til Tókýó með skipinu Nedlloyd Delft í eigu Nedlloyd Lijnen B.V. Rækjan var flutt í ScanDutch-kæligámi KNLU 470174-0, sem Eimskip lagði til flutningsins, og skyldi rækjan flutt við a.m.k. - 23° Celcius. Gáminum var skipað upp í Tókýó þ. 9. janúar 1985 til geymslu hjá ScanDutch, uns C.I. Seafoods Ltd. tók við rækjunni og gámurinn var opnaður þ. 16. jan. 1985. Kom þá á daginn, að rækjan var þiðnuð og stórskemmd. Rækjan var skoðuð samdægurs af löggiltu skoðunarfirma, Shin Nihon Kentei Kyokai, í Tókýó að viðstöddum fulltrúum kaupanda, vátryggjanda, flytjanda og gámaeiganda. Var rækjan metin

altjón, enda reyndist hún óseljanleg við sölutilraunir. Var niðurstaða skoðunarfirmans sú, að tjónið hefði skeð vegna hækkunar hita á rækjunni, meðan á flutningi stóð, sökum bilana eða truflana á kælingu gámsins á leiðinni, en kælibúnaðurinn reyndist starfa eðlilega við athugun eftir tjónið. Af heilbrigðisástæðum og skv. fyrirmælum yfirvalda var rækjan grafin í jörðu, en vátryggingarfélag farmsins bætti vátryggingarverðmæti rækjunnar ásamt kostnaði við skoðun og niðurgröft. Nema bæturnar samtals jenum 34.372.135,00.

Með stefnu, útg. 3.1. 1986, krafði vátryggingarfélagið Chiyoda Fire and Marine Insurance Company Ltd. í Tókýo stefnanda þessa máls og stefnda um endurgreiðslu bótanna. Stefndi þessa máls hafnaði alfarið (sic) bótaskyldu, en stefnandi þess ákvað að gera vátryggingarfélaginu boð um sættir í málinu, og var sáttaboðið jen 27.372.135,00 án vaxta, en ísl.kr. 434.681,00 í kostnað. Urðu fullar sættir um málslok, að því er stefnanda, Nedlloyd Lijnen B.V., snerti.

Stefnandi tekur fram, að stefndi, Hf. Eimskip, hafi fallist á, að málið yrði hafið gegn því, að því yrði greiddur málskostnaður samkvæmt úrskurði bæjarþingsins, sem hafi úrskurðað því félagi kr. 70.000 í málskostnað. Þannig hafi málið verið hafið hinn 18. desember 1986.

Með því að stefnandi þessa máls hafi þannig greitt umsamdar bætur til hins japanska tryggingarfélags, hafi hann samkvæmt 25. gr. laga um vátryggingarsamninga eða lögjöfnun frá þeirri grein eignast allan rétt, sem það kunni að hafa átt á hendur stefnda Hf. Eimskipafélagi Íslands. Samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 14/1905 sé málið höfðað til endurkröfu umræddra bóta, a.m.k. að hluta.

Ekki sé ágreiningur milli málsaðila um, að málinu skuli til lykta ráðið fyrir íslenskum dómstól og að íslenskum lögum.

Kröfu sína um endurgreiðslu þeirra bóta, sem hann greiddi japanska tryggingarfélaginu Chiyoda Fire and Marine Insurance Company Ltd., að fjárhæð jen 27.372.135. Stefnandi byggi á því, að stefndi eigi sök á því, að rækjan í gáminum eyðilagðist. Liggi sök stefnda í eftirfarandi mistökum hans eða þeirra, sem á hans ábyrgð störfuðu:

1. Gámurinn var ranglega hlaðinn af starfsmönnum, sem stefndi bar ábyrgð á, í Hafnarfirði 30. nóv. 1984. Viðstaddir þá hleðslu voru 6 menn á vegum stefnda og 2 frá Seifi, afskipanda vörunnar. Kössunum hefði átt að raða án millibila í samfellda stæðu, en var í þess stað raðað með loftbilum á milli, sem jók verulega yfirborð stæðunnar, sem leiddi til hraðari þiðnunar, ef út af bæri með frystinguna í gáminum.

2. Upplýst er, að starfsmenn stefnda, sem unnu að hleðslu gámsins, voru án verkstjóra og neituðu að taka við fyrirmælum afskipanda um það, hvernig hlaða skyldi gáminn.

3. Afskipendur hafa upplýst, að engin raflögn hafi verið, þar sem gámurinn var hlaðinn. Hafi því ekki verið unnt að kæla gáminn niður fyrir frystingu, enda frostið í honum aðeins -8° C, þegar gámurinn var opnaður til þess að hlaða í hann.

4. Meðan á hleðslu stóð, fóru verkamenn í mat, sem stóð í 1 klst. og 20 mínútur, og bætti það ekki úr kælingunni.

5. Dyrum gámsins var lokað kl. 13.36 hinn 20. nóv. Var kælikerfið þá ekki í sambandi, og kælikortið sýndi aðeins 17° C frost. Ekkert er vitað um meðferð gámsins frá þeim tíma til kl. 20.00 hinn 21. nóv., þegar hitinn er fyrst skráður um borð í Eyrarfossi, en um borð í það skip fór gámurinn í Reykjavík.

6. Kuldaskrár, ritaðar um borð í Eyrarfossi, sýna á 8 dögum stöðuga kælingu í 24° C án nokkurrar afhrímingar. Þessi jafni kuldi er frábrugðinn því, sem var á öðrum gámum um borð í skipinu á sama tíma, og frábrugðinn því, sem var við framhaldsflutning gámsins til Japans. Þessi skráning er því tortryggileg og bendir til, að mælirinn, sem lesið var af, hafi verið vitlaus eða vitlaust lesið af honum. Benda tölur til, að gámurinn hafi ekki verið í sambandi á þessu tímabili.

7. Stefndi hefur ekkert kælikort sýnt úr gáminum á þessu tímabili þrátt fyrir áskoranir um að leggja það fram.

8. Skráningar Eyrarfoss sýna, að síðast var lesið af þessum gámi kl. 8.00 hinn 28. nóv., enda þótt hiti í öðrum gáminum um borð í skipinu hafi verið skráður til hádegis daginn eftir. Umboðsmenn stefnda í Rotterdam upplýsa, að leiðsla að þessum gámi hafi verið ónýt og viðgerðar hefði verið þörf. Þeir upplýsa enn fremur, að ekkert hitakort hafi verið sett í gáminn eftir viðgerðirnar, sem bendir til, að viðhaldi og eftirliti með gáminum hafi verið ábótavant.

9. Óupplýst er, hvers vegna hitaskráningarkort gámsins var tekið úr honum, þótt rafmagnsleiðsla gámsins væri ónýt.

10. Mikið skortir á, að sýnt hafi verið fram á, að gámurinn hafi fryst eðlilega, meðan hann var í Rotterdam, áður en honum var skipað út í skip stefnanda.

11. Þegar stefnandi tók við gáminum, sýndi hitaskráningarkort 17° C frost á því korti, sem þá var sett í gáminn.

12. Loks er þess að geta, að starfsmenn stefnda létu hlaða 21 tonni í gáminn, þótt 20 tonn væru hámark til þess að tryggja eðlilega loftrás um farminn.

Af framangreindum ástæðum megi sjá, að stefndi hafi brugðist þeirri skyldu sinni skv. Haag-reglunum, að „properly care for the cargo", þ.e.a.s. að annast farminn af alúð.

II.

Stefndi ber fram þrenns konar rök fyrir sýknukröfu sinni. Í fyrsta lagi sé um aðildarskort stefnanda að ræða, í öðru lagi sé krafan fyrnd, og í þriðja lagi beri hann ekki ábyrgð á skemmdum á farminum, þar sem skemmdirnar hafi ekki orðið, meðan farmurinn var um borð í Eyrarfossi.

Stefnandi (sic) styður málsástæður sínar um aðildarskort stefnanda með því að benda á, að ekki verði annað séð en að vátryggingarfélag Nedlloyd Lijnen, The Standard Steamship Owners' Protection and Indemnity Association Ltd., hafi ótilneytt og með frjálsri sátt greitt tjón vörukaupanda f.h. skjólstæðings síns, eins og komi fram í sáttinni. Stefnandi þessa máls eigi því engar kröfur, hvorki á hendur Eimskipafélagi Íslands né öðrum. Tjónþolinn, sem sættist á ofangreindar bætur, hafi gert sólidariska kröfu á hendur Eimskipafélagi Íslands og Nedlloyd Lijnen. Verði afstaða Nedlloyd Lijnen ekki túlkuð á aðra leið en þá, að með sáttinni hafi félagið fallist á skaðabótaskyldu sína gagnvart tjónþolanum. Dómsátt hafi í sér fólginn bindandi endi sakarefnis á sama hátt og dómur. Þannig hafi stefnandi þessa máls viðurkennt skaðabótaábyrgð sína og greitt tjónið.

Stefnandinn, Nedlloyd Lijnen, hafi heldur ekkert tjón beðið, þar sem vátryggingarfélag þess hafi greitt tjónið, og ætti þá skv. 25. gr. laga um vátryggingarsaminga að öðlast endurheimturétt á hendur þeim, sem tjóninu hafi valdið, en um það var einmitt deilt í fyrra málinu, hvort Nedlloyd Lijnen eða Eimskip ætti að bera ábyrgð á tjóninu. Því hljóti að vera um aðildarskort stefnanda að ræða, sem leiði til sýknu skv. 2. mgr. 45. gr. einkamálalaga. Í þessu sambandi bendi stefndi á, að hinn upprunalegi tjónþoli hafi verið kaupandi vörunnar, C.I. Seafoods Ltd. í Tókýó, og hafi varan verið seld f.o.b. Tryggingarfélagið Chiyoda Fire and Marine Insurance Company Ltd. hafi greitt bæturnar og öðlast rétt skv. 25. gr. vátryggingarsamningalaga nr. 20/1954 gegn þeim, sem ábyrgð beri á tjóninu. Þegar sáttin hafi verið gerð 18. desember 1986 í því máli, hafi tryggingarfélagið ekki framselt kröfuna neinum aðila, og félagið hafi fallið frá öllum kröfum á hendur stefnda, Hf. Eimskip. Farið hafi verið fram á framsal úr hendi lögmanns tryggingarfélagsins í því máli, en því hafi verið hafnað. Því fáist með engu móti séð, með hvaða heimild stefnandi þessa máls geri kröfur á hendur stefnda í máli þessu.

Í öðru lagi sé krafan fyrnd, enda fyrnist kröfur sem þessar á einu ári skv. ákvæðum siglingalaga nr. 66/1963, 233. gr., sem gildi um tjónið. Jafnvel þótt fyrri málsóknin yrði dregin frá fyrningartíma, sem hafist hafi 9. janúar 1985 og lokið hafi því 9. janúar 1986, þá hafi málið ekki verið höfðað fyrr en 23. mars 1987. Fyrra málið hafi verið höfðað af öðrum aðila og því óheimilt að beita því til frádráttar á fyrningartíma.

Í þriðja lagi byggist sýknukrafan á því, að stefndi Hf. Eimskipafélag, hafi undanskilið sig ábyrgð.

Rökin séu þessi:

Engin ákvæði finnist í íslenskum lögum, sem takmarki heimild farmflytjanda til þess að undanþiggja sig ábyrgð á vöru, sem hann tekur til flutnings, og fari því um ábyrgðina eftir frjálsu samkomulagi aðilanna (bill of lading).

Þegar kanna á ábyrgðarreglur Eimskipafélagsins, er tvennt, sem þarf að gera sér grein fyrir:

A) Getur Eimskipafélag Íslands undanþegið sig ábyrgð á skemmdum, sem verða á farminum, eftir að honum var skipað upp úr Eyrarfossi í Rotterdam 28. nóvember 1984?

B) Getur Eimskip sannað, að vörusendingin hafi ekki skemmst, meðan hún var um borð í Eyrarfossi?

Um A:

Varðandi fyrra atriðið er það að segja, að 5. gr., 2. mgr., sbr. 6. gr. farmskírteinis Eimskips, er alveg í samræmi við íslensk lög. Í 104. gr. siglingalaganna íslensku, nr. 66/1963, er beinum orðum tekið fram, að farmflytjanda (í þessu tilfelli H/f Eimskipafélag Íslands) sé heimilt að láta annan flutningsmann annast flutning vöru að nokkru leyti eða öllu, og jafnframt, að heimilt sé að undanþiggja sig ábyrgð á tjóni, sem verða kann, meðan varan er á vegum þess flutningsmanns. Í fyrrnefndri grein farmskírteinisins (5. gr.) hefur Eimskipafélagið beinum orðum undanskilið sig ábyrgð á skemmdum, sem kynnu að verða, meðan vara væri í framhaldsflutningi, og í 6. gr. er þess sérstaklega getið, að þegar móttökustaðar sé sérstaklega getið á forsíðu, þá starfi farmflytjandi aðeins sem umboðsmaður sendanda við að annast flutning frá móttökustað (Place of receipt) til lestunarhafnar (Port of loading). Farmskírteinið sjálft ber það, að um gagnfært farmskírteini er að ræða, svo að ekki verður um deilt.

Allt er þetta í fullu samræmi við íslensku siglingalögin, sem eru sniðin eftir norrænu siglingalögunum. Íslenskir, norskir og danskir fræðimenn eru á einu máli um það, að þar sem svo standi á, að umsamið sé eða að það liggi ljóst fyrir af kringumstæðunum, að allur flutningurinn eða hluti af honum skuli framkvæmast af öðrum en frumfarmflytjandanum, þá geti hann undanskilið sig ábyrgðinni á tjóni, sem verði, meðan varningurinn er í vörslu framhaldsflytjanda. Í þessu tilfelli hafi farmflytjandinn, Eimskipafélagið, undanskilið sig á lögmætan hátt allri ábyrgð á skemmdum á umræddri vörusendingu, eftir að henni var skipað upp í Rotterdam.

Samkvæmt ákvæðum 104. gr. siglingalaganna þurfa tvö atriði að liggja fyrir, til þess að farmflytjandi geti undanskilið sig ábyrgð, — í fyrsta lagi, að heimilt sé að láta annan flutningsmann sjá um flutninginn að nokkru

eða öllu leyti, og í öðru lagi, að varan hafi skemmst, meðan hún var í vörslu þessa framhaldsflytjanda.

Fyrra atriðið, að heimildin til þess að láta annan taka að sér flutninginn að einhverju leyti, er ekki bundin ákveðnu formi. Nægilegt er talið, að farmsendanda sé ljóst, að farmflytjandi undanskilur sig ábyrgð, þannig að upplýsa þarf, hvað hann vissi eða mátti vita um ábyrgðarleysi farmflytjanda, þegar skírteinið var gefið út. Áður hefur verið bent á fyrirvarann í 5. gr. farmskírteinisins, og tilgangslaust er fyrir farmsendandann að bera það fyrir sig, að hann hafi ekki vitað eða mátt vita, að Eimskip annaðist aðeins flutning vörunnar til Rotterdam. Honum sem reyndum útflytjanda var örugglega ljóst, að Eimskipafélagið heldur ekki uppi rútuferðum til Tókýo, en auk þess er beinum orðum tekið fram á farmskírteininu, að um gagnfært farmskírteini sé að ræða.

Ekki fari því á milli mála, að í þessu tilfelli hafi farmflytjandinn, Eimskipafélag Íslands, undanskilið sig á lögmætan hátt allri ábyrgð á skemmdum á umræddri vörusendingu, eftir að henni var skipað upp í Rotterdam hinn 28. nóvember 1984.

Um B:

Stefnandi heldur því fram öðrum þræði, að varan hafi skemmst, meðan hún var í vörslu Eimskipafélagsins, og hefur hann vitnað til svokallaðs „sírita", sem hann leggur fram. Þessi síriti (Partlow Chart) skráir hitastig í viðkomandi gámi til 5. desember 1984. Hann er merktur gámi nr. 470174-0, sem er sama merking og fram kemur á farmskírteininu dskj. nr. 4. Stefnandi getur þess, að „óljóst sé, hvort tjónið hafi frekar orðið á einum hluta leiðarinnar en öðrum". Af stefnda hálfu er því hins vegar haldið fram, að hinn framlagði síriti sanni ekkert um það, hvort varan hefur skemmst, meðan gámurinn var um borð í Eyrarfossi. Á bls. 3 í skoðunarskýrslunni, dskj. nr. 5, er þess getið undir 5. lið, að á fjórum Partlow Charts hafi ekki komið í ljós frystingarmerki á leiðinni milli Reykjavíkur og Rotterdam, og vitnað til korts nr. 1, en það er lagt fram fremst á dskj. nr. 6. Á þessu síritakorti, sem merkt er nr. 1 og skráð neðan við, að sé Reykjavík/Rotterdam, er skráð, að gáminum hafi verið skipað út í Nedlloyd Delft þann 5. desember 1984. Þetta er sýnt með ör, sem teiknuð hefur verið á kortið. Augljóst er, að þetta er alls ekki það kort, sem skráði síritun á ferðinni milli Reykjavíkur og Rotterdam. Telji maður dagana aftur á bak frá þeim degi, sem er merktur 5. desember 1984, kemur í ljós, að þetta síritunarkort hefur aðeins skráð þessa svonefndu Partlow-skýrslu frá 2. desember 1984. Af þeim sökum verður engin ályktun dregin af kortinu.

Aftur á móti telji stefndi, að með framlagningu mælibréfs yfir hitastig í frystigámum séu færðar fullar sönnur á það, að varan hafi ekki getað

skemmst, á meðan hún var um borð í Eyrarfossi. Það sé föst venja hjá Eimskipafélaginu, að yfirmenn á hverju skipi skrái á fjögurra klst. fresti hitastig í hverjum gámi. Viðkomandi gámur, merktur 470174-0, sé í fimmtu línu á tveimur fyrstu síðum mælibréfsins, en í fyrstu línu á síðstu síðu. Samkvæmt þeim mælingum fari hitastigið aldrei niður fyrir 24. gr. frost nema við mælinguna kl. 20.00 þann 27. nóvember, en frostið sé aftur komið upp í 24. gr. um miðnætti sama kvöld. Daginn eftir sé svo gáminum skipað upp, svo sem áður hafi komið fram, og þann dag mælist 24 gráður kl. 4.00 um morguninn og kl. 8.00 um morguninn. Eftir það sé hann úr vörslu Eimskipafélagsins. Með þessum mælingum, sem yfirmenn Eyrarfoss hafi staðfest, séu komnar fullnaðarsannanir fyrir því, að varan skemmdist ekki, meðan hún var í vörslu Eimskipafélagsins, og áður hafi verið sýnt fram á, að fullkomlega heimilt hafi verið að undanskilja sig ábyrgð, eftir að varan fór úr vörslu félagsins, og að farmskírteinið beri það með sér, að svo var gert.

III.

Í máli því, sem Chiyoda Fire and Marine Insurance Company Ltd. höfðaði hér fyrir þinginu gegn aðilum máls þessa í janúar 1986 á grundvelli 25. gr. vátryggingarsamningalaga og samkvæmt sérstöku framsali, var gerð sátt 18. desember 1986. Í sátt þeirri tók tryggingarfélagið The Standard Steamship Owners' Protection and Indemnity Association Ltd. að sér að greiða fyrir hönd Nedlloyd Lijnen B.V. japönsk jen 27.372.135,00 til stefnandans í málinu og málskostnað til hans og meðstefnda Hf Eimskipafélags Íslands. Lauk þar með því máli, án þess að Chiyoda Fire and Marine Insurance Company Ltd. framseldi kröfuna, og er ekki sýnt fram á í máli þessu, að slíkt framsal hafi síðar farið fram.

Þegar þetta er virt, verður ekki séð, með hvaða heimild Nedlloyd Lijnen B.V. höfðar mál það, sem hér er til úrlausnar gegn stefnda, Hf. Eimskipafélagi Íslands, til greiðslu kröfu þeirrar, sem sáttin var gerð um 18. desember 1986. Ber því að fallast á kröfu stefnda, Hf. Eimskipafélags Íslands, um sýknu vegna aðildarskorts stefnanda.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að hvor aðila beri sinn kostnað í máli þessu.

Dóm þennan kváðu upp Garðar Gíslason borgardómari, Guðmundur Hjaltason skipstjóri og Ingvar Sveinbjörnsson deildarstjóri.

Dómsorð:

Stefndi, H/f Eimskipafélag Íslands, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Valgarðs Briem hrl. f.h. Nedlloyd Lijnen B.V., í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 16. nóvember 1990.

Nr. 205/1990. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Helga Marteini Gunnlaugssyni
(Björgvin Þorsteinsson hrl.).

Hylming. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Benedikt Blöndal og Þór Vilhjálmsson.

Málinu var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 7. maí 1990 og einnig af ákæruvaldsins hálfu til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu. Meðákærðu una héraðsdómi, og hefur málinu ekki verið áfrýjað, hvað þá varðar.

Af ákæruvaldsins hálfu er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, að því er varðar sakfellingu ákærða, þó þannig, að refsing ákærða verði þyngd og að brot hans verði talin varða við 254. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo sem í ákæru greinir.

Af ákærða hálfu er aðallega krafist sýknu, en til vara, að refsing verði felld niður eða hún höfð skilorðsbundin.

Í héraðsdómi er lýst kaupum ákærða á samtals 255 vindlingalengjum. Eins og á stóð, gat ákærða eigi dulist, að vindlingarnir hlytu að vera illa fengnir. Hefur hann því unnið til refsingar samkvæmt 254. gr. almennra hegningarlaga, eins og í ákæru segir.

Refsing ákærða verður ákveðin með hliðsjón af 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga og þykir hæfilega ákveðin fangelsi 30 daga, auk fésektar í ríkissjóð, 100.000 krónur. Fresta ber fullnustu fangelsisrefsingar ákærða og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest, hvað ákærða varðar.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, svo sem í dómsorði segir.

Dómsorð:

Ákærði, Helgi Marteinn Gunnlaugsson, sæti fangelsi 30 daga og greiði 100.000 krónur í sekt til ríkissjóðs. Fresta ber fullnustu fangelsisrefsingar ákærða og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest, hvað ákærða varðar.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björgvins Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 11. apríl 1990.

Ár 1990, miðvikudaginn 11. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 212-217/1990: Ákæruvaldið gegn A, B, Helga Marteini Gunnlaugssyni, C, D og E, sem tekið var til dóms 3. þ.m.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 21. febrúar sl., á hendur ákærðu, ,,A, B, Helga Marteini Gunnlaugssyni, Arahólum 4, kennitala 18.07.66-3839, C, D og E, öllum til heimilis í Reykjavík, fyrir eftirgreind brot á almennum hegningarlögum, framin í Reykjavík 1989, nema annars sé getið:

— — —

IX. Ákærða Helga Marteini er gefin að sök hylming með því að hafa keypt af meðákærðu B og C vindlingalengjurnar, svo sem rakið er í ákæruliðum VII 1 og VIII 1-2, þrátt fyrir það að honum gæti ekki dulist vegna magns og tegundar vörunnar, kaupverðs hennar og þeirrar leyndar, sem yfir viðskiptunum hvíldi, að hennar hafði verið aflað með auðgunarbroti.

Telst háttsemi ákærðu samkvæmt ákæruliðum VII-IX varða við 254. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar".

Málavextir.

— — —

VIII.

Ákærði D.

— — —

2.

Á fyrri hluta ársins 1989 tók ákærði í þrjú skipti við vindlingalengjum hjá meðákærðu B, C og E þrátt fyrir vitneskju um, að um þýfi væri að ræða. Ákærði seldi síðan meðákærða Helga Marteini í janúar 1989 25 vindlingalengjur í söluturninum Sentral, Hafnarstræti 20, hér í borg. Stuttu síðar seldi ákærði sama meðákærða 50 vindlingalengjur í bifreið við söluturninn Sentral að viðstöddum meðákærða B. Að lokum seldi ákærði meðákærða Helga Marteini stuttu eftir innbrotsþjófnað þann, er um ræðir í IV. kafla ákærunnar, 6. lið, 180 vindlingalengjur á heimili meðákærða í Arahólum 4 hér í borg.

Framangreind háttsemi ákærða er sönnuð með játningum hans, sem eru í samræmi við önnur málsgögn, og varðar atferlið við 254. gr. almennra hegningarlaga.

IX.

Ákærði Helgi Marteinn Gunnlaugsson hefur viðurkennt að hafa keypt á fyrri hluta ársins 1989 þær 255 vindlingalengjur, sem um ræðir í VIII. kafla ákærunnar, 2. lið, af meðákærða D, en eigi meðákærðu B og C, eins og í ákæru greinir. Áttu viðskiptin sér stað skömmu eftir innbrotin, sem vindlingalengnanna var aflað í, og svo sem áður greinir. Um sömu vindlingalengjur er að ræða í ákærukafla VII., 2. lið, og í VIII. kafla, 2. lið.

Ákærði var yfirheyrður um málið hjá rannsóknarlögreglu ríkisins þann 28. mars 1989. Ákærði skýrði svo frá, að meðákærði D hefði komið á tal við sig í söluturninn Sentral, Hafnarstræti 20, hér í borg, og boðið ákærða vindlingalengjur til kaups. Spurði ákærði meðákærða ekki, hvaðan tóbakið væri eða hvers vegna hann væri að selja það, en það orðið að samkomulagi, að hver vindlingalengja ætti að kosta kr. 1.000. Keypti ákærði 25 vindlingalengjur í fyrsta skiptið af meðákærða og greiddi honum kr. 25.000 í peningum fyrir. Fóru kaupin fram inni í vörulager söluturnsins, en meðákærði hafði vindlingana með sér í tösku.

Nokkrum dögum síðar kom ofangreindur meðákærði aftur í söluturninn og bauð ákærða tóbak til kaups. Kvaðst meðákærði vera með tóbak þetta úti í bifreið, sem var þar fyrir utan. Fór ákærði út í bifreiðina og settist í aftursæti hennar. Sýndi meðákærði ákærða þarna um 50 vindlingalengjur

af ýmsum tegundum, sem geymdar voru í íþróttatöskum. Samþykkti ákærði að kaupa vindlingana, og var um samið, að hann greiddi kr. 1.000 fyrir vindlingalengjuna eða samtals kr. 50.000, og greiddi ákærði þá fjárhæð í peningum. Ákærði spurði ekki, hvar þetta tóbak væri fengið, og fann ekkert athugavert við það, þótt kaupin færu fram þarna fyrir utan verslun ákærða.

Skömmu eftir þetta hringdi sami meðákærði heim til ákærða og bauð honum enn til kaups um 180 vindlingalengjur af ýmsum tegundum og vildi selja hverja lengju á kr. 1.000. Samþykkti ákærði að kaupa þetta magn af meðákærða, sem bauðst til að koma með vindlingalengjurnar heim til ákærða þá strax um kvöldið. Kom meðákærði klukkustund síðar og annar maður með honum, en sá hafði einnig verið með meðákærða, er ákærði keypti vindlingalengjurnar fyrir utan söluturn sinn greint sinn. Samkvæmt gögnum málsins mun þar hafa verið um að ræða meðákærða B. Voru mennirnir með tóbakið í tveimur pappakössum og tveimur kössum, alls 180 lengjur af ýmsum vindlingategundum. Greiddi ákærði kr. 69.000 í peningum, en ætlaði að borga afganginn, kr. 114.000, síðar. Ákærði spurði ekki, hvaðan þetta tóbak væri, þó svo að hluti þess væri í lausum pökkum af vindlingum og vindlum. Fór ákærði með tóbakið niður í söluturn sinn og var búinn að selja það, er yfirheyrslan fór fram. Eftir 2 til 3 daga kom meðákærði niður í söluturn ákærða til að innheimta eftirstöðvar skuldarinnar. Sýndi ákærði honum Dagblaðið Vísi inni á „lager" í söluturninum, en þar var skýrt frá þjófnaði á tóbaki úr verslun hér í borg, og spurði, hvort hann hefði séð þessa frétt. Sagði meðákærði þá: „Þú hefur þá séð þetta í blaðinu", og fór ákærða þá að gruna, að þetta tóbak, sem hann hafði keypt, væri úr innbroti þessu. Spurði ákærði ekkert frekar út í þetta, þar sem hann vildi ekkert frekar um þetta vita. Greiddi ákærði meðákærða kr. 50.000 með peningum og síðar kr. 2.000, og kvaðst ákærði því skulda kr. 63.000, er yfirheyrslan átti sér stað. Ákærði segir það hafa hvarflað að sér, að kaupin á tóbakinu hefðu ekki verið eðlileg, en ekki fengið grunsemdir um, að það væri stolið, fyrr en hann sá fréttina í Dagblaðinu Vísi og bar hana undir framangreindan meðákærða. Jafnframt grunaði ákærða þá, að hann hefði verið að kaupa stolið tóbak í tvö fyrri skiptin. Jafnframt vissi ákærði, að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins er með einkasölu á tóbaki hérlendis, og var varningurinn merktur þeim aðila. Vildi ákærði ekki gera neitt úr málinu þá, þar sem hann vissi, að þeir peningar, sem hann var búinn að greiða, væru þá tapaðir.

Fyrir dómi hefur ákærði játað að hafa keypt það tóbak, sem í VIII. kafla ákæru, 2. lið, greinir, og kveður ákærði kaupin hafa farið fram á fyrri hluta ársins 1989, að því er ákærða minnir. Kveðst ákærði hafa keypt tóbakið af meðákærða D, en ekki meðákærðu B og C, eins og í ákæru

greinir. Ákærði kveðst ekki hafa hugsað út í það, hvernig vindlingalengjurnar voru fengnar, er hann keypti þær, en farið að gruna, að ekki væri allt með felldu, er hann hafi lesið frétt í DV um þjófnað á vindlingum úr verslun í Reykjavík.

Ákærði D kveðst hafa selt meðákærða Helga Marteini umræddar vindlingalengjur greind skipti. Kveðst ákærði ekki hafa sagt Helga Marteini, með hvaða hætti hann hefði fengið tóbakið, en gert ráð fyrir, að hann vissi, að um þýfi væri að ræða. Hefur ákærði D skýrt frá einstökum kaupum á sama hátt og ákærði Helgi Marteinn.

Svo sem rakið hefur verið, hefur ákærði Helgi Marteinn játað að hafa keypt samtals 255 vindlingalengjur af meðákærða D í þrjú skipti á fyrri hluta ársins 1989. Fóru fyrstu viðskiptin fram inni á vörulager söluturns ákærða, í annað skiptið áttu þau sér stað í bifreið, sem meðákærði var í fyrir utan söluturninn, og í hið þriðja á heimili ákærða. Ákærði, sem rak verslun í umræddum söluturni, vissi, að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins er lögum samkvæmt með einkasöluleyfi á sölu tóbaks. Ákærði keypti vindlingalengjurnar á talsvert lægra verði en útsöluverð Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins sagði til um og hagnaðist því á viðskiptum þessum.

Ákærði hefur borið, að hann hafi ekki farið að gruna, að eigi væri allt með felldu varðandi viðskipti þessi, fyrr en hann las frétt í dagblaði um, að stolið hefði verið talsverðu magni af tóbaki úr verslun hér í borg, og kveður ákærði það hafa verið skömmu eftir síðustu viðskipti sín við meðákærða D.

Varhugavert þykir að telja fyllilega sannað gegn neitun ákærða og með hliðsjón af þeim framburði meðákærða D, að hann hafi ekki greint ákærða frá því, með hverjum hætti vindlingalengnanna var aflað, að ákærði hafi með háttsemi sinni brotið gegn 254. gr. almennra hegningarlaga. Á hinn bóginn þykir ákærði með atferli sínu hafa gerst sekur um stórkostlegt gáleysi með kaupum sínum á vindlingalengjunum og þar með brotið gegn 263. gr. sömu laga. Var verjanda gefinn kostur á að reifa málið einnig með tilliti til þess, að háttsemi ákærða varðaði við þá lagagrein, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74, 1974, og vörn þar af leiðandi eigi ábótavant að því leyti.

Í ákæru er ákærði sagður hafa keypt umræddar vindlingalengjur af meðákærðu B og C. Ákærði keypti hins vegar vindlingalengjurnar af meðákærða D. Hefur ákærði leiðrétt þetta við meðferð málsins og vörn verið flutt af hálfu verjanda hans með tilliti til þess, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974. Þá er ljóst, eins og áður hefur verið rakið, að um sömu vindlingalengjur er að ræða í VII. kafla ákæru, 1. lið, og í VIII. kafla ákæru, 2. lið.

Jafnframt er upplýst, að ákærði keypti ekki hljómmagnara þann, sem

í VIII. kafla ákæru, 1. lið, greinir. Ber því að sýkna hann af þeirri háttsemi.

— — —

Ákærði Helgi Marteinn hefur þrívegis gengist undir sektargreiðslu í dómi vegna umferðarlagabrota, en eigi sætt neinum öðrum refsingum.

— — —

Refsingar ákærðu Helga Marteins og D verða einnig metnar með tilliti til ofangreindrar lagagreinar, og þykir refsing ákærða Helga Marteins hæfilega ákveðin sekt til ríkissjóðs, að fjárhæð kr. 100.000, og refsing ákærða D með hliðsjón af sakaferli hans þykir hæfileg fangelsi 4 mánuði. Komi 40 daga varðhald í stað sektar ákærða Helga Marteins, greiði hann hana eigi innan 4 vikna frá uppkvaðningu dóms þessa.

— — —

Ákærði Helgi Marteinn verður dæmdur til að greiða verjanda sínum, Björgvin Þorsteinssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 20.000. Annan sakarkostnað greiði ákærðu A, B, C og E óskipt að 7/8 hlutum, en ákærðu Helgi Marteinn og D óskipt að 1/8 hluta.

Dómsorð:

— — —

Ákærði Helgi Marteinn Gunnlaugsson greiði kr. 100.000 í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en sæti ella varðhaldi 40 daga.

— — —

Ákærði Helgi Marteinn greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björgvins Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000, en annan sakarkostnað greiði ákærðu A, B, C og E óskipt að 7/8 hlutum, en ákærðu Helgi Marteinn og D óskipt að 1/8 hluta.

Föstudaginn 16. nóvember 1990.

Nr. 46/1989. **Símon Símonarson**
(Jónatan Sveinsson hrl.)
gegn
Ólafi Guðmundssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Verksamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 17. febrúar 1989. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 26.222 krónur með eftirtöldum dráttarvöxtum á mánuði: 2,25% frá 8. júlí 1986 til 1. mars 1987, 2,5% frá þeim degi til 1. júní 1987, 2,8% frá þeim degi til l. júlí 1987, 3% frá þeim degi til 1. ágúst 1987, 3,4% frá þeim degi til 1. september 1987, 3,5% frá þeim degi til 1. október 1987, 3,6% frá þeim degi til 1. nóvember 1987, 3,8% frá þeim degi til 6. sama mánaðar, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti og dráttarvaxta af dæmdum málskostnaði samkvæmt 10. gr. vaxtalaga að liðnum 15 dögum frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur lagt nokkur ný skjöl fyrir Hæstarétt.

Hinn 30. janúar 1989 var á bæjarþingi Reykjavíkur kveðinn upp dómur í málinu nr. 7191/1987: Örn Valberg gegn Ólafi Guðmundssyni, stefnda í máli því, sem hér er til úrlausnar. Í niðurstöðu dómsins, sem ekki hefur verið áfrýjað, segir m.a. svo:

„Fyrir liggur, að stefnandi tók að sér ákveðið verk fyrir stefnda samkvæmt verksamningi .....

Þegar stefnandi hóf verkið, var búið að taka út botn. Vitni þau, sem skýrslu gáfu fyrir dóminum, voru sammála um, að úttekt á botnplötu þýði, að búið sé að mæla út hæðarpunkta og að þeim

mælingum eigi að vera treystandi. Stefndi sá sjálfur um að grafa grunninn og lét taka út botninn. Verður ekki fallist á þá skýringu hans, að í þeirri úttekt hafi einungis átt að felast úttekt á sökkli. Hafi svo verið, bar honum að greina stefnanda frá því. Þykir stefndi því bera ábyrgð á því, að hæðarpunktar reyndust rangir fyrir sökkli og botnplötu, svo að rífa varð niður hluta af uppslætti fyrir sökkli og fleyga og sprengja í grunninum. Bar stefnanda því þóknun fyrir þá vinnu, sem hann lét stefnda í té vegna hreinsunar og annarra aukaverka í sambandi við það. Þá er ósannað, að stefnandi hafi tekið að sér upp á sitt eindæmi að ákveða og ábyrgjast sprengingar vegna niðurfalla, og ber honum einnig þóknun vegna aukastarfa við þær framkvæmdir. Það liggur fyrir, að stefndi var á staðnum nánast allan tímann, og er ósannað, að það verk hafi verið framkvæmt án hans vilja eða vitundar."

Fram er komið, að stefndi reyndi sjálfur, þegar í óefni var komið, að útvega mann til þess að fleyga og sprengja það, sem þurfti í grunninum og við hann, en sá maður gat ekki tekið verkið að sér. Leitaði stefndi þá til Arnar Valbergs, sem útvegaði Stefán Þorvarðarson til verksins, en Stefán fékk síðan áfrýjanda til að taka að sér lítinn hluta verksins. Af gögnum málsins má ráða, að kapp var lagt á að ljúka fleygun og sprengingum án undandráttar. Svo sem áður er frá greint, var stefndi á vinnustaðnum og fylgdist með framvindu verksins. Mátti áfrýjandi treysta því, eins og hér stóð á, að stefndi greiddi þóknun áfrýjanda fyrir þann hluta verksins, sem hann innti af hendi. Verður stefndi því dæmdur til að greiða áfrýjanda hina umstefndu skuld ásamt vöxtum eins og í dómsorði greinir.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti

Dómsorð:

Stefndi, Ólafur Guðmundsson, greiði áfrýjanda, Símoni Símonarsyni, 26.222 krónur með 27% ársvöxtum frá 8. júlí 1986 til 1. mars 1987, 30% frá þeim degi til 14. apríl 1987, en með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. janúar 1989.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. janúar sl., er höfðað af Símoni Símonarsyni, nnr. 8123-0315, Víðihlíð 30, Reykjavík, með stefnu, birtri 6. nóvember 1987, á hendur Ólafi Guðmundssyni, nnr. 6758-3078, Holtsgötu 9, Reykjavík, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 26.222, með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá 8. júlí 1986 til 1. apríl 1987, með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. júní s.á., með 2,8% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. júlí s.á., með 3% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. ágúst s.á., með 3,4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. september s.á., með 3,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. október s.á., með 3,6% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til stefnubirtingardags 6. nóvember 1987, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. l. nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati réttarins.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II.

Málavaxtalýsing stefnanda, málsástæður og lagarök.

Stefnandi kveðst reka vélaleigu í Reykjavík, þ. á m. annist hann hvers konar jarðvegsvinnu, þ.m.t. borun og sprengingar í húsgrunnum og skurðum.

Þann 2. eða 3. júní 1986 hafi verið óskað eftir borun í klöpp í húsgrunni að Eldshöfða 23, Reykjavík. Þar hafi verið að störfum við fleygun og sprengingar í húsgrunninum Stefán Þorvarðarson vinnuvélaeigandi og menn á hans vegum. Það hafi orðið að ráði milli húsbyggjandans, stefnda í máli þessu, og Stefáns, að hagkvæmt væri að fá stefnanda til að bora dýpstu holurnar í frárennslisskurði frá húsgrunninum, sem lá í gegnum klöpp og þurfti að sprengja allt að 1,60 metra niður. Ástæða þess muni hafa verið sú, að stefnandi bjó yfir góðum tækjabúnaði til borunar á svo djúpum holum og hafði m.a. yfir að ráða sérstökum borvagni til þess. Þessi djúpborun í klappir sé allverulegur þáttur í starfsemi stefnanda, þótt aðrir annist verkin að öðru leyti.

Verk þetta hafi stefnandi unnið samkvæmt reikningi fyrir húsbyggjandann, stefnda í máli þessu, enda ekki um annað rætt en að verk þetta væri unnið í þágu hans. Þarna hafi einnig komið fram, að Stefán Þorvarðarson hafði enn fremur verið þarna við sprengingar og fleygun samkvæmt reikningi.

Stefnandi hafi unnið verk þetta þann 3. júní, og hafi stefnda verið sendur reikningur þann 8. júlí 1986 og óskað eftir greiðslu. Stefndi hafi marglofað greiðslu, en ekki staðið við það. Þegar fram í sótti, hafi verið farið að hafa orð á því af hálfu stefnda, að reikningur stefnanda fyrir verkið væri of hár, án þess að sú mótbára væri rökstudd frekar með marktækum hætti.

Stefnukröfur styður stefnandi við almennar reglur samningsréttar og kröfuréttar. Um eindaga vísar stefnandi til 12. gr. l. nr. 39/1922, sbr. og 28. gr. s.l.

Kröfufjárhæðina kveður stefnandi grundvallast á reikningi, dagsettum 8. júlí 1986, að fjárhæð kr. 26.222,00, og verkskýrslu vegna framkvæmda að Eldshöfða 23, Reykjavík.

Málavaxtalýsing stefnda.

Stefndi kveður málsatvik vera þau, að með verksamningi, dagsettum 15. maí 1986, hafi Örn Valberg, Álakvísl 43, Reykjavík, tekið að sér fyrir stefnda „að slá upp sökklum og hæð hússins nr. 23 við Eldshöfða í Reykjavík samkvæmt samþykktum teikningum, er liggja fyrir ....", sbr. 1. gr. verksamningsins.

Vegna þessa verkþáttar hafi Örn ráðið Stefán Þorvarðarson til að framkvæma fyrir sig borun og sprengingar í grunni lóðarinnar. Stefán hafi síðan ráðið Símon Símonarson til að annast hluta verksins. Símon hafi þannig verið undirverktaki á vegum Stefáns Þorvarðarsonar.

Málsástæður stefnda og lagarök.

Sýknukröfu sína byggir stefndi fyrst og fremst á aðildarskorti. Stefndi sé ekki réttur aðili málsins, þar sem verkbeiðandi gagnvart stefnanda var Stefán Þorvarðarson, en ekki stefndi, sbr. 45. gr. l. nr. 85/1936. Lögmanni stefnanda hafi verið tilkynnt um þessa afstöðu stefnda með bréfi, dagsettu 23. október 1987, sbr. dskj. nr. 6.

III.

Aðilja- og vitnaskýrslur.

Aðiljar gáfu báðir skýrslu fyrir dómi, enn fremur vitnin Stefán Þorvarðarson og Örn Valberg.

Skýrði Stefán svo frá, að Örn Valberg hefði haft samband við sig og beðið sig að vinna tiltekið verk við sprengingar í húsgrunni stefnda. Hann hefði ekki haft samráð við stefnda um framgang verksins, heldur hefði Örn Valberg komið með útlistun á verkinu, hæðartölur og teikningar. Þegar til kom, átti Stefán ekki nægilega góðar vélar til að annast alla sprengjuvinnuna, og tók hann þá ákvörðun um að fá Símon Símonarson til að annast þann þátt verksins, sem hann ekki réð við. Hann kvaðst ekki muna,

hvort eða við hvern hann hefði rætt þá ákvörðun sína. Hann kvaðst hafa ráðið Símon á tímavinnugjaldi, en sjálfur hefði hann unnið allt sitt verk á tímavinnugjaldi. Hann kvað Örn Valberg hafa tekið það skýrt fram við sig, að Ólafur myndi greiða reikning fyrir sprengjuvinnu, hvort sem það væri frá Stefáni eða Símoni.

Stefnandinn, Símon Símonarson, skýrði svo frá, að Stefán Þorvarðarson hefði pantað hjá sér borvélina. Hann hefði gefið upp, að verkið væri fyrir ákveðinn mann, en stefnandi kvaðst ekki muna, hvort hann hefði nefnt Ólaf Guðmundsson þá. Hafi Stefán sagt honum að stíla reikninginn á Ólaf Guðmundsson. Hann kvaðst ekki muna, hvenær hann sendi Ólafi reikninginn. Hafi Ólafur margoft lofað að greiða honum reikninginn. Stefnandi kvaðst ekki sjálfur hafa verið að vinna þarna, heldur hefði hann bara útvegað vélarnar. Hann hafi aldrei talað við Ólaf. Hann hafi komið þarna við, en hann kvaðst ekki muna, hvort hann hefði kannski talað einu sinni við Ólaf. Hann kvaðst aldrei hafa beint kröfum sínum til Stefáns.

Stefndi Ólafur skýrði svo frá m.a., að hann hefði ekkert haft með ráðningu Símonar að gera. Eftir því sem hann best vissi, hefði Örn Valberg ráðið hann til verksins. Stefndi kvaðst ekki hafa vitað um, að það þyrfti að sprengja í grunninum, þegar verksamningurinn var gerður. Þegar það kom í ljós, hefði stefndi talað við sprengjumann, og hefði hann komið og metið kostnaðinn við það um kr. 40.000 - 45.000. Ekki hafi verið gert ráð fyrir, að greiðslur samkvæmt verksamningi fælu í sér sprengingar og slíkt. Ekkert hafi verið rætt um greiðslur fyrir það, og var skilningur stefnda á því sá, að Erni Valberg hafi borið að sjá um það samkvæmt samningi og engar aukagreiðslur kæmu fyrir það. Hann kvaðst ekki hafa beðið um úttekt byggingarfulltrúa á botni í nóvember 1985, það hefði einhver annar gert. Hann taldi, að úttektin fæli í sér, að byrja mætti framkvæmdir, svo framarlega sem allt væri klárt. Hann kvaðst telja, að úttektin hefði verið út af sökklum, en Örn hefði ætlað að taka botnplötu um leið, og það hefði þurft að fleyga fyrir henni, en ekki undan sökklunum.

Örn Valberg skýrði svo frá, að Ólafur hefði ætlað að fá Jón sprengjumann til að vinna verkið, en hann hefði ekki getað það. Hefði Örn þá verið beðinn um að vita, hvort hann gæti útvegað mann í verkið. Hefði hann þá útvegað Stefán Þorvarðarson, og eftir það hefði hann ekkert skipt sér af sprengjuvinnunni. Aðspurður kvaðst hann engin afskipti hafa haft af því, þegar sú ákvörðun var tekin að fá Símon Símonarson inn í tiltekinn hluta verksins. Hafi hann ekki vitað til þess, að ákvörðun um það hafi verið tekin í samráði við Ólaf Guðmundsson.

Aðspurður kvaðst mætti telja, að í úttekt á botni fælist það, að sökkullinn væri tilbúinn til uppsláttar.

IV.

Niðurstaða.

Með vísan til framburðar aðilja og vitna má telja upplýst, að Stefán Þorvarðarson tók að sér að vinna ákveðið verk í húsgrunni stefnda, og fól hann stefnanda, Símoni Símonarsyni, að vinna hluta þess. Tók hann þá ákvörðun á eigin spýtur og án þess að hafa um það samráð við Ólaf Guðmundsson eða Örn Valberg. Hafði stefndi þannig ekkert með ráðningarkjör eða vinnu stefnanda að gera. Þá er ósannað gegn andmælum stefnda, að hann hafi lofað stefnanda greiðslu á reikningnum. Er því ósannað, að stefndi Ólafur hafi tekið á sig nokkrar skuldbindingar gagnvart stefnanda. Má því fallast á það með stefnda, að stefnandi beini kröfum sínum ranglega að honum, og ber því að taka sýknukröfu hans til greina að öllu leyti.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnanda, Símon, til að greiða stefnda, Ólafi, málskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 30.000, þar með talinn söluskattur.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Ólafur Guðmundsson, Holtsgötu 9, Reykjavík, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Símonar Símonarsonar, Víðihlíð 30, Reykjavík, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 30.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 16. nóvember 1990.

Nr. 281/1990. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Steingrími Njálssyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Skírlífisbrot. Frávísun að hluta.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. júní 1990 að ósk ákærða og einnig af ákæruvalds hálfu til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu, en staðfestingar á ákvæðum héraðsdóms um, að ákærði sæti að refsingu lokinni gæslu samkvæmt 66. og 67. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur, en til vara, að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvalds í málinu.

I.

Verjandi ákærða byggir ómerkingarkröfu á því annars vegar, að verjanda í héraði hafi ekki gefist kostur á að koma að sjónarmiðum ákærða um öll þau atriði, sem héraðsdómur er byggður á. Á verjandinn hér við tilvitnanir í fyrri dóma yfir ákærða í forsendum dómsins. Hann kveður endurrit dóma þessara ekki hafa verið lögð fram í málinu og ákærða og verjanda hans því ekki hafa getað kynnt sér efni þeirra. Í öðru lagi er krafan byggð á því, að ríkissaksóknari hafi ekki sótt þing í héraði, svo sem verjandinn telur honum hafa verið skylt samkvæmt 130. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, en hér sé um að ræða sérstætt mál.

Meðal framlagðra skjala í héraði var sakavottorð ákærða, þar sem tilgreindir eru dómar, sem hann hefur hlotið, hvaða lagaákvæði hafi verið brotin og hver viðurlög ákveðin. Verjandi gat á grundvelli þessa málsskjals óskað eftir endurriti einstakra dóma. Reifun

héraðsdómara á dómum, sem tilgreindir eru í sakavottorði, þykir ekki þess eðlis, að brotinn hafi verið réttur á ákærða. Er hér reyndar um reifun að ræða, sem lesa má í dómi sakadóms Reykjavíkur 10. nóvember 1987, sem birtur er með dómi Hæstaréttar 24. febrúar 1988.

Ríkissaksóknara var ekki skylt að sækja þing í máli þessu í héraði, sbr. 130. gr. laga nr. 74/1974.

Með hliðsjón af framansögðu er ómerkingarkröfu ákærða hafnað.

II.

Sannað er í málinu, að drengur sá, er hér um ræðir, tæplega sjö ára að aldri, var hjá ákærða í herbergi hans hinn 15. febrúar 1990. Eru atvik að því nánar rakin í héraðsdómi og þar skýrt frá komu konu inn í herbergi ákærða, en dóttir hennar hafði skömmu áður séð drenginn fara inn í húsið með ákærða. Einnig er þar rakinn framburður ákærða, sem kveðst hafa hjálpað drengnum úr ytri buxum, þar sem þær hafi verið blautar. Ákærði vissi, að drengurinn bjó í sömu götu, skammt frá heimili hans, en drengurinn var honum ókunnugur að öðru leyti en því, að hann hafði tvisvar eða þrisvar áður farið með ákærða inn til hans. Þegar atvik málsins eru metin, verður að líta til þess, sem fyrir liggur um kynhneigð ákærða til drengja. Ber því að fallast á niðurstöðu héraðsdóms um, að atferli ákærða greint sinn varði við 209. gr. almennra hegningarlaga og 45. gr. laga nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna.

III.

Við ákvörðun refsingar ákærða ber að hafa í huga, að ekki verður séð, að atferli ákærða hafi valdið ótta hjá drengnum. Samkvæmt frásögn móður hans og sálfræðings hefur hann ekki sýnt merki þess, að hann hafi hlotið skaða af. Þykir refsing ákærða með hliðsjón af þessu og sakaferli hans hæfilega ákveðin fangelsi í 12 mánuði. Til frádráttar á að koma gæsluvarðhaldsvist hans frá 17. febrúar 1990.

IV.

Krafa ákæruvalds um gæslu ákærða eftir afplánun refsingar samkvæmt 67. gr., sbr. 66. gr. almennra hegningarlaga, er byggð á því,

að í ljósi sakarferils ákærða og niðurstöðu geðrannsóknar megi búast við, að hann haldi áfram skírlífisbrotum. Ekki hefur af ákæruvalds hálfu verið gerð grein fyrir því, hvernig umræddri gæslu yrði háttað og hvort kostur sé á gæslu annars staðar en í fangelsi. Með hliðsjón af þessu þykir þessi krafa ákæruvalds ekki nægilega rökstudd, og ber að vísa henni frá sakadómi.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Ákærði verður dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Steingrímur Njálsson, sæti fangelsi í 12 mánuði, en frá refsingunni skal draga með fullri dagatölu gæsluvarðhald ákærða frá 17. febrúar 1990.

Vísað er frá sakadómi kröfu ákæruvalds um gæslu ákærða að afplánun lokinni samkvæmt 67. gr., sbr. 66. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað skal vera óraskað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 75.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 75.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 11. júní 1990.

Ár 1990, mánudaginn 11. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 299/1990: Ákæruvaldið gegn Steingrími Njálssyni, sem tekið var til dóms þann 5. júní sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 2. apríl sl., á hendur ákærða, „Steingrími Njálssyni, Skarphéðinsgötu 16, Reykjavík, kennitala 210442-3679, fyrir skírlífisbrot, með því að hafa um kl. 16.30 fimmtudaginn 15. febrúar 1990 tælt drenginn A, fæddan 1983, sem ákærði hitti skammt frá heimili sínu, til að fylgja sér inn í herbergi sitt á 2. hæð í húsinu og haft þar í frammi við drenginn lostugt og hneykslanlegt athæfi með því að klæða hann úr buxum, draga niður nærbuxur hans og láta

hann krjúpa á sófa í herberginu, og kom konan S þannig að drengnum og hafði hann á brott með sér, en hún hafði veitt ákærða og drengnum eftirför af ótta við, að ákærði hygðist misnota drenginn kynferðislega. Undanfari þessa atburðar var sá, að ákærði hafði frá því um mánaðamót janúar/febrúar 1990 gert sér far um að vingast við drenginn og hafði hann m.a. í nokkur skipti komið í herbergi ákærða.

Telst þetta varða við 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og 45. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53, 1966.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar, og enn fremur með vísan til 67. gr. almennra hegningarlaga, að ákærði verði dæmdur til að sæta að refsingu lokinni gæslu samkvæmt 66. gr. sömu laga vegna undanfarandi breytni hans og hættu á, að hann muni halda áfram brotum af því tagi, sem hér um ræðir".

Málavextir eru þessir:

Fimmtudaginn 15. febrúar sl. kl. 16.43 fóru lögreglumenn að boði stjórnstöðvar að Ljósmyndastofu Þóris, Rauðarárstíg 20, hér í borg, en tilkynnt hafði verið, að ákærði hefði verið að fara með barn inn í hús að Skarphéðinsgötu 16. Þar fyrir utan hús höfðu lögreglumenn tal af Sonju Svansdóttur, og með henni var drengurinn A, fæddur 1983. Í lögregluskýrslu er haft eftir Sonju, að hún hafi verið stödd í ljósmyndastofunni ásamt dóttur sinni, og hafi þær séð mann leiða barn af götunni inn í húsið, og hafi dóttir Sonju talið sig þekkja manninn sem ákærða. Kvaðst Sonja hafa farið inn í húsið, og er hún kom inn í herbergi ákærða, sat drengurinn á rúmgafli buxnalaus og nærbuxur dregnar niður til hálfs. Hafi ákærði haft á orði, er Sonja kom inn í herbergið, að buxur barnsins væru orðnar þurrar. Kvaðst Sonja hafa klætt drenginn í buxurnar og farið með hann út, og reyndi ákærði ekki að koma í veg fyrir það. Ákærði var síðan handtekinn og færður á aðalstöð, þar sem Kristinn Pedersen aðstoðarvarðstjóri tók ákvörðun um geymslu hans. Samkvæmt gögnum málsins var ákærði allsgáður.

Í lögregluskýrslu er síðan bókað, að drengurinn hafi verið færður til móður sinnar. Virtist drengurinn miður sín að sjá og sagði þetta vera leyndarmál, sem ekki mætti segja frá.

Ákærði var fyrst yfirheyrður hjá RLR að kvöldi sama dags. Ákærði var yfirheyrður fyrir dómi daginn eftir, er honum var kynnt krafa RLR um gæsluvarðhald á hendur honum. Ákærði var eftir það nokkrum sinnum yfirheyrður hjá RLR, og hefur hann haldið fast við framburð sinn. Þykir nægja að gera grein fyrir framburði ákærða fyrir dómi þann 6. apríl sl.

Ákærði kvað upphaf kunningsskapar síns við drenginn vera það, að ákærði var að teppaleggja bifreið sína fyrir utan heimili sitt u.þ.b. þremur vikum áður en atburður sá varð, er hér er fjallað um. Kvað ákærði, að

drengurinn hefði komið til sín og haft tal af sér. Ákærði kvaðst hafa spurt drenginn, hvort hann væri svangur, og hefði drengurinn sagt svo vera, og kvaðst ákærði þá hafa boðið honum kókómalt og kex, enda sagðist drengurinn ekkert hafa borðað frá því um morguninn.

Ákærði kvaðst hafa boðist til að gera við segulbandstæki, sem drengurinn kvaðst eiga, og kvað ákærði, að drengurinn hefði farið heim til sín og sótt tækið.

Ákærði kvað, að drengurinn hefði komið eftir nokkra daga og spurt um tækið, en tækið hefði ekki „virkað" eins og það átti að gera.

Ákærði kvað, að nokkrum dögum eftir þetta hefði drengurinn enn komið í heimsókn, en hann hefði dvalið stutt hjá ákærða eða nokkrar mínútur.

Ákærði kvaðst þann 15. febrúar sl. hafa komið akandi á bifreið sinni eftir Gunnarsbrautinni, þar sem hann sneri bifreiðinni við og lagði hinum megin götunnar. Kvaðst ákærði hafa heyrt kallað hæ, og hafi þar umræddur drengur verið kominn og hafi hann sagt: „Þú sást mig ekki." Ákærði kvað, að drengurinn hefði fylgt sér inn í íbúðina, en ákærði kvaðst ekkert sérstaklega hafa boðið honum inn, og ekki kvað ákærði, að drengurinn hefði beðið um að fá að koma inn. Ákærði kvað, að er inn í herbergi hans var komið, hefði drengurinn farið úr úlpunni, og kvaðst ákærði þá hafa tekið eftir, að botn buxna drengsins voru blautar (sic). Kvað ákærði, að drengurinn hefði haft á orði, að hann væri kvefaður. Ákærði kvað, að drengurinn hefði tjáð sér, að faðir sinn væri úti á sjó, en móðir sín annaðhvort farin eða á leiðinni í skóla, en að sögn drengsins var hún að læra grísku. Kveðst ákærði því hafa staðið í þeirri trú, að drengurinn væri einn heima. Ákærði kvaðst hafa vitað, að drengurinn átti heima að Skarphéðinsgötu 6.

Ákærði kvað, að drengurinn hefði stigið í bleytu niðri í forstofu. Ákærði kvað, að drengurinn hefði ekki kvartað um bleytu, hvorki á sokkum né á buxum. Ákærði kvaðst hafa boðist til að þurrka buxur drengsins, og kvaðst ákærði hafa hjálpað honum úr buxunum og síðan tekið buxur, sokka og vettlinga og sett það á miðstöðvarofn.

Borinn var undir ákærða sá framburður konunnar, sem kom inn í íbúðina, að ákærði hefði tekið buxurnar af húsgagni, er merkt er F á teikningu. Ákærði kvað þetta alrangt.

Ákærði kvaðst ekki hafa tekið drenginn úr nærbuxum. Ákærði kvað, að drengurinn hefði sest í sófann, fengið sér kókómjólk og þurrkað sér um munninn með handklæði, sem ákærði kvað, að drengurinn hefði síðan sett yfir fætur sér. Þannig kvað ákærði, að drengurinn hefði verið, er konan kom inn.

Ákærði mótmælti þeim framburði konunnar, að drengurinn hefði kropið á sófanum með nærbuxurnar niður um sig.

Ákærði kvað, að drengurinn hefði verið í mesta lagi 5 mínútur inni hjá sér.

Ákærði kvaðst ekki vita, hvað drengurinn ætti við, er hann talaði um leyndarmál þeirra á milli. Við nánari umhugsun kvað ákærði líklega skýringu vera þá, að drengurinn kom auga á pappakassa með tómum öldósum í annað eða þriðja skipti, er hann kom í heimsókn, en dósir þessar hafi verið í eigu sambýlismanns ákærða, Jóns Reynis Þórarinssonar. Ákærði kvað, að drengurinn hefði spurt, hvort hann mætti eiga þessar dósir. Kvaðst ákærði hafa borið þetta undir Jón, sem hefði sagt, að drengurinn mætti eiga dósirnar. Ákærði kvað, að drengurinn hefði ekki tekið dósirnar, en ákærða fannst líklegt, að hér væri komið leyndarmálið, sem drengurinn talaði um.

Ákærði tók fram, að undir vissum kringumstæðum, þ.e.a.s. eftir áfengisneyslu, hefði hann kynferðislegan áhuga á ungum drengjum. Ákærði tók hins vegar fram, að hann var allsgáður umrætt sinn, enda búinn að fara í áfengismeðferð, og kvað hann ekkert slíkt hafa verið í huga sér þarna. Ákærði kvað, að meðferðinni hefði lokið um miðjan janúar sl., og kvaðst hann ekki hafa neytt áfengis eftir þann tíma.

Vitnið Sonja Einara Svansdóttir, kt. 050740-2429, gaf skýrslu hjá RLR þann 15. febrúar og 22. febrúar sl. og kom fyrir dóm þann 15. maí sl. Vitnið vann eið að framburði sínum. Vitnið kvaðst umrætt sinn hafa verið á vinnustað sínum að Rauðarárstíg 20, er dóttir þess kom inn og tjáði vitninu, að hún hefði séð mann, er hún taldi vera ákærða, fara með lítinn strák inn í hús rétt hjá. Kvaðst vitnið hafa hringt á lögreglu og spurt, hvort verið gæti, að ákærði ætti heima þarna. Vitnið kvaðst ekki hafa beðið eftir svari, heldur hlaupið út að húsinu og hringt þar báðum bjöllum. Kvað vitnið gamlan mann hafa opnað fyrir sér, og fór vitnið inn í ganginn. Vitnið kvaðst hafa séð mann kíkja fram af stigapallinum, og kvaðst vitnið hafa séð, að þarna var um ákærða að ræða. Kvaðst vitnið hafa spurt hann til nafns, og hafi hann sagst heita Steingrímur. Kvaðst vitnið hafa spurt hann, hvort hann væri með lítinn dreng hjá sér, og hafi hann játað því og sagt, að hann hafi verið svo blautur, og hafi hann verið að þurrka föt hans. Vitnið kvaðst hafa gengið á eftir ákærða upp stigann, farið inn í herbergið, og er þangað kom, kvaðst vitnið hafa séð, að drengur kraup þar á sófa, og var hann á nærbuxum, og voru þær dregnar niður á miðjan rass. Vitnið kvaðst hafa beðið drenginn um að koma með sér, en hann hefði virst hissa og snúið sér við og tekið nærbuxurnar upp um sig. Kvað vitnið ákærða hafa teygt sig bak við hurð og náð þar í buxur drengsins, en vitnið stóð í þeirri trú, að þar væri ofn. Að sögn vitnisins fór drengurinn að mestu leyti sjálfur í buxurnar, en ákærði hjálpaði honum eitthvað. Vitnið kvaðst hafa svarað neitandi þeirri spurningu ákærða, hvort það væri móðir

drengsins. Vitnið kvaðst hafa hjálpað drengnum í stígvél, og kvaðst vitnið þá hafa tekið eftir því, að buxur hans voru blautar upp að hnjám. Vitnið kvað drenginn hafa verið í sokkum, er vitnið kom að honum í sófanum, og hafi þeir verið þurrir. Vitnið kvaðst ekki hafa kannað sérstaklega, hvort botn buxnanna var blautur. Kvaðst vitnið hafa beðið drenginn að sýna sér, hvar hann ætti heima, en að sögn vitnisins vildi hann ekki fara heim og tók svo til orða, að þetta væri leyndarmál. Kvaðst vitnið hafa spurt drenginn, hvort ákærði hefði sagt honum, að þetta væri leyndarmál, og kvað vitnið drenginn hafa játað því. Vitnið tók fram, að það gekk upp tröppurnar að herbergi ákærða, og kvaðst vitnið rétt hafa stigið inn fyrir þröskuldinn á herberginu. Vitnið kvað ekki útilokað, að drengurinn hefði verið að horfa út um gluggann, er vitnið kom inn í herbergið. Vitnið tók ekki eftir ofni, sem er við sófann, þar sem drengurinn var. Vitnið tók fram, að hefði komið í ljós, að þarna hefði ekki verið um ákærða að ræða, hefði það reynt að snúa sig út úr því með því að segjast vera að leita að einhverjum.

Vitnið Harpa Þórisdóttir, kt. 280464-4069, gaf skýrslu hjá RLR þann 16. febrúar sl. og kom fyrir dóm þann 28. maí sl. Vitnið kvaðst umrætt sinn hafa verið að aka Gunnarsbraut og ætlað að beygja inn á Skarphéðinsgötu. Kvaðst vitnið hafa tekið eftir Skodabifreið, sem ekið var á undan bifreið vitnisins og síðan lagt við gangstéttarbrún á Gunnarsbraut. Kvaðst vitnið hafa þekkt ökumann sem ákærða af myndum, sem birtust af honum í fjölmiðlum fyrir nokkrum árum. Vitnið kvaðst hafa ekið í innkeyrslu að vinnustað vitnisins að Rauðarárstíg 20, og kvaðst vitnið þá hafa séð ákærða ganga upp tröppur, og kom lítill drengur hlaupandi á eftir honum. Kvað vitnið, að ákærði hefði haldið hurðinni opinni fyrir drengnum, og hefðu þeir farið inn. Vitnið kvaðst hafa rætt við móður sína, og hefðu þær velt fyrir sér, hvað ætti að gera, og hafi sú ákvörðun verið tekin að hringja á lögreglu, og hafi móðir vitnisins gert það. Kvað vitnið móður þess hafa tekið þá ákvörðun að fara á staðinn, og kvað vitnið hana hafa farið og síðan komið út með drenginn. Taldi vitnið, að þá hefðu verið liðnar 10 til 15 mínútur, frá því að ákærði og drengurinn fóru inn í húsið. Vitnið kvað lögregluna í millitíðinni hafa komið á vinnustað vitnisins til að leita upplýsinga, og kvað vitnið lögregluna hafa verið rétt ókomna að húsi ákærða, er móðir vitnisins kom út með drenginn. Vitnið kvað lögregluna hafa handtekið ákærða, en móðir þess farið með drenginn til móður hans. Kvaðst vitnið þá hafa talað við móður sína, og hafi móðir þess lýst atvikum fyrir vitninu. Að sögn vitnisins skýrði móðir þess svo frá, að drengurinn hefði verið á hnjánum uppi í sófa, buxnalaus, en nærbuxur dregnar hálfpartinn niður fyrir rassinn. Kvaðst vitnið hafa skilið þetta svo, að nærbuxurnar hefðu verið dregnar niður fyrir miðjar rasskinnar. Vitnið kvað móður þess hafa verið í uppnámi, er hún sagði vitninu frá þessu.

Sigurður Þorgrímsson, barnalæknir á Landspítalanum, skoðaði drenginn þann 17. febrúar sl. Í vottorði hans, sem hann staðfesti fyrir dómi þann 15. maí sl., segir svo:

„Drengurinn kom eðlilega fyrir og var samvinnuþýður. Engin áverkamerki fundust og sérstaklega kom ekkert fram sem benti til kynferðislegrar misnotkunar. Skoðun á kynfærum og endaþarmi leiddi ekkert athugavert í ljós. Niðurstaða: Ekkert kemur fram við læknisskoðun sem bendir til að drengurinn hafi verið misnotaður kynferðislega. Það útilokar þó ekki að slíkt hafi átt sér stað."

Teknar voru myndir af fatnaði drengsins og hann rannsakaður, og kom ekkert athugavert í ljós.

Þann 17. febrúar sl. átti Þorgeir Magnússon sálfræðingur viðtal við drenginn. Eru ályktanir hans að viðtalinu loknu svohljóðandi:

„Um er að ræða sjö ára dreng sem vísað er til athugunar til að fá fram nánari málsatvik vegna gruns (sic) um kynferðislega áreitni. Drengurinn fullyrðir að umræddur maður hafi ekki unnið honum mein en færist undan því að svara spurningum um það hvað þeim hafi farið á milli. Tel ég óráðlegt og þýðingarlaust að ganga frekar á piltinn í þessum efnum að sinni. Það virðist einlæg skoðun A að maðurinn hafi ekkert alvarlegt gert honum og sýnist hann ekki hafa skynjað atferli mannsins sem ógnun við sig, e.t.v. af hrekk- og grandaleysi. Hann virðist þó skynja sterkt að hann hafi tekið þátt í einhverju sem er álitið rangt og óæskilegt og veldur sú staðreynd honum talsverðum óþægindum. Þar gæti blandast saman ótti, skömmustutilfinning, sektarkennd, ruglingur og fát (confusion) og efinn um hvort rétt sé að halda tryggðarsamning við umræddan mann.

Drengurinn sýnist hafa átt allgott trúnaðarsamband við móður sína og þótt hann hafi ekki enn trúað henni fyrir því sem gerðist gæti sú orðið raunin þegar um hægist, pilturinn áttar sig betur og eykst öryggi að nýju. Ég mun eiga tal við móður aftur eftir u.þ.b. 10 daga og fylgjast síðan með líðan piltsins næstu vikurnar. Ef nýjar upplýsingar koma fram mun ég láta vita."

Sálfræðingurinn gaf viðbótarálit þann 26. mars sl., og er það svohljóðandi:

„Í framhaldi af skýrslu minni um mál þessa drengs, dags. 20.2.1990, þar sem tekið er fram í lokin að undirritaður muni fylgjast með líðan hans næstu vikurnar og láta viðeigandi yfirvöld vita ef nýjar upplýsingar skytu upp kollinum, skal upplýst að þrátt fyrir frekari viðtöl við drenginn og móður hans hefur ekkert nýtt komið fram. Drengurinn hefur þó tekið fram að hann hafi kynnst umræddum manni þegar sá var að teppaleggja bifreið utandyra þar í nágrenninu en ber við minnisleysi þegar tal berst að því hvað gerst hafi á fundum þeirra. Hann hefur ekki sýnt sérstök merki kvíða eða

annarrar vanlíðunar síðan þessi atvik áttu sér stað og er eins og hann á að sér að áliti móður sinnar. Hún mun hafa við mig samband ef breyting verður á ástandinu.“

Sálfræðingurinn kom fyrir dóm sem vitni þann 15. maí sl. og skýrði svo frá, að hann myndi ekki sérstaklega, hvort hann spurði drenginn, hvernig klæðnaði hans var háttað, er konan kom að honum, en vitnið tók fram, að alltaf, er það reyndi að spyrja drenginn um efnisatriði, svaraði hann því til, að hann myndi það ekki. Vitnið kvað, að það gæti ekki séð, að drengnum væri brugðið eða hann í tilfinningalegu ójafnvægi, en hann hafi verið feiminn og óöruggur (sic). Vitnið kvaðst daginn áður hafa hringt í móður drengsins, og hafi hún tjáð vitninu, að allt gengi vel, og hafi sjálfstraust hans aukist. Vitnið kvað móður drengsins hafa talið hann bera þess merki, að hann vildi frekar opna sig um málið nú. Vitnið taldi, að það væri drengnum að skaðlausu, að dómarinn ræddi við hann í viðurvist móður hans, að því tilskildu, að fyllstu nærgætni væri gætt. Vitnið kvað drenginn auðveldlega laðast að fólki og hægt sé að leiða börn á þessum aldri út í ýmislegt. Kvað vitnið, að eftir inngrip (sic) konunnar og lögreglu sé mögulegt, að drengurinn fari að ætla, að hann hafi tekið þátt í einhverju, sem ekki má. Borinn var undir vitnið framburður ákærða fyrir dómi þann 6. apríl sl., þar sem ákærði reynir að skýra leyndarmál það, sem drengurinn hefur talað um. Vitninu fannst þessi skýring ákærða ólíkleg.

Vitnið K gaf skýrslu hjá RLR þann 21. febrúar sl. og kom fyrir dóm ásamt syni sínum þann 28. maí sl. Yfirheyrslan fór fram á skrifstofu dómarans. Reynt var að spyrja drenginn um efnisatriði, en hann kvaðst ekkert muna. Þá var barnið spurt, hvort maðurinn hefði ætlað að gefa því tómar dósir, en barnið kvaðst ekki muna eftir því. Vitnið K kvaðst hafa verið heima hjá sér umrætt sinn. Kvaðst vitnið ekki hafa tekið eftir, að fatnaður drengsins væri blautur, þegar konan kom með hann, en kvaðst ekki hafa gáð sérstaklega að þessu. Vitnið kvað drenginn aldrei hafa viljað ræða þessa atburði, og því hafi hann ekki tjáð sig um það, hvort hann hefði verið færður úr nærbuxunum.

Vitnið Jón Reynir Þórarinsson, kt. 210642-4219, gaf skýrslu hjá RLR þann 15. febrúar sl. og kom fyrir dóm þann 15. maí sl. Vitnið kvaðst leigja herbergi að Skarphéðinsgötu 16 og kvaðst hafa verið heima, er ákærði kom heim með dreng með sér. Kvað vitnið ákærða hafa farið með drenginn inn til sín og lokað að sér, og u.þ.b. 5 mínútum síðar hefði kona komið og tekið drenginn með sér, en lögreglan komið skömmu síðar. Vitnið kvað ákærða ekkert hafa komið til sín, meðan drengurinn var hjá honum, en vitnið kvað hugsanlegt, að ákærði hefði kastað á sig kveðju. Vitnið kvað þennan dreng hafa komið einu sinni áður, og hafi hann þá dvalið mjög stutt, og ákærði hafi ekki lokað að sér. Vitnið kvað ekkert óeðlilegt þá

hafa gerst, en ákærði hefði verið að gera við lítið barnasegulband fyrir drenginn. Vitnið vissi ekki önnur dæmi þess, að ákærði hefði farið með drengi inn til sín. Vitnið kvað ákærða í fyrra skiptið hafa tjáð sér, að drengurinn væri lyklabarn og móðir hans væri að vinna.

Vitnið kvaðst vera öryrki og alltaf vera heima.

Vitnið Ómar Ægir Kristjánsson, kt. 300158-3189, gaf skýrslu hjá RLR þann 20. febrúar sl. og kom fyrir dóm þann 15. maí sl. Vitnið kvaðst leigja herbergi að Skarphéðinsgötu 16, en vitnið kvaðst ekki hafa verið heima, er umræddir atburðir urðu. Kvaðst vitnið hafa orðið vart við heimsóknir til ákærða, bæði fullorðinna og ungra drengja. Kvaðst vitnið muna eftir því, að tveir drengir hefðu komið í heimsókn til hans, en vitnið kvaðst ekkert hafa skipt sér af þessu.

Vitnið Einar Guðbjartsson Ingibjörnsson, kt. 020845-4309, gaf skýrslu hjá RLR þann 21. febrúar sl. og kom fyrir dóm þann 15. maí sl. Vitnið kvaðst vera félagsráðunautur á göngudeild áfengisdeildar Landspítalans, og kvað vitnið afskipti sín af ákærða hafa hafist haustið 1988, er ákærði hefði afplánað dóm á Litla-Hrauni. Vitnið kvaðst hafa fylgt ákærða til Sviþjóðar í hælisvist samkvæmt hæstaréttardómi, og kvaðst vitnið hafa dvalist þar í viku. Vitnið kvað ákærða hafa komið til landsins í fyrra sumar, og kvaðst vitnið þá hafa aðstoðað hann, og að tilhlutan vitnisins fór ákærði í áfengismeðferð til Svíþjóðar í desember sl. Kvaðst vitnið síðan hafa aðstoðað ákærða til að komast heim og í samráði við Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar útvegað ákærða húsnæði að Skarphéðinsgötu 16. Vitnið kvaðst ekki hafa orðið vart við, að ákærði neytti áfengis eftir þessa meðferð, en vitnið kvað ákærða hafa játað að hafa í eitt skipti neytt diazepams. Vitnið kvaðst hafa frétt af máli þessu í fjölmiðlum morguninn eftir, og kvaðst vitnið hafa farið að Skarphéðinsgötu til þess að athuga, hvort ákærði væri kominn heim, en svo hafi ekki verið. Að sögn vitnisins var þarna eftirlitsmaður frá félagsmálastofnun, og bauðst hann til að opna fyrir vitninu. Vitnið kvaðst hafa opnað svarta skjalatösku þarna, og kvað vitnið, að í henni hefðu verið tvö klámblöð, og jafnframt kvaðst vitnið hafa fundið Polaroid-ljósmynd á bak við töskuna, en vitnið afhenti RLR muni þessa þann 21. febrúar sl.

Vitnið Jónbjörn Bogason lögreglumaður, kt. 170259-4839, gaf skýrslu hjá RLR þann 20. febrúar sl. og kom fyrir dóm þann 15. maí sl. Vitnið skýrði frá útkallinu og kvaðst hafa mætt konu á tröppunum, og leiddi hún dreng. Hefði konan tjáð lögreglumönnunum, að drengurinn hefði verið inni í íbúð ákærða, og hefðu nærbuxur hans verið dregnar niður. Kvað vitnið konuna hafa sagt, að drengurinn hefði setið á rúmi og nærbuxur hans dregnar niður á hné. Kvað vitnið konuna hafa verið mjög æsta og hafa rutt þessu út úr sér, og kvaðst vitnið hafa skilið hana þannig, að nærbux-

urnar hefðu verið dregnar niður á hné eða til hálfs, eins og vitnið orðaði það í skýrslum sínum. Vitnið kvaðst strax hafa séð, að konan var reið og æst.

Vitnið Sveinn Erlendsson lögreglumaður, kt. 180160-3229, gaf skýrslu hjá RLR þann 20. febrúar sl. og kom fyrir dóm þann 15. maí sl. Vitnið skýrði frá aðdraganda útkallsins og kvaðst hafa hitt konu á tröppunum, en ungur drengur hefði verið skammt frá, og hefði hann gengið í átt að heimili sínu. Að sögn vitnisins var konan miður sín, og tjáði hún þeim í stórum dráttum, hvað gerst hafði. Kvað vitnið konuna hafa sagt, að hún hefði komið að drengnum buxnalausum í herbergi ákærða, en vitnið kvað konuna ekki hafa lýst þessu nánar og ekki rætt um nærbuxur drengsins. Vitnið lýsti síðan handtöku ákærða, sem hefði eitthvað maldað í móinn, en komið sjálfviljugur með lögreglumönnunum.

Vitnið Kristinn Pedersen aðstoðarvarðstjóri, kt. 300548-7099, gaf skýrslu hjá RLR þann 20. febrúar sl. og kom fyrir dóm þann 15. maí sl. Vitnið kvaðst umrætt sinn hafa verið varðstjóri í fangageymslu, er komið var með ákærða í móttökuna niðri. Vitnið mundi ekki, hvort ákærði var í handjárnum. Vitnið kvaðst hafa spurt ákærða að nafni, en hann hefði engu svarað. Kvað vitnið lögreglumennina, sem komu með ákærða, hafa sagt hann grunaðan um að hafa leitað á barn. Vitnið kvað ákærða hafa óskað eftir tilteknum lögmanni, og kvaðst vitnið hafa látið Sigurbjörn Víði hjá RLR vita af því. Vitnið kvaðst hafa hætt á vakt kl. 21.00, og hefði ákærði þá enn verið í haldi. Vitnið kvaðst ekkert hafa rætt við ákærða um mál þetta, en kvaðst hafa fært honum mat á matsmálstíma.

Í máli þessu hafa verið lagðar fram ljósmyndir og teikningar af vettvangi, og hefur Kristján Friðþjófsson rannsóknarlögreglumaður, kt. 040351-4779, komið fyrir dóm og staðfest þessi verk sín.

Í þágu rannsóknar málsins var ákærða með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 4. apríl sl. kl. 16.00. Ákærði kærði úrskurðinn til Hæstaréttar Íslands, sem staðfesti hann með dómi þann 22. febrúar sl. Með úrskurði, uppkveðnum þann 3. apríl sl., var gæsluvarðhald ákærða framlengt til 1. júní sl., og jafnframt var honum á gæsluvarðhaldstímanum gert að gangast undir rannsókn á geðheilbrigði sinni. Ákærði kærði úrskurð þennan til Hæstaréttar Íslands, sem með dómi, uppkveðnum þann 9. apríl sl., féllst á þá kröfu ákæruvaldsins, að ákærði skyldi sæta gæsluvarðhaldi til 1. júlí nk. kl. 16.00. Jafnframt var ákærða með dómi Hæstaréttar gert að gangast undir nánar tilgreinda læknisrannsókn.

Í dómi Hæstaréttar segir svo m.a.:

— — —

Með bréfi dómarans, dagsettu 17. apríl sl., var Högna Óskarssyni geðlækni falið að framkvæma ofangreinda athugun á ákærða. Geðrannsóknin

barst dóminum þann 11. maí sl., og staðfesti geðlæknirinn hana fyrir dómi þann 28. maí sl.

Samantekt og álit geðlæknisins er svohljóðandi:

„Samantekt.

Steingrímur Njálsson er 48 ára gamall karlmaður, ókvæntur og barnlaus og atvinnulaus. Hann situr nú í gæsluvarðhaldi vegna ákæru um skírlífisbrot og var gert að gangast undir rannsókn á geðheilbrigði sinni.

Steingrímur er alinn upp á Siglufirði til þrettán ára aldurs. Hann missti móður sína tveggja ára og ólst upp hjá fósturforeldrum og börnum þeirra. Þrettán ára flutti hann til Reykjavíkur með fósturfjölskyldu sinni, en hefur á fullorðinsárum búið víða um land, í verbúðum, bátum og annars staðar. Hefur hann þó haft lögheimili á heimili föður síns á Siglufirði. Steingrímur hefur ekki lokið formlegu skólanámi né nokkru öðru námi nema það (sic), að hann hefur lokið námskeiði í skipstjórn. Hann hefur unnið við flest algeng störf til sjós og lands, en hvergi tollað lengi við vinnu. Steingrímur hefur aldrei kvænst eða hafið sambúð, en mun þó á unglingsárum hafa verið í sambandi við stúlku í u.þ.b. hálft ár. Hann mun hafa gert tilraunir til þess að eiga ástarsambönd við konur, en þær tilraunir hafa gengið illa og kennir Steingrímur um þröngri forhúð á getnaðarlim sínum, sem valdi sársauka við samfarir.

Steingrímur hefur misnotað áfengi frá því um tvítugt og hefur oftsinnis komist í kast við lögin þess vegna. Hann fór fyrst í meðferð árið 1980 og hefur farið þrisvar í meðferð síðan, en engin meðferðanna hefur borið varanlegan árangur.

Afbrotaferill Steingríms hófst á unglingsárum, og hefur hann hlotið fjölda dóma, flest (sic) fyrir ölvunarbrot og brot vegna ölvunar við akstur. Einnig hefur hann fengið dóma fyrir þjófnaði og svo í þrjú skipti fyrir skírlífisbrot gagnvart ungum drengjum. Í kjölfar afbrots og ákæru 1986 var hann með hæstaréttardómi 1988 úrskurðaður til meðferðar á viðeigandi hæli. Dvaldist hann á hælinu í Västervik í Svíþjóð í u.þ.b. átta mánuði og fékk lyf til þess að stöðva framleiðslu karlkynshormóns og þar með draga úr kynhvöt. Sú meðferð féll niður við útskrift í júní á sl. ári. Steingrímur fór að fá kynhvöt aftur nokkrum mánuðum seinna, sem hann sagði þó vera eðlilega.

Steingrímur er nú ákærður fyrir skírlífisbrot gagnvart Aroni Smára Barber. Steingrímur þverneitar að hafa brotið nokkuð af sér gagnvart þessum dreng.

Álit.

1. Persónuleikatruflun:

Steingrímur Njálsson er haldinn alvarlegri skapgerðartruflun, sem hefur lýst sér í hegðunarvandræðum, frá því hann var barn eða unglingur, og sem (sic) hefur leitt til þess, að atferli hans hefur verið á margan hátt and-

félagslegt öll hans fullorðinsár. Skapgerðareinkenni þessi (sociopathic personality) myndast snemma á þroskaskeiði barnsins og halda áfram á fullorðinsárum. Afleiðingar þessarar skapgerðar eru m.a. lítil og losaraleg tengsl við annað fólk, trufluð siðferðiskennd, lítil ábyrgðartilfinning og léleg hvatastjórn. Afbrigðilegar kynferðislegar athafnir af ýmsu tagi tengjast einnig einstaklingum með skapgerð þessa. Eins hneigjast þeir til óhóflegrar vímugjafanotkunar. Meðferð við þessum skapgerðarvandamálum ber sjaldnast mikinn árangur. Lyfjameðferð er hægt að beita við skyndibreytingum á tilfinningalífi eða hvatastjórnun, en mjög erfitt er að hafa áhrif á rótgróna þætti skapgerðarinnar með læknisfræðilegum aðferðum. Rétt er að taka fram að hin andfélagslegu skapgerðareinkenni þessara einstaklinga mildast oft með árunum.

2. *Áfengissýki:*

Steingrímur er haldinn áfengissýki, sem á tímabilum er á nokkuð háu stigi. Hann hefur fjórum sinnum farið í meðferð, sem lítinn árangur hafa (sic) borið, og þó svo hann segi nú að hann hafi orðið fyrir hugarfarsbreytingu eftir meðferðina í Málmey fyrir fimm mánuðum, þá er óvarlegt að treysta slíkum yfirlýsingum. Reynsla frá því á sl. hausti sýndi að ákaflega erfitt var að ná nokkurri samvinnu við Steingrím um að hætta að drekka meðan hann hafði fullt persónufrelsi.

3. *Afbrigðileg kynhneigð:*

Steingrímur hefur frá því a.m.k. um tvítugt verið haldinn afbrigðilegri kynhneigð, sem lýsir sér annars vegar í því að hann hefur haft löngun til að njóta kvenna kynferðislega, en hefur ekki fylgt þeirri löngun mjög markvisst eftir, og hefur reynst eiga við kynferðisvandamál (sic), þannig að hann hefur ekki getað lokið samförum við konur á fullnægjandi hátt. Jafnframt þessu hefur hann haft kynhneigð til ungra drengja (homosexual pedophilia). Í tengslum við þessa afbrigðilegu kynhneigð hefur Steingrímur nokkrum sinnum verið ákærður fyrir brot gegn ungum drengjum og fengið dóm fyrir. Í núverandi geðrannsókn vildi Steingrímur lítið tjá sig um þessi mál, en neitar þó ekki að hafa haft þessa kynhneigð en vildi halda fram að kynhneigð sín nú væri með öllu eðlileg. Það kemur oft fram hjá einstaklingum með þessa kynhneigð að þeir eru barngóðir og hænast börn stundum að þeim. Undirstrikar Steingrímur þennan þátt í skapgerð sinni. Hann virðist eiga ákaflega erfitt með að setja sig í spor þeirra drengja, sem hann hefur misnotað, ekki getur hann heldur gert sér grein fyrir því hversu alvarlegar afleiðingar þetta geti haft fyrir þá. Steingrímur var í meðferð við þessu vandamáli í Svíþjóð frá því í október 1988 fram í júní 1989. Var honum gefið lyf til að draga úr kynhvöt og bar það góðan árangur. Hins vegar

kemur fram í skýrslum lækna og starfsfólks spítalans, að Steingrímur hafi verið fremur neikvæður og ósamvinnuþýður á deildinni að öðru leyti en því að hann tók sín lyf. Þessari lyfjameðferð var ekki fylgt eftir af hálfu sjúkrahússins í Svíþjóð né heldur af læknum hér á landi eftir að hann kom til Íslands í júní á síðasta ári. Í skýrslu Einars Guðbjartssonar, meðferðarfulltrúa áfengisdeildar Landspítala, kemur fram, að hann lagði hart að Steingrími að hefja þessa lyfjameðferð aftur á sl. hausti, en svo virðist sem Steingrímur hafi stöðugt streist gegn því.

Undirritaður ræddi við Steingrím um áframhaldandi meðferð af þessu tagi. Steingrímur kvaðst fús til þess að undirganga (sic) meðferð, ef það kynni að firra sig dómi í þessu máli og ef það kynni að forða sér frá handtökum af svipuðu tilefni í framtíðinni. Með þessu tók hann skýrt fram að hann væri ekki að játa neina sekt í núverandi ákæru.

Það er ljóst að ákaflega erfitt muni reynast að gefa Steingrími andhormónalyf daglega vegna þess hve óreglulegu lífi hann lifir og vegna þess hve hann missir gjarnan stjórn á áfengissýki sinni. Hægt er að gefa lyf með sömu verkun í sprautuformi undir húð og endast áhrifin í þrjár vikur eftir hverja sprautu. Lyf sem þetta er ekki skrásett á markaði hérlendis en mun t.d. vera skrásett í Svíþjóð undir nafninu Zoladex. Þetta lyf dregur úr testosteroframleiðslu og kynhvöt á sama hátt og lyfjameðferð sú, sem Steingrímur fékk í Svíþjóð.

Almenn reynsla með einstaklinga, sem hafa svipaða skapgerðargalla og Steingrímur, og svo reynsla af meðferð Steingríms, gefur ekki tilefni til mikillar bjartsýni um að Steingrímur muni fylgja lyfjameðferð samviskusamlega eftir þrátt fyrir góð orð. Það er því mat undirritaðs, að til þess að meðferð eigi að bera varanlegri árangur en í fyrri tilraunum, þá þurfi að vera hægt að beita einhvers konar skilorði þannig, að Steingrími sé skylt að ganga undir meðferð sem þessa ella yrði öðrum viðurlögum beitt. Undirrituðum er hins vegar ókunnugt um lagalegar forsendur fyrir slíku.

Það er mat undirritaðs, að meðferð sem þessi þyrfti að vera mjög vel samhæfð meðferð Steingríms við áfengissýki og eins félagslegum stuðningi. Þykir undirrituðum eðlilegt, að gerður yrði samningur milli Steingríms annars vegar og t.d. áfengisdeildar geðdeildar Landspítala hins vegar um að veita Steingrími áfengismeðferð jafnframt því sem hann fylgdi meðferð eftir með þátttöku í AA-hópi. Enn fremur myndu læknar áfengisdeildar sjá um að gefa Steingrími andhormónalyf til að draga varanlega úr kynhvöt. Brýna nauðsyn bæri til að Félagsmálastofnun Reykjavíkur eða önnur viðhlítandi stofnun tæki að sér mjög virka fyrirgreiðslu í félagslegum vandamálum Steingríms.

Það er mat undirritaðs, að verði meðferð sem þessi ekki skipulögð mjög nákvæmlega af göngudeild eins og að ofan greinir, félagsmálastofnun og

dómsvaldinu, þá sé ákaflega hæpið að hún muni bera nokkurn árangur til langframa.

Steingrímur er ekki haldinn alvarlegri geðveiki eða greindarskorti af þeim toga, sem firri hann ábyrgð gerða sinna eða geri hann ósakhæfan."

Margrét Bárðardóttir sálfræðingur gerði sálfræðipróf á ákærða, og er samantekt og álit hennar svohljóðandi:

„Hér er um 48 ára gamlan einstakling að ræða sem sýnir mjög skýrar skapgerðartruflanir sem einkum felast í andfélagslegu atferli. Það getur birst í hinum ýmsu (sic) myndum. T.a.m. eru þessir einstaklingar oft viðriðnir hina ýmsu (sic) smáglæpi, tíðum meiriháttar umferðaróhöppum (sic), alkóhólisma o.fl. Afbrigðilegar kynferðislegar athafnir af ýmsu tagi tengjast einstaklingum með þessa prófmynd. Rétt er að geta, að Steingrímur svarar flestum þeim spurningum er lúta að afbrigðilegri kynferðislegri hegðun neitandi og gefur í skyn að eiga á engan hátt við slíka erfiðleika að etja.

Þessir einstaklingar eru yfirleitt félagslega firrtir og eiga erfitt með eða geta jafnvel ekki myndað náin tengsl við aðra. Þeim er lýst sem óábyrgum, hvatvísum utangarðsmönnum í þjóðfélaginu með truflaða siðferðiskennd. Aðlögun að sálrænum vandamálum (varnarhættir) byggjast (sic) einkum á „acting-out"-hegðun. Þeir geta verið vingjarnlegir á yfirborðinu og gefið yfirlýsingar um eindræga (sic) ósk að vilja snúa blaðinu við, en svara illa meðferð og sýna lítið þol þegar á reynir."

Niðurstöður.

Ákærði hefur kannast við að hafa fært drenginn úr ytri buxum í þeim tilgangi að þurrka þær. Hins vegar hefur ákærði neitað því, að drengurinn hafi verið í þeirri stellingu og með nærbuxur dregnar niður til hálfs, eins og vitnið Sonja lýsir, og verður því að telja það ósannað. Þá ber að líta til þess, að framburður drengsins um leyndarmál og þögn hans um atburði vekja grunsemdir um annarlegan tilgang ákærða. Ferill ákærða sýnir áhuga hans á ungum drengjum, og læknisfræðilegar athuganir á honum styðja þetta. Ákærði gerir sér far um að hæna til sín ungt barn, honum ókunnugt, færir það að eigin sögn úr ytri buxum vegna bleytu, en vitni taka ekki sérstaklega eftir því, að þær hafi verið blautar. Ákærða hlýtur að hafa verið ljóst, að slík afskipti hans af ungum drengjum hlytu að kalla á viðbrögð hins almenna borgara og löggæslu, en það býður einmitt þeirri hættu heim, að ungmennin telja sig hafa verið að taka þátt í einhverju ósiðlegu athæfi með ákærða.

Þegar allt framanritað er virt í heild sinni, verður að telja, að sú háttsemi ákærða að afklæða drenginn hafi verið liður í að fullnægja afbrigðilegri kynhneigð hans (sic). Varðar þessi háttsemi ákærða við 209. gr. almennra

hegningarlaga og 45. gr. laga nr. 53, 1966, um vernd barna og ungmenna.

Sakaferill ákærða, viðurlög o.fl.

Ákærði, sem er sakhæfur, á að baki óvenjulega langan og mikinn sakaferil. Á árinu 1959 var ákæru tvívegis frestað á hendur honum fyrir þjófnaðarbrot. Ákærði hefur frá árinu 1963 hlotið 24 refsidóma fyrir kynferðisafbrot, þjófnaði, líkamsárásir, fjársvik, skjalafals og ölvun og réttindaleysi við akstur. Er samanlögð refsivist ákærða samkvæmt þessum dómum orðin 10 ár og 1/2 mánuður. Þar að auki hefur ákærði verið sektaður 14 sinnum fyrir ölvunarbrot.

Með dómi sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 11. nóvember 1963 var ákærði m.a. sakfelldur fyrir að fleka 11 ára dreng upp í bifreið, að leysa þar niður um hann og slá drenginn í andlitið, þegar hann veitti mótspyrnu.

Með sama dómi var ákærði sakfelldur fyrir að fleka annan 11 ára dreng upp í bifreið til sín, gyrða niður (sic) um hann og hafa kynferðismök við hann nauðugan.

Með dómi sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 11. desember 1964 var ákærði sakfelldur fyrir að fleka 11 ára dreng upp í bifreið og hafa við hann kynferðismök nauðugan.

Með sama dómi var ákærði sakfelldur fyrir að fleka 10 ára dreng upp í bifreið sína og hafa við hann kynferðismök nauðugan.

Þá var ákærði með þessum sama dómi sakfelldur fyrir að fleka 12 ára dreng upp í bifreið sína og hafa við hann kynferðismök nauðugan.

Enn var ákærði með þessum sama dómi sakfelldur fyrir að fleka tvo drengi, 11 og 13 ára, inn í Hafnarsalernið í Keflavík á árunum 1961-1963 og hafa við þá kynferðismök.

Með dómi sakadóms Hafnarfjarðar 2. október 1978 var ákærði sakfelldur fyrir að fleka 9 ára dreng upp í bifreið og hafa við hann nauðugan samræðismök.

Með sama dómi var ákærði sakfelldur fyrir að tæla 12 ára dreng inn í hótelherbergi til sín og hafa þar við hann kynferðismök nauðugan.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur 5. september 1986 var ákærði sakfelldur fyrir að þukla á 10 ára dreng á lostugan hátt og kyssa hann á andlitið á veitingastofu.

Með sama dómi var ákærði sakfelldur fyrir að veitast að 13 ára dreng í búningsklefa Sundhallarinnar í Reykjavík og fara höndum um líkama hans og kyssa hann.

Með dómi Hæstaréttar Íslands, uppkveðnum þann 24. febrúar 1988, var ákærði sakfelldur fyrir að hafa veist að 15 ára dreng, losað um föt hans og farið höndum um kynfæri hans utanklæða.

Með sama dómi var ákærði sakfelldur fyrir að hafa veist fáklæddur að

13 ára blaðburðardreng, fært hann úr buxum og farið höndum um kynfæri hans.

Með áðurgreindum dómi Hæstaréttar var ákærða gert að sæta 9 mánaða fangelsisvist og að henni lokinni viðeigandi hælisvist í 15 mánuði.

Með hliðsjón af óvenjulegum sakaferli ákærða þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 18 mánuði. Frá þeim tíma ber að draga með fullri dagatölu gæsluvarðhald, er ákærði hefur sætt frá 17. febrúar sl.

Í ákæruskjali er gerð sú krafa, að ákærði verði með vísan til 67. gr. almennra hegningarlaga dæmdur til að sæta að refsingu lokinni gæslu samkvæmt 66. gr. sömu laga vegna undanfarandi breytni hans og hættu á, að hann muni halda áfram brotum af því tagi, sem hér um ræðir.

Þegar litið er til brotaferils ákærða og þess, að ákærði hefur framið kynferðisafbrot gagnvart samtals 14 ungum drengjum, verður framangreind krafa ákæruvaldsins tekin til greina.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin réttargæslu- og málsvarnarlaun Guðmundar Kristjánssonar hdl., skipaðs verjanda síns, kr. 150.000.

Dómsorð:

Ákærði, Steingrímur Njálsson, sæti fangelsi í 18 mánuði. Frá refsingunni skal draga með fullri dagatölu gæsluvarðhald, er ákærði hefur sætt frá 17. febrúar 1990.

Ákærði skal að refsivist lokinni sæta sérstakri gæslu samkvæmt ákvæðum 66. gr. og 67. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Kristjánssonar hdl., kr. 150.000.

Föstudaginn 16. nóvember 1990.

Nr. 351/1989. **Friðrik Þór Guðmundsson**
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)
gegn
þrotabúi Goðgár h/f
(Hjalti Steinþórsson hrl.).

Vinnusamningur. Gjaldþrotaskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 8. september 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi 22. ágúst 1989 samkvæmt heimild í 96. gr. skiptalaga nr. 3/1878, sbr. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Dómkröfur áfrýjanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 65.466 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. júní 1988 til 15. ágúst sama ár og að sú krafa verði við yfirstandandi skipti á þrotabúi Goðgár h/f tekin til greina sem forgangskrafa, sbr. 84. gr. skiptalaga nr. 3/1978. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda auk virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti auk virðisaukaskatts.

Af hálfu áfrýjanda er því haldið fram, að kröfur hans beri að taka til greina á grundvelli venjuhelgaðrar skýringar á samningi Blaðamannafélags Íslands og blaðaútgefenda. Er þetta stutt gögnum um uppgjör við blaðamenn, þegar dagblaðið Tíminn tók við starfsemi blaðsins N.T. í ársbyrjun 1986, um uppgjör við mann eftir 20 mánaða starf hjá Dagblaðinu Vísi nokkru fyrr og yfirlýsingu framkvæmdastjóra Blaðamannafélags Íslands. Ekki hafa þeir, sem gengu frá gögnum þessum, komið fyrir dóm og ekki önnur vitni. Er ekki nægilega fram komið, að áfrýjandi geti byggt á réttarvenju. Að þessu athuguðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð með tilvísun til forsendna hans um annað en málskostnað.

Rétt er, að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður um annað en málskostnað.

Málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 19. maí 1989.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 17. maí 1989.

Sóknaraðili, Friðrik Þór Guðmundsson, Miðstræti 8, Reykjavík, gerði við upphaf málareksturs þessa þá kröfu, að „honum verði greiddar kr. 133.075 auk dráttarvaxta í samræmi við ákvæði vaxtalaga frá 1. júní 1988 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu". Við munnlegan málflutning breytti hann kröfu sinni þannig, að krafist er greiðslu kr. 65.466 auk dráttarvaxta samkvæmt ákvæðum vaxtalaga frá 1. júní 1988 til 15. ágúst 1988 og að sú krafa verði við yfirstandandi skipti á þrotabúi Goðgár hf. tekin til greina sem forgangskrafa, og einnig, að krafan beri vexti, reiknaða með sama hætti, frá 15. ágúst 1988 til greiðsludags, en ekki er krafist forgangsréttar fyrir þeim kröfulið.

Varnaraðili, þrotabú Goðgár hf., krefst þess, að hann „verði sýknaður af öllum kröfum sóknaraðila", en upphaflega gerði hann varakröfu, sem var efnislega á sama veg og hin breytta kröfugerð sóknaraðilja. Þá krefst varnaraðili þess, að sóknaraðilja verði gert að greiða varnaraðilja málskostnað að mati réttarins, hver sem niðurstaða málsins að öðru leyti verður.

Sáttaumleitanir dómarans hafa ekki borið árangur.

Bú Goðgár hf. var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 15. ágúst 1989, samkvæmt beiðni stjórnar félagsins. Var Elvar Örn Unnsteinsson héraðsdómslögmaður ráðinn bústjóri þrotabúsins til bráðabirgða, og á fyrsta skiptafundi þess hinn 5. desember 1988 var hann kosinn skiptastjóri þess.

Sóknaraðili lýsti kröfu í þrotabúið á kröfulýsingarfresti, samtals kr. 952.256. Við skiptameðferð búsins hafa aðiljar orðið sammála um tiltekna kröfuliði sóknaraðilja. Hins vegar greinir aðiljana á um kröfulið, sem í kröfulýsingunni er lýst þannig:

„...Hlutfallsleg réttindi til 3ja mán. leyfis eftir 5 ára starf kr. 133.075."

Fjárhæð þessa kröfuliðar hefur þó breyst undir rekstri málsins, svo sem rakið var hér að framan.

Sóknaraðili gerir þá grein fyrir kröfu sinni, að hann hafi frá ársbyrjun 1986 starfað sem blaðamaður við Helgarpóstinn, sem var vikublað og Goðgá hf. gaf út. Á grundvelli 3. liðar 4. kafla kjarasamnings Blaðamanna-

félags Íslands annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands vegna Goðgár hf. og fleiri aðilja hins vegar hafi hann lýst í búið forgangskröfu vegna hlutfallslegra réttinda til þriggja mánaða leyfis eftir 5 ára starf/4 ára starf. Umrætt samningsákvæði sé svohljóðandi:

„.. Blaðamenn, sem unnið hafa óslitið 5 ár eða lengur hjá sama blaði, skulu að loknu 5 ára starfi fá þriggja mánaða frí á fullum launum, og skal þá innifalið sumar- og vetrarleyfi ársins. Blaðamenn fái þetta frí aftur eftir 10 ára starf, síðan hverju sinni eftir 4 ár. Blaðamenn noti leyfið til utanfarar eða á annan hátt í samráði við útgefendur í því skyni að auka hæfni sína í starfi, og skrifi þeir greinar í blöð sín eftir samkomulagi. Samkomulag við útgefendur skal ráða, hvenær árs slík frí eru tekin, og er útgefendum ekki skylt að veita nema einum blaðamanni frá hverju blaði slíkt leyfi samtímis. Samkomulag skal einnig ráða um það, hvenær sumars venjuleg sumarleyfi eru tekin. Segi blaðamaður upp starfi, fellur niður réttur hans til þriggja mánaða leyfis. Sé hins vegar blaðamanni sagt upp starfi, ber blaðinu að greiða honum það, sem hann á inni af umræddu frii. Ráði útgefandi til starfa blaðamann frá öðru blaði, sem þar hefur starfað í samfellt a.m.k. fimm ár, skal hann þó halda áunnum rétti sínum til þriggja mánaða fris og hljóta það hjá hinum nýja útgefanda, eins og hann hefði starfað samfellt hjá honum. Sé réttur blaðamanns til þriggja mánaða fris óljós, gera útgefandi og viðkomandi blaðamaður sérsamning um þriggja mánaða frí..“

Sóknaraðili heldur því fram, að ákvæði hliðstætt þessu hafi verið í kjarasamningum Blaðamannafélags Íslands við útgefendur að minnsta kosti frá árinu 1954 og hafi aldrei áður, svo að vitað sé, valdið ágreiningi. Ljóst sé, að hann hafi unnið sér inn samkvæmt starfsaldri réttindi í samræmi við þessa samningsgrein með störfum sínum hjá Goðgá hf. og eigi því rétt til að fá greidd þessi áunnu réttindi í hlutfalli við starfstíma sinn þar.

Sóknaraðili byggir á því, að krafa sem þessi sé launakrafa, sem njóti forgangsréttar við skipti á þrotabúi vinnuveitandans.

Krafa varnaraðilja í málinu er á því reist, að sóknaraðili hafi aðeins starfað í 30 mánuði hjá Goðgá hf., er starfslok hans urðu þar vegna gjaldþrots félagsins. Réttur til umrædds launaðs leyfis geti aldrei stofnast fyrr en eftir 5 ára samfellt starf, en því skilyrði sé ekki fullnægt í tilviki sóknaraðilja. Breyti engu í því sambandi það tilbrigði, að sé blaðamanni sagt upp störfum, beri að greiða honum það, sem hann eigi inni af slíku frii. Sóknaraðili hafi því ekkert átt inni hjá Goðgá hf. á grundvelli þessa ákvæðis kjarasamningsins, er bú félagsins var tekið til gjaldþrotaskipta.

Varnaraðili telur skýringu sóknaraðilja á umræddu kjarasamningsákvæði ekki geta samrýmst augljósum tilgangi þess. Ætlunin sé, að slík leyfi séu notuð til að auka hæfni viðkomandi blaðamanns í starfi. Þá beri honum

og að skrifa í viðkomandi blað á leyfistímanum eftir nánara samkomulagi við útgefanda þess. Um slíkt geti af augljósum ástæðum ekki orðið að ræða, ef starfslok blaðamanns verða vegna gjaldþrots útgefandans.

Ekki er ágreiningur um launakjör þau, sem sóknaraðili naut hjá hinu gjaldþrota félagi, eða hvernig reikna beri út kröfufjárhæðina, verði krafa hans tekin til greina á annað borð. Ágreiningurinn lýtur eingöngu að því, hvort sóknaraðili eigi, við þær aðstæður, að vinnuveitandinn sé gjaldþrota, rétt á að reikna sér í hlutfalli við starfstíma sinn sem útistandandi laun ígildi þess leyfis, sem hann gat vænst að fá eftir fimm ára starfstíma hjá félaginu, ef það hefði starfað svo lengi.

Samkvæmt áðurgreindu ákvæði þess kjarasamnings, sem sóknaraðili byggir kröfur sínar í málinu á, öðlast blaðamenn, sem samningurinn tekur til, rétt til þriggja mánaða leyfis á fullum launum, þegar þeir hafa starfað í 5 ár hjá sama útgefanda. Tilgangur með þessu ákvæði samningsins er allvel skýrður í ákvæðinu sjálfu. Þannig er þar ráðgert, að frítímanum sé varið til að auka hæfni viðkomandi blaðamanns í starfi, sem ætti að nýtast vinnuveitandanum einnig. Þá er leyfið bundið skilyrðum um, að viðkomandi blaðamaður láti blaði sínu í té efni til birtingar, meðan á leyfinu stendur.

Þar sem sóknaraðili hafði ekki starfað í fimm ár hjá Goðgá hf., hafði hann ekki öðlast rétt til launaðs leyfis á grundvelli umrædds samningsákvæðis, þegar starfstíma hans þar lauk. Þykir hann ekki hafa fært að því haldbær rök, að skýra beri umrætt kjarasamningsákvæði þannig, að réttur til slíks leyfis skapist með störfum frá degi til dags, þannig að hann verði reiknaður út hlutfallslega, ef starfslok verða, áður en tilskildum starfstíma er náð. Skiptir ekki máli við úrlausn um kröfu hans, hver aðdragandi var að starfslokum hans hjá Goðgá hf. Verða kröfur hans í málinu því ekki teknar til greina.

Samkvæmt þessum úrslitum og með vísan til 1. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936 verður sóknaraðilja gert að greiða varnaraðilja málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 35.000.

Ragnar Halldór Hall borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfum sóknaraðilja í máli þessu, Friðriks Þórs Guðmundssonar, er hafnað.

Sóknaraðili greiði varnaraðilja, þrotabúi Goðgár hf., kr. 35.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 16. nóvember 1990.

Nr. 400/1990. **Friðrik Friðriksson**

gegn

Lind h/f og

sýslumanni Húnavatnssýslu.

Kærumál. Kæruheimild. Kyrrsetning. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason.

Með bréfi 10. október 1990 til sýslumannsins í Húnavatnssýslu óskaði varnaraðili þess, að lagt yrði löghald á eignir sóknaraðila til tryggingar tveimur skuldum samkvæmt eignarleigusamningi þeirra á milli, annarri að fjárhæð 3.972.270 krónur og hinni að fjárhæð DEM 271.240, ásamt tilteknum vöxtum, málskostnaði og öðrum kostnaði.

Jón Ísberg sýslumaður tók ofangreinda beiðni fyrir í fógetarétti Húnavatnssýslu 11. sama mánaðar og lagði löghald á eignarhluta sóknaraðila í skipinu Rósu, HU-294, húseign sóknaraðila að Garðavegi 25 á Hvammstanga og bifreið sóknaraðila, H-198, til tryggingar skuldunum.

Sóknaraðili hefur með kæru 24. október 1990 kært til Hæstaréttar löghaldsgerð þessa og krafist þess, að löghaldsgerðin „verði felld úr gildi og sýslumanni verði veitt áminning og/eða hann sektaður, allt að mati réttarins. Þá er gerð krafa um greiðslu málskostnaðar, að viðbættum virðisaukaskatti, skv. gjaldskrá LMFÍ og/eða skv. síðar framlögðum málskostnaðarreikningi. Krafa er gerð um það, að málskostnaðurinn beri dráttarvexti skv. III. kafla l. nr. 25/1987, ásamt síðari breytingum, 15 dögum eftir dómsuppsögu. Þá er þess einnig krafist, að vextir leggist við höfuðstól málskostnaðar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxta".

Sóknaraðili segir, að kært sé á grundvelli 2. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, enda telji hann fógeta hafa gert á hlut sinn við löghaldsgerðina.

Af hálfu varnaraðila er aðallega krafist frávísunar frá Hæstarétti, en til vara sýknu. Þá er krafist kærumálskostnaðar með vöxtum.

Sýslumaður Húnavatnssýslu hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar.

Fordæmi er fyrir því, að fjallað sé um gildi kyrrsetningar í kærumáli fyrir Hæstarétti, þegar kært er á grundvelli 2. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973, sbr. dóm H.1988,1043.

Á framkvæmd löghaldsins eru ýmsir annmarkar. Í gerðinni sjálfri segir ekki, vegna hvaða krafna er kyrrsett, gagnstætt því, sem til verður að ætlast samkvæmt þeim tilgangi kyrrsetningar að vera til tryggingar á fullnustu lögvarinnar kröfu, sbr. 6. gr. laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann. Gerðin var framkvæmd, án þess að gerðarbeiðandi setti tryggingu og án þess að borið væri undir gerðarþola, hvort hann gæti sætt sig við þá tilhögun, sbr. 12. gr. sömu laga. Virðist ljóst, að fógeti hafi ekki leiðbeint um þetta atriði, þar sem fram kemur í athugasemdum hans, að hann hafi sjálfur talið tryggingu ónauðsynlega með tilliti til þess, að gerðarbeiðandi væri fjármálastofnun. Þá voru og kyrrsettar þrjár verðmætar eignir sóknaraðila, án þess að grein væri gerð fyrir áætluðu verði hverrar um sig, gagnstætt ákvæðum 14. gr. laganna. Allra þessara atriða bar fógeta að gæta ex officio.

Vegna þessara réttarfarsafbrigða, sem varða mikilvæga hagsmuni gerðarþola, verður ekki hjá því komist að ómerkja löghaldið.

Samkvæmt þessu ber að fella hina kærðu gerð úr gildi. Kröfur sóknaraðila um vítur og sektir verða ekki teknar til greina.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Framangreind kyrrsetningargerð er felld úr gildi.

Kröfum sóknaraðila, Friðriks Friðrikssonar, á hendur sýslumanninum í Húnavatnssýslu er hafnað.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Sératkvæði

Bjarna K. Bjarnasonar hæstaréttardómara.

Eigi er heimilt að áfrýja kyrrsetningu, sbr. 7. mgr. 20. gr. laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann. Samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands verður fógetagerð ekki sjálfri skotið til Hæstaréttar með kæru. Brestur því heimild

til að fá í máli þessu úrlausn Hæstaréttar um það, hvort kyrrsetningin, sem málið snýst um, sé gild eða ógild, og ber að vísa kærunni frá Hæstarétti að þessu leyti, sbr. eftirtalda dóma: H.1969,816, H.1979,669, H.1983,541, H.1984,1212, H.1985,1387 og H.1988,616.

Ekki eru efni til að taka til greina kæru sóknaraðila, sem á því byggist, að sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu hafi gert á hlut hans í dómarastarfi, en sú kæra er heimil eftir 2. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Ég tel því, að dómsorð eigi að hljóða svo:

Kröfur sóknaraðila, Friðriks Friðrikssonar, á hendur varnaraðila, Jóni Ísberg, sýslumanni Húnavatnssýslu, eru ekki teknar til greina.

Að öðru leyti er kröfum sóknaraðila vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Þessi úrlausn hefur eigi hlotið samþykki meiri hluta dómenda, og mun ég því samkvæmt 1. mgr. 53. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands greiða atkvæði um efni málsins.

Með vísan til forsendna atkvæðis meiri hluta dómenda um efni málsins þykir mega staðfesta niðurstöðu þess.

Löghaldsgerð fógetaréttar Húnavatnssýslu 11. október 1990.

Ár 1990, fimmtudaginn 11.október kl. 14.05, var fógetaréttur Húnavatnssýslu settur í skrifstofu embættisins á Hvammstanga og haldinn af sýslumanni, Jóni Ísberg, við undirritaða votta. Fyrir var tekið: Kyrrsetningarmálið nr. 1/90: Krafa Lindar hf., Ingólfsstræti 3, Reykjavík, um, að lagt verði löghald á eignir Friðriks Friðrikssonar, Garðavegi 25, Hvammstanga, til tryggingar skuld samkvæmt eignarleigusamningi.

Mættur f.h. gjörðarbeiðanda er Guðni Haraldsson hdl. og leggur fram sem nr. 1, beiðni um löghald í eignum gjörðarþola, Friðriks Friðrikssonar, sem nr. 2, samning um fjármögnunarleigu, dags. 24.4. '88, sem nr. 3, afrit af símskeyti um uppsögn á samningi um fjármögnunarleigu, sem nr. 4, sundurliðun á kröfu gjörðarbeiðanda.

Gjörðarþoli er fjarverandi, en að tilhlutan fógeta mætir á skrifstofunni dóttir hans, Erna, kt. 290264-2199. Fógeti biður hana að benda á eignir, en hún telur sig ekki geta það með nokkurri vissu.

Lögmaður gjörðarbeiðanda gerir þá kröfu um, að eignarhluti gjörðarþola í skipinu Rósu, HU-294, verði kyrrsettur svo og húseign hans, Garðavegur 25, og enn fremur bifreið hans, H-198, Volvo, árgerð 1985. Skipaður

talsmaður gjörðarþola telur sig ekki í aðstöðu til að mótmæla þessum kröfum.

Þá eru skrifaðar upp þessar eignir:

Eignarhluti gjörðarþola í skipinu Rósu, HU-294,

húseignin Garðavegur 25, Hvammstanga,

bifreiðin H-198.

Skipuðum talsmanni gjörðarþola er gerð grein fyrir þýðingu gerðarinnar, og lofar hún að greina gjörðarþola frá gjörðinni. Enn fremur er henni bent á, að refsivert sé að ráðstafa eignum þessum á þann hátt, að fari í bága við rétt gjörðarbeiðanda.

Mánudaginn 19. nóvember 1990.

Nr. 423/1990. **Ákæruvaldið**

gegn

Jónasi James Ásmundssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. 1., 3. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 14. nóvember 1990. Hann krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldinu verði markaður skemmri tími.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til 1., 3. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir bera að staðfesta hinn kærða úrskurð, þó þannig, að gæsluvarðhald varnaraðila standi allt til fimmtudags 20. desember 1990 kl. 16.

Dómsorð:

Varnaraðili, Jónas James Ásmundsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til fimmtudags 20. desember 1990 kl. 16.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 14. nóvember 1990.

Ár 1990, miðvikudaginn 14. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Símoni Sigvaldasyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Jónasi James Ásmundssyni, kt. 230762-5549, Bárugötu 22, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 9. janúar 1991 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn ákvæðum almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, um skjalafals og innbrotsþjófnað.

Málavextir eru þeir, að aðfaranótt 31.10. sl. var brotist inn í Hraðfrystihús Grundarfjarðar og stolið þaðan sjö tékkheftum úr peningaskáp. Kærði, Jónas James Ásmundsson, hefur viðurkennt að hafa verið annar tveggja, er brutust inn í Hraðfrystihús Grundarfjarðar. Kærði hefur viðurkennt

fyrir RLR og einnig fyrir dómi að hafa stolið tékkheftum úr hraðfrystihúsinu, þó svo að hann geti ekki gert grein fyrir, hve mörg þau voru. Kærði hefur einnig viðurkennt að hafa afhent tveimur aðilum 10 óútfyllt eyðublöð úr umræddum tékkheftum, en kveðst ekki hafa tekið neinn þátt í fölsun umræddra eyðublaða.

Afbrotaferill kærða er langur, og hefur RLR nú til meðferðar nokkur mál á hendur kærða vegna hegningarlagabrota. Þessi mál varða flest þjófnað á tékkheftum og fölsun tékka.

Einnig eru til meðferðar hjá sakadómi Reykjavíkur ákærur á hendur kærða.

Upplýst er, að kærði stundar ekki launaða vinnu. Af framansögðu er ljóst, að afbrotaferill kærða er samfelldur, og verður að teljast víst, að kærði er síbrotamaður, sem hefur ekki ofan af fyrir sér með heiðarlegum hætti. Þykir því ljóst, að veruleg hætta sé á því, að hann haldi áfram brotum, haldi hann óskertu frelsi.

Brot þau, er kærði er grunaður um, geta varðað fangelsisrefsingu skv. almennum hegningarlögum. Rannsókn þessara mála fer nú fram, og þykir veruleg hætta á því, að kærði hafi áhrif á hugsanlega samseka og nái að spilla sakargögnum, haldi hann óskertu frelsi sínu.

Með vísan til framanritaðs og skírskotun til 1., 3. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, þykir verða að taka kröfu RLR til greina. Kærði skal því sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 9. janúar 1991 kl. 16.00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Jónas James Ásmundsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 9. janúar 1991 kl. 16.00.

Fimmtudaginn 22. nóvember 1990.

Nr. 11/1989. **Dóra Hanna Magnúsdóttir**
(Óskar Magnússon hdl.)
gegn
bæjarsjóði Vestmannaeyja vegna Sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar Vestmannaeyja
(Árni Vilhjálmsson hdl.).

Skaðabótamál. Ábyrgð lækna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. janúar 1989. Hún gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 4.494.530 krónur með ársvöxtum eins og hér segir: 15% frá 24. apríl 1984 til 11. ágúst s.á., 17% frá þeim degi til 1. janúar 1985, 24% frá þeim degi til 11. maí s.á., 22% frá þeim degi til 1. mars 1986, 12% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 9% frá þeim degi til 21. janúar 1987, 10% frá þeim degi til 21. febrúar s.á., 11% frá þeim degi til 1. maí s.á., 12% frá þeim degi til 21. júní s.á., 13% frá þeim degi til 11. júlí s.á., 15% frá þeim degi til 21. september s.á., 17% frá þeim degi til 11. október s.á., 19% frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 20% frá þeim degi til 21. s.m., 22% frá þeim degi til 7. apríl 1988, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist, að dráttarvöxtum verði bætt við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 7. apríl 1989. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en áfrýjanda var veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 29. október sl.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms, en til vara krefst hann þess, að stefnufjárhæðin verði verulega lækkuð. Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Aðilar hafa ekki óskað eftir því, að leitað verði umsagnar læknaráðs í máli þessu.

I.

Í héraðsdómi er lýst aðgerð þeirri, sem Björn Í. Karlsson skurðlæknir gerði á áfrýjanda í sjúkrahúsi Vestmannaeyja hinn 24. apríl 1984, eftir að hún hafði lærbrotnað tveimur dögum áður. Fyrir héraðsdóm var lögð umsögn Halldórs Baldurssonar, yfirlæknis á bæklunardeild og slysadeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, um framangreinda læknisaðgerð. Var það álit hans, að eðlilega hefði verið staðið að skurðaðgerðinni, bæði um val aðgerðartegundar og framkvæmd aðgerðar. Í bréfi landlæknis til lögmanns áfrýjanda 28. október 1987 segir: „...Á grundvelli athugunar á sjúkraskrá og læknabréfum og að fengnu sérfræðilegu áliti tel ég að skurðaðgerð sem framkvæmd var á Dóru Hönnu á Sjúkrahúsi Vestmannaeyja 24.04.1984 hafi verið tilhlýðileg. Ég tel jafnframt að eftirmeðferð, þar með talið (sic) dvöl á Reykjalundi til endurhæfingar, hafi verið tilhlýðileg."

Björn Í. Karlsson er sérfræðingur í almennum skurðlækningum og með reynslu af slysaskurðlækningum. Fallast ber á þá niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, sem skipaður var sérfróðum meðdómendum, að forsvaranlegt hafi verið fyrir Björn að framkvæma aðgerðina með þeim aðferðum, sem í héraðsdómi er lýst, og að hann hafi ekki brugðist óeðlilega við þeim ófyrirséðu erfiðleikum, sem upp komu. Björn Í. Karlsson bar fyrir dómi, að tilgangurinn með aðgerðinni á áfrýjanda hefði verið að festa brotið það vel, að hægt væri að hreyfa hana sem fyrst eftir aðgerðina með hliðsjón af sjúkrasögu hennar. Fljótlega eftir aðgerðina fékk áfrýjandi bláæðabólgu og síðan lungnarek. Fram er komið, að besta aðferðin til að koma í veg fyrir lungnarek er að hreyfa sjúkling eins fljótt og unnt er. Ekki hefur verið hnekkt því mati læknisins, að áhættusamt hafi verið að gera aðra aðgerð á áfrýjanda á þessum tíma. Þá hefur því ekki heldur verið hnekkt, að ástand áfrýjanda hafi verið þannig, að forsvaranlegt hafi verið að senda hana í endurhæfingu á Reykjalund. Fram er komið, að nokkur hætta er á varanlegri örorku eftir brot eins og það, sem áfrýjandi hlaut. Samkvæmt gögnum málsins verður að telja, að ósönnuð séu mistök við aðgerð þá, sem gerð var á áfrýjanda, og eftirfarandi meðferð hennar. Verður því ekki lögð skaðabótaábyrgð á stefnda, og ber að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir atvikum þykir mega láta málskostnað fyrir Hæstarétti falla niður.

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hennar fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hennar, Óskars Magnússonar héraðsdómslögmanns, 200.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. nóvember 1988.

1.0. Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi föstudaginn 21. október sl., hefur Dóra Hanna Magnúsdóttir, nnr. 1621-5228, Vestmannabraut 37, Vestmannaeyjum, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, þingfestri 7. apríl 1988, á hendur bæjarsjóði Vestmannaeyja vegna Sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar Vestmannaeyja.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi greiði stefnanda skaða- og miskabætur, að fjárhæð kr. 4.494.530, með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði algjörlega sýknaður af kröfum stefnanda, en til vara er þess krafist, að stefnufjárhæð verði verulega lækkuð. Þá er málskostnaðar krafist samkvæmt mati réttarins, bæði með aðalkröfu og varakröfu.

Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dagsettu 14. apríl 1988, var stefnanda veitt gjafsókn fyrir undirrétti í málinu.

Aðilar gerðu samkomulag, dagsett 6. apríl 1988, um, að mál þetta skyldi rekið á bæjarþingi Reykjavíkur.

Í þinghaldi 4. október 1988 lýstu lögmenn málsaðila yfir því, að þeir óskuðu ekki eftir umsögn læknaráðs í máli þessu.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

2.0. Stefnandi segir, að í máli þessu krefji stefnandi stefnda um skaða- og miskabætur vegna líkamstjóns, er hún telji sig hafa orðið fyrir vegna óhæfilegrar læknismeðferðar á Sjúkrahúsi Vestmannaeyja, er hún hafi leitað þangað, eftir að hafa fótbrotnað á heimili sínu þann 22. apríl 1984. Liggi fyrir, að stefnandi hafi hlotið varanleg örkuml, sem nú hafi verið metin henni til 65% varanlegrar örorku.

Atvik málsins séu þau, að stefnandi hafi verið við störf í eldhúsi á heimili

sínu, er hún hafi fyrir slysni misst fótanna og fallið á gólfið. Hafi hún hlotið við það brot á hægra lærlegg, en ekki önnur meiðsli.

Eftir slysið hafi stefnandi verið fluttur á Sjúkrahús Vestmannaeyja. Þar hafi Björn Í. Karlsson skurðlæknir gert á henni aðgerð vegna brotsins þann 24. apríl 1984. Hafi hann valið þann kost að negla brotið með mergnöglum (Endernöglum). Mjög hafi gengið illa að koma nöglunum fyrir, og hafi einnig þurft að skera inn á brotið. Eftir tæpa sex tíma hafi tekist að koma fyrir tveimur nöglum, og hafi annar verið rekinn ofan frá og niður, en hinn neðan frá og upp. Frá nöglunum hafi verið gengið þannig, að endar þeirra beggja hafi staðið út úr lærbeininu að ofanverðu.

Eftir aðgerðina hafi stefnandi að eigin sögn kvartað stöðugt undan sársauka, einkum í mjöðminni. Liggi fyrir röntgenmyndir, sem virðast sýna, að a.m.k. á fyrstu dögum og vikum eftir aðgerðina hafi brotið verið á hreyfingu og brotendarnir gengið á misvíxl. Jafnframt hafi orðið veruleg stytting á brotstaðnum, enda hafi naglarnir virst ganga lengra og lengra út úr beininu og inn í rassvöðvann. Þar hafi þeir heldur enga festingu eða mótstöðu haft. Þrátt fyrir þetta ástand hafi stefnandi samkvæmt sjúkraskrá verið látinn byrja hreyfiæfingar með fótinn tveimur vikum eftir aðgerðina.

Stefnandi hafi verið útskrifaður af sjúkrahúsinu 17. júní 1984. Þann 10. júlí 1984 hafi Björn Í. Karlsson skrifað beiðni um sjúkrahúsvist til endurhæfingardeildar Reykjalundar. Þar hafi stefnandi verið lagður inn 22. júlí 1984 og settur í sjúkraþjálfun. Vegna mikilla kvartana hennar um sársauka hafi hún loks, eftir að komið hafi verið fram í september, verið sett í röntgenmyndatöku. Í umsögn um myndirnar segi: „Hér er um brot á mótum efri/miðþriðjungs lærleggs að ræða. Stórt corticalisberandi intermediert fragment, 6 cm langt, medialt á brotstað. Brotið hefur verið fest með 2 Endernöglum og skaga efri endar þeirra langt upp fyrir trochanter major, 4 - 5 cm í mjúkparta. Þar er nokkur gróandi á brotstað en brotið er langt frá því að vera gróið. Flekkótt úrkölkun á mjaðmaliðs- og hnéliðssvæði, inactivitets osteoporosa. Engar arthrosubreytingar í þessum liðum. Engar brjósk- eða liðþófakalkanir (sic).“

Í bréfi, sem Friðrik Bjarnason, aðstoðarlæknir á Reykjalundi, hafi skrifað um meðferðina þar, sé talið ljóst, að borið hafi að hætta þjálfun, þegar þessi athugun hafi legið fyrir, þar sem líkur hafi verið á því, að los hafi orðið á brotstað.

Stefnandi hafi um þetta leyti verið tekinn að efast um réttmæti þeirrar meðferðar, sem hún hafði hlotið, og leitað til Braga Guðmundssonar, sérfræðings í bæklunarskurðlækningum á Landspítala. Hafi hann strax ákveðið að leggja stefnanda inn á bæklunardeild Landspítalans og reyna að gera á henni aðgerð til að snúa ofan af rangsnúningi á brotstað, ef brotið

væri enn laust, og fjarlægja Endernaglana, sem hafi valdið stefnanda miklum verkjum á rassvöðvasvæði og neðst í lærinu.

Hinn 15. október 1984 hafi stefnandi verið lagður inn á Landspítalann. Í vottorði Braga Guðmundssonar um ástandið við komu á spítalann segi svo: „*Neðri útlimir:* Það er 5 cm langt ör eftir aðgerð á læri og utanvert á hné eftir Endernagla-ísetningu. Hreyfingar eru litlar sem engar í hægri mjöðm, nema í beygju og réttu um 10° og 10° við að færa fótinn frá. Stytting er á hægri ganglim um 5 cm og það er útsnúningur 45° um fjærenda lærleggs. Hreyfingar í hné eru á bilinu 170-160. *Tekin er ný röntgenmynd:* Brot ofan til á lærleggnum á mótum efra og mið-þriðjungs. Mikill gróandi nýmyndun (sic) beins er þar í kring og sýnist það vera fast. Öxulstefna á beinenda er nokkuð góð. Festing hefur verið gerð á sínum tíma með löngum nöglum, sem ganga inn í ytri endann neðanverðan og upp í gegnum stóru lærbeinshnútuna. Ganga þeir allt að 6 cm upp úr stóru lærbeinshnútunni. (Einar Jónmundsson)."

Bragi Guðmundsson hafi talið sýnilegt, að of seint væri að losa um útsnúninginn, sem orðið hafði á brotstaðnum. Hins vegar hafi hann 18. október 1984 gert aðgerð til að fjarlægja Endernaglana, þar sem þeir ollu stefnanda miklum óþægindum. Um aðgerðina segir m.a. svo í vottorði Braga Guðmundssonar frá 22. nóvember 1985: „Sjúkl. er skorinn upp á strekkborði og gerður ytri skurður yfir neðri enda lærleggs, og gengur auðveldlega að finna þann Endernagla, sem rekinn hefur verið aftur á við, og er hann dreginn út. Spenna er á þeim nagla. Þá er síðari naglinn fundinn og er hann eins og áður segir rekinn að ofanverðu og niður og hefur farið í gegnum neðri enda lærleggs. Þegar hann er tekinn, brestur beinið vegna þess hve þunnt það er, og í það hefur verið meitlað bæði að innanverðu og utanverðu áður, svo sem ör gefa vísbendingu um. Þá er gamla brotið frílagt og tekið á því. Virðist brotið nægilega stöðugt. M.t.t. þess ástands sem nú hefur skapast, er ekki um annað að ræða en festa þetta brot með A-O-plötu og er svo gert."

Stefnandi hafi aftur farið í æfingar á Reykjalundi tímabilið 6. mars til 5. júlí 1985. Enn hafi verið verulegur útsnúningur á fætinum og stytting. Meðferðin á Reykjalundi hafi aðallega beinst að bakóþægindum stefnanda, sem leitt hafi af ástandi lærleggsins.

Loks hafi það svo verið 27. október 1986, að Bragi Guðmundsson hafi gert aðgerð á stefnanda til að snúa ofan af fætinum. Hafi sú aðgerð í sjálfu sér tekist vel, en eftir standi 5 cm stytting á hægri ganglim og miklar þrautir frá mjóbaki og niður í fótinn. Þann 13. desember 1987 hafi Jónas Hallgrímsson læknir metið örorku stefnanda þannig, að hún hefði hlotið 100% örorku í 38 mánuði og síðan varanlega 65%.

3.0. Stefnandi segir, að kröfur sínar á hendur stefnda séu byggðar á því, að Björn Í. Karlsson, læknir hjá stefnda, hafi tekið rangar ákvarðanir um meðferðina á lærbroti stefnanda. Sé þar um að ræða eftirtalin atriði:

1. Hann hefði átt að senda stefnanda á sjúkrahús í Reykjavík.
2. Hann hefði ekki átt að reyna að gera að brotinu með Endernöglum, m.a. vegna þess, að hann virðist ekki hafa kunnað nægileg skil á meðferð þeirra.
3. Hann hafi brugðist rangt við, þegar erfiðleikar hafi komið upp við framkvæmd aðgerðarinnar.
4. Hann hafi einnig brugðist rangt við eftir aðgerðina, þegar sjá hafi mátt, að hún tækist ekki.

Telur stefnandi, að stefndi beri fébótaábyrgð á því tjóni, sem hún varð fyrir. Vísar hún í því efni til reglu skaðabótaréttarins um húsbóndaábyrgð, sem svo hefur verið nefnd. Telur stefnandi, að örorku sína megi alfarið (sic) rekja til hinna röngu vinnubragða. Nánar útlistar stefnandi ofangreind atriði svo sem hér skal greina:

Um 1. lið. Í málinu liggi fyrir, að stefnandi hafi hlotið lærbrot ofarlega á hægri lærlegg. Hafi beinið verið í sundur, auk þess sem af röntgenmyndum hafi mátt greina, að brotnað hafi stórt stykki úr lærleggnum innanverðum. Björn Í. Karlsson yfirlæknir muni vera sérfræðingur í almennum skurðlækningum. Hann sé hins vegar ekki sérfróður í bæklunarskurðlækningum. Ljóst hafi verið fyrir fram, að það myndi geta orðið mikil og vandasöm aðgerð að gera að þessu broti. Engir erfiðleikar hafi tengst því að senda stefnanda til aðgerðar til Reykjavíkur, þar sem a.m.k. sé að finna þrjú sjúkrahús, sem hafi á að skipa hinum færustu sérfræðingum í bæklunarskurðlækningum og hafi að öllu líkindum haft mun betri tækjabúnað til að framkvæma nauðsynlega aðgerð. Hefði þar m.a. mátt velja um, hvers konar aðgerð bæri að gera í þessu tiltekna falli. Verði auk annars að telja líklegt, að Björn Í. Karlsson hafi ekki verið vel undir búinn að taka á vandamálum, sem alltaf geti komið upp við aðgerðir af þessu tagi, t.d. með því að breyta um aðferð við að gera að brotinu.

Um 2. og 3. lið. Björn Í. Karlsson hafi ákveðið að reyna að gera að brotinu með Endernöglum. Sé þar um að ræða mergnagla, sem rennt sé inn í merghol beins í gegnum brotstað til að ná þar festingu á brotinu í sem réttustum skorðum. Einn meginkostur aðferðarinnar sé sá, að ekki þurfi að skera inn á brotstaðinn. Ef svona naglar séu notaðir, sé algengast, að þeir séu þrír, og gæta þurfi sérstaklega vel að því, að þeir séu vel skorðaðir til endanna. Sveigja sé á nöglunum, sem m.a. valdi því, að þeir fái festu af beinhólknum umhverfis mergholið. Sé talið nauðsynlegt að ná svokallaðri þriggja punkta festu. Hafi þá naglarnir stoð eða festu til beggja enda og á einum stað á miðri leið.

Þegar gert sé að lærbroti með þessari aðferð sé þýðingarmikið að fara með naglana inn við innanverða lærbeinshnútuna við hné og þræða þá upp þannig, að efri endi þeirra gangi upp í lærleggshaus í mjöðm (caput femoris). Nýtist þannig sveigjueiginleikar naglanna.

Í málinu liggi fyrir lýsing Björns Í. Karlssonar læknis á aðgerðinni, sem hann hafi framkvæmt. Þar komi fram, að hann hafi byrjað á að reyna að þræða naglann frá innanverðri lærbeinshnútunni við hné, en hafi ekki komið honum inn í merghol lærbeinsins ofan við brotstaðinn. Segi í lýsingunni, að naglinn hafi alltaf farið fyrir utan „cortex", en það sé beinhólkurinn sjálfur. Af þessu sé ljóst, að brotendarnir hafi verið gengnir á misvíxl að meira eða minna leyti, auk þess sem líklegt sé, að endurteknar tilraunir til að koma naglanum upp, þar sem hann hafi lent alltaf utan efri brotendans, hafi valdið því, að brotstaðan versnaði.

Í stað þess að hætta við aðgerðina hafi Björn Í. Karlsson nú reynt að koma naglanum inn um utanverða lærbeinshnútuna og upp í gegnum brotstaðinn. Það hafi ekki heldur gengið. Hafi hann þá tekið það ráð að skera inn á brotið. Við það hafi glatast þýðingarmiklir kostir við þá aðferð, sem Björn hafi valið við að gera að brotinu, þ.e. að nota Endernaglana. Samt hafi hann haldið fast við aðferðina. Hefði hann þarna getað breytt um aðferð og t.d. reynt að festa brotið með plötum eða svokölluðum Künschermergnagla. Hugsanlegt sé þó, að hann hafi ekki haft við höndina búnað til að breyta aðferð sinni. Því skuli skotið hér inn, að frá upphafi kunni að hafa verið vafasamt, að unnt hafi verið að gera að brotinu án þess að skera inn á það, þar sem fyrir hafi legið, að stórt stykki hafi brotnað úr beininu.

Nú hafi Björn uppgötvað, að þykkildi hafi verið í beininu ofan við brotstaðinn. Raunar sé auðvelt að greina þykkildi þetta á röntgenmynd, sem tekin hafi verið fyrir aðgerðina. Hafi hann talið hugsanlegt, að hér væri um að ræða góðkynja beinæxli, en við athugun á sýnum síðar hafi ekki reynst svo vera. Læknirinn hafi meitlað og borað burt þykkildið, en allt hafi komið fyrir ekki. Honum hafi ekki tekist að koma naglanum í gegn.

Nú hafi Björn gripið til þess ráðs að koma naglanum inn í gegnum mjaðmahnútuna á lærleggnum og niður. Hafi honum með þessum hætti tekist að koma naglanum í gegnum brotstaðinn. Hins vegar hafi endi naglans staðið út úr beininu að ofanverðu, og sé sagt í aðgerðarlýsingunni, að u.þ.b. 1½ cm naglans hafi staðið þar út. Að þessu búnu hafi læknirinn nú komið fyrir öðrum nagla neðan frá (frá ytri lærbeinshnútu við hné) og upp. Ekki hafi honum tekist að stýra þeim nagla inn í lærleggshaus í mjöðm (caput femoris). Hafi sveigja naglans komið í veg fyrir það, þar sem hann hafi verið settur inn að utanverðu. Hafi læknirinn tekið enda þessa nagla út á svipuðum stað og endi hins fyrri nagla hafi staðið út úr mjaðmahnút-

unni. Lausa brotstykkið hafi hann saumað með saum, sem síðar eyðist í líkamanum.

Af þessari lýsingu sé ljóst, að aðgerð læknisins hafi misheppnast í mjög veigamiklum atriðum. Sé það raunar eftirtektarvert af röntgenmyndum fyrir og eftir aðgerðina, að staða brotsins hafi verið betri fyrir en eftir. Sú staðreynd hafi verið verri, að naglarnir hafi enga festu haft eða viðnám, eins og við þá var skilið. Hafi naglarnir getað gengið lengra út úr beininu, a.m.k. að ofanverðu, með tilsvarandi hættu á misgengi, styttingu og snúningi á brotstaðnum. Hafi það raunar verið nákvæmlega það, sem hafi gerst í framhaldinu.

Um 4. lið. Af röntgenmyndum, sem teknar hafi verið 7. maí 1984, sjáist, að brotið hafi gengið verulega úr þeim skorðum, sem það þó hafi verið í eftir aðgerðina. Muni naglarnir þá hafa gengið töluvert áfram upp í rassvöðvann. Í sjúkraskrá spítalans komi fram, að stefnandi hafi verið látinn byrja hreyfiæfingar 2 vikum eftir aðgerðina, þó að gögn sýni ljóslega, að mikil hreyfing hafi verið á beinunum á brotstaðnum og að brotið hafi verið laust. Af röntgenmyndunum 21. maí 1984 sjáist, að enn hafi naglarnir gengið lengra upp úr beininu og meira misgengi og stytting orðið á brotstaðnum.

Í aðgerðarlýsingu sinni segi Björn Í. Karlsson læknir um ástand limsins eftir aðgerðina: „Staða er góð, og virðist engin rotatio vera í ganglimnum og full lengd hefur náðst." Í sjúkraskrá 17. júní 1984 segi læknirinn: „Control rtg-myndir sýna að það hefur orðið um 1½ cm stytting á brotstað og einnig er fóturinn dálítið út-roteraður." Í beiðni til Reykjalundar um sjúkrahúsvist 10. júlí 1984 segi hann svo: „Brotið er stabilt, en um dálitla útrotatio er að ræða og 2 - 3 cm styttingu er að ræða."

Af þessu sé ljóst, að ekki hafi einungis verið unnt að sjá, að brotið hafi verið á stöðugri hreyfingu eftir aðgerðina, heldur liggi fyrir, að Björn Í. Karlsson læknir hafi beinlínis veitt því eftirtekt. Enginn vafi sé á, að á fyrstu vikunum eftir aðgerðina, áður en gróandi varð mikill í brotinu, hafi verið unnt að bregðast við vandanum með því að gera nýja aðgerð á brotstaðnum. Af hálfu stefnanda sé á því byggt, að Birni Í. Karlssyni lækni hafi þá borið að senda hana til sérfræðinga í Reykjavík til nýrrar aðgerðar. Í stað þess hafi hann sent hana í æfingameðferð á Reykjalundi og virðist ekki einu sinni hafa látið fylgja henni þangað röntgenmyndir, sem teknar hafi verið 10. júlí 1984, sama daginn og hann skrifaði beiðnina um sjúkrahúsvist á Reykjalundi. Hafi þetta síðan leitt til þess, að stefnandi hafi ekki komist í samband við vel hæfan sérfræðing, sem hafi áttað sig á stöðu málsins, fyrr en svo seint, að ekki hafi verið unnt að fást meira við brotið sjálft.

Af hálfu stefnanda sé byggt á því, að læknismeðferð sú, sem að ofan

sé lýst, hafi verið röng og að Birni Í. Karlssyni lækni verði metið það huglægt til sakar að hafa ekki brugðist rétt við. Leiði af þessu, eins og áður sagði, bótaábyrgð stefnda.

Stefnukrafan sundurliðist þannig:

1.	Örorkutjón	kr.	2.494.530
2.	Miski (þ.m.t. v/röskunar á stöðu og högum) ..	"	2.000.000
		Samtals kr.	4.494.530

Sé fjárhæð örorkutjónsins byggð á útreikningi Guðjóns Hansen tryggingafræðings á tjóni stefnanda.

Þá hefur stefnandi upplýst, að í júlí 1987 hafi verið ákveðið af hennar hálfu að leita álits landlæknis á því, hvort læknisaðgerðirnar, sem um sé fjallað í þessu máli, teldust tilhlýðilegar. Af gögnum, sem frá landlækni hafi borist, komi fram, að hann hafi leitað umsagnar Halldórs Baldurssonar, yfirlæknis á bæklunardeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Hafi læknir þessi komist að þeirri niðurstöðu, að aðgerðin hafi verið tilhlýðileg, og virðist landlæknir hafa lagt þá niðurstöðu til grundvallar, er hann gaf samhljóða álit. Af hálfu stefnanda sé talið, að verulegar veilur séu í umsögninni, sem geri það að verkum, að niðurstaða hennar fái ekki staðist.

Dómkröfur stefnanda séu á því reistar, að alla hina 65% varanlegu örorku megi rekja til hinnar röngu læknismeðferðar. M.ö.o. sé kröfugerðin byggð á því, að stefnandi hefði alveg náð sér af lærbrotinu, ef ekki hefðu komið til mistökin. Fallast mætti á, að nokkur hluti hins tímabundna örorkutjóns samkvæmt áðurgreindu örorkumati hefði orðið, þó að allt hefði gengið eðlilega með fótbrotið. Sé dóminum látið eftir að meta, hvað teljist hæfileg lækkun dómkröfunnar vegna þessa.

Stefnandi segist líða mikinn miska vegna örkumla sinna. Í því sambandi nefnir hann m.a. eftirgreint:

1. Staða stefnanda og hagir hafi raskast verulega. Hún hafi algerlega orðið að hætta að vinna utan heimilis og geti að mjög óverulegu leyti unnið húsverk á heimili sínu. Megi segja, að fótunum hafi verið kippt undan henni að þessu leyti langt umfram það, sem mælist í örorkumatinu. Sé hún algerlega háð öðru fólki með lífsafkomu og aðstoð við algengustu störf.

2. Stefnandi hafi orðið að undirgangast aukalega tvær meiri háttar skurðaðgerðir vegna mistakanna, sem urðu við hina fyrstu. Allan þann langa tíma, sem þetta hafi tekið, hafi hún búið við mikla fötlun, sársauka og fullkomna óvissu um, hvort eitthvað tækist að bæta ástandið. Hafi miklar andlegar kvalir fylgt þessu.

3. Meiðsli stefnanda séu sérstaklega illvíg, þar sem hún búi við stöðugan sársauka, einkum frá mjóbaki, en einnig í báðum ganglimum. Örorka,

sem fólgin sé í óstöðvandi sársauka, eins og sé í tilviki stefnanda, hafi miklu meiri áhrif en þau að hamla tekjuöflun við vinnu. Megi segja, að sársaukinn geri allar stundir illþolanlegar og hafi í tilviki stefnanda svipt hana möguleikanum á að lifa viðunandi lífi. Hún þurfi að taka verkjalyf daglega, svo háskalegt heilsufari sem slíkt kunni að vera, og eigi erfitt með svefn.

Af framangreindu sé ljóst, að stefnandi hafi liðið óvenjulega mikinn miska, og sé miskabótakröfu því stillt í hóf. Um lagagrundvöll þeirrar kröfu vísist til 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

4.0. Stefndi lýsir málavöxtum svo sem hér skal greina:

Um meðferð stefnanda á Sjúkrahúsi Vestmannaeyja segir hann, að atvik séu þau, eins og fram hafi komið í skjölum máls þessa, að stefnandi hafi runnið til á gólfi í eldhúsi heima hjá sér og dottið með þeim afleiðingum, að hægri lærleggur hafi brotnað. Önnur meiðsli hafi hún ekki hlotið. Eftir slysið hafi stefnandi verið fluttur á Sjúkrahús Vestmannaeyja. Röntgenmynd, sem tekin hafi verið við komu hennar á sjúkrahúsið, hafi sýnt, að brot hafi orðið á mótum efra- og miðþriðjungs hægri lærleggjar með tilheyrandi styttingu og útvísun (útsnúningi, útrotation).

Við komu stefnanda á Sjúkrahús Vestmannaeyja hafi hún óskað eftir því, að Björn Í. Karlsson, yfirlæknir á spítalanum, sæi um meðferð brotsins, og ekki hafi komið fram tilmæli frá stefnanda eða ættingjum hennar, að hún yrði flutt til Reykjavíkur eða að sérfræðingur í bæklunarlækningum yrði fenginn til að annast hana. Stefnandi hafi þekkt til Björns Í. Karlssonar yfirlæknis, þar sem hún hafi þegar leitað til hans áður vegna annarra vandamála.

Allar aðstæður hafi verið fyrir hendi á Sjúkrahúsi Vestmannaeyja til að meðhöndla brot stefnanda. Ljóst hafi verið, að nokkur áhætta fylgdi þessari aðgerð, þar sem fram komi í sjúkrasögu hennar, að hún hafi fengið tímabundna blóðrásartruflun í heila 1966 og blóðtappa í heila 1975 með tímabundinni lömun hægra megin. Þá hafi hún verið á fyrirbyggjandi blóðstorknunarmeðferð frá 1975. Stefnandi hefði lengi verið talsvert þungur og hafi verið talinn u.þ.b. 80 kíló við komuna á Sjúkrahús Vestmannaeyja og 167 cm á hæð. Með hliðsjón af þessu hafi stefnandi verið metinn í áhættuflokki 3 af 6 af svæfingalækni spítalans, Karli Haraldssyni.

Um aðgerðina sjálfa vísist alfarið (sic) til aðgerðarlýsingar. Um eitt atriði þar sé þó gerð sú athugasemd, að ruglingur hafi orðið í lýsingunni, er hún hafi verið lesin inn á segulband, eða í vélritun hennar. Á einum stað segi, að reynt hafi verið að stýra Endernagla frá condylum laterale upp í gegnum holið og inn í caput femoris (lærleggshaus). Þessi lýsing sé fræðilega ómöguleg, enda hafi ekki verið ætlun yfirlæknisins að gera hana á þennan hátt.

Í aðgerðinni sjálfri hafi komið í ljós, að mergholið hafi nánast verið

lokað rétt fyrir ofan brotstað af beinæxli eða þykknun. Hafi þetta verið orsök þess, að ekki hafi gengið að reka Endernaglann upp í gegnum brotstaðinn. Í aðgerðinni sjálfri hafi beinæxli þetta verið fjarlægt og sett í vefjarannsókn og reynst góðkynja beinþykknun. Eins og sjá megi á aðgerðarlýsingunni, hafi beinæxli þetta tafið mjög aðgerðina og gert hana erfiðari en við mátti búast.

Hvað varði aðgerðina sjálfa, skuli það frekar útskýrt, að efri naglinn (naglinn frá lærhnútu), sem hafi staðið 1½ cm út úr beinhólknum (cortex) eftir aðgerðina, hafi verið skilinn þannig eftir af ásettu ráði, því að ef naglinn hefði verið rekinn lengra niður, hefði síðar verið ómögulegt að fjarlægja hann, er brotið væri gróið, nema með miklu raski á beininu, sem síðar hefði getað leitt til þess, að beinið brotnaði. Á Endernagla sé sérstakt gat á öðrum enda hans, sem ætlað sé fyrir útdragara í þessu augnamiði.

Eftir aðgerðina sjálfa hafi gangur stefnanda verið eðlilegur í fyrstu, en síðar hafi sjúklingur fengið bláæðabólgu í hægra læri og hita, þrátt fyrir það að stefnandi hafi fengið áfram blóðstorknunarlyf, eins og hún hefði fengið áður.

Fljótlega eftir aðgerðina hafi hún orðið andstutt og fengið verk í brjóstið hægra megin og öll merki um blóðtappa í lungu (lungnarek). Við þessu hafi verið brugðist með því að hefja kröftuga meðferð með heparini (blóðþynningarlyfi, sem gefið sé í æð og stöðvi nánast alla storknun blóðsins).

Þegar einkenni frá lungum hafi horfið og stefnandi hafi verið orðinn hitalaus og bólga minnkuð í hægra fæti, hafi verið lögð á það áhersla að fá stefnanda sem fyrst á fætur, til að minnka hættu á frekara lungnareki, sem geti verið lífshættulegt ástand. Stefnandi hafi farið í göngugrind þann 16. maí 1984, þ.e. þremur vikum eftir aðgerð, og hafi hún þá lagt lítinn þunga á hægri fót til að byrja með (sic). Framfarir stefnanda hafi verið hægar, en jafnar, og hafi hún þurft talsverða hvatningu. Þegar stefnandi hafi útskrifast af Sjúkrahúsi Vestmannaeyja þann 17. júní 1984, hafi hún verið farin að ganga óstudd í göngugrind. Hún hafi verið þjálfuð í því að ganga upp stiga og getað stigið í hægri fót með nær fullum þunga.

Í gögnum sjúkrahússins komi einnig fram, að síðustu 10 dagana fyrir útskrift hafi hún eingöngu notað að meðaltali 2 verkjatöflur á sólarhring ásamt svefntöflu, sem telja verði lítið miðað við þessar aðstæður.

Það hafi verið ljóst, talsvert áður en stefnandi útskrifaðist, að stytting hefði orðið á brotstað og snúningsskekkja. Einnig hefðu naglarnir gengið lengra út úr lærleggshnútunni og verið farnir að valda sjúklingi nokkrum óþægindum. Það hafi verið skoðun Björns Í. Karlssonar yfirlæknis, að ekki væri ástæða til að gera nýja aðgerð þrátt fyrir ofantaldar staðreyndir. Önnur aðgerð hefði haft í för með sér talsverða áhættu fyrir stefnanda, þar sem hún hefði nýlega fengið bláæðabólgu í hægri fót og blóðtappa

í lungu, og sýkingarhætta hefði verið verulega aukin, og ekki væri á vísan að róa með betri stöðu á brotstað. Við útskrift stefnanda frá Sjúkrahúsi Vestmannaeyja hafi ekkert bent til annars en að brotið greri með 2ja cm styttingu og 25 - 30 gráðu útvísun og sá árangur talinn viðunandi eftir atvikum.

Stefnanda hafi verið skýrt frá þessu, og hafi yfirlæknir sjúkrahússins ekki vitað annað en að sjúklingur hefði sætt sig við þessa stöðu mála. Hafi sérstaklega verið tekið fram við stefnanda, að ekki væri hægt að fjarlægja Endernaglana, fyrr en brotið væri fullgróið, jafnvel þótt hún hefði óþægindi frá naglaendunum. Ekki hafi verið rætt við stefnanda um möguleika á annarri aðgerð, þar sem yfirlæknir spítalans hafi talið hana of áhættusama og að viðunandi árangur myndi nást, ef brotið greri í þeirri stöðu, sem það hafi verið í við útskrift.

Stefnandi hafi komið í vitjun til Björns Í. Karlssonar yfirlæknis þann 10. júlí 1984, og hafi þá allt verið með eðlilegum hætti og nánast óbreytt frá útskrift þann 17. júní 1984. Röntgenmynd þann dag hafi sýnt svipaða stöðu og áður, nema stytting hafi e.t.v. verið vanmetin á fyrri röntgenmynd, og hafi hún virst vera 2 - 3 cm, eins og fram komi í umsókn yfirlæknis fyrir stefnanda á Reykjalundi, sem skrifuð hafi verið þann sama dag. Stefnandi hafi kvartað um verk í hægri mjöðm, en hafi ekki haft aðrar kvartanir fram að færa, nema hvað henni hafi fundist illa ganga með æfingarnar heima.

Það hafi verið skoðun yfirlæknis Sjúkrahúss Vestmannaeyja á þessum tíma, að óþægindi þau, sem stefnandi hafi kvartað um í hægri mjöðm, væru tímabundin óþægindi og ekki ástæða til að ætla annað en að þau hyrfu, er naglarnir væru teknir, þ.e.a.s. þegar lærbeinsbrotið væri að fullu gróið.

Eins og áður sé fram komið, hafi stefnandi óskað eftir því við Björn Í. Karlsson yfirlækni þann 10.júlí 1984 að komast að á Reykjalundi til frekari æfinga. Björn Í. Karlsson hafi fyllt út umsókn fyrir stefnanda og sent yfirlækni á Reykjalundi. Eftir þetta hafi stefnandi ekki frekar haft samband við Sjúkrahús Vestmannaeyja, og hafi þar með lokið afskiptum sjúkrahússins og Björns Í. Karlssonar af stefnanda. Stefndi segir um dvöl stefnanda að Reykjalundi, að við komu hennar þangað sé ástandi hennar lýst á svipaðan veg og í áliti Björns Í. Karlssonar yfirlæknis frá 10. júlí 1984. Í ódagsettu bréfi Vinnuheimilisins að Reykjalundi, undirrituðu af Friðjóni Bjarnasyni aðstoðarlækni, sé þessu lýst svo:

„Skoðun við komu: 59 ára gömul kona, ekki akut veikindaleg og gengur við tvær hækjur. Skoðun á lungum og hjarta var eðlileg, blóðþrýstingur 130/80 og púls reglulegur, 75/mín. Kraftar voru verulega minnkaðir í hægri mjöðm, og gat hún ekki lyft fótlegg upp nema með hjálp. Hægri

fótur var styttur um ca. 2 cm og talsvert útróteraður (útvísun). Hreyfingar í hægra hné voru skertar, en að öðru leyti voru kraftar og hreyfingar eðlilegar."

Ekki komi fram við innlögn, að stefnandi hafi verið með verki, en seint í ágúst sé talað um, að sjúklingur hafi kvartað um sára stingverki í hægra hné og mjöðm, einkum við að standa fast í fótinn. Þá hafi hreyfingar í hné verið sagðar 100 gráður og kraftar orðnir betri í læri. Létt hafi verið á æfingum og tekin röntgenmynd af lærlegg, hnélið og mjöðm. Í röntgenlýsingu sé ekkert minnst á styttinguna í fætinum eða reynt að átta sig á, hve mikil útvísun sé á fætinum, en samt sagt, að naglaendarnir skagi 4 - 5 cm út í mjúkparta upp fyrir lærleggshnútu (trochander major).

Þá sé lýst inaktivitets osteoporosu (úrkölkun úr beini), sem kemur við hreyfingarleysi og lítið álag, sem sé eðlilegt ástand eftir brot. Ekki sé minnst á, að annar Endernaglinn gangi út um beinið (cortex) í neðri enda lærleggjarins. Nokkur gróandi sé sagður vera á brotstað, en brotið langt frá því að vera gróið. Guðmundur Guðjónsson, ráðgefandi bæklunarlæknir á Reykjalundi, hafi ráðlagt eftir röntgenniðurstöðu að draga úr álagi, þannig að sjúklingur stigi ekki meira en ¾ í fótinn. Ekki sé annað að sjá við þessa lýsingu en að læknar á Reykjalundi hafi verið samþykkir áliti Björns Í. Karlssonar að láta brotið gróa í þeirri stöðu, sem það hafi verið í, og að önnur aðgerð hafi ekki verið ráðlögð.

Seint í ágúst 1984 hafi Sjúkrahús Vestmannaeyja verið beðið um að senda röntgenmyndir til Reykjalundar, svo að bera mætti þær saman við þær myndir, sem þá hefðu verið teknar. Þetta hafi verið gert. Í þessu sambandi skuli á það bent, að ekki sé venja að senda röntgenmyndir með sjúklingum, þegar þeir fari á annað sjúkrahús, nema sérstök ástæða sé til þess eða þess sérstaklega óskað.

Draga verði þær ályktanir af niðurstöðu lækna á Reykjalundi á þessum tíma, að það, að dregið var úr eða hætt í bili þjálfun vegna einkenna stefnanda, hafi verið vegna of strangrar æfingameðferðar eða álags, sem stafað hafi af því, að brotið hafi verið vangróið á þessum tíma, og að verki stefnanda hafi mátt rekja til of stífra æfinga.

Ástand stefnanda við útskrift frá Reykjalundi 19. september 1984, hvað varðar hægri ganglim, hafi verið talsvert betra en við innlögn, þ.e.a.s. meiri hreyfing hafi verið á hné og kraftar betri í læri, og ekki verði annað séð en að stytting og snúningur hafi verið óbreyttur.

5.0. Um þátt Braga Guðmundssonar læknis í meðferð stefnanda og ástand hennar við komu á Landspítala 15. október 1984, segir stefndi, svo sem hér skal greina:

Stefndi segir, að stefnandi virðist hafa leitað að eigin frumkvæði á stofu til Braga Guðmundssonar í september 1984. Bragi Guðmundsson segi í

umsögn sinni um ástand stefnanda í læknabréfi, sem dagsett sé 22. mars 1985: „Hún kom á stofu til undirritaðs í september 1984 og var þá tekin mynd sem sýndi ákveðinn grun um pseudoarthorosis í lærinu. Þá var töluverð stytting í lærinu og útrotasjón á distalla fragmentinu. Tveir Endernaglar hafa verið settir í sjúkling, annar rekinn lateralt frá distala enda femur og upp í gegnum trochander í glutealsvæðið og skagar út 4 cm. Hinn er rekinn sömu leið til baka og liggja báðir endarnir niður í laterala femur kondis."

Bragi Guðmundsson telji í september 1984, að stefnandi sé með pseudorarthorosu (falskan lið, lið, sem myndast á brotstað og merki, að brotið gróí aldrei, sama hversu lengi beðið sé), og sé það einmitt ástæða þess, að ákveðið sé að leggja stefnanda inn á Landspítalann, að því er séð verði.

Þessi sjúkdómsgreining geti ekki staðist, enda ekki í samræmi við röntgenmyndir. Mjög vafasamt sé að tala um, að lærbrot gróí ekki fyrr en í fyrsta lagi eftir 9 - 12 mánuði, hvað þá, að hægt sé að fullyrða, að pseudoarthorosis sé til staðar. Ekki sé hægt að sjá samkvæmt þessu læknabréfi, að Bragi Guðmundsson hafi nokkuð reynt að mæla styttinguna í lærlegg eða snúningsskekkjuna. Þá sé ljóst, að Bragi Guðmundsson hafi ekki gert neinar ráðstafanir til að fá upplýsingar um sjúkling, hvorki frá Reykjalundi né Sjúkrahúsi Vestmannaeyja. Í stefnu komi fram, að Bragi Guðmundsson hafi talið nauðsyn á nýrri aðgerð strax í september 1984, en stefnandi leggist síðan inn á Landspítalann 15. október 1984, rúmum 4 vikum eftir komu á stofu til Braga Guðmundssonar. Röntgenmyndir, sem þá séu teknar, sýni, að mikill gróandi sé í brotinu og það sýnist fast. Þá telji Bragi Guðmundsson samkvæmt læknabréfi 22. mars 1985, að (indicatio) það sé ástæða til að fjarlægja naglana, þar sem endar þeirra gangi niður í lateral femur condyl og þar sé beinið mjög þunnt.

Þessi skoðun Braga Guðmundssonar geti ekki staðist, þ.e. ástæðan til uppskurðar. Bragi Guðmundsson hefði mátt vita, að ef naglarnir yrðu fjarlægðir, hefði orðið að negla brotið að nýju og/eða setja sjúkling á stranga rúmlegu í 2 -3 mánuði, því að mikil hætta hafi verið á, að brotið losnaði, enda mjög vafasamt, að það hefði á þessum tíma verið svo vel gróið, að það þyldi eitthvert álag að ráði.

Í þessu sambandi skuli það nefnt, að almennt sé það álit sérfræðinga á þessu sviði, að ekki skuli fjarlægja nagla fyrr en eftir a.m.k. ár frá aðgerð eða þar til beinið (cortex) á brotsvæðinu hafi gróið það mikið, að það líkist eðlilegu beini. Þó geti verkir á mjaðmasvæði haft áhrif á þessa ákvörðun, enda sé beinið tryggilega gróið.

Lýsing Braga Guðmundssonar í vottorði frá 24. júlí 1985 um ástand stefnanda þann 15. október 1984 sé mjög frábrugðin því, sem komi fram

í læknabréfi frá 22. mars 1985, og verði ekki annað séð en hann sé þar að lýsa ástandi stefnanda eftir aðgerðina á Landspítalanum 18. október 1984. Í vottorðinu segi hann, að stytting sé 5 cm í hægra ganglim (2 - 3 cm í Vestmannaeyjum 10 júlí 1984 og 2 cm á Reykjalundi 22. júlí 1984 og lýst sem talsverðri í læknabréfi frá Landspítala, skrifuðu af sama Braga Guðmundssyni lækni 22. mars 1985). Í vottorðinu segi, að útvísun sé 45 gráður (dálítil í Vestmannaeyjum 10. júlí 1984, talsverð á Reykjalundi 22. júlí 1984 og lýst sem talsverðri í læknabréfi frá Landspítalanum, skrifuðu af Braga Guðmundssyni lækni 22. mars 1985). Í vottorðinu segi, að hreyfingar í hné séu á bilinu 170 - 160, þ.e.a.s. 10 gráðu hreyfing (90 gráður í Vestmannaeyjum 10. júlí 1984, 100 gráður á Reykjalundi við útskrift 19. september 1984, en í læknabréfi frá Landspítala, skrifuðu af sama Braga Guðmundssyni, sé hreyfingu við hné ekki lýst 22. mars 1985).

Við útskrift frá Landspítala 16. mars 1985 sé sagt: „Við brottför héðan 10. mars 1985 er sjúklingur farinn að ganga með fullu álagi á ganglim við tvær hækjur, en eins og var við komu, er distalli hluti lærisins útróteraður um 90 gráður og stytting um 5 cm." Þarna virðist gæta ónákvæmni, því að ljóst sé af þeim gögnum, sem vitnað hafi verið til, að ástand stefnanda við komuna á Landspítala 15. október 1984 hafi verið talsvert annað og betra en við útskrift 16. mars 1985.

Stefndi segir um fyrri aðgerð á hægra lærlegg stefnanda á Landspítala 18. október 1984, að stefnandi hafi verið lagður inn á Landspítalann 15. október 1984 með sjúkdómsgreininguna pseudoarthorosis femur dx. Það komi þá í ljós við endurteknar röntgenmyndatökur, að mikill gróandi sé á brotstað, líkt og brotið sé fast. Engu að síður ákveði Bragi Guðmundsson læknir að leggja í aðgerð.

Í læknabréfi Landspítalans, skrifuðu af Braga Guðmundssyni lækni 22. mars 1985, segi, að rétt sé að gera (indicatio) aðgerð, vegna þess að naglarnir gangi niður í lateral femur condyl og beinið sé þar orðið mjög þunnt. Í læknisvottorði sama Braga Guðmundssonar frá 24. júlí 1985 sé ástæða (indicatio) fyrir aðgerðinni sögð önnur, þ.e.a.s. að fjarlægja Endernaglana, „þar sem þeir valda sjúklingi miklum óþægindum" og sýnilegt, að of seint sé að losa um útrotasion.

Ástæða sé til að ætla af þeirri lýsingu, sem Bragi Guðmundsson læknir gefi af aðgerðinni í læknisvottorði frá 24. júlí 1985, að tilgangur aðgerðarinnar hafi verið annar, þ.e.a.s. að fjarlægja Endernaglana, og að losa um brotið og upphefja styttingu og útvísun og negla brotið að nýju. Ástæða þessarar skoðunar stefnda sé sú, að stefnandi hafi verið skorinn upp á strekkborði, en það sé ónauðsynlegt, ef eingöngu á að fjarlægja Endernagla, og geti auk þess verið mjög varasamt, þar sem strekkur á útlim í

þessu ástandi orsaki óþarfa tog, spennu og álag á lærlegginn með hættu á, að hann bresti.

Í öðru lagi skeri Bragi Guðmundsson inn á gamla brotið til að athuga, hvort brotið sé gróið („gamla fractura frílögð og tekið á henni"). Þessi aðferð sé aldrei notuð til að ganga úr skugga um, hvort brot sé gróið. Með þessari aðferð sé gróandinn truflaður í brotinu og tafið fyrir, að brotið grói að fullu, auk þess sem þetta valdi auknum skaða á lærvöðva og auki hættu á sýkingu.

Í læknisvottorði Braga Guðmundssonar frá 24. júlí 1985 segi hann, að lagður hafi verið skurður lateralt (á hlið) yfir femur condylinn og Endernaglarnir fjarlægðir. Sé sögð spenna á fyrri naglanum (þ.e. naglinn hafi festingu). Hinn naglinn (sem hafi verið rekinn ofan frá) sé sagður hafa perforerað condylinn (standi út úr beininu), þótt það komi hvergi fram á röntgenlýsingu. Ekki verði annað séð af lýsingu Braga Guðmundssonar læknis en hann hafi fjarlægt þann nagla neðan frá, en ekki ofan frá (frá lærleggshnútu), jafnvel þó að það valdi miklu álagi á beinið að fjarlægja naglann á þann hátt, enda ekkert gat á þeim enda naglans, svo að nota mætti útdragara, sem sé sérgerður til að krækja í naglaenda og draga þá (sic) út með jöfnu álagi.

Þá segi Bragi Guðmundsson: „Þegar hann er tekinn, þá brestur beinið vegna þess, hve þunnt það er og í það hefur verið meitlað bæði medialt og lateralt áður, svo sem ör gefa vísbendingu um." Bragi Guðmundsson dragi þær ályktanir af örum, að meitlað hafi verið í bein nánast 6 mánuðum áður. Það sé skoðun stefnda, að ekki sé hægt að dæma um þetta, þó að örvefur hafi verið fyrir á staðnum. Það skuli tekið fram, að við upprunalega aðgerð Björns Í. Karlssonar hafi aldrei verið meitlað í beinið á þessum stað, heldur borað fyrir nöglum, eins og fram komi í aðgerðarlýsingu hans. Þessi staðhæfing Braga Guðmundssonar læknis sé því röng.

Það sé skoðun stefnda, að þar sem röntgenmyndir hafi sýnt mikla þynningu á beininu á þessum stað, hefði Bragi Guðmundsson átt að sýna sérstaka varúð, þegar hann fjarlægði naglana, þar sem honum hefði átt að vera ljóst, að þessi hætta væri fyrir hendi. Í stað þess hafi Bragi Guðmundsson læknir stefnanda í strekk og virðist draga annan naglann út öfugt og með meira viðnámi en unnt hefði verið að gera, ef naglinn hefði verið fjarlægður frá lærbeinshnútu og með til þess gerðum útdragara.

Bragi Guðmundsson læknir negli nú brotið með A-O-plötu, og á röntgenmynd frá 17. maí 1985 sjáist beinþynning í kringum tvær neðstu skrúfurnar, og virðist brotið gróið með 4 gráðu öxulskekkju og þá væntanlega líka útvísun, þó að ekki sé reynt að meta, hversu mikil hún hafi verið. Úrkölkunin í kringum tvær neðstu skrúfurnar bendi til, að neðri hluti plötunnar hafi verið á hreyfingu, meðan brotið hafi verið að gróa, og þá væntanlega, að platan hafi verið laus, a.m.k. að neðan.

Stefnandi hafi síðan verið sendur á Reykjalund eftir nánast 5 mánaða rúmlegu á Landspítalanum. Við komu þangað sé ástandi stefnanda lýst svo (læknabréf frá Reykjalundi um leguna frá 16. mars 1985 til 5. júlí 1985): „..Við komu á Reykjalund er sjúklingur farinn að fara um á tveimur hækjum, en hefur ekki verið í neinum æfingum..“ „Skoðun: Sjúklingur er í meðallagi hávaxin kona, sem samsvarar sér vel, gefur góðar upplýsingar, húðlitur eðlilegur, gengur við tvær hækjur og tekur ekki fullan þunga á hægri fót. Gengur einnig í stuðningsbelti vegna bakóþæginda. Active flexion í hægri mjöðm er yfir 90 gráður með bein hné, en aðrar hreyfingar eru skertar. Hægra hné er mjög stirt. Hægri ganglimur er styttur u.þ.b. 3½ cm og verulega útróteraður..“

Þessi umsögn sé talsvert frábrugðin þeirri lýsingu, sem fram komi í læknabréfi frá Reykjalundi frá legunni 22. júlí 1984 til 19. september 1984, en þar hafi hægra fæti verið lýst þannig: „Hægri fótur var styttur um ca. 2 cm og talsvert útróteraður.“

Eins og sjá megi af þessu, hafi aðgerð Braga Guðmundssonar læknis á Landspítalanum 18. október 1984 ekki aðeins mistekist, heldur hafi ástand sjúklingsins nú versnað til muna frá því, sem verið hafi eftir fyrstu aðgerðina á Sjúkrahúsi Vestmannaeyja. Bæði sé sjúklingur kominn með nýtt brot á lærlegg á sýnu verri stað en hið gamla (nýja brotið mjög nálægt hné með tilheyrandi hættu á stirðleika), kominn með mikil bakóþægindi, væntanlega af hinni löngu og ströngu legu á Landspítalanum, og ljóst sé, að stytting og útvísun séu meiri en áður hafi verið. Hreyfing í hné hafi aðeins verið 25 gráður.

6.0. Stefndi tekur fram, að samkvæmt því, sem áður hafi verið rakið, telji hann sig alls ekki bera ábyrgð á ástandi stefnanda, eins og það sé í dag. Stefndi telji, að aðgerðin 24. apríl 1984 hafi farið fram fullkomlega eðlilega. Að vísu hafi komið upp erfiðleikar í aðgerðinni, en við þeim hafi verið brugðist á réttan máta. Ástand sjúklingsins við útskrift frá Sjúkrahúsi Vestmannaeyja hafi verið eins og við mátti búast. Alls ekki sé hægt að benda á nokkur þau atriði, sem upp hafi komið, bæði í aðgerðinni sjálfri og eftirmeðferð á Sjúkrahúsi Vestmannaeyja, sem rekja megi til mistaka stefnda.

Eins og áður hafi komið fram, hafi Björn Í. Karlsson, yfirlæknir Sjúkrahúss Vestmannaeyja, annast aðgerð, sem fram fór vegna slyss stefnanda, og haft yfirumsjón með henni eftir aðgerðina. Björn Í. Karlsson hafi verið yfirlæknir á Sjúkrahúsi Vestmannaeyja allt frá árinu 1975 og hafi annast meira eða minna öll þau slysatilfelli, sem komið hafi upp á Sjúkrahúsi Vestmannaeyja frá árinu 1975 til dagsins í dag. Björn hafi mikla reynslu í meðferð slysa hér á landi, auk þess sem hann hafi að baki langt sérnám

á sjúkrastofnunum erlendis. Björn Í. Karlsson þyki mjög fær skurðlæknir og hafi sérstaklega lagt fyrir sig slysaskurðlækningar. Hann hafi því haft alla burði til að annast slys (sic) þetta, og eins og áður hafi verið rakið, haft mikla reynslu af sambærilegum aðgerðum.

Stefnandi gangi út frá því sem gefnu, að ef hún hefði verið send til Reykjavíkur og negld þar, hefði hún náð fullum bata. Skoðun þessari sé mótmælt. Allar aðstæður hafi verið fyrir hendi á Sjúkrahúsi Vestmannaeyja, þær hafi a.m.k. verið jafngóðar og þær geti bestar orðið á sjúkrahúsum í Reykjavík. Almennt megi segja um lærleggsbrot hjá eldra fólki, að um 50% nái svo góðum bata, að sjúklingur geti talist jafngóður og áður. 25% fái miður góðan árangur og verði með einhver viðvarandi einkenni vegna áverkans. Í 25% tilfella verði árangur verri, og komi þar til, að brot gróa seint og illa eða alls ekki, sýking komi í beinið, liðir verði stirðir og vöðvar rýrir. Brot grói með öxulskekkju, styttingu eða með snúningi. Þá séu þessir sjúklingar í talsverðri hættu með að fá bláæðabólgu, sumir fái blóðtappa í lungu, sem geti verið lífshættulegt.

Stefnandi telji enn fremur, að stefndi hefði átt að senda stefnanda til Reykjavíkur til að gera nýja aðgerð á fyrstu vikunum eftir aðgerð í Vestmannaeyjum. Hér virðist stefnandi gleyma þeirri staðreynd, að stefnandi hafi fengið lungnarek og hafi því ekki verið í ástandi til að fara í nýja aðgerð, nema tekin væri stórkostleg áhætta með líf hennar.

Stefnandi gagnrýni val yfirlæknis Sjúkrahúss Vestmannaeyja á þeim nöglum, sem notaðir hafi verið til að gera við brot stefnanda. Í stefnu sé því haldið fram, að yfirlæknir Sjúkrahúss Vestmannaeyja hafi ekki kunnað nægileg skil á meðferð þeirra. Þessari fullyrðingu sé algjörlega mótmælt. Fullkomlega eðlilegt hafi verið að nota þessa aðferð, sem sé vel þekkt og stefndi kunni ágætlega skil á og hefði notast við áður.

Því sé haldið fram, að fýsilegri kostur hefði verið negling með plötu. Stefndi sé ekki samþykkur þessari fullyrðingu, þar sem sú aðferð hafi ókosti í för með sér. Margir læknar telji, að festing með einni plötu frá hlið gefi ekki nægilega festu, og þegar þessi aðferð sé notuð, sé betra að nota tvær plötur, aðra frá hlið, en hina að framan. Neglingu með plötu eða plötum hefði fylgt mikil röskun á mjúkpörtum, og blóðrás til beinsins hefði raskast miklu meira en með þeirri aðferð, sem beitt hafi verið. Þess beri einnig að geta, að plata að framan hefði fengið lélega festu vegna hins lausa beinhluta, sem hafi verið ofan við brotstaðinn. Vegna þess að blóðrás til beinsins komi u.þ.b. að jöfnum hluta frá mergholi og gegnum beinhimnu, verði að telja festingu með plötu miður heppilega, þegar búið sé að raska blóðrás frá mergholi að talsverðu eða miklu leyti með ísetningu mergnagla, sérlega ef þetta sé gert í einni og sömu aðgerðinni.

Almennt talað verði ekki fullyrt, að ein tegund festingar á beinbrotum

sé betri en önnur, þær hafi allar sína kosti og galla, og beri að meta það í hvert sinn, hvaða kostur sé vænlegastur til árangurs.

Því er haldið fram af hálfu stefnda, að margar af kvörtunum stefnanda, sem fram komi í stefnu, megi vafalítið rekja til langrar rúmlegu á Landspítala frá 15. október 1984 til 16. mars 1985. Eftir seinni aðgerð á Landspítala 27. október 1986 fari fyrst að bera á leiðsluverk og dofa niður í tær, sem bent geti til, að við þá aðgerð hafi eitthvað farið úrskeiðis, er beinið hafi verið tekið í sundur til að gera afsnúning á lærleggnum. Enn fremur sé bent á hinn mikla stirðleika í hægra hné, sem megi rekja vafalítið til fyrri aðgerðarinnar á Landspítalanum og því slysi, sem þá hafi orðið.

Í örorkumati Jónasar Hallgrímssonar læknis sé því haldið fram, að stytting á hægra fæti sé 5 cm, og vitnað til læknisvottorðs Braga Guðmundssonar læknis. Jónas Hallgrímsson mæli ekki sjálfur styttinguna, og sýnist ekki vera samræmi milli þessarar niðurstöðu og þeirrar, sem komi fram í læknabréfi frá Reykjalundi í sambandi við legu stefnanda þann 16. mars 1985 til 5. júlí 1985, þar sem segi, að styttingin sé um 2½ cm.

Ef borið sé saman ástand stefnanda, annars vegar, þegar hún fór frá Vestmannaeyjum í júlí 1984, og við útskrift frá Reykjalundi og hins vegar í desember 1987 samkvæmt örorkumati Jónasar Hallgrímssonar, komi fram verulegur munur milli þessara tveggja tímaskeiða. Þegar stefnandi hafi útskrifast frá Vestmannaeyjum og frá Reykjalundi, sé stytting á hægra fæti hennar á bilinu 2 - 3 cm, útvísun dálítil til talsverð (25 - 30 gráður), hreyfing í hné 90 - 100 gráður. Eftir tvær aðgerðir Braga Guðmundssonar og rúmlega þremur árum seinna sé sjúklingurinn orðinn 65% öryrki með stöðuga bakverki og verki frá mjöðm niður í tær, stirðleika í hægri mjöðm, 40 gráðu hreyfingu í hné, ganglimur sé styttur 5 cm, og mikil vöðvarýrnun sé í læri. Fram komi, að hún noti verkjalyf að staðaldri. Það sé ljóst, að mikið vatn hafi runnið til sjávar milli þessara tveggja tímaskeiða.

Því sé ítrekað (sic) haldið fram, að ástand stefnanda eftir útskrift frá Sjúkrahúsi Vestmannaeyja á árinu 1984 hafi verið eðlilegt miðað við aðstæður, en að vandræði sín megi hún rekja til mistaka, sem síðar hafi orðið og stefndi beri enga ábyrgð á.

Stefndi mótmælir kröfufjárhæðum stefnanda almennt sem allt of háum.

7.0. *Forsendur og niðurstaða.*

Meginmálsástæður stefnanda eru þær, að Björn Í. Karlsson, læknir hjá stefnda, hafi tekið rangar ákvarðanir um meðferðina á lærbroti stefnanda.

Stefnandi telur í fyrsta lagi, að Björn Í. Karlsson læknir hefði átt að senda stefnanda til meðferðar á umræddu lærbroti á sjúkrahús í Reykjavík. Stefnandi segir, að hún hafi ekki óskað sérstaklega eftir meðferð hjá Birni Í. Karlssyni lækni eða á Sjúkrahúsi og heilsugæslustöð Vestmannaeyja. Brotið hafi verið alvarlegt og fyrir fram hafi verið ljóst, að aðgerð myndi

verða mikil og vandasöm. Björn Í. Karlsson muni vera sérfræðingur í almennum skurðlækningum og ekki sérfróður í bæklunarskurðlækningum. Engir erfiðleikar hafi tengst því að senda stefnanda til aðgerðar til Reykjavíkur, þar sem a.m.k. sé að finna þrjú sjúkrahús, sem hafi á að skipa hinum færustu sérfræðingum í bæklunarskurðlækningum og betri tækjabúnað til að framkvæma nauðsynlega aðgerð. Björn Í. Karlsson hafi ekki verið vel undir það búinn að taka á vandamálum, sem alltaf geti komið upp við aðgerðir af þessu tagi.

Svo sem af gögnum málsins má ráða, hefur Björn Í. Karlsson verið yfirlæknir á Sjúkrahúsi og heilsugæslustöð Vestmannaeyja allt frá árinu 1975 og annast slysatilfelli, sem komið hafa upp á sjúkrahúsinu frá árinu 1975. Hann hefur reynslu í meðferð slysa og á að baki sérnám á sjúkrastofnunum erlendis. Hann þykir fær skurðlæknir, og hefur hann sérstaklega lagt fyrir sig slysaskurðlækningar, þ. á m. beinbrotameðferð. Hann verður því að teljast hafa næga reynslu til að bera til að taka að sér skurðaðgerð eins og þessa.

Ekki þykir stefnandi hafa sýnt fram á, að stefnandi eða einhver á hennar vegum hafi óskað eftir því sérstaklega, að aðgerðin færi fram annars staðar en í Vestmannaeyjum. Viðurkenna verður, að aðstæður til aðgerðar af þessu tagi á Sjúkrahúsi og heilsugæslustöð Vestmannaeyja hafi ekki verið þær fullkomnustu, sem völ hafi verið á eða telja verði æskilegastar, og hafi það valdið því, að færri meðferðarvalkostir hafi staðið til boða en ella. Þó verður ekki talið, að aðstæður hafi verið ónógar til að framkvæma þá aðgerð, sem um er fjallað í málinu, og að öll skilyrði virðast hafa verið fyrir hendi til þess að gera að beinbroti þessu.

Ekki verður því eftir atvikum annað séð en ákvörðun um aðgerð Björns Í. Karlssonar læknis á umræddu lærbroti á Sjúkrahúsi og heilsugæslustöð Vestmannaeyja hafi með tilliti til aðstæðna verið forsvaranleg. Telja verður, að sjúklingar í svipuðum sporum og stefnandi taki óhjákvæmilega jafnan nokkra áhættu í sambandi við slíka aðgerð án tillits til þess, hvar og af hverjum hún er framkvæmd. Af þessum ástæðum verður að hafna þessari málsástæðu stefnanda.

Þá telur stefnandi, að Björn Í. Karlsson hefði ekki átt að reyna að gera að brotinu með Endernöglum, m.a. vegna þess, að hann virðist ekki hafa kunnað nægileg skil á meðferð þeirra og hann hafi brugðist rangt við, þegar erfiðleikar hafi komið upp við framkvæmd aðgerðarinnar.

Dómurinn er þeirrar skoðunar, svo sem áður greinir, að við skuraðgerð, eins og mál þetta snýst um, taki sjúklingur óhjákvæmilega jafnan nokkra áhættu, að vel takist til. Verður læknir ekki talinn bótaábyrgur, snúist áhættan á verri veg. Til eru margar aðferðir við aðgerðir á broti á lærlegg, ef aðeins eru taldar þær algengustu. Þá má gera að slíkum brotum án

skurðaðgerðar. Mjög er misjafnt, hvaða aðferðum er beitt í mismunandi sjúkrastofnunum, og fer það bæði eftir því, hverju skurðlæknar hafa mesta trú á og hverju þeir hafa vanist. Má segja, að þeir beiti helst þeirri tækni, sem þeir hafa lært og hefur gefist þeim best. Auk þess ráða oft ytri aðstæður meðferðinni og ástand skurðstofa.

Ekki verður eftir atvikum séð annað en vel hafi mátt gera að brotinu með Endernöglum, en notkun Endernagla er viðurkennd aðferð við brot á lærlegg, og er hún talin upp og henni lýst sem valkosti í kennslubókum, þar sem fjallað er um þessi brot. Deila má þó um það, hvort þessi aðferð hafi verið besti kosturinn, en fram hefur komið í málinu, að varla var um aðra aðferð að ræða með tilliti til aðstæðna á sjúkrahúsinu. A.m.k. verður ekki fullyrt, að Endernaglar hafi verið rangur valkostur, einkum ef ætlunin var að negla blint, eins og aðgerðarlýsing bendi til, að ætlunin hafi verið, svo og með tilliti til heilsufarssögu sjúklings. Þótt gagnrýna mætti það sérstaklega að hefja skurðaðgerð á broti sem þessu án þess að hafa til staðar aðra kosti til að festa brotið en Endernagla, felast þó málsbætur í því, að ekkert mun hafa sést á röntgenmynd fyrir aðgerð, sem gæfi vísbendingu um, að negling með Endernöglum væri erfiðleikum háð.

Ekki verður talið, að stefnanda hafi tekist að sýna fram á þá staðhæfingu sína, að Björn Í. Karlsson læknir hafi ekki kunnnað skil á meðferð Endernaglanna eða farið beinlínis rangt að við meðferð þeirra. Það er álit dómsins, að stefnandi hafi ekki við rekstur málsins sýnt fram á, að atvik hafi komið upp við sjálfa aðgerðina, sem rekja megi til mistaka Björns Í. Karlssonar, a.m.k. ekki það verulegra, að réttlætt geti bótaábyrgð stefnda. Verklag og starfshættir Björns hafi verið með eðlilegum hætti, og aðgerðin hafi að mestu farið eðlilega fram. Óhöpp hafi verið innan þeirra marka, sem bæklunarlæknar reikni með, en nokkrir óvissuþættir eru jafnan fyrir hendi við aðgerð af þessu tagi. Þótt honum tækist ekki í aðgerðinni að ná þeirri festingu á broti, sem hann hafði ætlað sér, og hafi því orðið að sætta sig við lélegri festingu, verður slíkt ekki talið vítavert, aðeins óheppilegt, þar sem hann sýnist hafa gert sitt besta.

Ekki verður Björn Í. Karlsson heldur talinn hafa beinlínis brugðist rangt við, þegar erfiðleikar komu upp við framkvæmd aðgerðarinnar. Þótt gagnrýna megi ýmislegt við framkvæmdina, verður að telja mistök og óhöpp innan afsakanlegra marka og að Björn Í. Karlsson hafi ekki sýnt slíkt vítavert kæruleysi, gáleysi eða vanþekkingu í meðferð sinni á sjúklingi, að rétt sé að fella bótaábyrgð á stefnda. Sama gildir um eftirmeðferð á Sjúkrahúsi Vestmannaeyja.

Stefnandi heldur því fram, að Björn Í. Karlsson hafi brugðist rangt við eftir aðgerðina, þegar sjá hafi mátt, að hún tækist ekki. Ekki verður heldur á það fallist, svo sem að framan greinir, en auk þess verður að fallast á það

sjónarmið, að vegna lungnareks og bláæðabólgu, sem stefnandi hafði fengið, hefði verið áhætta að gera nýja aðgerð á fyrstu vikum eftir aðgerðina í Vestmannaeyjum.

Að þessu athuguðu þykir ósannað, að starfsmaður stefnda, Björn Í. Karlsson læknir, hafi gert yfirsjónir eða mistök í sambandi við aðgerð þá, er mál þetta snýst um, eða hann að öðru leyti hafi sýnt meiri ógætni við aðgerðina eða eftir hana en almennt verður krafist (sic) af lækni í hans stöðu. Ekki verður séð, að hann hafi í meðferð sinni á sjúklingi brotið vítavert í bága við hefðbundnar og viðurkenndar reglur um meðferð slíkra brota. Verður því, eins og atvik standa til í máli þessu, að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum og með tilvísun til 178. gr. laga nr. 85/1936 þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu. Gjafsóknarkostnaður stefnanda, þ.m.t. málflutningslaun skipaðs lögmanns gjafsóknarhafa, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 250.000, þ.m.t. söluskattur, greiðist úr ríkissjóði.

Fyrir stefnanda flutti mál þetta Jón Steinar Gunnlaugsson hrl. og fyrir stefnda Skarphéðinn Þórisson hrl.

Jón L. Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Hauki Árnasyni lækni og Höskuldi Baldurssyni yfirlækni.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarsjóður Vestmannaeyja vegna Sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar Vestmannaeyja, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Dóru Hönnu Magnúsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður. Gjafsóknarkostnaður stefnanda, þ.m.t. málflutningslaun skipaðs lögmanns gjafsóknarhafa, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 250.000, þ.m.t. söluskattur, greiðist úr ríkissjóði.

Fimmtudaginn 22. nóvember 1990.

Nr. 178/1990. **Hörður h/f**

gegn

Vátryggingafélagi Íslands h/f,
Iðnþróunarsjóði,
Iðnlánasjóði,
Íslandsbanka h/f,
Lífeyrissjóði verkalýðsfélaganna á Suðurnesjum,
Olíuverslun Íslands h/f,
Aco h/f, umboðs- og heildverslun,
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs,
þrotabúi Hauks og Ólafs h/f,
Rafveri h/f og
Gjaldheimtu Suðurnesja.

Áfrýjun. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal og Guðrún Erlendsdóttir.

Er mál þetta var tekið fyrir á reglulegu dómþingi Hæstaréttar 2. nóvember síðastliðinn, óskaði áfrýjandi eftir fresti til reglulegs þingdags í janúar 1991.

Stefndu Vátryggingafélag Íslands h/f, Iðnþróunarsjóður, Iðnlánasjóður, Íslandsbanki h/f, Aco h/f, umboðs og heildverslun, og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs kröfðust þess, að áfrýjanda yrði synjað um umbeðinn frest. Af hálfu stefnda Íslandsbanka h/f var jafnframt ítrekuð krafa um, að máli þessu yrði vísað frá Hæstarétti og krafist málskostnaðar úr hendi áfrýjanda. Í greinargerðum til Hæstaréttar hafa stefndu Iðnþróunarsjóður, Iðnlánasjóður og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs einnig krafist frávísunar málsins og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda.

Áfrýjunarstefna í máli þessu var tekin út 26. apríl 1990. Áfrýjað er „nauðungaruppboði þriðja og síðasta, sem fram fór í uppboðsrétti Njarðvíkur 18. október 1989 á fasteigninni Fitjabraut 3, Njarðvík, ásamt fylgifé". Áfrýjunarfrestur samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð var þá liðinn.

Í áfrýjunarstefnu segir meðal annars: „Máli þessu var upphaflega áfrýjað með stefnu, útg. 5. febr. 1990, sem máli nr. 52/1990, en málið var ekki þingfest, þar sem áfrýjunarleyfið var gefið út á stjórnarformanninn, Ólaf Hörð Sigtryggsson, persónulega en ekki vegna Harðar h.f. Áfrýjunarstefna hafði verið tekin út og var stjórnarformaður þar talinn áfrýjandi málsins en ekki Hörður h.f.“ Er hér vitnað til áfrýjunarleyfis frá 8. janúar 1990, þar sem Ólafi Herði Sigtryggssyni er veitt „leyfi til þess að mega áfrýja til Hæstaréttar, samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, uppboði á húseigninni Fitjabraut 3, Njarðvík, ásamt fylgifé, þinglesinni eign Ólafs Harðar Sigtryggssonar, sem fram fór í uppboðsrétti Njarðvíkur 18. október 1989, þótt hinn lögboðni áfrýjunarfrestur sé liðinn“. Á grundvelli þessa áfrýjunarleyfis tók Ólafur Hörður Sigtryggsson 5. febrúar 1990 út áfrýjunarstefnu í eigin nafni til þingfestingar 2. apríl 1990. Er taka átti málið fyrir á dómþingi Hæstaréttar þann dag, var það ekki þingfest. Áfrýjandi hefur lagt fyrir Hæstarétt bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 30. mars 1990, þar sem tekið er fram, að í beiðni um áfrýjunarleyfi komi fram, að þinglesinn eigandi húseignarinnar Fitjabrautar 3, Njarðvík, sé Hörður h/f, en Ólafur Hörður Sigtryggsson stjórnarformaður félagsins.

Framangreint áfrýjunarleyfi var samkvæmt þessu eigi í samræmi við beiðni um það og veitt stjórnarformanni áfrýjanda persónulega. Í stað þess að óska leiðréttingar við ráðuneytið tók stjórnarformaðurinn út áfrýjunarstefnu í eigin nafni og lét síðan þá áfrýjun niður falla, án þess að málið væri þingfest í Hæstarétti. Áfrýjunarleyfis vegna þessa máls hefur eigi verið aflað. Áfrýjunarheimild þessa máls, þar sem áfrýjandi er annar en í hinu fyrra, verður eigi sótt í 36. gr. laga nr. 75/1973. Ber samkvæmt því að vísa máli þessu frá Hæstarétti, og verður stefndu dæmdur málskostnaður svo sem í dómsorði greinir.

Það athugast, að samkvæmt gögnum máls er ósannað, að áfrýjandi hafi pantað dómsgerðir fyrr en 10. ágúst 1990.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Hörður h/f, greiði stefndu Iðnþróunarsjóði, Iðnlánasjóði, Íslandsbanka h/f og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs 10.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti hverjum að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 26. nóvember 1990.

Nr. 208/1990. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Andra Hrannari Einarssyni
(Jón Magnússon hrl.).

Nytjastuldur. Umferðarlög. Ökuleyfissvipting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Benedikt Blöndal og Gunnar M. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. maí 1990 refsingu til þyngingar og jafnframt krafist þess, að sviptingartími ökuréttinda verði lengdur.

Verjandi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabætur koma eigi til meðferðar fyrir Hæstarétti, þar sem hvorugur málsaðila hefur óskað þess, sbr. 147. gr. laga nr. 74/1974.

Staðfesta ber þá niðurstöðu héraðsdóms, að ákærði hafi framið þau brot, sem honum eru gefin að sök. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald í 45 daga.

Hinn 7. mars 1989 sætti ákærði 10.000 króna sekt með dómsátt í sakadómi Siglufjarðar svo og ökuleyfissviptingu í einn mánuð frá sama degi að telja fyrir brot á 4. gr., 2. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 45. gr., sbr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Dómsátt þessi hefur ítrekunaráhrif samkvæmt 3. mgr. 102. gr. sömu laga. Fram kemur í gögnum málsins, að hinn 6. júní 1989 svipti lögreglustjórinn á Siglufirði ákærða ökuleyfi til bráðabirgða samkvæmt 103. gr. umferðarlaga. Var ökuleyfissvipting þessi, sem taka skyldi gildi sama dag, birt ákærða samdægurs. Með hinum áfrýjaða dómi var ákærði sviptur ökuréttindum í sex mánuði frá birtingu hans, 6. febrúar 1990.

Ákærði þykir samkvæmt 101. gr., sbr. 3. mgr. 102. gr. umferðarlaga hafa unnið til sviptingar ökuréttinda í tvö ár og sex mánuði. Samkvæmt framansögðu hefur hann verið sviptur ökuleyfi í samtals

14 mánuði. Ber því að ákveða, að ákærði verði sviptur ökuleyfi í 16 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma áfrýjanda til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Andri Hrannar Einarsson, sæti varðhaldi í 45 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í sextán mánuði til viðbótar frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði Kristni Georgssyni 72.222 krónur í skaðabætur. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Áfrýjandi greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 6. febrúar 1990.

Ár 1990, þriðjudaginn 6. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 73/1990: Ákæruvaldið gegn Andra Hrannari Einarssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 24. janúar síðastliðinn, á hendur Andra Hrannari Einarssyni verkamanni, Bogahlíð 14, Reykjavík, fæddum 1. apríl 1969 í Reykjavík, „fyrir að aka eftirgreindum bifreiðum um götur á Siglufirði í heimildarleysi og undir áhrifum áfengis aðfaranótt mánudagsins 1. maí 1989, svo sem hér er rakið:

1) Bifreiðinni F-159 frá Suðurgötu 22 og svo óvarlega á Skarðsvegi sunnan við Vatnsdæluhúsið, að hún lenti út af veginum og festist í snjóruðningi.
2) Því næst bifreiðinni F-737 frá Laugarvegi 38 og svo óvarlega norður Túngötu, að bifreiðin hentist inn í innkeyrslu að Shellportinu og festist í snjóskafli.
3) Að því búnu bifreiðinni F-577 frá Lækjargötu 8 að Laugarvegi 20 og á þeirri leið svo óvarlega suður Laugarveg við hús nr. 7, að bifreiðin rakst á bifreiðina A-12827, sem þar var kyrrstæð.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr.

19/1940, sbr. lög nr. 20/1956, 1. mgr. 4. gr. og 1., sbr. 2. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar og skaðabóta."

Málavextir.

1) Sunnudagskvöldið 30. apríl 1989 fór ákærði, sem þá var til heimilis að Suðurgötu 59 á Siglufirði, á dansleik á Hofsósi. Á leið á dansleikinn, á dansleiknum sjálfum og á leiðinni frá Hofsósi til Siglufjarðar neytti ákærði áfengis. Þegar ákærði kom til Siglufjarðar, gekk hann suður Suðurgötu. Á móts við hús nr. 22 við þá götu stóð bifreiðin F-159. Fór hann inn í bifreiðina, sem var ólæst og með kveikjuláslykil í kveikjulás, gangsetti hana og ók henni því næst suður Suðurgötu og fram Fjarðarveg fram fyrir dælustöð vatnsveitunnar við Skarðsveg, þar sem bifreiðin lenti út af veginum og festist í snjó. Yfirgaf ákærði að svo búnu bifreiðina og fór fótgangandi til kaupstaðarins.

Klukkan 10.40 um morguninn var ákærði boðaður á lögreglustöðina til yfirheyrslu, og þar tók læknir blóðsýni úr ákærða kl. 11.50. Reyndist það innihalda 1,23‰ alkóhóls.

Við rannsókn og meðferð málsins hefur ákærði viðurkennt, að aðfaranótt mánudagsins 1. maí 1989 hafi hann tekið bifreiðina F-159 í heimildarleysi og ekið henni undir áhrifum áfengis frá Suðurgötu 22 á Siglufirði og svo óvarlega á Skarðsvegi sunnan við Vatnsdæluhúsið, að bifreiðin lenti út af veginum og festist í snjóruðningi.

2) Í framhaldi af því, sem segir í lið 1 hér að framan, fór ákærði fótgangandi norður Norðurtún að Laugarvegi. Þegar hann kom að húsi nr. 38 við þá götu, sá hann, að þar stóð bifreiðin F-737. Var hún ólæst og kveikjuláslykill í kveikjulás. Fór ákærði inn í bifreiðina, gangsetti hana og ók henni því næst sem leið lá norður Laugarveg, Suðurgötu og Túngötu, en þar yfirgaf hann bifreiðina, eftir að hafa fest hana í snjóskafli, sökum þess, hve óvarlega hann hafði ekið henni norður Túngötu, en við það hentist bifreiðin inn í innkeyrsluna að Shellportinu og festist, sem fyrr segir, í snjóskafli.

Kl. 10.40 um morguninn var ákærði boðaður á lögreglustöðina til yfirheyrslu. Í þágu rannsóknar málsins var honum tekið blóðsýni þar kl. 11.50 til ákvörðunar á alkóhóli í blóði. Reyndist sýnið innihalda 1,23‰ alkóhóls.

Við rannsókn og meðferð málsins hefur ákærði greiðlega viðurkennt, að aðfaranótt mánudagsins 1. maí 1989 hafi hann tekið bifreiðina F-737 í

heimildarleysi við húsið nr. 38 við Laugarveg á Siglufirði og ekið henni undir áhrifum áfengis norður þá götu, norður Suðurgötu og Túngötu og svo óvarlega norður síðastnefndu götuna, að bifreiðin hentist inn á innkeyrsluna að Shellportinu og festist þar í snjóskafli.

3) Að afloknu því, sem rakið er í lið 2 í ákærunni, gekk ákærði suður Túngötu, austur Eyrargötu og suður Lækjargötu. Þegar hann kom að húsinu nr. 18 við þá götu, sá hann, að þar stóð bifreiðin F-577. Var hún ólæst með kveikjuláslykilinn í kveikjulásnum. Fór ákærði inn í bifreið þessa, gangsetti hana og ók henni að svo búnu suður Lækjargötu, vestur á Suðurgötu, suður þá götu og loks suður Laugarveg að húsinu nr. 20. Við húsið nr. 7 við Laugarveg stóð bifreiðin A-12827. Þegar ákærði ók fram hjá húsi þessu, ók hann svo óvarlega, að bifreiðin F-577 rakst utan í þá bifreið. Eftir að hafa yfirgefið bifreiðina við Laugarveg 20, fór hann fótgangandi heim til sín að Suðurgötu 59.

Kl. 10.40 var ákærði boðaður á lögreglustöð til yfirheyrslu, og kl. 11.50 var honum tekið þar blóð til ákvörðunar á alkóhólmagni í blóði. Reyndist sýnið innihalda 1,23‰ alkóhóls.

Við rannsókn og meðferð málsins viðurkenndi ákærði, að aðfaranótt mánudagsins 1. maí 1989 hefði hann tekið bifreiðina F-577 í heimildarleysi við húsið nr. 8 við Lækjargötu á Siglufirði og ekið henni undir áhrifum áfengis að Laugarvegi 20 þar í kaupstaðnum. Er hann var að aka suður síðastnefndu götuna, hefði hann ekið bifreiðinni svo óvarlega við húsið nr. 7, að hún hefði rekist á bifreiðina A-12827, sem verið hefði kyrrstæð við fyrrgreint hús.

Niðurstaða.

Með afdráttarlausum játningum ákærða, niðurstöðu alkóhólrannsóknar og öðrum gögnum málsins telst sannað, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í öllum þremur liðum ákærunnar. Varðar atferli ákærða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 20, 1956, 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt refsingum, sem hér segir:

		Ákærufrestun, skb. 2 ár, frá 1.2.'88 f. brot g. 244. gr. alm. hgl.
1988	20/2	Siglufjörður. Sátt: 4.000 kr. sekt f. brot g. 21. gr. áfl.
1989	7/3	Siglufjörður. Sátt: 10.000 kr. sekt f. brot g. 1. mgr. 4. gr., 2. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 45. gr. umfl. Svipur ökul. 1 mán. frá 7.3.'89.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 259. gr. al-

mennra hegningarlaga og 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga. Verður hún ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsingin hæfilega ákveðin varðhald í 3 mánuði, en rétt er þó að fresta fullnustu hennar í 3 ár frá uppkvaðningu dómsins, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Þessu til viðbótar þykir rétt að dæma ákærða til greiðslu 35.000 króna sektar til ríkissjóðs, og komi varðhald í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Eins og krafist er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir, ber að svipta ákærða ökuréttindum. Þykir hæfilegt, að sviptingin vari í 6 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Skaðabætur og sakarkostnaður.

Kristinn Georgsson, Suðurgötu 22, Siglufirði, eigandi bifreiðarinnar F-159, hefur krafist skaðabóta úr hendi ákærða. Er endanleg bótakrafa sundurliðuð þannig:

Viðgerðarkostnaður samkv. meðf. nótum	kr. 72.222
Daggjald vegna rekstrarstöðvunar í 3 daga, kr. 3.062 pr. dag	— 9.186
Ferðakostnaður til og frá viðgerðarstað	— 5.000
Samtals	kr. 86.408

Vaxta er ekki krafist.

Ákærði hefur samþykkt 1. lið kröfunnar, en mótmælt hinum tveimur. Fyrsti liður er studdur gögnum, en hinir ekki. Ber að vísa 2. og 3. lið kröfunnar frá dómi, en dæma ákærða til greiðslu bóta skv. 1. lið, að fjárhæð kr. 72.222, til Kristins Georgssonar.

Sverrir Jónsson, Laugarvegi 38, Siglufirði, eigandi bifreiðarinnar F-737, krefst skaðabóta, að fjárhæð kr. 40.000, sem hann kveður byggðar á mati bifvélavirkja. Vaxta er ekki krafist. Fyrir dómi mótmælti ákærði kröfunni. Hún er ekki studd neinum gögnum. Ber því að vísa henni frá dómi.

Þá hefur Sigurlaug Guðjónsdóttir, eigandi bifreiðarinnar F-577, lagt fram skaðabótakröfu, sem sundurliðast þannig:

Rétta v/hlið (hurðir, afturbretti), — h/afturhurð og svuntu framan, vinna ca.	kr. 12.000
Sprauta v/hlið, h/afturhurð, svuntu	— 39.100
1 stk. dekk	— 2.500
1 — framljós	— 1.650

Framrúða og ísetning	kr.	7.500
	Kr.	60.500

Vaxta er ekki krafist.

Ákærði mótmælti kröfunni fyrir dómi. Krafa þessi er ekki studd neinum gögnum, en sýnist byggð á áætlun Ragnars Guðmundssonar, bifvélavirkja á Siglufirði. Ber að vísa kröfunni frá dómi.

Loks hefur bæjartæknifræðingurinn á Siglufirði, Þráinn Sigurðsson, f.h. Siglufjarðarkaupstaðar gert kröfu um 25.000 króna skaðabætur vegna skemmda á bifreiðinni A-12827. Hér er um áætlaðan viðgerðarkostnað að ræða, en krafan er ekki studd neinum gögnum. Þá er ekki krafist vaxta. Ákærði hefur fyrir dómi mótmælt kröfunni, en með vísan til framanritaðs er henni vísað frá dómi.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Andri Hrannar Einarsson, sæti varðhaldi 3 mánuði. Fullnustu refsingarinnar skal fresta og hún falla niður að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærði greiði 35.000 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði Kristni Georgssyni kr. 72.222 í skaðabætur.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Mánudaginn 26. nóvember 1990.

Nr. 264/1990. **Ákæruvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Gunnari Þór Árnasyni

(Örn Clausen hrl.).

Ómerking. Heimvísun. Meðdómendur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Benedikt Blöndal og Gunnar M. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. september 1989, aðallega til ómerkingar og heimvísunar og dómsálagningar að nýju, en til vara til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu. Ákærði óskaði ekki áfrýjunar.

Fyrir Hæstarétti hefur málið verið flutt um formhlið eingöngu, sbr. 48. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Verjandi ákærða hafði ekki uppi frávísunarkröfu í héraði. Við munnlegan flutning fyrir Hæstarétti krafðist hann þess, að málinu í heild yrði vísað frá héraðsdómi. Eins og málið liggur fyrir, eru ekki efni til að taka þessa kröfu til greina.

Er ákærði kom fyrir sakadóm, kvað hann áætlun ríkisskattstjóra á söluskattsskyldri veltu fyrirtækis síns of háa og sömuleiðis of hátt áætlað það sölugjald, er hann hefði komist hjá að greiða. Í skýrslu hans hjá rannsóknarlögreglu kemur fram það álit hans, að „aðeins óverulegur þáttur" starfseminnar hafi verið söluskattsskyldur. Sakadómari rannsakaði þetta ekki frekar. Þá var ákærði ekki inntur eftir því fyrir dómi, hvaða bókhaldsbækur hann hefði haldið og hvar þær væru. Hjá rannsóknarlögreglu kvaðst hann hafa afhent starfsmönnum rannsóknardeildar ríkisskattstjóra þá rekstrar- og efnahagsreikninga, sem hann samdi fyrir árin 1984 og 1985. Sakadómara var rétt að kanna réttmæti þessarar fullyrðingar.

Mál þetta er svo vaxið, að héraðsdómari hefði átt að dæma það ásamt sérfróðum samdómendum, sbr. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, sbr. 1. gr. laga nr. 27/1985, enda ber dómara að rannsaka og meta sjálfstætt sakaratriði, þótt

skattstjórnvöld hafi áður þar um fjallað, sbr. 1. mgr. 75. gr. og 110. gr. laga nr. 74/1974.

Samkvæmt þessu verður ekki hjá því komist að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til frekari dómsrannsóknar og uppsögu dóms að nýju.

Kostnað af áfrýjun málsins skal greiða úr ríkissjóði eins og nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi, og er málinu vísað heim í hérað til frekari dómsrannsóknar og uppsögu dóms að nýju.

Kostnaður af áfrýjun sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs verjanda ákærða, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 6. júlí 1989.

Ár 1989, fimmtudaginn 6. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Guðjóni St. Marteinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 312/1989: Ákæruvaldið gegn Gunnari Þór Árnasyni, en málið var dómtekið þann 23. júní sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dagsettu 16. febrúar 1989, á hendur Gunnari Þór Árnasyni, Hraunbæ 102 B, Reykjavík, fæddum þar í borg 17. apríl 1955, fyrir eftirfarandi meint brot á lögum um söluskatt, lögum um bókhald og almennum hegningarlögum, svo sem hér greinir:

— — —

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Þór Árnason, sæti fangelsi í 3 mánuði, en fresta skal fullnustu fangelsisrefsingarinnar í 2 ár frá uppkvaðningu dóms þessa og hún falla niður að þeim tíma liðnum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 55, 1922.

Ákærði greiði kr. 900.000 í sekt til ríkissjóðs, og komi fangelsi í 3 mánuði í sektar stað, verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Sakarefni í ákærulið II er vísað frá dómi ex officio.

Ákærði greiði helming málskostnaðar á móti ríkissjóði, þ.m.t. helming kr. 25.000 í málsvarnarlaun til Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns.

Mánudaginn 26. nóvember 1990.

Nr. 173/1990. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Páli Jónssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Fjárdráttur. Skjalafals. Ákæra. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með stefnu 6. apríl í ár að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákæruvaldsins til sakfellingar samkvæmt ákæru og til þyngingar á refsingu.

Ákærði krefst þess:

a) að hann verði sýknaður af öllum kröfum samkvæmt ákæru 6. nóvember 1986,

b) að hann verði sýknaður af 1. tl. II. kafla, V. kafla, XI. kafla og B-lið ákæru 12. febrúar 1988,

c) að hann hljóti að öðru leyti vægustu refsingu, sem lög leyfa, og refsing verði skilorðsbundin að öllu leyti eða að hluta. Jafnframt verði refsing tiltekin sem hegningarauki við dómsátt 7. febrúar 1989 og dóm 29. júní s.á.

I.

Við munnlegan flutning málsins í Hæstarétti féll saksóknari frá ákæru 6. nóvember 1986 og B-lið ákæru 12. febrúar 1988. Brot samkvæmt ákæru 6. nóvember 1986 fellur undir 73. gr. laga um tékka nr. 94/1933, sbr. 1. gr. laga nr. 35/1977, og er því fyrnt samkvæmt 1. tl. 1. gr., 81. gr., sbr. 6. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 20/1981. Ber því að sýkna ákærða af þessari ákæru. Gögn málsins veita ekki næga stoð þeirri fullyrðingu í ákæru frá 12. febrúar 1988, að tékki samkvæmt B-lið hennar hafi verið innstæðulaus við framvísun í banka. Ber því að sýkna af þeim ákærulið. Samkvæmt 3. mgr. 146. gr.

laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála verður þá ekki dæmt um bótakröfu vegna þeirrar háttsemi, sem um getur í ákæru 6. nóvember 1986, og er hinn áfrýjaði dómur, að því er hana varðar, felldur úr gildi og kröfunni vísað frá héraðsdómi.

Sannað er, að ákærði framdi þau brot, sem honum eru gefin að sök í I., II., IV., V., VI., VII., VIII., IX. og X. kafla ákæru.

Að því er varðar III. kafla ákæru um viðskipti við Unnstein Þorsteinsson ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um sakfellingu varðandi tvær síðari greiðslurnar. Þá er sannað, að ákærði tók einnig við fyrstu greiðslunni samkvæmt þessum ákærulið, fjárhæð að jafnvirði 597.670 krónur. Ákærði og starfsmaður hans, Tonny Esperssen, hafa báðir borið, að Tonny hafi afhent Jan Erik Olsen 8.000 dollara af þessari greiðslu á hótel Fontana á Spáni og fengið kvittun fyrir. Greiðsla Unnsteins til ákærða fór fram 6. júní 1985. Í málinu liggja frammi ljósrit ferðatékka með nafni Unnsteins, að fjárhæð 6.500 dollarar, sem haldið er fram, að dagsettir séu í júní það ár, en á nokkrum ljósritanna má greina stimpil Banco Alicantino de Comercio. Fyrir Hæstarétti hefur verjandi ákærða haldið því fram, að þetta sé hin áminnsta greiðsla. Rétt er að meta vafa um örlög hluta þessarar greiðslu ákærða í hag, og verður ekki sakfellt nema fyrir þann hluta, sem hann viðurkennir að hafa tekið til sín sem umboðslaun af þessari greiðslu, 203.207 krónur.

Að því er varðar XI. kafla ákæru um viðskipti við Stefán Guðbjartsson, breytti ákærði framburði, sem hann gaf hjá lögreglu 9. janúar 1987, þá er hann kom fyrir dóm 29. júní 1989. Kvaðst hann hafa farið með víxilinn, sem hér um ræðir, í banka til innheimtu, en hann hafi aldrei greiðst og hann því aldrei fengið í hendur peninga vegna þessara viðskipta. Stefán Guðbjartsson kom aldrei fyrir dóm, svo að hann gæti tjáð sig um þennan breytta framburð, og víxillinn hefur ekki verið lagður fram. Verður því að sýkna ákærða af þessum lið ákæru vegna sönnunarskorts.

Að öðru leyti en að framan segir ber með tilvísun til raka hins áfrýjaða dóms að staðfesta hann um sakfellingu vegna brota samkvæmt ákæru 12. febrúar 1988.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur 20. október 1983 hlaut ákærði skilorðsbundna refsingu fyrir brot á 247. gr. almennra hegningarlaga. Skilorðstíma lauk 20. október 1985. Rannsókn vegna þeirra

brota, sem ákveða ber refsingu fyrir í þessu máli, hófst hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 5. september 1986. Samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga ber ekki að taka það mál upp til meðferðar.

Staðfesta ber ákvörðun héraðsdóms um refsingu ákærða.

II.

Fallast má á úrlausn um skaðabótakröfur í forsendum héraðsdóms að öðru leyti en hér skal greint.

Skaðabótakrafa Unnsteins Þorsteinssonar er um jafnvirði 201.620 norskra króna. Ákærði gaf Unnsteini kvittun um greiðslu í norskum krónum, en greiðslurnar voru samkvæmt framburði Unnsteins og öðrum gögnum málsins ekki í þeirri mynt. Ákærði tók við allri hinni kröfðu fjárhæð. Hann hélt henni ekki til haga á þann hátt, að gagnaðist Unnsteini til greiðslu húss hans. Þótt ekki sé talið sannað, að hann hafi dregið sér alla fjárhæðina, var meðferð hans á þessum fjármunum gáleysisleg. Verður að telja hann bera ábyrgð gagnvart Unnsteini á allri fjárhæðinni. Eftir atvikum ber að ákveða höfuðstól kröfu hans í íslenskri mynt með sömu fjárhæð og ákært er fyrir, 977.605 krónur.

Ákærði hefur hafnað kröfu Óskars Árnasonar. Kröfugerð Óskars, gögn hans fyrir henni og framburður hans um hana eru óljós. Verður því ekki dæmt um hana í þessu máli, sbr. XVII. kafla laga um meðferð opinberra mála. Fella ber því niður ákvæði héraðsdóms, að því er þessa kröfu varðar, og vísa henni frá héraðsdómi.

Upphafstíma vaxta af ofantöldum skaðabótakröfum er ekki mótmælt, og eru kröfur um vexti af tildæmdum fjárhæðum teknar til greina, eins og í dómsorði greinir.

III.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og málsvarnarlaun, og dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, svo sem segir í dómsorði. Þó verður ákærða ekki gert að greiða nema 2/3 hluta kostnaðar við ágrip, þar sem gerð þess er ekki í samræmi við 180. gr. laga um meðferð opinberra mála, en það er mun umfangsmeira en efni standa til.

Dómsorð:

Ákærði, Páll Jónsson, sæti fangelsi í tvö ár.

Ákærði greiði skaðabætur með vöxtum svo sem hér greinir:

1. Árna Hemmert Sörenssyni, Aðalbraut 16, Raufarhöfn, 571.251 krónu með 22% ársvöxtum af 260.800 krónum frá 19. desember 1985 til 1. mars 1986, með 12,1% frá þeim degi til 21. mars s.á., en af 411.383 krónum frá þeim degi til 1. apríl s.á., með 8,5% frá þeim degi til 7. ágúst s.á., en af 571.251 krónu frá þeim degi til 1. nóvember s.á., með 8,7% frá þeim degi til 11. nóvember s.á., með 8,8% frá þeim degi til 1. desember s.á., með 8,9% frá þeim degi til 21. janúar 1987, með 9,3% frá þeim degi til 1. febrúar s.á., með 9,6% frá þeim degi til 11. febrúar s.á., með 9,9% frá þeim degi til 21. febrúar s.á., með 10,2% frá þeim degi til 1. mars s.á., með 10,3% frá þeim degi til 14. apríl s.á., en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

2. Unnsteini Þorsteinssyni, Geitlandi 15, Reykjavík, 977.605 krónur með 22% ársvöxtum af 597.670 krónum frá 6. júní 1985 til 6. ágúst s.á., en af 913.858 krónum frá þeim degi til 1. mars 1986, með 12,1% frá þeim degi til 21. mars s.á., en af 977.605 krónum frá þeim degi til 1. apríl s.á., með 8,5% frá þeim degi til 1. nóvember s.á., með 8,7% frá þeim degi til 11. nóvember s.á., með 8,8% frá þeim degi til 1. desember s.á., með 8,9% frá þeim degi til 21. janúar 1987, með 9,3% frá þeim degi til 1. febrúar s.á., með 9,6% frá þeim degi til 11. febrúar s.á., með 9,9% frá þeim degi til 21. febrúar s.á., með 10,2% frá þeim degi til 1. mars s.á., með 10,3% frá þeim degi til 14. apríl s.á., en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

3. Jóhannesi Magnússyni Lange, Víðihvammi 28, Kópavogi, 714.250 krónur með 22% ársvöxtum af 182.250 krónum frá

13. desember 1985 til 16. desember s.á., en af 282.250 krónum frá þeim degi til 1. mars 1986, með 12,1% frá þeim degi til 14. mars s.á., en af 414.250 krónum frá þeim degi til 1. apríl s.á., með 8,5% frá þeim degi til 1. ágúst 1986, en af 714.250 krónum frá þeim degi til 1. nóvember s.á., með 8,7% frá þeim degi til 11. nóvember s.á., með 8,8% frá þeim degi til 1. desember s.á., með 8,9% frá þeim degi til 21. janúar 1987, með 9,3% frá þeim degi til 1. febrúar s.á., með 9,6% frá þeim degi til 11. febrúar s.á., með 9,9% frá þeim degi til 21. febrúar s.á., með 10,2% frá þeim degi til 1. mars s.á., með 10,3% frá þeim degi til 14. apríl s.á., en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

4. Iðnaðarmannafélagi Sauðárkróks 278.450 krónur með 22% ársvöxtum af 143.450 krónum frá 22. janúar 1986 til 1. mars s.á., með 12,1% frá þeim degi til 1. apríl s.á., með 8,5% frá þeim degi til 22. maí 1986, en af 278.450 krónum frá þeim degi til 1. nóvember s.á., með 8,7% frá þeim degi til 11. nóvember s.á., með 8,8% frá þeim degi til 1. desember s.á., með 8,9% frá þeim degi til 21. janúar 1987, með 9,3% frá þeim degi til 1. febrúar s.á., með 9,6% frá þeim degi til 11. febrúar s.á., með 9,9% frá þeim degi til 21. febrúar s.á., með 10,2% frá þeim degi til 1. mars s.á., með 10,3% frá þeim degi til 14. apríl s.á., en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

5. Diðrik Vilhjálmssyni, Helgavatni, Þverárhlíð í Mýrasýslu, 164.500 krónur með 8,5% ársvöxtum frá 7. apríl 1986 til 1. nóvember s.á., með 8,7% frá þeim degi til 11. nóvember s.á., með 8,8% frá þeim degi til 1. desember s.á., með 8,9% frá þeim degi til 21. janúar 1987, með 9,3% frá þeim degi til 1. febrúar s.á., með 9,6% frá þeim degi til 11. febrúar s.á., með 9,9% frá þeim degi til 21. febrúar s.á., með 10,2% frá þeim

degi til 1. mars s.á., með 10,3% frá þeim degi til 14. apríl s.á., en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

6. Baldri Árnasyni, Holtsgötu 6, Sandgerði, 664.000 krónur með 22% ársvöxtum af 564.000 krónum frá 19. febrúar 1986 til 1. mars s.á., með 12,1% frá þeim degi til 1. apríl s.á., með 8,5% frá þeim degi til 8. apríl s.á., en af 664.000 krónum frá þeim degi til 1. nóvember s.á., með 8,7% frá þeim degi til 11. nóvember s.á., með 8,8% frá þeim degi til 1. desember s.á., með 8,9% frá þeim degi til 21. janúar 1987, með 9,3% frá þeim degi til 1. febrúar s.á., með 9,6% frá þeim degi til 11. febrúar s.á., með 9,9% frá þeim degi til 21. febrúar s.á., með 10,2% frá þeim degi til 1. mars s.á., með 10,3% frá þeim degi til 14. apríl s.á., en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

7. Þorbergi Þórarinssyni og Elísabetu Gabríelu Jósefsdóttur, báðum til heimilis að Bröttuhlíð 10, Seyðisfirði, samtals 658.000 krónur með 22% ársvöxtum af 329.000 krónum frá 28. janúar 1986 til 1. mars s.á., með 12,1% frá þeim degi til 1. apríl s.á., með 8,5% frá þeim degi til 17. apríl s.á., en af 629.000 krónum frá þeim degi til 29. júní s.á., en af 658.000 krónum frá þeim degi til 1. nóvember s.á., með 8,7% frá þeim degi til 11. nóvember s.á., með 8,8% frá þeim degi til 1. desember s.á., með 8,9% frá þeim degi til 21. janúar 1987, með 9,3% frá þeim degi til 1. febrúar s.á., með 9,6% frá þeim degi til 11. febrúar s.á., með 9,9% frá þeim degi til 21. febrúar s.á., með 10,2% frá þeim degi til 1. mars s.á., með 10,3% frá þeim degi til 14. apríl s.á., en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Bótakröfum Mídasar hf. og Óskars Árnasonar er vísað frá sakadómi.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 75.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 75.000 krónur. Ákærði greiði þó aðeins 2/3 kostnaðar við ágripsgerð.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 26. mars 1990.

Ár 1990, mánudaginn 26. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Guðjóni St. Marteinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 189/1990: Ákæruvaldið gegn Páli Jónssyni.

Málið er höfðað með tveimur ákæruskjölum á hendur Páli Jónssyni, fæddum 21. júlí 1955, nú til heimilis í Svíþjóð, en áður búsettum hér í borg. Ákæruskjölin eru útgefin 6. nóvember 1986 og 12. febrúar 1988.

I. Ákæra, útgefin 6. nóvember 1986.

Með þessari ákæru er málið höfðað gegn ákærða „fyrir tékkasvik með því að hafa í október 1985 greitt fyrir þjónustu til auglýsingaþjónustunnar Mídasar hf. með 42.000 króna tékka, sem hann gaf út á tékkareikning sinn, nr. 31196, hjá aðalbanka Búnaðarbanka Íslands til „MÍDAS hf." á tékkaeyðublað nr. 2432915 og dagsetti 30. nóvember sama ár, en við sýningu tékkans þann 28. janúar 1986 reyndist ekki vera innstæða á ofangreindum tékkareikningi ákærða, sem lokað var þann 18. nóvember 1985.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar".

II. Ákæra, útgefin 12. febrúar 1988.

A.

Með þessari ákæru er málið höfðað á hendur ákærða „fyrir skjalafals og fjárdrátt með því að hafa á árunum 1985 og 1986, þegar ákærði var umboðsmaður fyrirtækisins Suomi Sun Spain S/A, Torrevieja, Alicantehéraði, Spáni, en fyrirtækið annast byggingu og sölu sumarhúsa á nefndum stað á Spáni, falsað og notað fölsuð skjöl til þess að blekkja með þeim í viðskiptum og dregið sér fé, sem ákærði tók við frá kaupendum sem greiðslum fyrir sumarhús, samtals að fjárhæð kr. 5.426.951, svo sem nú verður rakið:

I. Viðskipti við Árna Hemmert Sörensson, Aðalbraut 16, Raufarhöfn.

1. Fyrir skjalafals:

Með því að hafa notað kaupsamning, dagsettan 10. desember 1985, um sumarhús af gerðinni Norvega milli Suomi Sun Spain S/A sem seljanda og Árna Sörenssonar og Þórdísar Kristjánsdóttur sem kaupanda til þess að blekkja kaupanda í lögskiptum, eftir að hafa útfyllt samninginn og falsað undirskrift Antonios Calvo Arce, forstjóra seljanda, á samninginn í því skyni að vekja þá hugmynd hjá þeim Árna og Þórdísi, að kaupsamningur hefði komist á.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

2. Fyrir fjárdrátt:

Með því að hafa dregið sér eftirtaldar greiðslur frá Árna Hemmert fyrir umrætt sumarhús, kr. 260.800, sem ákærði fékk símsendar 19. desember 1985, kr. 150.583, símsendar 21. mars 1986, og kr. 159.868, sem Árni greiddi með tékka nr. 139853 á tékkareikning nr. 404 við Landsbanka Íslands, Raufarhöfn, útgefnum 7. ágúst 1986, og ákærði seldi samdægurs í Landsbanka Íslands, Austurbæjarútibúi, eða samtals kr. 571.251. Síðastnefnda greiðslan fór til greiðslu inn á hús Róshildar Sveinsdóttur, Hofteigi 44, Reykjavík, en hinar notaði ákærði til eigin þarfa.

Telst þetta varða við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II. Viðskipti við Björgvin Árna Ólafsson, Bergstaðastræti 13, Reykjavík.

1. Fyrir skjalafals:

Með því að hafa notað ódagsetta kvittun til Björgvins Árna fyrir móttöku á 25% innborgun fyrir sumarhús af gerðinni Kasbah nr. 5 til þess að blekkja Björgvin Árna með í lögskiptum, eftir að hafa falsað undirritun Jans Eriks Olsens, starfsmanns Sun Spain S/A í Fredrikstad, Noregi, á kvittunina í því skyni að vekja þá hugmynd hjá Björgvin Árna, að fyrirtækinu hefði borist greiðsla frá honum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

2. Fyrir fjárdrátt:

Með því að hafa dregið sér eftirtaldar greiðslur frá Björgvin Árna fyrir umrætt sumarhús, kr. 163.372, sem ákærði fékk greiddar í reiðufé 26. mars 1985, kr. 171.883 í reiðufé 28. maí 1985 og kr. 49.015 24. júní 1985, samtals kr. 384.270, og notað í eigin þágu.

Telst þetta varða við 247. gr. almennra hegningarlaga.

III. Viðskipti við Unnstein Þorsteinsson, Geitlandi 15, Reykjavík.

Fyrir fjárdrátt:

Með því að hafa dregið sér eftirtaldar greiðslur frá Unnsteini fyrir sumarhús af gerðinni Tabarca, sem Unnsteinn keypti samkvæmt kaupsamningi, dagsettum 25. maí 1985, af Suomi Sun Spain S/A. Greiðslurnar voru í alls konar gjaldeyri, en andvirði kr. 597.670 þann 6. júní 1985, kr. 316.188

6. ágúst 1985 og kr. 63.747 21. mars 1986, samtals kr. 977.605, sem ákærði notaði í eigin þágu.

Telst þetta varða við 247. gr. almennra hegningarlaga.

IV. Viðskipti við Jóhannes Magnússon Lange, Víðihvammi 28, Kópavogi.

1. Fyrir skjalafals:

a. Með því að hafa notað kaupsamning, dagsettan 14. desember 1985, um sumarhús af gerðinni Norvega milli Suomi Sun Spain S/A sem seljanda og Jóhannesar Lange sem kaupanda til þess að blekkja kaupanda með í lögskiptum, eftir að hafa útfyllt samninginn og falsað undirskrift Antonios Calvo Arce, forstjóra seljanda, á samninginn í því skyni að vekja þá hugmynd hjá Jóhannesi, að kaupsamningur hefði komist á.

b. Skipt í Kjötmiðstöðinni, Laugalæk, tékka nr. 0665635 á Seðlabanka Íslands, að fjárhæð kr. 132.000, útgefnum 14. mars 1986 af Sparisjóði Kópavogs á reikning nr. 11350, eftir að hafa falsað nafn Jóhannesar Lange sem framseljanda á tékkann.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

2. Fyrir fjárdrátt:

Dregið sér eftirtaldar greiðslur frá Jóhannesi fyrir umrætt sumarhús, kr. 182.250, greiddar með tékka nr. 0651831 á reikning nr. 11350 við Seðlabanka Íslands, útgefnum 13. desember 1985 af Sparisjóði Kópavogs, kr. 100.000, með tékka nr. 0651832 á sama reikning, útgefnum 16. desember 1985 af Sparisjóði Kópavogs, kr. 132.000, með tékka nr. 0665635 á sama reikning, útgefnum 14. mars 1986 af Sparisjóði Kópavogs, sem ákærði notaði til eigin þarfa, og kr. 300.000, greiddar með tékka nr. 0694059 á sama reikning, útgefnum 1. ágúst 1986 af Sparisjóði Kópavogs, sem ákærði notaði til að greiða með inn á hús Óskars Árnasonar, Norðurgötu 11, Sandgerði, samtals kr. 714.250.

Telst þetta varða við 247. gr. almennra hegningarlaga.

V. Viðskipti við Óskar Árnason, Norðurgötu 11, Sandgerði.

Fyrir fjárdrátt:

Dregið sér og notað í eigin þágu kr. 475.000, sem eru helmingur af kr. 950.000, sem Óskar greiddi ákærða með tékka nr. 323551 á ávísanareikning nr. 438 við Landsbanka Íslands, útibúið í Sandgerði, útgefnum 12. desember 1985, sem fullnaðargreiðslu fyrir tvö sumarhús af gerðinni Norvega, sem Óskar keypti samkvæmt kaupsamningi, dagsettum 15. desember 1985, af Suomi Spain S/A.

Telst þetta varða við 247. gr. almennra hegningarlaga.

VI. Viðskipti við Árna Guðmundsson vegna Iðnaðarmannafélags Sauðárkróks.

Fyrir fjárdrátt:

Dregið sér eftirtaldar greiðslur frá Árna fyrir sumarhús af gerðinni Norvega, sem Árni taldi sig vera að kaupa af Suomi Sun Spain S/A samkvæmt kaupsamningi, dagsettum 10. febrúar 1986, sem aldrei var undirritaður af seljanda, kr. 243.450, sem Árni greiddi með C-gíróseðli nr. 1554397 þann 22. janúar 1986 inn á reikning Ingibjargar G. Guðmundsdóttur, sem þá var starfsmaður ákærða, nr. 973 við aðalbanka Útvegsbanka Íslands. Upphæðina notaði ákærði til kaupa á gjaldeyri, sem fór til greiðslu inn á hús Diðriks Vilhjálmssonar, Helgavatni í Þverárhlíð við Borgarnes (sic), kr. 135.000, sem Árni greiddi 22. maí 1986 með tveimur póstávísunum, annarri að fjárhæð kr. 35.000 og hinni að fjárhæð kr. 100.000, og ákærði notaði til eigin þarfa. Samtals dró ákærði sér samkvæmt þessum ákærulið kr. 378.450.

Telst þetta varða við 247. gr. almennra hegningarlaga.

VII. Viðskipti við Pál Ingimarsson vegna Starfsmannafélags Garðabæjar.

Fyrir fjárdrátt:

Dregið sér og notað í eigin þágu kr. 155.000, sem bæjarsjóður Garðabæjar greiddi með tékka nr. 0316097, útgefnum 29. maí 1986 af S. Haraldsdóttur á tékkareikning nr. 50 við Búnaðarbanka Íslands, Garðabæ, sem lokagreiðslu fyrir sumarhús af gerðinni Norvega, sem Páll Ingimarsson vegna Starfsmannafélags Garðabæjar keypti af Suomi Sun Spain S/A samkvæmt kaupsamningi, dagsettum 30. desember 1985.

Telst þetta varða við 247. gr. almennra hegningarlaga.

VIII. Viðskipti við Diðrik Vilhjálmsson, Helgavatni, Þverárhlíð við Borgarnes (sic).

Fyrir fjárdrátt:

Dregið sér og notað til eigin þarfa kr. 164.500, sem Diðrik greiddi með tékka nr. 1016206, útgefnum 7. apríl 1986 á tékkareikning nr. 5983 við Sparisjóð Mýrasýslu sem greiðslu fyrir sumarhús af gerðinni Norvega, sem Diðrik keypti af Suomi Sun Spain S/A samkvæmt kaupsamningi, dagsettum 4. febrúar 1986.

Telst þetta varða við 247. gr. almennra hegningarlaga.

IX. Viðskipti við Baldur Árnason, Holtsgötu 6, Sandgerði.

Fyrir fjárdrátt:

Dregið sér og notað í eigin þágu eftirtaldar greiðslur frá Baldri fyrir sumarhús af gerðinni Norvega, sem Baldur keypti af Suomi Sun Spain S/A samkvæmt kaupsamningi, dagsettum 4. febrúar 1986, kr. 564.000, sem Ingibjörg G. Guðmundsdóttir, sem þá var starfsmaður ákærða, greiddi ákærða með tékka nr. 2819830, útgefnum 19. febrúar 1986 af Ingibjörgu á reikning nr. 973 við aðalbanka Útvegsbanka Íslands og ákærði seldi samdægurs í bankanum, en fjárhæð þessa hafði Baldur greitt sama dag með

C-gíróseðli nr. 1199350 inn á nefndan reikning Ingibjargar, og kr. 100.000, sem Baldur greiddi þann 8. apríl 1986 með póstávísun, samtals kr. 664.000.

Telst þetta varða við 247. gr. almennra hegningarlaga.

X. Viðskipti við Elísabetu Gabríelu Jósefsdóttur og Þorberg Þórarinsson, Bröttuhlíð 10, Seyðisfirði.

Fyrir fjárdrátt:

Dregið sér og notað til eigin þarfa eftirtaldar greiðslur frá Elísabetu og Þorbergi fyrir sumarhús af gerðinni Norvega, sem þau töldu sig vera að kaupa, en kaupsamningur var aldrei gerður: jafnvirði kr. 329.000, sem Þorbergur greiddi 28. janúar 1986 í erlendum gjaldeyri og íslenskum krónum, jafnvirði kr. 300.000, sem Þorbergur greiddi 17. apríl 1986 í erlendum gjaldeyri, og kr. 29.000, sem greiddar voru í íslenskum peningum sem lokagreiðsla 29. júní 1986, samtals kr. 658.000.

Telst þetta varða við 247. gr. almennra hegningarlaga.

XI. Viðskipti við Stefán Guðbjartsson, Sætúni, Kjalarnesi.

Fyrir fjárdrátt:

Dregið sér og notað í eigin þágu andvirði víxils, að fjárhæð kr. 284.625, útgefins 16. desember 1985 og samþykkts af Stefáni með gjalddaga 17. janúar 1986, sem ákærði tók við frá Stefáni sem greiðslu inn á sumarhús af gerðinni Norvega.

Telst þetta varða við 247. gr. almennra hegningarlaga.

B.

Fyrir tékkasvik, með því að hafa 13. nóvember 1985 gefið út tékka nr. 2500718, að fjárhæð kr. 66.423, á hlaupareikning nr. 31196 við Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka, til Landsbanka Íslands, án þess að innstæða væri fyrir upphæð tékkans, og skipt tékkanum í aðalbanka Landsbankans.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, verði þeirra krafist, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Verjandi ákærða flutti munnlega vörn 8. mars sl. og gerði eftirfarandi dómkröfur: Ákærði verði sýknaður af ákæru, dagsettri 6. nóvember 1986. Varðandi ákæru, dagsetta 12. febrúar 1988, er þess krafist, að ákærði verði sýknaður af 1. tl. II. kafla ákærunnar, V. kafla og af sakarefni í XI. kafla. Þess er krafist, að ákærði hljóti að öðru leyti vægustu refsingu, sem lög leyfa, og að refsing verði skilorðsbundin og dæmdur hegningarauki við dóm vegna ölvunaraksturs, er ákærði hlaut á árinu 1989. Þá er gerð krafa um málsvarnarlaun að mati réttarins.

Málsatvik.

I. Ákæra 6. nóvember 1986.

Ákærði bar hér fyrir dóminum 29. júní sl. að hafa samið við auglýsinga-

þjónustuna Mídas hf. að geyma tékkann, sem ákærði kvaðst hafa gefið út og dagsett 28. janúar 1986. Tékkinn var síðan sýndur í banka hinn 28. janúar 1986, og þá reyndist ekki vera innstæða fyrir tékkanum. Ákærði kvaðst hafa greitt kr. 28.000 inn á skuld vegna tékkans, en eftir stæðu kr. 14.000.

Ákærði hafði áður borið efnislega á sama veg hjá lögreglunni og kvað reikningi sínum hafa verið lokað þann 18. nóvember 1985, og kvaðst ákærði að öllum líkindum hafa verið staddur erlendis um þær mundir og ekki hafa verið í aðstöðu til að láta Mídas hf. vita af lokun reikningsins.

II. Ákæra 12. febrúar 1988.

Verður nú rakinn framburður ákærða og vitna varðandi hvern kafla ákærunnar fyrir sig.

I. Viðskipti við Árna Hemmert Sörensson.

1. Ákærði bar hjá lögreglunni 12. september 1986 að hafa selt Árna Hemmert Sörenssyni sumarhús í desember 1985. Ákærði kvað Árna hafa undirritað kaupsamning hér á landi, eftir að hafa haldið til Spánar til að skoða þar sumarhús þau, er ákærði hafði til sölu. Ákærði kvaðst síðan hafa sent kaupsamninginn til Spánar ásamt fleiri kaupsamningum, og hafi samningurinn komið til baka frá Spáni að sögn ákærða án undirritunar Antonios Calvo, fulltrúa seljanda ytra. Ákærði kvað samninginn hafa verið óundirritaðan af hálfu seljanda ytra vegna þess, að hann hefði sagt söluverð hússins of lágt. Ákærði kvaðst hafa gripið til þess ráðs, er Árni fór að inna ákærða eftir kaupsamningnum, að falsa undirskrift Antonios Calvo á samninginn og síðan hafa póstsent Árna samninginn, en áður kvaðst ákærði hafa greint Árna frá því, að samningurinn hefði ekki enn borist til landsins vegna erfiðleika í póstsamgöngum ytra. Ákærði kvaðst hafa hugsað sér að greiða bakreikning seljanda ytra með væntanlegum söluhagnaði af sölu annarra húsa ytra.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 29. júní sl., og viðurkenndi ákærði þá að hafa framið þá háttsemi, er honum er hér gefin að sök, og staðfesti ákærði framburð sinn hjá lögreglu frá 12. september 1986.

Vitnið Árni Hemmert Sörensson verksmiðjustjóri, Aðalbraut 16, Raufarhöfn, var yfirheyrt hjá lögreglunni 5. september 1986, og kvað Árni ákærða hafa greint sér frá því, er ákærði innti ákærða eftir kaupsamningnum, að sá aðili, er rita ætti undir samninginn ytra, væri ekki við og dráttur gæti orðið á undirrituninni í nokkra daga. Árni staðfesti hér fyrir dómi 28. febrúar sl. ofangreindan framburð sinn.

2. Ákærði bar hjá lögreglunni 12. september 1986 að hafa móttekið allar þær greiðslur frá Árna, er getið er um í ákærunni, og staðfesti ákærði ofangreindan framburð hér fyrir dómi 29. júní sl. Við dómsyfirheyrsluna 29. júní sl. kvaðst ákærði hafa tekið við greiðslunum frá Árna, svo sem ákært

er út af. Ákærði kvað síðustu greiðsluna hafa farið til að greiða inn á hús Róshildar Sveinsdóttur, svo sem ákært er út af. Ákærði viðurkenndi að hafa notað til eigin þarfa miðgreiðsluna, að fjárhæð kr. 150.583. Ákærði kvaðst hafa sent fyrstu greiðsluna, að fjárhæð kr. 260.800, til Spánar. Ákærði kvaðst hafa verið staddur í Amsterdam í lok desember 1985 og þaðan hafa sent greiðsluna til forsvarsmanna fyrirtækisins Suomi Sun Spain á Spáni. Ákærði kvaðst hafa haft í fórum sínum kvittanir, er sýndu, að ákærði hafði innt greiðsluna af hendi til fyrirtækisins á Spáni, en ákærði kvað Guðmund Óskarsson hafa tekið öll gögn af skrifstofu ákærða að Laugavegi 18 þann 6. eða 7. ágúst 1986, og taldi ákærði kvittunina hljóta að vera í vörslum Guðmundar Óskarssonar. Ákærði vísaði á bug símskeyti frá Sun Spain, dagsettu 4. september 1986, til Guðmundar Óskarssonar, þar sem greint var frá því, að Árni Sörensson hefði hvorki gert samning við félagið né hefðu félaginu borist nokkrar greiðslur frá Árna.

Vitnið Guðmundur Óskarsson verkfræðingur, Mávanesi 13, Garðabæ, var yfirheyrt fyrir dóminum 7. febrúar sl. Guðmundur kvaðst hafa flutt húsbúnað frá Laugavegi 28, þar sem ákærði hafði skrifstofu, og að Laugavegi 18. Guðmundur kvaðst hafa skilið eftir á Laugavegi 28 öll gögn varðandi húsasölu ákærða á Spáni. Þá kvaðst Guðmundur hafa afhent lögreglunni upplýsingar og ljósrit gagna, er Guðmundur kvaðst hafa fengið hjá einstökum viðsemjendum ákærða.

Vitnið Árni Hemmert Sörensson var yfirheyrt fyrir dóminum 28. febrúar sl. Árni staðfesti þá framburð sinn hjá lögreglu frá 8. september 1986 og bar efnislega á sama veg. Árni kvaðst þannig hafa fest kaup á sumarhúsi af Norvega-gerð af ákærða með kaupsamningi, dagsettum 10. desember 1985, og kvaðst Árni hafa innt allar þær greiðslur af hendi, er í ákærunni greinir, samtals kr. 571.251. Árni kvaðst aldrei hafa fengið sumarhúsið afhent og síðar hafa komist að því, að engar greiðslur hefðu borist til Spánar.

II. Viðskipti við Björgvin Árna Ólafsson.

1. Ákærði bar hjá lögreglunni 31. október 1986, að Björgvin Ólafsson hefði haldið til Spánar að skoða sumarhús fyrri hluta janúar 1985. Ákærði kvað Björgvin hafa gert kaupsamning ytra á skrifstofu Suomi Sun Spain. Ákærði kvaðst hafa veitt móttöku greiðslum vegna kaupanna hér á landi og m.a. afhent Björgvin Ólafssyni kvittun vegna greiðslu Björgvins á 25% af kaupverði hússins, en þá greiðslu innti Björgvin af hendi til ákærða 26. mars 1985, og gaf ákærði út kvittun fyrir móttöku fjárins. Ákærði kvað Björgvin hafa gengið eftir því, að hann fengi í hendur kvittanir frá hinum erlenda söluaðila. Ákærði kvaðst hafa afhent Björgvin kvittun undirritaða af Jan Erik Olsen vegna fyrstu greiðslu Björgvins, en Jan Erik var einn af forsvarsmönnum fyrirtækisins Sun Spain í Noregi. Ákærði kvaðst hafa sent ofangreinda greiðslu vegna 25% af söluverði hússins til Fredrikstad

í Noregi, og hefði greiðslan verið send í almennum pósti í umslagi af stærðinni A-4, og hefði greiðslan verið send út í seðlum. Ákærði kvaðst síðan hafa fengið senda kvittun töluvert síðar en greiðslan var send og hafa afhent Björgvin kvittunina.

Ákærði var yfirheyrður fyrir dóminum 29. júní sl. og staðfesti þá framburð sinn hjá lögreglunni vegna þessarar meintu háttsemi og bar efnislega á sama veg. Ákærði kvaðst hafa sent peningana með almennum pósti til útlanda á þessum tíma, vegna þess að á þessum tíma hefði verið ólöglegt, að einstaklingar eignuðust fasteignir erlendis.

Vitnið Björgvin Árni Ólafsson ellilífeyrisþegi, Vesturgötu 7, Reykjavík, var yfirheyrt fyrir dóminum 28. febrúar sl. og bar þá um viðskipti sín og ákærða. Björgvin kvaðst telja kvittun þá, er hér um ræðir, vera falsaða, og kvaðst Björgvin draga þá ályktun af samanburði við aðrar kvittanir frá Jan Erik Olsen, og þá kvaðst Björgvin hafa fengið þær upplýsingar hjá Ragnari Aðalsteinssyni hrl., að hann hefði fengið þær upplýsingar hjá Jan Erik Olsen, að kvittunin væri fölsuð.

2. Ákærði bar hjá lögreglunni 31. október 1986 að hafa tekið við öllum þeim greiðslum frá Björgvin Ólafssyni, er í þessum ákærulið greinir. Ákærði kvaðst hafa sent utan greiðsluna, er Björgvin innti af hendi í reiðufé 26. mars 1985, þ.e. kr. 163.372, sbr. lið 1 hér næst á undan. Ákærði viðurkenndi að hafa notað hinar greiðslurnar tvær í eigin þágu og m.a. greitt fjárnám, er hvíldi á íbúð, er þá var í eigu ákærða.

Ákærði bar fyrir dóminum 29. júní sl. efnislega á sama veg og hjá lögreglunni og staðfesti þann framburð sinn og viðurkenndi þannig að hafa dregið sér tvær síðasttöldu greiðslurnar, en kvaðst sem fyrr hafa sent fyrstu greiðsluna til Noregs með almennum pósti.

Vitnið Björgvin Árni Ólafsson bar fyrir dóminum 28. febrúar sl. að hafa fest kaup á sumarhúsi því, er í þessum ákærulið greinir, en kaupsamningur hafi verið gerður við Suomi Sun Spain 12. janúar 1985. Björgvin kvaðst hafa greitt ákærða þær þrjár greiðslur, er hér um ræðir, samtals kr. 384.270, en auk þess kvaðst Björgvin hafa greitt ákærða kr. 335.543, en ekki verður fjallað um þá greiðslu hér, enda ekki ákært vegna hennar. Björgvin kvaðst aldrei hafa fengið yfirráð hússins og heldur ekkert fengið endurgreitt af því fé, er Björgvin kvaðst hafa greitt ákærða. Áður hafði Björgvin borið efnislega á sama veg hjá lögreglunni 3. október 1986 og að hafa greitt ákærða þessar þrjár greiðslur í reiðufé, svo sem í ákærunni greinir, og staðfesti Björgvin þá skýrslu fyrir dóminum, en Björgvin greindi ítarlega frá kaupunum og aðdraganda þeirra hjá lögreglunni.

III. Viðskipti við Unnstein Þorsteinsson.

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglunni 7. janúar 1987. Ákærði bar þá um sölu sumarhúss af Tabarca-gerð til Unnsteins Þorsteinssonar, og undir-

ritun kaupsamnings hefði átt sér stað, eftir að Unnsteinn hafði haldið í skoðunarferð til Spánar ásamt eiginkonu sinni. Ákærði kvaðst hafa tekið við greiðslunni 6. júní 1985, alls kr. 597.670. Ákærði gaf út kvittun sama dag, og hljóðaði kvittunin upp á greiðslu á 127.080 norskum krónum. Ákærði kvaðst hafa tekið til sín af þessari greiðslu 17% í umboðslaun samkvæmt samningi milli ákærða og Norðmanna, eins og ákærði greindi frá. Þá kvaðst ákærði hafa sent mismuninn, 8.000 bandaríska dollara, til Spánar með Tonny Esperssen, og hefði sá maður afhent Jan Erik Olsen féð á hótel Fontana á Spáni, að því er ákærða skildist. Ákærði kvaðst hafa fengið í hendur kvittun frá Jan Erik vegna greiðslunnar, en kvittunin hefði týnst, er Guðmundur Óskarsson hefði tekið allt dót af skrifstofu ákærða að Laugavegi 28.

Ákærði kvaðst hafa tekið við greiðslunni 6. ágúst 1985, að fjárhæð kr. 316.188, í alls konar gjaldeyri og gefið út kvittun, er hljóðaði upp á 63.540 norskar krónur. Ákærði kvaðst hafa haldið með þetta fé til Spánar og afhent það á skrifstofu Suomi Sun Spain í Torrevieja. Ákærði kvaðst hafa verið „blindfullur", eins og það er orðað í lögregluskýrslunni, og ekki hafa fengið kvittun í hendur vegna greiðslunnar, en ákærði taldi fleiri tilvik hafa verið eins að þessu leyti, þ.e., að ákærði hefði afhent fé ytra án þess að fá kvittun fyrir.

Ákærði viðurkenndi móttöku á jafnvirði kr. 63.670 í íslenskum peningum og í erlendri mynt þann 21. mars 1986. Ákærði kvað þessa greiðslu aldrei hafa borist til Spánar, en féð hefði verið notað hér á landi til að greiða vanskilavíxla vegna Spánarferða.

Ákærði var yfirheyrður fyrir dóminum 29. júní sl. og staðfesti þá ofangreindan framburð sinn hjá lögreglunni og bar efnislega á sama veg.

Guðmundur Óskarsson verkfræðingur bar fyrir dóminum 7. febrúar sl. að hafa skilið eftir á skrifstofu ákærða að Laugavegi 28 öll gögn varðandi sumarhúsasölu ákærða og að hafa afhent lögreglunni gögn, er Guðmundur kvaðst hafa fengið hjá einstökum viðskiptavinum ákærða.

Vitnið Unnsteinn Þorsteinsson verkstjóri, Geitlandi 15, var yfirheyrt fyrir dóminum 28. febrúar sl. Unnsteinn kvaðst hafa fest kaup á húsi því, er hér um ræðir, með kaupsamningi, dagsettum 25. maí 1985, og hefði samningurinn verið undirritaður á Spáni, og Antonio Calvo hefði undirritað samninginn fyrir hönd seljanda. Unnsteinn kvaðst hafa greitt ákærða hér á landi alls kr. 977.605 í þremur greiðslum og í öll skiptin fengið kvittun, sem hljóðaði upp á greiðslu í norskum krónum, en Unnsteinn bar bæði fyrir dómi og hjá lögreglunni 15. nóvember 1986, að greiðslurnar hefðu verið inntar af hendi í alls kyns mynt. Unnsteinn staðfesti fyrir dóminum framburð sinn hjá lögreglu frá 15. nóvember 1986.

Vitnið Tonny Hadberg Esperssen veitingastjóri, Engjaseli 87, Reykjavík,

var yfirheyrt fyrir dóminum 28. febrúar sl. Tonny kvaðst hafa sem starfsmaður ákærða afhent Jan Erik Olsen peninga ytra, og í eitt skipti kvaðst Tonny hafa verið einn á ferð, er féð var afhent, en í önnur skipti hefði ákærði verið með í för. Tonny kvaðst, er hann afhenti féð einn, hafa afhent Jan Erik Olsen féð á hóteli, er heitir Fontana, og hefði Jan Erik gefið kvittun, er skrifuð var á bréfsefni hótelsins, og hefði ákærða verið afhent kvittunin, er heim var komið. Tonny kvað Jan Erik hafa haft orð á því, að hann vissi ekki, frá hverjum eða vegna hvaða húsakaupa peningarnir væru. Í lögregluskýrslu Tonnys frá 6. október 1986 kvað hann þessa ferð hafa verið farna um miðjan júní 1985, en Tonny staðfesti lögregluskýrsluna fyrir dóminum.

IV. Viðskipti við Jóhannes Magnússon Lange.

1.a. Ákærði bar hjá lögreglunni 14. október 1986, að Jóhannes Magnússon Lange hefði undirritað kaupsamning í desember 1985. Ákærði kvaðst hafa sent þann kaupsamning til Spánar til undirritunar ásamt fleiri kaupsamningum, en hafa fengið samninginn endursendan óundirritaðan vegna ónógra greiðslna að sögn ákærða. Ákærði kvaðst þá hafa gripið til þess ráðs að falsa undirskrift Antonios Calvo á samninginn og afhent Jóhannesi samninginn þannig. Ákærði staðfesti ofangreindan framburð fyrir dóminum 29. júní sl. og viðurkenndi þessa háttsemi.

Vitnið Jóhannes Magnússon Lange, Víðihvammi 28, Kópavogi, hefur borið efnislega á sama veg og ákærði um kaupsamninginn. Jóhannes bar hjá lögreglunni 2. október 1986, að ákærði hefði sent kaupsamninginn til Spánar til undirritunar, og kvaðst Jóhannes hafa fengið samninginn undirritaðan af Antonio Calvo, forstjóra Suomi Sun Spain, í lok janúar 1986 eða eftir fyrstu greiðslu sína til ákærða, en áður en önnur greiðsla var innt af hendi. Jóhannes kvað sig ekki hafa grunað, að undirskriftin væri fölsuð. Jóhannes bar fyrir dóminum 28. febrúar sl. að hafa haldið til Spánar í ágúst 1986 og þá hafa komist að því, að undirritun seljanda á kaupsamninginn var fölsuð.

1.b. Ákærði viðurkenndi hjá lögreglunni 14. október 1986 að hafa tekið við greiðslu frá Jóhannesi þann 14. mars 1986, að fjárhæð kr. 132.000. Ákærði kvað Jóhannes hafa greitt með tékka, og viðurkenndi ákærði að hafa falsað framsal á tékkann, svo sem í ákærunni greinir. Ákærði bar á sama veg fyrir dóminum 29. júní sl.

Jóhannes Magnússon Lange hefur borið fyrir dóminum og hjá lögreglunni, að framsal á tékka þann, er hér um ræðir, sé falsað.

2. Ákærði bar hjá lögreglunni 14. október 1986 að hafa tekið við öllum þeim greiðslum frá Jóhannesi Magnússyni Lange, er getið er um í þessum ákærulið. Ákærði staðfesti ofangreinda lögregluskýrslu fyrir dóminum 29. júní sl. og kvaðst hafa notað allar greiðslurnar á þann hátt, er ákært er út af.

Jóhannes Magnússon Lange hefur borið bæði hjá lögreglu og fyrir dómi að hafa innt þessar greiðslur af hendi, samtals kr. 714.250, vegna kaupa á sumarhúsi af Norvega-gerð. Jóhannes kvaðst hafa komist að því, er hann hélt til Spánar í ágúst 1986 til að fá húsið afhent, að engar greiðslur höfðu borist þangað frá ákærða vegna kaupanna, og Jóhannes kvaðst þannig aldrei hafa fengið húsið til umráða og engar greiðslur fengið til baka frá ákærða.

V. Viðskipti við Óskar Árnason.

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglunni 16. október 1986. Ákærði kvaðst hafa sett sig í samband við Óskar eftir komu þeirra til Íslands í desember 1985, en ákærði kvað Óskar hafa haldið í skoðunarferð til Spánar. Ákærði kvað Óskar hafa fest kaup á tveimur sumarhúsum og staðgreitt húsin með kr. 950.000, en ákærði kvaðst hafa veitt Óskari kr. 150.000 í afslátt vegna staðgreiðslunnar. Ákærði kvaðst hafa sent helming greiðslunnar til Spánar. Ákærði kvaðst hafa hagnýtt sér eftirstöðvarnar af greiðslu Óskars í eigin þágu. Ákærði kvaðst hafa greitt fjárnám, að fjárhæð kr. 281.000, er hvíldi á íbúð ákærða, og afganginn kvaðst ákærði hafa notað í almennan rekstur fyrirtækis síns. Ákærði kvaðst hafa litið svo á, að hann hefði fengið þessa peninga að láni, þótt ákærði hefði ekki haft samband við Óskar vegna þessa. Ákærði kvaðst ekki hafa viljað senda meira en helming greiðslunnar til Spánar, vegna þess að byggingaframkvæmdir hefðu ekki verið hafnar. Ákærði kvaðst síðan hafa notað kr. 300.000 af fé frá Jóhannesi Lange, sbr. ákærulið IV að framan, til að greiða inn á hús Óskars Árnasonar, þar sem Óskar hafði þá komist að fjárdrættinum að sögn ákærða.

Ákærði var yfirheyrður um þessa meintu háttsemi fyrir dómi 29. júní sl. og staðfesti þá ofangreindan framburð sinn hjá lögreglu. Ákærði kvaðst á tímabili, eins og ákærði orðaði það, hafa notað hluta fjárins í eigin þágu. Ákærði kvað Óskar ekkert tjón hafa beðið, þar sem ákærði kvaðst hafa greitt eftirstöðvar kaupverðs, eftir að Óskar hafði fengið húsið afhent.

Vitnið Óskar Árnason fiskverkandi, Norðurgötu 11, Sandgerði, var yfirheyrt fyrir dóminum 28. febrúar sl. Óskar kvaðst hafa haldið til Spánar í desember 1985 til að skoða sumarhús á vegum ákærða. Óskar kvað ákærða hafa komið á heimili sitt hinn 12. desember 1985 eftir heimkomu úr ferðinni og Óskar þá hafa að höfðu samráði við fjölskyldu sína ákveðið að festa kaup á sumarhúsi af Norvega-gerð, og kvaðst Óskar hafa staðgreitt húsið með tékka, að fjárhæð kr. 950.000. Óskar kvað kaupsamning hafa verið undirritaðan 15. desember 1985. Óskar kvað erfiðlega hafa gengið að fá afsal fyrir húsinu, en Óskar kvaðst nú hafa undir höndum gögn, er jafngiltu afsali, og því telja sig eða fyrirtæki sitt eiganda hússins nú. Óskar kvaðst hafa þurft að greiða Spánverjunum viðbótargreiðslu, vegna þess að greiðsla sú, er Óskar hafði innt af hendi, skilaði sér ekki að öllu

leyti. Óskar staðfesti fyrir dóminum framburð sinn hjá lögreglunni 25. september 1986 og 15. október s.á., en við þær lögregluyfirheyrslur bar Óskar efnislega á sama veg og fyrir dóminum, sem rakið er að framan.

VI. Viðskipti við Árna Guðmundsson vegna Iðnaðarmannafélags Sauðárkróks.

Ákærði viðurkenndi fyrir dóminum 29. júní sl. að hafa móttekið þær greiðslur frá Árna Guðmundssyni, er í ákærunni greinir. Ákærði kvaðst hafa notað kr. 243.450 til að greiða inn á hús Diðriks Vilhjálmssonar. Þá kvaðst ákærði hafa móttekið til viðbótar kr. 135.000 frá Árna með tveimur póstávísunum, og hefði það fé verið notað til að standa straum af rekstrarkostnaði skrifstofu ákærða, og hefði féð þannig aldrei verið greitt inn á hús Árna. Ákærði bar efnislega á sama veg hjá lögreglunni 18. september 1986.

Vitnið Árni Guðmundsson framkvæmdastjóri, Hólmagrund 4, Sauðárkróki, var yfirheyrt fyrir dóminum 1. mars sl. Árni kvaðst hafa fyrir hönd Iðnaðarmannafélags Sauðárkróks gert kaupsamning við ákærða hinn 10. febrúar 1986, en kaupsamningurinn hefði aldrei verið undirritaður af seljendum á Spáni. Árni kvaðst þannig hafa keypt sumarhús af Norvega-gerð. Árni kvaðst hafa greitt ákærða þær greiðslur, er í þessum ákærulið greinir. Árni kvaðst hafa haldið til Spánar um mánaðamótin júní-júlí 1986 og þá fengið þær upplýsingar ytra á skrifstofu Suomi Sun Spain, að hvorki Árni né Iðnaðarmannafélag Sauðárkróks væru eigendur að sumarhúsi og að engar greiðslur hefðu borist til Spánar vegna kaupanna. Árni kvað iðnaðarmannafélagið aldrei hafa fengið húsið til umráða. Árni kvað ákærða hafa endurgreitt kr. 100.000, en eftir standi kr. 278.450.

VII. Viðskipti við Pál Ingimarsson vegna Starfsmannafélags Garðabæjar.

Ákærði bar hjá lögreglunni 18. október 1986, að Páll Ingimarsson hefði haldið til Spánar í desember 1985 til að skoða sumarhús á vegum ákærða. Ákærði kvað Pál hafa undirritað kaupsamning hinn 30. desember 1985, þar sem fest voru kaup á Norvega-sumarhúsi. Ákærði lýsti síðan móttöku greiðslna vegna kaupanna, og viðurkenndi ákærði að hafa tekið við greiðslu, að fjárhæð kr. 155.000, hinn 29. maí 1986, en greiðslan var innt af hendi með tékka, svo sem í ákærunni greinir. Ákærði var yfirheyrður fyrir dóminum 29. júní sl. og staðfesti þá ofangreindan framburð sinn og kvað þennan ákærulið réttan og hafði engar athugasemdir fram að færa.

Vitnið Páll Ingimarsson, starfsmaður Garðabæjarkaupstaðar, Hrísmóum 3, Garðabæ, var yfirheyrt fyrir dóminum 28. febrúar sl. Páll kvaðst hinn 30. desember 1985 hafa gert kaupsamninginn f.h. Starfsmannafélags Garðabæjar og fest kaup á sumarhúsi af Norvega-gerð. Páll kvað gjaldkera félagsins hafa annast uppgjör við ákærða, en Páll kvaðst þó vita það, að

engar greiðslur bárust til Spánar, og kvað Páll hafa verið gerðan samning við ákærða hinn 11. ágúst 1986 vegna uppgjörs ákærða og starfsmannafélagsins. Páll kvað mann á vegum starfsmannafélagsins hafa haldið til Spánar til að annast uppgjör við Spánverjana, og hefði starfsmannafélagið að lokum eignast sumarhúsið.

Vitnið Soffía Arnlaug Haraldsdóttir gjaldkeri, Stekkjarflöt 6, Garðabæ, var yfirheyrt hjá lögreglunni 25. september 1986. Soffía kvaðst sem gjaldkeri Starfsmannafélags Garðabæjar hafa innt af hendi greiðslur til ákærða vegna kaupanna á sumarhúsinu og m.a. greitt ákærða þá greiðslu, er hér er ákært út af.

VIII. Viðskipti við Diðrik Vilhjálmsson.

Ákærði bar hjá lögreglunni hinn 20. september 1986 um kaup Diðriks Vilhjálmssonar á Norvega-sumarhúsi með kaupsamningi, dagsettum 4. febrúar 1986, en ákærði kvað Diðrik hafa haldið í skoðunarferð til Spánar í endaðan janúar 1986. Ákærði lýsti greiðslum Diðriks vegna kaupanna, og viðurkenndi ákærði að hafa tekið við greiðslu, að fjárhæð kr. 164.500, í apríl 1986. Ákærði kvaðst hafa notað þetta fé til að greiða ferð og uppihald nafngreinds manns, er ætlaði að kynna sér kaupleigufyrirkomulag fasteigna á Spáni. Ákærði kvað ferðina hafa orðið mjög dýra og hefðu eftirstöðvar framangreindrar greiðslu farið til reksturs skrifstofu ákærða. Ákærði staðfesti ofangreindan framburð sinn fyrir dóminum 29. júní sl. og kvað þennan ákærulið réttan.

Vitnið Diðrik Vilhjálmsson bóndi, Helgavatni, Þverárhlíð við Borgarnes (sic), var yfirheyrt hjá lögreglunni 1. október 1986. Diðrik lýsti kaupum sínum á sumarhúsi því, er hér um ræðir, og greiðslu kr. 164.500 með tékka, útgefnum 7. apríl 1986.

IX. Viðskipti við Baldur Árnason.

Ákærði bar fyrir dómi 29. júní sl. að hafa tekið við alls kr. 664.000 frá Baldri Árnasyni. Ákærði kvað greiðslurnar hafa borist á þann hátt, er ákært er út af, og kvaðst ákærði hafa notað alla fjárhæðina í eigin þágu og til að standa straum af rekstri skrifstofu ákærða. Ákærði kvað greiðslurnar þannig aldrei hafa verið sendar til Spánar. Ákærði hafði áður borið efnislega á sama veg hjá lögreglunni. Ákærði kvað Baldur hafa haldið í kynnisferð til Spánar í lok janúar 1986 og undirritað kaupsamning á skrifstofu Suomi Sun Spain hinn 4. febrúar 1986 um kaup á sumarhúsi af Norvega-gerð.

Vitnið Baldur Árnason atvinnurekandi, Holtsgötu 6, Sandgerði, var yfirheyrt fyrir dóminum 28. febrúar sl. Baldur kvaðst hafa undirritað kaupsamning á Spáni hinn 4. febrúar 1986 og hefði Antonio Calvo undirritað kaupsamninginn f.h. seljanda, en Baldur kvaðst hafa keypt sumarhús af Norvega-gerð. Baldur kvaðst hafa innt allar greiðslur af hendi hér á landi

vegna kaupanna og hafa samtals greitt ákærða kr. 664.000. Baldur kvaðst hafa verið á ferð á Spáni í maí 1988 og þá hafa hitt forsvarsmenn fyrirtækisins Suomi Sun Spain. Baldur kvað sér hafa verið boðið að standa við kaupsamninginn og greiða sama verð fyrir sumarhúsið og samið var um í upphafi. Baldur kvað ekkert hafa komið fram, er benti til þess, að greiðslur hefðu borist til Spánar frá Íslandi.

X. Viðskipti við Elísabetu Gabríelu Jósefsdóttur og Þorberg Þórarinsson.

Ákærði var yfirheyrður fyrir dóminum 29. júní sl. Ákærði kvaðst hafa móttekið jafnvirði kr. 329.000 frá Þorbergi hinn 28. janúar 1986. Ákærði kvaðst hafa sent þessa greiðslu til Spánar sem almenna póstsendingu utan kr. 90.000, er ákærði kvaðst hafa tekið af greiðslunni sem umboðslaun. Ákærði kvaðst enga kvittun hafa fengið í hendur frá Spánverjunum vegna þessarar greiðslu. Ákærði kvað ástæðu þess, að engar kvittanir bárust frá Spáni, vera þá að sínu áliti, að Spánverjar hefðu þennan hátt á vegna þess, að peningarnir, er þeim bárust út, væru í raun „svartir peningar". Ákærði kvað ástæðuna nánar vera þá, að samkvæmt spænskum lögum eigi allt fé, er kemur inn í landið vegna kaupa sem þeirra, er hér um ræðir, að berast gegnum bankakerfið. Svo hafi hins vegar ekki verið í þessum tilvikum, og hafi Spánverjarnir því reynst tregir til að gefa kvittanir. Ákærði viðurkenndi og að hafa tekið við greiðslum frá Þorbergi hinn 17. apríl 1986 og þá í erlendri mynt, jafnvirði kr. 300.000, og síðan kr. 29.000 hinn 29. júní 1986, sem hafi verið lokagreiðsla Þorbergs. Ákærði kvað tvær síðustu greiðslurnar aldrei hafa verið sendar út, heldur hafi ákærði notað féð í eigin þágu, svo sem í ákærunni greinir. Ákærði hafði áður borið efnislega á sama veg hjá lögreglunni hinn 6. nóvember 1986 og 16. janúar 1987 og lýst þar m.a. kaupum Þorbergs og Elísabetar á sumarhúsi af Norvega-gerð og greiðslum, svo sem að ofan er rakið.

Vitnið Þorbergur Þórarinsson vélgæslumaður, Bröttuhlíð 10, Seyðisfirði, var yfirheyrt fyrir dóminum 28. febrúar sl. Þorbergur lýsti þá kaupunum á sama veg og ákærði og kvaðst hafa innt af hendi þær greiðslur, er í ákærunni greinir, samtals kr. 658.000. Þorbergur kvaðst síðan hafa haldið til Spánar ásamt konu sinni nærri mánaðamótum ágúst/september 1986 í því skyni að fá húsið afhent. Þorbergur kvaðst hafa fengið þær upplýsingar á skrifstofu Suomi Sun Spain, að engin greiðsla hefði borist frá ákærða og að Þorbergur væri þannig ekki kaupandi eða eigandi að neinu sumarhúsi frá fyrirtækinu. Þorbergur kvaðst þannig aldrei hafa fengið umráð hússins.

XI. Viðskipti við Stefán Guðbjartsson.

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglunni 9. janúar 1987. Ákærði kvað Stefán Guðbjartsson hafa farið til Spánar í kynnisferð. Ákærði kvað Stefán hafa fest kaup á Norvega-húsi, en ákærði kvaðst ekki muna, hvort kaup-

samningur hefði verið gerður. Ákærði kvað Stefán hafa komið á skrifstofu ákærða og greitt þar inn á húsið með víxli, að fjárhæð kr. 284.625. Ákærði kvaðst hafa notað andvirði víxilsins til að greiða leigu á þotu, er ákærði hefði tekið á leigu til að flytja fólk til Spánar. Ákærði kvaðst hafa verið orðinn mjög aðkrepptur fjárhagslega á þessum tíma og því hafa orðið að nota peningana á þennan hátt.

Ákærði var yfirheyrður fyrir dóminum 29. júní sl. Ákærði kvaðst hafa tekið við víxli þeim, er hér um ræðir, frá Stefáni Guðbjartssyni vegna sumarhúsakaupa. Ákærði kvaðst hafa farið með víxilinn í banka til innheimtu, en ákærði kvað víxilinn aldrei hafa greiðst og ákærði þannig enga peninga hafa fengið út úr þessum viðskiptum. Ákærði kvað framburð sinn hjá lögreglu vera rangan, þar sem ákærði kvaðst hafa notað andvirði víxilsins til að greiða leigu á þotu. Er ákærði var spurður um ástæður síns breytta framburðar, kvaðst ákærði eitthvað hafa ruglast í ríminu við framburðinn hjá lögreglu og að sá framburður væri rangur.

Vitnið Stefán Guðbjartsson, Sætúni, Kjalarnesi, var yfirheyrt hjá lögreglunni 8. janúar 1987. Stefán kvaðst hafa haldið til Spánar 12. desember 1985 í ferð á vegum ákærða til að skoða sumarhús. Stefán kvaðst hafa ákveðið að festa kaup á Norvega-sumarhúsi, og hinn 16. desember 1985 kvaðst Stefán hafa greitt ákærða helming umsamins kaupverðs hússins með víxli, er gefinn var út 16. desember 1985, en með gjalddaga 17. janúar 1986, og kvaðst Stefán hafa greitt víxilinn á gjalddaga. Stefán kvað kaupsamning ekki hafa verið gerðan vegna kaupanna.

B. Ákærði var yfirheyrður fyrir dóminum 29. júní sl. og viðurkenndi þá að hafa framið þessa háttsemi.

Niðurstöður.

Ákæra, dagsett 6. nóvember 1986.

Sannað er með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins, að ákærði hefur framið þessa háttsemi, og varðar brot ákærða við 248. gr. almennra hegningarlaga, svo sem í ákærunni greinir.

Ákæra, dagsett 12. febrúar 1988.

I.1. Sannað er með framburði ákærða, sem studdur er af öðrum gögnum málsins, að ákærði hefur framið þessa háttsemi, og varðar brot ákærða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

I.2. Ákærði hefur borið að hafa sent til Spánar með almennum pósti frá Amsterdam fyrstu greiðsluna frá Árna, en viðurkenndi að hafa notað miðgreiðsluna í eigin þágu og að hafa notað þriðju greiðsluna til að greiða inn á hús Róshildar Sveinsdóttur. Fyrir liggur í málinu skeyti frá Suomi Sun Spain S/A þess efnis, að félagið hafi engar greiðslur fengið vegna Árna

Sörenssonar. Ákærði hefur borið, að kvittanir vegna peningasendingarinnar hafi verið í sínum vörslum, en Guðmundur Óskarsson hafi síðar tekið þær í sínar vörslur. Guðmundur hefur borið því í mót að hafa tekið nokkur gögn vegna sumarhúsasölu ákærða.

Framburður ákærða þess efnis, að hann hafi sent fyrstu greiðsluna til Spánar með almennri póstsendingu frá Amsterdam, þykir mjög ótrúverðugur og er beinlínis í andstöðu við gögn málsins. Dóminum þykir því sannað með vísan til ofanritaðs og með vísan til gagna málsins að öðru leyti, en þrátt fyrir framburð ákærða, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er honum er gefin að sök í þessum ákærulið, þ.e. að hafa dregið sér samtals kr. 571.251, sem voru greiðslur, er Árni Hemmert Sörensson hafði innt af hendi vegna húskaupanna. Brot ákærða varðar við 247. gr. almennra hegningarlaga.

II.1. Ákærði hefur ávallt borið af sér að hafa falsað kvittun þá, er hér um ræðir. Ákærði hefur borið að hafa fengið kvittunina senda með pósti töluverðum tíma eftir, að ákærði kvaðst hafa sent greiðsluna með almennum pósti til Noregs, og síðan afhent Björgvin kvittunina. Ákærði hefur borið, að ritvél sú, er rannsökuð var hjá lögreglu, hafi verið ritvél ákærða, og ritvélina hafi ákærði notað á skrifstofu sinni við skjalagerð, sbr. framburð ákærða hjá lögreglunni 21. janúar 1987. Fyrir liggur í málinu, að Björgvin greiddi ákærða 50% af kaupverði hússins hinn 28. janúar 1985, og þá liggur frammi dagsett kvittun frá Jan Erik Olsen þess efnis, að þessi greiðsla hafi borist félaginu Sun-Spain A/S. Lögreglan rannsakaði kvittun þá, er hér er ákært út af, og bar m.a. undirritun þeirrar kvittunar saman við óvefengjanlega rithönd Jans Eriks Olsens. Niðurstaða þeirrar rannsóknar er sú, að yfirgnæfandi líkur séu fyrir því, að rithönd hins vefengda skjals sé fölsuð. Dómurinn lítur svo á með vísan til ofanritaðs og eftir samanburð á rithöndum þeim, er að ofan greinir, að útilokað sé, að um rithönd sama manns geti verið að ræða og rithönd hins vefengda skjals sé þannig fölsuð. Þá var það niðurstaða rannsóknar lögreglunnar, að ritvél sú, er ákærði átti og notaði við skjalagerð á skrifstofu sinni, hafi verið notuð til að rita texta hins vefengda skjals. Dómurinn lítur svo á, að fram séu komnar sannanir fyrir því, að ritvél ákærða hafi verið notuð til að rita skjal það, er hér um ræðir. Þá kemur fram í gögnum málsins, að bréfhaus hins vefengda skjals er ljósritaður og er skakkur á pappírsörkinni, orðið Kasbah er misritað á sama hátt í hinu vefengda skjali og á þremur skjölum, er ákærði hefur samið, og að bókstafurinn ö, sem notaður er á vefengda skjalinu í nafninu Björgvin, er ritaður sem gegnumdregið ø á skjalinu frá Jan Erik varðandi kvittunina fyrir 50% greiðslunni.

Þegar ofanritað er virt og gögn málsins að öðru leyti, þykir dóminum sannað, að kvittun sú, er hér um ræðir, hafi verið rituð á ritvél ákærða

og undirritun á skjalið fölsuð. Gegn eindreginni neitun ákærða þykir ekki nægilega sannað, að ákærði hafi falsað undirritunina á skjalið, og þá er ekki ljóst, hver samdi kvittunina, og er ákærði því sýknaður af því að hafa falsað undirritunina á skjalið. Dóminum þykir hins vegar sannað, að ákærði hafi notað hið falsaða skjal svo sem ákært er út af, enda hlaut ákærða að vera ljóst, að skjalið var falsað, enda langlíklegast, að ákærði hafi falsað það, þótt það sé ekki nægilega sannað, sbr. ofanritað. Ákærði notaði þannig í lögskiptum og í blekkingarskyni þetta falsaða skjal svo sem í ákærunni greinir, og varðar brotið við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

II.2. Dómurinn telur sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi dregið sér greiðslu að fjárhæð kr. 163.372, en ákærði tók við þeirri greiðslu frá Björgvin 26. mars 1985. Til frekari rökstuðnings þessari niðurstöðu vísast til liðar II.1. að ofan. Þá er sannað með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins, að ákærði hefur dregið sér aðrar greiðslur samkvæmt þessum ákærulið og því samtals kr. 384.270 og notað í eigin þágu. Þessi háttsemi varðar við 247. gr. almennra hegningarlaga.

III. Sannað er, að ákærði tók við þeim greiðslum, er í þessum ákærulið greinir, samtals fjárhæð að jafnvirði kr. 977.605. Ákærði hefur borið að hafa sent fyrstu greiðsluna til Spánar með Tonny Esperssen, þáverandi starfsmanni sínum, og sá hafi afhent Jan Erik Olsen greiðsluna á hóteli á Spáni, og hafi ákærði fengið í hendur kvittun, er Tonny kom aftur til landsins. Ákærði kvað Guðmund Óskarsson hafa tekið þessa kvittun ásamt fleira dóti ákærða, er Guðmundur rýmdi skrifstofu ákærða að Laugavegi 28 á sínum tíma. Guðmundur hefur, svo sem áður er rakið, borið af sér að hafa tekið nokkur gögn varðandi húsasölu ákærða á Spáni. Tonny H. Esperssen bar fyrir dóminum að hafa afhent Jan Erik Olsen fé á Spáni og fengið í hendur kvittun, sem síðan var afhent ákærða. Tonny kvað Jan Erik Olsen hafa haft orð á því, er féð var afhent, að hann vissi ekki, frá hverjum féð væri eða vegna hvaða húsakaupa. Tonny kvað ferðina hafa verið farna um miðjan júní 1985.

Þrátt fyrir framburð ákærða og framburð Tonnys H. Esperssens um það, að Tonny hafi haldið til Spánar með greiðslu til Jans Eriks Olsens í júní 1985, þá er ekkert í málinu, er bendir til þess, að þessi greiðsla hafi verið frá eða vegna húsakaupa Unnsteins Þorsteinssonar. Framburður Tonnys bendir alls ekki til þess, að féð hafi verið komið frá Unnsteini eða vegna kaupa hans á sumarhúsi, sbr. það, er Tonny hefur eftir Jan Erik ytra. Þegar allt þetta er virt svo og sú staðreynd, að alger ringulreið, óstjórn og skipulagsleysi var á viðskiptum ákærða og greiðslur frá einum aðila fóru inn á hús annarra, þá þykir ákærði verða að bera hallann af því, að kvittun vegna fyrstu greiðslu Unnsteins hefur ekki fundist, og telst því sannað, að ákærði hafi dregið sér féð.

Dóminum þykir sannað, að ákærði hafi dregið sér aðra greiðsluna frá Unnsteini, þrátt fyrir framburð ákærða þess efnis, að hann hafi innt greiðsluna af hendi ytra á skrifstofu Suomi Sun Spain í Torrevieja á Spáni. Ákærði kvaðst hafa verið ölvaður, er greiðslan var innt af hendi, og enga kvittun hafa fengið. Ákærði þykir verða að bera hallann af þessu, og er hann sakfelldur fyrir að hafa dregið sér greiðsluna.

Ákærði hefur játað að hafa dregið sér síðustu greiðslu Unnsteins.

Dóminum þykir því sannað samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, og með vísan til gagna málsins að öðru leyti, að ákærði hafi dregið sér allar greiðslurnar frá Unnsteini Þorsteinssyni, samtals kr. 977.605, og notað í eigin þágu, svo sem í ákærunni greinir. Brot ákærða varðar við 247. gr. almennra hegningarlaga.

IV.1.,a og b. Sannað er með framburði ákærða, sem vel er studdur af öðrum gögnum málsins, að ákærði hefur framið þá háttsemi, er honum er gefin að sök í þessum tveimur ákæruliðum, og varða bæði brot ákærða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga, svo sem greinir í ákærunni.

IV.2. Sannað er með framburði ákærða, sem studdur er öðrum gögnum málsins, að ákærði hefur framið þessa háttsemi. Ákærði dró sér þannig og notaði í eigin þágu kr. 414.250, og auk þess dró ákærði sér kr. 300.000 og notaði til að greiða inn á hús Óskars Árnasonar, Norðurgötu 11, Sandgerði, samtals kr. 714.250. Þessi háttsemi varðar við 247. gr. almennra hegningarlaga.

V. Sannað er með framburði ákærða, sem studdur er öðrum gögnum málsins, að ákærði hefur framið þessa háttsemi og dregið sér og notað í eigin þágu kr. 475.000, sem voru helmingur greiðslu frá Óskari Árnasyni. Engin gögn eru varðandi það, að ákærði hafi síðar greitt féð, sem hann hafði dregið sér. Þetta brot ákærða varðar við 247. gr. almennra hegningarlaga.

VI. Sannað er með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins, að ákærði hefur gerst sekur um þessa háttsemi og að hafa dregið sér alls kr. 378.450. Ákærði notaði kr. 243.450 til kaupa á gjaldeyri, sem síðan fór til greiðslu inn á sumarhús Diðriks Vilhjálmssonar, Helgavatni, Þverárhlíð við Borgarnes (sic), og kr. 135.000 notaði ákærði til eigin þarfa. Þessi háttsemi varðar við 247. gr. almennra hegningarlaga.

VII. Sannað er með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins, að ákærði hefur dregið sér og notað í eigin þágu kr. 155.000, er honum er gefið að sök í þessum ákærulið. Brot ákærða varðar við 247. gr. almennra hegningarlaga.

VIII. Sannað er með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins, að ákærði hefur dregið sér og notað til eigin þarfa kr. 164.500, svo sem ákærða er gefið að sök í þessum ákærulið. Brotið varðar við 247. gr. almennra hegningarlaga.

IX. Sannað er með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins, að ákærði hefur dregið sér og notað í eigin þágu greiðslurnar frá Baldri Árnasyni, svo sem í ákærunni greinir, samtals kr. 664.000. Brotið varðar við 247. gr. almennra hegningarlaga.

X. Ákærði hefur borið að hafa móttekið kr. 329.000 sem greiðslu frá Þorbergi Þórarinssyni hinn 28. janúar 1986. Ákærði kvaðst hafa sent þá greiðslu til Spánar fyrir utan kr. 90.000, er ákærði kvaðst hafa dregið af fjárhæðinni sem umboðslaun sín. Hjónin Þorbergur Þórarinsson og Elísabet Gabríela Jósefsdóttir fengu þær upplýsingar á Spáni, er þau hugðust taka við húsinu ytra, að engar greiðslur hefðu borist vegna húskaupa þeirra. Ekkert mark er takandi á skýringum ákærða varðandi ástæðu þess, að kvittun hafi ekki borist frá Spáni. Þá er ekkert í gögnum málsins, er bendir til þess, að ákærða hafi borið umboðslaun, svo sem ákærði hefur borið. Dóminum þykir því sannað, að ákærði hafi dregið sér alla fyrstu greiðsluna frá þeim Þorbergi og Elísabetu, kr. 329.000, svo og aðra greiðslu frá þeim hjónum, samtals kr. 658.000, sem ákærði notaði til eigin þarfa. Þessi háttsemi varðar við 247. gr. almennra hegningarlaga.

XI. Svo sem rakið var að framan, hafði ákærði viðurkennt hjá lögreglunni að hafa dregið sér þá fjárhæð, er hér um ræðir, og að hafa notað andvirði víxilsins til greiðslu á leigu fyrir farþegaþotu frá Arnarflugi, en ákærði hafði skipulagt skoðunarferðir til Spánar. Ákærði bar hjá lögreglunni um fjárhagsörðugleika sína á þessum tíma og að hafa notað andvirði víxilsins, svo sem að framan er rakið. Ákærði bar síðan fyrir dómi hinn 29. júní sl. að hafa ruglast eitthvað í ríminu hjá lögreglunni og sá framburður sinn sé rangur varðandi það, að ákærði hafi notað andvirði víxilsins. Ákærði kvaðst aldrei hafa fengið peninga út úr víxli þessum, er ákærði kvaðst hafa tekið við hjá Stefáni Guðbjartssyni sem greiðslu upp í kaup Stefáns á sumarhúsi. Ákærði kvað víxilinn aldrei hafa verið greiddan í banka, þar sem víxillinn var til innheimtu.

Stefán Guðbjartsson hefur borið hjá lögreglunni að hafa greitt ákærða upp í húsakaupin með víxli, að fjárhæð kr. 284.625, og að hafa greitt víxilinn á gjalddaga hinn 17. janúar 1986.

Framburður ákærða og Stefáns er efnislega samhljóða hjá lögreglunni, en ákærði breytti framburði sínum fyrir dóminum og gaf þá skýringu, að hann hefði eitthvað ruglast í ríminu. Ekki hefur náðst að yfirheyra Stefán fyrir dóminum undir meðferð málsins og ekki vitað, hvar hann er nú búsettur erlendis. Dóminum þykir hinn breytti framburður ákærða órökstuddur og ekki í neinu samræmi við önnur gögn málsins, og er því ekki tekið mark á hinum breytta framburði ákærða og ákærði því talinn hafa framið þá háttsemi, er honum er hér gefin að sök. Brot ákærða varðar við 247. gr. almennra hegningarlaga.

B. Sannað þykir með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins, að ákærði hefur framið þessa háttsemi, og varðar brotið við 248. gr. almennra hegningarlaga.

Ekki er fyllilega ljóst af gögnum málsins, hver var raunveruleg staða ákærða gagnvart fyrirtækinu Sun Spain A/S í Noregi, þótt fyrir liggi samningur milli Fasteignasölunnar Kauptúns, sem m.a. var í eigu ákærða, og síðan uppsögn samningsins af hálfu Sun Spain A/S með skeyti hinn 23. janúar 1985. Forsvarsmenn norska fyrirtækisins greindu frá því í skýrslu hjá lögreglunni í Fredrikstad í Noregi hinn 30. september 1986, að ekkert samningssamband væri eða hefði verið milli ákærða og norska félagsins. Þessu er háttað á svipaðan hátt um samband ákærða við spænska félagið Suomi Sun Spain S/A, Torrevieja, Alicante-héraði á Spáni, en í ákærunni er ákærði talinn hafa verið umboðsmaður þess félags, er framangreind húsasala átti sér stað á árunum 1985 og 1986. Þegar litið er á framkomu ákærða gagnvart kaupendum húsanna bæði hér á landi og einnig á Spáni svo og framkomu starfsmanna félagsins í garð ákærða og kaupenda ytra og hér á landi, verður að telja ákærða hafa verið umboðsmann hins spænska félags hér á landi. Gögn þau, er til staðar eru í málinu, benda og til hins sama og þ. á m. undirritaðir kaupsamningar, er bárust frá Spáni, greiðslukvittanir, framburður kaupenda húsanna o.fl. Viðsemjendur ákærða gátu því vart dregið aðra ályktun en þá, að ákærði væri umboðsmaður spænska fyrirtækisins hér á landi.

Ákærði notaði fölsuð skjöl til að blekkja einstaka viðsemjendur sína, svo sem rakið hefur verið. Ákærði beitti gylliboðum til að koma samningum á, svo sem að bjóða ódýrar skoðunarferðir til Spánar og að fargjöld, er einstakir kaupendur greiddu vegna skoðunarferða til Spánar, skyldu dragast frá húsaverðinu, ef af kaupum yrði, en allmargir kaupendur höfðu samband við ákærða, eftir að auglýsingar höfðu birst í dagblöðum varðandi húsasöluna. Ákærði dró sér verulegar fjárhæðir, samtals kr. 5.426.951, á árunum 1985 og 1986. Ákærði dró sér og notaði til eigin þarfa kr. 4.723.633 og kr. 703.318, sem notaðar voru til að greiða inn á hús annarra en þeirra, er inntu greiðsluna af hendi. Ákærði framdi brot sín á árunum 1985 og 1986, en frá því í maí 1986 til dagsins í dag hefur lánskjaravísitala hækkað um tæplega 100% samkvæmt upplýsingum Seðlabanka Íslands. Fé það, er ákærði dró sér, er því á verðlagi dagsins í dag meira en 11 milljónir. Brot ákærða eru stórfelld.

Ákærði hefur frá árinu 1972 gengist undir 8 dómsáttir fyrir brot gegn áfengis- og umferðarlögum. Þá hefur ákærði hlotið 5 dóma fyrir brot gegn sömu lögum, og árið 1983 hlaut ákærði 3 mánaða fangelsi skilorðsbundið fyrir brot gegn 1. mgr. 247. gr. alm. hgl. Ákærða var síðast gerð refsing með dómi, uppkveðnum 29. júní sl., 30 daga varðhald fyrir brot gegn um-

ferðarlögum, og þá gekkst ákærði undir dómsátt 7. febrúar 1989 fyrir umferðarlagabrot.

Ákærða er nú gerð refsing eftir 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga. Með vísan til alls ofanritaðs og til þess, hversu stórfelld brot ákærða eru, þykir refsing ákærða hæfilega ákvörðuð sem fangelsi í 2 ár.

Skaðabótakröfur.

Ákæra 6. nóvember 1986.

Mídas, auglýsingaþjónusta hf., hefur með bréfi, dagsettu 24. júní 1986, gert kröfu til, að útgefandi og/eða framseljandi tékkans verði dæmdur til að greiða það, sem eftir stendur af tékkafjárhæðinni, ásamt dómvöxtum frá sýningardegi til greiðsludags.

Ákærði hefur samþykkt að greiða eftirstöðvar tékkans, en ákærði hefur samkvæmt gögnum málsins áður greitt kr. 28.000 vegna skuldarinnar og eftir standi kr. 14.000. Ákærði er dæmdur til að greiða kr. 14.000 auk vaxta, svo sem greinir í dómsorði.

Ákæra, dagsett 12. febrúar 1988.

Verða nú raktar bótakröfur, er komið hafa fram vegna einstakra ákæruliða.

I. Árni Sörensson hefur lagt fram bótakröfu, þar sem þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til að greiða kr. 571.251 auk vaxta, sem nánar eru tilgreindir í kröfugerðinni. Þá er þess krafist, að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti ári eftir gjalddaga.

Ákærði hefur samþykkt að greiða þessa kröfu utan það, að ekki er samþykkt, að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti fyrr en 12 mánuðum eftir gildistöku vaxtalaga nr. 25, 1987.

Ákærði er dæmdur til að greiða Árna kröfuna með vöxtum, svo sem nánar greinir í dómsorði.

II. Ekki barst bótakrafa frá Björgvin Árna Ólafssyni.

III. Unnsteinn Þorsteinsson hefur krafist þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða 201.620 norskar krónur. Kröfugerð Unnsteins og sundurliðun vaxtakröfunnar hljóðar svo: „Þess er krafist að ákærði, Páll Jónsson, verði dæmdur til að greiða mér jafnvirði norskra króna (NOK) 201.620 með 18% dráttarvöxtum á ári skv. vaxtalögum nr. 25/1987 af NOK 127.080 frá 06.06. 1985 til 06.08. 1985, en af NOK 190.620 frá þeim degi til 21.03. 1986, en af NOK 201.620 frá þeim degi til greiðsludags."

Fyrir liggur í málinu, að ákærði gaf út þrjár kvittanir til Unnsteins Þorsteinssonar vegna kaupa hans, og kvittaði ákærði fyrir móttöku á samtals 201.620 norskum krónum.

Ákærði hefur mótmælt þessari kröfu á þeim forsendum, að ákærði verði

ekki dæmdur til greiðslu á erlendum gjaldeyri. Ákærði hefur fallist á að greiða Unnsteini kr. 63.747. Ekki er fallist á mótbárur ákærða, og verður hann því dæmdur til að greiða Unnsteini kröfuna með vöxtum, svo sem greinir í dómsorðinu.

IV. Jóhannes Magnússon Lange hefur krafist þess, að ákærða verði gert að greiða allt það fé, er Jóhannes hafði greitt ákærða vegna kaupanna, „ásamt fullum vöxtum og verðbótum á hverjum tíma", eins og segir í kröfugerðinni. Síðan segir í kröfugerðinni: „Einnig fer ég fram á að hann greiði mér ferð sem ég fór til Spánar í sambandi við afhendingu hússins, sem ég var búinn að borga áður en ég komst að hinu sanna, að upphæð kr. 85.000,00".

Ákærði hefur fallist á greiðslu þessarar kröfu utan það, að ekki er fallist á greiðslu verðbóta og ekki heldur á greiðslu kr. 85.000 vegna Spánarferðarinnar.

Ákærði er dæmdur til að greiða Jóhannesi samtals kr. 714.250 með vöxtum á einstakar greiðslur, svo sem greinir í dómsorði. Krafan um greiðslu á kr. 85.000 er ekki studd neinum gögnum, og er henni vísað frá dómi.

V. Óskar Árnason hefur gert þá kröfu, að ákærði verði dæmdur til að greiða kr. 373.123 (1.385.528 spænska peseta) auk hæstu lögleyfðu dráttarvaxta frá 12. desember 1985 til greiðsludags. Óskar byggir kröfugerð sína á skeyti, er hann sagði, að borist hefði frá Spáni, og þar var þess getið, hversu háa fjárhæð Óskar átti eftir að greiða, til að húsið teldist að fullu greitt. Í skeyti þessu er heildarfjárhæðin, er eftir var að greiða, talin 1.385.528 pesetar. Óskar hefur greint frá því, að hann hafi innt þessa greiðslu af hendi og hafi nú í höndum pappíra, er jafngildi afsali fyrir húsinu. Í skeyti því, er talað er um að framan, er talið, að eftir standi rúmlega 1 milljón peseta, sem er greiðsla vegna húskaupanna, og síðan er talin rúmlega 350 þúsund peseta skuld vegna skatta, að því er virðist, svo og vegna kaupa á tveimur ísskápum.

Ákærði hefur vísað kröfugerð Óskars á bug, og kvað ákærði Óskar ekkert tjón hafa beðið vegna viðskiptanna.

Þrátt fyrir það að kröfugerð Óskars sé nokkuð óljós, þykir ekki eiga að vísa kröfunni frá dómi, enda ákærði sakfelldur fyrir að hafa dregið sér kr. 475.000 af því fé, er Óskar greiddi á sínum tíma. Ekki þykir skipta máli, þótt engin gögn séu til staðar um það, hvort Óskar hafi síðar greitt það, sem upp á vantaði, og hafi þannig eignast húsið. Eftir stendur fjárdráttur ákærða. Óskar hefur hins vegar einungis krafist greiðslu á kr. 373.123 ásamt vöxtum, og er ákærði í samræmi við ofanritað dæmdur til greiðslu þeirrar fjárhæðar með vöxtum, svo sem greinir í dómsorði.

VI. Árni Guðmundsson hefur gert bótakröfu fyrir hönd Iðnaðar-

mannafélags Sauðárkróks og krafist þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða kr. 278.450 auk dráttarvaxta frá þeim tíma, er greiðslurnar voru inntar af hendi, og til greiðsludags. Ákærði hefur greitt kr. 100.000 vegna skuldar við þennan kröfuhafa, og verður sú fjárhæð dregin frá greiðslunni, er Árni innti af hendi hinn 22. janúar 1986.

Ákærði hefur samþykkt þessa kröfu, og er hann dæmdur til að greiða hana ásamt vöxtum, svo sem greinir í dómsorði.

VII. Ekki barst bótakrafa frá Starfsmannafélagi Garðabæjar.

VIII. Diðrik Vilhjálmsson hefur gert kröfu til þess, að ákærða verði með dómi gert að greiða kr. 164.500 ásamt hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum frá 7. apríl 1986 til greiðsludags.

Ákærði hefur samþykkt þessa kröfu, og er ákærði dæmdur til greiðslu hennar ásamt vöxtum, svo sem greinir í dómsorði.

IX. Baldur Árnason hefur gert þá kröfu, að ákærða verði gert að greiða kr. 664.000 ,,ásamt lögleyfðum dráttarvöxtum frá greiðsludegi, sem var 19. febrúar 1986, enn fremur allan þann kostnað annan, sem af þessum svikum hefur hlotist og hljótast kann". Baldur Árnason greiddi ákærða kr. 554.000 hinn 19. febrúar 1986 og kr. 100.000 hinn 8. apríl 1986.

Ákærði hefur samþykkt kröfugerð Baldvins, og er ákærði dæmdur til greiðslu hennar ásamt vöxtum, svo sem í dómsorðinu greinir.

X. Þorbergur Þórarinsson og Elíasabet Jósefsdóttir hafa krafist þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða ,,kr. 658.000,00 auk dráttarvaxta, sbr. vaxtaákv. Seðlabanka, en til vara dómvaxta af hverri svikinni fjárhæð frá brotsdegi til greiðsludags".

Ákærði hefur samþykkt að greiða kr. 329.000 af þessari kröfu.

Svo sem rakið var að framan, er ákærði sakfelldur fyrir að hafa dregið sér kr. 658.000, svo sem honum er gefið að sök í þessum ákærulið. Ákærði er því dæmdur til að greiða þeim Þorbergi og Elísabetu samtals kr. 658.000 með vöxtum, svo sem greinir í dómsorði.

XI. Ekki hefur borist bótakrafa frá Stefáni Guðbjartssyni.

B. Ekki hefur borist bótakrafa vegna þessa ákæruliðar.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. kr. 100.000 í málsvarnarlaun auk virðisaukaskatts til skipaðs verjanda, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns.

Dómarinn tók við rekstri málsins í febrúar 1989.

Dómsorð:

Ákærði, Páll Jónsson, sæti fangelsi í 2 ár.

Ákærði greiði eftirtöldum aðilum skaðabætur með vöxtum, svo sem hér greinir:

1. Mídas, auglýsingaþjónustu hf., kr. 14.000 auk dómvaxta frá 28.

janúar 1986 til 14. apríl 1987, en almenna vexti skv. 2. gr. l. nr. 67, 1989, til greiðsludags.

2. Árna Hemmert Sörenssyni, Aðalbraut 16, Raufarhöfn, kr. 260.800 auk dráttarvaxta frá 19. desember 1985 til 1. mars 1985 og þá af kr. 411.383 til 6. ágúst 1986 og þá af kr. 571.251 og til greiðsludags. Dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti og í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir gildistöku vaxtalaga nr. 25, 1987, sbr. 12. gr. laganna, er tóku gildi 14. apríl 1987.

3. Unnsteini Þorsteinssyni, Geitlandi 15, Reykjavík, norskar kr. 127.080 auk dráttarvaxta frá 6. júní 1985 til 6. ágúst 1985 og þá af norskum krónum 190.620 til 21. mars 1985 og þá af norskum krónum 201.620 til greiðsludags.

4. Jóhannesi Magnússyni Lange, Víðihvammi 28, Kópavogi, kr. 182.250 auk dráttarvaxta frá 13. desember 1985 til 16. desember 1985 og þá af kr. 282.250 til 14. mars 1985 og þá af kr. 414.250 til 1. ágúst 1986 og þá af kr. 714.250 til greiðsludags.

5. Óskari Árnasyni, Norðurgötu 11, Sandgerði, kr. 373.123 auk dráttarvaxta frá 12. desember til greiðsludags.

6. Iðnaðarmannafélagi Sauðárkróks kr. 143.450 auk dráttarvaxta frá 22. janúar 1986 til 22. maí 1986 og þá af 278.450 til greiðsludags.

7. Diðrik Vilhjálmssyni, Helgavatni, Þverárhlíð við Borgarnes (sic), kr. 164.500 auk dráttarvaxta frá 7. apríl 1986 til greiðsludags.

8. Baldri Árnasyni, Holtsgötu 6, Sandgerði, kr. 564.000 auk dráttarvaxta frá 19. febrúar 1986 til 8. apríl 1986 og þá af kr. 664.000 og til greiðsludags.

9. Þorbergi Þórarinssyni og Elísabetu Gabríelu Jósefsdóttur, báðum til heimilis að Bröttuhlíð 10, Seyðisfirði, kr. 329.000 auk dráttarvaxta frá 28. janúar 1986 til 17. apríl 1986 og þá af kr. 629.000 til 29. júní 1986 og þá af kr. 658.000 til greiðsludags.

Í öllum tilfellum, er dæmdir eru dráttarvextir á fjárhæðirnar að framan, er átt við dráttarvexti samkvæmt 15. gr., sbr. 10. gr. vaxtalaga nr. 25, 1987, en samkvæmt 11. gr. s.l. vegna greiðslu kröfu í lið 3, þar sem um er að ræða greiðslu í erlendri mynt.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. kr. 100.000 í málsvarnarlaun til verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns.

Þriðjudaginn 27. nóvember 1990.

Nr. 385/1989. **Samir Daglas**
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
Guðmundi Kristinssyni
(Gísli Baldur Garðarsson hrl.).

Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi. Stefna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 5. október 1989. Hann gerir þær dómkröfur aðallega, að málinu verði vísað frá héraðsdómi, til vara, að málinu verði vísað heim í hérað, og til þrautavara, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Stefndi lét sækja þing í Hæstarétti, en hélt ekki uppi vörnum.

Í héraðsstefnu er áfrýjanda stefnt „til þess að mæta á bæjarþingi Seltjarnarness, sem háð verður fimmtudaginn 27. júní 1989 kl. 14.00 síðd., er mál þetta verður þingfest ...“

Áfrýjandi sótti ekki dómþing í héraði.

Árið 1989 bar 27. júní upp á þriðjudag. Í stefnunni er ekki getið, hvar dómþing skuli háð til þingfestingar málsins. Stefnan brýtur þannig í bága við g-lið 1. mgr. 88. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 10. gr. laga nr. 54/1988. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi.

Dæma ber stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað án vaxta, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Stefndi, Guðmundur Kristinsson, greiði áfrýjanda, Samir Daglas, málskostnað fyrir Hæstarétti, 40.000 krónur.

Dómur bæjarþings Seltjarnarness 18. júlí 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. júní 1989, hefur Guðmundur Kristinsson, nnr. 3088-0919, kt. 170836-3599, Látraströnd 7, Seltjarnarnesi, höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 21. júní 1989, á hendur Samir Daglas, nnr. 7472-8510, kt. 280564-8269, Lyngmóum 11, Garðabæ, til greiðslu skuldar vegna vangreiddrar húsaleigu ásamt vöxtum og kostnaði.

— — —

Stefndi hefur hvorki sótt þing né látið sækja, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá skv. 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma mál þetta skv. framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 21.421, er ber drv. skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 3. ágúst 1989 til greiðsludags, og söluskattur kr. 2.264.

Rúnar S. Gíslason, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Samir Daglas, Lyngmóum 11, Garðabæ, greiði stefnanda, Guðmundi Kristinssyni, Látraströnd 7, Seltjarnarnesi, kr. 123.000 með 24% ársv. af kr. 41.000 frá 1.12. 1988 til 1.1. 1989, með 21,6% ársv. af kr. 82.000 f.þ.d. til 1.2. 1989, en þá af kr. 123.000 til 1.3. 1989, með 24% ársv. f.þ.d. til 1.4. 1989, með 33,6% ársv. f.þ.d. til 1.5. 1989, með 38.4% ársv. f.þ.d. til 1.6. 1989, með 42% ársv. f.þ.d. til 1.7. 1989, en með drv. skv. III. kafla laga nr. 25/1987 f.þ.d. til greiðsludags og kr. 21.421 í málskostnað, er beri drv. skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 3. ágúst 1989 til greiðsludags, og kr. 2.264 í söluskatt, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 27. nóvember 1990.

Nr. 27/1989. **Búnaðarbanki Íslands**
(Baldvin Jónsson hrl.)
gegn
skiptaráðandanum í Árnessýslu
f.h. þrotabús Stokkfisks hf.,
póst- og símamálastjóra
f.h. Póstgíróstofunnar
og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.).

Tékkar. Bankastofnanir. Frávísun að hluta.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. janúar 1989. Hann krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, að því er varðar þrotabú Stokkfisks hf., en að dóminum verði hrundið um aðra stefndu og þeir dæmdir til að greiða honum 166.888 krónur með dráttarvöxtum á mánuði eins og hér greinir: 2,8% af 83.444 krónum frá 1. júní 1987 til 11. s.m., 2,8% af 166.888 krónum frá þeim degi til 1. júlí s.á., 3% frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 3,4% frá þeim degi til 1. september s.á., 3,5% frá þeim degi til 1. október s.á., 3,6% frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 3,8% frá þeim degi til 1. desember s.á., 4,1% frá þeim degi til 12. janúar 1988, en með hæstu dráttarvöxtum á mánuði samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands frá þeim degi til greiðsludags. Einnig leggist dráttarvextir við höfuðstól á 12 mánaða fresti til greiðsludags, í fyrsta sinn 1. júní 1988. Þá krefst hann greiðslu bankakostnaðar, 250 króna, svo og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefndu Póstgíróstofunnar og ríkissjóðs er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara er þess krafist, að málskostnaður verði felldur niður.

Af hálfu þrotabús Stokkfisks hf. er ekki sótt þing fyrir Hæstarétti, en þrotabúinu var ekki löglega stefnt. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti, að því er þrotabúið varðar.

Tékkarnir, sem málið fjallar um, voru ekki endursendir í skilningi tékkalaga nr. 94/1933, þegar í ljós kom við meðferð þeirra í greiðslujöfnunarstöð, að þeir voru innstæðulausir. Verður að meta það svo, að áfrýjandi hafi innleyst þá. Ber því með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms að staðfesta hann um þátt Póstgíróstofunnar og ríkissjóðs.

Áfrýjandi greiði 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti sameiginlega til Póstgíróstofunnar og ríkissjóðs.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti, að því er varðar þrotabú Stokkfisks hf.

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur, að því er varðar stefndu póst- og símamálastjóra f.h. Póstgíróstofunnar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Áfrýjandi, Búnaðarbanki Íslands, greiði þessum stefndu sameiginlega 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. nóvember 1988.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 27. október sl., er höfðað hér fyrir þinginu með áskorunarstefnu, birtri 22. desember 1987.

Stefnandi er Búnaðarbanki Íslands, aðalbanki, Austurstræti 3, Reykjavík (1489-2958).

Stefndu eru Stokkfiskur hf. (8527-5992), Öxnalæk, Ölfushreppi, Árnessýslu, með skrifstofu að Hafnarstræti 18, Reykjavík, póst- og símamálastjóri f.h. Póstgíróstofunnar (7124-0150), Ármúla 6, Reykjavík, og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs vegna Póstgíróstofunnar.

Dómkröfur stefnanda eru, að stefndu greiði in solidum skuld að fjárhæð kr. 166.888 ásamt 2,8% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 83.444 frá 1.6. 1987 til 11.6. 1987, en af kr. 166.888 frá þeim degi til 1.7. 1987, 3% frá þeim degi til 1.8. 1987, 3,4% frá þeim degi til 1.9. 1987, 3,5% frá þeim degi til 1.10. 1987, 3,6% frá þ.d. til 1.11. 1987, 3,8% frá þeim degi til 1.12. 1987, 4,1% frá þeim degi til þingfestingardags, en hæstu dráttarvöxtum á mánuði samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands frá þeim degi til greiðsludags. Einnig er þess krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti til greiðsludags, í fyrsta sinn þann 1.6. 1988. Jafnframt

er krafist greiðslu bankakostnaðar, kr. 250, og málskostnaðar að mati réttarins.

Stefndi Stokkfiskur hf. lét sækja þing, en þingsókn féll síðar niður, án þess að varnir kæmu fram.

Stefndu póst- og símamálastjóri f.h. Póstgíróstofunnar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs v/Póstgíróstofunnar gera þær dómkröfur aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og að þeim verði tildæmdur ríflegur málskostnaður úr hendi stefnanda, til vara, að málskostnaður verði felldur niður.

I.

Stefnandi kveður skuldina vera samkvæmt 2 framlögðum tékkum, hvorum að fjárhæð kr. 83.444, samtals kr. 166.888, báðum útgefnum af stefnda Stokkfiski hf. til greiðslu af tékkareikningi nr. 2218 hjá stefnanda.

Annar tékkinn sé á eyðublaði nr. 3376192, útgefinn 30.5 1987 til Póstgíróstofunnar og framseldur af henni og innleystur af Landsbanka Íslands, aðalbanka, þann 1.6. 1987. Hinn tékkinn sé á eyðublaði nr. 3376193, útgefinn 10.6. 1987 til Póstgíróstofunnar og framseldur af henni og innleystur af Landsbanka Íslands, Múlaútibúi, þann 11.6. 1987. Báðir tékkarnir hafi reynst innstæðulausir við sýningu í greiðslubanka á innlausnardegi, sbr. áritun á þá þar um.

Málið sé höfðað á grundvelli tékkalaga nr. 94/1933, sbr. lög nr. 24/1981, og rekið samkvæmt þeim og 17. kafla laga nr. 85/1936. Vegna varna þeirra, sem fram hafi komið í málinu af hálfu stefndu, taki stefnandi fram eftirfarandi um málavexti og málsástæður:

Ferli tékkanna í bankakerfinu hafi verið með ólíkum hætti. Fyrri tékkinn hafi að kvöldi verið sendur úr innlausnarbankanum til greiðslujöfnunarstöðvar í Reiknistofu bankanna. Þar hafi komið í ljós, að innstæða hafi ekki verið fyrir hendi á tékkareikningi útgefanda, stefnda Stokkfisks hf. Þrátt fyrir það hafi innlausnarbankinn fengið tékkann greiddan, en fjárhæð tékkans hafi verið skuldfærð á svonefndan „FIT-reikning", þ.e. safnreikning innstæðulausra tékka hjá stefnanda, í samræmi við vinnureglur Reiknistofu bankanna. Tékkinn hafi því ekki verið skuldfærður á tékkareikningi stefnda Stokkfisks hf.

Síðari tékkinn hafi fengið aðra meðferð að því leyti, að hinn 11. júní, sama dag og honum var framvísað í banka, hafi verið tekin upp „skjallaus greiðsluskipti" á milli bankanna á höfuðborgarsvæðinu. Tékkinn hafi því ekki verið sendur sjálfur í Reiknistofu bankanna, heldur geymdur í innlausnarbankanum og upplýsingar um hann símsendar til Reiknistofu bankanna. Tékkinn hafi því ekki borist sjálfur til greiðslubankans, fyrr en kallað hafi verið eftir honum í nóvember 1987 vegna innheimtuaðgerða. Tékka-

fjárhæðin hafi þó á sama hátt og við fyrri tékkann farið til innlausnarbankans af sjóðum greiðslubankans sjálfs, en ekki af reikningi útgefanda tékkans. Póstgíróstofan hafi því fengið báða tékkana greidda í innlausnarbanka, sem einnig hafi fengið fjárhæðir þeirra greiddar, og þeir hafi ekki verið skuldfærðir til baka á innlausnarbankann. Innlausnarbankanum hafi borið að fylla út sérstök eyðublöð um innstæðuleysi síðari tékkans og senda framseljanda hans, enda hafi greiðslubankinn ekki vitað, hver framseljandinn var, þar sem hann fékk ekki sjálfan tékkann í hendur.

Stefnandi haldi því fram, að framseljandi tékkanna, Póstgíróstofan, hafi fengið staðlaðar tilkynningar um, að tékkarnir væru innstæðulausir, frá Reiknistofu bankanna, nokkrum dögum eftir að hún fékk tékkana greidda. Tilkynningarskyldu skv. 42. gr. tékkalaga hafi því verið fullnægt.

Stefnandi leggur áherslu á eðli „clearing"-afgreiðslu þeirrar, er bankar hér á landi noti og Reiknistofa bankanna sjái um. Hér sé aðferðin sú, að greiðslubankinn eignist tékkann í gegnum greiðslujöfnunarstöð, þ.e. „clearing", og hafi 10 daga til þess að innheimta innstæðulausan tékka og taka að þeim fresti liðnum ákvörðun um endursendingu tékkans og lokun reiknings. Greiðslubankinn geti því orðið eigandi tékka og innheimtuaðili, og því haldi skjalið áfram að vera „tékki", þótt það sé komið til greiðslubankans á þennan hátt. Önnur aðferð sé nothæf, þ.e. að „honorera" tékkann með því að bóka hann á reikning útgefanda og skuldfæra tékkann þar, og þá megi segja, að hlutverki tékkans sé lokið og hann verði þá dauður og ómerkur sem tékki. „Clearing"-aðferðin sé því önnur, og tékkinn haldi þar gildi sínu og hlutverki sem tékki.

Stefnendur mótmæla sérstaklega fullyrðingum stefndu cg benda á, að sannað sé í málinu, að tékkarnir hafi verið innstæðulausir, og einnig, að krafan fyrnist á 7 mánuðum frá útgáfudegi tékkanna og sé því ófyrnd. Varnir stefndu, byggðar á reglum samvinnunefndar banka og sparisjóða um tékkaviðskipti, komist ekki að í máli þessu.

II.

Stefndu póst- og símamálastjóri f.h. Póstgíróstofunnar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs vegna Póstgíróstofunnar lýsa málavöxtum svo, að umrædda tékka hafi meðstefndi, Stokkfiskur hf., notað til að greiða orlofsfé vegna orlofsársins 1986/1987. Póstgíróstofan hafi lagt báða tékkana inn á reikning sinn í viðskiptabanka sínum, Landsbanka Íslands, sem hafi framvísað þeim til greiðslu hjá stefnanda. Handhöfn stefnanda og yfirlýsingar sýni, að stefnandi hafi greitt Landsbankanum andvirði beggja tékkanna af eigin sjóði stefnanda. Póstgíróstofunni hafi engar athugasemdir borist vegna tékkanna. Það hafi fyrst verið með bréfi, sem borist hafi hinn 11. desember 1987, að stefnandi haldi því fram, að tékkar þessir hafi verið

innstæðulausir, þrátt fyrir þá staðreynd, að hann hafi greitt Landsbanka Íslands andvirði þeirra.

Ekki sé fallist á, að stefnandi eigi kröfu á hendur stefndu á grundvelli tékkalaga. Staðhæfingum stefnanda um, að tékkarnir hafi verið innstæðulausir á sýningardegi og að meðstefndi Stokkfiskur hf. hafi hvorki þá né síðar lagt andvirði þeirra inn á reikning sinn, sé mótmælt sem röngum og ósönnuðum.

Sýknukrafan sé í fyrsta lagi reist á því, að stefnandi eigi enga aðild að málinu, sbr. 45. gr. og a-lið 208. gr. laga nr. 85/1936.

Tékki sé greiðsluskjal, en ekki lánsskjal. Eftir að tékki hafi verið innleystur af greiðslubanka, sem var stefnandi í þessu tilviki, eigi umferð tékkans að vera lokið. Grundvallarforsenda tékkalaganna, sem sett hafi verið árið 1933, hafi verið og sé enn, að tékkar eigi aðeins að vera borgunarskjöl. Þessi meginregla komi alls staðar fram í ákvæðum tékkalaganna. Í umræðum um 3. gr. frumvarpsins á Alþingi hafi þessi skilningur skýrlega komið í ljós. Ákvæði 3. og 4. gr. sýni, að tilgangurinn hafi verið, að tékkum yrði treyst sem greiðsluskjölum, og þess vegna hafi verið lýst refsivert að gefa út innstæðulausa tékka. Af ákvæðum 12. og 18. gr. sé ljóst, að ábyrgð framseljanda sé til vara, og þegar reglur tékkalaganna séu skoðaðar í heild og bornar saman, sé ljóst, að þær stefni allar að því að treysta trú manna á tékkum. Tékka sé ætlað sérstakt hlutverk, að vera greiðsluskjal, sem komi í stað reiðufjár. Víxill geti verið það, en hlutverk hans sé ekki takmarkað við það. Tékkinn sé hins vegar ónothæfur sem lánsskjal, eins og reglur tékkalaganna sýni ljóslega. Hann sé undanþeginn stimpilskyldu, og hann sé innleysanlegur án tafar. Strangar reglur séu um, hverjir geti framselt tékka, og greiðslubanki geti það ekki. Beinlínis sé tekið fram í 3. mgr. 15. gr. laganna, að framsal frá greiðslubanka sé ógilt, og í 5. mgr. sé tekið fram, að framsal til greiðslubanka sé einungis gilt sem kvittun.

Ákvæði sjöunda kafla tékkalaga sýni öll, að greiðslubanki geti ekki verið handhafi tékka. Stefnandi í máli þessu, sem er greiðslubanki tékkanna, sé því ekki tékkahafi í skilningi tékkalaga og eigi því ekki lögvarinn rétt á hendur stefndu samkvæmt 40. og 44. gr. laganna til að krefja þá um fullnustu þeirra. Skýrt komi fram í 40. gr., að varaábyrgð framseljanda verði fyrst virk, þegar greiðslubanki hefur neitað greiðslu tékkans og að það sé sannað og að sýning tékkans hafi verið innan 30 daga. Það sé því neitun greiðslubankans á greiðslu, sem leysi úr læðingi varaábyrgðina. Greiðslubankinn geti því ekki verið „handhafi" tékka í skilningi 1. mgr. 40. gr., og hann eigi engin önnur úrræði gagnvart innstæðulausum tékkum en að neita um greiðslu. Leysi hann tékkann til sín þrátt fyrir skort á innstæðu, eigi hann ekki aðgang að öðrum tékkaskuldurum en útgefanda. Yfirlýsing greiðslubankans um greiðslufall sé í 40. gr. talin lögfull sönnun, og það

sýni, að greiðslubanki sé ekki talinn aðili. Allt byggist á þeirri grundvallarforsendu, að greiðslubankinn sé ekki handhafi tékka.

Í öðru lagi sé sýknukrafan reist á því, að ósannað sé, að tékkarnir hafi verið innstæðulausir. Upplýst sé í málinu, að ekki hafi verið gætt réttra aðferða skv. 40. gr. tékkalaga við að halda tékkakröfu í gildi. Landsbanki Íslands hafi fengið tékkana greidda úr sjóðum stefnanda, og svokallaður „FIT-reikningur" sé eigin reikningur stefnanda. Upplýst sé, að „clearing"-kerfið veiti heimild til að senda tékka til innlausnarbankans innan 10 daga, sem sé rúmur tími. Þetta kerfi hafi lengi verið notað, og ekkert sé athugavert við það, og það hafi reynst vel. En hér hafi stefnandi tekið við tékkunum og greitt þá af eigin reikningi. Engin yfirlýsing sé á tékkunum, að greiðslu hafi verið synjað. Stefnandi hafi hins vegar einhvern tímann áritað ódagsetta, óstaðfesta, einhliða fullyrðingu sína um, að tékkarnir hafi verið innstæðulausir þann 1. og 11. júní. Þessi yfirlýsing hafi ekkert sönnunargildi og fullnægi auk þess ekki skilyrðum 2. og 3. tl. 1. mgr. 40. gr. og samrýmist ekki þeirri staðreynd, að stefnandi greiddi viðskiptabanka Póstgíróstofunnar andvirði tékkanna.

Í þriðja lagi sé um að ræða aðgerðarleysi og tómlæti stefnanda, sem felli niður tékkakröfu, hafi hún einhvern tímann verið fyrir hendi. Þegar 42. gr. sé skoðuð í heild, sé ljóst, að allar tilkynningar skuli senda strax og að eingöngu lítils háttar frávik frá ákvæðunum komi til greina. Fyrning fari eftir 2. mgr. 52. gr., og krafa stefnanda sé því fyrnd, þar sem stefnan hafi ekki verið birt innan tilskilins 6 mánaða frests, frá því að stefnandi leysti tékkana til sín.

III.

Stefndi Stokkfiskur hf., útgefandi tékka þeirra, sem mál þetta fjallar um, hefur látið sækja þing í málinu, en engum andmælum hreyft við stefnukröfum. Ber að taka kröfur stefnanda á hendur honum til greina að öllu leyti og dæma hann auk þess til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 25.000.

Stefnandi er greiðslubanki tékkanna. Tékkarnir voru innleystir af stefnanda frá innlausnarbanka og ekki endursendir, þegar í ljós kom, að þeir voru innstæðulausir. Þar með var umferð tékkanna lokið og hlutverki þeirra sem greiðsluskjala. Þar sem stefnandi er greiðslubanki, er hann ekki tékkahafi í skilningi tékkalaga nr. 94/1933 skv. 19. gr., sbr. 3. mgr. 15. gr. Hann á því ekki rétt skv. sjöunda kafla laganna til þess að krefja aðra stefndu um fullnustu tékkanna, enda hefði ábyrgð þeirra á tékkunum einungis komið til, ef stefnandi hefði neitað greiðslu þeirra, sbr. 1. mgr. 40. gr. laganna. Þegar af þessari ástæðu ber að taka til greina sýknukröfu annarra stefndu og dæma stefnanda til að greiða þeim málskostnað, sem ákveðst kr. 60.000.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndu póst- og símamálastjóri f.h. Póstgíróstofunnar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs vegna Póstgíróstofunnar skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Búnaðarbanka Íslands, í máli þessu, og skal stefnandi greiða þessum stefndu kr. 60.000 í málskostnað.

Stefndi Stokkfiskur hf. greiði stefnanda, Búnaðarbanka Íslands, kr. 166.888 ásamt 2,8% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 83.444 frá 1.6. 1987 til 11.6. 1987, en af kr. 166.888 frá þeim degi til 1.7. 1987, 3% frá þeim degi til 1.8. 1987, 3,4% frá þeim degi til 1.9. 1987, 3,5% frá þeim degi til 1.10. 1987, 3,6% frá þeim degi til 1.11. 1987, 3,8% frá þeim degi til 1.12. 1987, 4,1% frá þeim degi til 12.1. 1988, en hæstu dráttarvöxtum á mánuði samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands frá þeim degi til greiðsludags, er leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn þann 1.6. 1988, og kr. 250 í bankakostnað og kr. 25.000 í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 29. nóvember 1990.

Nr. 22/1989. **Ingólfur Ólafsson**
(Guðný Höskuldsdóttir hrl.)
gegn
Áslaugu Gísladóttur
(Svala Thorlacius hrl.)
og gagnsök.

Skipti. Óvígð sambúð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. janúar 1989. Hann gerir þær dómkröfur, að hann fái í sinn hlut ⅔ andvirðis fasteignarinnar að Háagerði 12 hér í borg, 5.466.666 krónur, helming af andvirði bifreiðar, 60.000 krónur, helming af andvirði sumarhúss, 251.250 krónur, öll verðmæti verðbréfa og bankainnstæðna, 8.481.594 krónur, inneign á gjaldeyrisreikningi og 5 skáksett, samtals að fjárhæð 74.604 krónur, eða alls 14.334.114 krónur. Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 21. september 1989. Hún krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða úrskurði, hafa aðilar þegar skipt innbúi og eru sammála um að halda utan skipta eignarhluta aðaláfrýjanda í jörðinni Grænumýri á Seltjarnarnesi og lóðarspildu gagnáfrýjanda úr landi Vaðness í Grímsnesi.

Fallast má á þá niðurstöðu skiptaréttar, að gagnáfrýjandi haldi innstæðum á sparisjóðsbókum nr. 57971, 15150 og 1369 við Útvegsbanka Íslands, nú Íslandsbanka hf., nr. 7819 við Landsbanka Íslands og nr. 350001 við Iðnaðarbanka Íslands hf., nú Íslandsbanka hf. Aðaláfrýjandi haldi hins vegar 5 skáksettum og inneign á gjaldeyrisreikningi nr. 100811 við Sparisjóð vélstjóra.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta niðurstöðu hans um, að aðilar eigi í óskiptri sameign að hálfu hvort

fasteignina nr. 12 við Háagerði í Reykjavík og sumarhús í landi Vaðness í Grímsnesi og að aðaláfrýjandi greiði stefndu 4.300.797 krónur. Er í þeirri fjárhæð talinn með helmingur verðmætis bifreiðar þeirrar, sem um er fjallað í málinu.

Eins og atvikum málsins er háttað og með hliðsjón af því, hvernig það er lagt fyrir dómstóla, verða vextir af fjárhæð þessari dæmdir eins og í dómsorði segir.

Ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um málskostnað er staðfest.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Ingólfur Ólafsson, og gagnáfrýjandi, Áslaug Gísladóttir, eiga til helminga í óskiptri sameign fasteignina Háagerði 12, Reykjavík, og sumarhús í landi Vaðness í Grímsnesi.

Aðaláfrýjandi haldi 5 skáksettum og inneign á gjaldeyrisreikningi nr. 100811 við Sparisjóð vélstjóra.

Gagnáfrýjandi haldi innstæðum á sparisjóðsbókum nr. 57971, 15150 og 1369 við Útvegsbanka Íslands, nú Íslandsbanka hf., nr. 7819 við Landsbanka Íslands og nr. 350001 við Iðnaðarbanka Íslands hf., nú Íslandsbanka hf.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 4.300.797 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 22. desember 1988 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 2. desember 1988.

Sóknaraðili, Áslaug Gísladóttir, f. 17. ágúst 1923, nafnnr. 0713-2921, Háagerði 12, Reykjavík, gerir eftirfarandi dómkröfur:

að helmingur bús málsaðila komi í hlut sóknaraðila kr. 8.939.349, ásamt dráttarvöxtum, sbr. 9. gr. laga nr. 25/1987, frá 15. apríl 1988 til greiðsludags.

Sóknaraðili krefst málskostnaðar úr hendi gagnaðila skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Við meðferð málsins kom sóknaraðili fram með eftirfarandi varakröfu: að „stefndi" verði dæmdur til að greiða „stefnanda" kr. 8.900.000 með sömu vöxtum og frá sama tíma og greinir í aðalkröfu og til greiðsludags, auk þess sem krafist er málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Varnaraðili, Ingólfur Ólafsson, f. 8.11. 1916, nafnnr. 4732-8918, Baldursgötu 6 A, Reykjavík, gerir eftirfarandi dómkröfur:

1. að í hlut varnaraðila komi ⅔ hlutar af verði fasteignarinnar að Háagerði 12, Reykjavík, kr. 5.466.666,
2. að í hlut varnaraðila komi ½ af andvirði bifreiðar, kr. 60.000,
3. að í hlut varnaraðila komi ½ sumarhúss, kr. 251.250,
4. að í hlut varnaraðila komi verðmæti allra verðbréfa og bankainnstæðna, kr.8.481.594,
5. að í hlut varnaraðila komi inneign á gjaldeyrisreikningi og 5 skáksett, samtals kr. 74.604.

Þá er gerð krafa um greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ úr hendi sóknaraðila.

Sáttaumleitanir hafa engan árangur borið.

II.

Aðilar máls þessa kynntust á árunum 1948 - 1949, en varnaraðili var þá sem síðar sjómaður. Haustið 1950 tóku þau upp sambúð og fluttust þá í kjallaraíbúð að Efstasundi 65, Reykjavík, sem varnaraðili hafði fest kaup á. Var íbúðin ófullgerð, og bjuggu þau í einu herbergi fyrst í stað, meðan unnið var að því að fullgera íbúðina. Árið 1953 festi varnaraðili kaup á Háagerði 12, Reykjavík, sem þá var í smíðum. Varnaraðili fjármagnaði kaupin, þar sem hann vann einn fyrir tekjum þessi ár, auk þess sem hann vann sjálfur að áframhaldandi smíði hússins auk bílskúrs, sem hann lauk endanlega við 1961. Sóknaraðili tók einnig þátt í að koma húsinu í stand, m.a. málaði hún, auk þess sem hún ræktaði trjágarð með matjurtum til heimilisþarfa.

Árið 1966 selur varnaraðili fasteignina í Efstasundi 65, og er henni afsalað 16. nóvember 1966. Við sölu íbúðarinnar að Efstasundi 65 hófust kaup varnaraðila á spariskírteinum ríkissjóðs á árunum 1966 til 1968, en þó einungis fyrir lítinn hluta af andvirði íbúðarinnar að Efstasundi 65, en hún var seld á kr. 714.500, en varnaraðili varði kr. 253.000 í spariskírteini. Samkvæmt upplýsingum varnaraðila, sem sóknaraðili hefur ekki mótmælt, erfir varnaraðili Grænumýri, Seltjarnarnesi, eftir foreldra sína ásamt bræðrum sínum 1971, og 1973 selur hann hluta af eignarhlut sínum í þeim arfi fyrir kr. 800.000, og mun því andvirði að mestu hafa verið varið til

kaupa á spariskírteinum ríkissjóðs. Árið 1972 erfði sóknaraðili landspildu úr landi Vaðness í Grímsnesi. Þar byggðu málsaðilar sumarhús 1980, sem fjármagnað var með tekjum varnaraðila m.a.

Málsaðilar eiga þrjár dætur, og annaðist sóknaraðili heimili og börn þeirra alla tíð, en varnaraðili vann fyrir tekjum til framfærslu fjölskyldunnar. Sóknaraðili vann við heimilið allan sambúðartímann og hafði óverulegar tekjur af saumaskap og seinni árin af blaðaútburði. Í nóvember 1986 slitu málsaðilar samvistum, og hefur sóknaraðili búið í fasteigninni Háageröi 12 síðan þá endurgjaldslaust.

Með bréfi til skiptaráðandans í Reykjavík, sem móttekið var hjá embættinu þann 6. apríl 1987, fór sóknaraðili þess á leit, að bú málsaðila yrði tekið til opinberra skipta, og var málið tekið fyrir fyrst þann 9. apríl 1987. Að lokinni uppskrift búsins kom fram ágreiningur málsaðila um, hvernig skipta skyldi eignum búsins, og var því ákveðinn rekstur þessa skiptaréttarmáls, sem var þingfest þann 6. október 1988.

III.

Sóknaraðili kveður kröfugerð sína byggða að hluta á skattframtali málsaðila árið 1987 vegna ársins 1986, en þau hafi slitið óvígðri sambúð í nóvember 1986; enn fremur byggist hún á upplýsingum Sparisjóðs vélstjóra og uppskrift á innihaldi bankahólfs varnaraðila o.fl. Sé fjárhæð aðalkröfu reiknuð þannig út:

1. Markaðsverð fasteignarinnar Háageröi 12, Reykjavík, skv. skriflegu mati fasteignasölunnar Þingholts, dags. 18. apríl 1988	kr.	8.700.000
2. Matsverð á bifreiðinni R-71319 skv. afsali Samvinnutrygginga 8. apríl 1987	"	120.000
3. Verðmæti bankainnstæðna og verðbréfa byggt á útreikningi Kaupþings hf. 5. apríl '88	"	8.481.594
4. Matsverð sumarbústaðar skv. brunabótamati Samvinnutrygginga 13. sept. 1987	"	502.500
5. Inneign á gjaldeyrisreikningi U$ 882,78	"	34.604
6. 5 skáksett (Fischer-Spassky) x 8000	"	40.000
Samtals	kr.	17.878.698

Telur sóknaraðili sig eiga helmingshlutdeild í þessum verðmætum, þ.e. kr. 8.939.349.

Sóknaraðili kveður engar skráðar réttarreglur gilda um fjárskipti aðila í óvígðri sambúð. Hins vegar hafi í tímans rás mótast ýmsar reglur, sem dómstólar hafi lagt til grundvallar um slík skipti, og byggi sóknaraðili kröfur sínar á þeim.

1. Lengd sambúðar.

Sóknaraðili telur, að hér sé um mjög óvenjulegt mál að ræða, þar sem sambúð málsaðila hafi staðið í liðlega 36 ár. Hafi málsaðilar „eytt ævinni saman", eins og kallað sé. Þau hafi opinberað trúlofun sína í júlí 1950 tiltölulega ung að árum, sóknaraðili 27 ára og varnaraðili 34 ára, og búið samfleytt saman þar til í nóvember 1986. Þau eigi saman þrjú börn, sem þau hafi alið upp og framfært saman, hann með sínum tekjum og hún með sínum störfum á heimilinu, eins og gerist og gangi hjá hjónum. Sé því nánast rétt að leggja til grundvallar þær reglur, sem gildi við skilnað hjóna.

2. Sameiginlegur fjárhagur og framlag konu til sameiginlegrar eignamyndunar.

Sóknaraðili heldur því fram, að í þessu máli sé um að ræða algerlega sameiginlegan fjárhag málsaðila. Þótt sóknaraðili hafi á fyrsta sambúðarárinu haft tekjur af saumaskap og á síðustu árum fyrir blaðaútburð, hafi verið um svo óverulegar tekjur að ræða, að ljóst hafi verið, að hún og börnin voru að öllu leyti háð manninum peningalega, og sé útilokað að tala um, að sóknaraðili hafi haft að nokkru leyti sérstakan og aðskilinn fjárhag. Væri ef til vill rétt að orða það svo, að hún hafi engan fjárhag haft, þar sem ljóst sé, að hún hafi ævinlega haft mjög litla peninga handa á milli, bæði til heimilisins og til sinna sérþarfa. Fjármunaleg samstaða málsaðila komi einnig fram í því, að þau hafi talið saman fram til skatts.

Sóknaraðili hafi í þessa nærfellt fjóra áratugi framfært heimili sitt á þann hátt, sem lög nr. 20/1923 gera ráð fyrir, en þar segi: „Skylt er hjónum hvoru eftir getu sinni og svo sem sæmir hag þeirra að hjálpast að því að framfæra fjölskylduna með fjárframlögum, vinnu á heimilinu og á annan hátt." Hún hafi alla tíð sýnt mikinn sparnað og aðhald í heimilishaldi, saumað föt á sig og dæturnar og unnið allan þann mat heima, sem hægt var. Hún hafi enn fremur ræktað grænmeti og lagt á allan hátt fram sinn skerf til framfærslu fjölskyldunnar. Umsjá, rekstur og ábyrgð á heimili og börnum hafi verið að miklu leyti á hennar herðum, eins og tíðkist með sjómannskonur, sem eiga menn, er dvelja langtímum saman fjarri heimilum sínum.

Það sé skýrt, að sú helmingaskiptaregla, sem lögfest sé í íslenskri löggjöf varðandi fjárskipti hjóna, sé á því meginsjónarmiði reist, að konan með vinnu sinni inni á heimilinu stuðli að eignamyndun sameiginlegs bús hjónanna á sambærilegan hátt og maðurinn með vinnu sinni utan heimilisins. Tryggi helmingaskiptareglan heimavinnandi maka endurgreiðslu fyrir vinnu sína. Hljóti sömu rök að eiga við hér, þótt sambúðin hafi verið óvígð.

3. Brostnar forsendur.

Sóknaraðili fullyrðir, að það hafi verið veruleg forsenda fyrir sambúð þeirra varnaraðila, að hann hafi lofað því, að þau gengju í hjónaband, og sé loforð þetta viðurkennt af varnaraðila á dskj. nr. 35. Sóknaraðili fullyrðir, að loforð þetta hafi ítrekað (sic) verið svikið af varnaraðila, og hafi staða sín í óvígðri sambúð valdið sér miklu hugarangri, einkum eftir að dætur þeirra fæddust. Hún hafi þó þeirra vegna reynt að sætta sig við aðstæður, enda ekki talið sig eiga annarra kosta völ nema splundra heimilinu, en það hafi hún ekki getað hugsað sér.

Sóknaraðili bendir og á aðstöðumun sinn í byrjun og núna. Þá hafi hún verið ung að árum í góðri vinnu á saumastofu; hafi hún unnið mikið og haft ágætar tekjur, eftir því sem þá tíðkaðist. Hún hefði talið sig vera í öruggu hjónabandi með varnaraðila, sem hún hafi verið ástfangin af og hafi treyst. Hefði hún talið fullvíst, að þau myndu byggja framtíð sína saman. Bendir hún á, að í síðasta tilboði varnaraðila, sbr. dskj. nr. 33, hafi hann ætlað að greiða hennar hlut úr búinu, liðlega kr. 3.000.000, út úr þeirra búi, en sú upphæð dugi tæpast fyrir tveggja herbergja íbúð í kjallara á markaðsvirði, sem gildi í dag.

4. Samruni fjármuna.

Sóknaraðili leggur sérstaka áherslu á þá málsástæðu, að í þessu tilviki hafi orðið slíkur samruni fjármuna, að fjárupphæð þeirri sem varnaraðili hafi átt fyrir sambúð, og annarri upphæð, sem hann hafi hugsanlega fengið síðar sem greiðslu upp í arf, hafi ekki verið haldið aðgreindum, heldur hafi þær runnið saman við aðrar eignir búsins og beri að fella undir skipti. Er í því sambandi vísað til þeirrar almennu reglu, að séreign aðila skv. kaupmála, sem renni saman við félagsbú hans, komi til skipta. Hafi Hæstiréttur Íslands m.a. kveðið upp dóma, er staðfesti það.

Sóknaraðili bendir á, að í greinargerð með lögum nr. 13/1986 komi skýrt fram, hver sé vilji löggjafans í þessu efni, en þar segi:

„Eðlilegt verður þó að telja að skiptaréttur hafi við skipti á búi sambúðarfólks hliðsjón af fjárhag aðila, hve lengi sambúð hefur staðið og öðru sem varðar hag aðila, m.a. framlagi hvors um sig til sameiginlegs heimilis á sambúðartíma með vinnu, fé til framfærslu eða á annan hátt."

Sóknaraðili vísar til þeirrar venju, sem hann telur, að hafi skapast í skiptarétti hérlendis, að við skipti á dánarbúum sambúðarfólks, þar sem löng sambúð er að baki, sé helmingaskiptareglan lögð til grundvallar.

Varðandi varakröfu sína byggir sóknaraðili hana á því, að hér sé um að ræða greiðslu fyrir vinnuframlag hennar í þágu bús málsaðila í 36 ár. Miðist krafan þannig við það, að meðallaun hennar á ári séu kr. 247.212 eða kr. 20.601 á mánuði á núvirði. Vísar sóknaraðili í því sambandi til

útreikninga Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings á dskj. nr. 23. Að öðru leyti vísar sóknaraðili í málsástæður þær, sem fram koma í greinargerð hennar varðandi aðalkröfu, og leggur aðaláherslu á lengd sambúðar, nærfellt fjóra áratugi. Enn fremur bendir sóknaraðili á skattframtöl varnaraðila, þar sem hann á löngu tímabili telji fram til skattfrádráttar „ráðskonufrádrátt" og „frádrátt vegna" sambýliskonu. Sé áratugahefð fyrir því að bæta fyrir það misrétti, sem viðgengist hafi varðandi heimavinnandi húsmæður með þessu móti.

IV.

Varnaraðili byggir kröfur sínar á þeim reglum, sem hann telur hafa mótast um skipti vegna slita á óvígðri sambúð. Hann telur sig eiga rétt á að fá við skiptin það, sem hann sannanlega átti við upphaf sambúðar þeirra, þ.e. andvirði íbúðarinnar að Efstasundi 65, Reykjavík, svo og andvirði þess, er hann síðar hlaut í arf eftir foreldra sína. Þá hafi varnaraðili unnið einn fyrir framfærslueyri þeirra sóknaraðila og barna þeirra, sem og hafi hann fjármagnað alla eignamyndun, sem varð í búinu þessi 36 ár, sem sambúð þeirra stóð, sbr. dskj. 38. Það sé einnig athyglisvert á dskj. 38, að allan þennan tíma telji þau fram hvort í sínu lagi jafnframt því að óska samsköttunar.

Varnaraðili kveður eignir búsins samanstanda allar af (sic) fjármunum varnaraðila utan arf, sem sóknaraðili fékk og sé haldið utan skipta líkt og því, sem varnaraðili átti eftir óselt af arfi foreldra sinna. Hins vegar telur varnaraðili rétt að meta veru sóknaraðila og vinnu á heimili þeirra, og er kröfugerð hans við það miðuð, en hann telur rétt, að í hlut sóknaraðila komi ⅓ af andvirði fasteignarinnar Háagerðis 12, ½ af andvirði bifreiðar og ½ af andvirði sumarbústaðar, að matsverði kr. 3.044.584.

Varnaraðili telur sig ekki vera bundinn af fyrri tilboðum sínum á dskj. 22 og 33, þar sem þau hafi verið sett fram á þeim forsendum, að ná mætti sáttum.

Kröfur sínar rökstyður varnaraðili svo:

1. Varnaraðili gerir kröfu til, að sér verði úrskurðaðir ⅔ hlutar af verðmæti fasteignarinnar að Háagerði 12, Reykjavík, þar sem meta svo megi eign hans í Efstasundi 65, er hann átti fyrir upphaf sambúðar þeirra, að hún nemi ⅓ af andvirði hennar. ⅔ hlutum andvirðisins skuli síðan skipt til helminga, þannig að ⅔ hlutar komi í hans hlut, en ⅓ í hlut sóknaraðila.

2. Þá samþykkir varnaraðili helmingaskipti á andvirði bifreiðar, er Samvinnutryggingar greiddi út eftir tjón, sbr. réttarskjal nr. 5. Mótmælt er, að um hærra verð geti verið að ræða, enda hér um tjónsuppgjör að ræða, eftir að ekið hafði verið á bifreiðina kyrrstæða við gangstéttarbrún, og sé annað verð ósannað.

3. Varnaraðili samþykkir einnig, að sumarhúsi í Vaðneslandi verði skipt til helminga, enda þótt hér sé um að ræða sumarhús, sem hann hafi fjármagnað algerlega sjálfur með launatekjum og öðru sparifé.

4. Varnaraðili gerir kröfu til allrar verðbréfa- og sparifjárinneignar. Sé hér um að ræða innstæðu, sem fyrst hafi myndast fyrir sparifé og að mjög óverulegum hluta vegna sölu fasteignarinnar að Efstasundi 65, en að langmestu leyti vegna sölu á hluta arfs varnaraðila. Varnaraðili hafi selt hús og lóð úr Grænumýrarlandi 1973 og varið andvirði þeirra til verðbréfakaupa. Hinum óselda hluta Grænumýrarlands sé síðan haldið utan skipta, sbr. grg. sóknaraðila á réttarskjali 37, eins og Vaðneslandi sé haldið utan skipta í eign sóknaraðila. Þessir fjármunir hafi ávaxtast í meðförum varnaraðila, án þess að afskipti sóknaraðila hafi komið þar nokkuð nærri eða það hafi komið nokkuð niður á framfærslu varnaraðila gagnvart sambýliskonu hans og börnum. Auk þess sé hér um fjármuni að ræða, sem varnaraðili hafi ætíð haldið aðgreindum á þennan hátt. Sé hér því algerlega um sérgreinda eign varnaraðila að ræða, sem sóknaraðili geti ekki á neinn hátt gert tilkall til.

5. Varðandi þá kröfu varnaraðila, að í hans hlut komi inneign á gjaldeyrisreikningi svo og skáksett, þá rökstyður varnaraðili þá kröfu á sama hátt sem fram kemur í lið 4 hér að ofan. Enn fremur sé rétt að benda á, að við upphaf skipta hafi sóknaraðili átt innstæðu á sparisjóðsbók, sem ekki sé gerð grein fyrir á dskj. 37. Þar sem hér sé um svipaðar fjáreignir að ræða, telur varnaraðili rétt, að þessi liður vegi upp á móti þeirri innstæðu sóknaraðila.

Varnaraðili telur, að það, sem hann vilji, að komi í hlut sóknaraðila, sé ríflег greiðsla fyrir framlag hennar til sameiginlegs heimilisreksturs, þar sem á móti komi, að hann sjálfur hafi fjármagnað allan rekstur heimilisins og eignamyndun á sambúðartímanum. Á móti komi einnig, að sóknaraðili hafi aldrei þurft að leggja fram neitt fjármagn af sinni hendi, heldur hafi varnaraðili sjálfur séð um að láta henni það í té ríflega. Sé þetta augljóst, ef skattframtöl á réttarskjali nr. 38 séu skoðuð grannt.

Varðandi skoðun sóknaraðila um, að óvenjulega löng sambúð hafi það í för með sér, að leggja beri til grundvallar reglur, sem gilda við skilnað hjóna, þá mótmælir varnaraðili því alfarið (sic), enda sé ekkert í íslenskri löggjöf eða dómaframkvæmd, sem styðji það.

Enn fremur mótmælir varnaraðili því, að fjárhagur aðila hafi verið svo samtvinnaður, að leggja beri helmingaskipti til grundvallar. Að íslenskum rétti hafa fjárframlög til eignamyndunar verið lögð til grundvallar, og eins og fram komi á dskj. 38, að öll fjárframlög til eignamyndunar búsins stafi frá varnaraðila, sem og öll framfærsla þeirra sóknaraðila og barna þeirra.

Varnaraðili mótmælir þeirri fullyrðingu sóknaraðila, að væntanleg gift-

ing hafi verið forsenda sambúðarinnar, þar sem sú forsenda hafi ekki haft meiri þýðingu fyrir sambúðina en þá, að hún hafi staðið í 36 ár, þar til varnaraðili batt enda á sambúðina, ekki sóknaraðili, auk þess sem sambúð þeirra hafi gengið brösótt í byrjun, svo að upp úr slitnaði árið 1952, en hófst aftur nokkrum mánuðum síðar.

Sóknaraðili byggi enn fremur kröfu sína á því, að um samruna fjármuna hafi verið að ræða. Því sé mótmælt einnig. Fjármunir búsins stafi alfarið (sic) frá varnaraðila, þannig að það geti alls ekki verið um samruna fjármuna að ræða í þessu tilviki. Þá mótmælir varnaraðili því, að helmingaskiptareglan hafi verið lögð til grundvallar við skipti á dánarbúum sambúðarfólks, hafi verið um ágreining að ræða.

Varðandi varakröfu sóknaraðila telur varnaraðili hana ekki hafa neina þýðingu, þar sem ekki sé krafist sýknu af hálfu varnaraðila á aðalkröfu sóknaraðila.

V.

Málsaðilar eru sammála varðandi skiptingu á matsverði bifreiðarinnar R-71319, en Samvinnutryggingar greiddu varnaraðila máls þessa kr. 120.000 fyrir bifreiðina þann 8. apríl 1987, vegna þess að hún hafði orðið fyrir tjóni. Eru aðilarnir sammála, að því andvirði verði skipt til helminga.

Enn fremur eru málsaðilar sammála um skiptingu sumarhúss í landi Vaðness, Grímsnesi, og skiptist andvirði þess til helminga milli málsaðila.

Innbúi hefur verið skipt, og er ekki ágreiningur um það, að sóknaraðili heldur utan skipta hlutdeild í lóðarspildu úr landi Vaðness, sem hún fékk að erfðum, og varnaraðili heldur utan skipta eignarhluta sínum í jörðinni Grænumýri, Seltjarnarnesi.

Það, sem ágreiningur er um í þessu máli, er, hvernig skipta skuli öðrum eignum búsins milli málsaðila, þ.e. fasteigninni Háagerði 12, Reykjavík, bankainnstæðum og verðbréfum, sem til staðar voru við slit sambúðar, inneign á gjaldeyrisreikningi og skáksettum.

Við rekstur máls þessa kom fram, að sóknaraðili á sjálfur sparisjóðsbækur við Útvegsbanka Íslands, nr. 57971, 15150 og 1369, Landsbanka Íslands, nr. 7819, og Iðnaðarbanka Íslands, nr. 350001. Ekki hefur það verið hrakið, að innstæður þessar eru, eftir því sem næst verður komist, jafnháar samtals og inneign varnaraðila á gjaldeyrisreikningi við Sparisjóð vélstjóra og verðmæti skáksetta. Þykir því rétt, að hún haldi þeim reikningum sjálf og varnaraðili haldi óskiptum gjaldeyrisreikningi sínum við Sparisjóð vélstjóra, nr. 100811, og skáksettum.

Engar lagareglur eru til um skipti vegna slita óvígðrar sambúðar. Með lögum nr. 13/1986 var 90. gr. laga nr. 3/1878 breytt á þá leið, að nú er heimilt að vísa til skiptaréttar búi sambýlisfólks og fá því skipt við slit

óvígðrar sambúðar. Ekki hefur verið talið heimilt að lögjafna frá ákvæðum hjúskapar- og erfðalöggjafar um búskipti og önnur atriði, sem á getur reynt vegna málefna fólks í óvígðri sambúð.

Lagarök að baki svokallaðri helmingaskiptareglu, 18. gr., 2. mgr., 1.20/1923, við skipti á búi hjóna hafa verið talin þau, að með vinnu sinni á heimili fullnægi sá aðili, sem er heimavinnandi, framfærsluskyldu sinni gagnvart þeim aðila, sem vinnur úti, en á hjónum hvílir gagnkvæm framfærsluskylda, og hefur helmingaskiptareglan verið talin eins konar endurgjald til hins heimavinnandi.

Það hefur verið talin meginregla íslensks réttar um fjárhagslegt uppgjör við slit óvígðrar sambúðar, að hvor aðili um sig telst eiga þær eignir, er hann átti við upphaf sambúðarinnar og enn voru fyrir hendi, er henni lauk. Einnig hefur verið talið, að hvor aðili slíkrar sambúðar eigi þau verðmæti, sem hann kann að hafa eignast á sambúðartímanum. Þar sem ekki er formlegt fjárfélag með fólki, sem býr í óvígðri sambúð, hafa dómstólar í mörgum tilvikum talið óhjákvæmilegt við úrlausn um ágreining um slík fjárskipti að líta fram hjá beinni nafnskráningu eigna, sem myndast hafa á sambúðartíma, til þess að komast að sanngjarnri niðurstöðu um skiptingu slíkra eigna. Eru þau lagasjónarmið einnig áréttuð í greinargerð með lagafrumvarpi því, sem varð að lögum nr. 13/1986, þar sem m.a. segir, að eðlilegt verði að telja, að skiptaréttur hafi við skipti á búi sambúðarfólks hliðsjón af fjárhag aðila, hve lengi sambúð hefur staðið, og öðru, sem varðar hag aðila, m.a. framlagi hvors um sig til sameiginlegs heimilis á sambúðartíma með vinnu, fé til framfærslu eða á annan hátt.

Ekki er um það deilt í máli þessu, að sambúð aðilanna stóð í meira en 36 ár nánast samfellt. Þegar skoðuð eru skattframtöl aðilanna, kemur í ljós, að eignir hafa aukist verulega á sambúðartímanum og að allar þær eignir, sem um er deilt í þessu máli, eignuðust málsaðilar, meðan á sambúð þeirra stóð. Ekki er heldur deilt um það, að allan sambúðartímann vann varnaraðili fyrir tekjum heimilisins og sóknaraðili gætti bús og þriggja barna þeirra. Einhverjar tekjur hafði hún á sambúðartímanum, en þær voru óverulegar miðað við tekjur varnaraðila. Til að unnt sé að sýna fram á, að sá aðili, sem ekki er skráður eigandi, hafi tekið þátt í eignamyndun inni, þarf að vera um að ræða sameiginlegt framlag beggja sambúðaraðila, ýmist beint, t.d., þegar bæði hafa haft atvinnutekjur, eða óbeint, þegar annar aðilinn vinnur á heimili og stuðlar þannig að því að bæta aðstöðu hins aðilans til tekjuöflunar.

Þegar skoðuð eru skattframtöl málsaðilanna, kemur í ljós, að fyrstu tæp tuttugu árin, sem þau bjuggu saman, var einungis skilað inn skattframtali af hálfu varnaraðila og tekið fram, að hann byggi í sambúð með sóknaraðila, og frá 1976 til þess tíma, er sambúð var slitið, fóru þau fram á að

verða skattlögð sem hjón. Þessi háttur sýnir, að aðilar hafa litið svo á, að með þeim væri fjárhagsleg samstaða, þ.e. þau ráku saman heimili, hún sá um heimilið og hann aflaði tekna.

Þegar öll gögn málsins eru virt og hliðsjón höfð af hag málsaðila annars vegar við upphaf og hins vegar við lok sambúðar þeirra, tímalengd sambúðar þeirra og öðrum atriðum, sem máli þykja skipta við úrlausn máls þessa, þykir sóknaraðili eiga rétt við skipti á búi hennar og varnaraðila til að fá í sinn hlut helming þeirra verðmæta, sem ágreiningur stendur um í máli þessu.

Fasteignin Háagerði 12, Reykjavík, hefur ekki verið seld, en málsaðilar hafa lagt fram í málinu gögn, sem þeir hafa aflað um líklegt söluverð þeirrar eignar á frjálsum markaði. Eign þessi hefur hins vegar ekki verið metin formlega við skiptameðferð búsins, og hvorugur aðila hefur vegna ágreinings í máli þessu haft tilefni til að gera kröfur um útlagningu á eigninni á matsverði. Þrátt fyrir það, hvernig kröfur eru fram settar af hálfu málsaðila, verður það niðurstaða máls þessa um fasteignina, að því er slegið föstu, að málsaðilar skulu teljast eiga eign þessa að hálfu hvort, en ekki tekin afstaða til þess, hvort annað hvort þeirra eigi rétt til að leysa eignarhluta hins til sín.

Með sömu rökum er það niðurstaða máls þessa varðandi sumarhús búsins í landi Vaðness í Grímsnesi, að hvor aðila telst eiga helming þess, án þess að afstaða sé í máli þessu tekin til þess, hvort annað hvort þeirra eigi rétt til að leysa eignarhluta hins til sín.

Óumdeilt er í málinu, að andvirði bifreiðarinnar R-71319, kr. 120.000, var greitt varnaraðila hinn 8. apríl 1987, og samkvæmt framangreindu ber honum að standa sóknaraðila skil á helmingi þess, þ.e. kr. 60.000, með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. apríl 1988 til greiðsludags, svo sem sóknaraðili hefur krafist.

Bankainnstæður og verðbréf, sem um er deilt í máli þessu, voru samtals talin vera að verðmæti kr. 8.481.594 hinn 5. apríl 1988 og hafa verið í umráðum varnaraðila frá slitum sambúðar málsaðila. Var upplýst við meðferð máls þessa, að þessi verðmæti hafa breyst eftir þetta tímamark við kaup og sölu varnaraðila á verðbréfum. Eins og reifun málsins og kröfugerð er háttað, þykir rétt, að varnaraðili greiði sóknaraðila út sem svarar til helmings verðmætis þessa eignaliðar á nefndum degi, þ.e. kr. 4.240.797, með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. apríl 1988.

Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða máls þessa, að málsaðilar eiga hvort um sig helming fasteignarinnar nr. 12 við Háagerði í Reykjavík og sumarhúss búsins í landi Vaðness, Grímsnesi, hvort tveggja í óskiptri sameign, og að varnaraðila verður gert að greiða sóknaraðila kr. 4.300.797 með dráttarvöxtum, svo sem segir í úrskurðarorði.

Gréta Baldursdóttir, settur borgarfógeti, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Sóknaraðili, Áslaug Gísladóttir, og varnaraðili, Ingólfur Ólafsson, eiga í óskiptri sameign fasteignina Háagerði 12, Reykjavík, og sumarhús í landi Vaðness, Grímsnesi. Varnaraðili, Ingólfur Ólafsson, greiði sóknaraðila, Áslaugu Gísladóttur, kr. 4.300.797 með 45,6% ársvöxtum frá 15. apríl 1988 til 1. maí 1988, en 44,4% ársvöxtum frá þeim tíma til 1. júlí 1988, en 52,8% ársvöxtum frá þeim tíma til 1. ágúst 1988, en 56,4% ársvöxtum frá þeim tíma til 1. september 1988, en 49,2% ársvöxtum frá þeim tíma til 1. október 1988, en 33,6% ársvöxtum frá þeim tíma til 1. nóvember 1988, en 27,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1988, en 24% ársvöxtum frá þeim degi til 22. desember 1988 og frá þeim degi til greiðsludags hæstu lögleyfðu dráttarvexti samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 29. nóvember 1990.

Nr. 390/1988. **Jens Óskarsson,**
Ingólfur Hannesson og
Skarphéðinn Óskarsson
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Ásmundi Karlssyni
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.).

Skuldabréf. Sjálfskuldarábyrgð. Réttarfar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. desember 1988. Áfrýjandinn Jens Óskarsson krefst þess aðallega, að héraðsdómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara krefst hann sýknu að svo stöddu af öllum kröfum stefnda. Áfrýjendurnir Ingólfur Hannesson og Skarphéðinn Óskarsson krefjast sýknu af öllum kröfum stefnda. Fari svo, að kröfur áfrýjenda um frávísun eða sýknu verði ekki teknar til greina, krefjast þeir þess, að vextir verði dæmdir í samræmi við vaxtaákvörðun Seðlabanka Íslands hverju sinni af sambærilegum skuldakröfum. Loks krefjast áfrýjendur hver fyrir sig málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó með þeirri breytingu, að dæmd fjárhæð beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 eftir dómsuppsögudag í héraði 20. september 1988. Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda in solidum.

I.

Aðalkrafa áfrýjandans Jens er reist á því fyrir Hæstarétti, að málið sé svo vanreifað af hálfu stefnda, að vísa beri því frá héraðsdómi. Í stefnu sé engin grein gerð fyrir sjálfskuldarábyrgðarmönnunum eða þeim lögskiptum, sem lágu að baki skuldabréfinu, sem málið fjallar um.

Mál þetta er höfðað sem skuldabréfamál samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði og nægilega reifað samkvæmt því. Verður því ekki fallist á frávísunarkröfu áfrýjandans Jens.

Varakrafa áfrýjandans Jens um sýknu að svo stöddu er byggð á því, að skuldabréfið hafi verið gefið út til efnda á kaupum á mb. Brá, SH 58. Stefndi hafi ekki boðið fram afsal fyrir bátnum jafnhliða innheimtu skuldarinnar.

Þar sem mál þetta er rekið sem skuldabréfamál, komast þessar varnir ekki að, og verður ekki fallist á þessa kröfu áfrýjandans Jens.

II.

Í hinum áfrýjaða dómi er því lýst, hvernig háttað er ritun nafna áfrýjendanna Ingólfs Hannessonar og Skarphéðins Óskarssonar á skuldabréf það, sem fjallað er um í málinu. Í greinargerð þeirra í héraði var því mótmælt, að þeir hefðu tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuldbindingu áfrýjandans Jens. Samkvæmt því varð ekki talið, að þeir Ingólfur og Skarphéðinn hefðu viðurkennt sjálfskuldarábyrgð sína við það, að þingsókn féll niður af þeirra hálfu í héraði, sbr. 2. mgr. 118. gr. laga nr. 85,1936.

Í sóknargögnum í héraði er því ekki lýst, hver atvik voru að gerð skuldabréfsins og ritun nafna þeirra Ingólfs og Skarphéðins á skjalið.

Samkvæmt þessu þykir verða að telja ósannað, eins og málið lá fyrir héraðsdómara, að áfrýjendurnir Ingólfur og Skarphéðinn hafi tekið á sig sjálfskuldarábyrgð á skuldbindingu áfrýjandans Jens. Verða þeir því sýknaðir af kröfum stefnda.

III.

Niðurstaða héraðsdóms er því staðfest, að því er varðar áfrýjandann Jens Óskarsson, að öðru leyti en því, að vextir dæmast eins og í dómsorði segir.

Rétt þykir, að áfrýjandinn Jens Óskarsson greiði stefnda málskostnað eins og í dómsorði segir. Annar málskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Áfrýjendurnir Ingólfur Hannesson og Skarphéðinn Óskarsson skulu vera sýknir af kröfum stefnda, Ásmundar Karlssonar.

Málskostnaður þeirra í milli í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Áfrýjandinn Jens Óskarsson greiði stefnda, Ásmundi Karlssyni, 389.074 krónur með 42% ársvöxtum frá 1. september 1987 til 1. október s.á., en með 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til 20. september 1988, en dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 160.000 krónur.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Guðrúnar Erlendsdóttur og Hjartar Torfasonar.

Við erum samþykk afgreiðslu meiri hluta dómsins á kröfum áfrýjandans Jens. Þá erum við einnig samþykk því, að ekki verði talið, að áfrýjendurnir Ingólfur og Skarphéðinn hafi viðurkennt sjálfskuldarábyrgð sína við það, að þingsókn féll niður af þeirra hálfu í héraði.

Sýknukrafa áfrýjendanna Ingólfs og Skarphéðins er reist á aðildarskorti. Þeir kveðast aldrei hafa tekið á sig sjálfskuldarábyrgð á skuld áfrýjandans Jens samkvæmt skuldabréfinu, sem um er deilt, og sé þeim því ranglega stefnt í málinu sem skuldurum.

Skuldabréf það, sem hér um ræðir, er á stöðluðu skuldabréfaformi frá Samvinnubanka Íslands hf. Í héraðsdómi er því lýst, að þeir Ingólfur og Skarphéðinn hafi skrifað nöfn sín á skuldabréfið undir eftirgreindan texta, sem er í meginmáli bréfsins: „Eftirtaldir aðilar takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuld þessari, svo og vöxtum, verðbótum, dráttarvöxtum og öllum öðrum kostnaði sem af vanskilum kann að leiða.“ Þeir hafi aftur á móti ekki undirritað eftirgreindan texta, sem er neðanmáls á skuldabréfinu: „Samþykkir ofanskráðu sem sjálfskuldarábyrgðaraðilar.“

Því er ómótmælt, að áfrýjendurnir Ingólfur og Skarphéðinn hafi eigin hendi skrifað nöfn sín á skuldabréfið. Þótt þeir hafi skrifað nöfnin á annan stað á bréfinu en til var ætlast, þykir ekki varhugavert að líta svo á, að þeir hafi gert þetta í því skyni að taka á sig ábyrgð samkvæmt skuldabréfinu.

Samkvæmt framansögðu teljum við, að staðfesta beri niðurstöðu hins áfrýjaða dóms og dæma alla áfrýjendur til að greiða stefnda skuldina in solidum. Með þessari breytingu erum við samþykk dómsorði meiri hluta dómenda.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. september 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. þ.m., er höfðað fyrir bæjarþinginu af Ásmundi Karlssyni, Írabakka 20, Reykjavík, nnr. 0739-7275, á hendur Jens Óskarssyni, Lágholti 11, Stykkishólmi, nnr. 4919-6962, Ingólfi Hannessyni, Skólastíg 8, Stykkishólmi, 4725-1982, og Skarphéðni Óskarssyni, Höfðagötu 9, Stykkishólmi, nnr. 8160-3588, til greiðslu skuldar in solidum, að fjárhæð kr. 465.449, með 42% ársvöxtum frá 1.9. 1987 til 1.10. 1987 og með 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ auk 10% söluskatts af þóknun lögmanns samkvæmt lögum nr. 68/1987.

Af hálfu stefndu var lögð fram greinargerð og þar krafist af hálfu stefnda Jens Óskarssonar aðallega, að málinu yrði vísað frá dómi og stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað, en næði frávísunarkrafan ekki fram, var krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda að svo stöddu og málskostnaðar úr hans hendi, en til vara verulegrar lækkunar á stefnukröfum auk málskostnaðar.

Stefndu Ingólfur Hannesson og Skarphéðinn Óskarsson kröfðust sýknu og greiðslu málskostnaðar úr hendi stefnanda. Þeir lýstu sig samþykka því, að mál þetta væri rekið á bæjarþingi Reykjavíkur.

Hinn 7. september sl. féll niður þingsókn af hálfu stefndu.

Stefnandi kveður skuld þessa vera samkvæmt skuldabréfi til handhafa, útgefnu 1. september 1986 af stefnda Jens, með sjálfskuldarábyrgð tveggja manna, þeirra stefndu Ingólfs Hannessonar og Skarphéðins Óskarssonar. Bréfið sé að höfuðstól kr. 365.000 með grunnvísitölu 1486 og 5% ársvöxtum, sem skuldareiganda sé heimilt að hækka eða lækka á útlánstímanum til samræmis við þá vexti, sem gilda um ný og sambærileg lán hjá Samvinnubanka Íslands hf. Skuldina hafi átt að endurgreiða með fimm afborgunum á sex mánaða fresti á næstu 36 mánuðum frá útgáfu bréfsins, í fyrsta sinn þ. 1.9. 1987. Bréfið hafi verið í innheimtu hjá Samvinnubanka Íslands hf., og sé skuldin með vöxtum og vísitölu kr. 465.449 pr. 1.9. 1987, eins og útreikningur bankans sýni miðað við vísitölu septembermánaðar 1778 stig og ársvexti 6,4861% að meðaltali. Afborgun pr. 1.9. 1987 sé kr. 73.000, verðbætur á afborgun kr. 14.344,50, vextir kr. 28.326,30, kostnaður kr. 400, eftirstöðvar láns kr. 349.378,20, allt samanlagt kr. 465.449. Því sé stefnt fyrir þeirri fjárhæð. Stefnandi sé handhafi bréfsins. Þar sem stefndi

hafi ekki greitt af bréfinu hinn 1.9. 1987, sé nú öll skuldin í gjalddaga fallin samkvæmt ákvæðum bréfsins, sbr. og bréf lögmanns stefnanda, dags. 9. október 1987. Vegna þessa hafi stefnanda verið nauðugur einn kostur að leita til dómstólanna með málið.

Stefnandi kveðst reisa kröfur sínar aðallega á skuldabréfi með sjálfskuldarábyrgð, útgefnu í Stykkishólmi 1. september 1986 af stefnda Jens Óskarssyni, með ábyrgð stefndu Ingólfs Hannessonar og Skarphéðins Óskarssonar og á ljósriti af útreikningi Samvinnubankans á greiðslufjárhæð.

Til stuðnings kröfu sinni vísar stefnandi til ákvæða XVII. kafla laga nr. 85/1936.

Í greinargerð stefndu er af þeirra hálfu mótmælt, að heimilt sé að reka mál þetta samkvæmt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 85/1936, þar sem dómskjal nr. 3, sem af hálfu stefnanda er lagt fram sem skuldabréf, uppfylli ekki ákvæði laga um að vera skoðað sem skuldabréf. Fyrir það fyrsta sé skuldabréfið ekki undirritað í viðurvist votta. Þá brjóti það í bága við ákvæði laga nr. 13/1979 um verðtryggingu að gefa út skuldaviðurkenningu til handhafa í viðskiptum, þar sem ætlun sé, að viðskiptaskuld sé verðtryggð. Með hliðsjón af þessu beri því að reka málið á varnarþingi útgefanda bréfsins og annarra skuldara, þ.e. í Stykkishólmi, en ekki á bæjarþingi Reykjavíkur, og beri því að vísa þessu máli frá dómi með vísan til 73. gr. laga nr. 85/1936 svo og vegna vanreifunar með vísan til IX. kafla sömu laga.

Þá taki stefndi Jens fram, að skuldabréf þetta sé ekki gefið út 1. september, eins og undir útgáfu þess standi, heldur í mars 1987. Bréfið hafi verið gefið út sem liður í kaupum stefnda Jens á eignarhluta stefnanda í mb. Brá, SH 58. Samningsskyldur aðila séu gagnkvæmar; þannig eigi stefnandi eftir að gefa út afsal fyrir eignarhluta sínum í ofangreindum báti. Þá hafi báturinn verið haldinn (sic) alvarlegum leyndum göllum, svo að stefndi eigi rétt á afslætti á kaupverði og/eða skaðabótum. Fram hjá þessum staðreyndum verði ekki litið við úrlausn deilumáls aðila, og beri því að vísa málinu frá vegna vanreifunar.

Stefndu Ingólfur og Skarphéðinn byggi báðir sýknukröfu sína á aðildarskorti. Þeir hafi hvorugur tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuldbindingum meðstefnda, Jens, með undirritun undir skuldabréfið. Skuldabréfaformið feli í sér áskilnað um sjálfstæða undirritun sjálfskuldarábyrgðaraðila, sbr. dskj. nr. 3.

Þar sem þingsókn féll niður í máli þessu af hálfu stefndu, er það skriflega flutt, sbr. 2. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936, og skal það dæmt eftir fram komnum kröfum, skilríkjum og sókn sækjanda og með tilliti til þess, sem fram kann að hafa komið af hálfu verjanda.

Stefnandi hefur lagt fram skjal það, sem hann byggir kröfur sínar á, og er það í samræmi við málavaxtalýsingu hans. Telst það vera skuldabréf, enda er slíkt skjal almennt ekki háð formskilyrðum, svo sem varðandi votta. Samkvæmt skjalinu hefur útgefandi, stefndi Jens Óskarsson, samið um, að reka mætti mál út af því fyrir bæjarþingi Reykjavíkur samkvæmt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 85/1936. Skuldabréfið er handhafabréf, og er skilyrði 1. tl. 1. mgr. 39. gr. laga nr. 13/1979 þannig ekki fullnægt, og var óheimilt að binda það lánskjaravísitölu. Aðrar fullyrðingar, sem fram hafa komið af hálfu stefnda Jens, þykja ósannaðar.

Telja verður, að stefndu Ingólfur Hannesson og Skarphéðinn Óskarsson hafi skrifað nöfn sín á skuldabréfið undir eftirgreindan texta: „Eftirtaldir aðilar takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuld þessari, svo og vöxtum, verðbótum, dráttarvöxtum og öllum öðrum kostnaði sem af vanskilum kann að leiða.“ Verður að telja, að þeir hafi þar með tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuldinni, og þykja þeir hafa viðurkennt þetta með því að fella niður þingsókn. Þykir í þessu sambandi ekki skipta máli, þótt þeir hafi ekki einnig undirritað eftirgreindan texta: „Samþykkir ofanskráðu sem sjálfskuldarábyrgðaraðilar.“

Af hálfu stefnda Jens var krafist frávísunar, en þingsókn féll niður af hálfu stefndu, er taka skyldi málið fyrir til flutnings frávísunarkröfu. Kemur hún því ekki frekar til álita, og engir formgallar þykja vera á málinu, er varði frávísun ex officio.

Með vísan til þess, sem að ofan er rakið, eru kröfur stefnanda teknar til greina að öðru leyti en því, að verðbætur verða ekki dæmdar. Skulu stefndu greiða stefnanda in solidum höfuðstól, kr. 365.000, vexti kr. 23.674 og kostnað kr. 400, samtals kr. 389.074, auk vanskilavaxta, svo sem krafist er, og málskostnað kr. 58.000, og hefur þá verið tekið tillit til söluskatts.

Dóminn kvað upp Hjördís Hákonardóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefndu, Jens Óskarsson, Ingólfur Hannesson og Skarphéðinn Óskarsson, greiði in solidum stefnanda, Ásmundi Karlssyni, kr. 389.074 með 42% ársvöxtum frá 1. september 1987 til 1. október s.á., en með 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 58.000 í málskostnað, allt að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 30. nóvember 1990.

Nr. 474/1989. **Sigurjón Viðar Alfreðs Guðlaugsson**
gegn
Búnaðarbanka Íslands,
Landsbanka Íslands,
Verslunarbanka Íslands,
Lífeyrissjóði verslunarmanna,
Tryggingastofnun ríkisins,
bæjarfógetanum í Garðakaupstað,
Áklæði og gluggatjöldum s/f,
Jóni Magnússyni,
bæjarstjóranum í Garðakaupstað,
Ástvaldi Jónssyni,
Ólafi Þór Jónssyni,
Guðjóni Gísla Hannessyni,
Vátryggingafélagi Íslands h/f,
Svavari Sigurjónssyni og
Trésmiðjunni Meiði.

Hafning máls. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. desember 1989. Þar nefnir hann sig Sigurjón Viðar Alfreðs Guðlaugsson, en í H.1989,1068 tilgreinir hann sig Sigurjón Viðar Alfreðsson. Í þjóðskrá er nafn hans skráð Sigurjón Viðar Alfreðs, kennitala 291134-4409.

Þegar málið var tekið fyrir 29. þessa mánaðar, var þess óskað af hálfu áfrýjanda, að það yrði fellt niður.

Af hálfu stefndu Búnaðarbanka Íslands og Guðjóns Gísla Hannessonar var sótt þing. Var niðurfelling málsins samþykkt, en málskostnaðar krafist fyrir Hæstarétti. Af hálfu annarra stefndu var ekki sótt þing.

Samkvæmt framansögðu ber að fella mál þetta niður.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða Búnaðarbanka Íslands og

Guðjóni Gísla Hannessyni 25.000 krónur hvorum í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Mál þetta er hafið.

Áfrýjandi, Sigurjón Viðar Alfreðs Guðlaugsson, kennitala 291134-4409, greiði stefndu Búnaðarbanka Íslands og Guðjóni Gísla Hannessyni 25.000 krónur hvorum í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Mánudaginn 3. desember 1990.

Nr. 393/1990. **Svanhildur Guðmundsdóttir**

gegn

Lífeyrissjóði Dagsbrúnar og Framsóknar,
Ásdísi Magnúsdóttur,
Geirlaugu Ólafsdóttur,
Skýrsluvélum ríkisins,
Tómasi Gísla Guðnasyni,
Guðmundi A. Guðmundssyni og
Marsa hf.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Mánudaginn 3. desember 1990.

Nr. 406/1990. **Sólveig M. Ásmundsdóttir**
gegn
Byggingasjóði ríkisins,
Íslandsbanka hf.,
Húsasmiðjunni hf. og
Lovísu B. Ásmundsdóttur.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sólveig M. Ásmundsdóttir, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Þriðjudaginn 4. desember 1990.

Nr. 227/1990. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Björgvin Þór Ríkharðssyni
(Örn Clausen hrl.).

Skjalafals. Reynslulausn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Máli þessu var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar með stefnu 25. maí 1990 og jafnframt af hálfu ákæruvalds til þyngingar á refsingu.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara, færslu brots til refsiákvæðis svo og ákvörðun hans um refsingu ákærða.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað er staðfest. Með vísan til 1. mgr. 147. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála kemur skaðabótakrafa sú, sem höfð var uppi í héraði, ekki til álita fyrir Hæstarétti.

Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði segir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Björgvin Þór Ríkharðsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. maí 1990.

Ár 1990, mánudaginn 7. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Hafnarstræti 1, Ísafirði, af Helga I. Jónssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 253/1990: Ákæruvaldið gegn Björgvin Þór Ríkharðssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 30. mars sl., á hendur ákærða, Björgvin Þór Ríkharðssyni, Þórsgötu 13, Reykjavík, fæddum 15. mars 1966, fæðingarnúmer 402, „fyrir skjalafals með því að selja þann 20. október 1989 í Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka, Reykjavík, falsaðan tékka, að fjárhæð kr. 17.804,90, útgefinn 12. október 1989 af Byggðaverki hf. til Gunnlaugs Þórs Briem á reikning nr. 769 í Iðnaðarbankanum í Hafnarfirði, en ákærði hafði falsað nafn þess manns sem framseljanda á tékkann og síðan framselt hann með eigin nafni.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar".

Ákærði hefur skýlaust játað fyrir dómi að hafa hinn 20. október sl. selt í Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka, Reykjavík, tékka að fjárhæð kr. 17.804,90, útgefinn 12. október sl. af Byggðaverki hf. til Gunnlaugs Þórs Briem á reikning nr. 769 í Iðnaðarbankanum í Hafnarfirði, en ákærði hafði þá falsað nafn fyrrnefnds Gunnlaugs Þórs Briem sem framseljanda á tékkann. Ákærði framseldi síðan tékkann í eigin nafni í bankanum. Hefur ákærði með atferli þessu orðið brotlegur við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði sætt refsingum sem hér segir:

1985 29/8 Sakadómur Rvík. Nr. 2388. Sátt: 5.000 kr. sekt f. brot g. 49. og 50. gr. umfl.

1987 6/5 Sakadómur Rvík. Nr. 402. Dómur: Fangelsi 4 mán., skb. 3 ár, f. brot g. 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. alm. hgl.

1987 25/9 Sakadómur Rvík. Nr. 518. Dómur: Fangelsi 6 mán., skb. 3 ár, f. brot g. 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. alm. hgl. Dómur frá 6.5. '87 dæmdur með.

1988 18/3 Sakadómur Rvík. Nr. 177. Dómur: Fangelsi 8 mán., skb. 3 ár, hegningarauki, f. brot g. 1. mgr. 155. gr. alm. hgl.

1988 6/10 Sakadómur Rvík. Nr. 518. Dómur: Fangelsi 9 mán. f. brot g. 248. gr. alm. hgl. Dómur frá 18.3. '88 dæmdur með.

1988 16/12 Sakadómur Rvík. Nr. 678. Dómur: Fangelsi 3 mán., hegningarauki f. brot g. 1. mgr. 155. og 248. gr. alm. hgl.

1989 9/3 Sakadómur Rvík. Nr. 100. Dómur: Fangelsi 6 mán., hegningarauki, f. brot g. 1. mgr. 155., 244. og 248. gr. alm. hgl.

Þann 19. júlí 1989 var ákærða veitt skilorðsbundin reynslulausn á 270 daga eftirstöðvum refsinga samkvæmt dómunum frá 6. október 1988, 16. desember 1988 og 9. mars 1989.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga, en hann hefur með háttsemi þeirri, sem um ræðir í ákæru

þessari, rofið skilyrði framangreindrar reynslulausnar. Ber nú samkvæmt 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga og reglum 60. gr. sömu laga að ákveða ákærða refsingu í einu lagi fyrir brot það, sem nú er dæmt um, svo og með hliðsjón af refsivist þeirri, sem ákærða var veitt reynslulausn á og ólokið er. Þykir refsing ákærða samkvæmt framansögðu og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi 10 mánuði. Með vísan til sakaferils ákærða þykir eigi fært að skilorðsbinda refsinguna.

Gunnlaugur Þór Briem, kt. 271269-3079, Laugateigi 19, Reykjavík, hefur krafist þess, að ákærði greiði sér í skaðabætur fjárhæð ofangreinds tékka, kr. 17.804,90, auk vaxta frá söludegi hans, 20.október 1989, til greiðsludags. Ákærði gerir engar athugasemdir vegna kröfu þessarar.

Einungis hefur verið lagt fram í máli þessu ljósrit umrædds tékka. Þykir þar af leiðandi eigi unnt að taka kröfuna til greina, og er henni vísað frá sakadóminum ex officio.

Að lokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Björgvin Þór Ríkharðsson, sæti fangelsi 10 mánuði.

Skaðabótakröfu Gunnlaugs Þórs Briem, kt. 271269-3079, Laugateigi 19, Reykjavík, er vísað frá dómi.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Þriðjudaginn 11. desember 1990.

Nr. 145/1989. **Sjóvá-Almennar tryggingar hf.**
(Guðmundur Pétursson hrl.)
gegn
Sesselju Henningsdóttur
(Björgvin Þorsteinsson hrl.).

Vátrygging. Bifreiðar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. apríl 1988. Hann krefst sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Af hálfu áfrýjanda er því lýst yfir, að vátryggingarfélögin Almennar tryggingar hf. og Sjóvátryggingafélag Íslands hf. hafi sameinast undir nýju nafni áfrýjanda, sem hafi tekið við skuldbindingum beggja félaganna.

Fyrir Hæstarétti greinir aðila ekki á um málsatvik, eins og þau eru rakin í héraðsdómi.

Samkvæmt ákvæði 17. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga var áfrýjanda heimilt að veita stefndu rýmri frest til greiðslu fyrsta iðgjalds en miðað er við í 14. og 15. gr. laganna.

Samkvæmt vátryggingarskilmálunum, sem frá áfrýjanda voru komnir, bar áfrýjanda að ítreka við stefndu greiðslukröfu sína, áður en til þess kæmi, að ábyrgð félagsins lyki. Ágreiningslaust er, að þetta var ekki gert. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Ekki er ágreiningur um fjárhæð eða vexti af kröfu stefndu.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði segir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði stefndu, Sesselju Henningsdóttur, 120.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. febrúar 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. janúar sl., höfðaði Björgvin Þorsteinsson hrl., Lágmúla 7, Reykjavík, f.h. Sesselju Henningsdóttur, nnr. 7501-1873, Bollagörðum 37, Seltjarnarnesi, gegn Almennum tryggingum hf., nnr. 0267-3363, Síðumúla 39, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 455.580 með 51,6% dráttarvöxtum frá 24. janúar 1988 til 1. mars 1988, en með 45,6% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. maí 1988, en 44,4% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. júlí 1988, en 52,8% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1988, en 56,4% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. sept. 1988, en 49,2% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. okt. 1988, en 33,6% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. nóv. 1988, en 27,6% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. des. 1988, en 24% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. jan. 1989, en 21,6% dráttarvöxtum frá þeim degi til 18. janúar 1989, en með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum skv. 1. nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar að mati dómsins.

Leitað hefur verið um sáttir í málinu án árangurs.

Málavextir, málsástæður og lagarök stefnanda.

Sunnudaginn 10. janúar 1988 ók Sigríður Björg Halldórsdóttir, dóttir stefnanda, bifreiðinni G-25146 af gerðinni Toyota Corolla Hatchback, árgerð 1988, norður Norðurströnd á Seltjarnarnesi. Sigríður Björg missti stjórn á bifreiðinni með þeim afleiðingum, að bifreiðin fór út af akbrautinni, skall á strætisvagnaskýli og gjörónýttist. Stefnandi, sem er eigandi bifreiðarinnar, kveðst hafa húftryggt hana hjá stefnda í lok septembermánaðar 1987. Vátryggingariðgjaldið var ógreitt, þegar slysið varð, og hefur stefndi haldið því fram, að ábyrgð félagsins væri fallin niður af þeim sökum, og hefur synjað um greiðslu vátryggingarfjárhæðarinnar.

Stefndi (sic) byggir kröfur sínar á því, að bindandi séu fyrir stefnda ákvæði vátryggingarskilmála um brottfall ábyrgðar. Í 6. gr. skilmálanna segi, að sé iðgjald ekki greitt eftir fyrstu kröfu um greiðslu, sendi félagið

ítrekun, og að sé iðgjaldið ekki greitt innan 14 daga frá ítrekun, þá sé ábyrgð félagsins lokið. Engin ítrekun um greiðslu hafi verið send af félagsins hálfu, og telur stefnandi því, að ábyrgð stefnda sé í fullu gildi, þar sem ákvæði laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954, 12. - 17. gr., víki fyrir ákvæðum vátryggingarsamningsins, sbr. 3. gr. l. nr. 20/1954.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Aldrei hafi verið greitt neitt vátryggingariðgjald. Í 5. gr. vátryggingarskilmálanna segi, að vátryggingin gangi í gildi, þegar félagið hafi samþykkt vátryggingarbeiðnina, og í upphafi 6. gr. vátryggingarskilmálanna segi, að fyrsta iðgjald falli í gjalddaga, þegar ábyrgð félagsins hefjist.

Ábyrgð stefnda hafi hafist í septemberlok 1987, sama dag og samningur aðila hafi tekið gildi. Þessi ákvæði í vátryggingarskírteini séu algjörlega í samræmi við 11. gr. l. nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga. Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. l. nr. 20/1954 falli iðgjald í gjalddaga, um leið og samningurinn sé gerður, enda sé ekki um annan gjalddaga samið. Í þessu tilviki hafi ekki verið samið um annan gjalddaga.

Í 15. gr. l. nr. 20/1954 komi skýrt fram, að ef 3 mánuðir séu liðnir, frá því að greiðslu iðgjalds var krafist, þá sé samningurinn í heild úr gildi fallinn uppsagnarlaust. Það sé þannig alveg ljóst, að ábyrgð félagsins ljúki, um leið og greiðslufall verði, og félagið svari því ekki til vátryggingaratburða, sem gerist, eftir að svo er komið. Vátryggingartaki hafi möguleika á því að varna því, að samningurinn falli endanlega niður, með því að greiða iðgjaldið. Þá byrji ný ábyrgð félagsins gagnvart því tjóni, sem verði, eftir að iðgjaldið hafi verið greitt. En vátryggingartaki geti ekki neytt þessa úrræðis, þegar samningurinn sé fallinn úr gildi skv. 15. gr.

Samningi aðila og ábyrgð stefnda hafi lokið í desember, því að þá hafi verið liðnir 3 mánuðir, frá því að tryggingin var tekin og fyrsta iðgjald féll í gjalddaga.

Um frekari rökstuðning af hálfu stefnda er vísað til Hrd. 1972, bls. 1020, og Hrd. 1980, bls. 713. Jafnframt er bent á greinargerðina með frumvarpi til laga um vátryggingarsamninga, sem síðar var samþykkt sem lög nr. 20/1954. En samkvæmt skýringum við 15. gr. frumvarpsins sé það augljóst, að tjónþoli eigi engan rétt til tjónbóta frá vátryggingarfélagi, þegar 3 mánuðir frá upphafi samningstímabils séu liðnir án greiðslu iðgjalds.

Loks er á það bent, að það myndi almennt vera talið óheiðarlegt af tryggingartaka með vísun til samningalaga að ætlast til þess að fá greiddar bætur, án þess að iðgjald sé látið í té mánuðum saman.

Niðurstaða.

Það er óumdeilt, að í lok september 1987 hafi komist á samningur á milli málsaðila um húftryggingu stefnda á bifreið stefnanda, G-25146, og

að um samning aðila hafi gilt vátryggingarskilmálar þeir, sem lagðir hafa verið fram sem dskj. 3. Þá er bifreiðin eyðilagðist 10. janúar 1988, hafði stefnandi aldrei greitt neitt iðgjald vegna þessarar tryggingar og stefndi aldrei sent stefnanda ítrekun á kröfu um greiðslu iðgjalds, sbr. 6. gr. vátryggingarskilmálanna.

Ákvæði 15. gr. l. nr. 20/1954, sem stefndi byggir kröfu sína á, eru frávíkjanleg skv. 3. gr. laganna. Í 6. gr. tryggingarskilmálanna á dskj. 3 er fjallað um gjalddaga og vanskil á iðgjaldi. Samkvæmt þessari grein er það skilyrði fyrir lausn stefnda undan ábyrgð vegna vanskila stefnanda, að stefndi sendi stefnanda ítrekun á kröfu um greiðslu iðgjalds. Það gerði stefndi ekki. Ekki sagði stefndi heldur tryggingunni upp skv. 5. gr. tryggingarskilmálanna, og verður því að telja, að vátryggingarsamningur aðila hafi verið í gildi, er tjónið varð, og ábyrgð stefnda virk. Ber því að taka kröfu stefnanda, sem ekki er tölulega vefengd, til greina, enda verður ekki á þá skoðun stefnda fallist, að það sé óheiðarlegt af stefnanda að halda upp á stefnda samningi með skilmálum sömdum af stefnda.

Stefnda ber að greiða stefnanda hina tildæmdu fjárhæð með vöxtum, eins og krafist var, enda var vaxtakröfu stefnanda ekki sérstaklega mótmælt.

Samkvæmt 177. gr. l. nr. 85/1936 ber að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 93.000, þar með talinn söluskattur.

Uppkvaðning dómsins hefur dregist nokkuð vegna mikilla anna dómarans, sem var Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefndi, Almennar tryggingar hf., greiði stefnanda, Sesselju Henningsdóttur, kr. 455.580 með 51,6% dráttarvöxtum frá 24. janúar 1988 til 1. mars 1988, en með 45,6% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. maí 1988, en 44,4% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. júlí 1988, en 52,8% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1988, en 56,4% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. sept. 1988, en 49,2% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. okt. 1988, en 33,6% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. nóv. 1988, en 27,6% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. des. 1988, en 24% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. jan. 1989, en 21,6% dráttarvöxtum frá þeim degi til 18. janúar 1989, en með dráttarvöxtum skv. l. nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 93.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 11. desember 1990.

Nr. 206/1990. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Atla Steinari Bjarnasyni
(Kristján Stefánsson hdl.).

Líkamsárás. Þjófnaður. Brot gegn valdstjórninni. Tékkafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Máli þessu var að ósk ákærða áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 20. mars sl. og jafnframt af hálfu ákæruvaldsins til þyngingar á refsingu, en af þess hálfu er að öðru leyti krafist staðfestingar héraðsdóms, að því er varðar ákærða.

Af hálfu ákærða er þess krafist, að hann verði sýknaður af 1., 2. og 4. lið ákæru 9. október 1989, en að öðru leyti dæmdur í vægustu refsingu, sem lög leyfa. Þess er krafist, að gæsluvarðhald, samtals 11 dagar, komi til frádráttar refsingu.

I.

Ákæra 9. október 1989.

1. og 2. liður. Sannað er með framburði ákærða sjálfs og vitnanna Valgeirs Magnússonar og Gunnars Sigurjónssonar, að ákærði veitti þeim áverka þá, sem lýst er í ákæru. Þar er brot hans réttilega heimfært til 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981. Frásagnir vitnanna og ákærða eru ósamhljóða. Halda vitnin því fram, að ákærði hafi ráðist á þá að tilefnislausu. Ákærði hefur frá því strax eftir atburðinn haldið því fram, að vitnin hafi hlotið áverkana í átökum, sem þeir hafi átt upptökin að. Ákærði var færður í læknisskoðun sömu nótt og atvik þessi gerðust. Í læknisvottorði Rögnvalds Þorleifssonar segir, að líkamsskoðun hafi leitt í ljós:

„Á hvirfli sjúkl. var blóðrisa marblettur ca. 2x2-3 cm að þvermáli. Tveir skurðir hvor um sig u.þ.b. 1 cm að lengd á hægri augabrúninni. Sárbarmarnir voru sléttir, en sárin virtust ekki vera eftir

eggjárn. Sárin voru fremur grunn og náðu niður í leðurhúðina.

Blæðing og blámi var neðan við sárin. Framan á hægra viðbeini var blár marblettur ca. 2 cm í þvermál. Þroti og eymsli var á hægra handarbaki, einkanlega á hnúum löngutangar og baugfingurs. Framan á vinstra hnénu var blóðrisa blettur 2x4 cm í þvermál. Framan á vinstra lærinu nokkuð ofan við hnéð var blár marblettur ca. 2x3 cm að stærð. Framan á hægra lærinu var marblettur 1x2 cm að stærð og brúnleitur. Hann virtist ekki vera nýlegur. Aftan á báðum kálfunum voru blóðrisa rispur. Á vinstri kálfanum var fleiðurbletturinn ca. 2 cm í þvermál og aftan á hægri kálfanum var fleiðrið 1x3 cm að stærð."

Ákærði segist hafa fengið áverka þessa í viðureign við vitnin. Vitnið Valgeir segir, að ákærði hafi haft þessa áverka, þegar hann kom til þeirra, en vitnið Gunnar man ekki eftir því. Samkvæmt gögnum málsins voru ákærði og vitnin ölvaðir. Hafa vitnin borið, að þeir hafi, þegar atburðir þessir gerðust, verið búnir að vera meira eða minna undir áfengisáhrifum um langan tíma. Aðrir eru ekki til frásagnar um viðskipti ákærða og vitnanna. Skoðun lögreglu á vettvangi bendir til átaka. Nákvæm rannsókn á ferðum ákærða fyrr um kvöldið hefur ekki farið fram. Atvik eru þó upplýst í þeim mæli, að ljóst er, að 12. gr. almennra hegningarlaga á ekki við. Samkvæmt 108. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála ber að miða við þá frásögn ákærða, að hann og vitnin hafi lent í átökum, og við refsiákvörðun vegna þessara brota að hafa hliðsjón af 3. mgr. 218. gr. a almennra hegningarlaga.

3. og 4. liður. Fallast ber á sakarmat héraðsdóms og færslu brots til refsiákvæða, að því er þessa liði varðar.

II.

Ákæra 31. október 1989.

Með skírskotun til raka hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, að því er ákærða varðar.

III.

Vitnið Gunnar Sigurjónsson bar mikla og alvarlega áverka eftir átökin við ákærða. Ákærði hótaði lögreglumönnum þeim, sem hugðust handtaka hann, að verjast með hnífi. Með tilvísun til þessara alvarlegu brota og sakaferils ákærða, sem rakinn er í

héraðsdómi, ber að staðfesta ákvæði hans um refsingu, þótt tekið sé tillit til þeirra sjónarmiða, sem um getur í I. kafla hér að framan. Einnig ber að staðfesta, að 11 daga gæsluvarðhald komi til frádráttar dæmdri refsingu svo og ákvæði dómsins um sakarkostnað.

Með vísan til 1. mgr. 147. gr. laga nr. 74/1974 kemur skaðabótakrafa sú, sem höfð var uppi í héraði, ekki til álita.

Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Niðurstaða hins áfrýjaða dóms á að vera óröskuð, að því er varðar ákærða, Atla Steinar Bjarnason.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kristjáns Stefánssonar héraðsdómslögmanns, 40.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 24. janúar 1990.

Ár 1990, miðvikudaginn 24. janúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Guðjóni St. Marteinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 34-35/1990: Ákæruvaldið gegn Atla Steinari Bjarnasyni og X, sem dómtekið var 19. þ.m.

Málið er höfðað með tveimur ákæruskjölum, dagsettum 9. og 31.október 1989.

I. Ákæra, dagsett 9. október 1989.

Með þessu ákæruskjali er málið höfðað á hendur Atla Steinari Bjarnasyni, fæddum 6. janúar 1958, nú til heimilis að Suðurlandsbraut 12, Reykjavík, ,,fyrir eftirgreind brot gegn almennum hegningarlögum, framin í Reykjavík aðfaranótt sunnudagsins 26. mars 1989:

1) Fyrir líkamsárás með því að hafa, í risíbúð að Hverfisgötu 86, ráðist á Valgeir Magnússon, fæddan 1. maí 1947, og slegið til hans með hefli, en Valgeir bar fyrir sig vinstri hönd og hlaut við það þverlægan skurð, um það bil 5 sm langan, lófa megin á vinstri úlnlið, sem náði niður í eina af beygisinum úlnliðarins.

2) Fyrir líkamsárás með því að hafa, stuttu síðar fyrir utan sama hús, ráðist á Gunnar Sigurjónsson, fæddan 1. febrúar 1956, og slegið hann og sparkað í hann með þeim afleiðingum, að hann missti meðvitund, nef- og

kinnbeinsbrotnaði hægra megin, hlaut um 4 sm skurð yfir hægra kinnbeini, um ½ sm grunnt sár á vinstri kinn, um 1 sm þverlæga rifu í gegnum hægri nasavæng, blæðingu inn í hægri kinnbeinsholu og bólguhellu og 2 sm langt sár aftan við vinstra eyra.

3. Fyrir þjófnað með því að hafa, er ákærði hljóp frá nefndu húsi áleiðis til miðborgarinnar, brotist inn í söluturninn Óðinstorg, Óðinsgötu 5, og stolið þar einum vindlingapakka, eldspýtum og flatningshníf.

4. Fyrir brot gegn valdstjórninni með því að ráðast skömmu síðar að lögreglumönnum, er hugðust handtaka ákærða við hús Menntaskólans í Reykjavík við Lækjargötu, vopnaðan flatningshnífnum, og margsinnis hótað að stinga lögreglumennina á hol, ef þeir kæmu nærri honum.

Teljast liðir 1 og 2 varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981, liður 3 við 244. gr. hegningarlaganna og liður 4 við 106. gr. þeirra laga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar auk skaðabóta".

II.

Ákæra, dagsett 31. október 1989.

Með þessu ákæruskjali er málið höfðað á hendur Atla Steinari Bjarnasyni og X,... „fyrir skjalafals með því að hafa, í byrjun júní 1989, afhent Flugleiðum í Reykjavík sem greiðslu fyrir tvo farseðla fyrir ákærðu til Kaupmannahafnar tvo falsaða víxla, hvorn að fjárhæð kr. 14.190, útgefna 8. júní 1989, með gjalddaga 10. ágúst 1989, annan samþykktan af ákærða Atla Steinari til greiðslu í Landsbanka Íslands, Reykjavík, en hinn af ákærðu X til greiðslu á sama stað, en á víxlana hafði ákærða X falsað nafnritun Bjarni V. Ólafsson sem útgefanda og framseljanda.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu sakarkostnaðar auk skaðabóta, verði þeirrra krafist".

Málsatvik.

Ákæra, dagsett 9. október 1989.

Lögreglan handtók ákærða við Menntaskólann í Reykjavík aðfaranótt 26. mars 1989, eftir að tilkynning hafði borist lögreglu um rúðubrot og innbrot í verslun við Óðinstorg. Lögregla fór á vettvang og elti ákærða af staðnum áleiðis að Menntaskólanm í Reykjavík, þar sem ákærði var að lokum handtekinn. Ákærði greindi lögreglunni frá því, að hann hefði fyrr um kvöldið lent í átökum við þá Gunnar Sigurjónsson og Valgeir Magnússon að Hverfisgötu 86 þá um nóttina, og greindi ákærði lögreglu frá því,

að hann væri hræddur um að hafa banað Gunnari, svo illa hefði Gunnar verið leikinn eftir ákærða.

Valgeir Magnússon og Gunnar Sigurjónsson komu á lögreglustöðina þessa sömu nótt og voru fluttir á slysadeild Borgarspítala til skoðunar. Lögregla hélt síðan að Hverfisgötu 86 og kannaði vettvang.

Verða nú reifaðir málavextir varðandi hvern ákærulið fyrir sig.

1) Valgeir Magnússon var yfirheyrður hjá lögreglunni 26. mars 1989. Valgeir kvaðst hafa verið staddur að Hverfisgötu 86 aðfaranótt 26. mars sl. ásamt Gunnari Sigurjónssyni og ákærða. Valgeir kvað ákærða hafa komið á staðinn illa útleikinn og að sögn Valgeirs auðséð, að ákærði hafði lent í átökum, þar sem hann hefði verið bólginn og blóðugur í framan. Valgeir kvað ákærða hafa farið að þrífa eldavélina í eldhúsinu, og kvaðst Valgeir þá hafa verið staddur við eldhúsvaskinn og þar verið að fá sér vatn að drekka. Valgeir kvaðst hafa snúið baki í ákærða. Valgeir kvaðst síðan hafa fundið það á sér, að ákærði hefði ætlað að lemja sig í höfuðið með hefli, og kvaðst Valgeir hafa snúið sér snöggt við og þá borið fyrir sig handlegginn. Valgeir kvað ákærða hafa lamið sig með heflinum og höggið komið á handlegg Valgeirs og við það myndast töluvert djúpur skurður skammt ofan við úlnlið. Valgeir kvað ákærða hafa hlaupið út úr íbúðinni strax eftir þetta. Valgeir kvað Gunnar Sigurjónsson hafa verið vitni að þessu.

Valgeir var enn yfirheyrður hjá lögreglunni 5. mars sl. og bar þá á sömu lund varðandi árás ákærða á sig, þar sem Valgeir kvaðst hafa staðið við eldhúsvaskinn, og kvaðst Valgeir hafa borið fyrir sig vinstri handlegg, en ákærði veitti Valgeiri högg á handlegginn með hefli, og við það myndaðist skurður.

Vitnið Valgeir Magnússon var yfirheyrt hér fyrir dóminum 15. desember sl. og staðfesti þá lögregluskýrslur þær, er raktar voru hér að framan. Valgeir bar efnislega á sama veg og áður um aðdraganda árásarinnar, og kvaðst Valgeir hafa skynjað það, að einhver væri fyrir aftan sig. Valgeir kvaðst líklega hafa skynjað þetta, þar sem marrað hafi í gólffjölum.

Vitnið Valgeir var enn yfirheyrt fyrir dóminum 19. janúar sl. og bar efnislega á sama veg og fyrr. Valgeir kvað Gunnar Sigurjónsson hafa veitt aðstoð við að binda um sár það, er ákærði hafði veitt Valgeiri á vinstri handlegg, áður en Gunnar Sigurjónsson elti ákærða út úr íbúðinni. Valgeir kvaðst hafa skoðað hefilinn, er ákærði notaði við árásina, strax eftir að árásin var yfirstaðin, og að vel kunni að vera, að farið hafi verið með hefilinn inn í norðausturherbergi íbúðarinnar, en Valgeir kvaðst hvorki hafa tekið þátt í átökum í því herbergi né heldur hafa orðið var við átök þar.

Gunnar Sigurjónsson var yfirheyrður hjá lögreglunni 26. mars sl. Gunnar kvaðst hafa verið staddur í sófa (sic) í stofu íbúðarinnar gegnt eldhúsdyrun-

um, er Valgeir Magnússon hafi haldið fram í eldhús. Gunnar kvaðst skyndilega hafa veitt því athygli, að ákærði hafði hefil í hendi og reiddi hann til höggs gagnvart (sic) Valgeiri. Gunnar kvað ákærða hafa slegið til Valgeirs, sem hefði borið fyrir sig höndina og við það hlotið skurð á handlegginn. Gunnar kvað ákærða hafa haldið rakleitt út úr íbúðinni eftir þetta. Gunnar kvaðst ekki hafa heyrt nokkur illindi milli ákærða og Valgeirs frammi í eldhúsi, og því hafi árás ákærða verið tilefnislaus.

Vitnið Gunnar Sigurjónsson var yfirheyrt hér fyrir dóminum 8. þ.m. og staðfesti þá skýrslu þá, er rakin var að framan. Gunnar kvað Valgeir Magnússon hafa verið staddan í eldhúsdyrunum, er ákærði veittist aftan að Valgeiri og reiddi hefilinn til höggs með þeim afleiðingum, er áður er lýst. Gunnar kvað ákærða hafa hraðað sér út úr íbúðinni, en Gunnar kvaðst hafa aðstoðað Valgeir við að binda um sárið á handlegg Valgeirs.

Ákærði hefur bæði hjá lögreglu og fyrir dómi viðurkennt að hafa lent í átökum við þá Valgeir Magnússon og Gunnar Sigurjónsson að Hverfisgötu 86 aðfaranótt 26. mars sl., og taldi ákærði Valgeir Magnússon líklega hafa hlotið skurðinn á handleggnum í þeim átökum. Verður nú rakinn framburður ákærða.

Ákærði var fyrst yfirheyrður hjá lögreglunni 26. mars sl. Ákærði kvaðst hafa komið í íbúðina um miðnæturleytið og þá hafa gengið til svefns í innra herbergi íbúðarinnar. Ákærði kvaðst hafa vaknað við það, að ráðist hafi verið á sig og sparkað í sig, og kvað ákærði Gunnar Sigurjónsson hafa verið þar að verki. Ákærði kvaðst hafa reynt að verja sig, en skyndilega hefði einhver komið með hefil og lamið í höfuð ákærða, sem við það hefði vankast. Ákærði kvaðst hafa risið á fætur og þá náð að slá Valgeir Magnússon niður og sparka í húsráðandann, Sigurjón Hafnfjörð Siggeirsson. Ákærði kvaðst síðan hafa hlaupið eða „rúllað" niður stigann á leið sinni út úr íbúðinni, en Gunnar Sigurjónsson hefði elt ákærða og þeir haldið áfram átökum fyrir utan húsið, og hefðu átökin endað þannig, að ákærði hefði gengið þannig frá Gunnari, að ákærði kvaðst hafa haldið sig hafa drepið Gunnar.

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglunni 7. apríl sl. og bar þá efnislega á sama veg og fyrr varðandi upphaf átakanna. Ákærði kvað átökin hafa borist fram í eldhús, þar sem þeir Valgeir og Gunnar hefðu veitt ákærða þung högg víðs vegar um skrokkinn.

Ákærði var yfirheyrður fyrir dóminum 13. nóvember sl. Ákærði bar nú á þann veg, að Gunnar Sigurjónsson hefði vakið ákærða með því að sparka í síðu ákærða, og kvað ákærði átök hafa byrjað milli þeirra Gunnars inni í svefnherberginu, en átökin síðan borist fram í eldhús, og þar hefði Valgeir Magnússon blandað sér í átökin. Ákærði kvað atburðina hafa gerst hratt og því ekki muna vel, hvað gerðist, en þó muna að hafa orðið undir í átök-

unum. Ákærði kvaðst hafa hlotið högg, þar sem hann lá, og hafi þeir Valgeir og Gunnar sparkað í ákærða. Ákærði kvaðst ekki muna eftir að hafa gripið til hefils í átökunum við Valgeir og ekki muna, hvar í átökunum Valgeir fékk áverka þann, er í ákæru greinir. Ákærði kvaðst hafa yfirgefið húsið, er hann raknaði úr rotinu, en Gunnar hefði elt sig út. Ákærði vísaði á bug framburði þeirra Gunnars Sigurjónssonar og Valgeirs Magnússonar varðandi upphaf átakanna.

Ákærði var yfirheyrður fyrir dóminum 15. desember sl. Ákærði bar nú að hafa vaknað við það, að verið hafi verið (sic) að þukla sig. Ákærði kvaðst ekki hafa áttað sig á því, hvort um hafi verið að ræða kynferðislega áreitni eða hvort verið hafi verið (sic) að leita að fjármunum á ákærða. Ákærði kvað síðan hafa verið sparkað í sig og þá hafist átökin milli sín og Gunnars. Ákærði kvað nú Valgeir Magnússon hafa blandað sér í átökin inni í svefnherberginu og átökin síðan borist fram í stofu íbúðarinnar.

Ákærði hefur staðfest fyrir dóminum lögregluskýrslur þær, er hann gaf undir frumrannsókn málsins.

Sigurjón Hafnfjörð Siggeirsson, húsráðandi að Hverfisgötu 86, var yfirheyrður hjá lögreglunni 4. apríl sl. Sigurjón kvaðst ekki hafa verið vitni að því, er átti sér stað aðfaranótt 26. mars sl. Sigurjón kvað ákærða hafa verið gestkomandi í íbúðinni þessa nótt. Sigurjón lýsti ákærða svo, ...,,hann var búinn að vera þarna einhverja stund og var kolvitlaus og æddi um eins og grenjandi ljón. Ég man eftir því, að ég átti í erfiðleikum með að sofa, þar sem Atli Steinar var með svo mikil læti".

Sigurjón kvaðst ekki hafa lent í neinum átökum við ákærða þessa nótt og ákærði ekki heldur ráðist á sig.

2) Hér að framan hefur verið rakinn framburður ákærða og vitnanna Valgeirs Magnússonar og Gunnars Sigurjónssonar um upphaf átakanna milli þeirra aðfaranótt 26. mars sl., en nú verður rakinn framburður þeirra um atburðarás, eftir að ákærði yfirgaf íbúðina.

Gunnar Sigurjónsson bar hjá lögreglunni 26. mars sl., að eftir að ákærði hefði veitt Valgeiri skurð á handlegg og þeir Valgeir höfðu búið um sárið, þá hefði byrjað grjótkast í glugga hússins, og kvað Gunnar sér strax hafa dottið í hug, að ákærði ætti þar hlut að máli. Gunnar kvaðst því hafa farið út til að athuga málið. Gunnar kvað ákærða hafa ráðist að sér og fellt, er Gunnar var staddur í húsasundi við húsið. Gunnar kvaðst hafa séð, að ákærði hélt á einhverju, en ekki séð, hvað það var. Gunnar kvað ákærða stöðugt hafa reynt að veita sér áverka á maga eða á brjóst, en Gunnar kvaðst hafa reynt að verjast af öllum mætti. Gunnar kvaðst ekki hafa náð að standa upp, eftir að ákærði felldi hann, og kvaðst Gunnar því hafa varist liggjandi. Gunnar kvað ákærða hafa slegið sig, sparkað í sig og reynt að stinga með einhverju, sem Gunnar sá ekki, hvað var.

Gunnar kvað Valgeir hafa komið þar að skömmu síðar og ákærði þá hlaupið á brott. Gunnar kvað Valgeir hafa aðstoðað sig við að komast á lögreglustöðina og þeir síðan verið fluttir á slysadeildina.

Vitnið Gunnar Sigurjónsson var yfirheyrt fyrir dóminum 8. janúar sl. og staðfesti þá lögregluskýrslu þá, er rakin var að framan. Gunnar kvaðst hafa bundið um sár Valgeirs eftir árás ákærða, sbr. 1) hér að framan. Gunnar ber efnislega á sama veg og rakið hefur verið um aðdraganda þess, að hann hélt út úr íbúðinni á eftir ákærða. Gunnar kvaðst hafa fengið högg eða spark í brjóstkassann, er hann kom fyrir húshornið. Gunnar kvaðst hafa fallið við og ákærði þá veitt sér högg liggjandi og við það notað bæði hendur og fætur. Þá kvað Gunnar ákærða hafa skorið sig með einhverju áhaldi, en ekki hafa séð, hvað það var, en telja, að ákærði hafi notað dúkahníf, eftir að sér hefði verið sýndur dúkahnífur undir rannsókn málsins, en lögreglan hafði fundið blóðugan dúkahníf á vettvangi. Gunnar kvaðst hafa fallið strax í jörðina og enga áverka hafa veitt ákærða, en fyrst og fremst hafa reynt að verjast árásum hans.

Valgeir Magnússon var yfirheyrður hjá lögreglunni 26. mars sl. og bar þá efnislega á sama veg og Gunnar Sigurjónsson um aðdraganda þess, að Gunnar hélt út úr íbúðinni. Valgeir kvaðst hafa heyrt einhver óp, er Valgeir hafði lokið við að vefja tusku um sár það, er Valgeir kvað ákærða hafa veitt sér á handlegg. Valgeir kvaðst hafa talið ákærða vera að lemja Gunnar og þá haldið út í því skyni að aðstoða Gunnar. Valgeir kvaðst hafa komið að Gunnari liggjandi í blóði sínu á gangstéttinni fyrir framan húsið. Valgeir taldi Gunnar nánast meðvitundarlausan, er hann kom að honum. Valgeir aðstoðaði Gunnar síðan á lögreglustöðina, og hefðu þeir síðan verið fluttir á slysadeildina.

Valgeir Magnússon bar hjá lögreglunni 5. mars sl. að hafa séð til ákærða kasta steinum í húsið og að hafa séð ákærða ráðast á Gunnar norðan við húsið.

Vitnið Valgeir Magnússon var yfirheyrt hér fyrir dóminum 15. desember sl. og bar þá efnislega á sama veg og hjá lögreglu og staðfesti skýrslur sínar. Valgeir kvaðst hafa hraðað sér út úr íbúðinni, eftir að hafa séð ákærða og Gunnar eiga í átökum, og ákærði þá hlaupið í burtu.

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglunni 26. mars sl., svo sem rakið var að framan. Ákærði kvaðst hafa tekist á við Gunnar Sigurjónsson fyrir utan húsið, eftir að Gunnar elti ákærða út úr húsinu. Ákærði kvaðst hafa gengið þannig frá Gunnari, að hann hélt sig hafa drepið hann. Ákærði kvað hafa runnið á sig æði og hann haldið sig hafa drepið Gunnar, því að hann hefði legið þannig hreyfingarlaus. Ákærði kvað Gunnar hafa ráðist á sig, eftir að hafa komið hlaupandi eftir sér niður stigann, og kvaðst ákærði hafa haft Gunnar undir og kýlt hann þá vel, svo að Gunnar hefði legið.

Ákærði bar hjá lögreglunni 7. apríl sl., að átökin við Gunnar fyrir utan húsið hefðu verið mjög hröð og ekki mátt milli sjá, hvor hefði betur. Ákærði kvaðst telja, að áverkar, er Gunnar hlaut, hefðu komið í átökunum, og kvaðst ákærði hafa beitt jafnt höndum sem fótum í átökunum. Átökunum linnti, er Gunnar lá í valnum með opin augu, og kvaðst ákærði hafa haldið hann látinn og orðið mjög hræddur og hlaupið á brott.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 13. nóvember sl. Ákærði staðfesti þá framburð sinn hjá lögreglu og bar efnislega á sama veg og fyrr um átökin við Gunnar Sigurjónsson.

3) Ákærði hefur hér fyrir dómi 13. nóvember sl. viðurkennt að hafa framið þessa háttsemi og að hafa eftir átökin við Gunnar Sigurjónsson hlaupið áleiðis upp á Óðinstorg, þar sem ákærði kvaðst hafa brotist inn í söluturninn að Óðinstorgi 5 (sic), þar sem ákærði kvaðst hafa stolið þeim munum, er í ákærunni greinir.

4) Ákærði bar við lögregluyfirheyrslu 26. mars sl. að hafa eftir innbrotið, sbr. 3) að framan, hlaupið áleiðis að Menntaskólanum í Reykjavík og þar sveiflað hnífi þeim, er ákærði hafði stolið í innbrotinu, er lögreglan hugðist handtaka ákærða. Ákærði kvaðst síðan hafa hætt því og látið hnífinn falla á jörðina.

Við yfirheyrslu hér fyrir dómi 13. nóvember sl. kvaðst ákærði hafa brugðist við handtökunni á þann hátt, er í ákærunni greinir.

Vitnið Einar Ásbjörnsson lögregluþjónn var yfirheyrt hér fyrir dóminum 15. desember sl. Einar kvaðst ásamt Guðjóni Garðarssyni hafa verið sendur að Óðinsgötu 5 aðfaranótt 26. mars sl. vegna innbrots, er þar átti sér stað. Einar kvaðst hafa veitt ákærða eftirför og náð honum á lóð Menntaskólans í Reykjavík, en ákærði þá snúist til varnar og hótað sér með hnífi. Einar kvað ákærða ítrekað (sic) hafa hótað að stinga lögreglumennina, er hugðust handtaka ákærða, ef lögreglan kæmi nærri ákærða. Einar kvað ákærða hafa hótað sér, en ekki hefði komið til átaka við ákærða. Einar kvaðst að lokum hafa getað talað ákærða til og hann þá kastað frá sér hnífnum og verið handtekinn.

Vitnið Guðjón Steinar Garðarsson leigubifreiðarstjóri, en fyrrverandi lögregluþjónn, var yfirheyrt fyrir dóminum 15. desember sl. og bar þá efnislega á sama veg og vitnið Einar Ásbjörnsson varðandi eftirför eftir ákærða að lóð Menntaskólans í Reykjavík. Guðjón kvað ákærða hafa hótað sér að stinga sig, er Guðjón hugðist handtaka ákærða ásamt Einari Ásbjörnssyni. Guðjón kvað ákærða ekki hafa ráðist að lögreglunni, heldur haft í hótunum.

Ákærði bar fyrir dóminum 15. desember sl. að hafa verið í miklu uppnámi, er handtakan fór fram, og að hafa hótað lögreglunni, svo sem greinir í ákærunni.

Ákæra, dagsett 31. október 1989.

Ákærði Atli bar hér fyrir dóminum að hafa ásamt meðákærðu keypt tvo farseðla til Kaupmannahafnar hjá Flugleiðum. Ákærði kvaðst hafa greitt fyrir farseðlana með tveimur víxlum og hvor verið að fjárhæð kr. 14.190, báðir víxlarnir útgefnir 8. júní sl. og báðir með gjalddaga 10. ágúst 1989. Ákærði Atli kvaðst hafa samþykkt annan víxilinn, en meðákærða hinn. Ákærði Atli kvað meðákærðu hafa ætlað að taka að sér að útvega framseljanda á víxlana og í því sambandi reynt að ná til Bjarna V. Ólafssonar, en það ekki tekist, og þá ákveðið að rita nafn þess manns á víxlana og meðákærða haft á orði, að þetta væri í lagi.

Ákærða X bar fyrir dóminum 18. desember sl. að hafa ásamt meðákærða keypt farseðla til Kaupmannahafnar fyrir víxlana, svo sem ákært er út af. Ákærða hafði áður viðurkennt þessa háttsemi hjá lögreglu og staðfesti þann framburð.

Niðurstöður.

Ákæra, dagsett 9. október 1989.

1) Framburður vitnanna Valgeirs Magnússonar og Gunnars Sigurjónssonar eru ekki samhljóða um það, hvar Valgeir hafi verið staddur í íbúðinni, er ákærði veittist að honum. Framburður þeirra er hins vegar á einn veg varðandi það, að engin átök hafi átt sér stað í íbúðinni, áður en ákærði veittist að Valgeiri, og hafa báðir greint frá því, að ákærði hafi reitt hefil til höggs, svo sem ákært er út af. Dómurinn telur, eftir að hafa gengið á vettvang að Hverfisgötu 86, að Gunnar Sigurjónsson hafi verið í þeirri aðstöðu, þar sem hann sat í stofu íbúðarinnar, að hafa getað séð til ákærða og Valgeirs í eldhúsi íbúðarinnar, hvort sem Valgeir hafi verið í dyrunum eða innar í eldhúsinu. Vitnið Gunnar kvaðst hafa setið í stól í stofunni, er ákærði veittist að Valgeiri, og benti Gunnar á stól, er fram kemur á ljósmynd nr. 9, en þaðan er sjónlína inn í eldhúsið. Valgeir Magnússon hefur borið að hafa skoðað hefilinn strax eftir árásina, og vel kunni að vera, að farið hafi verið með hefilinn inn í norðausturherbergið eftir það, en ákærði kvað hafa verið ráðist að sér sofandi í því herbergi.

Svo sem rakið var, hefur ákærði borið að hafa vaknað við, að sparkað hafi verið í sig, og síðar að hafa vaknað við, að leitað hafi verið á sig, annaðhvort kynferðislega eða til að leita að fjármunum á ákærða. Svo sem rakið var að framan, er framburður ákærða á reiki um nokkur atriði og m.a. það, hvernig hafi verið ráðist að ákærða sofandi og hvar Valgeir hafi hafið afskipti af átökunum.

Þá er þess að geta, að ákærði og vitnin Valgeir og Gunnar voru allir undir áhrifum áfengis, er atburðurinn átti sér stað, og hafa þeir Valgeir

og Gunnar borið fyrir dóminum að hafa verið búnir að vera undir nær stöðugum áhrifum áfengis um margra vikna skeið.

Sigurjón Hafnfjörð Siggeirsson bar hjá lögreglu, að ákærði hefði verið mjög æstur í skapi, er hann kom á Hverfisgötu 86 aðfaranótt 26. mars sl. og læknisvottorð ber með sér, að ákærði var við læknisskoðunina í mjög slæmu jafnvægi(sic), en skoðunin fór fram eftir atburði næturinnar.

Samkvæmt læknisvottorði, dagsettu 29.3. 1989, leiddi skoðun í ljós eftirfarandi:

„Skoðun við komuna á slysadeildina leiddi eftirfarandi í ljós: Valgeir virtist allnokkuð ölvaður, en vakandi og vel áttaður (sic). Lófa megin á vi. úlnlið var þverlægur skurður, u.þ.b. 5 cm á lengd. Skurðurinn náði niður í eina af beygisinum úlnliðarins (flexor carpi ulnaris), en aðrar sinar voru ekki skaddaðar og ekki taugar. Sárið virtist geta verið eftir eggjárn.

Skurðurinn inn í sinina var dreginn saman með einum saum, en sárinu því næst lokað með nokkrum saumum í húðina."

Þegar allt ofanritað er virt og að virtum gögnum málsins, telur dómurinn sannað, að ákærði hafi framið þá háttsemi, sem ákært er út af í þessum lið ákærunnar.

2) Með framburði vitnanna Valgeirs Magnússonar og Gunnars Sigurjónssonar telur dómurinn sannað, að Gunnar hafi ekki elt ákærða út úr íbúðinni, strax og ákærði hélt þaðan eftir atlöguna að Valgeiri. Það var fyrst, er ákærði hóf að grýta húsið utan, sem Gunnar hélt út, en hann hafði áður aðstoðað Valgeir við að binda um sár það, er ákærði hafði áður veitt Valgeiri.

Með framburði ákærða, sem lýsti hjá lögreglunni átökunum við Gunnar Sigurjónsson og staðfesti þann framburð hér fyrir dómi, telur dómurinn sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er hann er hér ákærður út af. Afleiðingar árásarinnar voru þær, sem í ákærunni greinir, en samkvæmt læknisvottorði Gunnars Sigurjónssonar, dagsettu 29. mars sl., leiddi skoðun eftirfarandi í ljós: „Bólga og mar var á hæ. kinn og út yfir kinnbeinsbogann hæ. megin. Nokkur blæðing var í báðum augnalokum hæ. augans og blæðing undir slímhúð hæ. augans nefmegin. Ca. 4 cm langt sár var yfir hæ. kinnbeini. Sárbarmar voru nokkuð tættir og marðir. Um það bil ½ cm langt, grunnt sár var á vi. kinninni. Um það bil 1 cm löng þverlæg rifa var í gegnum hæ. nasavænginn, og voru barmar rifunnar ofurlítið tættir. Aftan við vi. eyrað var bólguhella og um það bil 2 cm langt sár með mörðum og tættum köntum. Talsvert blæddi úr báðum nösum við komuna á spítalann og nefið var við þreifingu aumt.

Um það bil 1 cm langt sár með nokkuð tættum börmum var á hnúa hæ. baugfingurs og sýndist geta verið eftir tennur.

Ekkert af fyrrgreindum sárum sýnist hafa getað verið eftir eggjárn, miklu

fremur eftir högg.“ Síðan segir í sama vottorði: „Þessar myndir sýndu brot á hæ. kinnbeini og blæðingu í hæ. kinnbeinsholuna. Háls-, nef- og eyrnalæknir var fenginn til að skoða Gunnar. Hann rétti úr nefbrotinu í deyfingu, en taldi ekki líklegt að gera þyrfti að kinnbeinsbrotinu.“

Háttsemi ákærða í liðum 1) og 2) hér að framan varðar við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981, svo sem í ákæru greinir.

3) Sannað er með framburði ákærða, sem studdur er af öðrum gögnum máls þessa, að ákærði hefur gerst sekur um þessa háttsemi, og varðar brot ákærða við 244. gr. almennra hegningarlaga, svo sem í ákærunni greinir.

4) Svo sem vitnin Einar Ásbjörnsson og Guðjón Steinar Garðarsson báru, réðst ákærði ekki að lögreglumönnunum, er þeir hugðust handtaka ákærða við hús Menntaskólans í Reykjavík. Vitnin báru hins vegar að ákærði, sem var vopnaður hnífi, hefði margsinnis hótað að stinga lögreglumennina, ef þeir kæmu nærri ákærða. Ákærði er því sýknaður af þeirri háttsemi að hafa ráðist að lögreglumönnunum. Með framburði ákærða, sem vel er studdur öðrum gögnum málsins, telur dómurinn sannað, að ákærði hafi framið þá háttsemi, er honum er gefin að sök með þessum ákærulið, þó með þeirri athugasemd, er að framan var getið.

Þessi háttsemi ákærða varðar við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Ákæra, dagsett 31. október 1989.

Sannað er með framburði beggja ákærðu og öðrum gögnum málsins, að ákærðu hafa gerst sek um þá háttsemi, er í ákærunni greinir, og varðar brot þeirra við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærðu hafa því bæði unnið sér til refsingar.

Ákærði Atli á langan brotaferil að baki og hefur frá árinu 1983 hlotið 12 refsidóma, verið dæmdur í óskilorðsbundið fangelsi í 2 ár og 7 mánuði. Þrír ofangreindir dómar voru skilorðsbundnir og ákærða Atla þar gerð skilorðsbundin fangelsisrefsing, alls rúmlega 9 mánuði. Ofangreindir dómar ákærða eru fyrir brot gegn fíkniefnalöggjöfinni, brot gegn 1. mgr. 106., 1. mgr. 155., 1., sbr. 2. mgr. 164., 244., 245., 247. og 248. gr. almennra hegningarlaga. Ákærði Atli hefur frá 1981 gengist 11 sinnum undir dómsáttir fyrir fíkniefna-, áfengis- og umferðarlagabrot. Ákærði Atli hlaut síðast refsingu þann 28. desember 1988, þá 30 daga fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

— — —

Árás ákærða á þá Valgeir Magnússon og Gunnar Sigurjónsson var, að því er virðist, tilefnislaus, og ákærði veitti Gunnari mjög alvarlega og mikla

áverka, svo sem læknisvottorð Gunnars ber með sér, en ákærði taldi í fyrstu, að Gunnar væri látinn, er ákærði yfirgaf hann liggjandi fyrir utan Hverfisgötu 86 aðfaranótt 26. mars sl. Áverka þá, sem ákærði hafði, er hann kom til skoðunar á slysadeild, hefur ákærði sagst hafa fengið í átökum inni í húsinu, en bæði Gunnar og Valgeir hafa borið því í mót og Valgeir greint frá því, að ákærði hafi haft áverkana, er hann kom á Hverfisgötu 86 um nóttina. Ákærði hefur lýst átökunum milli sín og Gunnars fyrir utan húsið sem mjög hörðum og varla mátt milli sjá, hvor hefði betur. Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, er ekkert, sem bendir til þess, að átökin hafi verið þannig, að Gunnar Sigurjónsson hafi getað veitt ákærða einhverja áverka, enda Gunnar mjög ölvaður, svo sem alkóhólrannsókn ber með sér, en vínandamagn í blóði Gunnars reyndist vera 2,77‰. Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, telur dómurinn sannað, svo sem rakið var að ofan, að ákærði hafi ráðist að Gunnari fyrir utan húsið á þann hátt, sem í ákærunni greinir, og Gunnar fyrst og fremst reynt að verjast árásum ákærða, sem voru samkvæmt þessu mjög hrottalegar.

Að öllu ofanrituðu virtu og að virtum gögnum málsins og með vísan til sakferils ákærða Atla þykir refsing hans hæfilega ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga fangelsi í 7 mánuði. Til frádráttar dæmdri refsingu og með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga komi 11 dagar, er ákærði sætti gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar málsins.

— — —

Eigandi söluturnsins Óðinsgötu 5 hefur gert skaðabótakröfu, sem sundurliðast þannig:

Viðgerðarkostnaður á glugga	kr.	18.626
Tóbak og kveikjari	"	430
Glerbrot í sælgæti	"	11.000
Annar kostnaður	"	6.500
Samtals	kr.	36.556

Ákærði Atli hefur vísað bótakröfunni á bug sem órökstuddri og allt og hárri.

Engin gögn fylgdu til stuðnings bótakröfunni, og er hún þannig fram sett ekki tæk til, að lagður verði á hana efnisdómur, og er kröfunni vísað frá dómi.

Allur kostnaður máls þessa er felldur á ákærða Atla og honum m.a. gert að greiða kr. 50.000 í réttargæslu- og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Kristjáns Stefánssonar hdl.

Dómsorð:

Ákærði, Atli Steinar Bjarnason, sæti fangelsi í 7 mánuði, en til frádráttar komi 11 dagar, er ákærði sætti gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar málsins.

Ákærða X sæti fangelsi í 30 daga, en fresta skal fullnustu refsingarinnar í tvö ár frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærði Atli greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. kr. 50.000 í réttargæslu- og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Kristjáns Stefánssonar hdl.

Þriðjudaginn 11. desember 1990.

Nr. 408/1988. **Skipasmiðjan Hörður hf. og**
Ólafur Hörður Sigtryggsson
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Íslandsbanka hf.
(Garðar Garðarsson hrl.).

Uppboð. Greiðsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Frá 1. janúar 1990 breyttist heiti stefnda og varð Íslandsbanki hf.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. desember 1988. Þeir gera þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og synjað verði um framkvæmd uppboðs á fasteigninni Holtsgötu 9, Sandgerðisbæ. Þá krefjast þeir málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur um það, að fram skuli fara nauðungaruppboð á fasteigninni Holtsgötu 9, Sandgerðisbæ, til lúkningar skuld samkvæmt skuldabréfi, útgefnu af stjórn Skipasmiðjunnar Harðar hf. 25. nóvember 1986 til Útvegsbanka Íslands, upphaflega að fjárhæð 4.000.000 króna, bundið lánskjaravísitölu. Krafist er staðfestingar á ákvörðun héraðsdóms um málskostnað svo og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda fyrir Hæstarétti auk virðisaukaskatts.

Hér fyrir dómi byggja áfrýjendur á þeirri einu málsástæðu, að skuldabréf það, sem um er fjallað í máli þessu, hafi verið í skilum, og því óheimilt að gjaldfella það.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar, sbr. dóm Hæstaréttar 11. maí 1989 í málinu nr. 173/1988, er fallist á niðurstöðu hans, þó þannig að uppboðshaldari ákveði uppboðsdag að nýju.

Rétt er, að áfrýjendur greiði stefnda 200.000 krónur í málskostnað.

Dómsorð:

Framangreint uppboð skal fram fara.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða úrskurðar skal vera óraskað.

Áfrýjendur, Skipasmiðjan Hörður hf. og Ólafur Hörður Sigtryggsson, greiði stefnda, Íslandsbanka hf., 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsréttar Gullbringusýslu 18. nóvember 1988.

Með bréfi, dagsettu 8. febrúar 1988, fór Garðar Garðarsson hrl. fyrir hönd Útvegsbanka Íslands hf. þess á leit, að fasteignin Holtsgata 9 í Miðneshreppi, þinglýst eign Ólafs Harðar Sigtryggssonar, yrði seld á nauðungaruppboði til lúkningar skuld samkvæmt veðskuldabréfi, útg. 25. nóvember 1986 af Skipasmiðjunni Herði hf., að fjárhæð kr. 4.311.284, auk vaxta og kostnaðar.

Uppboðsauglýsing var síðan gefin út 28.3. 1988 og birt í 49., 56. og 61. tbl. Lögbirtingablaðsins 1988, og var uppboðið þingfest 3. júní 1988.

Við þingfestingu var mætt af hálfu uppboðsþola og uppboðskröfu Útvegsbanka Íslands hf. vegna framangreinds veðskuldabréfs mótmælt. Var málið síðan tekið fyrir 21.9. 1988 og þá lögð fram greinargerð af hálfu uppboðsþola. Málinu var frestað til greinargerðar af hálfu uppboðsbeiðanda til 28. september 1988 og þá lögð fram greinargerð af hans hálfu. Sátt var reynd árangurslaust. Þann 28. október 1988 fór fram munnlegur málflutningur og málið þá tekið til úrskurðar.

Í greinargerð uppboðsþola er Skipasmiðjan Hörður hf. tilgreind sem uppboðsþoli í málinu. Í þinghaldi 28. september sl. varð samkomulag með aðilum um það, að Ólafur Hörður Sigtryggsson yrði sóknaraðili málsins ásamt Skipasmiðjunni Herði hf., en Ólafur Hörður er þinglýstur eigandi eignarinnar.

Krafa uppboðsþola er sú, að synjað verði um uppboð á fasteigninni Holtsgötu 9, Miðneshreppi, vegna kr. 4.000.000 skuldabréfs, sem hvílir á 2. veðrétti fasteignarinnar, samanber uppboðsbeiðni Útvegsbanka Íslands hf., dags. 8. febrúar 1988. Krafist var rökstudds úrskurðar og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Uppboðsbeiðandi, Útvegsbanki Íslands hf., gerir þær dómkröfur, að fram fari nauðungaruppboð á fasteigninni Holtsgötu 9, Miðneshreppi, með tilheyrandi lóðarréttindum, þinglýstri eign uppboðsþola, Ólafs Harðar Sigtryggssonar, til lúkningar skuld, sem getið sé í uppboðsbeiðni, sem dag-

sett sé 8. febrúar 1988. Þá krefst hann málskostnaðar í máli þessu úr hendi uppboðsþola samkvæmt gjaldskrá LMFÍ auk söluskatts.

Uppboðsþoli telur meginatriði málavaxta vera þau, að uppboðsþoli hafi skuldað uppboðsbeiðanda skuld í samræmi við það kr. 4.000.000 skuldabréf, sem fyrir liggi í málinu, en þó aðeins höfuðstól bréfsins með áföllnum verðbótum og vöxtum síðan 1. maí 1987. Annað telur uppboðsþoli sig ekki skulda vegna skuldabréfsins, og telur uppboðsþoli, að skuldabréfið sé ekki að nokkru leyti í vanskilum. Eina greiðslan, sem gjaldfallin sé af bréfinu samkvæmt hljóðan þess, sé vaxtagreiðsla pr. 1. maí 1987, að fjárhæð kr. 66.436, í uppboðsbeiðni uppboðsbeiðanda. Uppboðsþoli telur þessa greiðslu vera í skilum, og hafi því ekki verið réttmætt að segja upp eftirstöðvum skuldabréfsins. Uppboðsþoli heldur því fram, að greiðsla á greindum kr. 66.436 hafi verið greidd með skuldajöfnuði við hluta af kr. 1.330.000 inneign, sem uppboðsþoli hafi átt hjá uppboðsbeiðanda. Allhá fjárhæð hafi verið greidd inn á hlaupareikning uppboðsþola í Útvegsbankanum í janúar 1987, og hluti hennar, kr. 1.330.000, hafi verið tekinn af starfsmönnum Útvegsbankans til að lækka skuldabréf, að fjárhæð kr. 17.500.000, sem uppboðsþoli hafði gefið út 25. nóvember 1986 og hafði verið þinglýst og frágengið í viðskiptum við uppboðsbeiðanda. Þessi ráðstöfun hafi verið gerð án samráðs við uppboðsþola og án vitundar hans fyrir löngu, að því er hann telur. Með bréfi, dags. 10. desember 1987, hafi uppboðsþoli tilkynnt, að hann vildi, að ofangreind vaxtagreiðsla af skuldabréfinu yrði greidd með hluta af kr. 1.330.000, og telur uppboðsþoli þannig, að skuldabréfið sé í skilum.

Uppboðsbeiðandi telur málavexti vera eftirfarandi:

Uppboðsþoli hafi skuldað uppboðsbeiðanda mikið fé vegna ýmissa lánafyrirgreiðslna og viðskipta. Hafi skuld uppboðsþola verið í miklum vanskilum. Forráðamenn uppboðsþola hafi lýst félagið vanmegnugt að greiða vanskilin og hafi óskað eftir því, að gerður yrði samningur við uppboðsbeiðanda um „skuldbreytingu" þessara vanskila og annarra skulda við uppboðsbeiðanda. Hafi orðið (sic) við þeirra málaleitan síðla árs 1986, með þeim hætti þó, að ekki skyldi felast í því nein aukin langtímafyrirgreiðsla til uppboðsþola, því að skuldir hans hafi verið ærnar fyrir. Ekki hafi legið nákvæmlega fyrir, hverjar skuldir uppboðsþola hafi verið við uppboðsbeiðanda, fyrr en lokið yrði uppgjöri, sem hafi verið talsvert viðamikið, enda hafi verið stöðug hreyfing á viðskiptum. Stjórn uppboðsþola hafi gefið út nokkur veðskuldabréf, öll dags. 25. nóvember 1986, samtals að höfuðstól kr. 40.200.000. Af bókhaldslegum ástæðum hafi nettóandvirði bréfanna verið lagt á sérstakan reikning. hlaupareikning nr. 566, sem hafi verið skráður á nafn uppboðsþola. Uppboðsþoli hafði ekki haft heimild til að ávísa á þann reikning í nokkur misseri. Til mótvægis hafi skuldir uppboðs-

þola verið skuldfærðar á þennan reikning, en nokkur tími hafi liðið, frá því að bréfin voru gefin út, þar til hægt hafi verið að „kaupa" þau. Þegar uppgjöri hafi lokið, hafi komið í ljós, að samtala útgefinna skuldabréfa hafi verið of há miðað við þá lánafyrirgreiðslu, sem hafði verið lofað, þ.e. skuldbreytingu á vanskilum, meðal annars vegna þess, að vextir af skuldum uppboðsþola við uppboðsbeiðanda hafi verið endurreiknaðir og lækkaðir að beiðni hans, og einnig hafi verið fallist á að krefja uppboðsþola ekki um lántökugjöld vegna þessara skuldbreytinga, svo sem þó hefði verið gert ráð fyrir. Nam lækkunin kr. 1.330.000, og hafi höfuðstóll eins skuldabréfsins verið lækkaður um þá fjárhæð með sérstakri áritun á frumrit bréfsins, en skilmálum þess hafi ekki verið breytt að öðru leyti. Til mótvægis við þessa lækkun bréfsins hafi að sjálfsögðu sama fjárhæð verið færð af reikningi 566. Að loknum þessum færslum hafi reikningurinn verið með núllstöðu. Hins vegar hafi skuld á reikningnum á 1. gjalddaga lánanna verið kr. 1.734.138. Það sé hins vegar misskilningur hjá forráðamönnum uppboðsþola eða vísvitandi rangfærslur, að til hefði staðið, að uppboðsbeiðandi lánaði uppboðsþola fé til að greiða vexti af skuldum við uppboðsbeiðanda. Þá vill uppboðsbeiðandi láta þess getið að gefnu tilefni, að uppboðsþola hafi jafnóðum verið sendar skilagreinar fyrir ráðstöfun lánsfjárins og viðkomandi skuld og fylgiskjöl hafi verið stimpluð greiðslustimpli og send honum. Þá sé þess enn fremur að geta, að uppboðsþoli hafi fengið mánaðarlega sent reikningsyfirlit yfir hlaupareikning 566, þar á meðal í febrúarbyrjun 1987 fyrir janúar 1987, og þar komi allar þessar hreyfingar fram einnig. Það sé fyrst eftir að uppboðsbeiðandi hafði hafið innheimtuaðgerðir á vanskilum uppboðsþola, að hann hafi sent bréf á dómskjali nr. 11, en þá hafi lengi staðið yfir viðræður milli aðila um vanskilaviðskipti uppboðsþola, og forsvarsmenn uppboðsþola hafi aldrei minnst á þessa lækkun á höfuðstól skuldabréfsins.

Uppboðsþoli telur, að skuldabréf það, sem uppboðsbeiðandi notar sem uppboðsgrundvöll, sé í skilum á þann hátt, að viðurkennt sé, að uppboðsbeiðandi eða sá, sem hann leiðir rétt sinn af, hafi fengið í hendur fé, sem sé fyllilega nægjanlegt til að greiða áfallnar greiðslur af því, ásamt ósk uppboðsþola um að nota féð á þann hátt. Engar heimildir séu fyrir hendi til uppboðsbeiðanda að nota féð á þann hátt, sem gert hafi verið, þ.e. til að lækka höfuðstól bréfsins. Uppboðsþoli telur, að skuldabréfið geti ekki verið uppboðsheimild, þar sem skuldabréfið sé verðtryggt, og útreikningur greiðslna sé flókinn og þarfnist annarra gagna en fram komi í bréfinu sjálfu, svo sem vaxtataflna og upplýsinga um lánskjaravísitölu. Engar heimildir séu í lögum, að vaxtatöflur og lánskjaravísitölutöflur séu uppboðsheimild, og heldur engin ákvæði, sem heimili það. Þessi skjöl liggi ekki heldur fyrir í málinu, svo að ekki sé unnt að staðreyna með málskjölum

forsendur uppboðskrafna. Uppboðslög nr. 57/1979, 1. tl. b, 1. grein, opni möguleika til að nota samning um veðrétti í fasteign sem uppboðsheimild, þar sem slíkt sé heimilað í lögum, en það ákvæði nefni ekki lánskjaravísitölutöflu eða vaxtatöflu; auk þess hafi ekki verið samið við uppboðsþola um vaxtastig eða lánskjaravísitölustig, önnur en þau, sem nefnd eru í skuldabréfinu.

Uppboðsbeiðandi telur, að ljóst sé, að uppboðsþoli geti ekki komið að öðrum vörnum í máli þessu en getur í 208. gr. eml. Í veðskuldabréfi því, sem krafa hans byggist á, segir m.a., að rísi mál út af skuldinni eða veðsetningunni, megi reka það fyrir bæjarþingi Reykjavíkur skv. 17. kafla laga 85/1936. Hann vísar til að 1. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949 um dómara, þinghöld, aðila, málflytjendur, málflutning, fresti, hafningu máls, aðilaskýrslur, vitni, skjöl, mat og skoðun, réttarfarssekt, málskostnað og úrskurði, taki til uppboða, eftir því sem við getur átt, nema öðruvísi sé mælt um í lögum. Einnig vísar hann til 223. gr. laga nr. 85/1936, þar sem sé að finna fyrirmæli um, að ákvæði 9. og 10. og 14. kafla þeirra taki til málsmeðferðar fyrir uppboðsrétti, þegar því verði við komið. Í hvorugu þessara lagaákvæða sé mælt fyrir um, að reglum 17. kafla laga nr. 85/1936 verði beitt fyrir uppboðsrétti. Af dómsforsendum sé þó ljóst, að framangreind talning á þeim reglum laga nr. 85/1936, sem beitt verði í uppboðsrétti, sé ekki tæmandi, og sé því ekki fært að gagnálykta frá henni. Þær reglur, sem fram komi í 208. gr. laga nr. 85/1936 og takmarki heimildir í almennu einkamáli til að koma að vörnum gegn kröfum skv. víxli, tékka eða skuldabréfi, séu í samræmi við meginreglur, sem teljist gilda um heimildir til að hafa uppi mótbárur gegn viðskiptabréfskröfum. Verði því ekki séð, að efni þessara reglna sé með þeim hætti, að þær geti einungis átt við um rekstur mála fyrir almennum dómstólum. Í þessum efnum verði ekki heldur fram hjá því litið, að eiganda veðskuldabréfs sé kleift, þrátt fyrir ákvæði þess um beina uppboðsheimild, að afla dóms almenns dómstóls um kröfu samkvæmt því, og orki ekki tvímælis, að tilvísun veðskuldabréfs til umræddra 17. kafla laga nr. 85/1936 yrði til þess að útiloka aðrar málsvarnir en 108. gr. laganna heimili við þær aðstæður. Í ljósi þessara atriða þyki verða að líta svo á, að reglum 17. kafla laga nr. 85/1936 verði beitt um kröfu skv. veðskuldabréfi fyrir uppboðsrétti, ef fullnægt er áskilnaði 3. tl. 207. gr. laganna, svo sem er í þessu máli.

Uppboðsbeiðandi telur því, að ekki komi til álita aðrar varnir uppboðsþola en þær, sem falla innan marka 1. og 3. mgr. 208. gr. einkamálalaga. Ljóst sé, að ákvæði 1. mgr. eigi ekki við hér. Hann telur uppboðsþola bera sönnunarbyrði á því, að uppboðsbeiðandi hafi ætlað að lána honum meira fé en skuldum hans nam, þegar um það var samið, og slíkri sönnunarfærslu geti hann ekki komið að í þessu máli. Hann telur, að samkvæmt reglum

um viðskiptabréf væri eina skjalið, sem hann gæti byggt einhverjar varnir á, kvittun frá uppboðsbeiðanda um greiðslu vaxta, sem gjaldféllu 1. maí 1987. Slíka kvittun hafi uppboðsþoli ekki undir höndum af þeirri einföldu ástæðu, að hann hafi ekki greitt vextina á gjalddaga né síðar. Hafi bankanum því verið heimilt að telja eftirstöðvar skuldarinnar fallnar í gjalddaga skv. ákvæðum veðbréfsins og heimilt að láta selja veðið á opinberu uppboði, sbr. 1. tl. B 1. gr. laga 57/1949, 3. gr. laga nr. 18/1987 og 39. gr. laga 68/1984.

Þá telur hann, að sú málsástæða uppboðsþola að telja ákvæði skuldabréfsins óglögg vegna vísitöluákvæða bréfsins fái ekki staðist. Skuld skv. bréfunum sé bundin lánskjaravísitölu, sem hefði verið skráð af Seðlabanka Íslands allt frá árinu 1979 og birt mánaðarlega, og fullnægi bréfið þannig A-lið 4. tl. 1. mgr. 39. gr. laga nr. 13/1979, og vísitöluákvæði bréfsins fái ekki staðist. Skuld skv. bréfunum sé bundin lánskjaravísitölu, sem hafi verið skráð af Seðlabanka Íslands allt frá árinu 1979 og birt mánaðarlega, og fullnægi bréfið þannig A-lið 4. tl. 1. mgr. 39. gr. laga nr. 13/1979, og vísitöluákvæði bréfsins séu undirstrikuð í hinu prentaða formi, og sé öllum almenningi vel kunnugt um, hvernig reikna á út skuldir, sem bundnar eru lánskjaravísitöluákvæðum. Þá telur hann, að ágreining um fjárhæð skuldarinnar eigi að útkljá við úthlutun uppboðsandvirðisins og eigi ekki við í málinu á þessu stigi.

Uppboðsbeiðandi krefst þess, að uppboðsþola verði gert að greiða uppboðsbeiðanda málskostnað í máli þessu með hliðsjón af 1. tl. 177. gr. laga 85/1936, þar sem þegar hafi verið úrskurðað um málsástæður hans í öðru sams konar máli, sem hafi verið rekið fyrir uppboðsrétti Njarðvíkur.

Veðskuldabréf það, sem uppboðsbeiðandi byggir kröfur sína á, liggur frammi í málinu í ljósriti, dskj. nr. 4. Uppboðsrétturinn lítur svo á, að málsástæður uppboðsþola, að veðskjalið sé svo óljóst orðað vegna vísitöluákvæðis þess, að það geti ekki talist uppboðsheimild, fái ekki staðist með tilvísun til laga og reglugerða, þá einkanlega laga nr. 13/1979.

Að mati réttarins er það ljóst, að málsmeðferð í máli þessu fari eftir ákvæðum laga nr. 85/1936 með tilvísun til 4. gr. laga nr. 57/1949, og lítur því rétturinn svo á, að engar varnir af hálfu uppboðsþola sé hægt að hafa uppi í máli þessu aðrar en þær, er koma fram í 208. gr. eml. nr. 85/1936, með tilvísun til 3. tl. 207. gr. sömu laga.

Uppboðsþoli hefur ekki sýnt fram á greiðslu á gjaldföllnum vöxtum af skuldabréfi því, sem er uppboðsheimild í máli þessu. Greiðslustaður skuldabréfsins var í Útvegsbanka Íslands. Uppboðsþoli greiddi ekki vexti, svo sem honum bar á gjalddaga, né heldur síðar. Hann hafði ekki réttmæta ástæðu til að ætla það, að uppboðsbeiðandi myndi annast greiðslu á gjaldföllnum

vöxtum bréfsins. Þar sem veruleg vanskil voru orðin á greiðslunni, var uppboðsbeiðanda heimilt að gjaldfella skuldabréfið.

Krafa uppboðsbeiðanda er því að öllu leyti tekin til greina, og er ákveðið, að nauðungarsala á fasteigninni Holtsgötu 9, Miðneshreppi, fari fram í skrifstofu embættisins að Vatnsnesvegi 33 í Keflavík 19. janúar 1989 kl. 10.00 f.h. að undangenginni auglýsingu.

Með tilliti til framangreinds ber sóknaraðila, Skipasmiðjunni Herði hf. og Ólafi Herði Sigtryggssyni, að greiða varnaraðila, Útvegsbanka Íslands hf., málskostnað in solidum, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 25.000.

Jón Eysteinsson sýslumaður kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Nauðungaruppboð á fasteigninni Holtsgötu 9, Sandgerði, skal fara fram að Vatnsnesvegi 33, Keflavík, fimmtudaginn 19. janúar 1989 kl. 10.00 fyrir hádegi að kröfu Útvegsbanka Íslands hf.

Sóknaraðili, Skipasmiðjan Hörður hf. og Ólafur Hörður Sigtryggsson, greiði varnaraðila, Útvegsbanka Íslands hf., kr. 25.000 í málskostnað in solidum innan 15 daga frá lögbirtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. desember 1990.

Nr. 440/1990. **Ákæruvaldið**

gegn

Ragnari Símonarsyni.

Kærumál. Hæfi dómara.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason og Þór Vilhjálmsson.

Sigríður Ingvarsdóttir, héraðsdómari í Kópavogi, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 29. nóvember 1990 samkvæmt heimild í 1. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Hann krefst þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og héraðsdómaranum „lýst rétt og skylt að fara með málið og kveða upp í því efnisdóm samkvæmt ákæru, útgefinni 5. september sl.“.

Verjandi ákærða hefur í greinargerð 7. desember 1990 gert þær kröfur, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Verjandi bendir á, að í máli þessu hafi komið til afskipta bæjarfógetans í Kópavogi, sem sé yfirmaður lögreglu og náinn samstarfsmaður héraðsdómarans. Ásakanir hafi einnig komið fram um leiðbeiningarþátt bæjarfógetans auk ásakana í garð lögreglumanna.

Samkvæmt 3. mgr. 9. gr. laga nr. 74/1972 um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o.fl. starfar sérhver héraðsdómari sjálfstætt og á eigin ábyrgð að þeim dómsmálum, sem forstöðumaður embættis hefur falið honum til meðferðar. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar hefur forstöðumaður embættis ekki umsjón með dómstörfum héraðsdómara. Héraðsdómarinn er því ekki undirmaður forstöðumanns, að því er dómsmál varðar. Ákæruði hefur því ekki ástæðu til að draga óhlutdrægni dómarans í efa. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður sakadóms Kópavogs 27. nóvember 1990.

Mál þetta er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæru, dagsettri 5. september sl., á hendur Ragnari Símonarsyni, Daltúni 34 í Kópavogi, f. 10. janúar 1973, fyrir að hafa ráðist á tvo lögreglumenn við Daltún 40 aðfaranótt 11. febrúar sl., sparkað í annan þeirra, en veitt hinum líkamsáverka, og enn fremur að hafa haft uppi hótanir við fjóra lögreglumenn.

Málið var þingfest þann 5. nóvember sl., en ákærði gaf skýrslu fyrir dómi þann 7. nóvember sl. Kom þá m.a. fram, að hann taldi lögreglumennina hafa misþyrmt sér umrædda nótt. Einnig hafi foreldrar hans lent í átökum við lögreglumennina, og móðir hans hafi hlotið áverka af þeirra völdum.

Lögreglumennirnir, sem hér um ræðir, voru þá allir í lögreglu Kópavogs. Ákærði hefur borið fyrir dómi, að hann og foreldrar hans hafi ráðfært sig við bæjarfógetann í Kópavogi, Ásgeir Pétursson, varðandi rannsókn málsins. Bæjarfógetinn hafi ætlað að athuga málið og hafa síðan samband við þau. Vegna þess að hann hafi ekki haft samband, hafi þau látið hjá líða að fara fram á ákveðna rannsókn í málinu hjá rannsóknarlögreglu. Þannig hafi bæjarfógetinn hindrað rannsókn og komið í veg fyrir, að hann og móðir hans kærðu lögreglumennina.

Í skýrslu lögreglunnar í Kópavogi kemur fram, að ákærði var færður í fangageymslu lögreglunnar í Reykjavík umrædda nótt til geymslu. Einnig kemur fram, að rannsóknarlögregla ríkisins hafi tekið við rannsókn málsins, og var skýrsla tekin af ákærða þar næsta dag, og var ákærða sleppt að henni lokinni. Samkvæmt gögnum málsins voru ekki teknar skýrslur af foreldrum ákærða, en ekki kemur fram, að þau hafi skorast undan að bera vitni í málinu.

Bæjarfógetinn í Kóavogi, sem jafnframt er lögreglustjóri í umdæminu, er yfirmaður embættisins, er dómarinn í máli þessu starfar við. Ákærði á rétt á því, að óhlutdrægni og sjálfstæði dómarans, sem um mál hans fjallar, verði ekki dregið í efa. Þykir því rétt með vísan til 7. tl. i.f. 36. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936, sem gildir um meðferð opinberra mála samkvæmt 2. mgr. 15. gr. l. nr. 74/1974, að dómarinn víki sæti í máli þessu.

Úrskurðarorð:

Dómari víkur sæti í máli þessu.

Miðvikudaginn 12. desember 1990.

Nr. 290/1990. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Sigþóri Pétri Svavarssyni
(Jón Magússon hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. júní 1990 að ósk ákærða og einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar á refsingu, en staðfestingar á sviptingu ökuréttinda ævilangt.

Eins og fram kemur í héraðsdómi var í ákæru sagt, að brot ákærða vörðuðu meðal annars við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Héraðsdómari telur 1., sbr. 3. mgr. lagagreinarinnar eiga við. Málið var hvorki sótt né varið fyrir sakadómi, og bar að byggja þar í dómi á 1. mgr., sbr. 2. mgr. fyrrnefndrar lagagreinar, sbr. lokaákvæði 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, og H.1988,949. Hér fyrir dómi var málsreifun með þeim hætti, að dæmt verður á grundvelli 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga.

Nýtt sakavottorð var lagt fyrir Hæstarétt, en þar er ekki getið annarra brota en nefnd eru í héraðsdómi.

Refsing ákærða er samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga og með hliðsjón af 8. tl. 70. gr., 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin varðhald í 60 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað, eins og segir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Sigþór Pétur Svavarsson, sæti varðhaldi 60 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 18. maí 1990.

Ár 1990, föstudaginn 18. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Birnu Björnsdóttur fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 269/1990: Ákæruvaldið gegn Sigþóri Pétri Svavarssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, útgefnu 10. apríl 1990, á hendur Sigþóri Pétri Svavarssyni, fæddum 4. júlí 1948, fæðingarnúmer 245, fyrir að „aka, undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni R-19677 á árinu 1987, svo sem hér er rakið:

1) Þriðjudaginn 7. júlí, um götur í Þorlákshöfn, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans við bensínafgreiðslu Olís.

2) Miðvikudaginn 11. nóvember, um götur í Bolungarvík, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans í Hafnargötu.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr., 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, sbr. áður 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1969, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, sbr. áður 81. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir samkvæmt framburði ákærða og öðrum gögnum málsins:

Ákæruliður 1.

Þriðjudaginn 7. júlí kl. 18.45 var lögreglan í Árnessýslu við eftirlitsstörf í Þorlákshöfn. Veittu lögreglumenn athygli bifreiðinni R-19677, sem ekið var austur Selvogsbraut og norður Óseyrarbraut. Vegna aksturslags bifreiðar var henni veitt eftirför. Er haft var tal af ökumanni, ákærða í máli þessu, eftir stöðvun bifreiðar við Olís, Þorlákshöfn, fannst áfengisþefur frá vitum hans. Var tekið öndunarsýni af ökumanni, er sýndi III. stig. Var hann færður á lögreglustöðina á Selfossi, þar sem læknir tók úr honum blóðsýni til alkóhólákvörðunar. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða vera 1,86‰. Ákærði reyndist jafnframt vera sviptur ökuréttindum.

Við yfirheyrslu fyrir lögreglu þann 26.3. 1990 viðurkenndi ákærði að

hafa neytt áfengis fyrir akstur í greint sinn og fundið til áfengisáhrifa við aksturinn.

Ákærði kom fyrir dóm hinn 4. maí sl., og var framburður hans í samræmi við framangreinda skýrslu fyrir lögreglu.

Ákæruliður 2.

Miðvikudaginn 11. nóvember 1987 um kl. 22.00 var lögreglunni í Bolungarvík tilkynnt um, að grunur léki á, að ákærði í máli þessu væri ölvaður við akstur. Nokkru síðar var bifreiðin R-19677 stöðvuð á Hafnargötu, og reyndist ökumaður hennar vera ákærði í máli þessu. Var ákærði færður á lögreglustöðina til yfirheyrslu og honum jafnframt tekið blóðsýni. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði vera 1,77‰.

Fyrir lögreglu í Reykjavík þann 26.3. 1990 viðurkenndi ákærði að hafa ekið réttindalaus og undir áhrifum áfengis í framangreint sinn.

Fyrir dómi þann 4. maí sl. var framburður ákærða samhljóða skýrslu fyrir lögreglu.

Niðurstaða.

Með játningu ákærða, niðurstöðu blóðrannsóknar og öðrum gögnum málsins er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um þau brot, sem honum eru gefin að sök í ákæruskjali og eru þar rétt færð til refsiákvæða að því frátöldu, að brot ákærða teljast varða við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga, en ekki 1., sbr. 2. mgr. 45. gr., eins og greinir í ákæru.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt refsingum sem hér segir:

[Ákærði sætti refsidómi 1983 fyrir ölvunarakstur og var þá sviptur ökuleyfi 20 mánuði. Hann var 1985 dæmdur í 45 daga varðhald fyrir sams konar brot og sviptur ökuleyfi ævilangt, og 1986 var hann dæmdur í 45 daga varðhald (hegningarauka) fyrir sams konar brot. Hann hefur 4 sinnum sæst á greiðslu sekta, m.a. 1984 fyrir umferðarlagabrot og 17. febrúar 1989 fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.]

Ákærði hefur með greindri háttsemi unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. áður 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing sú, sem ákærða verður gerð í máli þessu, verður hegningarauki við dómsátt sakadóms Reykjavíkur frá 17.2. 1989, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Með hliðsjón af sakaferli ákærða, sbr. einnig 77. gr. almennra hegningarlaga, þykir hún (sic) hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi.

Í ákæruskjali er þess krafist, að ákærði verði sviptur ökuréttindum samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur frá 12.12. 1985 var ákærði sviptur ökuréttindum ævilangt. Árétta ber, að þau ákvæði dómsins haldi gildi sínu.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Sigþór Pétur Svavarsson, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Fimmtudaginn 13. desember 1990.

Nr. 443/1989. **Birgir Jóhannesson**
(Jón Þorsteinsson hrl.)
gegn
Byggingarsamvinnufélagi ungs fólks, Reykjavík
(Gísli Baldur Garðarsson hrl.).

Byggingasamvinnufélög. Uppgjör.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Þór Vilhjálmsson og hæstaréttarlögmennirnir Gunnar M. Guðmundsson og Sigurður Reynir Pétursson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. nóvember 1989. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst áfrýjandi þess, að hann „verði dæmdur til að greiða stefnda lokagreiðslu að fjárhæð kr. 118.619 ásamt verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu frá grunnvísitölunni 1565 stig í janúarmánuði 1987 til vísitölu greiðslumánaðarins svo og 6,5% ársvexti frá 14. janúar 1987 til greiðsludags á verðbættan höfuðstól. Málskostnaður falli niður". Til þrautavara krefst áfrýjandi lækkunar á kröfum stefnda að mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun og dráttarvaxta á málskostnaðarfjárhæð frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms til greiðsludags.

I.

Áfrýjandi gerir þannig grein fyrir varakröfu sinni, sem er ný krafa, að skuld hans 1. janúar 1987 hafi verið 378.401 króna. Er þá miðað við uppgjör það, sem áfrýjandi fékk í október 1986 með áætlaðri leiðréttingu vegna reikninga, sem ekki voru fram komnir. Hinn 14. janúar 1987 greiddi áfrýjandi 259.782 krónur, og er fjárhæð varakröfu mismunur þessara tveggja upphæða. Greiðsla fyrir óloknar framkvæmdir er þar innifalin. Vexti og verðbætur miðar áfrýjandi við greiðslukjör, sem fyrirhuguð voru á þeim tíma.

II.

Í hinum áfrýjaða dómi er því lýst, að haustið 1986 hafi komið í ljós, að byggingarkostnaður 5. byggingarflokks, sem íbúð áfrýjanda var í, var hærri en áætlað hafði verið. Ekki er byggt á því í máli þessu, að kostnaður vegna annarra byggingarflokka hafi verið færður yfir á 5. byggingarflokk.

Fallast ber á það, sem segir í hinum áfrýjaða dómi, að uppgjör það á stöðu 5. byggingarflokks, sem áfrýjandi fékk í október 1986, hafi aðeins verið bráðabirgðauppgjör. Þá verður ekki talið, að uppgjör við áfrýjanda 14. janúar 1987 hafi verið fullnaðaruppgjör, enda framkvæmdum ekki að fullu lokið.

Samkvæmt 31. gr. laga nr. 30/1970 um Húsnæðismálastofnun ríkisins annast byggingarsamvinnufélög byggingarframkvæmdir í umboði félagsmanna hlutaðeigandi byggingarflokks. Félagar í byggingarsamvinnufélagi byggja íbúðir sínar fyrir kostnaðarverð og verða að taka á sig endanlegan kostnað við byggingu íbúðanna, en hver byggingarflokkur hefur samkvæmt 3. mgr. 30. gr. laganna aðstöðu til eftirlits með framkvæmdum og fjárreiðum hans. Samkvæmt 4. mgr. 30. gr. laganna úrskurðar félagsstjórn um skiptingu byggingarkostnaðar milli einstakra íbúðareigenda í samræmi við ákvæði byggingarsamnings og almennar reglur, ef til eru. Í hinum áfrýjaða dómi er gerð grein fyrir byggingarsamningi þeim, sem aðilar gerðu sín á milli 18. janúar 1982. Samkvæmt 2. gr. þess samnings skyldi verkið unnið fyrir kostnaðarverð að viðbættu 1% álagi í varasjóð stefnda. Í 5. gr. byggingarsamningsins er ákvæði þess efnis, að félagið megi innheimta hjá samningsaðila sömu vexti og það verður að greiða af víxlum sínum frá gjalddaga hverrar greiðslu, ef dráttur verður á innborgunum. Af ákvæðinu leiðir, að stjórninni var heimilt að skipta vöxtum, sem félagið verður að greiða, niður á félagsmenn í hlutfalli við skuldir þeirra, en byggt er á þeirri aðferð í kröfugerð stefnda. Áfrýjandi hefur ekki lagt fram haldbær gögn til styrktar mótmælum sínum gegn kröfugerð stefnda. Ber því með vísan til þess, sem að framan er rakið, og til raka héraðsdóms, sem skipaður var sérfróðum meðdómendum, að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

III.

Mál þetta varðar flókin fjárviðskipti aðila. Verður ekki talið, að

málatilbúnaður lögmanns áfrýjanda í héraði hafi verið umfangsmeiri en efni stóðu til.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. nóvember 1989.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, hefur Byggingarsamvinnufélag ungs fólks, Reykjavík (skammstafað Byggung bsf., Reykjavík), Lynghálsi 3, Reykjavík, höfðað fyrir dóminum við þingfestingu málsins þann 15. desember 1988 á hendur Birgi Rafni Jóhannessyni, nú til heimilis að Frostafold 6 í Reykjavík, til greiðslu eftirstöðva byggingarkostnaðar samkvæmt byggingarsamningi, dags. 18. janúar 1982.

Kröfur.

Stefnandi krefst þess, að stefndu greiði sér kr. 314.376 eða aðra fjárhæð lægri ásamt 33,6% dráttarvöxtum á ári frá 25. október 1988 til 1. nóvember s.á., 27,6% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til þingfestingardags, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaði skv. gjaldskrá LMFÍ, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Af stefnda hálfu er aðallega krafist sýknu, en til vara lækkunar á stefnufjárhæð auk kr. 597.494 í málskostnað með vöxtum skv. III. kafla laga 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, hvernig sem málið fer.

Málsatvik.

Með byggingarsamningi 18. janúar 1982 tók stefnandi að sér að byggja 2 herbergja íbúð fyrir stefnda að Fjörugranda 1, Reykjavík, fyrir kostnaðarverð að viðbættu 1% álagi í varasjóð félagsins. Stefnda var skipað í 5. byggingarflokk, og skyldi sameiginlegur kostnaður jafnast niður á byggingarflokkinn í heild. Verðið skyldi miðast við hlutfallslega stærð íbúðarinnar og greiðast þannig:

1. Með stofnsjóðsinneign kr. 80.000
2. með víxli 1/12 1982 kr. 40.000
3. með mánaðarlegum greiðslum í 36 mánuði, er hækka skv. lánskjaravísitölu, í fyrsta sinn þann 1. janúar 1983, að upphæð kr. 3.500.
4. „Með umboði á húsnæðismálalán".

Eftirstöðvar kostnaðarverðs íbúðarinnar skyldu greiðast samkvæmt nánari ákvörðun félagsstjórnar.

Grunnvísitala samningsins var ákveðin lánskjaravísitala 1. janúar 1983.

Samið var um, að félagið greiddi ekki vexti af innborguðum byggingarframlögum, en ef dráttur yrði á innborgunum, mætti félagið innheimta hjá stefnda sömu vexti og það yrði að greiða af víxlum sínum frá gjalddaga hverrar greiðslu.

Stefnandi hóf nú framkvæmdir samkvæmt samningnum og stefndi greiðslur inn á verkið. Stefndi fékk íbúðina afhenta um áramótin 1985/1986, þótt byggingarframkvæmdum væri þá ekki lokið.

Samkvæmt greinargerð Endurskoðunar hf., dags. 31. október 1988, var við gerð ársreikninga og uppgjöra við byggingarflokka og einstaka félagsmenn til ársloka 1985 farið þannig að, að öllum byggingarkostnaði, stjórnunarkostnaði og nettó fjármagnskostnaði hvers byggingarflokks var árlega skipt eftir tilteknum reikningsaðferðum í debethlið á viðskiptareikninga einstakra félagsmanna og innborganir þeirra færðar í kredithlið á móti. Öllum beinum byggingarkostnaði byggingarflokka var haldið aðgreindum eftir reikningsárum. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaði var skipt á flokkana í hlutfalli við umfang framkvæmda. Nettó vöxtum og verðbótum var skipt hlutfallslega á flokkana eftir heildarstöðu þeirra fyrir útreikning vaxta, verðbóta og gengismunar. Þannig reiknuðum heildarkostnaði var skipt eftir stærð íbúða og hver hlutur færður til skuldar hjá einstökum félagsmönnum. Þannig myndaðist staða hvers félagsmanns gagnvart félaginu, og summan af viðskiptareikningum félagsmanna í hverjum byggingarflokki myndaði heildarstöðu flokksins gagnvart félaginu.

Samkvæmt bréfi framkvæmdastjóra Byggungs, dags. 27. apríl 1988, var tekin upp verðtrygging á byggingarkostnaði og innborgunum félagsmanna 1. janúar 1986 og jafnframt gerð færsla í bókhaldi til að jafna tímamun á innborgunum félagsmanna. Kemur þetta fram í ársreikningi 1986, en slegið var á frest að verðleiðrétta byggingarkostnað og innborganir fyrir þann tíma.

Um haustið 1986 var unnið að heildaruppgjöri á byggingarkostnaði 5. byggingarflokks, og kom við það í ljós, að hann var meiri en áætlað hafði verið, en þá var kostnaður við ólokna verkþætti talinn nema 20,5 milljón-

um króna. Í „greinargerð með uppgjörsyfirliti", sem álitin er hafa verið gerð í október 1986, tilkynnti framkvæmdastjóri félagsins félögum byggingarflokksins, að uppgjörið hefði sýnt, að greiðslustaða hópsins væri mun verri en áður var álitið. Í fréttabréfi félagsins, dags. í október 1986, segir, að félögum í byggingarflokki 5 hafi verið sent lokauppgjör, sem hafi vakið hjá þeim mikla óánægju, og að fundur hafi verið haldinn með félögunum af þessu tilefni.

Samkvæmt fundargerð stjórnarfunda 14. október og 22. október 1986 virðist fundur stjórnar og 5. byggingarflokks hafa verið haldinn 16. október 1986, og segir í stjórnarfundargerð, að meiri hluti byggjenda hafi samþykkt að greiða kostnað við endurskoðun. Kom mönnum ásamt um að fela endurskoðanda að yfirfara ákveðna þætti í reikningum félagsins, er vörðuðu byggingarkostnað byggingarflokksins, og að fram færi úttekt á útreikningsaðferðum vegna vaxta og verðbóta. Tók Endurskoðun hf. að sér þessa athugun.

Lagt hefur verið fram ódagsett reikningsyfirlit frá stefnanda, sem felur í sér reikningsstöðu stefnda og stefndi telur lokauppgjör, gert í október 1986.

Meginefni skjalsins er svohljóðandi:

Byggingarkostnaður íbúða	kr.	317.872.000
Áætlað ólokið og ógreitt	"	8.500.000
Byggingarkostnaður íbúða samtals	"	326.372.000

Heildarbyggingarkostnaður er fundinn með því að uppfæra bókfærðan kostnað hvers mánaðar til vísitölu í október 1986.

Á sama hátt eru innborganir byggjenda og húsnæðislán uppfærð til vísitölu október 1986.

Kostnaðarverð íbúðar	kr.	1.929.733
Samtals greitt	"	1.656.297
Mismunur skuld	"	273.436

Uppfærð, miðað við lánskjaravísitölu í janúar 1987, samsvarar niðurstöðutalan kr. 283.583, en þá fjárhæð greiddi stefnandi í janúar 1987, svo sem síðar greinir.

Um áramótin 1986/1987 kom fram skýrsla Endurskoðunar hf. um athugun á uppgjöri í 5. byggingarflokki. Meginniðurstaða skýrslunnar er: að töluverðar skekkjur séu í uppgjörunum og að óvissa sé um ýmis atriði, sem því þurfi að kanna nánar, áður en unnt verði að leggja fram endanleg uppgjör til félagsmanna.

Samkvæmt skýrslunni voru fjárhæðir þær, sem fram komu í yfirlitum þeim, sem félögum höfðu verið send, í samræmi við bókhald félagsins. Þá

kemur fram í skýrslunni, að aðferðir við skiptingu vaxta og verðbóta á byggingarflokka hafi verið ónákvæmari en skyldi, að framreiknaður byggingarkostnaður sé ofreiknaður um rúmar 321.000 krónur eða um 2.500 kr. á meðalíbúð, að búast megi við, að byggingarkostnaður 5. flokks muni hækka, eftir að bókhaldsfærslur á aðra byggingarflokka hafa verið skoðaðar, að ákvörðun um reikningsskilaaðferðir varðandi vexti og verðbætur muni leiða til breytinga á uppgjörum og að frekari athuganir á bókhaldi og uppgjörsaðferðum séu óhjákvæmilegar. Áætlað er, að niðurstöður þeirra athugana geti legið fyrir innan 6 mánaða, og álitið eðlilegt, að 50.000 - 100.000 kr. af skuld hvers flokksfélaga falli ekki til greiðslu fyrr en þá.

Þá segir í skýrslunni m.a.:

Byggingarkostnaður í hverjum byggingarflokki fellur til á nokkru árabili, og heildarmynd af kostnaðinum fæst ekki, nema hann sé færður til sama verðlags. Innborganir frá félagsmönnum dreifast á svipað tímabil, og þær verður að færa til sama verðlags og kostnaðinn til að fá fram stöðu hvers og eins við félagið.... Uppgjörsaðferðin í 5. flokki hefur þann stóra kost, að tekið er inn í dæmið, hvenær einstakar kostnaðarfjárhæðir féllu til eða einstakar innborganir fóru fram, þannig að reiknaðar eru „réttar" verðbætur á þessa liði. Þessi aðferð hefur hins vegar þann veikleika, að ekki er tekið tillit til þeirra raunvaxta, til tekna eða gjalda, sem fram koma í starfsemi félagsins á hverju ári. Þessi aðferð er því ekki í samræmi við bókhald félagsins...., og við færslu á uppgjörum við félagsmenn munu koma fram mismunir (sic), sem ekki er ljóst, hvernig með á að fara.

Tvímælalaust er rétt að taka upp nýja reikningsskilaaðferð á þessu sviði frá og með árinu 1986, en reynt verði að ná samkomulagi um, að vaxta- og verðbótauppgjör fyrri ára standi óbreytt, enda óljóst, hvaða staða kemur upp, ef breyta á þegar samþykktum ársreikningum félagsins. Niðurstaða um stöðu 5. flokks varðandi vexti og verðbætur fæst ekki, fyrr en ákvörðun hefur verið tekin um reikningsskilaaðferðir.

Vegna mistaka við framreikning á byggingarkostnaði þarf að leiðrétta þennan uppgjörslið um 321.441 kr., og kemur sú fjárhæð til lækkunar á heildarskuld félagsmanna í 5. flokki við félagið.

Úrtakskönnun á framreikningi á innborgunum í 5. flokki sýnir, að fara þarf yfir þennan útreikning hjá öllum félagsmönnum í þessum flokki.... Athuganir... benda ótvírætt til þess, að byggingarkostnaður 5. flokks sé verulega hærri en 4. flokks..., byggingarkostnaður 5. flokks hafi farið um 6,6% fram úr upphaflegri áætlun... Byggingarkostnaður er reiknaður um 17% hærri í heild hjá 5. flokki en hjá þeim 4. og verð á einstökum íbúðum þar að meðaltali 10 til 15% dýrara (sic)...

Á fundi stjórnar félagsins með flokksmönnum 5. byggingarflokks 10. janúar 1987 var samþykkt, að við lokauppgjör yrðu greidd 20% sem út-

borgun, það er að segja á 2 - 3 mánuðum, 70% á skuldabréfi með kr. 15.000 á mánuði og að 10% yrði haldið eftir til lokaendurskoðunar í apríl/maí 1987. Í tilkynningu framkvæmdastjóra til flokksmanna, dags. 23. janúar 1987, segir, að á fundinum hafi Endurskoðun hf. verið falið að gera nánari athugun á byggingarkostnaði hópsins og ganga síðan frá endanlegu uppgjöri. Í skýrslu Endurskoðunar hf. frá í september 1987 segir, að á fundinum hafi verið samþykkt að fara þess á leit við hlutafélagið, að það kannaði, hvort sýnilegar ástæður væru fyrir því, að íbúðir í 4. byggingarflokki hefðu reynst talsvert ódýrari en sambærilegar íbúðir í 5. byggingarflokki, hvort vænta mætti, að svipaðar skekkjur væru í bókfærðum byggingarkostnaði annarra byggingarflokka og fram komu við athugun á 5. byggingarflokki, og að það legði fram tillögur um réttláta meðferð leigujöfnunar og vaxtaútreikning með stöðu félagsmanna á hverjum tíma. Í framhaldi af þessum fundi tók Endurskoðun hf. að sér endurskoðun og ársreikningagerð fyrir Byggung.

Þann 14. janúar 1987 fékk stefndi eignarheimild fyrir eignarhluta sínum, gaf út skuldabréf að fjárhæð kr. 198.508, greiddi með víxlum kr. 51.274 og með peningum kr. 10.000, tók við kvittun að fjárhæð kr. 283.583 og samþykkti tryggingarvíxil að fjárhæð kr. 28.358. Hann seldi síðan íbúð sína 24. mars 1987.

Lögð hefur verið fram í málinu: Skýrsla Endurskoðunar hf. til stjórnar Byggungs BSVF, Reykjavík, um framhaldsathuganir á byggingarflokkum og ársreikningi félagsins fyrir árið 1986, ódagsett, en talin móttekin af stjórn Byggungs í september 1987. Þar segir m.a., að ekki sé ástæða til alvarlegra efasemda um, að reikningar yfir byggingarkostnað séu færðir á rétta byggingarflokka og að sú aðferð að framreikna byggingarkostnað og innborganir án tillits til vaxtakostnaðar félagsins hafi í för með sér breytingar á áður samþykktum ársreikningum, þannig að skuldir geti staðið eftir, þegar gert hafi verið upp við einstaka byggingarflokka, sem ekki sé ljóst, hverjir eigi að greiða að lokum. Síðan segir:

Niðurstaða okkar varð því sú, að byggja yrði á samþykktum ársreikningum félagsins til ársloka 1985, en taka þá upp nýja aðferð, sem byggði á framreikningi byggingarkostnaðar og innborgana og þeim vöxtum, sem félagið hefði orðið fyrir. Í þessu sambandi voru tekin saman viðskiptayfirlit fyrir hvern og einn félagsmann í félaginu, þar sem fram kemur staða byggingarkostnaðar og innborgana í ársbyrjun 1986 samkvæmt bókhaldi og ársreikningum, byggingarkostnaður og innborganir á árinu, verðbætur á byggingarkostnað og innborganir í ársbyrjun og á árinu og vextir, eins og þeir eru bókfærðir hjá félaginu.... Ljóst er, að með þessari aðferð er ekki gætt fyllsta réttlætis milli félagsmanna. Innborganir fyrir árslok 1985 eru lagðar að jöfnu, hvenær sem þær hafa átt sér stað. Byggingarkostnaður er aftur

á móti reiknaður hlutfallslega á félagsmenn eftir upphaflegum byggingarsamningum samkvæmt ákvörðun félagsstjórnar. Til þess að ná fram jöfnum (sic) í þessu sambandi var gerð sérstök færsla á viðskiptayfirlit félagsmanna í byggingarflokkum 5, 6 og 7 á árinu 1986 til leiðréttingar á verðbótum vegna innborgana á fyrri árum og vöxtum af þeirri fjárhæð. Við ákvörðun á þessari leiðréttingarfærslu var byggt á þeim framreikningi innborgana, sem stjórnendur félagsins höfðu áður framkvæmt...

Eins og félagsformið og samþykktir félagsins bera með sér, getur ekki orðið um endanlegt uppgjör að ræða við félagsmenn, fyrr en framkvæmdum er lokið, nema í undantekningartilvikum.... Við getum aftur á móti ekki lagt fyrir og útfært reikningsskilaaðferðir hjá félaginu, sem taka tillit til allra hagsmuna félagsmanna, nema rjúfa samræmdar reglur og vinnuaðferðir, og slíkt getum við ekki borið á borð. Félagið hefur á liðnum árum byggt reikningsskil sín og kostnaðarskiptingu á aðferðum, sem við verðbólguaðstæður ná ekki fram fyllsta réttlæti milli félagsmanna, og það kann að valda nokkrum erfiðleikum að brjótast út úr þeirri aðferð.

Við afstemmningar- og upgjörsvinnu okkar hjá félaginu hafa komið fram skekkjur í efnahagsreikningum... Samtals er um að ræða debetmismun að fjárhæð liðlega 28 m.kr., og engin leið er að vita, að hve miklu leyti þessir mismunir (sic) eiga sér rætur aftur fyrir ársbyrjun 1986. Þessa fjárhæð verður að líta á sem tap, og höfum við með samþykki félagsstjórnar fært liðlega 21 m.kr. af henni með fjármagnskostnaði ársins og ráðstafað liðlega 16 m.kr. af varasjóði félagsins til niðurfærslu á fjármagnskostnaði. Um 7,1 m.kr. af þessu tapi er yfirfærð til næsta árs og færð til lækkunar á ýmsum skammtímaskuldum í efnahagsreikningi félagsins í árslok 1986....

Að lokum er greint frá því í skýrslunni, að stjórn Byggungs hafi að tillögu Endurskoðunar hf. jafnað 12,6 milljónum af tapinu á byggingarflokkana og einstaka félagsmenn eftir hlutdeild í byggingarkostnaði og öðrum vöxtum félagsins, að fjárhæð kr. 6,1 milljón, á einstaka félagsmenn eftir meðalstöðu þeirra á árinu. Þá kemur fram, að nokkur atriði eru enn óafgreidd, svo sem leigujöfnun, sem tillögur eru gerðar um, að framreikningur innborgana er miðaður við gjalddaga þeirra, en ekki greiðsludag, og að eftir er að gera könnun á skilvísi félagsmanna.

Samkvæmt ódagsettum viðskiptareikningi ársins 1986, sem mun vera gerður í september 1987, var staða stefnda í ársbyrjun 1986 þannig:

	Úttekið	Innlagt
Staða í ársbyrjun	850.596	578.340
Hreyfingar á árinu 1986		
Byggingarkostnaður	176.870	
Húsnæðislán II		328.874

Lr. verðb. á innborg. m/vöxtum		< 163.623 >
Verðbætur á byggingarkostnað	137.417	
Verðbætur á innborganir		117.535
Staða 31.12. '86	1.164.883	861.126
Vextir fyrir árið 1986	42.799	
Staða 31.12. '86 með vöxtum	1.207.682	861.126
Skuld 31.12. '86		346.556

Samkvæmt fréttabréfi, útgefnu í desember 1987, hélt stjórn félagsins fundi í septembermánuði með öllum byggingarflokkum, þar sem samstaða náðist um, að áfram yrði haldið bókhaldsendurskoðun.

Á aðalfundi Byggungs hf. þann 28. september 1987 voru ársreikningar félagsins fyrir árið 1986 samþykktir með svohljóðandi fyrirvara:

1. Kannaðar verða forsendur fyrir upptöku á uppgjöri eldri byggingaráfanga í félaginu, og í framhaldi af því verði leitað eftir leiðréttingum á skekkjum í þeim uppgjörum.

2. Hver byggingarflokkur fyrir sig áskilur sér rétt til eigin ákvörðunar um skiptingu á þeim byggingarkostnaði, verðbóta og vaxta, sem bókfærð hafa verið á 5. byggingarflokk (sic), komi fram liðir, sem hópfélagar telja réttlátari en þær (sic), sem nú liggja fyrir.

Þann 28. september 1987 rituðu flokksmenn 5. byggingarflokks Húsnæðisstofnun ríkisins bréf, þar sem því er lýst, að byggingarkostnaður hafi farið úr böndum, bakreikningar komið fram, sem að hluta kunni að vera flokknum óviðkomandi, og að sýnt sé, að lög um bókhald og byggingarsamvinnufélög hafi verið brotin.

Þann 20. október 1987 rituðu flokksmenn 5. byggingarflokks stjórn félagsins bréf, þar sem settar eru fram kröfur í fimm liðum. Bréfinu lýkur með þessum orðum: „Þegar þessum kröfum hefur verið mætt, þá fyrst er hópur V til viðræðu um fullnaðaruppgjör."

Þann 30. september 1987 fól Húsnæðismálastofnun Jóni Þorsteinssyni hrl. að veita 5. byggingarflokki nauðsynlega aðstoð við athugun og úttekt á lögfræðilegum álitamálum í sambandi við uppgjör. Í skýrslu lögmannsins, dags. 5. desember 1987, segir, að óumdeilt sé, að bókhaldi félagsins hafi verið áfátt og að sterkar líkur séu á, að það, sem áfátt er, hafi einkum bitnað á eigendum íbúða í 5. flokki. Ekki telur lögmaðurinn fært að líta svo á, að ársreikningar fyrri ára séu ógildir, vegna þess að lögum og samþykktum hafi ekki verið framfylgt, eða að bókhald félagsins sé ónýtt, þótt á því séu gallar. Hann telur meginádeiluefnið á stjórn félagsins, að íbúðir í 5. flokki hafi orðið 15 - 20% dýrari en samsvarandi íbúðir í 4. flokki og að skoðun á bókhaldi bendi eindregið til þess, að hluti af kostnaðarreikningum vegna 4. byggingarflokks hafi verið færður hjá 5. byggingar-

flokki. Hann telur ráðamenn 5. flokks ofmeta réttarstöðu, sem þessir misbrestir (sic) skapi flokksmönnum, því að nægar sannanir skorti, til að unnt sé að tilgreina ákveðnar fjárhæðir í þessu sambandi. Um réttarstöðu félagsmanna segir svo í álitsgerðinni:

Byggung virðist vera gegnumstreymisfélag. Menn ganga í félagið, þegar þeir gera byggingarsamning, en hverfa úr því þegjandi og hljóðalaust, þegar byggingunni er lokið, eignayfirlýsing liggur fyrir og endanlegt fjármálauppgjör hefir átt sér stað. Þetta endanlega fjármálauppgjör er þó háð þeim fyrirvara samkvæmt almennri reynslu, að það er lengi von á bakreikningum hjá byggingarsamvinnufélögum.

Í bréfi lögmannsins til Húsnæðismálastofnunar, dags. 7. desember 1987, kemur fram það álit, að nauðsyn sé á frekari rannsókn löggilts endurskoðanda, skipaðs af Húsnæðismálastjórn, á bókhaldi og fjárreiðum Byggungs á kostnað stofnunarinnar; rannsóknin beinist að því m.a. að kanna mismun kostnaðarverðs íbúða í 4. og 5. flokki, leita skýringa á eignavöntun að fjárhæð um kr. 28 milljónir og að athuga vaxtareikning á innborganir.

Á stjórnarfundi 20. febrúar 1988 var samþykkt að framreikna innborganir allra félagsmanna í sérhverjum áfanga, leggja síðan summu allra framreiknaðra innborgana í hverjum áfanga við stöðu áfangans í bókhaldinu og finna þannig framreiknaðan heildarbyggingarkostnað hvers áfanga, finna síðan hlut hverrar íbúðar í heildarbyggingarkostnaði samkvæmt viðurkenndri prósentuskiptingu og bera hann saman við framreiknaðar innborganir hvers byggjanda. Þá var samþykkt að óska eftir því við endurskoðendur félagsins, að þeir leiðréttu stöðu einstakra félagsmanna með tilliti til þess, hvenær innborganir þeirra áttu sér stað. Í bréfi til Endurskoðunar hf., dags. 22. febrúar 1988, er lýst þeirri skoðun stjórnarinnar, að unnt sé að ná fram fullkomnu réttlæti gagnvart einstökum félagsmönnum án þess að brjóta upp ársreikninga fyrri ára eða breyta stöðu byggingarflokka innbyrðis, þótt staða einstakra félagsmanna kynni hins vegar að breytast töluvert innan hvers flokks; þegar allar innborganir hvers félagsmanns hafi verið raktar, verði þær framreiknaðar með lánskjaravísitölu til árslokaverðlags 1986 og heildarbyggingarkostnaði hvers byggingarflokks síðan skipt niður á félagsmenn. Stjórnin fól síðan framkvæmdastjóra félagsins að láta vinna að þessu verki í samráði við endurskoðendur. Við framkvæmd þessa verks var fylgt þeirri reglu að breyta ekki stöðu byggingarflokka frá áður samþykktum ársreikningum. Hins vegar var talið ljóst, að staða félagsmanna innbyrðis í hverjum byggingarflokki mundi breytast vegna mismunandi innborgunartíma.

Þann 27. apríl 1988 sendi framkvæmdastjóri Byggungs stefnda yfirlit pro 31. desember 1987 með skuld upp á kr. 294.212. Kostnaður við óloknar

framkvæmdir 5. flokks eru þá áætlaðar kr. 11.522.098. Þann 28. maí 1988 krafði framkvæmdastjórinn stefnda greiðslu skuldarinnar.

Í júnímánuði 1988 kom fram skýrsla Endurskoðunar hf. um athugun á bókhaldi félagsins og uppgjöri byggingarflokka.

Skýrslunni fylgdi „Yfirlit yfir meðalstöðu byggingarflokka gagnvart félaginu á árunum 1982 til 1985 og bókfærða vexti á sama tímabili". Athugun á yfirlitinu leiðir í ljós, að þær aðferðir, sem talið var, að notaðar hefðu verið við skiptingu vaxta og verðbóta í félaginu, fá ekki staðist, hvort sem miðað er við meðalstöðu flokkanna eða stöðu þeirra í árslok.

Bæði hefur verið um bókhaldslegar skekkjur að ræða við dreifingu vaxtanna á tekjutímabil og ónákvæmni í útreikningum. Hvort tveggja hefur haft áhrif á stöðu byggingarflokkanna og einstakra félagsmanna, og að öllum líkindum er þarna að leita einhvers hluta af skýringunni á þeim mismun, sem er á milli kostnaðarverðs á íbúðum í 4. byggingarflokki og síðari byggingarflokkum... er um svo flókið dæmi að ræða, að óvíst er, að á því fengist nokkur niðurstaða... engin bókhaldsgögn hafa fundist... frá.... 1981 og áður... Á þessu stigi málsins er því ekki hægt að svara því, hvaða fjárhæðir þarna er um að ræða.

Frá því er greint, að 28 milljón króna mismunur á efnahagsreikningi hafi legið í mismun, sem fram hafi komið á skuldabréfaeign samkvæmt bókhaldi ársins 1986 og yfirliti frá viðskiptabanka félagsins. Var skuldabréfaeignin niðurskrifuð og meginhluta varasjóðs varið á móti. Við athugun, sem fram fór í ársbyrjun 1988, kom í ljós, að ofmat um 14 milljónir króna stafaði af því, að skuldabréf voru færð upp með vísitölu í ársreikningi 1985, en afborganir á árinu 1986 bókfærðar á upphaflegu nafnverði og verðbætur sem vaxtatekjur. Tæpast er talin ástæða til að breyta stöðu byggingarflokkanna miðað við þá niðurfærslu, sem gerð var á skuldabréfaeign í ársreikningi 1986.

Ekki er talið unnt að fullvinna endurreikning á vöxtum og verðbótum á þann veg, að niðurstaða fáist, sem hæf sé til að leiðrétta þegar gerðar færslur í bókhaldi félagsins.

Varðandi skiptingu byggingarkostnaðar á félagsmenn er aðferð sú, sem stjórn félagsins valdi, álitin sú farsælasta, sem völ er á.

Um lokauppgjör við 4. byggingarflokk er álitið, að rangt mat hafi verið lagt á stöðu flokksins á kostnað annarra flokka, 4. flokkur hafi komið betur út úr skiptingu vaxta og verðbóta en vera átti; aðferðir við skiptinguna virtust þó ekki hafa skapað stórvægilegt misræmi milli byggingarflokka. Taldar eru líkur á, að um töluvert misvægi geti verið að ræða, en ekki hægt að setja fram ákveðnar niðurstöður sökum vöntunar á bókhaldsgögnum.

Í 5. byggingarflokki ..., eru byggingarkostnaðarverð (sic) 7 til 8% hærri

en upphafleg áætlun gerði ráð fyrir, en aftur um 20% hærri en í 4. byggingarflokki.

Samkvæmt ódagsettum viðskiptareikningi ársins 1987 skuldaði stefndi stefnanda þann 31. desember 1987 kr. 274.725.

Lagt hefur verið fram viðskiptayfirlit stefnda, dags. 25. október 1988, m/v lánskjaravísitölu í október 1989, 2264 stig. Helstu atriði yfirlitsins eru þessi:

Alls greitt 31.12 1987			kr. 2.868.192
Byggingarkostnaður 1982-1988	kr.	3.069.529	
Áætlað ólokið	"	61.535	
Vaxtakostnaður v/1987	"	62.259	
Heildarbyggingarkostnaður	kr.	3.193.323	
Vextir fyrir árið 1988	"	50.780	
Staða í október 1988, skuld			kr. 375.911

Niðurstöðutalan er skuld stefnda skv. viðskiptareikningi 1987 uppfærð m/v lánskjaravísitölu (2264/1913) að viðbættum fjármagnskostnaði 1988.

Byggingarkostnaðartalan er þannig fengin:

Byggingarkostnaður á hús 1982-87		kr. 513.923.097
" " " "1988 "		3.268.054
	Samtals	kr. 517.191.151

Hlutur stefnda í þessari fjárhæð er 0,5935% eða kr. 3.069.529.

Stefnandi byggir kröfur sínar á niðurstöðutölu yfirlitsins að frádregnu áætluðu óloknu, kr. 61.535, og fæst þannig dómkrafan, kr. 314.376. Reikningsaðferð stefnanda er efnislega þannig lýst í greinargerð: Heildarbyggingarkostnaður byggingarflokksins er fundinn með því að framreikna innborganir allra flokksmanna með lánskjaravísitölu frá innborgunarmánuði til ársloka 1986. Stöðu flokksins þá er síðan bætt við framreiknaðar innborganir til að finna framreiknaðan byggingarkostnað, eins og hann hafði verið bókfærður. Frá 1. janúar 1987 eru byggingarkostnaður og innborganir framreiknaðar sérstaklega. Áföllnum vaxtakostnaði er skipt á félagsmenn í byggingarflokknum í hlutfalli við skuld þeirra á hverjum tíma. Þessir útreikningar eru í samræmi við ársreikninga 1987, en í þeim hefur verið miðað við vísitölu 483 í stað 488 fyrir janúar 1983. Þessi villa leiðir til hagstæðari niðurstöðu fyrir stefnda.

Málsástæður.

Stefnandi byggir fyrst og fremst á byggingarsamningi, sem hann kveður gerðan í samræmi við staðfestar samþykktir félagsins og ákvæði V. kafla

laga 30/1970, og telur útreikning dómkröfu eiga stoð í ákvæðum hans, samþykktum ársreikningum, mjög ítarlegri endurskoðun á bókhaldi félagsins og stefnumarkandi ákvörðunum félagsstjórnar um skiptingu kostnaðar.

Vegna eðlis byggingarsamvinnufélaga telur stefnandi, að félagar geti ekki skotið sér undan að greiða kostnað, sem félagið hefur stofnað til í umboði þeirra, enda séu þeir í raun að byggja fyrir eigin reikning, sbr. 2. mgr. 10. gr. samþykktanna og 1. mgr. 31. gr. laga 30/1970. Hann kveður 5. byggingarflokk skulda félaginu um 48 milljónir króna, sem flokksmenn komist ekki hjá að greiða, þar á meðal stefndi, en stjórn félagsins sé skv. 30. gr. laga 30/1970 og 11. gr. samþykkta félagsins rétt og skylt að úrskurða um skiptingu byggingarkostnaðar milli félagsmanna; samkvæmt byggingarsamningi beri félagsmönnum að greiða kostnaðarverð fyrir íbúðir sínar auk framlags í varasjóð, og til að tryggja réttláta og sanngjarna framkvæmd þessa ákvæðis hafi stjórnin m.a. notað verðtryggingu, sem sé annað en vextir. Til frekari réttlætingar verðtryggingu vitnar stefnandi í ákvæði og grundvallarhugmyndir VII. kafla laga 13/1979, framkvæmd verðtryggingar innborgana frá 1982 og áralanga, athugasemdalausa verðtryggingu byggingarsamninga félagsins. Verðtryggingu byggingarkostnaðar og innborgana kveður stefnandi ekki annað en aðferð til að finna út raunverulegt kostnaðarverð á verðbólgutímum.

Stefnandi skýrir vaxtaþátt í dómkröfunni þannig, að um sé að ræða vexti, sem félagið hafi orðið að greiða af útistandandi skuldum og það hljóti síðan að jafna niður á félagsmenn eins og öðrum kostnaði. Ákvæði í byggingarsamningi um greiðslu sömu vaxta og félagið verður að greiða af víxlum sínum telur stefnandi verða að skýra í samræmi við ákvæðið um greiðslu kostnaðarverðs á þann veg, að greiða beri þann fjármagnskostnað, sem félagið hefur orðið fyrir. Í vaxtaliðnum kveður stefnandi nánar felast samningsvexti, vanskilavexti, innheimtukostnað, afföll og verðbætur, en ekki vanskilavexti af skuld stefnda, sem einungis er krafist frá útgáfudegi síðasta reikningsyfirlits fyrir málshöfðun. Stefnandi kveðst í mörg ár ekki hafa átt kost á lánsfé öðruvísi en með verðtryggingu og vöxtum, um víxillán hafi ekki verið að ræða til að leysa úr lánsfjárþörf félagsins, og telur hann, að túlka verði ákvæði byggingarsamnings af skynsemi og í samræmi við þjóðfélagsbreytingar að þessu leyti.

Þá telur stefnandi stefnda hafa orðið bundinn af samkomulagi, sem meiri hluti flokksmanna staðfesti með undirritun sinni í janúar 1987, um að greiða þann mun, sem varð á uppgjöri frá því í nóvember 1986 og endanlegri niðurstöðu í framhaldi af könnun Endurskoðunar hf. Til stuðnings þessari skoðun bendir stefnandi á, að stefndi hafi gert upp í samræmi við samkomulagið, þegar hann fékk eignarheimild sína í janúar 1987.

Loks kveður stefnandi stefnda hvorki hafa mótmælt ítrekuðum kröfum

stefnanda sem of háum né sem röngum, þar á meðal verðbótaþætti þeirra, fyrr en 7. júlí 1988 og verða því að sætta sig við kröfur stefnanda sökum tómlætis.

Meginmálsástæða stefnda er, að hann hafi greitt skuld sína að fullu, þar með talinn áætlaðan kostnað við lokafrágang, og tekið við óskilyrtri, endanlegri eignaryfirlýsingu. Stefndi telur sig óbundinn af fyrirvara um greiðslu kostnaðar umfram 90% af lokauppgjöri, gerðu í október 1986, en telur hann einungis taka til þess, ef endurskoðun leiddi í ljós kostnað umfram 90%, en ekki til þess, að skipt yrði um uppgjörsaðferð, en það telur hann stefnanda hafa gert andstætt fyrri lögmætum ákvörðunum og yfirlýsingum. Stefndi telur uppgjörsaðferð stefnanda fela það í sér, að fé, sem fært hefur verið milli flokka, skili sér verðbætt til allra annarra en 5. byggingarflokks. Þessa aðferð telur hann fara í bága við ákvæði laga 30/1970, samþykkta félagsins og byggingarsamnings, sem geri ráð fyrir byggingu íbúða á kostnaðarverði. Þá hefur því verið hreyft af hálfu stefnda, að aðalfundir stefnanda hafi verið ólögmætir og að stefnandi hafi sýnt af sér tómlæti með því að hefjast ekki handa um málsókn fyrr en á árinu 1988, löngu eftir að stefnandi hafði selt íbúð sína. Hann telur stefnanda ekki hafa sýnt fram á, að um annan og meiri kostnað sé að ræða en þann, sem fram sé talinn á lokauppgjöri, og meginorsök þess, hvernig komið sé hag stefnanda, verða rakta til afglapa forráðamanna félagsins, sem byggjendur verði ekki látnir gjalda fyrir frekar en orðið er.

Varakrafa stefnda miðast aðallega við, að niðurstöðutala viðskiptareiknings fyrir árið 1986, talins útgefinn í september 1987, kr. 346.556, sem líkindi séu til, að sé rétt, verði lögð til grundvallar og frá henni dregnar kr. 283.583, sem stefndi hefur gert skil á, þannig að stefnda verði aðeins gert að greiða kr. 62.973. Stefndi leggur áherslu á, að samband aðila sé viðskiptasamband, sem ekki feli í sér samábyrgð með öðrum byggingarflokkum eða stjórn félagsins, stjórnin geti ekki beitt ávkörðunarvaldi sínu eftir duttlungum, varlega verði að taka á öllum nýjum kostnaðarliðum að teknu tilliti til lokauppgjörsyfirlýsinga og túlka byggingarsamning þröngt stefnda í hag og móti stefnanda, sem samdi hann.

Komist dómurinn að þeirri niðurstöðu, að samkomulag aðila um uppgjörsaðferð sé niður fallið, telur stefndi sig óbundinn af öllu, sem samið var um uppgjör á, og geta þá borið fyrir sig allar málsástæður, sem hann áður naut, auk allra nýrra. Á þessum grundvelli heldur stefndi því fram, að vísitöluákvæðið í samningi aðila fari í bága við ákvæði VII. kafla laga 13/1979, aðeins sé heimilt að krefjast víxilvaxta frá gjalddaga hverrar kröfu samkvæmt ákvæðum samningsins, en þegar greiddir vextir og verðbætur nái yfir allan fjármagnskostnað, sem stefnandi geti krafið stefnda um. Þá telur stefndi, að leggja beri til grundvallar, að vísitöluákvæði samningsins

nái aðeins til greiðslna skv. 3. tl. og að vaxta- og verðbótakrafa fyrir fyrri tíma en 6. desember 1984 sé fyrnd. Telji dómurinn hins vegar vísitöluálag ófyrnt, heldur stefndi því fram, að miða beri við vísitölu 1. janúar 1983 í samræmi við ákvæði samningsins. Hann telur kröfugerð stefnanda fela í sér vexti í ofanálag á verðtryggingu, þannig að í bága fari við samning og almenn fyrirmæli um vaxtahæð. Vaxtakröfu er sérstaklega mótmælt sem of hárri með vísan til vaxtaákvæðis samningsins. Því er haldið fram, að stjórnendum stefnanda hafi orðið á mistök eða að þeir hafi gerst sekir um refsivert athæfi með því að ráðstafa varasjóði á móti rangt metnum skuldabréfum. Af þessum sökum er krafist lækkunar, sem nemur 1% af framreiknuðum heildarbyggingarkostnaði, eða kr. 31.825,69. „Að lokum er krafist lækkunar á stefnukröfum til samræmis við þann sannanlega kostnað, sem á hefur fallið eftir október 1986 og telst vera umfram þær forsendur, sem það umsamda lokauppgjör gerði ráð fyrir. Skorað er á stefnda (sic) að leggja fram gögn hér um, sbr. kafla C."

Í greinargerð sinni skoraði stefndi á stefnanda að leggja fram sundurliðun innborgana, vísitöluútreikning á þeim og sundurliðun reiknaðra vaxta og byggingarkostnaðar 5. fl. eftir október 1986.

Við aðalflutning málsins veitti umboðsmaður stefnanda rökum stefnda m.a. andsvör, eins og hér greinir:

Uppgjör samið í nóvember 1986 var ekkert lokauppgjör og gat ekki verið það eðli máls samkvæmt, enda var framkvæmdum þá ekki lokið, auk þess sem sérstakt samkomulag var gert um, að félagar greiddu þá skuld, sem kæmi í ljós, þegar endanleg endurskoðun hefði farið fram. Nóvemberuppgjörið var einungis uppgjör á beinum byggingarkostnaði, sem þá hafði verið bókfærður, án tillits til reikninga, sem voru í farvatninu (sic), og verulegs fjármagnskostnaðar. Þá var og enn eftir að skoða bókfærðan kostnað betur.

Því er mótmælt, að stefnandi hafi verið tómlátur um fjárheimtu á hendur stefnda, að uppgjörsaðferð stefnanda byggist á færslu fjár milli flokka og að aðalfundir Byggungs hafi verið ólögmætir. Staðhæft er, að lögmæti fundanna hafi aldrei fyrr verið dregið í efa, að ólögmæti þeirra sé ósannað og að réttur til að bera það fyrir sig sé fallinn niður fyrir tómlæti. Varðandi grundvöll kröfugerðarinnar bendir stefnandi á, að meginniðurstaða endurskoðunar sé, að ekki sé ástæða til að rengja bókhaldið, sönnunarbyrðin fyrir, að sú niðurstaða sé röng, hljóti því að hvíla á stefnda. Þá bendir stefnandi á, að ársreikningar 1982-1985 hafi verið samþykktir athugasemdalaust, en reikningar áranna 1986 og 1987 með „máttlitlum" athugasemdum, reikningur ársins 1987 hafi verið samþykktur með sama fyrirvara og reikningur 1986, en án þess að 5. byggingarflokkur væri nefndur á nafn. Þessa fyrirvara telur stefnandi nú fallna úr gildi, þar sem endurskoðun hafi

ekki leitt í ljós neinar óleiðréttar rangfærslur. Því er mótmælt, að félagsstjórn hafi nýtt fé 5. flokks til framkvæmda í þágu annarra. Stefnandi segir fyrri reikningsaðferð og núverandi gefa nákvæmlega sömu heildarskuldastöðu fyrir 5. byggingarflokk, aðeins skuldastaða einstakra flokksmanna innbyrðis hafi raskast þannig, að þeir skilvísu séu nú taldir skulda minna en þeir, sem drógu greiðslur í verðbólgutíð. Stefnandi telur fyrningarfrest varðandi skuld stefnda ekki hafinn, þar sem réttarsamband aðila sé viðvarandi viðskiptasamband. Fyrningarfrest telur hann 10 ár. Varðandi þá staðhæfingu stefnda, að vöxtum sé bætt ofan á verðbætur, ítrekar stefnandi, að vaxtaliður kröfugerðarinnar sé útlagður fjármagnskostnaður stefnanda, sem jafna verði niður á félagsmenn eins og öðrum kostnaði.

Varðandi áskoranir stefnda um framlagningu gagna hefur eftirfarandi komið fram af hálfu stefnanda: Allar innborganir stefnanda koma fram á yfirlitum, sem honum hafa verið send. Sundurliðun reiknaðra vaxta vegna áranna 1982, 1983 og 1985 kveðst stefnandi ekki geta látið í té, þar sem áskorunin sé óskiljanleg, eins og hún er sett fram. Sundurliðun byggingarkostnaðar eftir efnisflokkum mánuð fyrir mánuð eftir október 1986 og til upphafs málsóknar kveður stefnandi óframkvæmanlega og hugsanlega málamyndasundurliðun of kostnaðarsama. Framlögð gögn eru talin nægilega skýr, þannig komi t.d. fram sundurliðaður byggingarkostnaður í ársreikningum 1986 og 1987. Umboðsmaður stefnanda kveður umboðsmanni stefnda hafa verið boðið sérstaklega að kynna sér bókhaldsgögn, án þess að hann hafi kosið að nýta sér boðið.

Við aðalflutning málsins þann 9. júní sl. var ársreikningum félagsins fyrir árin 1982 - 1987 mótmælt sem röngum og óstaðfestum. Sömuleiðis var mótmælt staðhæfingum stefnanda þess efnis, að stefndi hefði hagnast á viðskiptum sínum við stefnanda og að um gæti orðið að ræða frekari kröfur á hendur honum en gerðar eru í málinu. Þá hélt umboðsmaður stefnda því fram, að reikningar hvers flokks hefðu aldrei verið bornir undir félagsmenn hvers flokks, eins og skylt væri samkvæmt samþykktum félagsins. Mótmælt var kröfu um dráttarvexti sem of hárri, þar sem samningur aðila kvæði á um víxilvexti og dráttarvaxtakrafan fæli í sér vaxtavexti á vexti, sem ekki væru orðnir 12 mánaða gamlir. Því var haldið fram, að viðmiðun við lánskjaravísitölu færi í bága við ófrávíkjanlegt ákvæði 32. gr. laga 30/1970.

Af hálfu stefnanda var rökum stefnda andmælt m.a. eins og hér greinir: Vaxtaþáttur höfuðstóls í dómkröfum stefnanda er fjármagnskostnaður, sem félagið hefur lagt út og síðan jafnað niður. Ákvæði 2. ml. 12. gr. l. 25/1987 taka ekki til vaxta í þessum skilningi. Varasjóði er ætlað að mæta áföllum. Í samræmi við þann tilgang hefur töpum á skuldabréfum verið mætt með niðurfærslu á varasjóði í samræmi við góðar reikningsskilareglur.

Sönnunargögn.

Aðilar hafa lagt fram fjölda gagna, og hefur verið gerð grein fyrir mikilvægasta efni þeirra hér að framan. Stefndi og stjórnarformaður stefnanda hafa gefið aðilaskýrslur, og aðilar hafa leitt vitni.

Meðal vitnanna var endurskoðandinn, sem annaðist mál Byggungs hf. hjá Endurskoðun hf. Hann kvað upphaf samskipta aðila hafa verið það, að byggjendur í 5. flokki hefðu leitað til fyrirtækis síns haustið 1986 um skoðun á því uppgjöri, sem þeir höfðu þá nýverið fengið frá stefnanda. Báðu þeir um, að kannaðar yrðu færslur í bókhaldi Byggungs varðandi byggingarflokkinn. Síðan kveður hann athugunina hafa beinst að aðferðum við skiptingu kostnaðar og meðferð vaxta og verðbóta í uppgjörunum. Sérstaklega kveður hann hafa verið skoðað, hvort einhver kostnaður hefði ranglega verið færður á 5. flokk, og þá skoðun leitt til, að líklegt þótti, að einhver brögð væru að því, að kostnaðarliðir hefðu verið færðir á ranga flokka, mistök, sem varla gætu talist óeðlileg miðað við fjölda færslna. Vitnið kvað villur, sem fram komu við endurskoðun, hafa verið leiðréttar síðan eftir því, sem tiltök voru á, en ekki hafa verið hróflað við uppgjörum við byggjendur í þeim byggingarflokkum, sem búið var að loka. Við aðra flokka kvað hann hafa verið hafða sömu aðferð og við 5. flokk. Hann kvað meginniðurstöðu athugana sinna hafa verið, að skipting vaxta og verðbóta hefði verið með þeim ólíkindum, að leiðréttingar hefðu leitt til verulegra breytinga á uppgjöri. Þá kvað hann hafa komið í ljós, að greiðslur hefðu verið lagðar að jöfnu, hvenær sem þær voru inntar af hendi. Þegar haustuppgjörið 1987 var gert, kvað vitnið hafa verið byggt á bókhaldinu, sem þá hafði aðeins verið fært til 1. júní 1986, en áætlað fyrir óloknum verkum. Við endurskoðun sagði hann hafa komið í ljós, að „töluvert var í pípunum", svo að áætlunin reyndist allt of lág, en aðra annmarka á uppgjörinu hafa einkum verið þá, að innborganir voru reiknaðar miðað við gjalddaga, en ekki raunverulega greiðsludaga; í ljós hefði komið, að menn höfðu í mörgum tilfellum dregið greiðslur mánuðum saman, án þess að tillit væri til þess tekið. Þá kvað hann ekki hafa verið gert ráð fyrir fjármagnskostnaði í þessum uppgjörum og svo virst, þótt ekki hefði það verið sannreynt, sem stjórnunarkostnaður ársins 1986 hefði verið látinn liggja óskiptur. Vitnið kvaðst hafa lagt til, að lánskjaravísitala væri notuð til að framreikna fjárhæðir í samráði við samstarfsmenn sína, m.a. vegna þess, að mikið af lánum hefði verið bundið lánskjaravísitölu. Hann kvað hefðu (sic) verið hægt að nota vexti í sama skyni eða t.d. byggingarvísitölu, sem hefði þó litlu breytt um niðurstöðu; með þeirri aðferð hefði byggingarkostnaður orðið lægri, en hækkun fjármagnskostnaðar vegið á móti.

Vitnið var spurt álits á áskorunum stefnda um framlagningu gagna. Hann sagði yfirlit um innborganir og framreikning þeirra koma fram í

viðskiptayfirlitum einstakra félagsmanna, þannig að þeim hafi verið í lófa lagið að bera saman við eigin gögn. Hann kvað hægt að sundurliða vexti á margan hátt, t.d. eftir tegundum eða dreifingu á hópa, en sagðist ekki átta sig á, hvers konar sundurliðun um væri beðið. Hann kvað sundurliðun á öllum kostnaði eftir tegundum í verkþætti og efnisflokka koma fram í ársreikningum, en ekki mánuð fyrir mánuð. Þess háttar endurskoðun taldi hann vandkvæðum bundna, m.a. vegna þess, að verktakar eigi til að „lúra" lengi á reikningum, auk þess sem vandséð væri, hvaða tilgangi slík sundurliðun gæti þjónað.

Aðalflutningur málsins fór fram 9. júní 1989. Málið var endurupptekið og endurflutt 30. október 1989 og loks tekið upp, aðilum gefinn kostur á gagnaöflun samkvæmt 120. gr. laga 85/1936 og málið dómtekið 2. nóvember 1989. Var því þá mótmælt af hálfu stefnda, að litið yrði til gagna, sem voru lögð fram af hálfu stefnanda af þessu tilefni, öðruvísi en til hagsbóta fyrir stefnda.

Álit dómsins.

Byggingarsamvinnufélag ungs fólks, Reykjavík, er samvinnufélag, og um það gilda ákvæði VIII. kafla laga 60/1984 um byggingarsamvinnufélög og, að því er varðar félagsstjórn, IV. kafli laga 46/1937 um samvinnufélög, eftir því sem við getur átt (1. mgr. 77. gr. l. 60/1984, sbr. 1. mgr. 28. gr. l. 30/1970). Nánari ákvæði eru í samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag ungs fólks, Reykjavík, sem sett hefur verið og staðfest af félagsmálaráðuneytinu samkvæmt fyrirmælum 2. mgr. 28. gr. l. 30/1970. Síðarnefndu lögin voru í gildi fyrir gildistöku laga 60/1984 og voru ekki felld úr gildi með þeim. Með byggingarsamningi aðila var lagður grundvöllur að réttarsambandi aðila. Hann var gerður fyrir gildistöku laga 60/1984, og er ágreiningslaust á því byggt af hálfu stefnanda, að eldri lögin gildi í skiptum aðila. Byggingarsamningurinn er gerður samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 30. gr. l. 30/1970 og 11. gr. samþykkta félagsins.

Samkvæmt 22. gr. samþykktanna, sbr. 18. gr. l. 46/1937, fer aðalfundur með æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur er lögmætur, ef meira en helmingur félagsmanna sækir fund, sbr. 19. gr. l. 46/1937. Aðalfundur kýs endurskoðendur. Félagsstjórn er heimilt að fela löggiltum endurskoðanda endurskoðun ásamt endurskoðendum félagsins, 25. gr. samþykkta. Hver byggingarflokkur skal kjósa þrjá menn úr sínum hópi til þess m.a. að fylgjast með fjárreiðum byggingarflokksins og árita reikninga hans. Þannig frágengnir skulu reikningar lagðir fyrir fund viðkomandi byggingarflokks til staðfestingar. Skv. 23. gr. l. 46/1937 skal leggja fram endurskoðaða reikninga á aðalfundi. Samþykkt ársreikninga á aðalfundi felur í sér fullnaðarákvörðun um reikningana.

Ársreikningar Byggungs hafa verið lagðir fram í málinu, eins og hér greinir:

—fyrir 1982, áritaður af löggiltum endurskoðanda, samþykktur á aðalfundi 1983,

— fyrir 1983, áritaður af löggiltum endurskoðanda, kjörnum endurskoðanda, trúnaðarmönnum byggingarflokka IV, V og VI og félagsstjórn og samþykktur á aðalfundi 1984,

— fyrir 1984, áritaður af endurskoðendum, löggiltum og kjörnum, auk eins trúnaðarmanns og stjórnarmanns og samþykktur á aðalfundi 1985,

— fyrir 1985, áritaður af endurskoðendum, kjörnum trúnaðarmönnum 5., 6., 7., 9. og 10. byggingarflokks og félagsstjórn og samþykktur á aðalfundi 1986,

— fyrir 1986, áritaður af endurskoðendum og stjórn og samþykktur á aðalfundi 1987 með fyrirvara,

— fyrir 1987, áritaður af endurskoðendum, stjórn og framkvæmdastjóra og samþykktur á aðalfundi 1988.

Ekki þykir hafa verið sýnt fram á, að þeir meinbugir séu á ársreikningum stefnanda, samningu þeirra, endurskoðun, áritunum á þá eða samþykkt þeirra á aðalfundum, að haft geti áhrif á niðurstöðu þessa máls.

Vegna óánægju með aðferðir þær, sem stefnandi notaði í uppgjöri haustið 1986, var Endurskoðun hf. fengin til þess að frumkvæði félaga í 5. byggingarflokki að kanna forsendur uppgjöranna. Athugun Endurskoðunar hf. leiddi til þess, að stjórn Byggungs endurskoðaði uppgjörsgrundvöllinn. Athugun þessi varð umfangsmikil og tók langan tíma. Félagsmenn byggingarflokksins máttu vita, að athugun þessi gæti leitt til breytinga á uppgjöri og að hún gæti tekið nokkurn tíma. Verður ekki talið, að sá dráttur, sem á þessu varð, geti leitt til þeirrar ályktunar, að kröfur stefnanda verði taldar niður fallnar af þeim sökum.

Byggingarsamvinnufélag annast byggingarframkvæmdir í umboði félagsmanna fyrir þeirra reikning, og skal sameiginlegum kostnaði jafnað niður á félagsmenn eftir eignarhlutföllum, sbr. 31. gr. l. 30/1970. Félagsstjórn úrskurðar um skiptingu byggingarkostnaðar milli einstakra íbúðareigenda, 4. mgr. 30. gr. laga 30/1970, sbr. 3. mgr. 11. gr. samþykkta félagsins. Ekki verður undan því vikist að deila niður öllum kostnaði, sem félagið leggur í fyrir félagsmenn, að öðru leyti en því, sem mætt er með niðurfærslu á varasjóði í undantekningartilvikum.

Með tilvísun til raka stefnanda og þess, sem rakið er hér að framan, þykir ekki verða fallist á það með stefnda, að uppgjör það, sem stefndi fékk haustið 1986, hafi verið fullnaðaruppgjör í þeim skilningi, að það bindi hendur stjórnarinnar um endanlegan úrskurð um skiptingu kostnaðar. Þegar litið er til þess, hvers eðlis réttarsamband aðilanna er, og þess gætt,

að framkvæmdum var ekki lokið og að óuppgert var við byggingarflokk stefnda, þegar hann fékk eignarheimild, verður ekki fallist á, að sá gerningur hafi getað skapað stefnda aðra réttarstöðu en þá, að honum bæri að greiða byggingarkostnað eignarhluta síns að fullu eftir lögmætum úrskurði félagsstjórnar. Ekki hefur komið fram formlegur úrskurður eða stjórnarfundarsamþykkt um uppgjörsaðferðir, en leggja verður til grundvallar, að stjórnin hafi tekið lokaákvörðun þar um, eftir að hún fékk skýrslu Endurskoðunar hf., dags. í júní 1988.

Við ákvörðun skiptingar kostnaðar á byggingarflokka bar stjórninni að gæta fyllstu réttsýni og jafnréttis milli flokka og félagsmanna. Þegar litið er til þess, hvernig úrlausnarefnið lá fyrir stjórninni, tillit tekið til þeirra bókhaldsgagna, sem tiltæk voru, til vandkvæða á að hagga við samþykktum ársreikningum og endanlegu uppgjöri við eldri byggingarflokka og þegar metnar eru ályktanir og tillögur Endurskoðunar hf., þykir stefnda ekki hafa tekist að sýna fram á, að stjórnin hafi gætt rangra sjónarmiða í úrlausn sinni.

Samkvæmt 28. gr. félagssamþykkta, sbr. 24. gr. l. 46/1937, getur aðalfundur ákveðið að tillögu félagsstjórnar og í samráði við endurskoðendur, að fé skuli greitt úr varasjóði, enda fái tillaga stuðning a.m.k. ⅔ atkvæðisbærra félagsmanna. Ársreikningar félagsins fyrir árið 1986 voru samþykktir með yfirgnæfandi meiri hluta án fyrirvara um ráðstöfun varasjóðs, aðeins 3 - 5 fundarmenn á móti. Ákvörðun aðalfundar um ráðstöfun varasjóðs er bindandi fyrir félagsmenn og verður ekki endurskoðuð til lækkunar á dómkröfum stefnanda í þessu máli. Meintar ótilgreindar og órannsakaðar ávirðingar forráðamanna félagsins á fyrri árum koma ekki til álita varðandi skuldajöfnuð við kröfur stefnanda í þessu máli, sbr. hins vegar 2. mgr. 31. gr. l. 30/1970.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, verður ekki talið, að gert hafi verið bindandi samkomulag um tiltekna uppgjörsaðferð, sem hafi fallið niður. Stefndi virðist því ekki geta álitið sig óbundinn af nokkrum þeim skyldum, sem hann hefur gengist undir gagnvart stefnanda. Þykja þá ekki efni til, að fjallað verði um málsástæður byggðar á þessum grunni framar en hér greinir:

Þegar þess er gætt, að stefnandi hefur annast byggingarstarfsemi í umboði stefnda og annarra félagsmanna fyrir þeirra reikning á tímabili síhækkandi tilkostnaðar og fjármagnað verkið með verðtryggðu lánsfé, einkum háðu lánskjaravísitölu, að hvorki ákvæði laga 13/1979 né önnur lagafyrirmæli banna verðtryggingu í skiptum aðila og að ákvæði um notkun lánskjaravísitölu er í byggingarsamningi, þykir ekkert því til fyrirstöðu, að verðtrygging miðuð við lánskjaravísitölu sé notuð við útreikning á kostnaðarskiptingu. Einkum þykir eðlileg notkun vísitölu til uppfærslu

innborgana og gjalda til sambærilegs verðlags í þessu skyni. Ákvæði byggingarsamnings um grunnvísitölu hafa enga þýðingu í þessu sambandi, enda mundu stærðir frá árinu 1982 og fyrr ekki verða sambærilegar við aðrar, ef svo væri. Ákvæði 32. gr. laga 30/1970 um hámarksverð við sölu íbúða taka ekki til útreikningsaðferða við ákvörðun kostnaðarskiptingar.

Skylda stefnda til að greiða fyllilega sinn hlut í kostnaðarverði íbúðarbygginga stefnanda felur í sér skyldu til að standa félaginu að fullu skil á útlögðum fjármagnskostnaði. Stefnandi hefur ekki neytt þess úrræðis fram til 25. október 1988, sem honum var tiltækt samkvæmt 5. gr. byggingarsamnings, að krefjast greiðslu vanskilavaxta. Vanskil á þessum þætti í skuld stefnda felur í sér skyldu til greiðslu vanskilavaxta á sama hátt og vanskil á öðrum þáttum. Kröfugerð stefnanda felur hvorki í sér töku vaxtavaxta oftar en á 12 mánaða fresti, sbr. 12. gr. laga nr. 25/1987, tvöfaldar verðbætur né fyrnda vexti, enda er fjármagnsþáttur kröfugerðar stefnanda þáttur í skyldu til greiðslu kostnaðarverðs samkvæmt byggingarsamningi, en ekki vextir í merkingu 2. tl. 3. gr. l. 14/1905, sbr. hins vegar 2. tl. 4. gr. s.l.

Ákvæði byggingarsamnings um greiðslu dráttarvaxta miðað við þá vexti, sem félagið verður að greiða af víxlum sínum, er ekki fyllilega ljóst og virðist geta falið í sér bæði samningsvexti og dráttarvexti af víxlum og jafnvel þá vexti, sem félagið verður að greiða af lánsfé, í hvaða formi sem lánsfé er fengið. Ljóst er, að stefnanda er samkvæmt III. kafla vaxtalaga heimilt að krefjast fullra dráttarvaxta frá upphafi málsóknar. Þar sem stefnandi greiddi ekki skuld sína á réttum tíma, eftir að hann fékk viðskiptayfirlit dags. 25. október 1988, bar honum samkvæmt 5. gr. byggingarsamnings að greiða dráttarvexti frá gjalddaga. Ekki er skýrt kveðið á um gjalddaga í samningnum, og stefndi hefur enga grein gert fyrir, hvað hann telur rétta vaxtahæð samkvæmt samningnum. Á hinn bóginn hefur ekki komið fram af hálfu stefnanda, hvaða vexti hann hefur orðið að greiða af víxlum sínum eða öðru lánsfé. Þykir þá verða við það að sitja, að dráttarvextir reiknist einungis frá þingfestingardegi.

Stefndi hafði réttmæta ástæðu til að leita álits dómstóla með því að taka til varna, en málatilbúnaður hans hefur verið með þeim hætti, að málið hefur vaxið langt umfram það, sem efni standa til. Samkvæmt því og aðalniðurstöðu málsins þykir samkvæmt 177. gr. laga 85/1936 rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 100.000, auk vaxta, eins og greinir í dómsorði.

Dómur í máli þessu hefur orðið meiri að vöxtum en ráð er fyrir gert í 193. gr. laga 85/1936, en til þess eru þær orsakir, að málið varðar flókin fjárviðskipti aðila. Stefnandi hefur ekki gert allt, sem ætlast mátti til, til að skýra málið, og stefndi hefur varist með mikilum fjölda málsástæðna.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Þór Guðmundssyni viðskiptafræðingi og Ómari Kjartanssyni, löggiltum endurskoðanda.

Dómsorð:

Stefndi, Birgir Jóhannesson, greiði stefnanda, Byggingarsamvinnufélagi ungs fólks, Reykjavík, kr. 314.376 með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. desember 1988 til greiðsludags og kr. 100.000 í málskostnað auk dráttarvaxta af þeirri fjárhæð frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Fimmtudaginn 13. desember 1990.

Nr. 29/1989. **Samvinnusjóður Íslands hf.**
(Kjartan Ragnars hrl.)
gegn
yfirborgarfógeta og
skiptaráðanda í Reykjavík f.h.
þrotabús Þorkels Guðmundssonar
(Ólafur Axelsson hrl.).

Kaupleigusamningur. Gjaldþrot. Þinglýsing. Bifreiðaskráning. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. janúar 1989. Krefst hann þess, að við skipti á þrotabúi Þorkels Guðmundssonar í skiptarétti Reykjavíkur verði honum úthlutað söluandvirði bifreiðarinnar R-8088 samkvæmt afsali frá búinu 25. ágúst 1988, 700.000 krónum, af óskiptri eign búsins. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í héraði tók stefndi þá afstöðu í máli þessu að sækja ekki þing, þannig að málið yrði dæmt á grundvelli framkominna sóknargagna. Við málflutning í Hæstarétti hafa verið lögð fram nokkur ný gögn.

Um málavexti er það ágreiningslaust, að áfrýjandi og Þorkell Guðmundsson hafi í febrúarmánuði 1986 gert með sér leigukaupasamning um bifreiðina R-8088, en Þorkell var leigubifreiðarstjóri og notaði bifreiðina við þá atvinnu. Með samningnum leigði áfrýjandi Þorkatli bifreiðina í 36 mánuði, og var leigutaka óheimilt að segja leigunni upp, en að leigutímanum liðnum átti hann einhliða kost á að kaupa bifreiðina til eignar. Leigugjald var miðað við stofnverð bifreiðarinnar þannig, að leigusali fengi það til baka með vöxtum á leigutímanum. Almennir skilmálar samningsins eru skýrir, og er ljóst, að áfrýjandi gerði hann til að fjármagna umráð Þorkels yfir bifreiðinni að hætti samninga um fjármögnunarleigu eða kaupleigu.

Samkvæmt gögnum málsins er ekki ástæða til að rengja, að viðskipti þessi hafi í meginatriðum farið fram, eins og haft er eftir áfrýjanda í hinum áfrýjaða úrskurði. Samþykki hins skráða eiganda bifreiðarinnar, Ingólfs Sigurgeirssonar, var staðfest með áritun hans á samninginn. Var samningurinn tekinn til þinglýsingar og þá sem kvöð á bifreiðina, eins og að jafnaði gerist um leigusamninga. Á hinn bóginn var ekki hreyft við skráningu bifreiðarinnar á bifreiðaskrá. Var það ekki fyrr en 12. desember 1986, að bifreiðin var skráð þar af nafni Ingólfs og þá á nafn leigutakans, Þorkels Guðmundssonar, á grundvelli tilkynningar frá honum og Ingólfi í lögmæltu formi. Ekki er fram komið, að annað hafi legið að baki þeirri tilkynningu en þau viðskipti, sem hér um ræðir.

Í leigukaupasamningnum er tekið fram, að bifreiðin sé eign áfrýjanda. Staðfesti Þorkell það fyrir skiptarétti, þegar hann var úrskurðaður gjaldþrota 12. apríl 1988, og lagði samninginn fram því til sönnunar, að bifreiðin væri ekki sín eign.

Í veðbókarvottorði borgarfógetans í Reykjavík frá 6. maí 1988 er bifreiðinni lýst þannig, að skráður eigandi sé Þorkell Guðmundsson. Undir fyrirsögninni „veðskuldir, kvaðir og önnur eignabönd" er þess getið, að Þorkell Guðmundsson sé fremstur í röð kröfuhafa í bifreiðinni samkvæmt heimildarskjali útgefnu 27. febrúar 1986, og er efni skjalsins lýst svo í nánari skýringum: — „Samvinnusjóður leigir Þorkeli Guðvarðarsyni (sic) bifreiðina með kaupleigusamningi. Leigutaki má ekki selja eða veðsetja né leyfa aðför í bifreiðinni." Síðari málsliður þessarar skýringar höfðar til texta sama efnis í almennum skilmálum hins umdeilda leigukaupasamnings (gr. 9.0).

Frá sjónarmiði samningsaðila var það eðlileg tryggingarráðstöfun að þinglýsa leigukaupasamningnum í skráningarumdæmi bifreiðarinnar samkvæmt þáverandi ákvæðum 43. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978. Með vísan til þeirrar ráðstöfunar heldur áfrýjandi því fram, að samningurinn með áritуðu samþykki Ingólfs jafngildi afsali til sín vegna ákvæða hans um eignarrétt leigusala. Auk samningsins liggur fyrir reikningur frá Þorkatli til áfrýjanda, þar sem kvittun er gefin fyrir fullu kaupverði bifreiðarinnar.

Stefndi mótmælir því ekki, að greiðsla á kaupverði bifreiðarinnar hafi runnið frá áfrýjanda til Ingólfs á sínum tíma. Hins vegar telur hann, að áfrýjandi hafi ekki tryggt sér sönnur fyrir eignarrétti að

bifreiðinni með þeim hætti, sem lög mæli um, þ.e. með því að láta skrásetja bifreiðina sem eign sína á ökutækjaskrá, sbr. 1. mgr. 14. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 40/1968 og 3. gr. reglugerðar nr. 40/1976 um skráningu ökutækja. Hljóti réttur hans því að víkja fyrir rétti grandlausra skuldheimtumanna hins skráða eiganda, Þorkels Guðmundssonar.

Á það ber að fallast með héraðsdómara, að hinn þinglýsti leigukaupasamningur feli ekki í sér beina eignarheimild að bifreiðinni í þeim skilningi, að hann ryðji úr vegi þeim áhrifum af eigandaskráningu á bifreiðaskrá, sem ráð var fyrir gert í 2. mgr. 43. gr. laga nr. 39/1978. Í máli þessu ræðst þetta meðal annars af því, að samningnum var þinglýst á grundvelli samþykkis frá skráðum eiganda, en ekki framsals frá honum, þ.e. sem eignarhafti samkvæmt 3. mgr. sömu greinar.

Á hinn bóginn verður að hafna því, að skuldheimtumenn í þrotabúi Þorkels þurfi ekki að taka tillit til samningsins. Enda þótt algengast sé um leigusamninga, að þeim sé þinglýst til hagsbóta fyrir leigutaka fremur en eiganda hins leigða, höfðu skuldheimtumenn ekki ástæðu til að ætla, að svo hlyti að vera um þennan samning. Ber þar fyrst og fremst að líta til efnis samningsins, sem er skýrt, að því er varðar stöðu áfrýjanda sem leigusala, og sem kvöð á bifreiðinni fól samningurinn í sér greinilegan fyrirvara um eignarrétt áfrýjanda.

Samkvæmt þessu verður þrotabú Þorkels Guðmundssonar að sæta sömu takmörkun varðandi hina umdeildu bifreið og þrotamaðurinn sjálfur, þannig að áfrýjandi verði talinn leigusali að bifreiðinni með eignarrétt að henni gagnvart þrotabúinu. Greiðslur þrotamanns samkvæmt leigukaupasamningnum svöruðu til leigu fyrir sex fyrstu leigumánuðina, og er því ekki haldið fram, að hann hafi með þeim unnið til hlutdeildar í verðmæti bifreiðarinnar, sem bú hans geti nýtt sér. Fjárkrafa áfrýjanda vegna áfallinnar leigu fyrir gjaldþrotið nemur hærri fjárhæð en andvirði bifreiðarinnar við sölu frá búi stefnda. Hann hefur lýst því, að kröfur hans á hendur búinu séu takmarkaðar við þetta andvirði. Ber á það að fallast, að honum sé heimilt að neyta réttar síns samkvæmt samningnum til að taka andvirðið til sín, eins og krafist er í máli þessu.

Rétt er eftir atvikum, að hvor aðili beri kostnað sinn af málinu.

Dómsorð:

Viðurkennd er krafa áfrýjanda, Samvinnusjóðs Íslands hf., um greiðslu á söluandvirði bifreiðarinnar R-8088, 700.000 krónum, úr hinu stefnda þrotabúi Þorkels Guðmundssonar.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði hæstaréttardómaranna Guðmundar Jónssonar og Benedikts Blöndals.

Ingólfur Sigurgeirsson var skráður eigandi bifreiðarinnar R-8088, er áfrýjandi samdi við Þorkel Guðmundsson um að lána honum fé til kaupa á bifreiðinni. Samningurinn veitti áfrýjanda ekki eignarréttindi yfir bifreiðinni, og breytir áritun Ingólfs Sigurgeirssonar á samninginn engu um það. Var og bifreiðin skráð á nafn Ingólfs í bifreiðaskrá til 12. desember 1986, er hún var skráð á nafn Þorkels Guðmundssonar.

Við teljum því, að staðfesta beri hinn áfrýjaða úrskurð.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 10. nóvember 1988.

Mál þetta var tekið til úrskurðar hinn 6. október 1988.

Sóknaraðili, Samvinnusjóður Íslands hf., Reykjavík, kt. 691282-0829, gerir þær dómkröfur, að krafa hans, að fjárhæð kr. 1.045.745, auk áfallandi dráttarvaxta frá 15. apríl 1988 verði viðurkennd sem krafa utan skuldaraðar við skipti á þrotabúi Þorkels Guðmundssonar.

Af hálfu varnaraðilja, þrotabús Þorkels Guðmundssonar, hefur ekki verið sótt þing í málinu og engar kröfur verið gerðar.

Sóknaraðili gerir þá grein fyrir málavöxtum, að hann og Þorkell Guðmundsson hafi hinn 27. febrúar 1986 gert með sér leigukaupasamning um bifreiðina R-8088, en hún er af gerðinni Mercedes Benz, árgerð 1985. Þegar samningurinn var gerður, hafi bifreiðin verið eign Ingólfs nokkurs Sigurgeirssonar, sem hafi áritað leigukaupasamninginn og veitt samþykki sitt fyrir því, að honum yrði þinglýst. Hafi sóknaraðili keypt bifreiðina af Ingólfi til þess að leigja Þorkatli hana. Gengið hafi verið frá samningi þessum þannig, að fyrst var gerður leigukaupasamningur og honum þinglýst á bifreiðina R-8088 „sem eignarheimild sóknaraðilja að bifreiðinni". Eignarheimild þessi hafi verið innfærð í þinglýsingabækur hinn 3. mars 1986.

Er samningnum hafði verið þinglýst, hafi Þorkell gert reikning á sóknar-

aðilja fyrir kaupverði bifreiðarinnar, að fjárhæð kr. 1.000.000,og greitt þá fjárhæð eiganda bifreiðarinnar. Hins vegar hafi aldrei komið til tals, að Þorkell yrði þá þegar eigandi bifreiðarinnar, heldur hafi verið ætlun aðilja, að ákvæði 9.0 í leigukaupasamningi skyldi gilda um réttarsamband leigusala og leigutaka, en þar sé kveðið á um fortakslausan eignarrétt sóknaraðilja að bifreiðinni.

Hinn 12. desember 1986 hafi það svo gerst án vitundar sóknaraðilja, að þeir Þorkell og Ingólfur Sigurgeirsson undirrituðu tilkynningu um sölu bifreiðarinnar R-8088, og er Þorkell sagður kaupandi, en Ingólfur seljandi. Tilefni þeirrar skjalagerðar hafi líklega verið það, að Ingólfur hafi ætlað að tryggja, að hann fengi umráð yfir skrásetningarnúmerinu R-8088. Tilkynning þessi hafi verið afhent Bifreiðaeftirliti ríkisins hinn 12. desember 1986 og bifreiðin eftir það verið skráð eign Þorkels Guðmundssonar í bifreiðaskrá ríkisins þrátt fyrir þinglýsta eignarheimild sóknaraðilja í þinglýsingabókum.

Bú Þorkels Guðmundssonar hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 12. apríl 1988. Sóknaraðili hafi lýst kröfu, að fjárhæð kr. 1.568.851, í þrotabúið með bréfi, dags. 14. apríl 1988, og lýst þeirri kröfu „utan skuldaraðar". Þá hafi sóknaraðili verið búinn að segja leigukaupasamningnum upp og sú uppsögn tekið gildi 15. apríl 1988.

Sóknaraðili kveður skiptaráðanda í þrotabúi Þorkels Guðmundssonar hafa flokkað kröfu sóknaraðilja sem almenna kröfu. Hafi sóknaraðili andmælt þeirri afstöðu á skiptafundi og krafist þess, að krafan yrði viðurkennd sem krafa utan skuldaraðar.

Kröfur sóknaraðilja eru á því reistar, að bifreiðin R-8088 hafi við upphaf skiptameðferðar þrotabús Þorkels Guðmundssonar verið eign sóknaraðilja. Þar sem bifreiðin hafi verið seld, eigi hann rétt á söluandvirði hennar óskiptu. Verði ekki fallist á, að sóknaraðili hafi verið eigandi bifreiðarinnar, sé krafan á því reist, að sóknaraðili eigi samkvæmt hinum þinglýsta samningi tryggingarréttindi, sem leiði til þess, að söluandvirðið eigi að renna til hans.

Sóknaraðili heldur því fram, að með undirritun sinni undir samninginn á dskj. 2 hafi Þorkell Guðmundsson orðið bundinn af yfirlýsingu um, að sóknaraðili væri eigandi bifreiðar þeirrar, sem samningurinn fjallar um. Séu engir slíkir annmarkar á því skjali, er valdi ógildi þess. Því hafi ákvæði leigukaupasamningsins um eignarrétt að bifreiðinni verið í fullu gildi við upphaf skipta á þrotabúi Þorkels Guðmundssonar, og geti skráning eiganda að bifreiðinni í bifreiðaskrá engu breytt að þessu leyti, enda hafi sóknaraðili aldrei afsalað Þorkatli Guðmundssyni þessari bifreið. Hafi þrotabú Þorkels Guðmundssonar því ekki getað öðlast viðtækari rétt í þessu sambandi gagn-

vart sóknaraðilja en Þorkell átti sjálfur. Hin opinbera eigandaskráning verði þannig ekki talin skera úr um eignarrétt aðilja, enda þótt þriðji maður eigi við venjulegar aðstæður að geta treyst því, að skráður eigandi í bifreiðaskrá sé raunverulegur eigandi. Sóknaraðili telur réttarstöðu þrotabúsins að þessu leyti ekki vera hina sömu og réttarstöðu þriðja manns.

Sóknaraðili byggir enn fremur á því, að hin þinglýsta eignarheimild hans að bifreiðinni samkvæmt leigukaupasamningnum sé rétthærri en sölutilkynningin, sem varð til þess, að bifreiðin var umskráð af nafni Ingólfs Sigurgeirssonar á nafn Þorkels Guðmundssonar. Hafi leigukaupasamningnum verið þinglýst, fyrr en umskráningin átti sér stað, og njóti auk þess fullrar lögverndar samkvæmt 25. gr., sbr. 46. gr. og 43. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978. Telur sóknaraðili, að Bifreiðaeftirliti ríkisins hafi verið óheimilt að umskrá bifreiðina vegna hinna þinglýstu tryggingarréttinda sóknaraðilja.

Þá telur sóknaraðili sig eiga rétt til söluverðs bifreiðarinnar utan skuldaraðar samkvæmt 83. gr. skiptalaga nr. 3/1878, sbr. 3. gr. laga nr. 32/1974, sbr. 1. mgr. 84. gr. laga nr. 3/1878, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 32/1974, á grundvelli þeirra tryggingarréttinda, sem leigukaupasamningurinn veitir sóknaraðilja. Verði að skýra skjal þetta svo, að það veiti sóknaraðilja veðrétt í bifreiðinni fyrir þeim kröfum, er samningurinn standi fyrir. Vísar sóknaraðili í þessu sambandi til IX. kafla gjaldþrotalaga nr. 6/1978, einkum 69. gr., 70. gr. og 72. gr., sbr. einnig 2. mgr. 24. gr., 25. gr. og 29. gr. sömu laga.

Niðurstaða.

Úrskurður verður lagður á mál þetta eftir meginreglu 118. gr. laga nr. 85/1936.

Skiptaráðandi hefur sjálfur farið með skipti á þrotabúi Þorkels Guðmundssonar og hvorki ráðið bústjóra né aðstoðarmenn til tiltekinna verkefna í þágu búsins. Þegar eftir töku búsins til gjaldþrotaskipta tók skiptaráðandi bifreiðina R-8088 í sínar vörslur. Hefur bifreiðin nú verið seld að höfðu samráði við sóknaraðilja, sem var hinn eini af kröfuhöfum, sem gerði tilkall til andvirðis hennar sérstaklega.

Sóknaraðili og Þorkell Guðmundsson gerðu hinn 27. febrúar 1986 leigukaupasamning um bifreiðina R-8088. Bifreiðin var þá skráð eign Ingólfs Sigurgeirssonar, sem áritaði samninginn um samþykki. Samhliða undirritun samningsins afhenti sóknaraðili Þorkeli Guðmundssyni kr. 1.005.340 til að ganga frá kaupum á bifreiðinni frá nefndum Ingólfi Sigurgeirssyni, en leigukaupasamningurinn greinir, hvernig Þorkell eigi að endurgreiða þá fjárhæð í formi leigu fyrir afnot af bifreiðinni með 36 greiðslum, hinni fyrstu 15. apríl 1986 og mánaðarlega eftir það. Að leigutíma loknum skyldi

hann síðan eiga kost á því að kaupa bifreiðina af sóknaraðilja á 0,1% af verðtryggðu viðmiðunarverði hennar.

Á bakhlið leigukaupasamningsins eru prentaðir leiguskilmálar, sem eru hluti af samningnum. Segir þar m.a., að leigumunir séu eign leigusala, og megi leigutaki hvorki veðsetja þá, framselja, afhenda né leyfa aðför í þeim. Verði aðfarar krafist í eignum leigutaka eða gjaldþrotaskipti á búi hans, skuli hann strax gera leigusala viðvart, þannig að leigusali geti gætt réttar síns. Leigusali eigi rétt á að láta þinglýsa eignarrétti sínum að leigumununum á kostnað leigutaka, ef þurfa þyki, til að tryggja rétt sinn gagnvart viðsemjendum eða skuldheimtumönnum leigutaka. Um tryggingu segir í leigukaupasamningnum, að fasteignarveð í Laugarnesvegi 118, Reykjavík, standi fyrir kr. 300.000, en sú fasteign mun hafa verið eign Ingólfs Sigurgeirssonar.

Af framangreindu er ljóst, að á grundvelli fjármögnunar leigusamningsins fjármagnaði sóknaraðili kaup Þorkels Guðmundssonar á bifreiðinni R-8088 af Ingólfi Sigurgeirssyni. Leigukaupasamningurinn er dagsettur 27. febrúar 1986, en hann var afhentur til þinglýsingar hjá borgarfógetaembættinu 26. sama mánaðar og skjalið innfært í þinglýsingabækur 3. mars 1986. Verður ekkert ráðið af málsgögnum, hvernig á því hafi staðið, að skjalið var ekki gefið út fyrr en degi síðar en það var afhent til þinglýsingar. Í þinglýsingabókum er leigukaupasamningsins getið sem kvaðar á bifreiðinni og rétthafi vegna kvaðarinnar Þorkell Guðmundsson. Bifreiðin var eftir sem áður skráð eign Ingólfs Sigurgeirssonar, en hann hafði áritað samninginn þannig: Samþykkur Ingólfur Sigurgeirsson No. 4735-4684-275.

Telja verður ótvírætt, að kvöð sú, sem þinglýst var með skjalinu, hafi verið fólgin í réttindum Þorkels Guðmundssonar samkvæmt samningnum. Til þess að tryggja réttarstöðu sína í sambandi við ráðstöfun bifreiðarinnar var sóknaraðilja nauðsynlegt samhliða fjármögnun kaupanna að hlutast til um, að bifreiðin yrði umskráð í bifreiðaskrá af nafni Ingólfs Sigurgeirssonar yfir á nafn sóknaraðilja. Þessa gætti sóknaraðili ekki.

Hinn 12. desember 1986 var bifreiðin síðan skráð á nafn Þorkels Guðmundssonar í samræmi við tilkynningu um eigendaskipti, sem þeir Ingólfur Sigurgeirsson og Þorkell Guðmundsson undirrituðu og afhent var Bifreiðaeftirliti ríkisins. Eftir það var bifreiðin skráð eign Þorkels Guðmundssonar, og höfðu tveir aðiljar látið gera í henni fjárnám til tryggingar skuldum Þorkels Guðmundssonar á árinu 1987 og fengið þeim þinglýst án athugasemda.

Þegar bú Þorkels Guðmundssonar var tekið til gjaldþrotaskipta hinn 12. apríl 1988, var þrotamaður skráður eigandi bifreiðarinar R-8088 í bifreiðaskrá. Þó svo að áður hafi verið búið að þinglýsa umræddum leigukaupa-

samningi, hefur það ekki þýðingu fyrir úrlausn máls þessa, enda fer eigendaskráning vegna bifreiða ekki fram með þinglýsingu á sama hátt og gildir um t.d. fasteignir. Bifreiðin var skráð á nafn þrotamanns á grundvelli tilkynningar frá fyrri eiganda hennar, og var það skjal yngra en leigukaupasamningurinn. Var bifreiðin þar með orðin andlag aðfarar fyrir skuldheimtumenn Þorkels Guðmundssonar, hvað sem tilvist leigukaupasamningsins leið. Gjaldþrotameðferð á búi skuldara er í eðli sínu sameiginleg aðför skuldheimtumanna, og undir skiptin verða því dregnar hinar sömu eignir og ella gætu verið andlag einstaklingsbundinnar aðfarar hjá skuldaranum. Leiðir þetta þegar af gagnályktun frá ákvæði 29. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 og leiðir ekki annað af ákvæðum IX. kafla gjaldþrotalaga nr. 6/1978, eins og hér stendur á. Enn fremur má benda á til hliðsjónar dóm Hæstaréttar í dómasafni 1985, bls. 49. Samkvæmt því verður ekki á það fallist með sóknaraðilja, að honum beri sem eiganda umræddrar bifreiðar að fá greitt andvirði hennar úr búinu af óskiptu, svo sem hann krefst.

Ljóst er af leigukaupasamningnum, að hvergi er ráð fyrir því gert, að hinar samningsbundnu greiðslur skuli tryggðar með veðrétti í bifreiðinni R-8088. Væri slíkt enda nokkuð sérstætt, þegar haft er í huga, að leigusali og kröfuhafi samkvæmt samningnum áskilur sér sjálfur eignarrétt að hinu leigða og væri því með veðtökunni að taka veðrétt í eigin eign sinni. Fær krafa sóknaraðilja um að fá andvirði bifreiðarinnar greitt sem veðhafi í bifreiðinni því með engu móti staðist.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, er það niðurstaða máls þessa, að kröfu sóknaraðilja er hafnað.

Ragnar Halldór Hall borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan, en hann hefur ekki haft önnur afskipti af meðferð þrotabúsins. Uppkvaðning úrskurðarins hefur dregist nokkuð vegna mikilla anna dómarans.

Úrskurðarorð:

Kröfum sóknaraðilja í máli þessu er hafnað.

Fimmtudaginn 13. desember 1990.

Nr. 354/1988. **Reykvísk endurtrygging hf.**
(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)
gegn
þrotabúi Hafskips hf.
(Gestur Jónsson hrl.).

Vátryggingarsamningur. Gjaldþrot. Gengi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. nóvember 1988. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og honum breytt á þá leið, aðallega, að áfrýjandi verði algjörlega sýknaður og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara, að áfrýjandi verði aðeins dæmdur til greiðslu 31.301,71 bandarískra dollara eða lægri fjárhæðar með þeim vöxtum, sem Seðlabanki Íslands ákvarðar um vexti af þeirri mynt. Verði fallist á varakröfu áfrýjanda, krefst hann þess, að málskostnaður verði felldur niður.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda verði gert að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Í héraðsdómi eru rakin bréfaskipti milli aðila málsins í ársbyrjun 1986 vegna gámatryggingar þeirrar, sem málið snýst um. Óumdeilt er, að með þessum bréfaskiptum hafi orðið samkomulag milli aðilanna um, að gámatryggingin félli niður eftir 6. janúar 1986 og að áfrýjandi bæri enga ábættu eftir þann tíma vegna tjóns á gámum þeim, er málið snýst um. Aðila greinir hins vegar á um það, hvort jafnframt hafi komist á samkomulag um endurgreiðslu iðgjalds. Áfrýjandi telur svo ekki hafa verið. Stefndi telur á hinn bóginn, að samkomulag aðilanna hafi einnig náð til þessa.

Í bréfi sínu til forstjóra áfrýjanda 24. janúar 1986 óskaði bústjóri stefnda þess, að gámatryggingin yrði „felld niður m.v. 6.12.85 og iðgjald endurgreitt fyrir þann hluta vátryggingartímabilsins, sem eftir er". Í svarbréfi forstjóra áfrýjanda 14. febrúar 1986 sagði svo: „Ekki er hægt að verða við þessari beiðni en við munum fella þessa

tryggingu niður frá og með 06.01.1986 og endurgreiða iðgjald í samræmi.“ Með bréfi bústjóra stefnda 26. febrúar 1986 var fallist á þetta og þess jafnframt óskað, „að iðgjaldið verði nú endurreiknað til 07.01.86 og lækkun til þess dags svo og iðgjald eftir 07.01.86 verði endurgreitt búinu“. Samkvæmt gögnum málsins virðast viðræður síðan hafa farið fram í apríl. Í bréfi áfrýjanda til stefnda 3. júní 1986 kom fram sú afstaða hans, að ekki hefði verið samið um endurgreiðslu iðgjaldsins, og vísað til ákvæða um uppsögn í vátryggingarsamningi.

Þegar litið er til orðalags bréfa aðilanna 24. janúar og 14. febrúar 1986, verður að telja, að forsvarsmenn stefnda hafi haft ástæðu til að líta svo á eftir móttöku bréfs áfrýjanda 14. febrúar, að áfrýjandi ætlaði að endurgreiða hlutfallslegt iðgjald vegna vátryggingarsamningsins fyrir tímabilið frá 6. janúar 1986 til loka upphaflegs samningstíma. Áfrýjanda mátti og vera ljóst eftir móttöku bréfs stefnda 26. febrúar 1986, að þessi var skilningur hans. Þegar þetta er haft í huga og með hliðsjón af 2. mgr. 16. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga, þykir bera að fallast á kröfu stefnda, enda hefur útreikningur hennar ekki verið vefengdur af hálfu áfrýjanda.

Krafa stefnda er miðuð við kaupgengi bandarísks dollara á upphafsdegi skipta þrotabús Hafskips hf. hinn 6. desember 1985, sem var 41,54 krónur. Hinn 7. janúar 1986 var kaupgengið 42 krónur. Áfrýjandi hefur haft uppi kröfu um, að dæmd fjárhæð verði tilgreind í bandarískum dollurum, þar sem fjárhæðir í vátryggingarsamningnum hafi verið í þeirri mynt. Vextir verði einnig miðaðir við ákvarðanir Seðlabanka Íslands um vexti af þeirri mynt. Ekki þykja lagarök standa til annars en að miða kröfuna við íslenska mynt á kaupgengi 7. janúar 1986. Þar eð gengi bandarísks dollara var hærra þá en miðað er við í kröfugerð stefnda, verður á hana fallist. Eins og málinu er háttað, þykir hins vegar rétt að dæma vexti eins og í dómsorði greinir.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals 500.000 krónur.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Reykvísk endurtrygging hf., greiði stefnda, þrotabúi Hafskips hf., 2.124.189 krónur með 22% ársvöxtum

frá 7. janúar 1986 til 1. mars s.á., með 12,1% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., með 8,5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember s.á., með 8,7% ársvöxtum frá þeim degi til 11. s.m., með 8,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s.á, með 8,9% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1987, með 9,3% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar s.á., með 9,6% ársvöxtum frá þeim degi til 11. s.m., með 9,9% ársvöxtum frá þeim degi til 21. s.m., með 10,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á., með 10,3% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí s.á., með 10,7 % ársvöxtum frá þeim degi til 11. s.m., með 10,9% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á., með 11,2 % ársvöxtum frá þeim degi til 2. s.m., en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Áfallnir dráttarvextir leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 2. júní 1988.

Áfrýjandi greiði stefnda 500.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Samkvæmt 28. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga hefur gjaldþrot vátryggingartaka engin áhrif á vátryggingarsamning önnur en þau, er leiðir af almennum reglum laga. Er óheimilt að semja um annað nema á sviði skaðatryggingar, þar sem vátryggingarfélag má áskilja sér rétt til að segja tryggingunni upp með 14 daga fyrirvara hið minnsta. Í samningi málsaðila um gámatryggingu voru ekki ákvæði um uppsögn vegna gjaldþrots, en samkvæmt 16. gr. almennra skilmála samningsins (Institute Containers Clauses) mátti hvor aðili segja honum upp, hvenær sem var, með 30 daga fyrirvara. Í 4. gr. viðbótarskilmála um styrjaldar- og verkfallsáhættu (Institute War and Strikes Clauses) var kveðið á um skemmri fyrirvara varðandi þann þátt vátryggingarinnar, en það ákvæði hafði ekki sjálfstæða þýðingu, eins og hér stóð á.

Þær almennu lagareglur, sem 28. gr. höfðar til, eru einkum í

43.-48. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, er taka til gagnkvæmra samninga. Samkvæmt 1. mgr. 45. gr. hefði áfrýjandi mátt rifta vátryggingarsamningnum, þar sem stefndi hafði látið í ljós ósk um að slíta honum, auk þess sem hann átti uppsagnarrétt samkvæmt 2. mgr. 48. gr. Samkvæmt 1. mgr. 48. gr. gat stefndi einnig sagt upp samningnum með venjulegum eða sanngjörnum fresti. Að auki gátu báðir aðilar neytt hins almenna uppsagnarréttar samkvæmt samningsskilmálunum, og féll hann nánast saman við rétt þeirra eftir 48. gr. Iðgjald vegna vátryggingarinnar var ekki í vanskilum, og kom uppsögn á þeim forsendum ekki til álita.

Umsamin vátrygging áfrýjanda á gámaflota Hafskips hf. átti að gilda fyrir tímabilið frá 8. júní 1985 til jafnlengdar næsta ár. Í héraðsdómi eru rakin helstu bréfaskipti málsaðila um vátrygginguna eftir gjaldþrot félagsins 6. desember 1985. Af þeim er ljóst, að stefndi vildi fella vátrygginguna úr gildi þegar við gjaldþrotið, meðal annars á þeim forsendum, að áhætta vegna hinna vátryggðu hagsmuna væri ekki lengur fyrir hendi, þar eð gámaflutningum á vegum félagsins væri lokið. Áfrýjandi taldi þá ráðstöfun ranga, meðal annars af því, að margir gámanna væru á leigu frá þriðju aðilum, sem hefðu hagsmuni af að halda þeim í tryggingu. Hann féllst síðan á það í bréfi 14. febrúar 1986 að fella vátrygginguna niður miðað við 6. janúar s.á., enda hafði stefnda þá tekist að skila mestum hluta leigugámanna til eigenda þeirra. Á þetta féllst stefndi í bréfi 26. febrúar 1986. Óumdeilt er, að með bréfum þessum hafi tekist samkomulag milli aðila um, að gámatryggingin teldist niður fallin eftir umræddan dag, sem næst 7 mánuðum eftir upphafsdag hennar og 30 dögum eftir gjaldþrotið, þannig að áfrýjandi bæri enga áhættu vegna tjóns eftir þann tíma. Hins vegar greinir þá á um endurgreiðslu iðgjalds þessa vegna.

Af hálfu stefnda var greinilega til þess ætlast, að fram færi hlutfallsleg endurgreiðsla á iðgjaldi miðað við þá styttingu um 5 mánuði, sem varð á gildistíma vátryggingarinnar. Kom þetta fram í bréfum hans 24. janúar og 26. febrúar 1986, og er krafa hans um endurgreiðslu á jafnvirði USD 51.136 miðuð við þá tilhögun. Í bréfi frá 10. desember 1985 hafði áfrýjandi lýst því yfir, að iðgjald mundi afreiknast, þegar gámar yrðu afhentir eigendum, og í bréfinu 14. febrúar 1986 kvaðst hann myndu „endurgreiða iðgjald í sam-

ræmi“ við niðurfellingu vátryggingarinnar. Telur stefndi, að með þessu hafi hann átt við hlutfallslegt uppgjör. Af bréfinu mátti þó einnig ráða, að áfrýjandi myndi vilja ræða málið nánar, og á fundi milli málsaðila 7. apríl 1986 lagði fulltrúi hans fram tillögu um endurgreiðslu á öðrum grundvelli, að fjárhæð USD 31.301,71, sem varakrafa hans nú miðast við. Var þar byggt á því sjónarmiði, að iðgjald ætti að reiknast hærra vegna hins stytta vátryggingartíma, svipað og um ræðir í 1. mgr. 16. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Á það má fallast með áfrýjanda, að með orðum sínum í bréfinu 14. febrúar 1986 hafi hann ekki verið að lýsa gagngeru samþykki við endurgreiðslutillögu stefnda. Hins vegar fólst í þeim eindregið fyrirheit um endurgreiðslu vegna vátryggingarslitanna, eins og í fyrra bréfi hans. Með vísan til þess og til meginreglu 16. gr. laga um vátryggingarsamninga verður að hafna aðalkröfu hans um sýknu. Sú viðbára hans, að tjón hefði orðið á vátryggingartímanum, þykir ekki skipta máli, enda gaf áfrýjandi á engan hátt til kynna í erindum sínum, að endurgreiðsla ætti að takmarkast fyrir þær sakir.

Samkvæmt 16. gr. hinna almennu skilmála átti vátryggingartaki rétt á hlutfallslegri endurgreiðslu iðgjalds, ef félagið segði tryggingunni upp, en endurgreiðsla skyldi verða eftir því, sem um semdist, ef uppsögn kæmi frá honum sjálfum. Þessi ákvæði skera ekki úr um rétt aðila, eins og slitum á gámatryggingunni var háttað, en þau fóru fram án formlegrar uppsagnar og án sérstakrar skírskotunar til samningsins eða eindregins fyrirvara af hálfu áfrýjanda, er á honum væri byggður. Er því rétt að leysa úr málinu eftir ákvæðum 16. gr. laga um vátryggingarsamninga. Samkvæmt 2. mgr. hennar á vátryggingartaki rétt á endurgreiðslu iðgjalds í hlutfalli við þann tíma, er vátryggingartímabil styttist um, ef vátrygging fellur niður af öðrum ástæðum en þeim, að vátryggingarfélagið segi henni upp á grundvelli ákvæða í lögunum sjálfum. Meðal annars á 2. mgr. við að öðru jöfnu, þegar vátrygging er felld niður vegna brottfalls hinna vátryggðu hagsmuna eða þeirrar áhættu, sem tryggt er gegn. Í viðræðum sínum um gámatrygginguna virðast aðilar hafa verið sammála um það frá upphafi, að fella bæri hana niður, þegar hinir vátryggðu hagsmunir væru úr áhættu á vegum stefnda. Þeir staðnæmdust síðan við fyrrgreindan lokadag. Með tilliti til þessa

og atvika að öðru leyti ber að fallast á kröfu stefnda um hlutfallslega endurgreiðslu, eins og gert er í atkvæði meiri hluta dómenda. Er ég samþykkur niðurstöðum þeirra í málinu.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. ágúst 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. júlí sl., er höfðað með framlagningu skjala í dómi 2. júní 1987.

Stefnandi er þrotabú Hafskips h/f, nnr. 1380-3005, Skógarhlíð 6, Reykjavík.

Stefndi er Reykvísk endurtrygging h/f, nnr. 7307-1445, Sóleyjargötu 1, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 2.402.258 krónur ásamt 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá 6. desember 1985 til 1. mars 1986, en með 2,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., en með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1987, en með dráttarvöxtum skv. 14. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist, að áföllnum dráttarvöxtum megi bæta við höfuðstól, sem vextir reiknast af, fyrst 6. desember 1986 og síðan á 12 mánaða fresti.

Til vara er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda 2.124.189 krónur með sömu vöxtum og greinir í aðalkröfu.

Í báðum tilvikum krefst stefnandi málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Málavextir.

Stefndi annaðist flestar vátryggingar Hafskips h/f um árabil, m.a. skipa- og gámatryggingar. Tekur stefnandi fram og telur nauðsynlegt að hafa í huga, að veruleg tengsl hafi verið á milli stefnda og Hafskips h/f, þar sem framkvæmdastjóri Hafskips h/f, Björgólfur Guðmundsson, og stjórnarformaður þess, Ragnar Kjartansson, hafi báðir átt sæti í stjórn Reykvískrar endurtryggingar h/f, sá síðarnefndi sem stjórnarformaður. Hafi þessir forsvarsmenn Hafskips h/f ásamt framkvæmdastjóra stefnda verið stærstu hluthafar Reykvískrar endurtryggingar.

Hafskip h/f notaði í starfsemi sinni umtalsverðan fjölda gáma, sem flestir voru á leigu hjá félaginu. Félagið keypti vátryggingu hjá stefnda vegna þeirra. Stefndi sendi Hafskipi h/f tilkynningu, dags. 26. júní 1985, þar sem tilkynnt var um gámatryggingu til 12 mánaða. Voru vátryggðir hagsmunir 20.000.000 Bandaríkjadala að verðmæti og iðgjald 90.000 Bandaríkjadalir, sem áttu að greiðast fyrir þrjá mánuði í senn. Vátryggingarskírteini var gefið út 27. júní 1985. Þar kemur fram m.a., að iðgjald

skyldi vera 0,45% af vátryggðum hagsmunum, eins og þeir væru greindir á listum yfir gáma, sem Hafskip væri með í notkun á hverjum tíma. Í skírteininu kemur fram, að Hafskip h/f var vátryggt, en auk þess taldist gámaleigufyrirtækið ITEL vera vátryggt vegna þeirra gáma, sem það fyrirtæki átti og Hafskip var með á leigu á hverjum tíma.

Hafskip h/f var úrskurðað gjaldþrota 6. desember 1985, og voru þá skipaðir 3 bústjórar til þess að fara með fyrirsvar búsins. Hófust fljótlega viðræður þeirra og stefnda um uppgjör viðskipta. Lagði stefndi viðskiptayfirlit Hafskips h/f fyrir árið 1985 fram 15. janúar 1986. Niðurstaða þess var, að þrotabúið ætti inneign hjá stefnda, sem næmi 104.079,42 Bandaríkjadölum. Auk þess lá fyrir á handskrifuðu minnisblaði frá framkvæmdastjóra stefnda, að óuppgert væri tjón til stefnanda, samtals 236.515 Bandaríkjadalir. Stefnandi tekur fram, að í ljósi tengsla Hafskips h/f og stefnda sé staða viðskipta aðila mjög athyglisverð, sérstaklega þar sem fyrir hafi legið, að hið gjaldþrota félag hafi skuldað nánast öllum viðskiptamönnum sínum verulegar fjárhæðir og nánast ekkert greitt af skuldum sínum síðustu mánuðina fyrir gjaldþrotið. Veki það athygli, að á sama tíma (ágúst til nóvember 1985) greiddi félagið 14 sinnum 20.000 dali í reiðufé til stefnda.

Af fyrrgreindu viðskiptayfirliti kemur fram, að þegar í júní 1985 skuldfærði stefndi Hafskip h/f fyrir 90.000 Bandaríkjadölum vegna gámatryggingarinnar, þ.e. iðgjaldi fyrir 12 mánuði. Þá hafi annars vegar 14.967 dalir og hins vegar 7.522 dalir verið skuldfærðir sem viðbótariðgjöld í nóvember 1985.

Forsvarsmenn aðila áttu með sér fund 22. janúar 1986, þar sem fjallað var um uppgjör viðskiptamanna. Í framhaldi af þeim fundi var stefnda sent bréf, dags. 24. janúar 1986. Þar segir m.a.:

„Þess er óskað, að gámatrygging 85/86, sem skuldfærð er á viðskiptareikning í júní 1985 með USD 90.000 og endurskoðuð með tveim greiðslum í nóv. 1985 (USD 14.967 og USD 7.552), verði felld niður m.v. 6.12.85 og iðgjald endurgreitt fyrir þann hluta vátryggingartímabils, sem eftir er. Á það skal bent, að þrotabúið hefur ekki þörf fyrir þá vernd, sem vátryggingin felur í sér, þar sem flutningum á gámum á vegum félagsins var þá lokið og forsendur þeirrar áhættu, sem Hafskip hf. tryggði sig gegn, því ekki fyrir hendi.

Telji RE sig ekki geta orðið við ósk þrotabúsins um niðurfellingu vátryggingarinnar frá 6.12.85, er þess óskað, að fundur verði haldinn með fulltrúum þb. Hafskips hf. og RE hið fyrsta um þessa tryggingu. Til upplýsingar fyrir yður hef ég látið taka saman skrá yfir gáma, sem þrotabúið hafði ekki skilað réttum eigendum eða voru í eigu þess þann 23.12.85. Sams konar listi yfir gáma verður tekinn saman í næstu viku miðað við stöðuna þá."

Þessu bréfi svaraði stefndi 14. febrúar 1986. Þar segir m.a.:

„Gámatrygging Hafskips.

Hjálagt fylgir afrit af bréfi dags. 10.12. 1985, þar sem við staðfestum áframhald á viðkomandi tryggingu. Í bréfi þessu er óskað eftir því að þessi trygging verði felld niður frá og með 06.12. 1985. Ekki er hægt að verða við þessari beiðni en við munum fella þessa tryggingu niður frá og með 06.01. 1986 og endurgreiða iðgjald í samræmi. Óskað er eftir staðfestingu frá þrotabúi Hafskips, að Reykvísk endurtrygging sé laus allra ábyrgða gagnvart ITEL and Interpool, þar sem viðkomandi aðilar staðfesta sjálfir samþykki sitt, þar sem við urðum að staðfesta vátryggingar til viðkomandi aðila. Við erum reiðubúin að ræða málið nánar á fundi með ykkur."

Með bréfi stefnda fylgdi afrit bréfs frá 10. desember 1985, sem stílað var á Hafskip h/f, en í því bréfi segist stefndi ekki hafa fellt gámatryggingarnar niður, þar sem hann sé skuldbundinn gagnvart ýmsum leiguaðilum að vátryggja þeirra hagsmuni. Jafnframt er því lýst yfir, að iðgjald muni afreiknast, þegar gámar verði afhentir eigendum.

Stefnandi telur, að í þessu svari stefnda felist misskilningur á réttarstöðu hans við gjaldþrotið, og ber hann fyrir sig, að skv. 1. tl. 43. gr. laga nr. 6/1978 um gjaldþrotaskipti hafi það verið á valdi þrotabúsins að ákveða, hvort hinn gagnkvæmi samningur aðila yrði við lýði eftir 6. desember 1985.

Forsvarsmenn aðila áttu fund 20. febrúar 1986, og í framhaldi af honum sendu bústjórar stefnda bréf, dagsett 26. febrúar 1986, þar sem segir m.a.:

„Gámatryggingar.

Fallist er á þá hugmynd, að gámatryggingar gagnvart öllum gámum öðrum en frá ITEL og Interpool teljist felldar niður frá 07.01.86. Þrotabúið mun reglulega senda upplýsingar um verðmæti gámastokks þessara aðila, þannig að hægt sé að reikna iðgjaldið. Hjálagt sendi ég verðmætalista vegna gáma pr. 07.01.86. Þess er óskað, að iðgjaldið verði nú endurreiknað til 07.01.86 og lækkun til þess dags svo og iðgjald eftir 07.01.86 verði endurgreitt búinu. Búið mun síðan greiða iðgjald frá 07.01.86 vegna gáma Interpool og ITEL skv. reikningi RE."

Með þessu bréfi töldu bústjórar sig vera að ganga frá endanlegu samkomulagi við stefnda um uppgjör gámatryggginganna í framhaldi af framangreindum fundi. Var gengið út frá því, að iðgjöld af gámatryggingunni yrðu endurgreidd búinu pro rata miðað við vátryggingartímabilið, enda hafi stefndi engin orð haft um annað.

Nokkuð dróst hjá stefnda að svara. Á fundi 7. apríl 1986 lagði Bjarni G. Bjarnason, starfsmaður stefnda, fram handskrifaðan útreikning á því, hver endurgreiðsla stefnda á iðgjaldinu ætti að vera, ásamt töflu, sem útreikningurinn var byggður á.

Við athugun bústjóra á útreikningum þessum kom í ljós, að endurgreiðsl-

an var ekki hlutfallsleg miðað við tíma. Þessu var mótmælt í bréfi, dags. 22. apríl 1986, og í því bréfi gerð grein fyrir skoðun stefnanda á því, hvernig beri að reikna endurgreiðsluna, miðað við samkomulag aðila. Niðurstaða þess útreiknings var sú, að endurgreiðslan ætti að nema 51.136 Bandaríkjadölum.

Stefndi svaraði bréfi þessu með bréfi, dags. 3. júní 1986. Þar er því haldið fram, að það, að iðgjaldið skyldi greiðast ársfjórðungslega, komi reikningsstöðu Hafskips h/f hjá stefnda á upphafsdegi skipta, 6. desember 1985, ekkert við, því að iðgjaldið hafi verið allt skuldfært í upphafi skv. „venjulegum reikningsskilavenjum", eins og það er orðað í bréfinu.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi byggir á því, að samkvæmt samningi aðila hafi stefnda verið óheimilt að skuldfæra Hafskip h/f fyrir 12 mánaða iðgjaldi þegar í júní 1985. Iðgjaldið hafi átt að greiðast ársfjórðungslega og hafi einungis 45.000 Bandaríkjadalir verið komnir í gjalddaga, þegar hinum gagnkvæma samningi lauk. Sama gildi um viðbótariðgjöld, samtals 22.489 Bandaríkjadali, sem stefndi segist hafa skuldfært í nóvember. Honum hafi ekki verið heimilt að skuldfæra þau iðgjöld til loka upphaflega vátryggingartímabilsins.

Stefnandi heldur því fram, að tengsl forsvarsmanna Hafskips h/f við stefnda hafi verið með þeim hætti, að jafnvel þótt þeir hafi hugsanlega ekki gert athugasemdir við skuldfærsluna, sé slíkt ekki skuldbindandi fyrir þrotabúið samkvæmt meginreglum VIII. kafla laga nr. 6/1978, m.a. 54. og 61. gr.

Af þessu leiði, að iðgjöld, sem komin hafi verið í gjalddaga 6. desember 1985, hafi verið samtals 54.689 Bandaríkjadalir.

Stefndi hafði tekið til sín iðgjöld, að fjárhæð 112.519 Bandaríkjadali, og hafi oftekin iðgjöld á upphafsdegi skipta því verið 57.830 dalir. Er aðalkrafa stefnanda sú, að stefndi verði dæmdur til að greiða búinu jafnvirði þessarar fjárhæðar með vöxtum.

Til vara er á því byggt, að tekist hafi samningur milli aðila um uppgjörið þegar 26. febrúar 1986, og beri þá stefnda að endurgreiða stefnanda iðgjöld að jafnvirði 51.136 Bandaríkjadala samkvæmt útreikningum í bréfi stefnanda frá 22. apríl 1986, en þar miðar stefnandi við, að Hafskipi hafi borið að greiða 61.383 dali í iðgjald, og sé sú fjárhæð dregin frá 112.519, fáist fjárhæð varakröfunnar. Stefnandi kveðst hér byggja á sömu lagarökum og í aðalkröfugerð, en ganga út frá því, að iðgjald skuli greitt af gámum, sem ekki hafði verið skilað til réttra eigenda skv. umsaminni viðmiðun aðila tímabilið 6. desember 1985 til 6. janúar 1986. Þá telur stefnandi, að samkomulag þetta hafi falið í sér loforð stefnda um hlutfallslega endurgreiðslu

iðgjaldsins, þar sem áskilnaður hafi ekki verið gerður um annað. Ákvæði vátryggingarskilmálanna um uppsögn eigi ekki við vegna gjaldþrotsins, og endurgreiðslutafla stefnda, svonefnd „aviation cancellation scale", hafi ekki stoð í lögum, venju eða samningi aðila.

Þá tekur stefnandi fram, að jafnvel þótt samningur aðila hefði verið látinn halda sér út samningstímann þrátt fyrir gjaldþrotið, myndi það leiða til sömu niðurstöðu. Í samningi aðila hafi falist, að iðgjald reiknaðist af verðmæti þeirra gáma, sem félagið hafði í notkun hverju sinni. Sú notkun var nánast engin eftir 6. desember 1985 og alls engin eftir 7. janúar 1986. Iðgjald vegna þess tíma hefði því átt að endurreiknast sem 0 og stefnda borið að endurgreiða í samræmi við það.

Sýknukrafa stefnda byggist á því, að þar sem stefnandi hafi ekki samþykkt tilboð hans um lækkun eða endurgreiðslu heildariðgjalds, sé hann ekki skuldbundinn til endurgreiðslu eða lækkunar iðgjaldsins. Telur stefndi, að þrotabúið hafi tekið yfir samning þann, sem gerður var við Hafskip h/f, og að samkomulag hefði náðst þess efnis, að vátryggingin skyldi gilda til 6. janúar 1986, þó þannig, að hluti hennar gilti áfram, og að það hafi verið háð samkomulagi hins vátryggða, stefnda og endurtryggjenda, hvort og þá hvernig endurgreiðslum skyldi háttað.

Stefndi hafi boðið fram greiðslu á 31.301,71 Bandaríkjadal, og byggist hugsanleg skuld hans algerlega á tilboði því, sem stefndi gerði stefnanda í bréfi, dagsettu 3. júní 1986.

Forsendur og niðurstaða.

Ekki verður fallist á aðalkröfu stefnanda, þar sem ákvæði 1. tl. 43. gr. laga nr. 6/1978 um gjaldþrotaskipti, sem hann ber fyrir sig, á ekki við í þessu tilviki vegna sérreglu 28. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga, sbr. 41. gr. laga nr. 6/1978.

Samkvæmt 28. gr. l. nr. 20/1954 hélst vátryggingarsamningur aðila í gildi þrátt fyrir gjaldþrotaúrskurðinn eða allt til 7. janúar 1986, en fram er komið í málinu, að aðilar komu sér saman um, að tryggingin skyldi felld niður frá þeim tíma, sbr. bréf stefnda, dagsett 14. febrúar 1986, og bréf stefnanda, dagsett 26. janúar s.á.

Telur dómurinn, að samkomulag hafi tekist með aðilum um, að tryggingin skyldi felld niður frá 7. janúar 1986, og eru aðilar bundnir af því samkomulagi.

Skilmálar þeir, sem giltu í viðskiptum aðila, voru svonefndir „Institute Container Clauses" ásamt „Institute War and Strikes Clauses", sem eru heftir við bréf stefnda til stefnanda, dagsett 27. júní 1985, sem aðilar nefna vátryggingarskírteini.

Stefndi hefur borið fyrir sig plagg nokkurt, sem nefnt er „aviation

cancellation scale", sem virðist eiga að gilda um endurgreiðslu iðgjalda í tilteknum hlutföllum eftir lengd tryggingartímabils. Ekki hafa verið færð fram nein gögn, sem styðji, að slíkum afdrætti skuli beita við endurreikning á iðgjaldi til stefnanda. Þá má og benda á, að í bréfi stefnda til stefnanda, dagsettu 14. febrúar, að (sic) stefndi muni „endurgreiða iðgjald í samræmi". Hvergi er hér að finna neinn fyrirvara, sem stefndi getur nú byggt á um endurgreiðsluna, og í ofangreindum tryggingarskilmálum segir beinlínis, að endurgreiða beri iðgjald pro rata, sbr. 4. gr. b í skilmálum þeim, sem nefndir eru „Institute War and Strikes Clauses", en skv. 1. gr. þeirra skilmála segir, að 16. gr. skilmála þeirra, er nefndir eru „Institute Container Clauses", gildi ekki um trygginguna. Stefndi hefur borið 16. gr. þessara skilmála fyrir sig, en samkvæmt framansögðu verður ekki talið, að hún eigi við í samskiptum aðila, og verður því ekki á henni byggt um endurgreiðslu iðgjaldsins.

Samkvæmt því, sem hér að framan segir, ber stefnda að greiða tryggingariðgjöldin í samræmi við það, sem krafist er af stefnanda í varakröfu hans, og með því að krafa stefnanda um upphafstíma vaxta hefur ekki sætt andmælum, þykir, eins og á stendur hér, bera að taka kröfu stefnanda að þessu leyti til greina, þó þannig, að dráttarvextir greiðist frá 7. janúar 1986.

Fallist er á kröfu um höfuðstólsfærslu vaxta á 12 mánaða fresti, þó þannig, að miðað er við 7. janúar 1987.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda 320.000 krónur í málskostnað, þ.m.t. söluskattur.

Allan Vagn Magnússon borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Reykvísk endurtrygging h/f, greiði stefnanda, þrotabúi Hafskips h/f, 2.124.189 krónur ásamt 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá 7. janúar 1986 til 1. mars s.á., en með 2,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., en með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1987, en með dráttarvöxtum skv. 14. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og 320.000 krónur í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Áfallnir vextir leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 7. janúar 1987.

Fimmtudaginn 13. desember 1990.

Nr. 219/1990. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Hallbirni Einari Guðjónssyni
(Sigurður Georgsson hrl.).

Þjófnaður. Skjalafals. Fjársvik. Bifreiðar. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. maí 1990 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar á refsingu og til staðfestingar á sviptingu réttar til að öðlast ökuleyfi. Meðákærðu samkvæmt ákærum 21. mars, 6. júlí og 28. ágúst 1989 una héraðsdómi.

Sakarefni það, sem um er fjallað í II. kafla ákæru 6. júlí 1989, var ekki borið undir ákærða við meðferð málsins fyrir dómi. Ber því að sýkna hann af þeim ákærulið.

Að öðru leyti ber að staðfesta sakarmat hins áfrýjaða dóms og heimfærslu til refsiákvæða. Refsing ákærða þykir þar einnig hæfilega ákveðin.

Fram er komið, að ákærði hefur aldrei öðlast réttindi til að stjórna bifreið. Síðan 1983 hefur hann þrisvar verið sviptur ævilangt rétti til að öðlast ökuréttindi, og stendur það óhaggað. Svipting réttar ákærða til að öðlast ökuréttindi verður ekki áréttuð í máli þessu, sbr. dóm Hæstaréttar 27. júní 1988 í málinu nr 150/1988.

Af hálfu ákæruvalds og ákærða er einungis óskað endurskoðunar bótaákvæðis héraðsdóms, að því er varðar bótakröfu frá Lín hf., sbr. II. kafla ákærunnar 6. júlí 1989. Samkvæmt ofangreindri niðurstöðu um þann ákærukafla kemur bótakrafa þessi ekki til álita, sbr. 3. mgr. 146. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Að öðru leyti kemur skaðabótaákvæði hins áfrýjaða dóms ekki til endurskoðunar, sbr. 147. gr. sömu laga.

Staðfesta ber málskostnaðarákvæði héraðsdóms, að því er

ákærða varðar, og jafnframt verður hann dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Hallbjörn Einar Guðjónsson, sæti fangelsi í 18 mánuði.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um bótakröfu á hendur ákærða frá Líni hf. er fellt úr gildi, en að öðru leyti skal ákvæði hans um skaðabótagreiðslur ákærða standa óhaggað.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 45.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 45.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 14. febrúar 1990.

Ár 1990, miðvikudaginn 14. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 90-92/1990: Ákæruvaldið gegn Hallbirni Einari Guðjónssyni, X og Y, sem tekið var til dóms þann 12. febrúar sl.

Málið er höfðað með 10 ákæruskjölum ríkissaksóknara, dagsettum 21. mars 1989, 8. maí 1989, 31. maí 1989, 6. júlí 1989, 28. ágúst 1989, 17. október 1989, 30. október 1989, 18. desember 1989 og 23. janúar 1990, á hendur ákærðu, Hallbirni Einari Guðjónssyni, Asparfelli 12, Reykjavík, kt. 191156-2569, X og Y, öllum í Reykjavík.

Með ákæruni, dagsettri 21. mars sl., er málið höfðað á hendur ákærðu Hallbirni og X „fyrir eftirgreind brot á almennum hegningarlögum, framin í Reykjavík í október 1988:

I. Ákærða Hallbirni er gefið að sök að hafa aðfaranótt 15. október stolið seðlaveski Arnar Eyþórssonar, kennitala 28.04.63-7369, í Gistiheimilinu í Brautarholti 22, en í veskinu voru auk skilríkja um 1.000 krónur og tékkhefti frá Grensásútibúi Verslunarbanka Íslands hf.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II. Ákærðu er báðum gefið að sök tékkafals með því að hafa í framhaldi af ofangreindum þjófnaði staðið saman að því að falsa og nota í

viðskiptum ásamt Vilmundi Vilmundarsyni, kennitala 12.05.41-2939, eftirgreinda tékka úr tékkheftinu, ritaða af ákærðu X til handhafa á reikningsnúmerið 19555, dagsetta 15.10. 1988, og með falsaðri útgefandanafnritun-inni Arnar Eyþórsson. Ákærðu skiptu með sér andvirði tékkanna:

1) Tékki nr. 1715269, að fjárhæð kr. 5.000. Seldur í versluninni Júnó Ís, Skipholti 37.

2) Tékki nr. 1715267, að fjárhæð kr. 3.400. Seldur í versluninni Lukku-Láka.

3) Tékki nr. 1715270, að fjárhæð kr. 5.000. Með framsalsstimpli Kristínar Andrewsdóttur. Óvíst, hvar ákærðu seldu tékkann.

4) Tékki nr. 1715271, að fjárhæð kr. 5.000. Óvíst, hvar ákærðu seldu tékkann.

5) Tékki nr. 1715272, að fjárhæð kr. 5.000. Seldur í söluturninum Einholti 4.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Með ákærunni, dagsettri 8. maí sl., er málið höfðað á hendur ákærða Hallbirni einum ,,fyrir að aka eftirgreindum bifreiðum á árinu 1989, undir áhrifum áfengis og sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt, svo sem hér er rakið:

1. Laugardaginn 4. mars bifreiðinni R-21467 frá heimili sínu áleiðis að Miklubraut 1, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans í Sætúni.

2. Föstudaginn 10. mars bifreiðinni G-25279 frá Miklubraut 1, Reykjavík, áleiðis að heimili sínu, þar til bifreiðin bilaði á gatnamótum Nóatúns og Borgartúns.

Telst þessi háttsemi ákærða varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. og 102. gr. nefndra laga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Með ákærunni, dagsettri 31. maí sl., er málið höfðað á hendur ákærða Hallbirni einum ,,fyrir að aka, tvisvar sinnum á árinu 1989, bifreiðinni G-25279, undir áhrifum áfengis og sviptur rétti til að öðlast ökuréttindi ævilangt, um götur í Reykjavík, svo sem hér rakið:

1) Laugardaginn 8. apríl frá Vesturbergi 78 áleiðis að Miklubraut 1, uns lögreglan hafði afskipti af ákærða á Höfðabakka.

2) Aðfaranótt fimmtudagsins 4. maí frá heimili sínu áleiðis að Elli-heimilinu Grund, uns lögreglan stöðvaði akstur hans á Laugavegi.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 102. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Með ákærunni, dagsettri 6. júlí sl., er málið höfðað á hendur ákærðu Hallbirni og Y „fyrir eftirgreind brot, framin í Reykjavík á árinu 1989, nema annars sé getið:

I.

Á hendur ákærðu báðum fyrir:

1) Skjalafals með því að hafa laugardaginn 18. febrúar í félagi framvísað í versluninni Hagkaupum í Skeifunni falsaðri sölunótu nr. 05 2720529, að fjárhæð kr. 24.000,00, sem ákærða Y hafði falsað á nafnritunina Jóhanna Erlendsdóttir til staðfestingar móttöku keyptra vara út á visagreiðslukort nefndrar Jóhönnu, en kortinu hafði ákærði Hallbjörn Einar stolið tveimur dögum áður, eins og rakið er í lið III 1.b hér á eftir.

2) Þjófnað með því að hafa:

a) Sama dag í sömu verslun stolið þremur armbandsúrum, eldhúsáhöldum og leðurhönskum, samtals að verðmæti kr. 9.745.

b) Fimmtudaginn 23. febrúar í versluninni Miklagarði við Sund stolið ostaskera, 2 öskubökkum, nærfötum, sólgleraugum og hárlit, að verðmæti kr. 2.270, en ákærðu voru handtekin, er þau gengu út úr versluninni.

Telst liður 1 varða við 1. mgr. 155. gr., en liður 2 við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II.

Gegn ákærðu Y fyrir þjófnað með því að hafa föstudaginn 17. febrúar stolið leðurjakka og leðurlíkisjakka úr Vinnufatabúðinni, Laugavegi 76, að verðmæti kr. 17.800, og föstudaginn 24. febrúar stolið 19 útfylltum ávísunum, samtals að fjárhæð kr. 1.211.263, úr skrifborðsskúffu í skrifstofu heildverslunarinnar Líns hf., Háteigsvegi 3, og gegn ákærða Hallbirni Einari fyrir hylmingu með því að taka við og nota leðurjakkann og eyða í eigin þarfir hluta af andvirði einnar ávísunarinnar, um kr. 70.000, þrátt fyrir vitneskju sína um tilkomu verðmætanna.

Telst brot Y varða við 244. gr. hegningarlaganna, en brot Hallbjörns Einars við 254. gr. sömu laga.

III.

Á hendur ákærða Hallbirni einum fyrir:

1) Þjófnað með því að hafa:

a) Miðvikudaginn 15. febrúar stolið euro-greiðslukorti og tveimur visagreiðslukortum Sigmundar Andréssonar á vinnustað hans í Max hf., Skeifunni 15.

b) Föstudaginn 17. febrúar stolið seðlaveski Jóhönnu Erlendsdóttur úr yfirhöfn hennar á skrifstofu í versluninni Austurstræti 17, sem í voru kr. 1.000, greiðslukort merkt visa, tékkhefti merkt Iðnaðarbanka Íslands hf., Breiðholti, kúlupenni og ýmis persónuleg skírteini.

c) Mánudaginn 3. apríl stolið samtals kr. 15.100, nokkrum enskum pundum og dönskum og færeyskum krónum úr klefum áhafnarmeðlima (sic) í loðnuveiðiskipinu Hákoni, ÞH 250, sem lá við Grandagarð.

2) Skjalafals með því að hafa:

a) Föstudaginn 17. júní 1988 notað í viðskiptum eftirgreinda tvo falsaða tékka á eyðublöðum merktum Útvegsbanka Íslands hf., Álfheimum 74, Reykjavík, sem ákærði lét Þórarin Einarsson útfylla fyrir sig til handhafa, dagsetja þá sama dag, rita á þá útgefandanafnið Hallgrímur Axelsson og framselja þá í eigin nafni:

1. Nr. 616774, kr. 8.000, á reikning nr. 98619, framseldur af ákærða með nafninu Hallgrímur Axelsson og seldur af ákærða í félagi með nefndum Þórarni í veitingahúsinu Gauki á Stöng, Tryggvagötu 22.

2. Nr. 616775, kr. 15.000, á reikning nr. 9087, seldur í söluturninum Miðbæ, Háaleitisbraut 58-60.

b) Mánudaginn 13. mars notað í viðskiptum eftirgreinda tvo falsaða tékka með stimpli Elding Trading Company hf., sem ákærði hafði falsað á útgefandanafnið Gunnar Hafsteinsson og útfyllt til handhafa á reikning nr. 681, dagsett þá 13. febrúar 1989 og framselt í eigin nafni:

1. Nr. 3568165, kr. 10.000, á eyðublaði merktu Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, Skólavörðustíg 11, Reykjavík, seldur í versluninni Háteigskjörum, Háteigsvegi.

2. Nr. 1025296, kr. 10.000, á eyðublaði merktu Landsbanka Íslands, Austurstræti 11, Reykjavík, seldur í versluninni Aggva, Bankastræti 7.

Telst liður 1 varða við 244. gr., en liður 2 við 1. mgr. 155. gr. hegningarlaganna.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar auk skaðabóta.“

— — —

Með ákærunni, dagsettri 17. október sl., er málið höfðað á hendur ákærða Hallbirni einum „fyrir þjófnað með því að hafa þriðudaginn 18. júlí 1989 stolið 1 pela af viskí úr Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, Kringlunni, Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Með ákærunni, dagsettri 30. október sl., er málið höfðað á hendur

ákærða Hallbirni einum, fyrir að aka án ökuréttinda bifreiðinni G-27127 á árinu 1989, svo sem hér er rakið:

1) Að morgni fimmtudagsins 24. ágúst frá heimili sínu áleiðis til Sandgerðis og með allt að 116 kílómetra hraða vestur Reykjanesbraut í Gullbringusýslu, eftir vegarkafla við Fitjar, en þar stöðvaði lögreglan akstur hans.

Telst þessi háttsemi ákærða varða við 2. mgr. 37. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

2) Að kvöldi mánudagsins 2. október undir áhrifum áfengis frá Hringbraut 99 í Reykjavík og svo óvarlega austur þá götu inn á Melatorg, að bifreið hans rakst á bifreiðina G-1284, sem þar var ekið í sömu átt.

Telst þessi háttsemi ákærða varða við 1. mgr. 4. gr., l., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 100. gr. umferðarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Með ákærunni, dagsettri 18. desember sl., er málið höfðað á hendur ákærða Hallbirni einum ,,fyrir að aka sunnudaginn 19. nóvember 1989, sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt, bifreiðinni G-27127 frá heimili sínu að bensínafgreiðslu Olís við Álfabakka í Breiðholti.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Með ákærunni, dagsettri 23. janúar sl., er málið höfðað á hendur ákærða Hallbirni einum ,,fyrir eftirgreind brot á almennum hegningarlögum, framin í Reykjavík 1989, nema annar staður sé tekinn fram:

1.

Fyrir að hafa laugardaginn 21. október stolið handtösku í Kaffivagninum á Grandagarði, en í töskunni var seðlaveski með um 100.000 krónum í reiðufé, tékkum og greiðslukortanótum, snyrtidót, demantshringur, vindlingaveski og kveikjari.

2.

Mánudaginn 16. október stolið 2 seðlaveskjum með samtals um 5.000 krónum í reiðufé og geymslukvittun fyrir sparisjóðsbók nr. 60020 frá Landsbanka Íslands.

Telst háttsemin í liðum 1 og 2 varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

3.

Síðastgreindan dag framvísað í útibúi Landsbanka Íslands í Rofabæ ofangreindri geymslukvittun og tekið út af bókinni 20.000 krónur með framvísun úttektarseðils, sem hann falsaði með því að rita nafn Elíasar Þ. Magnússonar, Þykkvabæ 9, í reit fyrir undirskrift þess, sem tekur út.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

4.

Mánudaginn 23. október stolið 2 seðlaveskjum á skrifstofum Verkamannabústaða, Suðurlandsbraut 30, 2. hæð, en í veskjunum voru meðal annars auk skjala og skilríkja samtals 6.000 krónur, tékkhefti frá Alþýðubanka Íslands og geymslukvittun fyrir sparisjóðsbók nr. 71751 við Alþýðubankann.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

5.

Daginn eftir ofangreindan þjófnað framvísað í Alþýðubankanum, Suðurlandsbraut 30, ofangreindri greiðslukvittun (sic) og tekið út af sparisjóðsbókinni 100.000 krónur með framvísun úttektarseðils, sem hann falsaði með því að rita nafn bókareigandans, Ingólfs Antonssonar, Ljósalandi 18, í reit fyrir nafn þess, sem tekur út.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

6.

Í maí stolið í húsnæði kvikmyndafyrirtækisins Saga-film, Vatnagörðum 4, seðlaveski, sem hafði meðal annars að geyma tékka að fjárhæð kr. 10.000 og tékkhefti frá Búnaðarbanka Íslands við Hagatorg.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

7.

Í júní notað í staðgreiðsluviðskiptum eftirgreinda tékka, sem hann gaf út í eigin nafni til handhafa á eyðublöð úr tékkheftinu frá Búnaðarbanka Íslands við Hagatorg á reikningsnúmerið 4001 án þess að eiga innstæðu fyrir andvirði tékkanna:

1) Tékki nr. 5147164, að fjárhæð kr. 9.000, dagsettur 5.6. 1989. Óvíst er um notkun ákærða á tékkanum.

2) Tékki nr. 5147165, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 5.6. 1989. Seldur í söluturni í Norðurbrún 2.

3) Tékki nr. 5147166, að fjárhæð kr. 2.000, dagsettur 4.6. 1989. Notaður til greiðslu fyrir leiguakstur.

4) Tékki nr. 5147168, að fjárhæð kr. 2.000, dagsettur 4.6. 1989.

Ákærði falsaði á tékkann framsalsáritunina Skúli ... (föðurnafn ólæsilegt) og seldi hann í Pizzusmiðjunni, Kópavogi.

Telst notkun þriggja fyrstgreindu tékkanna varða við 248. gr. almennra hegningarlaga, en notkun þess síðastgreinda við 1. mgr. 155. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar".

— — —

Dómarinn hefur sameinað mál þessi.

Málavextir eru þessir:

Ákæra, dagsett 21. mars 1989.

I.

Ákærði Hallbjörn hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa aðfaranótt 15. október 1988 stolið seðlaveski Arnars Eyþórssonar í Gistiheimilinu Brautarholti 22. Í veskinu voru skilríki, um 1.000 krónur í reiðufé og tékkhefti á Grensásútibú Verslunarbanka Íslands h/f.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þjófnað samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga.

II.

Ákærða X hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa ásamt meðákærða og Vilmundi Vilmundarsyni staðið að því að falsa og nota í viðskiptum 5 tékka, samtals að fjárhæð kr. 23.400. Voru tékkarnir úr ofangreindu tékkhefti, og hefur ákærða X borið, að meðákærði Hallbjörn hafi haft fulla vitneskju um það, er þarna fór fram. Ákærði Hallbjörn hefur borið, að hann hafi vitað, að meðákærða X falsaði tékka í október 1988, en ekki kvaðst hann hafa vitað, að tékkaeyðublöðin voru úr hefti því, er hann stal. Kvaðst ákærði hafa látið Vilmund hafa eitt útfyllt eyðublað, og kvaðst hann vita, að eyðublað þetta var fyllt út síðar. Kvaðst ákærði Hallbjörn hafa verið undir áhrifum áfengis og lyfja og þegið vindlinga og áfengi frá Vilmundi. Þá kvaðst ákærði hafa gert sér grein fyrir, að fólkið á staðnum var að falsa tékka. Tékkunum og notkun þeirra er rétt lýst í ákæru.

Með hliðsjón af framburði ákærðu telst nægilega sannað, að þau hafi staðið saman að tékkafalsi, og varðar brot þeirra við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Ákæra, dagsett 8. maí 1989.

I.

Ákærði Hallbjörn hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa þann 4. mars sl. ekið bifreiðinni R-21467 undir áhrifum áfengis og

sviptur ökuleyfi ævilangt. Ákærða var tekið blóð til alkóhólrannsóknar, og reyndist magn alkóhóls í blóði hans vera 1,49‰.

Með niðurstöðu alkóhólrannsóknar og játningu ákærða telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í 1. lið þessarar ákæru og þar þykir rétt færð til refsiákvæða.

II.

Ákærði Hallbjörn hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa þann 10. mars sl. ekið bifreiðinni G-25279 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuleyfi ævilangt. Ákærða var tekið blóð til alkóhólrannsóknar, og reyndist magn alkóhóls í blóði hans vera 1,65‰.

Með niðurstöðu alkóhólrannsóknar og játningu ákærða telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í 2. lið þessarar ákæru og þar þykir rétt færð til refsiákvæða.

Ákæra, dagsett 31. maí 1989.

I.

Ákærði Hallbjörn hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa þann 8. apríl sl. ekið bifreiðinni G-25279 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuleyfi ævilangt. Ákærða var tekið blóð til alkóhólrannsóknar, og reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða vera 2,08‰.

Með niðurstöðu alkóhólrannsóknar og játningu ákærða telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í 1. lið þessarar ákæru og þar þykir rétt færð til refsiákvæða.

II.

Ákærði Hallbjörn hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa þann 4. maí sl. ekið sömu bifreið undir áhrifum áfengis og sviptur ökuleyfi ævilangt. Ákærða var tekið blóð til alkóhólrannsóknar, og reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða vera 1,40‰.

Með niðurstöðu alkóhólrannsóknar og játningu ákærða telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í 2. lið þessarar ákæru og þar þykir rétt færð til refsiákvæða.

Ákæra, dagsett 6. júlí 1989.

I.

Ákærðu Hallbjörn og Y hafa við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa þann 18. febrúar sl. framvísað í versluninni Hagkaupum í Skeifunni visa-sölunótu, að fjárhæð kr. 24.000,50, en á nótuna hafði ákærða Y falsað nafnritunina Jóhanna Erlendsdóttir. Gerðu þau þetta til staðfestingar móttöku keyptra vara út á visa-greiðslukort, sem

ákærði Hallbjörn stal tveimur dögum áður, eins og síðar verður rakið.

Með játningu ákærðu, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að þau hafi gerst sek um skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

II.

Ákærðu Hallbjörn og Y hafa við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa sama dag og í sömu verslun stolið þremur armbandsúrum, eldhúsáhöldum og leðurhönskum.

Þessi háttsemi ákærðu, sem sönnuð er með játningu þeirra og öðrum gögnum málsins, varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Ákærðu Hallbjörn og Y hafa við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa þann 23. febrúar sl. stolið ostaskera, 2 öskubökkum, nærfötum, sólgleraugum og hárlit í versluninni Miklagarði við Sund.

Með játningu ákærðu, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að þau hafi gerst sek um þjófnað samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga.

IV.

Ákærða Y hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa þann 17. febrúar sl. stolið leðurjakka og leðurlíkisjakka úr Vinnufatabúðinni og 24. febrúar sl. stolið 19 útfylltum ávísunum, samtals að fjárhæð kr. 1.211.263 frá heildversluninni Líni h/f, Háteigsvegi 3. Þá hefur ákærði Hallbjörn viðurkennt að hafa tekið við og notað leðurjakkann og jafnframt eytt í eigin þarfir hluta af andvirði einnar ávísunarinnar, en honum var kunnugt um tilkomu verðmætanna.

Þessi háttsemi ákærðu Y, sem sönnuð er með játningu hennar, varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga, en háttsemi ákærða Hallbjörns varðar við 254. gr. sömu laga.

V.

Ákærði Hallbjörn hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa þann 15. febrúar, 17. febrúar og 3. apríl sl. stolið euro-greiðslukorti og tveimur greiðslukortum Sigmundar Andréssonar að Skeifunni 15, seðlaveski Jóhönnu Erlendsdóttur ásamt 1.000 krónum, visa-greiðslukorti, tékkhefti á Iðnaðarbanka Íslands, kúlupenna og skilríkjum í versluninni Austurstræti 17, 15.100 krónum og gjaldeyri í loðnuveiðiskipinu Hákoni, ÞH 250, við Grandagarð.

Þessi háttsemi ákærða, sem sönnuð er með játningu hans og öðrum gögnum málsins, varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga.

VI.

Ákærði Hallbjörn hefur borið, að sökum áfengisneyslu muni hann ekki eftir að hafa notað í viðskiptum tvo falsaða tékka, samtals að fjárhæð kr. 23.000, þann 17. júní 1988. Hefur Þórarinn Einarsson borið, að hann hafi skrifað nafn útgefanda á báða tékkana, en ákærði hefur kannast við að hafa framselt annan tékkann. Tékkunum og notkun þeirra er rétt lýst í ákæruskjali.

Með hliðsjón af ofangreindu og öðrum gögnum málsins þykir ekki varhugavert að telja sannað, að ákærði hafi gerst sekur um skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

VII.

Ákærði Hallbjörn hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa notað í viðskiptum tvo tékka, samtals að fjárhæð kr. 20.000, þann 13. mars 1989 og falsað á þá útgefandanafnritunina Gunnar Hafsteinsson. Er tékkunum og notkun þeirra rétt lýst í ákæruskjali.

Þessi háttsemi ákærða, sem sönnuð er með játningu hans og öðrum gögnum málsins, varðar við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

— — —

Ákæra, dagsett 17. október 1989.

Ákærði Hallbjörn hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa þann 18. júlí sl. stolið viskípela í ÁTVR í Kringlunni.

Þessi háttsemi ákærða, sem sönnuð er með játningu hans, varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Ákæra, dagsett 30. október 1989.

I.

Ákærði Hallbjörn hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni G-27127 sviptur ökuréttindum og með 116 km hraða miðað við klst. þann 24. ágúst sl. vestur Reykjanesbraut í Gullbringusýslu eftir vegarkafla við Fitjar.

Með játningu ákærða telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar þykir rétt færð til refsiákvæða.

II.

Ákærði Hallbjörn hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa ekið sömu bifreið undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum þann

2. október sl. austur Hringbraut inn á Melatorg, þar sem ákærði ók á bifreiðina G-1284.

Ákærða var tekið blóð til alkóhólrannsóknar, og reyndist magn alkóhóls í blóði hans vera 1,87‰.

Með niðurstöðu alkóhólrannsóknar og játningu ákærða er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í þessum lið ákærunnar og þar þykir rétt færð til refsiákvæða.

Ákæra, dagsett 18. desember 1989.

Ákærði Hallbjörn hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni G-27127 sviptur ökuleyfi ævilangt þann 19. nóvember sl. frá heimili sínu að bensínafgreiðslu við Álfabakka.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar þykir rétt færð til refsiákvæða.

Ákæra, dagsett 23. janúar 1990.

I.

Ákærði Hallbjörn hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa þann 21. október sl. stolið handtösku í Kaffivagninum á Grandagarði, en í töskunni, sem var eign Kolbrúnar B. Guðmundsdóttur, var seðlaveski með um 100.000 krónum, tékkar, greiðslukortanótur, snyrtivörur, demantshringur, vindlingaveski og kveikjari.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þjófnað samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga.

II.

Ákærði Hallbjörn hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa þann 16. október sl. stolið 2 seðlaveskjum úr skrifstofu í Sjónvarpshúsinu, Laugavegi 176. Í veskjunum voru samtals kr. 5.000 í reiðufé og geymslukvittun fyrir sparisjóðsbók nr. 60020 frá Landsbanka Íslands.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þjófnað samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Ákærði Hallbjörn hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa sama dag framvísað áðurgreindri kvittun í útibúi Landsbanka Íslands í Rofabæ og síðan falsað nafn Elíasar Þ. Magnússonar á úttektarseðil og þannig náð út 20.000 krónum.

Framanlýst háttsemi ákærða, sem sönnuð er með játningu hans, varðar við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

IV.

Ákærði Hallbjörn hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa þann 23. október sl. stolið 2 seðlaveskjum á skrifstofu Verkamannabústaða, Suðurlandsbraut 30, 2. hæð. Í veskjunum voru m.a. 6.000 kr. í reiðufé, tékkhefti frá Alþýðubanka Íslands og geymslukvittun fyrir sparisjóðsbók nr. 71751 við Alþýðubankann.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þjófnað samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga.

V.

Ákærði Hallbjörn hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa daginn eftir framvísað ofangreindri geymslukvittun og falsað nafn Ingólfs Antonssonar á úttektarseðil og þannig náð 100.000 krónum út af sparisjóðsbókinni.

Framanlýst háttsemi ákærða, sem sönnuð er með játningu hans og öðrum gögnum málsins, varðar við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

VI.

Ákærði Hallbjörn hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa í maí sl. stolið seðlaveski að Vatnagörðum 4, en í veskinu var 10.000 króna tékki og tékkhefti frá Búnaðarbanka Íslands.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í þessum ákærulið og þar þykir rétt færð til refsiákvæða.

VII.

Ákærði Hallbjörn hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa í júní sl. gefið út 3 tékka, samtals að fjárhæð kr. 16.000, á ofangreint tékkhefti án þess að eiga innstæðu fyrir andvirði þeirra. Tékkunum og notkun þeirra er rétt lýst í ákæruskjali.

Þessi háttsemi ákærða, sem sönnuð er með játningu hans, varðar við 248. gr. almennra hegningarlaga.

Þá hefur ákærði viðurkennt að hafa falsað framsalsáritun á 2.000 króna tékka úr áðurgreindu tékkhefti. Er tékkanum og notkun hans rétt lýst í ákæruskjali.

Með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins telst sannað, að ákærði

hafi gerst sekur um skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

— — —

Sakaferill, viðurlög.

Ákærði Hallbjörn á langan brotaferil að baki. Frá árinu 1977 hefur hann hlotið samtals 20 dóma, síðast þann 5. maí 1988, og nemur dæmd refsivist samtals fangelsi í 6 ár og 3 mánuði. Er hér aðallega um að ræða skjalafals, þjófanð, fjársvik svo og umferðarlagabrot. Ákærði hefur margoft verið sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt, síðast þann 3. nóvember 1986.

Með hliðsjón af sakaferli ákærða Hallbjörns og 72. gr., 77. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 18 mánuði. Þá ber að árétta, að ákærði skuli ævilangt sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi.

— — —

Skaðabætur.

Eftirtaldir hafa lagt fram skaðabótakröfur í málinu:

A. Á hendur ákærðu Hallbirni og Y: Ingvar Ólafsson f.h. heildverslunarinnar Líns h/f kr. 125.800 auk vaxta frá 24/2 1989.

B. Á hendur ákærða Hallbirni:

1. Jóhanna Salvör Erlendsdóttir kr. 1.000.
2. Arnþór Þ. Árnason, Oddeyrargötu 10, Akureyri, kr. 2.500.
3. Verslunin Háteigskjör, Háteigsvegi 2, kr. 10.000 ásamt hæstu lögleyfðu vöxtum frá 13/3 1989 til greiðsludags.
4. Verslunin Aggva, Bankastræti 7 A, kr. 10.000 ásamt hæstu lögleyfðu vöxtum frá 14/3 1989 til greiðsludags.
5. Alþýðubankinn h/f kr. 39.639 ásamt dráttarvöxtum frá 22/11 1989 til greiðsludags.
6. Ingólfur Antonsson, Ljósalandi 18, kr. 19.550 ásamt dráttarvöxtum frá 23/10 1989 til greiðsludags.
7. Ríkarður Steinbergsson, Geitastekk 2, kr. 64.000 ásamt dráttarvöxtum frá 23/10 1989 til greiðsludags.
8. Kolbrún B. Guðmundsdóttir, Frostaskjóli 73, kr. 188.822 ásamt dráttarvöxtum frá 21/10 1989 til greiðsludags.
9. Landsbanki Íslands kr. 20.000 ásamt dráttarvöxtum frá 16/10 1989 til greiðsludags.

Ákærðu Hallbjörn og Y hafa samþykkt skaðabótakröfuna í lið A, og verða þau dæmd til greiðslu hennar in solidum. Vextir ákveðast almennir vextir.

Ákærði Hallbjörn hefur samþykkt skaðabótakröfurnar í lið B, og verður

hann dæmdur til greiðslu þeirra. Vextir samkvæmt liðum 3 og 4 ákveðast almennir vextir.

Sakakostnaður.

Dæma ber ákærða Hallbjörn til greiðslu 9/10 alls sakarkostnaðar, en 1/10 greiði ákærðu X og Y in solidum, en ákærða Y greiði þó ein málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hrl., kr. 20.000.

Dómsorð:

Ákærði, Hallbjörn Einar Guðjónsson, sæti fangelsi í 18 mánuði.

Ákærða X sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærða Y sæti fangelsi í 4 mánuði.

Ákærði Hallbjörn skal ævilangt sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi.

Ákærðu Hallbjörn og Y greiði in solidum Ingvari Ólafssyni, f.h. heildverslunarinnar Líns h/f, kr. 125.800 auk almennra vaxta frá 24. febrúar 1989 til greiðsludags.

Ákærði Hallbjörn greiði einn skaðabætur sem hér segir:

1. Jóhönnu Erlendsdóttur kr. 1.000.
2. Arnþóri Þ. Árnasyni, Oddeyrargötu 10, Akureyri, kr. 2.500.
3. Versluninni Háteigskjörum, Háteigsvegi 2, kr. 10.000 ásamt almennum vöxtum frá 13/3 1989 til greiðsludags.
4. Versluninni Aggva, Bankastræti 7 A, kr. 10.000 ásamt almennum vöxtum frá 14/3 1989 til greiðsludags.
5. Alþýðubankanum h/f kr. 39.639 ásamt dráttarvöxtum frá 22/11 1989 til greiðsludags.
6. Ingólfi Antonssyni, Ljósalandi 18, kr. 19.550 ásamt dráttarvöxtum frá 23/10 1989 til greiðsludags.
7. Ríkarði Steinbergssyni, Geitastekk 2, kr. 64.000 ásamt dráttarvöxtum frá 23/10 1989 til greiðsludags.
8. Kolbrúnu B. Guðmundsdóttur, Frostaskjóli 73, kr. 188.822 ásamt dráttarvöxtum frá 21/10 1989 til greiðsludags.
9. Landsbanka Íslands kr. 20.000 ásamt dráttarvöxtum frá 16/10 1989 til greiðsludags.

Ákærði Hallbjörn greiði 9/10 alls sakarkostnaðar, en 1/10 greiði ákærðu X og Y in solidum, en ákærða Y greiði þó ein málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hrl., kr. 20.000.

Fimmtudaginn 13. desember 1990.

Nr. 443/1990. **Róbert H. Jónsson**
gegn
Hermanni Kristjánssyni.

Kærumál. Frestsynjun í fógetarétti. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili hefur með vísan til 3. töluliðar 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 26. nóvember 1990 og gert eftirgreindar kröfur:

„Að úrskurðinum verði hrundið og lagt verði fyrir fógeta að ákveða að munnlegur málflutningur skuli fram fara um kröfur gerðarþola innan hæfilegs frests.

Til vara að lagt skuli fyrir fógeta að gefa aðilum kost á að færa fram munnlega sókn og vörn um kröfur gerðarþola án sérstaks frests.

Til þrautavara að lagt verði fyrir fógeta að kveða upp rökstuddan efnisúrskurð um kröfur gerðarþola.

Loks er krafist hæfilegs kærumálskostnaðar úr hendi kærða."

Varnaraðili krefst þess, „að kröfum sóknaraðila verði vísað frá Hæstarétti og að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma hinn úrskurðaða útburð". Þá krefst varnaraðili kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

I.

Guðgeir Eyjólfsson, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi, kvað upp hinn kærða úrskurð hinn 23. nóvember 1990. Úrskurðurinn er án forsendna og hljóðar svo:

„Úrskurður:

Framkominni frestbeiðni er hafnað."

Héraðsdómarinn hefur með vísan til 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 23. gr. laga nr.

54/1988, sent Hæstarétti svofelldar forsendur og rökstuddar ástæður sínar fyrir úrlausninni:

„Hinn 4. október 1990 var uppkveðinn í máli þessu úrskurður að undangengnum munnlegum flutningi þess efnis að umkrafin útburðargerð skyldi fara fram. Málið var að nýju tekið fyrir 23. nóvember sl. að ósk gerðarbeiðanda, sem krefst þess að úrskurðurinn verði framkvæmdur.

Í því þinghaldi lagði gerðarþoli fram greinargerð þar sem hann gerir þær kröfur:

Aðallega, að framkvæmd á fógetagerð þeirri, sem úrskurðað var, að fram skyldi fara með úrskurði fógetaréttar Kópavogs í málinu nr. 10/1990, verði frestað þar til málsúrslit í hæstaréttarmálinu nr. 374/1990: Róbert H. Jónsson gegn Hermanni Kristjánssyni liggja fyrir.

Til vara er þess krafist, að framkvæmd á fógetagerðinni verði frestað gegn hóflegri tryggingu samkvæmt ákvörðun fógeta þar til málsúrslit liggja fyrir í hæstaréttarmálinu nr. 374/1990: Róbert H. Jónsson gegn Hermanni Kristjánssyni.

Til þrautavara er þess krafist, að framkvæmd gerðarinnar verði frestað í þrjá mánuði frá úrskurðardegi í fógetaréttarmáli Kópavogs nr. 10/1990.

Verði umkröfðum fresti mótmælt, er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Skjöl þau sem tilgreind eru á 2. bls. greinargerðarinnar og lögð skyldu fram með henni fylgdu ekki.

Í máli þessu liggur fyrir úrskurður fógetaréttarins um að fógetagerðin skuli fara fram. Ekkert það hefur komið fram í málinu eftir að úrskurður var uppkveðinn um breytingar á viðskiptum aðilanna, sem gefi fógetanum tilefni til að hafna framkvæmd úrskurðarins frá 4. október sl.

Áfrýjun dóms bæjarþings Kópavogs í bæjarþingsmáli nr. 153/1990, hæstaréttarmálið nr. 374/1990 frestar ekki framkvæmd úrskurðar fógetaréttarins. Ekki verður heldur séð að rök séu til að ákvæði húsaleigulaga um frestun útburðargerðar eigi við í þessu tilviki.

Svo virðist að gerðarþoli sé með kröfum sínum í greinargerð á dskj. nr. 6 og munnlegum málflutningi um þær í raun að fara fram

á að leggja málið á ný að óbreyttum forsendum fyrir fógetaréttinn. Ekki verður séð að forsendur séu fyrir hendi til frestunar á framkvæmd úrskurðarins gegn andmælum gerðarbeiðanda."

II.

Lagaheimild skortir til kærunnar. Ber að gagnálykta frá 1. tölulið j í 1. málsgrein 21. gr. laga nr. 75/1973. Gengur það ákvæði framar 3. tölulið 1. málsgreinar, sem sóknaraðili byggir á, sbr. H.1987, 1521.

Samkvæmt þessu ber að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 14. desember 1990.

Nr. 463/1990. **Ákæruvaldið**

gegn

H.H.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson.

Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 9. desember 1990. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Ríkissaksóknari gerir þá kröfu, að úrskurðurinn verði staðfestur að niðurstöðu til.

Varnaraðili hefur viðurkennt við yfirheyrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar á Akureyri að hafa brotist inn í húsið Skólastíg 7 á Akureyri að kvöldi 5. þ.m. og stolið þar peningum. Hann liggur og undir grun um sams konar brot að Hafnarstræti 104 þar í bæ sama kvöld. Ódæmd eru mál samkvæmt þremur ákærum á hendur varnaraðila fyrir allmörg ætluð þjófnaðar- og skjalafalsbrot, framin aðallega á árunum 1989 og 1990. Af gögnum málsins verður ráðið, að varnaraðili hefur fyrir sakadómi viðurkennt 11 þjófnaði, sem ákært var fyrir 28. febrúar 1990. Hjá ríkissaksóknara liggja og gögn frá rannsóknarlögreglu ríkisins um ætlað tékkafals varnaraðila.

Telja verður hættu á, að varnaraðili haldi áfram brotastarfsemi, ef hann gengur laus, en hann er heimilislaus og án atvinnu. Með vísan til 3. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð. Eins og málinu er háttað, er ekki þörf á, að um framkvæmd fari eftir 2. tl. 1. mgr. 70. gr. laga nr. 74/1974, en þar segir, að gæslufangar skuli að öllum jafnaði látnir vera í einrúmi. Af þessum sökum og með tilliti til þess, hve ungur varnaraðili er, þykir eiga að kveða á um það með heimild í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 48/1988 um fangelsi og fangavist, að um varðhald varnaraðila fari að þessu leyti eins og hann væri afplánunarfangi.

Lýsingu sakargifta og málavaxta er mjög ábótavant í hinum kærða úrskurði, sbr. 164. gr. laga nr. 74/1974, og ber að átelja það.

Dómsorð:

Varnaraðili, H.H., sæti gæsluvarðhaldi allt til kl. 18 mánudaginn 7. janúar 1991, en vistun hans skal vera með sama hætti og vistun afplánunarfanga.

Úrskurður sakadóms Akureyrar 8. desember 1990.

Með kröfu, dags. 7. þ.m., krefst lögreglustjórinn á Akureyri þess, að H,...[fæddur 1972], verði úrskurðaður til þess að sæta gæsluvarðhaldi til mánudagsins 7. janúar 1991 vegna síbrota, til þess að megi koma yfir hann dómi, og vísar til 3. tl. og 5. tl. 67. gr. l. 74, 1974, kröfum til stuðnings.

H hefur ekki hlotið dóm, en á langan síbrotaferil.

Hann á engan fastan dvalarstað.

Með vísan til ofanritaðs er framkomin gæsluvarðhaldskrafa tekin til greina.

Úrskurðarorð:

H,....., skal sæta gæsluvarðhaldi til kl. 18.00 mánudaginn 7. janúar 1991.

Mánudaginn 17. desember 1990.

Nr. 400/1988. **Þrotabú Björns Einarssonar**
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)
gegn
Agnari Gústafssyni
(sjálfur).

Nauðungaruppboð. Veðréttur. Riftun. Dómsvald uppboðsréttar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. desember 1988. Hann gerir þær dómkröfur, „að frumvarp að úthlutunargerð uppboðsandvirðis fasteignarinnar Eskiholts 1, Garðakaupstað, sem sent var út 18. apríl 1988, verði ekki tekið til greina við úthlutun og uppboðsandvirðið verði látið ganga til þrotabúsins". Áfrýjandi krefst málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Bú Björns Einarssonar var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur 30. maí 1985. Innköllun var gefin út, og rann innköllunarfrestur út 16. ágúst 1985. Með bréfi, mótteknu 14. ágúst, lýsti stefndi í búið skuldakröfu á hendur þrotamanni samkvæmt fimm víxlum, hverjum að fjárhæð 200.000 krónur, með útgáfudegi 7. september 1984, samþykktum af þrotamanni til greiðslu 20. júní, 20. júlí, 20. ágúst, 20. september og 20. október 1985. Var víxilskuldin tryggð með tryggingarbréfi, útgefnu 7. september 1984, með veði á 3. veðrétti í einbýlishúsi þrotamanns að Eskiholti 1 í Garðakaupstað. Tryggingarbréfinu var þinglýst 30. apríl 1985, og fékk það stöðu á 4. veðrétti á eftir áður þinglýstu veðbréfi til Byggingavöruverslunar Kópavogs sf.

Með bréfi 10. júlí 1985 til uppboðshaldara í Garðakaupstað bað stefndi um nauðungaruppboð á umræddri fasteign þrotamanns samkvæmt ákvæðum í tryggingarbréfinu. Tilkynnti hann skiptaráðanda um beiðni þessa í fyrrnefndu kröfulýsingarbréfi sínu.

Brunabótafélag Íslands hafði hinn 21. febrúar 1985 krafist uppboðs á eigninni til lúkningar ógreiddum brunabótaiðgjöldum, og fylgdu fleiri veðhafar í það far. Með bréfi til uppboðshaldara 20. september 1985 lagði bústjóri í búi áfrýjanda fram mótmæli við uppboðinu, að því er varðaði kröfu stefnda. Taldi hann tryggingarbréfi vegna kröfunnar ekki hafa verið þinglýst án ástæðulausrar tafar, eftir að til skuldarinnar var stofnað.

Við skiptameðferð á búi áfrýjanda var víxilkrafa stefnda tekin á skrá yfir lýstar kröfur, sem samin var 28. október 1985 og lögð fyrir skiptafund 5. nóvember s.á., í samræmi við 108. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Var þar lagt til, að krafan yrði samþykkt sem almenn krafa, en stöðu utan skuldaraðar hafnað. Tilkynnti bústjóri stefnda um þá afstöðu með bréfi 31. október. Á skiptafundinum var skráin samþykkt án breytingar á þessari afstöðu að stefnda fjarstöddum. Með bréfi til bústjóra 7. nóvember tilkynnti stefndi, að hann hefði ekki getað sótt fundinn vegna málflutnings annars staðar, en héldi fast við uppboðsbeiðni sína vegna víxilkröfunnar.

Umrædd fasteign að Eskiholti 1 í Garðakaupstað var síðan seld á nauðungaruppboði, sem fram fór 29. apríl 1986. Greinir aðila á um, hvort stefndi eigi að fá úthlutað af uppboðsandvirðinu sem veðhafi.

Í fyrrgreindu tryggingarbréfi stefnda var áskilið, í samræmi við viðeigandi réttarheimildir, að þegar skuldin, sem veðið ætti að tryggja, væri í gjalddaga fallin, mætti selja veðið á nauðungaruppboði samkvæmt 1. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð án undanfarandi dóms eða sáttar og aðfarar. Gjaldþrot skuldara raskaði ekki þessari heimild, sbr. 2. mgr. 24. gr. gjaldþrotalaga. Afstaða bústjóra og síðar skiptafundar gagnvart kröfu stefnda réð ekki úrslitum um rétt hans til að leita fullnustu í hinni veðsettu eign. Þinglýsing tryggingarbréfsins fór fram tæpum 8 mánuðum eftir útgáfu þess og einum mánuði áður en bú þrotamanns var tekið til gjaldþrotaskipta. Heimild handa þrotabúinu til að rifta veðsetningunni var því fyrir hendi samkvæmt síðari málslið 1. mgr. 57. gr. gjaldþrotalaga. Í mótmælum þeim, sem bústjóri kom á framfæri í uppboðsrétti haustið 1985, fólst krafa um riftun á þessum grundvelli, og var uppboðshaldari bær að fjalla um hana. Bar uppboðshaldara að synja stefnda um úthlutun af uppboðsandvirði

fasteignar þrotamanns við sölu hennar á fyrrgreindu nauðungaruppboði.

Rétt er eftir þessum úrslitum, að stefndi greiði áfrýjanda 115.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Hafnað er kröfu stefnda, Agnars Gústafssonar hæstaréttarlögmanns, samkvæmt tryggingarbréfi, útgefnu 7. september 1984, um úthlutun af uppboðsandvirði húseignarinnar Eskiholts 1 í Garðakaupstað.

Stefndi greiði áfrýjanda, þrotabúi Björns Einarssonar, 115.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Úrskurður uppboðsréttar Garðakaupstaðar 24. nóvember 1988.

Mál þetta var þingfest með framlagningu greinargerða aðilja máls í réttinum 21. október 1988. Munnlegur málflutningur fór fram 4. nóvember 1988, og var málið þá tekið til úrskurðar.

Sóknaraðili í máli þessu er þrotabú Björns Einarssonar, en skiptaréttur Reykjavíkur tók bú þetta til gjaldþrotaskipta 30. maí 1985. Varnaraðili er Agnar Gústafsson hæstaréttarlögmaður, Reykjavík.

Sóknaraðili krefst þess, að frumvarp að úthlutunargerð uppboðsandvirðis fasteignarinnar Eskiholts 1, Garðakaupstað, sem sent var út 18. febrúar 1988, verði ekki tekið til greina við úthlutun og uppboðsandvirðið verði látið ganga til þrotabúsins. Þá krefst sóknaraðili þess, að varnaraðili verði úrskurðaður til að greiða honum málskostnað.

Varnaraðili krefst þess, að frumvarp að úthlutunargerð á eftirstöðvum uppboðsandvirðis húseignarinnar Eskiholts 1, Garðakaupstað, sem seld var á nauðungaruppboði 29. apríl 1986, verði staðfest. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Frumvarp það að úthlutunargerð, sem vikið er að í kröfum aðilja, sendi uppboðshaldarinn í Garðakaupstað aðiljum með bréfi, dagsettu 18. febrúar 1988. Það er svona:

FRUMVARP

að úthlutunargerð á eftirstöðvum uppboðsandvirðis húseignarinnar Eskiholts 1, Garðakaupstað, sem seld var á nauðungaruppboði, öðru og síðasta, 29.4. 1986.

	Eftirstöðvar með vöxtum		kr.	1.029.821,72
1.	Varakrafa Ólafs Axelssonar hrl. v. Byggingavöruversl. Kópavogs samkv. tryggingarbréfi, útg. 10.4 1985, með kostn. (3. veðr.)			
	a. Höfuðstóll	kr. 496.484		
	b. Innheimtulaun	kr. 58.492	kr.	554.976,00
2.	Upp í kröfu Agnars Gústafssonar hrl. v. handhafa tryggingarbréfs, útg. 7.9. 1984 (4. veðr.), krafan í heild með vöxtum og kostn. kr. 2.314.433		kr.	474.845,72
			kr.	1.029.821,72

Skýra verður kröfugerð sóknaraðilja svo, að hún taki til 2. töluliðar frumvarpsins. Ágreiningur er uppi milli sóknaraðilja og Byggingavöruverslunar Kópavogs um 1. lið frumvarpsins, og er úr honum skorið í öðru sérstöku uppboðsréttarmáli (nr. 1226/1988).

Sóknaraðili færir þessar ástæður og rök fyrir kröfum sínum:

Krafa varnaraðilja (sbr. 2. lið frumvarpsins) hafi verið afgreidd í skiptarétti Reykjavíkur og samþykkt sem almenn krafa í þrotabú Björns Einarssonar, en hafnað, að hún væri utan skuldaraðar. Sóknaraðili hefur lagt fram skrá yfir lýstar kröfur í þrotabúið, þar sem greind afstaða skiptaráðanda kemur fram. Þessari afstöðu hafi ekki verið andmælt af varnaraðilja í skiptaréttinum. Telur sóknaraðili, að ákvörðun skiptaréttarins um þetta efni hafi neikvæð bindandi (res judicata) áhrif á uppboðsréttinn í máli þessu, sbr. 196. gr. eml. nr. 85/1936.

Í öðru lagi heldur sóknaraðili því fram, að tryggingarbréfið, sem varnaraðili reisir kröfu sína í uppboðsandvirðið á, sé ógilt. Vísar hann í því sambandi til 57. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Tryggingarbréfinu hafi ekki verið þinglýst án ástæðulausra tafa. Það sé sagt gefið út 7. september 1984, en því hafi verið þinglýst 30. apríl 1985.

Málsástæður og lagarök varnaraðilja eru þessar:

Hann telur, að réttur aðili til að fjalla um gildi veðréttar í húseigninni Eskiholti 1 sé uppboðsréttur Garðakaupstaðar. Skiptaréttur Reykjavíkur sé ekki bær um að fjalla um það atriði. Hann heldur því fram, að þetta atriði hafi ekki verið tekið fyrir formlega í skiptaréttinum og að honum hafi ekki verið gefinn kostur á að koma þar að rökstuðningi og lagarökum. Hann tekur fram, að hann hafi mótmælt ákvörðun skiptaráðandans í Reykjavík um kröfu hans, og vísar til bréfs síns til Brynjólfs Kjartanssonar hrl., bú-

stjóra þrotabúsins, en afrit af því hefur hann lagt fram hér í réttinum (rskj. nr. 5).

Varnaraðili mótmælir þeirri málsástæðu sóknaraðilja, að tryggingarbréfið sé ógilt. Hann segir, að dráttur á þinglýsingu veðréttar í fasteign hafi ekki áhrif á gildi veðréttar sem slíks. Dráttur geti hins vegar haft áhrif á veðréttinn, ef annar veðhafi þinglýsir veðrétti, sem síðar stofnast og brýtur í bága við hinn fyrri, sem er óþinglýstur.

Uppboðsréttur Garðakaupstaðar er bær um að fjalla um úthlutun uppboðsandvirðis fasteignarinnar Eskiholts 1 sem og annarra eigna, sem í honum eru boðnar upp og seldar að réttum lögum. Í þessu felst, að réttinum ber að taka afstöðu til krafna, sem lýst er í uppboðsandvirðið, og skera úr ágreiningi, sem um þær kann að koma upp milli aðilja uppboðsmáls, og þá einnig þann ágreining, sem uppi er í þessu sérstaka uppboðsréttarmáli. Um það breytir engu, að skiptaréttur Reykjavíkur hefur samþykkt kröfu varnarðilja sem almenna kröfu í þrotabú Björns Einarssonar, en hafnað henni sem veðkröfu. Sú ákvörðun er hvorki tekin með dómi né úrskurði og getur ekki haft neikvæð bindandi áhrif á uppboðsrétt Garðakaupstaðar í máli þessu. Tilvikið fellur ekki undir 196. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936.

Veðréttur, sem svo er ástatt um, segir í 1. mgr. 57. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, er ógildanlegur með riftun, en hann er ekki ógildur án tilverknaðar þrotabúsins. Skiptaréttur Reykjavíkur ákvað á skiptafundi í þrotabúi Björns Einarssonar 5. nóvember 1985 að viðurkenna ekki þau veðréttindi varnaraðilja, sem mál þetta snýst um. Varnaraðili mótmælti þeirri ákvörðun með bréfi, dagsettu tveimur dögum síðar. Uppboðsrétturinn lítur svo á, að riftun hafi ekki náð fram að ganga með einhliða ákvörðun skiptaréttarins fyrir hönd þrotabúsins.

Frestur sá, sem 1. mgr. 68. gr. gjaldþrotalaga tiltekur, stendur í vegi fyrir því, að fjallað verði um kröfugerð sóknaraðilja í þessu máli, svo sem krafist væri riftunar. Því verður að telja veðréttindin, sem hér er um deilt, í fullu gildi.

Eftir úrslitum þessa máls þykir rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kr. 15.000 í málskostnað.

Ályktarorð:

Staðfestur er sem hluti úthlutunargerðar 2. liður frumvarps að úthlutunargerð fyrir eftirstöðvar uppboðsandvirðis fasteignarinnar Eskiholts 1, Garðakaupstað, sem uppboðshaldari sendi aðiljum uppboðsmáls með bréfi, dagsettu 18. febrúar 1988.

Sóknaraðili greiði varnaraðilja kr. 15.000 í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 17. deember 1990.

Nr. 401/1988. **Þrotabú Björns Einarssonar**
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)
gegn
Byggingavöruverslun Kópavogs sf.
(Ólafur Axelsson hrl.).

Nauðungaruppboð. Uppboðsheimild. Veðréttur. Dómsvald uppboðsréttar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. desember 1988. Hann gerir þær dómkröfur, „að frumvarp að úthlutunargerð uppboðsandvirðis fasteignarinnar Eskiholts 1, Garðakaupstað, sem sent var út 18. apríl 1988, verði ekki tekið til greina við úthlutun og uppboðsandvirðið verði látið ganga til þrotabúsins". Áfrýjandi krefst málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Bú Björns Einarssonar var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur 30. maí 1985. Innköllun til skuldheimtumanna var gefin út í samræmi við 19. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, og rann innköllunarfrestur út 16. ágúst 1985. Stefndi átti veðtryggða kröfu á hendur þrotamanni, en lýsti henni ekki í búið. Var skrá yfir lýstar kröfur lögð fram á skiptafundi 5. nóvember 1985 og samþykkt, án þess að sú krafa kæmi þar til meðferðar, sbr. 108. gr. gjaldþrotalaga.

Krafa stefnda var til komin vegna úttektar þrotamanns á vörum í verslun stefnda á næstu mánuðum fyrir gjaldþrotið. Með tryggingarbréfi, útgefnu 10. apríl 1985, sem afhent var til þinglýsingar sama dag, setti þrotamaður einbýlishús að Eskiholti 1 í Garðakaupstað að veði fyrir skuld sinni við stefnda vegna þessara viðskipta með 3. veðrétti. Í bréfinu sagði, að fasteignin væri „... veðsett Byggingavöruverslun Kópavogs fyrir vöruúttekt einkafyrirtækis

míns, Benson, Borgartúni 27, Reykjavík". Væri fjárhæð bréfsins 1.000.000 krónur, og bæri það ekki vexti.

Með bréfi 2. maí 1985 til uppboðshaldara í Garðakaupstað bað lögmaður stefnda um nauðungaruppboð á umræddri fasteign til fullnustu á veðkröfu hans samkvæmt tryggingarbréfinu, er væri 1.000.000 krónur að höfuðstól ásamt kostnaði. Með beiðninni fylgdi reikningur frá stefnda, er gaf til kynna, að viðskiptaskuld umræddrs einkafyrirtækis næmi alls 1.014.627,90 krónum við lok aprílmánaðar. Í tryggingarbréfinu var ekki áskilnaður þess efnis, að veðhafa væri heimilt að láta selja hið veðsetta án undanfarandi dóms eða sáttar og aðfarar, þannig að það gæti orðið bein uppboðsheimild samkvæmt 1. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð. Tók uppboðshaldari við beiðninni án athugasemda þessa vegna að svo stöddu. Hins vegar hafði Brunabótafélag Íslands þegar krafist uppboðs á fasteigninni til lúkningar ógreiddum brunabótaiðgjöldum með bréfi 21. febrúar 1985. Mátti skilja erindi stefnda á þann veg, að hann teldi til hagsmuna sem veðhafi við það uppboð.

Með bréfi til uppboðshaldara 20. september 1985 bar bústjóri í búi áfrýjanda fram mótmæli við uppboði á eigninni, að því er varðaði kröfu stefnda. Taldi hann veðrétt samkvæmt tryggingarbréfinu ekki stofnaðan samtímis skuldinni, er veðið ætti að tryggja. Stefndi hefur síðan upplýst, að vöruúttekt þrotamanns eftir útgáfudag bréfsins hafi numið samtals 496.484 krónum, og er það óumdeilt.

Þar sem aðrir veðhafar áttu óumdeildar uppboðsheimildir, voru mótmæli áfrýjanda ekki látin standa því í vegi, að uppboð færi fram, og var eignin seld 29. apríl 1986. Uppboðsréttarmál um ágreining aðila var síðan þingfest 21. október 1988, eftir að frumvarp uppboðshaldara að úthlutunargerð lá fyrir. Greinir aðila á um, hvort stefndi eigi að fá úthlutun af uppboðsandvirðinu sem veðhafi, er svari til vöruúttektar þrotamanns eftir útgáfu tryggingarbréfsins. Áfrýjandi heldur fast við mótmæli sín varðandi veðrétt stefnda og telur einnig, að stefndi hefði átt að bera kröfu sína undir skiptarétt með því að lýsa henni í þrotabúið.

Með tryggingarbréfi því, sem um er deilt í málinu, var stefnda veitt sjálfsvörsluveð í fasteign þrotamanns til tryggingar skuld að fjárhæð allt að einni milljón króna, sem stofnuð væri í tilteknum

viðskiptum þeirra á milli. Áður en gjaldþrotið bar að, hafði krafa frá öðrum veðhafa um nauðungaruppboð á fasteigninni verið tekin til meðferðar í uppboðsrétti Garðakaupstaðar. Hafði stefndi þegar óskað nauðungaruppboðs á eigninni, svo sem áður er lýst. Áfrýjanda var kunnugt um uppboð þetta, og bar bústjóri hans fram mótmæli við kröfum stefnda fyrir réttinum haustið 1985. Í mótmælum þessum fólst krafa um riftun á veðrétti stefnda á grundvelli fyrri málsliðar 1. mgr. 57. gr. gjaldþrotalaga. Varðandi framgang uppboðsins skipti ekki máli, eins og á stóð, að tryggingarbréf stefnda veitti honum ekki beina uppboðsheimild, og hefur ágreiningur aðila réttilega verið tekinn til úrlausnar í uppboðsrétti, eftir að sala fór fram og úthlutunargerð lá fyrir. Fallast ber á það með uppboðshaldara, að veðréttur stefnda í fasteign þrotamanns verði ekki vefengdur, eins og veðtryggð krafa hans er nú mörkuð, að undanskildum innheimtulaunum, sem ekki njóta veðréttar samkvæmt efni tryggingarbréfsins. Einnig ber á það að fallast, að kröfu stefnda sem veðhafa um úthlutun af andvirði fasteignarinnar eftir söluna á nauðungaruppboði verði ekki hafnað fyrir þá sök, að kröfu hans var ekki lýst við skiptin á búi áfrýjanda.

Með vísan til þessa ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð að öðru leyti en um innheimtulaun.

Rétt er, að áfrýjandi greiði málskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Staðfestur er réttur stefnda, Byggingavöruverslunar Kópavogs sf., til úthlutunar á 496.484 krónum af uppboðsandvirði fasteignarinnar Eskiholts 1, Garðakaupstað.

Áfrýjandi, þrotabú Björns Einarssonar, greiði stefnda 75.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði

Hrafns Bragasonar hæstaréttardómara.

Stefndi hefur ekki uppboðsheimild fyrir kröfu sinni, sbr. 1. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð. Uppboðsréttur hefur því

ekki heimild til að fjalla um réttmæti kröfu hans. Þá hefur hann ekki lýst kröfu sinni í þrotabú Björns Einarssonar. Hafna ber því kröfu hans til úthlutunar af uppboðsandvirði fasteignarinnar Eskiholts 1, Garðakaupstað.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Tryggingarbréf stefnda er ekki heimildarskjalið um þá fjárkröfu, er það átti að tryggja, heldur réðst krafan af tilteknum viðskiptum milli hans og þrotamanns, sem vísað var til í bréfinu, og stöðu þeirra viðskipta á hverjum tíma. Eðlilegt er að ætlast til þess, að kröfum af þessu tagi sé lýst í þrotabú og þær bornar upp við skiptarétt, ef kröfuhafi hefur ekki hafist handa um að afla þeim viðurkenningar fyrir almennum dómstóli, áður en að gjaldþroti kemur. Með hliðsjón af ákvæðum 111. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 verður þó ekki talið, að þetta sé óhjákvæmileg nauðsyn, þannig að veð-réttur kröfuhafa þurfi ella að víkja fyrir rétti búsins. Jafnframt getur ekki talist varhugavert að ætla uppboðsrétti vald til að úrskurða um efni fjárkröfu, þegar ágreiningur er markaður eins og raun varð í máli þessu. Með þessari athugasemd er ég samþykkur atkvæði meiri hluta dómenda að því einu undanteknu, að ég tel málskostnað eiga að falla niður.

Úrskurður uppboðsréttar Garðakaupstaðar 24. nóvember 1988.

Mál þetta var þingfest með framlagningu greinargerða aðilja máls í réttinum 21. október 1988. Munnlegur málflutningur fór fram 4. nóvember 1988, og var málið þá tekið til úrskurðar.

Sóknaraðili í máli þessu er þrotabú Björns Einarssonar, en skiptaréttur Reykjavíkur tók bú þetta til gjaldþrotaskipta 30. maí 1985. Varnaraðili er Byggingavöruverslun Kópavogs sf. (BYKO), en Byggingavöruverslun Kópavogs hf. hefur nú tekið við réttindum hennar og skyldum.

Sóknaraðili krefst þess, að frumvarp að úthlutunargerð uppboðsandvirðis fasteignarinnar Eskiholts 1, Garðakaupstað, sem sent var út 18. febrúar 1988, verði ekki tekið til greina við úthlutun og uppboðsandvirðið verði látið ganga til þrotabúsins. Þá krefst sóknaraðili þess, að varnaraðili verði úrskurðaður til að greiða honum málskostnað.

Varnaraðili krefst þess, að fyrirliggjandi frumvarp að úthlutunargerð verði staðfest og að honum verði úrskurðaður málskostnaður úr hendi sóknaraðilja skv. gjaldskrá LMFÍ.

Frumvarp að úthlutunargerð, sem kröfur aðilja lúta að, sendi uppboðshaldarinn í Garðakaupstað aðiljum með bréfi, dagsettu 18. febrúar 1988. Það er svona:

FRUMVARP

að úthlutunargerð á eftirstöðvum uppboðsandvirðis húseignarinnar Eskiholts 1, Garðakaupstað, sem seld var á nauðungaruppboði, öðru og síðasta, 29.4. 1986.

	Eftirstöðvar með vöxtum		kr.	1.029.821,72
1.	Varakrafa Ólafs Axelssonar hrl. v. Byggingavöruversl. Kópavogs samkv. tryggingarbréfi, útg. 10.4. 1985, með kostn. (3. veðr.)			
	a. Höfuðstóll	kr. 496.484		
	b. Innheimtulaun	kr. 58.492	kr.	554.976,00
2.	Upp í kröfu Agnars Gústafssonar hrl. v. handhafa tryggingarbréfs, útg. 7.9. 1984 (4. veðr.), krafan í heild með vöxtum og kostn. kr. 2.314.433,-		kr.	474.845,72
			Kr.	1.029.821,72

Skýra verður kröfugerð sóknaraðilja svo, að hún taki til 1. töluliðar frumvarpsins. Ágreiningur er uppi milli sóknaraðilja og Agnars Gústafssonar hrl. um 2. lið frumvarpsins, og er úr honum skorið í öðru sérstöku uppboðsréttarmáli (nr. 1225/1988).

Þessar eru málsástæður og lagarök sóknaraðilja:

Hann telur, að það heyri ekki undir uppboðsrétt að úrskurða um fjárhæð krafna, sem tryggðar séu með svonefndu allsherjarveði í fasteignum. Slíkt heyri undir bæjarþing, aukadómþing eða skiptarétt eftir atvikum. Þessu til stuðnings vísar hann til Hrd. 1973, bls. 231. Kröfu varnaraðilja hafi ekki verið lýst í þrotabú Björns Einarssonar. Því sé ómótmælt.

Í öðru lagi telur sóknaraðili, að veðsetning sú, sem varnaraðili byggir kröfu sína á, sé ógild. Veðkrafan hafi ekki stofnast samtímis skuldinni, sem talin sé liggja að baki veðinu. Þessu til stuðnings vísar hann til 57. greinar gjaldþrotalaga nr. 6/1978.

Í þriðja lagi telur hann, að veðsetningin sé ógild vegna þess, að aðeins einn vottur sé að tryggingarbréfinu, en það nægi ekki til, að veðsetningin sé gild. Hann vitnar til 22. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 til stuðnings þessu.

Varnaraðili færir fram þessar málsástæður og lagarök:

Hann mótmælir því, að niðurstaða Hrd. 1973, bls. 231, eigi við í þessu máli. Hann telur, að máli skipti, að fjárhæð tryggingarbréfsins sé nákvæmlega tilgreind, og bendir á, að í Hrd. 1973, 231, hafi verið ágreiningur um fjárhæðir. Í máli þessu sé ekki ágreiningur um fjárhæðir vöruúttektar sóknaraðilja hjá varnaraðilja og ekki heldur um, hve mikið hafi verið tekið út fyrir og hve mikið eftir útgáfu tryggingarbréfsins. Engar lagaheimildir né eðlisrök heimili né mæli með riftun á tryggingarráðstöfunum vegna sölu á vörum, sem fram hafi farið, eftir að umrætt tryggingarbréf var afhent varnaraðilja til tryggingar væntanlegum viðskiptum. Hér sé deilt um varakröfu varnaraðilja í uppboðsandvirðið, en hún sé samantekt á vöruúttekt uppboðsþola, Björns Einarssonar, eftir að umdeild trygging var afhent og henni þinglýst. Varnaraðili heldur því fram, að ekki eigi að skipta máli hér, að hann hafi ekki lýst kröfu í þrotabú Björns Einarssonar. Varnaraðili sé sértökumaður.

Varnaraðili heldur því fram, að þinglýsingin á tryggingarbréfinu sé dómsathöfn. Henni hafi ekki verið skotið til æðra dóms, og standi hún því óhögguð. Það falli ekki undir uppboðsréttinn að fjalla um það, hvort tryggingarbréfið sé nægilega vottað. Komi þar res judicata áhrif til.

Í máli þessu er deilt um úthlutun uppboðsandvirðis fasteignar í Garðakaupstað, sem seld var á nauðungaruppboði. Uppboðsréttur Garðakaupstaðar er bær um að fjalla um þá úthlutun. Réttinum ber að taka afstöðu til krafna, sem lýst er í uppboðsvirði fasteigna, sem í honum eru boðnar upp og seldar að réttum lögum, og skera úr ágreiningi, sem um kröfurnar kann að koma upp, og þá einnig þeim ágreiningi, sem uppi er í þessu sérstaka uppboðsréttarmáli. Ekki fær það bundið hendur réttarins í máli þessu, að skiptaréttur Reykjavíkur hefur ekki haft tök á því að fjalla um kröfu varnaraðilja, með því að hann lýsti henni ekki í þrotabú Björns Einarssonar. Veðréttindi varnaraðilja falla ekki niður fyrir þá vanlýsingu.

Niðurstaða Hrd. 1973, bls. 231, á ekki við í máli þessu. Í því máli var deilt um, hvort tiltekið skuldabréf væri gild uppboðsheimild. Um slíkt er ekki deilt hér, heldur um úthlutun uppboðsandvirðis, eftir að uppboð hefur farið fram.

Veðsetning tryggingarbréfsins, sem varnaraðili reisir kröfu sína á, er gild, að því er tekur til þeirrar fjárhæðar, sem hann krefst í máli þessu. Þar er um að ræða andvirði þeirra vara, sem þrotamaður, Björn Einarsson, tók út hjá varnaraðilja, eftir að tryggingarbréfið var gefið út. Riftunarreglur 57. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 eiga hér ekki við.

Þinglýsing tryggingarbréfsins bindur ekki hendur uppboðsréttarins, að hann megi ekki skera úr um, hvort bréfið sé ógilt vegna ónógrar vottunar. Það álitaefni hefur hvorki verið tekið til úrlausnar í úrskurði né dómi.

Tryggingarbréfið ber með sér, að það er vottað af löggiltum fasteigna-

sala. Slík vottun nægir, til að þinglýsa megi skjali skv. 22. gr. þinglýsingalaga nr. 22/1978. Löggilding vottsins sem fasteignasala hefur ekki verið rengd.

Krafa varnaraðilja um staðfestingu frumvarps að úthlutunargerð er tekin til greina, að því er tekur til 1. liðar frumvarpsins.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðilja málskostnað fyrir uppboðsréttinum, og þykir hann hæfilegur kr. 15.000.

Á l y k t a r o r ð:

Staðfestur er sem hluti úthlutunargerðar 1. liður frumvarps að úthlutunargerð fyrir eftirstöðvar uppboðsandvirðis fasteignarinnar Eskiholts 1, Garðakaupstað, sem uppboðshaldari sendi aðiljum uppboðsmáls með bréfi, dagsettu 18. febrúar 1988.

Sóknaraðili greiði varnaraðilja kr. 15.000 í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 17. desember 1990.

Nr. 373/1988. **Skipasmiðjan Hörður hf.**

gegn

Íslandsbanka hf.

Hafning máls. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Frá 1. janúar 1990 breyttist heiti stefnda og varð Íslandsbanki hf.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. nóvember 1988. Er málið var tekið fyrir til munnlegs flutnings 10. þessa mánaðar, var þess óskað af hálfu áfrýjanda, að það yrði fellt niður.

Af hálfu stefnda var sótt þing. Var niðurfelling málsins samþykkt, en málskostnaðar krafist fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt framansögðu ber að fella mál þetta niður.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða Íslandsbanka hf. 30.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Mál þetta er hafið.

Áfrýjandi, Skipasmiðjan Hörður hf., greiði stefnda, Íslandsbanka hf., 30.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Mánudaginn 17. desember 1990.

Nr. 407/1988. **Skipasmiðjan Hörður hf.**

gegn

Íslandsbanka hf.

Hafning máls. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Frá 1. janúar 1990 breyttist heiti stefnda og varð Íslandsbanki hf.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. desember 1988. Er málið var tekið fyrir til munnlegs flutnings 10. þessa mánaðar, var þess óskað af hálfu áfrýjanda, að það yrði fellt niður.

Af hálfu stefnda var sótt þing. Var niðurfelling málsins samþykkt, en málskostnaðar krafist fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt framansögðu ber að fella mál þetta niður.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða Íslandsbanka hf. 30.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Mál þetta er hafið.

Áfrýjandi, Skipasmiðjan Hörður hf., greiði stefnda, Íslandsbanka hf., 30.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Miðvikudaginn 19. desember 1990.

Nr. 322/1990. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Ólafi Tryggva Jónssyni
(Guðni Á. Haraldsson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Lögregluskýrsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Hrafn Bragason.

Ragnheiður Thorlacius, settur héraðsdómari, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 10. ágúst 1990 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar á refsingu og til sviptingar ökuréttinda ævilangt.

Verjandi krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara, að ákærði verði dæmdur til vægustu refsingar, er lög leyfa.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Í 1. mgr. 40. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála segir svo: „Sökuðum manni, sem lögreglumaður yfirheyrir, skal á það bent, að honum sé óskylt að svara spurningum, er beinlínis varða brot það, sem hann er grunaður um, og jafnframt á það, að þögn hans kunni að verða skýrð honum í óhag.“ Eigi verður séð af skýrslum varðstjóra, sem teknar voru af ákærða 16. júní 1989, 15. september 1989 og 31. janúar 1990, að þessa hafi verið gætt. Skýrslutaka með þessum hætti er aðfinnsluverð. Með hliðsjón af málavöxtum eru þó ekki af þessum sökum eða öðrum efni til að verða við hinni framkomnu ómerkingarkröfu.

Brot ákærða varða við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100 gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þykir refsing hæfilega ákveðin í héraðsdómi.

Ákærði var sviptur ökuleyfi ævilangt með dómi 13. desember 1985, og ber að árétta það.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma

ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Ólafur Tryggvi Jónsson, sæti varðhaldi í 65 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðna Á. Haraldssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Rangárvallasýslu 31. maí 1990.

Mál þetta, sem þingfest var þann 25. maí 1990 og dómtekið í dag, er höfðað hér fyrir réttinum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 17. maí 1990, á hendur Ólafi Tryggva Jónssyni, fæddum 29. maí 1922, bónda, til heimilis að Hemlu, Vestur-Landeyjahreppi, Rangárvallasýslu, „fyrir að aka eftirtöldum bifreiðum undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt, svo sem hér er rakið:

1) Föstudaginn 16. júní 1989 bifreiðinni L-2129 frá Litlu kaffistofunni í Svínahrauni, Árnessýslu, til Hveragerðis, en þar stöðvaði lögreglan akstur hans á Grænumörk.

2) Föstudaginn 15. september 1989 bifreiðinni KS-024 frá heimili sínu til Hvolsvallar, en þar stöðvaði lögreglan akstur hans á Vallarbraut við Stórageröi.

3) Aðfaranótt miðvikudagsins 31. janúar 1990 sömu bifreið frá heimili sínu að Skeggjastöðum í sömu sveit.

Telst þetta varða við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir eru þessir samkvæmt játningu ákærða og öðrum gögnum málsins:

1) Föstudaginn 16. júní 1989 stöðvaði lögreglan í Árnessýslu bifreiðina L-2129 á Grænumörk í Hveragerði, og reyndist ökumaður vera ákærði í máli þessu, Ólafur Tryggvi Jónsson. Þar sem ákærði virtist verulega mikið ölvaður, eins og segir í frumskýrslu lögreglu, var hann færður á lögreglustöðina á Selfossi, þar sem tekið var úr honum blóðsýni í þágu rannsóknar

málsins. Alkóhólmagn í blóði ákærða í umrætt sinn reyndist vera 1,83 prómille.

Ákærði viðurkenndi í sakadómi Rangárvallasýslu þann 25/5 sl. að hafa ekið bifreiðinni L-2129 frá Litlu kaffistofunni áleiðis austur fyrir fjall, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans í Hveragerði. Hann kvaðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn, en hafa drukkið töluvert áfengismagn deginum áður. Ákærði viðurkenndi jafnframt að hafa ekið bifreiðinni í umrætt skipti sviptur ökuréttindum.

2) Föstudaginn 15. september 1989 stöðvaði lögreglan í Rangárvallasýslu akstur bifreiðarinnar KS-024 á Vallarbraut móts við Stórageröi og hafði tal af ökumanni, sem reyndist vera ákærði í máli þessu. Þar sem talsverðan áfengisþef lagði frá vitum ákærða, var hann færður á lögreglustöðina á Hvolsvelli og síðan á Heilsugæslustöðina, þar sem tekið var blóðsýni úr honum í þágu rannsóknar málsins. Alkóhólmagn í blóði ákærða reyndist vera 1,52 prómille í umrætt skipti.

Í réttarhaldi þann 25/5 sl. viðurkenndi ákærði að hafa ekið bifreiðinni KS-024 frá heimili sínu áleiðis til Hvolsvallar umræddan dag og að hafa neytt áfengis fyrir akstur. Hann kvaðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn, en viðurkenndi að hafa ekið í umrætt skipti án tilskilinna ökuréttinda.

3) Miðvikudaginn 31. janúar 1990 stöðvaði lögreglan í Rangárvallasýslu akstur bifreiðarinnar KS-024 við bæinn Skeggjastaði í Rangárvallasýslu, og reyndist ökumaður vera ákærði í máli þessu. Þar sem sterka áfengislykt lagði frá ákærða, var hann færður á Heilsugæslustöðina á Hvolsvelli, þar sem tekið var úr honum blóðsýni í þágu rannsóknar málsins. Alkóhólmagn í blóði ákærða reyndist í umrætt skipti vera 2,71 prómille.

Er ákærði kom fyrir sakadóm Rangárvallasýslu þann 26/5 sl., viðurkenndi hann að hafa ekið bifreiðinni KS-024 frá heimili sínu að Skeggjastöðum umræddan dag, eftir að hafa neytt áfengis fyrir akstur. Hann kvaðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn, en kvaðst viðurkenna að hafa ekið í umrætt sinn án ökuréttinda.

Ákærði var með dómi sakadóms Rangárvallasýslu frá 17/3 1988 sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 3 ár frá 17/3 1988 að telja og var því án ökuréttinda, er atburðir þeir, sem ákært er vegna, áttu sér stað.

Brot ákærða, sem rakin eru hér að framan, eru sönnuð með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins. Varðar háttsemi ákærða, sem frá er greint í 1., 2. og 3. tölulið ákæruskjals, við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Ákærði, sem er sakhæfur, hefur sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1952 15/2 Sakadómur Rvík. Sátt: 400 kr. sekt f. brot g. 219. gr. alm. hgl., 1. mgr. 27. gr. bifl. og 46. gr. lsþ.

1981 28/7 Rangárvallasýsla. Sátt: 2.500 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur ökul. 12. mán. frá 28.7 '81.

1985 13/12 Rangárvallasýsla. Dómur: 20.000 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umfl. Sviptur ökul. ævilangt frá 16/12. '85.

1988 17/3 Rangárvallasýsla. Dómur: 35.000 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umfl. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi 3 ár frá 17.3. '88.

Dómar sakadóms Rangárvallasýslu frá 13/12 1985 og 17/3 1988 hafa samkvæmt 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, ítrekunaráhrif á brot ákærða, sem hér er fjallað um. Ákærði hefur með greindri háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987. Þykir refsing hans með hliðsjón af sakaferli hans og atvikum málsins hæfilega ákveðin varðhald í 65 daga.

Með vísan til 3. mgr. 101. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, og svo sem krafist er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir, ber að svipta ákærða ökuréttindum. Þar sem um ítrekað brot er að ræða, er ákærði sviptur ökuréttindum ævilangt frá 17. mars 1991 að telja, nánar tiltekið frá þeim tíma, sem réttindasvipting samkvæmt dómi sakadóms Rangárvallasýslu frá 17/3 1988 fellur úr gildi. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis samkvæmt 104. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þá ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Ólafur Tryggvi Jónsson, sæti varðhaldi í 65 daga.
Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá 17. mars 1991 að telja.
Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.
Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Mánudaginn 20. desember 1990.

Nr. 461/1990. **Valur Blomsterberg**
gegn
Hafdísi Alfreðsdóttur og
dómsmálaráðherra.

Kærumál. Dómstólar. Stjórnsýsla. Meðlag.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 15. nóvember 1990 samkvæmt heimild í b-lið 1. töluliðar 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Hann krefst þess, að hinn kærði frávísunardómur verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir héraðsdóm að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst hann þess, að varnaraðilar verði dæmdir in solidum til að greiða honum kærumálskostnað fyrir Hæstarétti auk virðisaukaskatts.

Varnaraðilinn Hafdís Alfreðsdóttir gerir þær dómkröfur, að hinn kærði dómur verði staðfestur. Þá krefst hún kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Af hálfu dómsmálaráðherra er þess krafist, að öllum kröfum sóknaraðila fyrir Hæstarétti verði hrundið og að hinn kærði frávísunardómur verði staðfestur. Þá er krafist kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi sóknaraðila.

Sóknaraðili byggir málsókn sína á því m.a., að í meðlagsúrskurði dómsmálaráðuneytisins frá 18. júlí 1989 sé fallist á ástæður varnaraðilans Hafdísar Alfreðsdóttur fyrir hækkuðu meðlagi með börnum þeirra. Sóknaraðili telur úrskurðinn reistan á efnislega röngum ástæðum.

Málsefni þetta verður borið undir dómstóla, sbr. H.1987,473. Ber því að fella hinn kærða héraðsdóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur er felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. nóvember 1990.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar þann 19. október 1990, er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri þann 4. apríl og 5. apríl 1990, af Val Blomsterberg, kt. 191159-3659, Sléttahrauni 32, Hafnarfirði, gegn Hafdísi Alfreðsdóttur, kt. 070760-2079, Iðufelli 2, Reykjavík, og dómsmálaráðherra, Óla Þ. Guðbjartssyni, kt. 270835-4229, Skólavöllum 7, Selfossi, dómsmálaráðuneytinu í Arnarhvoli, Reykjavík, f.h. dómsmálaráðuneytisins.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að felldur verði úr gildi úrskurður dómsmálaráðuneytisins frá 18. júlí 1989, þar sem stefnanda er gert að greiða fyrrverandi eiginkonu sinni, Hafdísi Alfreðsdóttur, tvöfalt meðlag, eins og barnalífeyrir skv. lögum um almannatryggingar ákvarðast hverju sinni, með hvoru barni þeirra fyrir sig frá 1. desember 1989 til 18 ára aldurs þeirra.

Þá krefst stefnandi þess, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu auk virðisaukaskatts af málskostnaði og til greiðslu dráttarvaxta af tildæmdum málskostnaði 15 dögum frá dómsuppsögu til greiðsludags skv. ákvæðum vaxtalaga.

Einnig krefst stefnandi málskostnaðar með hliðsjón af meðferð málsins um formhlið þess ásamt virðisaukaskatti.

Stefnda Hafdís Alfreðsdóttir krefst þess aðallega, að máli þessu verði vísað frá dómi, en til vara, að úrskurður dómsmálaráðuneytisins frá 18. júlí 1989 verði staðfestur.

Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda auk virðisaukaskatts og að dæmdur málskostnaður skuli bera dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Stefndi dómsmálaráðherra fyrir hönd dómsmálaráðuneytisins krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá dómi og honum verði dæmdur málskostnaður að mati réttarins. Til vara krefst hann þess að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur málskostnaður að mati réttarins.

Vegna framkominnar frávísunarkröfu stefndu fór fram sérstakur málflutningur um formhlið málsins. Að honum loknum var málið tekið til dóms eða úrskurðar um formhlið þess.

Helstu málavextir eru þessir:

Stefnandi, Valur Blomsterberg, og stefnda Hafdís Alfreðsdóttir, gengu í hjónaband þann 9.júlí 1983. Þau eiga saman tvær dætur, Sigrúnu Birnu, fædda 2. september 1982, og Berglindi Svönu, fædda 30. janúar 1986. Haustið 1982 héldu hjónin til náms í Bandaríkjunum og luku þar námi í árslok 1986, hann í markaðsfræðum og hún í innanhússarkitektúr. Að

námi loknu héldu þau heim til Íslands og hófu búskap að Sléttahrauni 32 í Hafnarfirði.

Þann 17. júlí 1987 óskuðu þau eftir því við bæjarfógetann í Hafnarfirði, að þeim yrði veittur skilnaður að borði og sæng. Deilur voru með þeim hjónum um skiptingu eigna, forræði barna, meðlag og framfærslueyri.

Dómsmálaráðuneytið gaf út leyfisbréf til lögskilnaðar stefnanda og stefndu Hafdísar þann 12. október 1988. Ákveðið var, að konan skyldi hafa forræði barna þeirra hjóna og að maðurinn greiddi konunni meðlag með báðum börnunum, eins og barnalífeyrir samkvæmt lögum um almannatryggingar ákvarðast hverju sinni, frá útgáfudegi leyfisbréfsins að telja til fullnaðs 18 ára aldurs. Stefnandi og stefnda Hafdís luku búskiptum með samkomulagi fyrir skiptarétti Hafnarfjarðar þann 17. október 1988.

Þann 11. nóvember 1988 ritaði stefnda Hafdís dóms- og kirkjumálaráðuneytinu bréf, þar sem hún fór fram á það, að stefnanda yrði gert að greiða henni tvöfalt meðlag með börnum þeirra. Stefnda Hafdís rökstuddi kröfu sína aðallega með því, að verulegur munur væri á launum hennar og stefnanda. Stefnandi hefði og fengið í sinn hluta allar helstu eigur bús þeirra og byggi auk þess í leigulausu húsnæði. Stefnandi mótmælti þessum fullyrðingum stefndu Hafdísar sem röngum.

Dómsmálaráðuneytið kvað upp úrskurð þann 18. júlí 1989, þar sem stefnanda er gert að greiða stefndu Hafdísi tvöfalt meðlag með hvoru barni þeirra um sig frá 1. desember 1989 til 18 ára aldurs þeirra.

Úrskurði þessum vill stefnandi ekki una og stefnir því fyrrverandi eiginkonu sinni, Hafdísi Alfreðsdóttur, og dómsmálaráðherra, Óla Þ. Guðbjartssyni, fyrir hönd dómsmálaráðuneytisins til að þola ógildingu á úrskurðinum.

Málsástæður og lagarök, er varða formhlið málsins.

Aðalkrafa stefndu Hafdísar er, að máli þessu verði vísað frá dómi.

Kröfu sína um frávísun byggir stefnda Hafdís á því, að samkvæmt IV. kafla barnalaga nr. 9/1981, einkum 3. mgr. 16. gr., sbr. 24. gr., sé kveðið á um, að úrskurður dómsmálaráðuneytisins sé fullnaðarúrskurður um fjárhæð meðlags. Sakarefni þetta sé því með lögum skilið undan lögsögu dómstóla, og beri því að vísa því frá dómi skv. 66. gr. l. nr. 85/1936 með síðari breytingum.

Enn fremur byggir stefnda Hafdís á því, að kröfugerð stefnanda byggist eingöngu á því, að fjárhæð meðlags sé ákveðin of há í úrskurði dómsmálaráðuneytisins frá 17. júlí 1989 miðað við aðstæður og réttarvenju. Kröfugerð stefnanda byggi ekki á því, að málsmeðferð hafi að einhverju leyti verið ábótavant, né heldur, að ekki hafi verið gætt réttra formreglna við meðferð málsins. Stefndi sé einungis ósáttur við efnislega niðurstöðu úr-

skurðar dómsmálaráðuneytisins, þ.e. fjárhæð meðlagsins, og kveði hana andstæða áratuga-réttarvenju.

Stefnda Hafdís fullyrðir, að engin réttarvenja sé fyrir ákvörðun meðlags í samræmi við meðalmeðlag Tryggingastofnunar ríkisins. Á undanförnum tveimur áratugum hafi færst mjög í vöxt, að í samningum foreldra við skilnað sé kveðið á um tvöfalt eða þrefalt meðlag með börnum aðila. Með sama hætti hafi æ fleiri úrskurðir gengið í dómsmálaráðuneytinu um tvöfalt meðlag, og hafi það einhvern tíma verið aðalregla, að meðlag með börnum við skilnað væri svokallað meðalmeðlag, eins og það er ákveðið af Tryggingastofnun ríkisins, þá sé það liðin tíð.

Stefnda Hafdís kveður það og fráleitt að halda því fram, að löggjafinn hafi metið þann barnalífeyri, sem ákveðinn er samkvæmt almannatryggingalögum, sem hina eðlilegu viðmiðun í þessum efnum. Ljóst sé, að barnalífeyrir, sem nefndur er í barnalögum, sé algjört lágmarksmeðlag. Í IV. kafla barnalaga sé dómsmálaráðuneyti fengið úrskurðarvald um ákvörðun framfærslueyris með börnum við skilnað foreldra, ef um hann ríki ágreiningur. Við ákvörðun meðlags beri ráðuneytinu að hafa hliðsjón af þörfum barnsins og fjárhagsstöðu og öðrum högum beggja foreldra, þ. á m. aflahæfi þeirra, sbr. 2.mgr. 15. gr. Enn fremur heldur stefnda Hafdís því fram, að dómsmálaráðuneytið hafi gefið stefnanda kost á að koma sjónarmiðum sínum og rökum varðandi meðlagskröfuna með dætrum þeirra á framfæri. Það hafi hann gert með aðstoð lögmanns síns. Dómsmálaráðuneytið hafi lagt mat á fyrirliggjandi gögn í málinu, og í því mati hafi ráðuneytið farið að öllu leyti að lögum.

Málsástæður stefnda dómsmálaráðherra fyrir hönd dómsmálaráðuneytisins eru þær sömu og stefndu Hafdísar.

Stefnandi krefst þess, að framkomnum frávísunarkröfum stefndu verði hrundið.

Stefnandi vísar í þessu tilliti sérstaklega til 60. gr. stjórnarskrárinnar. Jafnframt kveður stefnandi það óeðlilegt, að einstaklingar, er eigi allt sitt undir úrskurðarvaldi stjórnvalda, geti ekki borið úrlausnir þeirra undir dómstóla, og því sé það augljóst, að dómstólar hljóti að geta fjallað um ákvarðanir stjórnvalda að þessu leyti. Máli sínu til stuðnings vísar stefnandi til hæstaréttardóms frá 1987, bls. 473, er fjalli um hliðstætt sakarefni.

Forsendur og niðurstaða.

Dómkrafa stefnanda er, að úrskurður dómsmálaráðuneytisins frá 18. júlí 1989 verði felldur úr gildi.

Stefnandi byggir kröfu sína um ógildingu úrskurðarins á því, að nefndur úrskurður frá 18. júlí 1989 sé efnislega rangur, þ.e. ekki séu forsendur til þess, að stefnandi skuli greiða með börnum sínum tvöfalt meðlag. Stefn-

andi byggir eigi á því, að formgallar hafi verið á meðferð málsins í dómsmálaráðuneytinu. Tilvísun stefnanda til hæstaréttardóms 1987, bls. 473, þykir því ekki eiga við, eins og mál þetta liggur fyrir.

Það málsefni, sem hér er til umfjöllunar, snýst einvörðungu um ákvörðun fjárhæðar meðlags.

Í úrskurði dómsmálaráðuneytisins, sem hér um ræðir, er m.a. byggt á 2. mgr. 15. gr., 22. gr. og 2. mgr. 20. gr. barnalaga nr. 9/1981.

Í IV. kafla barnalaga er mælt fyrir um það, á hvern hátt skuli fara með deilur, er upp koma varðandi meðlagsskyldu og fjárhæð meðlags. Með 16. gr. er aðilum að deilu um meðlagsskyldu gefinn kostur á að skjóta úrskurði valdsmanns um meðlag til dómsmálaráðuneytis til úrskurðar. Jafnframt segir í 3. mgr. 16. gr. s.l. i.f.: „Úrskurður ráðuneytisins er fullnaðarúrskurður um fjárhæð meðlags." Ákvæði 3. mgr. 16. gr. i.f. ber skýrt með sér, að tilgangur löggjafans hefur verið sá að undanskilja ákvörðun dómsmálaráðuneytisins um fjárhæð meðlags lögsögu dómstóla, og verður að telja, að 60. gr. stjórnarskrárinnar girði ekki fyrir það.

Með vísan til 66. gr. laga nr. 85/1936 verður því fallist á kröfu stefndu Hafdísar Alfreðsdóttur, og stefnda dómsmálaráðherra fyrir hönd dómsmálaráðuneytis um, að máli þessu verði vísað frá dómi.

Eftir úrslitum málsins þykir rétt að dæma stefnanda til að greiða stefndu Hafdísi Alfreðsdóttur, kr. 27.761 í málskostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hennar, Ingibjargar Rafnar hdl., ásamt virðisaukaskatti, og greiðist fjárhæð þessi í ríkissjóð. Stefnandi greiði og stefnda dómsmálaráðherra kr. 22.298 í málskostnað.

Georg Kr. Lárusson, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Valur Blomsterberg, greiði stefnda, dómsmálaráðherra fyrir hönd dómsmálaráðuneytisins, kr. 22.298 í málskostnað. Einnig greiði stefnandi gjafvarnarkostnað stefndu, Hafdísar Alfreðsdóttur, kr. 27.761, þar með talinn virðisaukaskatt, ásamt dráttarvöxtum frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms þessa, er renni í ríkissjóð. Allur gjafvarnarkostnaður stefndu Hafdísar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hennar, Ingibjargar Rafnar hdl., kr. 27.761.